Fyrsti fundur, föstudag 1. júlí. Eptir að hið sameinaða alþingi hafði lokið störfum sínum eptir fyrirmælum þingskapanna, 1., 2. og 3. gr., settist neðri deild alþingis að í þingsal neðri deildar og tók til starfa.

Af þingdeildarmönnum voru þessir mættir:

1. Árni Jónsson, þm. Mýramanna.
2. Benidikt Sveinsson, 2. þm. Eyfirðinga.
3. Eiríkur Briem, 1. þm. Húnvetninga.
4. Grímur Thomsen, þm. Borgfirðinga.
5. Gunnar Halldórsson, 2. þm. Ísfirðinga.
6. Jón Jónsson, þm. Norður-Þingeyinga.
7. Jón Sigurðsson, 1. þm. Eyfirðinga.
8. Jón Þórarinsson, 2. þm. Gullbr.- og Kjósarsýslu.
9. Jónas Jónassen, þm. Reykvíkinga.
10. Ólafur Briem, 1. þm. Skagfirðinga.
11. Ólafur Pálsson, þm. Vestur-Skaptfell.
12. Páll Briem, þm. Snæfellinga.
13. Páll Ólafsson, þm. Strandamanna.
14. Sigurður Jensson, þm. Barðstrendinga.
15. Sigurður Stefánsson, 1. þm. Ísfirðinga.
16. Sveinn Eiríksson, þm. Austur-Skaptfellinga.
17. Þórarinn Böðvarsson, 1. þm. Gullbr.- og Kjósarsýslu.
18. Þorlákur Guðmundsson, 1. þm. Árnesinga.
19. Þorleifur Jónsson, 2. þm. Húnvetninga.
20. Þorsteinn Jónsson, þingmaður Vestmannaeyinga.
21. Þorvaldur Bjarnarson, 2. þm. Rangvellinga.

Ókomnir til þings voru:

Einar Thorlacius, 1. þm. Norður-Múlasýslu.

Lárus Halldórsson, 2. þm. Suður-Múlasýslu.

Þorvarður Kjerulf, 2. þm. Norður-Múlasýslu.

Elzti þingmaður deildarinnar, Grímur Thomsen, þm. Borgf., gekkst fyrir kosningu forseta, og kvaddi hann sjer til aðstoðar Pál Briem, þm. Snæfellinga, og Þorstein Jónsson, þm. Vestmannaeyinga, og fjellu atkvæði þannig, að *Jón Sigurðsson*, 1. þm. Eyfirðinga, var kosinn forseti með 13 atkvæðum. Gekk hann til forsetasætis og gekkst fyrir kosningu annara embættismanna deildarinnar. Var þá fyrst kosinn varaforseti, og hlaut kosningu Þórarinn Böðvarsson, 1. þm. Gullbr.- og Kjósarsýslu, með 17 atkv. Því næst voru kosnir skrifarar, og hlutu kosningu Jón Þórarinsson, 2 þm. Gullbr. og Kjósars., með 16 atkvæðum, og Páll Ólafsson, þm. Strandamanna, með 15 atkv.

Forseti gat þess, að næsta dag mundi landshöfðingi leggja fram nokkur lagafrv. frá stjórninni.

Annar fundur, laugardag 2. júlí, kl. 12 á hád. Allir á fundi, nema Einar Thorlacius, Lárus Halldórsson og Þorvarður Kjerulf, er voru ókomnir til þings.

Forseti gat þess, að kosinn væri til skrifstofustjóra alþingis Kristján Jónsson yfirdómari. Til skrifara á skrifstofunni væru teknir cand. phil. Gestur Pálsson og stúd. theol. Bjarni Þorsteinsson; en til innanþingsskrifara í deildinni cand. theol. Morten Hansen og stúdent Guðmundur Guðmundsson.

Landshöfðingi afhenti því næst forseta þessi lagafrumvörp frá stjórninni.

1. Frumv. til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889.
2. — — fjáraukalaga fyrir árin 1884 og 1885.
3. — — fjáraukalaga fyrir árin 1886 og 1887.
4. — — laga um samþykkt á landsreikningum fyrir 1884 og 1885.
5. — — laga um að umsjón og fjárhald Flateyjarkirkju skuli fengin sóknuðinum í Flateyjarsókn í hendur.
6. — — laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir.

Forseti lagði því næst frumv. þessi fram í deildinni.

Að síðustu gat forseti um, að til sín væru komin þessi skjöl, sem lögð yrðu fram á lestrarsalinn:

Beiðni um að gera 5 syðstu hreppa Borgarfjarðarsýslu að læknisumdæmi.

Fundargjörðir úr Suður-Þingeyjarsýslu.
— — Eyjafjarðarsýslu.
— — Vestmannaeyjum.

Þriðji fundur, mánudag 4. júlí. Allir á fundi hinir sömu og áður.

Forseti gat þess, að til sín væri komin þessi skjöl, og yrðu þau lögð fram á lestrarsalnum:

Bænarskrá úr Ísafjarðarsýslu um að halda stjórnarskrármálinu áfram í sumar.

Áskoranir úr sömu sýslu út af fararbanni sýslumanna til alþingis.

Bænarskrár úr sömu sýslu um löggilding Arngerðareyrar og Haukadalsbótar.

Bænarskrár úr sömu sýslu um styrk til sjómannakennslu á Ísafirði.

Bænarskrár úr Dýrafirði um sjerstakan lækni í 5 vesturhreppum Ísafjarðarsýslu.

Bænarskrá frá Þorvaldi Jónssyni lækni á Ísafirði um launaviðbót.

Bænarskrá frá prestinum á Stað á Reykjanesi um að árgjaldið af brauði hans verði afnumið.

Bænarskrá úr Húnavatssýslu um fjárveiting til búnaðarskólans á Hólum.

Uppástunga úr Barðastrandarsýslu um löggilding Haukadalsbótar.

Fundargjörðir úr Norður-Þingeyjarsýslu.
— — Mýrasýslu.
— — Rangárvallasýslu.

Forseti ljet útbýta meðal þingdm. stjórnarfrumv. þeim, er landshöfðingi hafði lagt fyrir Ed. á síðasta fundi þeirrar deildar.

Frumv. til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889 (C. bls. 1); 1. umr.

Landshöfðingi: Jeg geng út frá því sem sjálfsögðu, að sett verði nefnd í þessu máli og 1. umr. frestað, og finn því ekki ástæðu til að tala um málið að sinni. Að eins skal jeg geta þess, að tekjurnar eru í frumv. þessu áætlaðar eptir meðaltali 5 eða 3 síðustu ára, en seinasta árið, sem hægt var að miða við, þegar frv. var samið, er árið 1885. Reikningarnir fyrir 1886 eru samt allir komnir síðan, og hef jeg samið yfirlit yfir tekjur og gjöld ársins 1886, og getur nefnd sú, sem skipuð mun verða, fengið þetta yfirlit til eptirsjónar.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg skal þá leyfa mjer að stinga upp á því, að nefnd verði kosin í þessu máli og hún skipuð 7 mönnum, eins og að undanförnu.

ATKV.GR.: Nefnd samþ. í einu hljóði og í hana kosnir:

Eiríkur Briem	með	19	atkv.
Þórarinn Böðvarsson	—	18	—
Jón Jónsson	—	17	—
Sigurður Stefánsson	—	16	—
Árni Jónsson	—	15	—
Þorleifur Jónsson	—	14	—
Páll Briem	—	10	—

Frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1884 og 1885 (C. bls. 66); 1. umr.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg skal leyfa mjer að leggja það til, að frumv. þetta verði tekið út af dagskrá í þetta sinn, því jeg álít rjettast að láta það fylgja með reikningafrumv. og að því verði vísað til reikninganefndarinnar. Forseti hefur fulla heimild til þess samkvæmt 34. gr. þingskapanna.

Eiríkur Briem: Mjer virðist ekki full ástæða til að taka þetta frumv. út af dagskrá, því að það er eins hægt að vísa til reikninganefndarinnar við 2. umr.

Forseti kvaðst vera samdóma 1. þm. Gbr. og Kjósars. (Þ. B.) um, að eðlilegast væri að vísa þessu frumv. til reikninganefndarinnar, þegar hún yrði kosin. Kvaðst hann því eptir uppást. þm. taka málið út af dagskrá, en taka það upp síðar jafnhliða reikningamálinu

Frumv. til fjáraukal. fyrir árin 1886 og 1887 (C. bls. 68); 1. umr.

Forseti áleit rjettast að vísa þessu frumv. til fjárlaganefndarinnar, og var það samþ. í einu hljóði.

Fjórði fundur, þriðjudag 5. júlí kl. 12. Allir á fundi sem til þings voru komnir, nema 1. þm. Húnv. (E. Briem), sem hafði tilkynnt forseta forföll sín.

Forseti gat þess, að sjer hefði verið tilkynnt, að 1. þm. Gullbr.- og Kjósars. (Þór. Böðv.) væri kosinn formaður í fjárlaganefndinni, en skrifari 1. þm. Húnv. (E. Briem).

Enn fremur skýrði forseti frá, að sjer hefðu verið afhent þessi skjöl, er mundu verða lögð fram á lestrarsalinn:

Beiðni frá Holts prestakalli í Rangárvallasýslu um 200 kr. styrk til barnaskóla.

Beiðni frá Vestur-Eyjafjallahreppi um 2000 kr. styrk til að girða fyrir Holtsá.

Tillaga um að gera Mýrdal og Eyjafjöll að sjerstöku læknishjeraði.

Beiðni frá Benid. Þórarinssyni um 600 kr. styrk til laxaklaks.

Tillaga um 4000 kr. styrk til Hólaskóla.

Fundargjörðir úr Húnavatnssýslu.

— — Skagafjarðarsýslu.

— — Árnessýslu.

Tillaga um að laun ljósmæðra greiðist úr landssjóði, en eigi úr sýslusjóðum.

Frumv. til laga um sampykkt á landsreikningum fyrir árin 1884—1885 (C bls. 47); 1. umr.

Landshöfðingi gat þess, að 39. gr. í athugasemdunum væri öðru vísi orðuð í hinum prentuðu landsreikningum en í frumriti því, sem yfirskoðunarmennirnir hefðu sent sjer; kvaðst hann hafa tekið eptirrit af henni, og bað forseta að láta prenta það og útbýta því meðal þingmanna.

Forseti lagði það til, að þegar væri kosin þriggja manna nefnd til að meðhöndla frumvarpið, og var svo gert, og hlutu þessir kosningu:

Ólafur Briem með 18 atkv.
Lárus Halldórsson — 17 —
Sigurður Jensson — 13 —

Frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1884-85 (C bls. 66); 1. umr.

Málinu var umræðulaust vísað til nefndarinnar í næsta máli á undan.

Álit yfirskoðunarmannanna.

Forseti: Jeg álít sjálfsagt, að vísa þessu máli til nefndar þeirrar, er kosin var í reikningamálið, enda hefir þeirri reglu verið fylgt að undanförnu.

Þórarinn Böðvarsson: Það er rjett, að þetta hefir verið venja, en það er beint á móti skýrum orðum í 21. gr. þingskapanna Jeg verð að álíta það eitt rjett, að kjósa nefnd, sem kemur fram með álit um álit yfirskoðunarmannanna. Það er ljóst, að það á svo að vera eptir þingsköpunum 21. gr. Er mjer mál þetta alls ekkert kappsmál, að öðru leyti en því, að fara eptir skýrum ákvæðum þingskapanna.

Forseti áleit rjettast, að halda venjunni í þessu efni, einkum þar eð þessi mál eru svo skyld, að ef sín nefnd væri kosin í hvoru, mundi verksvið þeirra verða eitt og hið sama.

Grímur Thomsen: Þessi aðferð hefir og ávallt verið höfð, enda er auðsætt, að hún er rjett, ef 21. gr. þingskapanna, er hljóðar þannig: »Til þess að ræða álit yfirskoðunarmanna, sem skal lagt fyrir neðri deildina fyrst, skal í deildinni setja 3 manna nefnd«, er borin saman við 26. gr. stjórnarskrárinnar.

Páll Briem: Jeg álít bezt, að þetta mál fari í sömu nefndina sem hitt, enda bjóða þingsköpin að eins, að nefnd skuli kjósa, er taki þetta mál til meðferðar, en

ekkert er nánara ákveðið um það, hvernig hana skuli kjósa.

Þórarinn Böðvarsson: Nefnd sú, sem búið er að kjósa, var kosin til að íhuga frumvarp, sem á að ræðast í 3 umræðum. Um álitið eiga að eins að vera 2 umræður, og er af því ljóst, að það á ekki sem bezt við, að kasta álitinu í nefndina. En eins og jeg hefi tekið fram, á eptir 21. gr. þingskapanna að kjósa nefnd einmitt í þetta mál; það er það eina mál, sem þingsköpin bjóða að setja nefnd í, og til taka töluna: þriggja manna nefnd. Þingdeildinni er innan handar, að kjósa sömu mennina, og þá eru þingsköpin ekki brotin. Það er að eins nauðsynlegt, að umræðurnar um álitið gangi á undan umræðunum um reikninginn.

Árni Jónsson: Eins og forseti sagði, eru mál þessi svo náskyld, að lang-haganlegast er, að hafa eina og sömu nefnd í þeim báðum.

Forseti: Ef varaforseti (Þ. Böðv.) æskir þess, skal jeg láta deildina greiða atkvæði um þetta atriði, þó jeg fyrir mitt leyti sje í engum vafa, hvernig úr því eigi að leysa.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg læt forseta ráða úrslitum þessa máls, því jeg álít mest á hans ábyrgð, að farið sje eptir þingsköpunum.

Forseti: Þá úrskurða jeg, að hin kjörna nefnd taki bæði þessi mál til meðferðar.

Frumv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (C bls. 69); 1. umr.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg skal ekkert tala um það, hvernig mjer geðjast að þjóðjarðasölunni; en jeg þykist vita, að úr því þingið hefir haft vilja og þolinmæði til að fást við sölu á 30—40 þjóðjörðum, þá muni það einnig vilja sinna þessu frumv.; og þótt mjer þyki nokkuð óviðfeldið, að vera að semja lög um sölu á jörðum, sem enginn kaupandi býðst að, þá vil jeg stinga upp 3 manna nefnd til að íhuga þetta mál, og reyna að koma sjer niður á sanngjarnt söluverð á jörðum þessum.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþykkt í einu hljóði, og urðu fyrir kosningu:
Gunnar Halldórsson með 11 atkv.
Þorlákur Guðmundsson — 10 — og
Þorvaldur Bjarnarson,
eptir hlutkesti milli hans og Þorsteins Jónssonar, er höfðu 7 atkv. hvor.

Frumv. til laga um að umsjón og fjárhald Flateyjarkirkju skuli fengin söfnuðinum í hendur (C bls. 70); 1. umr.

Landshöfðingi: Frumv þetta er hvorki langt nje efnismikið, en málefnið, sem það er liður úr, er næsta þýðingarmikið; jeg vil þess vegna ráða til þess, að nefnd sje kosin í málið, er hugleiði, hvernig því mætti við koma, að fjárhald kirkna þeirra, er landssjóði tilheyra, komist í hendur safnaðanna. Samkvæmt ályktun alþingis 1885 hefir verið skorað á alla söfnuði, þar sem kirkjan er þjóðeign, að láta uppi yfirlýsingu um, hvort og með hverjum kjörum þeir vilja taka umsjón og fjárhald kirkna að sjer, og hafa komið svör frá þeim öllum, nema einum. Jeg skal láta hinni væntanlegu nefnd í tje hjer að lútandi skjöl, svo og svör safnaðanna þessu viðvíkjandi, þar á meðal eitt, sem hefir komið til mín eptir að frumv. þetta var samið, og sem kynni að geta leitt til samkomulags.

Árni Jónsson: Samkvæmt bendingu h. landsh. leyfi jeg mjer að leggja það til, að 3 manna nefnd sje sett í þetta mál.

Þórarinn Böðvarsson: Þessi söfnuður hefir hjer gefið lofsvert eptirdæmi, sem vert er að gefa gaum, því þá fyrst munu kirkjumál vor komast í gott horf, er söfnuðirnir sjálfir hafa tekizt umsjón þeirra á hendur.

Jeg vil þó ekki fjölyrða um þetta mál, en fellst á 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Þriggja manna nefnd samþ. í e. h., og kosnir
Þorlákur Guðmundsson með 11 atkv.
Árni Jónsson — 11 —
Páll Ólafsson — 7 —

Fimmti fundur, miðvikudag 6. júlí á hádegi. Allir á fundi, nema 1. þm. Norður-Múlasýslu (Einar Thorlacius), er enn hafði eigi mætt á þingi.

Forseti skýrði frá, að í reikningslaganefndinni væri formaður Lárus Halldórsson og skrifari Sigurður Jensson, og í þjóðjarðasölunefndinni væri formaður Þorlákur Guðmundsson, og skrifari Gunnar Halldórsson.

Enn fremur gat forseti þess, að til sín væri komin og mundu framlögð á lestrarsalinn þessi skjöl:

Beiðni frá Páli presti Pálssyni um föst laun sem daufdumbra kennari.

Beiðni um kaup á jörðinni Arnarsstöðum í Loðmundarfirði.

Bænarskrá um löggilding verzlunarstaðar á Búðaströnd í Fáskrúðsfirði.

Bænarskrá frá Zeuthen lækni um launaviðbót.

Beiðni um kaup á jörðinni Efri-Strönd.

Uppástunga um spítalastofnun á Eskifirði.

Fundargjörðir úr Norður-Múlasýslu.

— — Strandasýslu.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar (að Arngerðareyri, C 14); 1. umr.

Flutningsmaður (Sig. Stefánsson): Jeg hygg, að deildinni muni eigi kunnugt um, hvernig tilhagar við stað þenna. Við Ísafjarðardjúp eru, eins og flestum er kunnugt, allar ferðir og flutningar næsta erviðir og kostnaðarsamir, þar sem allt verður yfir sjó að sækja; þessvegna er meiri nauðsyn þar en víðast hvar annarstaðar á landinu á sem dreifðustum verzlunarstöðum og það því heldur, sem vörumagn er þar í hverju meðalári meira en víðast hvar annarstaðar. Staður þessi liggur inn í Ísafirði og eru þaðan víst 4 mílur til kaupstaðarins á Ísafirði, yfir sjó að fara; ætti allt Inn-Djúpið stórum hægra með að sækja þangað; en það eru ekki einasta Ísfirðingar, er hafa mundu haguað af því, ef hjer yrði löggiltur verzlunarstaður, heldur einnig bæði Barðstrendingar og Strandasýslubúar, því að þessi staður liggur miklu haganlegar fyrir sum hjeruð í þessum sýslum en nokkur annar nú löggiltur verzlunarstaður; en margir úr þessum sýslum verða nú að sækja verzlun á Ísafjörð, sem þó er fjarska örðugt. Á þessum stað hefir verið sveitaverzlun, en er nú að sönnu lögð niður. Höfn er þar fulltrygg.

Landshöfðingi: Það hefir opt verið tekið fram hjer á þingi, að fjölgun verzlunarstaða sje ef til vill ekki svo æskileg, sem ætla mætti af því, hve hlynnt þingið er henni. Þeir helztu annmarkar, sem hóflaus löggilding nýrra verzlunarstaða hefir í för með sjer, eru fyrst og fremst sá, að öll tollgæzla og allar sóttvarnarráðstafanir verða mjög erfiðar eða því nær ómögulegar, þegar hver vík og vogur er löggiltur til verzlunar. Í annan stað hefir reynslan sýnt, að það hagræði, sem þeir, er nærri búa verzlunarstaðnum, hafa af nálægðinni, að því er snertir vöruflutning úr verzlunarstaðnum og til hans, vegst fullkomlega upp við þá freisting til iðjuleysis og ónauðsynlegs ráps í kaupstaðinn og óþarfakaupa, sem leiðir af nálægðinni. Enn fremur er það sannreynt, að á verzlunarstöðum, sem fáir geta sótt til, verður engin samkeppni, og allar útlendar vörur því dýrari en þar sem fleiri verzlanir eru saman komnar á einum stað; og loks er því hættara, sem verzlunin er kraptminni, við því, að vörubyrgðir verði litlar og óáreiðanlegar að vetrinum til.

Jeg skal fúslega játa, að um þá staði getur verið að ræða, þar sem þörfin vegur upp á móti öllum þessum mótbárum; en að þingið hafi stundum verið nógu ljúft á að löggilda verzlunarstaði, má sjá af því, að síðan 1879 hafa 15 eða 16 staðir verið löggiltir til verzlunar, sem engin verzlun er þó komin á enn í dag.

Að því, er þennan stað snertir, hygg jeg, að verzlunarlögin frá 1879 geti fullnægt þörfum manna; helzti hagurinn af löggilding þessa verzlunarstaðar mundi verða sá, að þar kæmist á ölfangasala.

Að sveitaverzlun hefir verið á þessum stað, en lagzt niður, virðist mjer sýna, að hann sje eigi alls kostar vel fallinn til verzlunar.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg mun kunnugri um afstöðu þessa staðar en flestir þingmenn í deildinni, og jeg hika ekki við, að láta það álit mitt í ljósi, að það hafi

mikinn hagnað, en engan óhagnað, í för með sjer, ef hann verður löggiltur verzlunarstaður.

Því hjer mundi eflaust myndast stór kaupstaður, ef löggiltur yrði, sökum þess, hve mörgum er torvelt að ná til Ísafjarðar; því þess munu mörg dæmi, að flutningur á vörum hefir orðið mönnum dýrari en varan sjálf; svo það á víst ekki hjer við, sem hæstvirtur landshöfðingi sagði, »að mesti hagnaðurinn mundi líklega verða sá, að vínsala kæmist þar á«. Skipalægi hygg jeg einnig gott vera.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Mótbárur herra landshöfðingjans eru svo gamlar og marg-braktar hjer á þinginu, að mjer finnst lítil ástæða til að tala margt um þær.

Tollheimtan þyngist lítið, þó verzlunarstöðum fjölgi; því þegar sýslumaður ekki á heima við verzlunarstaðinn, setur hann umboðsmann fyrir sína hönd til að annast um tolltökuna; gerir þá lítið til, hvort verzlunarstaðir eru einum fleiri eða færri, einni mílu fjær eða nær bústað sýslumanns, úr því hann á annað borð verður að hafa umboðsmann.

Þó ekki sjeu líkur til, að stórir kaupstaðir myndist hvervetna, þar sem verzlunarstaður er löggiltur, þá á það ekki að synja óskum landsmanna í þessu efni; reynslan hefir líka sýnt, að vörubyrgðir eru eigi ætíð betri í stórum kaupstöðum en smáum, og ef aðalatriðið væri að hafa kaupstaðina stóra, þá væri bezt að hafa þá sem allra fæsta, kannske að eins einn á öllu landinu.

Þó allir þeir staðir, sem hingað til hafa verið löggiltir til verzlunar, sjeu enn eigi orðnir að kaupstöðum, fæ jeg ekki sjeð, að það geri neinn skaða.

Það mundi hryggja mig stórlega, ef það væri satt, að menn kunni sjer ekki hóf með kaup á ölföngum og öðrum óþarfa, þegar þeir eiga stutt til kaupstaðar, en þó svo væri, mundi það eigi næg ástæða til að hamla fjölgun verzlunarstaða, því sú hófsemi og sjálfstjórn, sem eingöngu kemur af fjarlægð kaupstaðarins, er, í mínum augum, lítilsvirði.

Og hvað sem því líður, eru það landsmenn, en ekki stjórnin, sem eiga mestu að ráða um, hvar og hve margir verzlunarstaðirnir eru, því að þeir þekkja bezt, hvað hentar í því efni, og eiga sjálfir mest á hættu, ef afleiðingarnar verða miður happasælar.

Þess skal getið, að orsökin til þess, að sveitaverzlunin á þessum stað lagðist niður, var alls eigi sú, að þessi staður væri illa valinn, eins og háttv. landshöfðingi virðist ætla, heldur hið bága árferði, sem gengið hefir undanfarandi ár, og þar af leiðandi deyfð í öllum viðskiptum.

Gunnar Halldórsson: Jeg vil leyfa mjer að bæta því við, að það var einmitt stærð sveitaverzlunarinnar á þessum stað, sem varð henni að falli, því hún var langtum umfangsmeiri en svo, að kleyft væri að reka hana á þann hátt, að þurfa að fá allt frá Ísafirði, og þá mikið af því á opnum skipum.

Jeg vil eindregið mæla með frumvarpi þessu.

Landshöfðingi: Jeg fæ eigi betur sjeð, en að verzlunarþörfinni á þessum stað megi fullnægja með því, að hagnýta sjer verzlunarlögin frá 1879; eptir þeim er hverjum búsettum kaupmanni heimilt að verzla þar frá skipi allt sumarið, án nokkurs tímatakmarks, og ef aðsóknin yrði mikil, mundu kaupmenn frá Ísafirði verða því fúsari til að senda skip til Arngerðareyrar, svo munurinn yrði sá einn, að engin vetrarverzlun önnur en sveitaverzlun yrði þar, og engin stöðug ölfangasala, og slíkt tel jeg eigi mikinn skaða.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Jeg skal játa það, að verzlunarlögin frá 1879 bæta mikið úr; en þau eru samt hvergi nærri fullnægjandi á þessum stað, því aðsókn að honum er hartnær jöfn árið um kring, svo því fer fjarri, að við það sje hlítandi, þó skip skreppi þangað endur og sinnum um sumartímann, máske rjett eptir hentugleikum kaupmanna á Ísafirði. Hagur manna, bæði við Ísafjarðardjúp, og einkum í Stranda- og Barðastrandarsýslu, krefst þess, að föst verzlun komist á við Arngerðareyri.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 21 atkv.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar (Haukadals í Dýrafirði, C. 13); 1. umr

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Það er sama að segja um þetta mál og það, sem nú var rætt síðast, en af því að það hefur verið tvisvar áður fyrir þinginu, þá get jeg verið enn stuttorðari um það en hitt. Í fyrra samþykkti þingið lög um löggilding verzlunarstaðar og var Haukadalur við Dýrafjörð einn af þeim, en þinginu hefir enn eigi verið gefinn kostur á að kynna sjer afdrif þessa máls hjá stjórninni. Þingið veit enn ekki, hvort þessi lög hafa verið eða muni verða samþykkt, og má því segja að það sje að renna blint í sjóinn, að koma með þetta frumvarp. Hæstv. landsh. er sá eini, sem getur gefið skýringar um, hvers vegna þingið og landsmenn enn eigi hafa fengið að vita neitt um undirtektir stjórnarinnar í þessu máli, og er vonandi að hann gjöri það.

Ástæðurnar fyrir þörf þessarar löggildingar voru teknar ljóslega fram hjer á þinginu í fyrra, og væri það því ekki til annars en lengja málið, að fara að taka þær fram aptur nú.

Landshöfðingi: Út af orðum h. framsögum. (S. Stef.) skal jeg geta þess, að frumv. því um löggilding verzlunarstaða, sem þingið samdi í fyrra, hefir verið synjað staðfestingar, og verða ástæðurnar fyrir synjuninni birtar í næsta tölublaði Stjórnartíðindanna. Jeg skal taka það fram, að aðalmótbáran móti löggilding Haukadals er sú, að þessi staður liggur svo nálægt öðrum kaupstað, að ekki er nema $^1/_2$—$^3/_4$ míla á milli. Aðalástæðan fyrir því, að löggilda Haukadal til verzlunar, var í fyrra sú, að kaupmaðurinn á Þingeyri ætti alla kaupstaðarlóðina og gæti því bannað mönnum að setjast þar að til verzlunar. Mjer er nú ekki kunnugt um, að hve miklu leyti þetta hefir við rök að styðjast, eða hvort kaupmaður þessi mundi banna öðrum verzlun á þessum stað eða ekki, en hitt er víst, að hið sama mundi geta átt sjer stað að því er snertir Haukadal, því nú er annar maður búinn að kaupa alla lóðina þar, sem yrði notuð til verzlunarhúsastæðis. Þessi maður getur þá eins aptrað því, að aðrir en hann einn setji verzlun að Haukadal. Það er ekki gott að vita, hvað einkum hefir vakað fyrir mönnum, er æskt var eptir löggilding þessa staðar til verzlunar; en einkum mun það hafa verið það, að þar mætti þá verzla með brennivín, sjerstaklega við útlendinga; en þetta þykir mjer að minnsta kosti ekki sjerlega mikil ástæða.

Jeg geng út frá því sem vísu, að þingið samþ. þetta mál nú, eins og í fyrra; en verði ekki færðar enn aðrar og betri ástæður fyrir því nú en þá, þá get jeg fullvissað þingdeildina um, að það nær ekki staðfestingu.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Jeg verð þá að segja, að ef h. stjórn hefir ekki aðrar og betri ástæður til að synja lögunum um löggilding verzlunarstaða staðfestingar en þessa, sem hæstv. landsh. tók fram, eða aðrar þvílíkar, þá verð jeg sem þingmaður að gefa mitt atkvæði með því, að málinu verði haldið áfram. Jeg verð að segja, að mjer þykir það ekki viðkunnanlegt, að stjórnin sje að setja landsmönnum sjerstakar reglur fyrir því, hvar þeir megi verzla og hvar ekki. Það eru þarfir landsmanna sjálfra, sem eðlilega eiga að ráða hjer mestu. Þeir einir finna það bezt, hvar eða hvernig þeim er hentugast að haga viðskiptum sínum. Það er örðugt já alveg ómögulegt fyrir stjórnina að segja, með nokkurri vissu, hvar hentugast sje að hafa verzlun í hverju byggðarlagi, og lítt viðunandi, ef að hún leyfir sjer að setja landsmönnum stólinn fyrir dyrnar í þessu máli. Viðvíkjandi því, sem hæstv. landsh. sagði, að aðalástæðan fyrir því, að fá þennan stað löggiltan, hafi verið sú, að geta fengið leyfi til að selja þar brennivín eða áfenga drykki, þá

held jeg þetta hafi engan veginn verið ástæðan, heldur miklu fremur sú, að gjöra þilskipum hægra fyrir að leggja upp aflann og ná í nauðsynjar sínar; því þó vegalengdin yrði lítil milli kaupstaðanna, þá munar sjómenn mikið um hverja mílu eða hálfa mílu, sem þeir þurfa styttra að fara. Aðalkrapturinn í allri verzlun þar vestra er lýsisaflinn af þilskipum, og mundu lög þessi gjöra mönnum miklu hægra fyrir með að koma afla þessum í peninga, en nú á sjer stað.

Að því er snertir þá mótbáru móti löggilding smá-kauptúna, að þar geti ekki orðið nein verzlunarkeppni, þá er auðsætt að þessi mótbára verður að engu þegar ræða er um Haukadal, og það einmitt af því, að hann liggur svo nálægt öðrum kaupstað. Þar yrðu þá tveir, sem nú er ekki nema einn, sem kepptu: kaupmaðurinn á Þingeyri og kaupmaðurinn á Haukadal. Loks skal jeg taka það fram, að það er ekki að eins í hinum minnstu kaupstöðum, sem vöruskortur verður. Til dæmis skal jeg taka það fram, að einmitt á Þingeyri hefir optar verið matvöruskortur en vörubyrgðir síðan jeg kom vestur, og þó er það eigi all-lítið svæði, sem sækir þangað til verzlunar. Vöruskortur getur eins orðið þar, sem er stór verzlun, eins og þar sem hún er minni, einkum þegar ekki er nema einn kaupmaður um hituna.

Sigurður Jensson: Jeg hefi einnig meðferðis bænaskrá um löggilding Haukadalsbótar frá mönnum á Breiðafirði, og hefir verið skorað á mig að styðja þetta mál. Jeg ber að vísu engan kvíðboga fyrir því, að frumv. þetta mæti mótstöðu frá þingsins hálfu, hvað sem stjórnin svo gerir við það. Að menn á Breiðafirði óska, að þessi staður verði löggiltur, á því stendur svo, að fiskiskip frá Breiðafirði verða að leita hafna á Vestfjörðum, til þess að leggja þar upp fisk og taka salt og aðrar nauðsynjar sínar. Það tæki of langan tíma, ef skipin þyrftu í hvert skipti að sigla inn á Breiðafjörð með aflann eða til að sækja það, sem þau þurfa með. Skipaeigendur verða því að semja við einhvern kaupmann á Vestfjörðum, um að kaupa af honum salt og aðrar nauðsynjar og koma fiskinum fyrir hjá honum. Þetta er opt dýrt og dýrara en fiskiveiðarnar þola nú á tímum. Nú liggur þessi staður, sem hjer ræðir um, mjög hentuglega við fyrir fiskiskip, og svo er það einmitt kaupmaður einn á Breiðafirði, sem hefir afráðið að setja þar verzlun á stofn, og væri þegar farinn að verzla þar, ef stjórnin hefði ekki lagt málið á hyllana. Jeg vona nú, að þingið gjöri sitt til, að þetta mál fái framgang; það kostar enga peninga að löggilda staðinn, en hins vegar miðar löggildingin til þess, að gjöra mönnum ljettara og ódýrara að halda úti þilskipum.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 21 atkvæði.

Sjötti fundur, fimmtudaginn 7. júlí á hádegi. Allir á fundi, nema þm. Austur-Skaptf. (Sv. Eir), er fengið hafði leyfi af þingi í tvo daga; ennfremur þm. Strand. (Páll Ól.) og þm. Rvk. (Jónas Jónassen), er höfðu tilkynnt forföll.

Forseti skýrði frá, að í nefndinni í málinu um fjárhald Flateyjarkirkju væri Páll Ólafsson kosinn formaður og skrifari Árni Jónsson.

Tillaga til þingsályktunar um atvinnulaganefnd (C. 16); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Samþykkt ein umræða.

Fyrirspurn um þingsetu sýslumanna (C. 19); leitað leyfis þingdeildarinnar að bera hana upp.

ATKVÆÐAGR.: Leyfið var veitt með atkvæðafjölda.

Frumv. til laga um Söfnunarsjóð Íslands (C. 18); 1. umr.

Flutningsmaður (Eiríkur Briem): Þegar Söfnunarsjóðurinn var stofnaður, var það haft fyrir augum, að gefa mönnum hvöt til að safna fje og gjöra mönnum

mögulegt að geyma það og ávaxta tryggilega um langa ókomna tíð.

Utanlands eru margar stofnanir með líku fyrirkomulagi og að ýmsu leyti sama tilgangi. Í útlöndum hefir og reynslan sýnt, að slíkar stofnanir gefa mönnum hvöt til að láta óeytt fje, sem menn ella mundu hafa eytt að óþörfu. Við hinu sama mætti búast hjer á landi, þegar rekspölur væri kominn á, en sú hefir þó enn orðið raun á, að sárlítið fje hefir verið lagt í sjóðinn; að eins nokkur hundruð krónur. Orsakir til þessa geta verið margar. Fyrst það, að fyrirtæki þetta er nýtt og óþekkt; ennfremur illt árferði, og, ef til vill, jafnframt, að mönnum hefir eigi þótt fullnægjandi trygging í þessari stofnun.

Að því er sjálft frumv. snertir, eru ákvarðanirnar um stjórn sjóðsins að mestu lagaðar eptir bankalögunum, en að öðru leyti er frumv. lagað eptir samþykkt Söfnunarsjóðsins í Reykjavík. En þar sem frumv. þetta er fremur langt og því fyrst útbýtt í gær meðal h. þingdm., þá þykist jeg vita að menn muni ekki vera búnir að kynna sjer það til hlítar, enda álít jeg og heppilegast sjálfs málefnisins vegna, að sett verði þegar nefnd í því. Jeg leyfi mjer að vona, að h. deild láti málið fá góðan framgang og leyfi mjer að stinga upp á 5 manna nefnd til að íhuga það.

Þorsteinn Jónsson: Jeg ímynda mjer að þriggja manna nefnd sje nóg.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. í einu hljóði.

Að hafa nefndarmenn fimm var samþ., og urðu þessir fyrir kosningu.

Eiríkur Briem	með	18	atkv.
Þorv. Kjerulf	—	11	—
Grímur Thomsen	—	10	—
Jónas Jónassen	—	10	—
Jón Jónsson	—	9	—

Sjöundi fundur, föstudag 8. júlí á hádegi. Allir á fundi nema þm. Austur-Skaptfellinga (Sv. Eiríksson).

Forseti gat þess, að til sín væri komið;

Bænarskrá frá Benid. Gröndal um 600 króna styrk til framhalds þjóðmenningarsögu og dýramyndasafni.

Ávarp til fjárlaganefndarinnar frá þingmanni Dalamanna viðvíkjandi nýju læknishjeraði í Dalasýslu.

Uppástunga um aukapóstferðir í Dalasýslu.

Fundargjörðir úr Snæfellsnessýslu.

Bænarskrá úr Dalasýslu um að mega verja afborgunum og vöxtum hallærislána til vegagjörða.

Uppástunga frá sömu sýslu um að mæla uppsigling á Skarðsstöð.

Bænarskrá úr sömu sýslu um 1000 kr. styrk til að semja æðarvarpssögu.

Bænarskrá frá organista Jónasi Helgasyni um 150 kr. styrk til að gefa út viðbæti við kirkjusöngsbók sína.

Beiðni frá Eiríki Magnússyni, M. A., í Cambridge, að mega vinna í Helgustaðanámum.

Frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar að Haukadal í Dýrafirði (C. 13, 26); 2. umr.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Vjer höfum aukið titilinn á frumv., til að gjöra það greinilegra; sömuleiðis eru frv. þau, sem vjer erum flutningsm. að, höfð sitt í hvoru lagi, svo hvorugt dragi annað til falls hjá hinni háttvirtu stjórn; að svo mæltu legg jeg það til, að frv. þessu sje vísað til 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Viðaukatill. (26) samþ. án atkvæðagreiðslu. Frv. með áorðinni breytingu samþ. með 21 atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 21 atkv.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp (C. 14, 25); 2. umr.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Titillinn á þessu frv. hefir verið aukinn eins og á hinu, og jeg legg það til, að þessu frv. sje einnig vísað til 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Viðaukatillagan (25) samþ. án atkvæðagreiðslu. Frv. með á-

orðinni breytingu samþ. með 21 atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 21 atkv.

Tillaga til þingsályktunar um atvinnulaganefnd (C. 16); ein umr.

Flutningsmaður (Þorlákur Guðmundsson): Jeg hefi leyft mjer að koma fram með tillögu þessa, af því mjer finnst, að opt hafi verið þörf á að athuga atvinnumál vor, en að nú sje svo knýjandi nauðsyn til þess, að reyna af fremsta megni að ráða bót á mörgu þar að lútandi, að það eigi að sitja í fyrirrúmi fyrir flestu öðru. Jeg finn vel til þess, að það er hægra að koma fram með þessa uppástungu eða aðrar slíkar, en að geta fljótt og vel fundið meðul, sem duga við hinum mörgu meinsemdum atvinnuvega vorra.

Það er svo ótalmargt, sem aflaga fer og umbæta þarf, ótalmargt, sem krefst bráðra umbóta; fyrst og fremst vil jeg nefna þenna eldgamla þjóðarmeinvætt, horfellirinn; hann hefir nú á þessu ári verið svo mikill, að hryggilegt er, og afleiðingarnar eru eins og jafnan á fyrri öldum, að til stórvandræða og jafnvel manndauða horfir í sumum hjeruðum landsins; meira en þúsund ára sorgleg reynsla hefir enn eigi megnað að kenna mönnum að varast hann; þetta má eigi lengur svo til ganga; löggjafarvaldið hlýtur að láta hjer til sín taka, mannúðin krefst þess, sá rjettur, sem skepnan á, hann krefst þess, að maðurinn beiti því valdi, sem hann hefir yfir henni, sem siðuð og skynsöm vera, en ekki sem ómenntaður »tíranni«, með því að það er mannsins gagn og velferðarspursmál, að tryggja eignarrjett sinn með skynsamlegri heyásetningu; hagur landsins krefst þess því, að löggjafarvaldið geri einhverja tilraun að varna slíkum slysum framvegis.

Þá eru skógarnir; þessar litlu leifar, sem land vort á eptir af sínum glæsilegu skógum, þær keppast menn við að eyðileggja, ef svo mætti að orði komast, ýmist af fávizku eða hirðuleysi, eða þá af hvorutveggju; það verður að stemma stigu fyrir þessu eyðileggingarverki, ef unnt er, en ekki leggjast á eitt með óblíðu náttúrunnar, eins og gert hefir verið, til að uppræta skóga vora.

Enn er eitt, sem tilnefna má: það er meðferð eldsneytis hjer á landi, einkum móskurðurinn, sem er jafnvel það eina eldsneyti, sem landið getur misst nú á tímum; vjer getum eigi komizt af án mikils eldsneytis heldur en aðrar þjóðir, en því meiri hvöt ættum vjer að hafa til að fara sparlega með móinn, þetta aðaleldsneyti lands vors; en reynslan sýnir, að menn eru óforsvaranlega hirðulausir í þessu efni. Hver, sem gengur um mógrafirnar, á hægt með að sannfærast um þetta; hann mun sjá margt stykki ónotað, sem vel mætti hagnýta sjer. Þetta þarf sannarlega umbóta við.

Enn skal jeg tilnefna, sem aðgæzluvert, að tómthúsafjöldinn í sjávarsveitunum er orðinn voðalegur; þar hrúgast fólkið saman til þess að mega eða rjettara sagt mega til að sitja iðjulausir 2—3 mánuði af árinu og jafnvel meira; börnin alast þar upp í aðgerðaleysi og ómennsku; þar er sannkallað akurlendi ódugnaðarins og það meira að segja vel frjóvsamt.

En í sumum sveitum, t. d. Snæfellsnessýslu, leggjast margar góðar jarðir í eyði af ábúendaskorti; já, þar liggur enda við sveitaauðn af þeirri ástæðu, að ofmikið af fólki flytst að sjónum, og svo hvað margir flytja af landi burt.

Loks vil jeg minnast á sundurskipting jarða í margbýli, sem mest munu brögð að í austursýslum landsins; sumstaðar er það svo mikið, að fjöldi af nýtum jörðum er bútaður svo smátt í sundur, að þær með engu móti geta framfleytt ábúendum sínum; koma þar því upp margir kotungsbændur í stað fárra dugandi bænda; afleiðingin er auðsæ: þverrun framkvæmdarafls ins og dugnaðar, en aukning örbyrgðarinnar, sem er foreldri dáðleysisins og ómennskunnar.

Jeg vona því, að þingdeildin taki vel undir tillögu þessa og kjósi 5 menn í nefnd, eins og hún fer fram á.

Benidikt Sveinsson: Jeg finn ástæðu

til að votta h. flutningsm. (Þ. G.) þakklæti mitt fyrir það, að hann hefir komið með tillögu þessa inn á þingið, og vil jeg styðja sem bezt að því, að þingdeildin setji þá 5 manna nefnd, sem tillagan fer fram á.

Páll Briem: Jeg verð að segja það sama, sem h. 2. þm. Eyf. (B. Sv.). Jeg er h. flutningsm. (Þ. G.) mjög þakklátur fyrir, að hann hefir hreyft þessu máli, og þar með gjört sitt til að áhugi manna beinist sjerstaklega að landbúnaðinum. Jeg er h. flutningsm. samdóma um, að mjög sje ábótavant hjer á landi í öllu því, er hann til nefndi. Ekkert getur þingið að mínu áliti gert þarflegra en það, að hugsa upp öll möguleg meðul til þess að bæta úr atvinnuskortinum, sem nú er hjer á landi, og sjer í lagi úr hinn hörmulega ástandi, sem landbúnaðurinn er í. Jeg skal nú ekki segja, hvort það muni takast nefnd, sem kosin yrði hjer á þingi, að gera lagafrumvarp um þetta efni svo úr garði, að öllum líkaði. Það er mjer næst að halda, að ekki yrði; en allt fyrir það vinnst þó mikið við það, að málið verður sjerstaklega íhugað og rætt. Það er hægra að halda því áfram, sem einu sinni hefir verið byrjað, en að byrja eitthvað af nýju.

Þegar litið er til kvikfjárræktarinnar hjer hjá oss, þá er sorglegt að vita til þess, hvernig hún er komin, sem mest mun vera að kenna óskynsamlegri heyásetning. Það er voðalegt að hugsa sjer, að t. a. m. einn gildur og góður bóndi skuli, við það að voga, allt í einu komast á vonarvöl, þó ekki geri nema hálfsmánaðar hret. Enn fremur er það alveg nauðsynlegt, að móskurður verði betri og skógar verði verndaðir. Þar sem jeg þekki til á Vesturlandi, eru miklir skógar, en þeir eru allt af að eyðast fyrir óskynsamlega upprætíng. Þá get jeg að öllu leyti tekið undir með h. flutningsm. að því er snertir sundurskipting jarða, sem víða á sjer allt of mjög stað hjer á landi. Það er viðurkennt, að slík sundurskipting sje alstaðar til niðurdreps. Mjer er það kunnugt, að á Skotlandi, í nánd við Edinborg, átti sjer stað mikil sundurskipting á jörðum. Þá voru líka margir eða flestir á jörðum þessum í opnum dauðanum. Síðan var tekið að fækka ábúendum og þá batnaði hagur manna óðum.

H. flutningsm. (Þ. G.) minntist á Snæfellsnessýslu og gat þess til, að ástandið mundi ekki vera sem bezt þar. Jeg er honum einnig samdóma í þessu, því jeg veit, að ástandið er þar hörmulegt, og álít, að þingið verði að gera eitthvað til þess að bæta úr því. Jeg hafði hugsað mjer að koma með frumv. í þá átt, en ímynda mjer að nefnd, sem hjer er farið fram á að kjósa, mundi vilja taka sjerstaklega tillit til þessa hluta landsins og gera sitt til að bæta þar eitthvað úr. Ástandið er svo hörmulegt víða í Snæfellsnessýslu og enda í Hnappadalssýslu líka, að það liggur við, að heilar sveitir ætli að leggjast í eyði. Jarðir eyðast og fólkið flýr af þeim, og þó einhver jörð byggist eitt ár, þá er ábúandinn óðar flúinn af henni aptur.

Það er auðvitað, að það kostar landssjóð nokkurt fje í eitt skipti, ef þingið skiptir sjer af þessu máli, en hvað er ekki tilvinnandi til þess, að bæta úr hinni miklu neyð og ástandi sem er, og reisa við atvinnuvegina og landbúnaðinn?

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. í e. h.

Forseti frestaði nefndarkosningunni til næsta dags, til þess að þingdeildarmenn gæti hugsað sig vel um, hverja kjósa skyldi.

Tillaga til þingsályktunar um reikningsskil fyrir útsendingu og útsölu alþingistíðindanna 1885 (C. 21); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Ein umr. samþ. í e. h.

Tillaga til þingsályktunar um reikningsskil fyrir tekjunum af Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði með Hallbjarnareyri (C. 22); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Ein umr. samþ. í e. h.

Áttundi fundur, laugardag 9. júlí.

Allir á fundi nema þm. Vestur-Skaptfellinga (Ó. P.).

Forseti skýrði frá, að í nefndinni, sem kosin hafði verið til að íhuga frumv. um Söfnunarsjóð Íslands, væri kosinn formaður Eiríkur Briem og skrifari J. Jónassen.

Afgreiðsla á ýmsum fjárbænum.

Forseti: Það eru þegar komnar til þingsins allmargar bænarskrár og málaleitanir um styrk og fjárframlög úr landssjóði til hins og þessa. Þessar málaleitanir hafa komið fram bæði í efri og neðri deild, og þó ekki sjáist á sumum þessum skjölum, hverjir eru flutningsmenn þeirra, ætla jeg að þau hafi þó öll einhvern flutningsmann. Hin umræddu skjöl hafa nú legið um tíma á lestrarsalnum þingmönnum til eptirsjónar, en þó skal jeg til glöggvunar telja þau upp og geta innihalds þeirra:

1. Ávarp til fjárlaganefndarinnar frá þingmanni Dalamanna.
2. Tillaga um, að laun ljósmæðra greiðist úr landssjóði.
3. Bænarskrá um styrk til sjómannaskóla á Ísafirði.
4. Bænarskrá frá Zeuthen lækni um launabót.
5. Bænarskrá frá Þorvaldi lækni Jónssyni um sama.
6. Bænarskrá frá Dalasýslu um að verja megi vöxtum og afborgunum hallærislána til vegagjörða.
7. Bænarskrá frá sömu sýslu um 1000 króna styrk til að semja æðarvarpssögu.
8. Bænarskrá frá Húnavatnssýslu og Skagafirði um 4000 kr. styrk til Hólaskóla.
9. Bænarskrá frá prestinum á Stað á Reykjanesi um uppgjöf á árgjaldinu frá brauðinu.
10. Bænarskrá frá síra Páli Pálssyni um 400 kr. föst laun sem daufdumbra kennari.
11. Bænarskrá frá Holtsprestakalli í Rangárvallasýslu um 200 kr. styrk til barnakennslu.
12. Bænarskrá frá Vestur-Eyjafjallahreppi um 2000 kr. styrk til að girða fyrir Holtsá.
13. Bænarskrá frá Benidikt Þórarinssyni um 600 kr. styrk til laxaklaks.
14. Bænarskrá frá Jónasi organista Helgasyni um 150 kr. styrk til að gefa út viðauka við Kirkjusöngsbók.
15. Bænarskrá frá Benid. Gröndal um 600 kr. styrk til að halda áfram dýramyndasafni m. fl.
16. Bænarskrá frá Páli Melsteð um að mega halda 1800 kr. launum sínum sem sögukennari.

Jeg álít að allar þessar málaleitanir heyri beinlínis undir verkahring fjárlaganefndarinnar, og skal jeg því leyfa mjer að skjóta því til ákvæða deildarinnar, hvort eigi skuli afhenda nefndinni skjölin með þeim fyrirvara, að hún rannsaki þau og kveði upp álit sitt um þau á sínum tíma.

ATKVÆÐAGR.: Að vísa skjölunum til fjárlaganefndarinnar var samþ. í e. h.

Frumvarp til laga um menntun alþýðu (C. 23); 1. umr.

Flutningsmaður (Jón Þórarinsson): Jeg tel víst, að h. þingdm. sjeu á því, að rjett sje að setja nefnd í þessu máli, og skal jeg því ekki fara neitt út í efni þess á þessu stigi, en að eins benda á, að nokkrar misprentanir eiga sjer stað á frumv., í 2. og 38. gr., en þetta mun auðvelt að lagfæra síðar meir. Jeg skal leyfa mjer að stinga upp á 5 manna nefnd til að íhuga og segja álit sitt um frumv.

Jónas Jónassen: Jeg þykist viss um, að flestir, ef ekki allir, h. þingdm. telji það vel til fallið, að þetta mál var nú borið upp. Að minnsta kosti verð jeg að vera h. flutningsm. (Þ. Böðv. og J. Þ.) þakklátur fyrir, að þeir hafa komið þessu máli inn á þingið. Það má óhætt fullyrða, að alþýðumenntunarmálið sje eitt af þeim málum, sem einmitt nú er með þeim fyrstu og helztu málum á dagskrá þjóðarinnar, og þess vegna er mjög svo vel til fallið, að það kemur einmitt nú

fyrir þingið. Hitt er annað mál, hvort þetta frumv., sem hjer liggur fyrir, er svo úr garði gert, að það væri heppilegt að gjöra það að lögum, og því er það alveg nauðsynlegt, að sett verði nefnd í málinu, eins og h. flutningsm. (J. Þór.) hefir stungið upp á. Það er vel hugsanlegt, að nefnd sú, sem kosin yrði, gæti lagað frumv. svo, að það yrði aðgengilegt; en eins og það liggur fyrir, álít ekki að geti komið til mála að samþykkja það, og það einkum og sjer í lagi vegna þess gífurlega kostnaðar, sem slíkt fyrirkomulag, er það stingur upp á, hefir í för með sjer. Jeg gæti bent á mjög mörg atriði í frumv., sem alls ekki geðjast mjer eða sem mjer þætti alveg nauðsynlegt að væri öðruvísi, svo sem ýms ákvæði 6. kap., en með því þetta er fyrsta umræða málsins, þá sleppi jeg auðvitað að fara út í einstök atriði. En í sjálfu sjer er málið mjög þýðingarmikið og alvarlegt mál; það er í alla staði þess vert, að þingið beiti sínum beztu kröptum til þess nákvæmlega að íhuga það og reyna að leiða það sem bezt til lykta. Jeg skal svo ekki tala frekar um málið að þessu sinni, en leyfa mjer að styðja sem bezt uppástunguna um nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd 5 manna samþ. í e. h., og kosnir:

Jón Þórarinsson	með	19 atkv.
Árni Jónsson	—	12 —
Sigurður Jensson	—	12 —
Sigurður Stefánsson	—	12 —
Jón Jónsson	—	10 —

Frumvarp til laga um vegi (C. 20); 1. umr.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Þótt jeg sje sannfærður um, að jeg þurfi ekki að tala margt um þetta málefni á þessu stigi þess hjer í deildinni, og þótt jeg verði síztur manna til að efast um, að allir h. þingdm. álíti þetta eitt af mest umvarðandi málum þjóðarinnar, skal jeg þó leyfa mjer að fara um það fáum orðum í heild sinni.

Það má óhætt fullyrða, að það er álit allra þjóða í hinum menntaða heimi, að vegir og samgöngur sje eitt hið helzta skilyrði fyrir framförum og þrifum þjóðanna, og þess vegna hljóti viðleitni manna einkum og sjer í lagi að beinast að því, að gera vegina sem haganlegasta og varanlegasta, sem frekast er unnt eptir landslagi og afstöðu hvers staðar. Til þessa verja nú allar þjóðir og hafa varið um marga tugi ára og aldir stórfje, enda er árangurinn nú orðinn svo mikill, að heita má, að allar stórþjóðir heimsins sjeu orðnar nálægar hver annari. En það er ein þjóð, sem enn er skammt komin með vegi og samgöngur, og skemmra en þjóðir voru komnar fyrir þremur þúsundum ára síðan. Ef einhver vildi dæma hart um okkur Íslendinga, þá gæti hann fengið hið bezta tilefni til þess, er hann sæti lestaferðirnar eptir vegum vorum, sjer í lagi að haustinu til, því það má segja, að það sje sorgleg sjón. Jeg skal gjarnan játa, að á seinni tímum hefir verið unnið allmikið að vegabótum hjer á landi og ekki verið gert svo lítið til að efla samgöngur í landinu, og jeg vil segja, að hefði verið unnið jafnmikið árlega um helming þeirra alda, sem liðnar eru frá bygging Íslands, þá værum vjer eigi svo mjög illa staddir í þessu tilliti. En það dylst oss ekki, að það, sem unnið er árlega að vegagjörðum hjá oss, er ekki annmarkalaust. Það, sem vantar hjer, eru meginreglur fyrir vegagjörðinni. Það væri sorglegt, ef haldið yrði áfram að kosta þúsundum króna á þúsundir króna ofan til slíkra vegagjörða, sem nú tíðkast sumstaðar, og eptirkomendur vorir hlytu svo að segja: »Formenn vorir hafa varið miklu fje til þessara hluta, en það er slæmt, hve lítið vjer getum notað þá«. Þær meginreglur, sem sjálfsagt er að fylgja við vegagjörðir, eru þær, að bæta fyrst og fremst alla aðalpóstvegi og hafa þá, eins og vegi yfir höfuð, svo breiða, að ekið verði vögnum eptir þeim. Jeg get ekki stillt mig um að vitna hjer til hinna fornu Rómverja. Menn hljóta að undrast, hve langt þeir voru komnir með allar póstferðir og

samgöngur. Það er sjer í lagi eitt, sem hafa verður fyrir augum, þegar vegir eru gerðir, og það er, að hægt verði að hafa þá á sínum tíma fyrir vagnvegi. Þetta hafa menn ekki haft fyrir augum hjer á landi, og vegurinn, sem liggur hjer upp úr höfuðstaðnum sjálfum, er eigi svo gerður, að unnt sje að nota hann fyrir vagnveg. Það væri sannarlega æskilegt, ef Reykvíkingar vildu sem fljótast breyta honum í vagnveg, öðrum til eptirdæmis og fyrirmyndar. Jeg hefi sjálfur lesið, og veit líka að flestum h. þingdm. muni vera það kunnugt, að fyrir 3 þúsundum ára síðan óku menn í vögnum, en sá, sem alizt hefir upp á þessu landi og aldrei sjeð önnur lönd, veit varla hvað það er, að aka í vagni. Með því þetta er 1. umr. málsins, skal jeg ekki fara neitt út í einstök atriði þess. Jeg skal heldur ekki segja, að þetta frumv. sje hið eina rjetta; en því verð jeg að halda föstu, að það málefni, sem hjer ræðir um, er eitt af þeim, sem oss varða mestu, og jeg þykist sannfærður um, að h. þingdm. muni fylgja því með hinu mesta athygli, og gera sitt ýtrasta til að leiða það vel og heppilega til lykta, og til þess að meiri von verði um, að svo verði, leyfi jeg mjer að stinga upp á 5 manna nefnd til að íhuga málið.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd 5 manna samþ. í e. h., og kosnir:

Þórarinn Böðvarsson	með	20 atkv.
Grímur Thomsen	—	11 —
Jónas Jónassen	—	11 —
Þorsteinn Jónsson	—	10 —
Páll Briem	—	9 —

Fyrirspurn til landshöfðingja um niðurlagning brauða (C. 27); leitað samþykkis um, hvort gera megi.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. með 17 atkv. að gera megi fyrirspurnina.

Fyrirspurn til landshöfðingja um þingsetu sýslumanna (C. 19).

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Jeg skal ekki tala langt í þetta sinn fyr en jeg heyri svar h. landsh. Orsökin til þess, að jeg geri þessa fyrirspurn, er áskorun frá kjósendum mínum, og orsökin til þeirrar áskorunar er aptur hin megna óánægja manna yfir þeirri ráðstöfum stjórnarinnar, að hindra nú fremur venju vissa þjóðkjörna þingmenn frá að komast á þing. Þessi ráðstöfun stjórnarinnar, að gera vissum þingmönnum ómögulegt að gegna köllun sinni, hafði að vísu frjetzt vestur á skotspónum fyrir nýár í vetur, en menn hjeldu, að þetta væri eigi annað en ágizkun manna; en raunin hefir orðið sú, að hinir þjóðkjörnu þingmenn úr flokki sýslumanna geta eigi neytt kjörgengis síns. Þegar nú slíkar óvæntar og nýjar ráðstafanir koma fram, hljóta þær að vekja eptirtekt, hljóta þær að vekja athygli og óánægju. Alþingi er og á að vera hyrningarsteinninn undir sjálfsforræði voru; en undir eins og menn játa þessu, verða menn og að játa, að það þarf hina beztu krapta, sem þjóðin á til, til þess að byggja svo ofan á þennan hyrningarstein, að öll byggingin geti orðið traust og fögur. Þegar nú þeir kraptar, sem að þessu eiga að vinna, allt í einu verða skertir, þá er eðlilegt, að menn leiti að orsökinni og spyrji, hvað því valdi, að þjóðin má eigi neyta þeirra, sem hún treystir bezt. Hjá oss er mikið að vinna, en kraptarnir litlir. Menntun og upplýsing, sem eru hin nauðsynlegustu skilyrði fyrir góðum kröptum á þingmannabekkjunum, eru engan veginn almennt á því stigi hjá alþýðu manna hjer á landi, að þjóðin hljóti eigi að leita til þeirra manna, sem hafa fengið menntunina, þó eigi sje það sjerstaklega sú þekking, sem að þingmennsku lýtur. Það er náttúrlegt, segi jeg, að þjóðin leiti að þingmannaefnum sínum í þá flokka, þar sem mest er þekking og upplýsing, og þá ekki sízt í flokk lögfræðinganna, þar sem sú þekking er fyrir, er sjerstaklega er nauðsynleg hverjum alþingismanni. Jeg skal sízt álasa stjórninni fyrir það, að hún láti embættismennina, hverjir sem þeir eru, gegna stöðu sinni sem bezt; en því verð jeg að neita, að hún hafi nokkurn

rjett til að ganga svo langt í eptirliti sínu með embættismönnum, að hún gjöri þeim ómögulegt að njóta sinna borgaralegu rjettinda; með því brýtur hún bæði lög á þeim og sviptir þjóðina þeim rjetti, er hún að sjálfsögðu hefir til að njóta þeirra í sem flestu. Jeg veit það vel, að 31. grein stjórnarskrárinnar kveður svo á, að þeir embættismenn, er sitja á þingi, sjeu skyldir til »án kostnaðar fyrir landssjóðinn að »annast um, að embættisstörfum þeirra »verði gegnt á þann hátt, sem stjórnin »álítur nægja«; en sama grein stjórnarskrárinnar segir líka: »Embættismenn »þeir, sem kosnir verða til alþingis, þurfa »eigi leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja »kosninguna«. Hjer er auðsjáanlega gjört ráð fyrir, að þjóðin sæki þingmenn sína í þessa flokka; en þá er það auðvitað, að stjórnin á ekki og má ekki ganga hænufeti lengra í því að hindra þessa menn frá þingsetu, en brýnasta nauðsyn krefur. Annars misbýður hún hinum helgasta rjetti þjóðarinnar, kosningarrjettinum, og gengur í berhögg við stjórnarlög landsins. Kraptar þingsins eiga að vera sem beztir, og það er jafnt skylda stjórnarinnar sem þjóðarinnar sjálfrar, að sjá um, að þeir verði það. Allar þær ráðstafanir, sem leiða til þess að veikja kosningarrjettinn eða kjörgengið, kippa máttarstólpunum undan þjóðfjelaginu, og leiða þar með bölvun yfir land og lýð. Áður en jeg heyri svar hæstv. landshöfðingja og ástæður, skal jeg ekki fara fleiri orðum um þetta efni. Jeg býst við, að hæstv. landsh. geti sýnt fram á, að þingseta embættismanna að undanförnu hafi haft einhverjar mjög skaðlegar afleiðingar fyrir landið og þjóðina, og hjer hafi því verið hin brýnasta þörf fyrir stjórnina að grípa inn í, þótt það sje beint á móti allri venju hingað til.

Landshöfðingi: Jeg sje, að fyrirspurnin snertir eingöngu þingsetu sýslumanna; þykir mjer það þó næsta kynlegt, því þeim eru eigi önnur skilyrði sett, en öðrum embættismönnum; þeim læknum, er til þingsetu voru kjörnir, voru sett hin sömu skilyrði, og þeir tveir hjeraðslæknar, sem sitja hjer á þingi, hafa fullnægt þeim, með því að setja fyrir sig læknisfróða menn, sem landlæknir hefir tekið gilda, og sem eru í læknishjeraðinu í fjarveru læknisins.

Í annan stað skal jeg taka það fram, að embættismönnum eru ekki sett önnur skilyrði fyrir að mega sitja á þingi, heldur en fyrir að mega vera fjarverandi í öðrum erindagerðum um lengri tíma frá embættum sínum.

Skilyrðin eru hvorki ný eða ópekkt; þau eru byggð á þessari ákvörðun í 31. gr. stjórnarskrárinnar: »Embættismenn þeir, sem kosnir verða til alþingis, eru skyldir til, án kostnaðar fyrir landssjóðinn að annast um, að embættisstörfum þeirra verði gegnt á þann hátt, sem stjórnin álítur nægja«.

Um venju í þessu efni getur varla verið að tala; á löggjafarþingi voru hafa eigi margir sýslumenn átt sæti; en hvað áður hefir tíðkazt, kemur þessu máli minna við.

Fyrirspurnin segir: »Með hvaða rjetti« o. s. frv. Mjer koma nú til hugar orð Flosa, þau er hann mælti við Snorra goða á alþingi 1012: »Eigi spyr þú þessa af því, að eigi vissir þú það áður«; áðurnefnd 31. gr. stjórnarskr. veitir þenna rjett. Höfundur fyrirspurnarinnar skilur þetta á annan veg en jeg; hann telur það hið sama, að setja hin umræddu skilyrði, og að banna embættismönnum að taka á móti kosningu; en honum skjátlast hjer stórlega. Hjer er alls eigi bannað, að taka á móti kosningu, enda væri það með öllu rangt, en hjer er krafizt að veita embættinu fulla forsjá, og hver maður sjer, að það er bæði eðlilegt og í alla staði rjett.

Það yrði enda eigi auðið, að finna að því með rökum, þó embættismönnum væri settir strangari kostir, ef þeir eru fjarverandi frá embætti sínu, en valdalausum mönnum, ef þeir fara frá starfa sínum um stundar sakir; en hjer vill svo vel til, að þeim

eru settir þeir kostir, sem hverjum manni eru settir, þegar hann fer frá þeim starfa, er hann hefir tekizt á hendur, sem sje, að setja annan hæfan mann í sinn stað til að gegna starfanum í fjarveru sinni.

Ef höfundur fyrirspurnarinnar gerði út skip til sjóróðra í Bolungarvík, og rjeði þar til vanan formann, og formaðurinn svo á miðri vertíðinni væri kjörinn til að fara á stórstúku-fund suður í Reykjavík, og segði: Jeg verð að fara á stórstúku-fund og get því eigi annazt um formennskuna á meðan, en jeg set mann fyrir mig; hann hefir reyndar aldrei verið formaður, og aldrei róið neina vertíð, en hann kann allvel árarlagið, og er allra gætnasti og vandaðasti maður; — hvort mundi höf. fyrirspurnarinnar gera sig ánægðan með þetta? Jeg held varla; hann mundi eflaust krefjast þess, að formaðurinn fengi þann í staðinn fyrir sig, er væri vel vanur formennsku, og talinn honum jafnsnjallur.

Þetta og annað ekki hefir gert verið í því máli, sem hjer er um að ræða, og þó þykir höf. fyrirspurnarinnar það svo miklum firrnum sæta. Þess hefir verið krafizt, að sýslumenn settu í sinn stað löglærða menn, er væru innan sýslu. Þegar þess er gætt, hve víðlendar þær sýslur eru, sem hjer koma til greina: Snæfellsness- og Hnappadalssýsla, Þingeyjarsýsla og Norður-Múlasýsla, þá getur varla verið umtalsmál, að þeim verði þjónað viðunanlega frá nágrannasýslunum; en þar við bætist, að í Dalasýslu er sýslumannslaust; í Þingeyjarsýslu var sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu ófáanlegur til að þjóna; og að því er snertir Norður-Múlasýslu, þá hefir reynslan sýnt, eins og sjá má af landsyfirrjettardómum, að það væri miður holt, að hinn sami sýslumaður þjónaði bæði Norður- og Suður-Múlasýslu. Það er ekki einungis rjettur stjórnarinnar, að krefjast þess, að sá embættismaður, sem um lengri tíma er fjarverandi frá embætti sínu, sjái um, að því verði þjónað forsvaranlega í fjarveru sinni, heldur er það skylda stjórnarinnar, að krefjast þessa, ekki einungis sín vegna, heldur vegna þeirra, sem þurfa að leita embættismannsins. Það er ekki forsvaranlegt, að sýslubúum sje gert ómögulegt að leita til sýslumanns síns allt að 3 mánuðum um þann tíma árs, sem hægast er að komast á fund hans, eða þá að verða að fara langar leiðir í aðra sýslu til að fá afgreiðslu máls síns.

Jeg hefi heyrt ýmsar tilgátur um það, hvaðan embættismönnum hafi verið settir þessir kostir, og til þess að koma í veg fyrir allan misskilning og dylgjur í þessu máli, skal jeg lýsa því yfir fyrir hinni heiðruðu deild, að jeg, og enginn annar, er frumkvöðull þessarar fyrirskipunar, og mun jeg því taka á mig bæði hina lagalegu og siðferðislegu ábyrgð af þessu.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Mjer brást illa von mín; jeg bjóst við, að herra landshöfðinginn mundi tilfæra einhverjar góðar og gildar ástæður fyrir nýbreytni þessari; en hann gerði það ekki, svo jeg er engu nær en áður.

Í mínum augum kemur því þessi ráðstöfun eins og »deus ex machina« (þ. e. fjandinn úr sauðarleggnum). Í orði kveðnu er það auðvitað sitt hvað, að banna sýslumönnum að taka á móti kosningu, og að setja þeim þau skilyrði, er þeim nú hafa verið sett; en eins og nú stendur á, verða afleiðingarnar þær sömu, af því ómögulegt er að uppfylla þessi skilyrði; sýslumennirnir sitja heima í báðum tilfellunum. En stjórnin þykist náttúrlega vera hjer í sínum fulla rjetti; en ætli svo sje? Hvað hafa þá þau fyrirmæli 31. gr. stjskr. að þýða, er segja, að embættismenn þurfi eigi að fá leyfi stjórnarinnar til að taka við kosningu til alþingis, hvað hafa þau að þýða, segi jeg, ef stjórnin getur að ósekju samkvæmt orðum og anda stjórnarskrárinnar sett þessum embættismönnum stólinn fyrir dyrnar með ómögulegum skilyrðum? Minna en ekki neitt. Eptir þessari aðferð að dæma mætti sjálfsagt banna prestum þingsetu, nema þeir útveguðu prest, er dveldi

innan sóknar þeirra fyrir þá. Svona má teygja þetta í hið óendanlega, þegar þurfa þykir.

Herra landsh. ljet sjer um munn fara, að hjer væri eigi hægt að vitna til neinnar venju; vjer skulum sjá til. Árið 1845 var Blöndal, sýslumaður Húnvetninga, konungkjörinn þingmaður, og þurftu þó Húnv. þess eins vel með, að hafa sýslumann sinn nálægan á þeim tímum, eins og hver sýsla nú á dögum. Sömuleiðis var Páll Melsteð, sýslumaður Árnesinga, konungkjörinn 1847 og 1851.

Þjóðkjörnir sýslumenn hafa verið á þingi: Páll Melsteð, sýslumaður Snæfellinga, 1849; Kristján Magnússen 1845—47 og 1849, Magnús Stephensen og Eggert Briem 1851; þá var þó engin ágræzka í stjórnarfari voru.

Þetta var nú á ráðgjafarþingum vorum. Svo kemur löggjafarþingið, og á því hafa setið Benidikt Sveinsson, sýslumaður, allt frá 1875 til þessa tíma, og Lárus Blöndal, sýslumaður Húnvetninga, 1881—1885. Hvað kallar nú hæstv. landsh. venju í þessu efni, ef þetta er það ekki?

Meðan þessir sýslumenn sátu á þingum þessum, voru það annaðtveggja nágrannasýslumenn, sem gegndu störfum þeirra, eða það voru sljettir og rjettir bændur, og hefir þess aldrei heyrzt getið, að af því hafi hlotizt nein vandræði, hvorki fyrir sýslubúa nje aðra. Það hefir meira að segja komið fyrir, að stjórnin hefir látið sjer sæma, að setja bændur til að gegna sýslumannsstörfum upp á eigin ábyrgð, og svo að jeg ekki seilist um hurð til loku, þá skal jeg að eins nefna hinn heiðraða forseta í þessari þingdeild, Jón Sigurðsson; hann hefir rekið Þingeyjarsýslu upp á eigin ábyrgð.

En nú fær landsh. allt í einu þetta vandlætis-kast, svo ekki duga nema sprenglærðir lögfræðingar til að gegna sýslumannsstörfum um þingtímann; það er alveg eins og eitthvert stórtjón hafi þegar hlotizt af þingreið sýslumanna; það hefir þó ekki heyrzt enn þá, að landssjóður hafi tapað 22,000 kr. hjá nokkrum sýslumanni fyrir þingreið hans.

Samt sem áður væri þetta sök sjer, ef nóg væri af lögfræðingum, eða ef stjórnin hefði gert allt, sem í hennar valdi stóð, til þess að nóg væri af þeim; en hjer er hvorugu þessu til að tjalda; hjer er bæði skortur á lögfræðingum, og stjórnin hefir gert allt sitt til að auka þenna skort, með því að neita þingi og þjóð um innlenda lagakennslu, þrátt fyrir margítrekaðar lagasamþykktir um það efni.

En hjer er fleira bogið við: hæstv. landsh. er svo eptirlitsglöggur með sýslumönn, að honum þykir ófært, að þeir fari úr sýslu sinni, nema með hinum settu skilyrðum; en það eru til önnur embætti, sem stjórnin hefir kostað kapps um, að telja oss trú um, að væru öldungis nauðsynleg og næsta þýðingarmikil, nefnilega amtmannaembættin. Þjóðin hefir að vísu verið á öðru máli um nauðsyn þeirra og þýðingu; en menn skyldu þó ætla, að amtmennirnir ættu enn síður heimangengt en sýslumenn; því svo mikið er tvímælalaust, að þeir eru einu stigi æðri en sýslumenn, og úrskurða þeirra er einatt leitað. En hvað skeður? Um leið og h. landsh. setur sýslumönnum þau þingreiðarskilyrði, er gera þeim ómögulegt að sitja á þingi líka, um leið kýs hans hátign konungurinn amtmann Norður- og Austuramtsins til þings. Hann, þessi einhver nauðsynlegasti liður í landsstjórninni, má sitja suður í Reykjavík allan þingtímann, en sýslumennirnir verða að sitja amtmannslausir heima.

Er hjer eigi ósamkvæmni á mill hæstv. landsh og hans hátignar?

Eitt er enn í þessu máli: þessi ráðstöfun landshöfðingja er ekki út gefin fyr en kosningar eru fram farnar um land allt; jeg verð því að telja það mjög vafasamt, að hún geti í raun og veru verkað hið minnsta til baka á þær kosningar, sem

þegar eru fram farnar; að minnsta kosti er það í hæsta lagi ranglátt. bæði við kjósendur og þá kosnu þingmenn, að stjórnin með ráðstöfunum sínum skuli svona eptir á ónýta kosningarnar, þar sem henni fyrirfram var í lófa lagið, að gefa út þennan boðskap og koma þannig í veg fyrir, að kosningarnar fjellu þannig.

Dæmið, sem h. landsh. tók um skipið í Bolungarvík, mætti vel heimfæra upp á stjórnina sjálfa, því hún hefir einatt skipt um á skeiðinni, og eigi ætíð til hins betra; að öðru leyti átti það alls eigi við.

Landshöfðingi: Jeg þykist ekki þurfa að elta höfund fyrirspurnarinnar í alla þá króka, sem hann fór í ræðu sinni, en skal þó svara nokkrum orðum.

Hann sagði, að sýslumönnum hefði verið gjörð þingseta ómöguleg með hinum umræddu skilyrðum; en jeg neita því gjörsamlega, að svo hafi verið; þeim hefði verið mögulegt, að fá sjer menn í sinn stað, ef þeir hefðu haft nóga fyrir-hyggju um það og viljað leggja nóg fje í sölurnar. Hann hneikslast einnig á þingsetu amtmannsins yfir Norður- og Austuramtinu; en jeg skal fræða hann á því, að þessum embættismanni voru sett hin sömu skilyrði sem sýslumönnum og hann uppfylti þau, með því að fá í sinn stað löglærðan mann, er hefir aðsetur á Akureyri; þar að auki er nokkuð öðru máli að gegna með amtmennina en með sýslumenn; eins og samgöngur vorar nú eru orðnar um þennan tíma árs, á amtmaðurinn í norður- og austuramtinu einatt eins hægt með að skera úr mörgum málum hjer í Reykjavík, eins og á Akureyri; en sýslumönnnm er eigi auðið að gjöra neitt af embættisverkum sínum hjer syðra.

Höf. fyrirspurnarinnar talar um, að samkvæmt þessu mætti banna prestum þingsetu, nema þeir útveguðu presta, er sætu innan sóknar; en það sjer hver heilvita maður, að öðru máli er að gegna um presta, sem optast er svo skammt á milli, að það er eigi fleiri tíma ferð en daga á milli sýslumanna.

En þar sem svo hagar til, að eigi verður með hægu móti náð til nágrannaprests, þar hefir einnig það skilyrði verið sett, að prestur fari eigi til þingsetu nema hann útvegi sjer prest í sinn stað, er sitji innan sóknar hans. Þó það hafi borið við, að stjórnin hafi sett ólöglærða menn til að gegna sýslumannsstörfum, þá sýnir það að eins, að skortur hefir verið á löglærðum mönnum; en það sjer hver maður, að það er sitt hvað, að grípa til slíks, þegar einskis annars er kostur, eða að leika sjer að því að þarflausu; enginn láir það, þótt menn drekki gruggugt vatn, þegar ekki fæst betra, en hver er sá, sem heldur vill hið grugguga en það hreina, þegar það er til?

Þar sem höf. fyrirspurnarinnar rekur upp langa rollu af sýslumönnum, er setið hafi á hinum fyrri þingum, þá er það aðgætandi, að á ráðgjafarþinginu var nokkuð öðru máli að gegna, sökum þess, að þingtíminn var svo miklu styttri; en þó sýslumenn hafi áður setið á löggjafarþingum án þess að uppfylla þau skilyrði, sem nú eru sett um þjónustu embættisins, þá er það alls eigi skuldbindandi fyrir mig; það hefir ekki fyr en nú borið undir mig að skera úr því, hvernig embættisstörfum þeirra skuli gegnt í fjarveru þeirra, svo við megi una.

Páll Briem: Í 31. gr. stjórnarskárinnar stendur, að embættismaður þurfi ekki að fá leyfi stjórnarinnar til þess, að taka á móti kosningu, og þótt seinni partur nefndrar greinar sje þannig lagaður, að ætla megi, að hann verði teygður eins og hrátt sinn, þá er þó auðsætt fyrir hvern þann, er hlutdrægnislaust vill dæma um málið, að tilgangur nefndrar gr. er og á að vera sá, að reisa skorður við gjörræði stjórnarinnar, ef henni kynni að þóknast að reyna að bægja þeim embættismönnum frá þingsetu, er þjóðin treystir til að halda fram rjetti sínum. Enda er

sjerstök bending einmitt um þetta í fyrri hluta greinarinnar, þar sem talað er um, að embættismenn þurfi ekki samþykki stjórnarinnar til þess að taka á móti kosningu, því að af því má leiða, að það er ekki tilgangurinn,— að þingseta sýslumanna er ekki eingöngu komin undir gjörræði stjórnarinnar.

Nú hefir h. landsh. þótt þurfa að setja þau skilyrði, er gjörðu sýslumönnum ómögulegt, að sitja á þingi, eins og nú er ástatt. *(Landshöfðingi:* Þeim er ekki gjört það ómögulegt). Vill h. landsh. skýra oss frá, hvernig þeim var auðið að fullnægja þeim? Hverja áttu þeir að fá? Með löglærðum mönnum er þó víst átt við þá menn, er tekið hafi próf í lögfræði. En svo jeg komi aptur til efnisins, þá virðist mjer rökleiðsla h. landsh. í þessu máli vera sumstaðar nokkuð hæpin og veik; hann getur ekki tekið neitt tillit til venju þeirrar, er í þessu máli var fylgt á ráðgjafarþingunum, sökum þess, hve mikill munur sje á þingsetutímanum. En þegar þess er gætt, að þá var þingtíminn einatt lengdur um hálfan mánuð, þá verður óhætt að telja, að sýslumenn hafi verið 8—10 vikur að heiman; það gat vel dugað; en að þeir sjeu að heiman 10 eða í mesta lagi 12 vikur, það álítur h. landsh. alveg ófært. Þessi varkárni h. landsh. væri samt harla náttúrleg, ef það hefði einhvern tíma borið við, að embættisfærsla sýslumanna hefði farið í ólestri sökum þingsetu þeirra; en þess eru víst engin dæmi. Það er einkar-fagurt í munni, að bera fyrir sig hag sýslubúa; en hefir nokkur kvörtun komið frá sýslubúum út af þingsetu sýslumanna? Það er ekki kunnugt, að sýslumönnum hafi nokkurn tíma verið bannað að fara skemmtiferðir, þó þær hafi tekið upp lengri tíma en mismun þann, sem er á milli þingsetutímans nú og á ráðgjafarþinginu.

Grímur Thomsen: Fyrirmæli 31. gr. stjórnarskrárinnar eru skaðlega teygjanleg, því einni stjórn kann að þykja þetta aðhald nægilegt og annari hitt; getur þannig gengið fram og aptur. Það er vel virðandi, að h. landsh. hefir sjálfur tekið á sig alla ábyrgð fyrir þessa nýbreytni; en það er engin furða, þó þinginu þyki súrt í broti, að þeir menn ná eigi þingsetu, er þjóðin hefir kosið; en má vera, að stjórninni sje hjer einnig bót mælandi; því opt hefir verið að því fundið af þingsins hálfu, hve eptirlitið með embættismönnum er lint. En látum oss vera hreinlynda, og ef vjer erum það, munum vjer hljóta að játa, að ástæðurnar til nýbreytni þessarar munu vera aðrar en þær, sem h. landsh. hefir látið uppi, að minnsta kosti meðfram. Já, ástæðurnar hljóta að vera pólitiskar; því formanninum, stjórninni, mun hafa þótt ærið hvasst í lopti 1885—86, og því viljað skerpa agann á skipinu. Það er ekki undarlegt, þótt slíku bregði hjer fyrir, eptir því sem fram fer hjá stjórninni í oss skyldu landi; því þar má segja, að nú tíðkist hin breiðu spjótin. Get jeg þess af því, að jeg vildi óska, að vjer ljetum oss dæmi eins kunnugs lands að varnaði verða, værum fúsir til sátta, en tregðir til vandræða, og minnumst þess, að kapp og deilur eru sjaldan til heilla, en sáttgirni jafnan affarasæl.

Það er mín tillaga, að mál þetta sje nú leitt til lykta með hógværlegri dagskrá, er fari fram á, að stjórnin eptirleiðis beiti 31. gr. stjórnarskrárinnar sem frjálslegast.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Þar sem þm. Borgf. (Gr. Th.) minntist á stjórnarfar í Danmörku, þá viljum vjer víst allir sízt óska þess, að nokkrar snefjar af því bærust hingað til vor, og allra sízt, að hinn h. landshöfðingi gerðist á nokkurn hátt frömuður þess eða foringi, því að slíkt mundi sízt af öllu leiða til góðrar samvinnu eða samkomulags. Slíkt ástand sem er í Danmörku ætti að vera öllum oss til viðvörunar. Annars fellst jeg á þá tillögu hans, að ráða máli þessu til lykta með rökstuddri dagskrá.

Forseti: Jeg skal þá leyfa mjer að lesa upp svolátandi rökstudda dagskrá frá höfundi fyrirspurnarinnar:

„Í trausti til þess, að stjórnin eptirleiðis beiti 31. gr. stjórnarskrárinnar á sem frjálslegastan hátt, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskránni.“

ATKVÆÐAGR.: Dagskráin samþ. með 20 samhlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli. Þessir sögðu allir *já:*

Jón Þórarinsson	Ólafur Briem
Páll Olafsson	Páll Briem
Árni Jónsson	Sigurður Jensson
B nidikt Sveinsson	Sigurður Stefánsson
Eiríkur Briem	Sveinn Eiríksson
Grímur Thomsen	Þorlákur Guðmundss.
Gunnar Halldórsson	Þorleifur Jónsson
Jón Jónsson	Þorsteinn Jónsson
Jónas Jónassen	Þorvaldur Bjarnarson
Lárus Halldórsson	Þorvarður Kjerúlf

Ekki viðstaddir: Ólafur Pálsson og Þórarinn Böðvarsson. (Einar Thorlacíus ekki kominn til þings).

Tillaga til þingsályktunar um atvinnuveganefnd (C. 16); nefndarkosning.

Þessir urðu fyrir kjöri:

Þorlákur Guðmundsson	með	19 atkv.
Þorvarður Kjerúlf	—	17 —
Gunnar Halldórsson	—	12 —
Páll Briem	—	10 —
Ólafur Briem	—	9 —

Níundi fundur, mánudag 11. júlí á hádegi. Allir á fundi hinir sömu og áður.

Forseti skýrði frá, að landshöfðingi hefði tilkynnt sjer, að hann mundi svara fyrirspurninni um niðurlagning brauða hvenær sem hún yrði tekin á dagskrá. Ennfremur gat hann þess, að í alþýðumenntunarnefndinni væri kosinn formaður Jón Þórarinsson og skrifari Sigurður Jensson; hann lýsti því og yfir, að eptirfylgjandi skjöl væru komin til þingsins, og væru 4 hin fyrstnefndu þegar afhent fjárlaganefndinni.

1. Beiðni um aukalækni í Vestur-Ísafjarðarsýslu.
2. Beiðni frá stúdent Sigurði Magnússyni um styrk til að nema vegfræði.
3. Tillaga frá forstöðukonu kvennaskólans í Reykjavík um ölmusur handa fátækum námsmeyjum.
4. Beiðni frá bókaverði Jóni Árnasyni um eptirlaun.
5. Tillaga úr Austur-Skaptafellssýslu um breyting á strandferðum póstgufuskipanna

Tillaga til þingsályktunar um reikningsskil fyrir útsendingu og útsölu alþingistíðindanna 1885 (C. 21); ein umr.

Flutningsmaður (Ólafur Briem): Orsökin til þessarar tillögu er sú, að reikningslaganefndinni þykir harla margt athugavert við útsendingu og útsölu alþ.tíðindanna 1883 og 1885, en hefir eigi getað fengið þau skjöl og skilríki, sem hún þarf með. Það er ekki einu sinni fyrir hendi eptirrit af samningum um útsöluna; ýms eru þau útgjöld, er vantar heimild fyrir; vil jeg að eins nefna 2 atriði: aukaþóknun fyrir drátt á útkomu alþ.tíðindanna 1883, að upphæð 100 kr., og fyrir stækkun þingtíðanda 1885, 72 kr. Útsölumaður hefir og reiknað sjer borgun fyrir útsendingu á öllum þingtíðindunum, en annar yfirskoðunarmaðurinn kveður hann eigi hafa sent þau öll út. Um þetta er ekki hægt að kveða upp rjettan dóm, nema því að eins, að öll þau gögn, sem geta upplýst málið, sjeu fyrir hendi, en þau hefir reikningslaganefndin ekki rjett á að heimta, af því henni er ekki veittur hann samkvæmt 22. gr. stjórnarskrárinnar.

Jeg legg það til, að kosin sje þriggjamanna nefnd.

Þorleifur Jónsson: Jeg vonast eptir að enginn verði því mótfallinn, að kjósa nefnd í þessu máli og gefa henni þann rjett, sem farið er fram á. Slíkt er í beinni samkvæmni við ákvæðin í 22. gr. stjórnarskrárinnar, sem veitir þinginu rjett til að kjósa slíkar nefndir til að athuga og rannsaka það mál, er almenning varða;

þar eru engin almenn mál undanskilin, og engin embættis- eða sýslunarmaður, sem kemst hjá slíkum rannsóknum; og sama er að segja um einstaka menn. Þetta er mjög þýðingarmikill rjettur, og það er skylda þingsins að neyta hans, hvenær sem ástæða er til, og hver sem hlut á að máli. Ef þingið gerði sjer það að reglu, mundi margt fara öðruvísi en nú fer opt og einatt. Samkvæmt þeirri skoðun minni vil jeg mæla sterklega með nefndinni.

En að því er snertir útsölumann þingtíðindanna frá 1885, Kr. Ó. Þorgrímsson, þá væri fyllsta ástæða til að rannsaka reikninga hans og atferli í mörgu fyrir utan þetta; því það er kunnugt, að þau störf, sem hann hefir haft á hendi og varða almenning, hafa verið í hinu mesta ólagi hjá honum, að jeg ekki taki dýpra í árinni. Um það hefir verið mikið talað, en minna ritað enn sem komið er, enda er ritfrelsi sumra hjer í Rvík ekki svo mikið, að þeir megi segja sannleikann, án þess það varði stórsektum og þeir verði fyrir ofsóknum.

Það eru nú að vísu kunn úrslit á glæpamáli Kristjáns Ó. Þorgrímssonar; en hitt er með öllu ókunnugt, ekki sízt h. þingdm., hvernig hlutaðeigandi rannsóknari hefir búið sjer í haginn, og það væri ástæða til að rannsaka nákvæmlega. En það liggur ekki fyrir í dag, svo að jeg skal sleppa því í þetta sinn; seinna koma sumir dagar og koma þó, og það er ekki loku skotið fyrir það seinna, enda er nú maðurinn orðinn minna skaðlegur, því að hann og aðgjörðir hlutaðeigandi yfirvalda eru þegar dæmdar af almenningsálitinu.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg er ekki á sama máli og h. ræðumenn; því mjer virðist það ljóst, að 22. grein þingskapanna snerti að eins þau málefni, sem ekki eru fyrir þinginu, en heimili engan veginn, að nefndir, sem settar hafa verið innanþings, láti kjósa nefndir til að gjöra það, sem þær eiga sjálfar að gjöra. Reikninganefndin á að rannsaka þetta sjálf, og hún hefir rjett til að heimta allar upplýsingar, eins og hver önnur nefnd. Mjer virðist þess vegna engin ástæða til að kjósa neina nefnd í þessu máli, og lýsi því yfir, að jeg er því mótfallinn.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er alveg á sama máli og reikninganefndin, og tel engan vafa á því, að rjett sje að kjósa nefnd, eins og þingsáltil., fer fram á, en jeg álít, að gjarnan megi vera hinir sömu í henni sem reikninganefndinni; hún fær þá að eins meiri myndugleika til að krefjast allra skjala og skýrslna; því hún fær við það þann rjett, sem 22. gr. stjórnarskrárinnar veitir slíkum nefndum, en ekki hinum almennu þingmálanefndum.

Landshöfðingi: Af því jeg heyri, að þingdm. greinir á um þetta atriði, skal jeg láta það álit mitt í ljósi, að mjer virðist hver sú nefnd, sem þingið kýs, eiga rjett á að krefjast allra upplýsinga viðvíkjandi því, sem hún á að rannsaka; sama gildir einnig um yfirskoðunarmenn landsreikninganna; þeir gátu heimtað öll þau skjöl og skilríki, sem þeir þóttust þurfa, ef þeir hefðu kært sig um það.

Jeg ætla því, að ekki sje nema um tvennt að ræða; annaðhvort að vísa þessu atriði aptur til yfirskoðunarmannanna, eða þá að reikninganefndin rannsaki það sjálf, eins og varaforseti lagði til.

Þorleifur Jónsson: Það er svo sem auðvitað, að allar nefndir og eins yfirskoðunarmennirnir geta krafizt að fá skilríki og skýrslur, sem þeir vilja fá, eins og hver einstakur maður getur það; en óræka heimtingu á, að þeirri kröfu sje hlýtt, hafa nefndir eigi, nema hlutaðeigandi þingdeild veiti þeim slíkan rjett, enda mundi annar skilningur á 22. gr. stjórnarskrárinnar mjög svo rýra þýðing hennar.

Grímur Thomsen: Jeg mundi eigi hafa lengt þessar umræður, ef jeg hefði eigi skilið orð h. landsh. svo, að hann beindi því að yfirskoðunarmönnunum, að þeir hefðu sýnt tómlæti og sjerhlífni í þessu

atriði. Yfirskoðunarmennirnir báðu um skilríki í þessu máli; en jeg, sem naut þess sóma, að vera kjörinn yfirskoðunarmaður, og naut einnig þess heiðurs að vera kjörinn forseti í deild þessari 1885, var, eins og gefur að skilja, vant við kominn í þessu máli, þar sem jeg var við það riðinn, og jeg legg það í dóm þingdm., hvort mjer hafi eigi farizt rjett í því efni, þó jeg leiddi hjá mjer að dæma í sjálfs míns sök. En hvað till. viðvíkur, fæ jeg eigi betur sjeð, en að rjett sje, að kjósa sjerstaka nefnd, eins og hún fer fram á, enda veit jeg ekki betur en þingið hafi áður viðurkennt það rjett; því mig minnir fastlega, að einu sinni hafi mjer sem yfirskoðunarmanni ásamt hinum núverandi h. landshöfðingja komið saman um það, að lagt væri til, að sett væri nefnd til að rannsaka skólareikninginn; auk þess virðist mjer það næsta eðlilegt, að slík nefnd sje kosin til að rannsaka vafasama staði og óljós reikningsskil.

Landshöfðingi: Mjer kom mjög á óvart, að þm. Borgf. (Gr. Th.) skyldi taka orð mín svo, að jeg væri að álasa honum og samverkamanni hans við endurskoðunina fyrir ódugnað eða sjerhlífni í þessu máli; því það var langt frá, að mjer kæmi það til hugar, sízt að því er til hans kemur, þar sem hann sem forseti neðri deildar 1885 var við málið riðinn. En eins og jeg tók fram áður, virðist mjer engin ástæða til, að kjósa sjerstaka nefnd; jeg held einnig, að það hafi aldrei verið gjört; mig minnir, að skólareikningamálinu væri vísað aptur til yfirskoðunarmannanna, en engin nefnd kosin í það.

Páll Briem: Eptir því sem jeg skildi orð h. landsh., var svo að heyra, sem hann vildi skýra 22. gr. stjórnarskrárinnar á þann hátt, að allar nefndir, sem þingið setti, hefði heimting á að fá í hendur þau skilríki, er þær þættust þurfa; en þessi skýring er ný og ópekkt, bæði hjer og í Danmörku; tilsvarandi ákvæði í grundvallarlögum Dana eru skýrð svo við háskólann í Kaupmannahöfn, að yfirskoðunarmenn geti beiðzt skilríkja, og eins allar nefndir, en ef þau ekki fáist með góðu, þá verði þingið að kjósa sjerstaka nefnd, er hafi rjett til að krefjast allra skilríkja af hverjum, sem vera skal. Að þetta muni vera rjett, má ráða af því, að það gæti orðið harla skaðlegt, ef allar nefndir hefðu slíkt vald; þær gætu þá blandað sjer í málefni, sem hvorki þing eða stjórn óskaði; og að því er snertir 22. gr. stjórnarskrárinnar, þá bendir hún sjálf á, að þetta eigi svo að skiljast, þar sem stendur: «þingd. getur veitt». En úr því sagt er að hún «geti veitt», þá er líka auðsætt, að hún getur látið það ógjört; og því verður aðeins álitið, að þingd. veiti slíkan rjett, þegar það er tekið fram við nefndarkosninguna. Ennfremur sjest þetta á því, að hver einstök nefnd hefir ekkert vald til að þröngva mönnum til að láta skilríki í tje, ef þeir vilja eigi gjöra það með góðu; en þingið getur þvingað þá til þess. Jeg er því fullkomlega samþykkur reikningsnefndinni.

Grímur Thomsen: Mjer þótti gott, að h. landsh. hafði ekki í hyggju að sneiða oss yfirskoðunarmenn, og að hann stakk upp á, að vísa þessu máli aptur til yfirskoðunarmanna; því það er auðvitað, að þá yrði því vísað til þeirra, er yfirskoðunarmenn verða næsta ár. En jeg ætla að reyna að færa sönnur á mál mitt, og sýna fram á, að ekki væri það einsdæmi, þó kosin væri sjerstök nefnd, eins og till. fer fram á, og eigi áleit landsh. það rangt 1876 og 1877, að einstökum atriðum væri skotið til nefndar.

Í tillögum yfirskoðunarmanna 1876, bls. 18, stendur, «að alþing setji þingnefnd, til að athuga þá brúkun á landsins fje, sem hjer á sjer stað», og í tillögum 1877 bls. 13: «önnur útgjöld 1877 athugist af sjerstakri þingnefnd, samanber 5. till. um 27. athgr. 1876».

Jeg sje ekkert á móti því, að reikninga-

nefndin fengi 1 eða 2 menn sjer til aðstoðar, þó mönnum kynni að sýnast að vísa málinu til hennar aptur; en annars held jeg mjer til þess, að vel eigi við að kjósa sjerstaka nefnd til að rannsaka þetta mál.

Flutningsmaður (Ólafur Briem): Jeg sje ekki ástæðu til að taka til greina tillögu h. þm. Borgf. (Gr. Th.) um, að reikninganefndin bæti við sig einum eða tveimur mönnum til þess sjerstaklega að íhuga og rannsaka þetta atriði; því, eins og ljóslega hefir verið tekið fram, vantar reikninganefndina algerlega rjett til að heimta öll þau skjöl og skilríki, sem nauðsynleg eru til að upplýsa þetta mál. Hjer getur því ekki verið um nema tvennt að gera: annaðhvort, að þingd. veiti reikninganefndinni þenna rjett, eða kjósi sjerstaka nefnd með fullum rjetti til að heimta öll þau skjöl og skilríki, sem hún þykist þurfa; og held jeg því enn fastlega fram, að hið síðara verði gert, eða, með öðrum orðum, að þingsál.tillaga reikninganefndarinnar verði samþykkt.

Sigurður Stefánsson: Mjer finnst báðir hafi á rjettu að standa, sem hjer ræðir um, bæði hæstv. landsh. og eins þeir, sem mæla með sjerstakri nefnd. Jeg get reyndar ekki skilið annað, en að hver nefnd, sem er, hafi fullan rjett til að heimta öll þau skjöl og skilríki, sem hún álítur sjer nauðsynleg til þess að upplýsa það mál, sem hún hefir til meðferðar, og allra sízt get jeg skilið, að sú eina nefnd, sem beinlínis er fyrirskipuð í þingsköpunum (21. gr.), sem sje reikninganefndin, skuli ekki hafa þennan rjett. Fjármálanefndinni hefir t. a. m. aldrei verið veittur þessi rjettur sjerstaklega af þinginu, og þó má jeg fullyrða, að henni hefir aldrei verið neitað um þau skjöl og skýrslur, sem hún hefir beðið um. Jeg sje því enga brýna nauðsyn til að kjósa þessa nefnd, sem tillaga reikningslaganefndarinnar fer fram á, enda þótt ekkert sje á móti því frá formsins hlið. En ef reikningslaganefndin sjálf þykist ekki geta ráðið fram úr þessu máli, eða rannsakað reikningsskil þessa manns, þá mætti taka málið fyrir aptur á næsta þingi og kjósa þá sjerstaka nefnd til að rannsaka það.

Páll Briem: Það er að eins stutt athugasemd, sem jeg ætla að gera. Mjer finnst h. 1. þm Ísf. (Sig. St.) misskilja orð mín og ákvæði 22. gr. stjórnarskrárinnar. Að vísu er það rjett, að hver nefnd sem er, getur beðið embættismenn og aðra um skjöl og skýrslur, sem hún þykist þurfa; en það er langt frá því, að hver nefnd eigi heimting á því, að beiðni hennar verði tekin til greina. Sú nefnd ein, sem þingið hefir veitt til þess sjerstakan rjett, á heimting á, að henni sjeu látin í tje þau skjöl og skilríki, sem hún krefst. Það mun rjett vera, að fjárlaganefndin fær æfinlega þau skjöl, sem hún heimtar; en hvers vegna? Ekki af því, að hún hafi lagaheimild til þess, heldur af því, að stjórnin sjer sjer ekki annað fært, en að láta henni í tje það, sem hún biður um, því stjórnin veit, að nefnd, sem setin er af svo mörgum mönnum, og sem hefir svo þýðingarmikið starf á hendi, á hægt með að fá þingið til að veita sjer þennan rjett, ef henni yrði synjað um þau skjöl, sem hún æskti eptir.

Þórarinn Böðvarsson: H. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.) hefir tekið flest það fram, sem jeg ætlaði að segja. Það hefir verið sagt, að rjettast væri að skjóta þessu máli til þingdeildarinnar og þingsins alls; en jeg vildi spyrja: kemur það ekki einmitt til úrslita þingsins, þegar reikningslagamálið í heild sinni kemur frá nefndinni?

Hvað það snertir, að nefndir yfir höfuð hafi ekki rjett til að heimta þau skjöl og skilríki, sem þeim þykir þurfa, málum til skýringar, þá verð jeg að játa, að jeg hefi æfinlega haldið, að nefndir hefðu einmitt þennan rjett, og jeg þekki ekki dæmi til þess, að t a. m. fjárlaganefndinni hafi ver-

ið neitað um þau skjöl, sem hún hefir beðið um. Eins og jeg tók fram áðan, get jeg heldur ekki sjeð, að það sje einu sinni samkvæmt 22. gr. stjórnarskrárinnar, að setja þessa nefnd, enda álít jeg heldur enga brýna nauðsyn á slíkri nefnd, þar sem reikningslaganefndinni er innan handar, að rannsaka þetta atriði eins og önnur í reikningamálinu. Jeg skal líka vekja athygli manna að einu, og það er, að ef sjerstök nefnd yrði kosin, þá hlyti hún auðvitað að koma fram með tillögur sínar áður en reikningslaganefndin kemur með sitt álit. Þessar tvær nefndin hlytu þá að vinna alveg í sameiningu að þessu máli, enda er það reikningslaganefndin, sem á að gera útslagið eins í þessu atriði sem öðrum. Hvað það snertir, að reikningslaganefndin bæti við sig mönnum til að rannsaka þetta atriði, þá má vel vera, að hún geti það, en hún hefir þegar tekið við áliti yfirskoðunarmannanna, en því verð jeg að halda fram, að eptir þingsköpunum er reikningslaganefndin hin eina nefnd, sem kveðið er á um, að skuli skipuð þremur mönnum, og jeg efast ekki um, að landsstjórnin og aðrir verði fúsir til að gefa þessari nefnd allar þær upplýsingar, sem hún beiðist eptir, og hægt er að fá. Verði nefndinni neitað um þetta, þá er fyrst full ástæða fyrir hana að leita til þingsins með að fá þennan rjett.

Þorlákur Guðmundsson: H. þm. Borgf. (Gr. Th.) gaf, að því er mjer virtist, ljósar og fullgildar ástæður fyrir því, hvers vegna hann, sem sjálfur er yfirskoðunarmaður, og var forseti 1885, ekki hefði viljað eiga mjög við þetta atriði reikningsmálsins eða koma með tillögur sínar í þessu atriði. Hann tók það og fram, að ef þetta mál ætti framar að koma undir álit yfirskoðunarmanna, þá ætti það að vera álit þeirra yfirskoðunarmanna, sem kosnir verða fyrir næsta fjárhagstímabil, en það sjá allir, að það yrði allt of langur dráttur á málinu með því móti. Það hefir verið tekið fram, að ef það reyndist, að reikningslaganefndin gæti ekki rannsakað þetta mál, eins og hún vildi, og þar af leiðandi treystist eigi til að segja skýrt álit sitt um þetta efni, þá fyrst væri ástæða til að kjósa nýja nefnd; en nú er þetta einmitt komið fram; það hefir þegar reynzt svo, að reikningslaganefndin treystist eigi til, að skýra þetta efni svo, sem henni þykir þurfa, og því er það einmitt, að hún leggur það til, að þingið kjósi sjerstaka nefnd, er það veiti fullkominn rjett til að heimta öll þau skjöl og skilríki, sem nauðsynleg eru til að upplýsa þetta efni, og eigi nefndin að geta haft þennan rjett, verður líka þingið að veita henni hann sjerstaklega, því að öðrum kosti hefir nefndin ekki þennan rjett, eins og þm. Snæf. (P. Br.) ljóslega hefir sýnt fram á. Það er engin vissa fyrir því, heldur þvert á móti, að þessi maður, sem hjer ræðir um, verði eins fús að gefa skýrslu eptir valdlausri beiðni nefndar, eins og landshöfðinginn er að gefa fjárlaganefndinni skýrslur.

Jónas Jónassen: Jeg get ekki skilið, að nein þörf sje á því, að setja sjerstaka nefnd til að rannsaka það, sem hjer er um að ræða. Að minnsta kosti er engin þörf á þessari nefnd að svo stöddu. Það gæti þá fyrst komið til greina, að setja sjerstaka nefnd, þegar reikningslaganefndin, sem þegar er kosin til þess, að taka allt reikningamálið til íhugunar og rannsóknar, er búin að lýsa því yfir, að hún botni ekkert í reikningsskilum þessa manns. Jeg fyrir mitt leyti get ómögulega ætlað, að nokkurri nefnd yrði neitað um skilríki og skýrslur, sem hún þættist þurfa til þess, að geta rannsakað til hlítar það mál, sem henni væri falið. Þetta, að vera einlægt að setja nefnd á nefnd ofan, eyðir svo mjög tíma þingsins, að það er varlega gerandi, nema í stór-málum.

Jón Jónsson: Jeg verð að lýsa yfir því, að mjer finnst það *merkilegt*, að nokkur þingmaður skuli skilja svo 22. gr. stjórnarskrárinnar, að hún veiti öllum nefndum, sem þingið setur, rjett til að

heimta allar skýrslur, sem þurfa þykir. Greinin sjálf bendir ljóslega á, að þessi rjettur er ekki veittur öllum nefndum undantekningarlaust. Í greininni stendur: Hver þingdeildin fyrir sig „*getur*“ sett nefndir af þingmönnum o. s. frv., og seinna í greininni segir: þingdeildin „*getur*“ veitt nefndum þessum rjett á, að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. Þingdeildin *getur* þess vegna veitt nefndum þennan rjett, en hún *getur* líka látið það vera, og þess vegna er það nauðsynlegt, að þingdeildin veiti þessari nefnd rjett til þess að heimta afdráttarlaust allar þær skýrslur, sem hún vill, enda er jeg að öllu leyti samdóma þeim, sem álíta tillögu reikningslaganefndarinnar á góðum rökum byggða.

ATKVÆÐAGR.: Till. (21) samþ. með 16 atkv. móti 2, og enn fremur samþykkt að kjósa þriggja manna nefnd. Þessir voru kosnir:

Ólafur Briem	með	13 atkv.
Lárus Halldórsson	—	11 —
Sigurður Jensson	—	10 —

Tillaga til þingsályktunar um reikningsskil fyrir tekjum af Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði (C 22); ein umr.

Flutningsmaður (*Ólafur Briem*): Það stendur að nokkru leyti líkt á með tillögu þessa og hina, sem nú var verið að ræða, að hún kemur frá reikningslaganefndinni eptir beinni uppástungu yfirskoðunarmannanna. Yfirskoðunarmenn landsreikningsins leggja það til, að alþingi setji nefnd til að íhuga reikninga þessa umboðs, og meinar þá sjálfsagt sjerstaka nefnd, en ekki reikningslaganefndina. Í athugasemdum yfirskoðunarmannanna koma fram ýmsar athugasemdir, sem vert er að gefa gaum. Jeg skal ekki fara mikið út í þessar athugasemdir að sinni, en að eins benda á nokkrar hinar athugaverðustu. Það, sem draga á frá umboðstekjum, er vanalega ekki annað en umboðslaun og prestsmata, þótt það stundum geti orðið nokkuð fleira; en hjer stendur svo sjerstaklega á, að »önnur útgjöld« eru þrefalt hærri af þessu umboði, en öllum öðrum umboðum á landinu til samans, eða 1656 kr. 82 aur. árið 1884. Þessi útgjöld eru sundurliðuð í athugasemdum yfirskoðunarmannanna; þar á meðal er ofanálag á umboðsjarðir, sem ekki fjekkst hjá fráfarendum, 897 kr. 9 aur., o. fl. Enn fremur hefir orðið stór-rýrnun á eptirstöðvum á þessu sama ári, og er gerð sú grein fyrir þessari rýrnun, að hún hafi orsakazt sumpart af því, að nokkrar af eptirstöðvum umboðsins hafi reynzt ófáanlegar, þótt lögtak væri reynt; sumpart af því, að nokkuð af gömlum smjörleigna-eptirstöðvum hafi verið selt við uppboð, án þess að verðlagsskrárverð næðist. Að því er snertir þetta síðast talda, er það upplýst, að hvert pund af smjöri seldist á uppboðinu fyrir 23 aura að meðaltali, sem bakaði landssjóði 1679 kr. 32 a. skaða. En það er þó eitt atriði í þessu máli, sem er sjerstaklega athugavert, og það er, að svo margar jarðir hafa lagzt í eyði í þessu umboði.

Það gæti jafnframt verið ætlunarverk þeirrar nefndar, sem hjer ræðir um, að koma fram með tillögur um, að bæta úr þessu; en jeg tek það fram, af því að það er sannarlega íhugunarvert, að jarðir, sem margir segja að sje með hinum betri jörðum á landinu, skuli standa auðar, en fólk hins vegar að flytja sig hópum saman til annarar heimsálfu. Jeg ætla, að það sje full ástæða fyrir þingið, að gera eitthvað til þess, að jarðir þessar verði aðgengilegar til byggingar. Annaðhvort ætti að byggja þær með mjög litlu eptirgjaldi, eða þá selja þær fyrir lægsta verð, í stað þess, að landssjóðsjarðir eru annars seldar venjulega fyrir það verð, sem þær eru virtar hæst. Vona jeg, að tillagan verði samþykkt, og sting upp á þriggja manna nefnd.

Páll Briem: Jeg álít það mjög þýðingarmikið, að þessi nefnd yrði kosin, og

að hún tæki til rannsóknar eigi að eins reikningsskilin fyrir tekjunum af umboði þessu, heldur og ástandið í sýslu þessari, að því er snertir landssjóðsjarðir þar, ef henni mætti takast, að gera einhverjar þær ráðstafanir, er miðuðu til að koma í veg fyrir, að landssjóður biði annan eins skaða af jörðum þessum, eins og hann hefir gert hin síðustu ár.

Jeg hefi átt tal við marga Snæfellinga um þetta ástand, og hafa þeir allir sagt, að landssjóður væri sá versti lánardrottinn, sem til væri, enda er mikill áhugi í Snæfellsnessýslu á, að fá bætt úr þessu. Það er mjög mikil fátækt í þessari sýslu, og framtaksemi og dugnaður manna ekki eins mikill og æskilegt væri; er því brýn þörf á, að þingið bæti úr ástandinu, eins og það er.

Jeg skal að eins nefna eina jörð af mörgum, sem mjer virðist ekki hyggilega farið með af landssjóðsins hálfu. Jeg hefi átt tal við ábúandann á þessari jörð, og sömuleiðis við aðra út í frá, og ber þeim öllum saman um meðferð landsstjórnarinnar á jörðinni og ábúandanum. Jörðin var fremur hæg, og tún og engjar grasgefin; en svo kom norðanveður á bert túnið, og eyðilagði það. Ábúandinn, sem er barnamaður og fremur fátækur, beiddi þá um styrk, til að bæta jörðina aptur, eða þá linun á eptirgjaldi. Þetta fjekk hann hvorugt. Kvaðst hann þá fara frá jörðinni. »Farðu«, segir umboðsmaður, og hann fer. Nú tekur húsmaður jörðina fyr hálft eptirgjald. Húsmaður þessi er á jörðinni lítinn tíma, og gerir ekki annað en níða hana enn meir niður. Síðan er jörðin í eyði í 3 ár. Nú fer umboðsmaður að gera tilraun til að byggja hana aptur, og tekur þá sá maður jörðina, sem bjó á henni fyrst. Allir skynsamir menn álíta sanngjarnt, að hann taki jörðina með 700—800 kr. álagi, og umboðsmaður segir, að það sje sjálfsagt. Öll hús, sem jörðinni fylgdu, voru alveg ónýt, enda var þess eigi langt að bíða, að fjósið hryndi niður yfir kýrnar, sem ábúandi svo varð að hafa inni í bæjardyrum hjá sjer. *(Forseti:* Jeg verð að biðja þingm., að hafa þessa sögu sem styzta). Jeg álít, að þessi saga geti haft sína þýðingu. Hún er búin, að öðru leyti en því, að jeg skal geta þess, að álagið, sem átti að rjettu lagi að vera 700—800 kr., varð að eins 306 kr. *(Landshöfðingi:* Vill þm. ekki segja, hvaða jörð þetta er?) Það er jörðin Elliði. Jeg skal svo ekki sýna fram á ástandið, að því er snertir landssjóðsjarðir í umboði þessu, með fleiri dæmum en þessu, enda þótt hægt væri að tilnefna mörg fleiri. Jeg skal að eins leyfa mjer að styðja að því, að till. þessi verði samþ. og nefnd kosin.

Grímur Thomsen: Þessi till. er enn meira áríðandi en hin fyrri. Ef menn vilja lesa tillögur yfirskoðunarmanna landsreikningsins fyrir 1885, þá sjá menn, að undir tölul. 1 á bls. 263 stendur í síðustu málsgrein: »Að endingu vantar svar upp á það, hver trygging er fyrir greiðslu þeirra hjá leiguliðum útistandandi kr. 4041,21«, og sem ástæða fyrir till. yfirskoðunarmanna stendur síðast í sömu gr.: »Virðast yfir höfuð reikningar þessa umboðs, sem hjer um ræðir, svo flóknir um mörg undanfarin ár, og allur hagur umboðsins svo ísjárverður, að við verðum að leggja til, að alþingi setji nefnd til að íhuga það.«

Það er sjálfsagt, að átt hafa sjer stað mjög mikil óskil á tekjum þessa umboðs hin síðustu ár, en menn verða líka á hinn bóginn að játa, eins og h. þm. Snæf. (P. Br.) tók fram, að ástandið þar vestra er mjög ísjárvert. Það eru margar jarðir, sem ekki er mögulegt að byggja, og einstakir menn verða að sæta mestu ókjörum að því er snertir afgjöld af jörðum landssjóðs. Það er því öll þörf á nefnd, ekki að eins til að rannsaka reikningsskilin, heldur og til að rannsaka ástandið og leggja ráð á, hvernig bæta megi úr því. Umboðsmanninum er vorkunn, þegar jarðirnar eru yfirgefnar, og enginn fæst til að búa á þeim. Jeg þekki einn einstakan

mann, sem á tvær jarðir; önnur er 18 hdr., hin 20 hdr. jörð; báðar þessar jarðir eru í eyði, af því enginn vill búa á þeim. Það er víst, að reikningsskilin eru mjög bág, og eptirstöðvarnar miklar; en hitt er líka víst, að ástandið er mjög ískyggilegt. Jeg óska þess, að sjerstök nefnd verði kosin, og að hún rannsaki jafnframt allan hag umboðsins.

Forseti: Till. gefur ekki tilefni til þess, að nefnd sú, sem kann að verða kosin, taki til rannsóknar ástand umboðsins. Þar er að eins tekið fram um reikningsvanskil nafngreinds manns, en ekkert um ástand umboðsins að öðru leyti.

Landshöfðingi: Óskar reikningslaganefndin þá ekki, að till. sje tekin út af dagskrá, og gerður við hana viðauki í þá átt, sem umræðurnar hafa bent til?

Flutningsmaður (Ólafur Briem): Jeg óska þess fyrir hönd reikningslaganefndarinnar, að till. verði tekin út af dagskrá.

Forseti tekur till. út af dagskrá, eptir ósk flutningsmanns.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Haukadal við Dýrafjörð (C 28); 3. umr.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Jeg hefi fátt að segja í þessu máli, sem eigi er þegar fram komið; þó skal jeg taka það fram enn skýrara en fyr, að sveitaverzlunarlögin frá 1879 geta eigi komið hjer að fullum notum; samkvæmt þeim mega lausakaupmenn eigi verzla nema á löggiltum höfnum, enda hefir það komið fyrir, að lausakaupmenn hafa viljað selja timbur á öðrum stöðum en löggiltum, en eigi getað fengið. Ekki er heldur nein trygging fyrir, að sveitaverzlunarlögin geti fullnægt þörfum manna, því auk þess, sem áður hefir verið tekið fram, verður sá, er sveitaverzlun vill reka, að hafa jörð í hreppnum til umráða, ef hann á að geta fengið það; en vel getur verið, að svo standi á, að hann eigi ekki hægt með það, og megi þess vegna hætta við allt saman.

Að endingu vil jeg geta þess, að mjer væri kært, að geta látið kjósendur mína vita, hvaða tillögur hæstv. landsh. mundi veita máli þessu; því það er almennt áhugamál.

Landshöfðingi: Þar sem hinn háttvirti þm. Ísfirðinga (Sig. St.) beindi þeirri spurningu að mjer, hverjar mínar tillögur mundu verða með þessu máli, þegar jeg afgreiddi það til stjórnarinnar, læt jeg mjer nægja, að skírskota til brjefs frá ráðgjafanum um löggildingu verzlunarstaða, er birtast mun í Stjórnartíðindunum í dag; þar mun sjást, hvað jeg hefi lagt til um sams konar mál frá þinginu í fyrra, og munu tillögur mínar í þetta skipti fara í líka átt.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 21 atkv., og síðan sent efri deild.

Frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar að Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp (C 29); 3. umr.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Jeg hefi ekkert það að segja viðvíkjandi þessu frv., er eigi hefir áður verið sagt, ýmist við umr. um það sjálft, eða þá um hið ný-samþ. frv.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 21 atkv., og síðan sent efri deild.

Tíundi fundur, þriðjudag 12. júlí, á hád. Allir á fundi hinir sömu og áður.

Forseti gat um, að sjer væri tilkynnt, að í nefndinni til að koma fram með tillögur til framfara í búnaði og atvinnuvegum væri kosinn formaður Þorlákur Guðmundsson, og skrifari Páll Briem, og í nefndinni um frv. til laga um vegi væri kosinn formaður Þórarinn Böðvarsson og skrifari Páll Briem.

Þá gat forseti um, að til sín væri komið frá efri deildinni frv. til laga um stækkun verzlunarstaðarins á Eskifirði, eins og það var samþykkt við 3. umr. þar í deildinni.

Þá gat forseti þess, að til sín væri komið:

Beiðni frá Bergsveini Ólafssyni um styrk til að læra bátasmíði.

Beiðni frá Geiradalsdreppi um 1000 kr. hallærislán.

Beiðni frá forstöðukonu kvennaskólans í Húnavatnssýslu, um styrk til námsmeyja þar.

Beiðni um uppgjöf á hallærisláni frá Engihlíðarhreppi í Húnavatnssýslu.

Frumv. til laga um breyting á lögum um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 7. nóvbr. 1879 (C 35); 1. umr.

Flutningsmaður (Árni Jónsson): Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta frumvarp að þessu sinni. Efni þess er þegar fyrir löngu orðið h. þingdm. kunnugt, með því að það var ýtarlega rætt hjer í deildinni í fyrra, og útlistað frá ýmsum hliðum. Jeg ímynda mjer, að alla h. þingdm., sem þá voru hjer, reki minni til þess. Málið mætti þá allmiklum mótmælum hjer í deildinni, en komst þó gegn um hana; þar á móti var það fellt í Ed. með litlum atkvæðamun. Þær helztu mótbárur, sem komu fram í fyrra móti þessu tollamáli, eru nú margar hverjar horfnar. Það, sem andmælendur lögðu einna mesta áherzlu á, var það, að á aukaþinginu væri óhentugur tími til að taka fyrir tollmál landsins; slíkt ætti ekki vel við nema á aðalþingi, því þingi, sem hefði til meðferðar fjármál landsins. Nú er þá sá tími kominn; þingið í ár á, eins og öll reglulég þing, að ræða fjármál landsins, og mun þá enginn hafa á móti því, að rjett sje að ræða einnig tollmálin. Önnur aðalmótbáran móti tollamálinu var sú, að engin þörf væri, að auka tekjur landssjóðs með nýjum eður hærri tollum. Þessi mótbára hlýtur nú líka að vera horfin, því nú er það komið á daginn, að það er einmitt þörf að auka tekjur landssjóðs. Það er alkunnugt, að það vantaði næstliðið ár, 1886, meira en 80,000 kr. til þess að tekjur landssjóðs hrykkju fyrir útgjöldunum, og fyrir líkum halla mun mega gera ráð á þessu yfirstandandi ári. I fjárlagafrumv. stjórnarinnar, sem lagt var fyrir þetta þing, er einnig, ef mig minnir rjett, gert ráð fyrir rúmum 34 þúsund króna tekjuhalla á næsta fjárhagstímabili. Allt þetta bendir á, að fremur sje þörf á lögum, sem miða til að auka tekjur landssjóðs, en þeim, sem rýra þær.

Með því nú að sumum þótti vera farið svo langt í tollhækkunina í fyrra, að óttast mætti, að tekjur landsins öllu fremur rýrnuðu, en hækkuðu, ef sá tollur kæmist á, þá hefir okkur flutningsm. komið saman um, að hafa tollurnar sem lægstar, og vildum við með þessu sameina þetta tvennt: að hækka þessa tekjugrein landssjóðsins, og láta tollinn koma þar niður, er vjer töldum sízt nauðsynjavöru vera. Jeg vona líka, að ef frumv. þetta fær fram að ganga, þá miði það til að auka tekjur landssjóðs, en baki honum alls engan tekjumissi. Með þessu er þá líka um leið hrundið þeirri mótbáru, að örðugt verði að hafa eptirlit með tollgreiðslunni, þegar tollarnir sje afar-háir; því þegar tollhækkunin er vægileg, eins og hjer er farið fram á, þá getur hún ekki komið því til leiðar, að eptirlit verði að mun örðugra.

Að því er snertir hina einstöku liði frumvarpsins, þá getur verið, að það verði skiptar skoðanir um þá, enda er hægt að breyta einstökum ákvæðum þess við hinar síðari umræður, ef svo sýnist betur fara, og það gæti orðið til samkomulags og málinu til bóta.

Jeg vona, að frumv. fái yfir höfuð að tala góðan byr hjer í deildinni, og framgang á þinginu.

Landshöfðingi: Það hefir ekki komið fram nein uppástunga um, að setja nefnd í þessu máli, en jeg tel víst að hún komi, því að það er varlega gerandi, að hækka tolla frá því, sem þeir hafa verið, nema menn eptir vandlega íhugun finni nægar ástæðu til þess. Þó að þurð verði á tekjum landssjóðs eitt einstakt ár, þá sje jeg ekki, að þörf sje að fara þegar að breyta

sköttunum. Það vita menn, að þegar tekjurnar fara fram úr gjöldunum, eins og átt hefir sjer stað hjer ár eptir ár, þá hefir mönnum ekki komið til hugar, að lækka skattana. Eins er heldur ekki ástæða til að hækka skattana, þó að tekjurnar minnki einstakt ár.

Jeg hefir þá von og traust, að þessi tekjuþurrð verði ekki til langframa, og þó að allt standi nú eins og það stendur, þá álít jeg ekki að, gera þurfi neinar sjerstakar ráðstafanir til að hækka tekjur landssjóðsins.

Að því, er frumvarpið sjálft snertir, þá finnst mjer það fara nokkuð langt í tollhækkuninni. H. flutningsm. (Á. J.) hefir reyndar sagt, að hjer væri »vægilega« farið; en jeg álít ekki, að svo sje, þar sem sumt er hækkað um ½, og á einum stað hækkað meira en tvöfalt frá því sem nú er. Jeg er þess vegna hræddur um, eins og jeg tók fram í fyrra, að frumvarp þetta leiði ekki til að auka, heldur til að minnka tekjur landssjóðs, og vildi jeg því vekja athygli h. þingdm. að því, hvort ekki mundi rjett, að setja nefnd til að íhuga málið.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg sal játa, að mjer er það í minni, að mál þetta var rætt hjer á síðasta þingi, og, eins og h. flutningsm. (Á. J.) tók fram, komu ýms mótmæli fram móti frumv., og þau voru, að mínu áliti, á góðum rökum byggð. Jeg vil spyrja: Hver er tilgangur allra þessara frumv. um hækkun á vínfangatollinum? Menn segja, að aðaltilgangurinn sje tvenns konar; annar sá, »að útrýma ofdrykkjunni úr landinu«. Það getur verið, að þessi tilgangur náist, og það getur líka verið, að hann náist alls ekki. Það er gömul setning: »Spyrjum ekki að, hvað það kostar, en þökkum guði fyrir að það fæst«. Jeg hefi opt heyrt þessa setningu og síðast nú ekki alls fyrir löngu. Annar aðaltilgangurinn á að vera sá, »að auka tekjur landssjóðsins«. Jeg fyrir mitt leyti tel alveg óvíst, að þessi tollhækkun auki tekjurnar; jeg held kannske, að þær minnki fyrir það sama, að minnsta kosti á næstu árunum. Á hinn bóginn mætti líka spyrja: Er þá þörf á að gera ráðstafanir til að auka tekjur landssjóðs? Það er sjálfsagt, að þessi sjóður hefir ekki safnað neinu fje hin seinustu tvö ár, en þessi tvö ár til samans hefir hann þó ekki misst meira, en hann græddi tvö næstu árin á undan, og jeg fyrir mitt leyti er mjög rólegur, ef landssjóður á jafnmikið eptir þessi tvö síðustu hörðu ár, eins og hann átti fyrir fjórum árum síðan. Jeg gæti skilið, að það, ef til vill, gæti verið ástæða til að auka tekjurnar, ef einhver ný stórvirki væru fyrir hendi. En meðan hvorugt er: ekkert stórvirki fyrir hendi, og engin stórkostleg eða hættuleg tekjuþurð hefir átt sjer stað, sje jeg ekki næga ástæðu til að breyta tolllögum vorum, eða hækka tollana. Þá fyrst gæti verið ástæða til að hækka tollana, ef það reyndist svo, að landssjóður biði halla á tekjum sínum tvö næstu árin, og einkum ef það þá væru meðal-ár eða góð ár; en að svo stöddu er jeg mjög efinn í, að rjett sje að leggja á nýja og hærri tolla.

Að endingu skal jeg lýsa yfir því, að jeg er samdóma hæstv. landsh. um, að rjett sje að setja nefnd í málið, og skal jeg stinga upp á, að það sje gert.

Þorsteinn Jónsson: Aðaltilgangurinn með þetta frumv. er auðsjáanlega tvenns konar, eins og h. flutningsm. líka hefir tekið fram. Frumv. hefir sem sje bæði siðferðislegan og fjárhagslegan tilgang. Hinn siðferðislegi tilgangur er að mínu áliti mjög mikils verður, og vildi jeg óska, að hann næðist með frumv. þessu. Það er almennt viðurkennt, að þar sem mikil ofdrykkja og almenn á sjer stað, þar er siðferðið mjög svo illt, og í því landi í Norðurálfu, þar sem sagt er að brennivínsdrykkjan sje mest, þar eru líka framin flest sjálfsmorð. Hvort frumv. þetta muni ná hinum öðrum tilgangi, þeim, að auka tekjur landssjóðs, þá skal jeg eigi

spá neinu um það. Jeg vil geta þess, að þar sem frumv. vill bæta 33⅓% við núverandi tollupphæðir, þá mundu tekjur landssjóðs aukast um 16⅔%, ef nautn áfengra drykkja minnkaði um 12½%; en minnki nautnin um 25%, þá gerir landssjóður hvorki að vinna nje tapa við frv., en hinar illu afleiðingar af ofdrykkjunni mundu minnka að mun, ef nautnin þverraði með ¼ hluta. Þar sem frumv. sumstaðar hækkar tollinn um 100% og jafnvel á einum tölulið enn meira, þá tel jeg það athugavert, og vil því stinga upp á, að nefnd sje sett í málið.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd felld með 12 atkv. gegn 9.

Flutningsmaður (Árni Jónsson): Jeg skal ekki tala langt í þetta sinn, en að eins svara andmælendum frumv. fáum orðum. Hæstv. landsh. hafði ekkert sjerlegt móti þessu frumv. í ræðu sinni. Jeg fagna yfir hinni góðu *von hans* um, að tekjuþurrð landssjóðs muni ekki verða til langframa, og jeg vildi óska, að sú von rættist. En meðan svona stendur, og þetta er ekki nema von, þá er auðsætt, að flest það, er horfir til verklegra og verulegra framkvæmda og fjárframlög þarf til, það verður að bíða eptir þeim betri tímum, sem eru í vændum. H. varaforseti (Þór. B.) hafði hinar sömu mótbárur móti frumv. nú eins og í fyrra; en jeg verð að að játa, að jeg skil ekki þá athugasemd hans, að nú liggi engin stórvirki fyrir hendi; jeg skil ekki þessa athugasemd hans í sambandi við eitt mál, sem hann hefir sjálfur nýlega flutt inn á þingið, þ. e. alþýðumenntunarmálið. Það er þó ekkert smávirki, það mál, og á þó að komast í kring á næstu 4 eða 5 árum. Hvað mikið fje mundi þurfa til að koma því á laggirnar, og hvað mundi það kosta árlega? Þó tekinn yrði allur viðlagasjóðurinn, mundi hann naumast hrökkva til að koma því fyrir á þá leið, sem frumv. fer fram á. Mjer heyrist heldur ekki betur, en að það komi nokkrar fjárbænir dags-daglega inn á þingið. Þær verða, ef til vill, ekki allar teknar til greina; en líklegt er, að einhverjar þeirra sjeu svo lagaðar, að æskilegt væri, að þær fengi áheyrn; og hvaðan á svo að taka fje til að fullnægja þeim, ef landssjóður fer svona smá-þverrandi? Jeg hygg, að þjóðin yrði eigi að eins jafnfarsæl og áður, heldur að það gæti orðið henni til frama og framfara, af tollar á áfengum drykkjum yrðu teknir til að efla hag hennar í verklegu og menntalegu tilliti. Þótt svo sje til ætlazt af sumum, að sveitirnar beri sjálfar allan kostnað t. a. m. við brúargjörðir og skóla, þá er ekki sagt, að þær treystist til þess, og meir að segja: þær orka því eigi í þessu árferði af eignum rammleik, og væri þá gott að verja tollunum til að styrkja þær til þessara fyrirtækja. Enda þótt vjer vildum setja svo, að tekjur og útgjöld kynni að geta staðizt á hin næstu árin eptir þeim lögum, sem vjer nú höfum, þá sje jeg ekki betur, en að heppilegt væri, að hafa þá tollana umfram til að efla ýms þarfleg fyrirtæki og þar með hag manna yfir höfuð.

Jeg verð að játa, að jeg skildi ekki ganginn í ræðu h. þm. Vestm. (Þ. J.). Hann var að tala um þennan tvöfalda tilgang, sem svo opt er búið að taka fram að undanförnu, og sem mjer þess vegna þótti óþarfi, að fara að útskýra enn á ný, þ. e. hinn »siðferðislega« og hinn »fjárhagslega«. En má jeg spyrja þingmanninn: hvern tilganginn metur hann meira, þann, að bæta siðferðið, eða þann, að auka tekjur landssjóðs? Jeg skildi það ekki, hvorki hjá honum eða h. varaforseta, hvorn tilganginn þeir vildu fremur styðja, eða hvort þeir vildu fylgja málinu fram — fremur en andmæla því — til þess að styðja að þessu öðruhvoru eða hvorutveggja.

Jeg segi, að ef tollhækkunin rýrir tekjur landssjóðsins, þá styður hún um leið hinn siðferðislega tilgang sinn; því tekjuþverrun landssjóðs sýnir, að minna hefir

þá verið flutt inn í landið af áfengum drykkjum, en því minna, sem inn hefir verið flutt, því minna hefir verið drukkið, og því minna, sem drukkið er, því betra hlýtur siðferðið að vera, að svo miklu leyti sem vín og víndrykkja spillir siðferðinu, og um það virtist mjer þeim báðum koma ásamt.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg verð að gera afsökun mína fyrir það, að jeg vissi ekki fyrir víst, að þessu mikla velferðarmáli mundi verða framgengt, þó að það nú liggi fyrir þinginu, enda verð jeg að játa, að mjer virtist h. flutningsm. gera alþýðumenntunarfrumv. að miklu meira stórvirki, ef ekki grýlu, en mjer nokkru sinni hafði dottið í hug, að það væri. Jeg ætla, að minnsta kosti, að þess gerist engin þörf, að leggja á nýja tolla til að hrinda því máli í lag, ef farið er eptir eptir frv. okkar flutningsmanna. En það skal jeg játa, að væri jeg viss um, að það mál stæði og fjelli með þessu tollmáli, þá skyldi jeg óhikað gefa þessu frumv. atkvæði mitt; en það er langt frá, að mjer detti í hug, að alþýðumenntunarfrumv. hafi gífurlegan kostnað í för með sjer. En, eins og jeg sagði áðan, þá er jeg rólegur, þó landssjóður græði ekki fje. Þá var h. flutningsmaður (Á. J.) að tala um hinn tvöfalda tilgang, sem tollhækkunin hefði, og sagði, að hinn siðferðislegi tilgangur næðist, ef drykkjuskapurinn minnkaði, en jeg verð að minna h. flutningsm. á, að drykkjuskapur er ekki sama sem ofdrykkja. Jeg segi fyrir mig, að jeg er viss um, að siðferðið batnaði ekki hót í mörgu tilliti, þótt minna yrði drukkið af vínum í hófi. Þrátt fyrir allt þetta, skal jeg þó játa, að þetta frumv. kæmi miklu góðu til leiðar, ef það kæmi í veg fyrir hina svívirðilegu ofdrykkju, en þetta er einmitt það, sem jeg efast um að náist með þessu frumv.

Þorsteinn Jónsson: H. flutningsm. (Á. J.) hefir misskilið orð mín áðan. Ef til vill hefi jeg ekki talað nógu ljóst, og skal jeg þá lýsa yfir því, að jeg er málinu hlynntur; en þar sem jeg talaði um hinn tvöfalda tilgang, þá átti það við málið í heild sinni, almennt skoðað.

Árni Jónsson: Jeg er þá harla ánægður með h. þm. Vestm. (Þ. J.), úr því hann hefir lýst því yfir, að hann sje málinu hlynntur.

Jeg er sjálfsagt fremur skilningsdaufur, enda gat jeg ekki skilið h. varaforseta (Þór. B.) í öllu tilliti. Jeg skildi ekki hið logiska samband í ræðu hans. Hann vill ekki vera með frumv. þessu, að því er mjer skilst af því, að svo getur farið, að tollhækkunin minnki drykkjuskapinn, en þó þætti honum frumv. gott, ef það kæmi því til leiðar, að siðaspillingin hyrfi. Jeg sje þó ekki betur en að tollhækkunin nái öðrum aðaltilgangi sínum, ef siðferðið batnar við hana, enda þótt siðaspillingin hverfi ekki eða upprætist með öllu á svipstundu, því »fyr má rota en dauð-rota«.

Að því er snertir alþýðumenntunarmálið og þann kostnað, sem það hefir í för með sjer, þá skal jeg geta þess, enda þótt það komi ekki málinu við, að menn hjer á þinginu hafa reiknað það út, að það mundi kosta landsmenn um 200 þúsundir króna, eptir þeirri tilhögun, sem stungið er upp á í frumv. Jeg skal nú ekki segja neitt með vissu um þennan reikning, en hvað sem honum líður, þá er það víst, að ekki þarf neitt lítið fje til þess að hrinda svo gagnlegu fyrirtæki, eins og alþýðumenntunin er, í gott og heillavænlegt horf.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 18 atkv.

Frumvarp til laga um breyting á lögum 11. febr. 1876 um aðflutningsgjald á tóbaki (C. 36); 1. umr.

Flutningsmaður (Árni Jónsson): Jeg þarf ekki að mæla mikið með þessu frumv. Það var fyrir deildinni í fyrra og fjekk þá góðan byr gegn um hana. Það fjell reyndar í Ed., en mest fyrir þá sök, að menn

vildu ekki eiga neitt við tollmál á aukaþinginu. Tollurinn er hjer hækkaður á flestum tóbakstegundum um helming, enda mun flestum hafa fundizt og finnast tóbakstollurinn vera of lágur. Á einu er tollurinn hækkaður fjórfalt, og vona jeg að svo megi vera. Þetta mál er annars náskylt hinu á undan, og vona jeg þau fái bæði að fylgjast að með blíðum byr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. h.

Fyrirspurn til landshöfðingja um niðurlagning brauða (C. 27); landsh. svarar fyrirspurninni.

Flutningsmaður (Páll Briem): Jeg hefi leyft mjer að koma fram með svohljóðandi fyrirspurn: »Álítur landshöfð»inginn sjer lögheimilt að leggja niður brauð, »sem upp eru talin í prestakallalögum frá »27. febr. 1880, 1. gr., án samþykkis lög»gjafarvaldsins?« — Jeg skal taka það fram strax, að jeg hefi komið fram með þessa fyrirspurn bæði vegna hæstv. landsh. sjálfs og vegna h. þingd., sem jeg á sæti í, og þingsins alls. Jeg geri fyrirspurnina vegna landshöfðingjans sjálfs af því, að jeg hefi heyrt marga menn utan þings tala um þetta mál, og dæma misjafnlega um ráðstafanir landshöfðingjans í þessu máli og skilning hans á prestakallalögunum að því er snertir þetta atriði. Jeg vil þess vegna hans vegna, að spurning þessi verði rædd í heyranda hljóði hjer í deildinni, svo að menn fái að heyra ástæður hæstv. landsh. fyrir skilningi sínum á þessu atriði laganna. — Jeg geri í öðru lagi fyrirspurnina vegna deildarinnar og þingsins af því, að hjer er að ræða um nýja og ópekkta skýringu, sem hæstv. landsh. hefir komið með á 4. gr. prestakallalaganna 27. febr. 1880, þar sem hann álítur sjer lögheimilt að leggja niður brauð, en þetta hefir aptur mikil áhrif á löggjafarvaldið og fjárveitingarvaldið.

Jeg sje það vel, að hæstv. landsh. hefir leitað til ráðgjafans yfir Íslandi og fengið hjá honum stuðning, þó lítill sje, sem honum þótti æskilegur til þess að fá sína nýju og ópekktu skýring staðfesta; en þar sem um sjerstakt íslenzkt mál var að ræða, þar átti hæstv. landsh. að leita til löggjafarþingsins, en ekki til ráðgjafans, til þess að fá útkljáð, hvort hans nýja skýring væri rjett. Alþingi hafði samið lögin og það gat eðlilega fremur skýrt þau rjett, en ráðgjafinn, sem býr í 300 mílna fjarlægð og ekki er svo kunnugur högum vorum, sem æskilegt er. — Jeg sagði áðan, að hjer væri að ræða um nýja og ópekkta skýring á 4. gr. prestakallalaganna frá 27. febr. 1880, og jeg skal játa, að greinin sjálf er ísjárverð. Þar segir: »Nú vilja »söfnuðir breyta skipun sókna eður brauða, »og hjeraðsfundur samþykkir, þá er rjett, »að landshöfðingi með ráði biskups stað»festi breytinguna«. Þessi grein þótti þegar í upphafi viðsjárverð, og þegar fyrst var rætt um breyt.till. þá, sem innleiddi þessa grein, þá ljet hinn þáverandi landshöfðingi (Hilmar Finsen) þegar í ljósi, að ákvörðun hennar væri viðsjárverð, en gat þess jafnframt, að hún yrði eigi skilin svo af sjer, sem hann hefði vald til að gera endileg úrslit á þeim málum, sem þar væri um að ræða, en kvaðst mundi leggja slíkar breytingartill. frá sóknum og hjeraðsfundum undir úrslit alþingis. Þingmenn, sem töluðu um greinina, gátu ekki orðið á eitt sáttir, og fleiri en einn gerði athugasemdir við hana. En svo jeg hverfi aptur að hinni eldri skýringu, sem lesa má í ræðu landshöfðingja í Alþ.tíð. 1879, þá skrifaði landshöfðingi ráðgjafanum um þetta álit sitt á 4. gr., og af Stjórnartíðindunum 1880, bls. 59, má sjá, að ráðgjafinn fellst á skýringu landshöfðingjans á þessari grein. Og ef sú skýring hefði eigi verið álitin rjett þá, þá hefði konungur ekki skrifað undir lögin. Í ráðgjafabrjefinu stendur: »Að því loksins snertir 4. »grein lagafrumvarpsins, þá hefir ráðgjaf»anum, eins og yður, herra landshöfðingi, »þótt ýmislegt verulega viðsjárvert við það,

«hvernig hún er orðuð, en ráðgjafinn hefir »samt, einkum sökum sambands þess, er »grein þessi stendur í við lög um skipun »sóknarnefnda, og sökum þess, hvernig »þjer, herra landshöfðingi, hafið skilið »þýðingu ákvarðananna í þessari grein og »hina tilætluðu framkvæmd þeirra, álitið, »að eigi bæri að leggja þá áherzlu á þessa »galla, að lagafrumvarpinu af þessari á»stæðu skyldi synjað um staðfestingu«.

Þetta sýnir, að ráðgjafinn hefir verið á sama máli og landshöfðinginn um skilninginn á 4. gr. Það hefir líka komið fyrir, að beita hefir þurft þessari grein, og hefir það verið gjört samkvæmt þessum gamla skilningi og skýringu allt til þessa árs. Jeg skal nefna t. d. Staðarbakkaprestakall í Húnavatnssýslu. Í prestakallalaganna 1. gr. er ákveðið, að leggja það prestakall niður og sameina sóknina við Melstaðarbrauðið, en síðan kemur tillaga frá sókninni, samþykkt af hjeraðsfundi, um, að halda Staðarbakkaprestakalli óbreyttu, og ráðgjafinn leyfir sjer þá einmitt ekki, að leggja fullnaðarúrskurð á það mál, heldur ber hann það undir næsta alþingi. Alþingi samþykkti síðan lög 1885 um, að Staðarbakkaprestakall skyldi halda sjer eða að Staðarbakki skyldi aptur settur í tölu prestakallanna og ná yfir Staðarbakka- og Núpssóknir. Það var þannig alþingi, sem í þessu tilfelli gjörði breytingu á 1. gr. í lögum um skipun prestakalla 27. febr. 1880.

Þegar nú ræða er um þessa nýju og óþekktu skýringu á 4. gr. laganna, þessa skýringu, sem heimilar landshöfðingja að gjöra fullnaðarúrslit um niðurlagning brauða, og hina eldri skýringu, sem heimilar landshöfðingja að eins að gjöra bráðabyrgðarráðstafanir þangað til málið verði borið undir næsta alþingi, þá verð jeg að segja, að jeg er með hinni eldri skýringunni. Það er líka vel aðgætandi, að þessi grein er ekki komin inn í frumv. sem grein, er upphaflega og eðlilega heyri því til, heldur er hún komin fram sem breyt.till. við 3. umræðu og hefir þannig rekið fleyg inn í frumv. með því að hún getur ekki samrýmzt við hinar aðrar greinar frumv. og stendur í beinni mótsetningu við 1. gr., sem segir: «Á Íslandi skulu vera «þau prestaköll, er nú skal greina», og sem síðan eru talin upp í greininni. Það væri undarlegt, ef sömu lögin gæfu aptur umboðsvaldinu rjett til að breyta þessum ákvæðum, og eptir skilningi hins núverandi landshöfðingja er svo. Hann álítur sjer heimilt eptir 4. gr., að breyta 1. gr. sömu laga. En eptir anda laganna og því «principi», sem fylgt er í löggjöfinni, á að skilja þær ráðstafanir, sem 4. gr. heimilar landshöfðingja, að eins sem bráðabyrgðaráðstafanir, alveg í fullu samræmi við 12. gr. í lögum um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeraðsfunda, enda var þetta beinlínis skoðun hins sama ráðherra 1880, því hann segir einmitt í ráðgjafabrjefinu 28. febr. 1880 í þess árs Stjórnartíðindum bls. 59, að þótt þessi 4. gr. sje viðsjárverð, vegna þess, hvernig hún sje orðuð, þá vilji hann þó ekki leggja það til, að lögunum yrði synjað um staðfestingu, «einkum», segir hann, «sökum «sambands þess, er grein þessi stendur í «við lög um skipun sóknarnefnda». Í 12. gr. laga um skipun sóknarnefnda og hjeraðsfunda er í fyrri málsgreininni talið upp, hvað sóknarnefndir og hjeraðsfundir mega um fjalla, og í síðari málsgreininni um atkvæði og slíkt, en þar er sagt: «Enga breyting má gjöra á tak«mörkum sókna eða prestakalla, og eigi «leggja niður kirkju nje færa úr stað, «nema meiri hluti hjeraðsnefndarmanna «þeirra, er eiga hlut að máli, þamþykki «breytinguna á hjeraðsfundi». Einmitt af því, að þessi lög verða að álítast úttæmandi, getur hin nýja skýring landshöfðingjans ekki álitizt rjett. Hann getur ekki haft rjett til þess að ráða til fullnaðar niðurlagning brauða. Þetta er líka í beinni mótsögn við þá frumreglu, það

«princip», sem fylgt er í prestakallalögunum, og um leið í beinni mótsögn við ákvæði 10. gr. í lögum um hluttöku safnaða í veitingu brauða. Þar segir: «Nú «hefir laust brauð verið auglýst á venju«legan hátt og hinn ákveðni umsóknar«frestur er útrunninn, og hafi þá ekki «nema einn, er fullnægi hinum almennu «skilyrðum fyrir að þjóna prestsembætti í «þjóðkirkunni, sótti um brauðið, þá ska[1] «leita tillögu safnaðarins um, hvort hann «heldur kjósi að brauðið verði veitt þess«um eina umsækjanda, eða prestsþjónusta «í brauðinu verði fyrst um sinn falin á «hendur nágrannapresti eða nágranna«prestum, verði því við komið, eða settur «verði prestur til að þjóna brauðinu til «bráðabyrgða, geti hann fengizt». Hjer er fyrirskipað að auglýsa brauð þegar það losnar, og ef ekki sækir nema einn um brauðið, þá gefa lögin söfnuðinum rjett til að láta í ljósi, hvort hann vilji taka þennan eina umsækjanda eða heldur þiggja prestþjónustu hjá nágrannapresti, eða í þriðja lagi, hvort hann vilji, að prestur verði settur þar til bráðabyrgða. Hjer kemur það sama enn fram. Hjer er enn ekki að ræða um nein fullnaðarúrslit, sem veitingavaldinu sje veitt, heldur að eins um ráðstafanir til bráðabyrgða.

Eins og jeg sagði áðan, er þessi 4. gr., komin inn í frumv. sem breytingartill. við 3. umr. málsins, og eru ákvæði hennar í beinni mótsögn við þá frumreglu, sem fylgt er í prestakallalögunum og öðrum þeim lögum, er snerta brauðaskipun og safnaðarstjórn hjer á landi, og þessa frumreglu, sem gengur í gegnum alla löggjöfina, má ekki eyðileggja með einni grein, sem vel getur skilizt í fullu samræmi við rjettar frumreglur laganna, eins og ráðherrann hefur skilið hana og hinir fyrri landshöfðingjar. Þá er enn eins að gæta við þessa nýju skýringu, og það er, að vel getur komið fyrir, að hún hafi áhrif á á fjárveitingarvaldið. Það gæti vel komið fyrir, þegar brauð yrði lagt niður, að alþingi þætti ástæða til að greitt yrði árgjald af brauðinu, en slíkt verður ómögulegt, þegar landshöfðingi álítur sjer lögheimilt að leggja niður brauð án samþykkis löggjafarvaldsins. Jeg skal svo ekki tala meira um þetta mál að sinni; en enn þá einu sinni láta í ljósi, að jeg hefði óskað að hæstv. landsh. hefði farið til alþingis en ekki ráðgjafans með þessa nýju skýringu sína.

Landshöfðingi: Jeg ætla að halda mjer til fyrirspurnarinnar, eins og hún er stíluð, og svara henni blátt áfram með því að segja já, og þá heimild, sem jeg þannig ætla að jeg hafi, byggi jeg á orðum 4. gr. í «lögum um skipun prestakalla frá 27. febr. 1880», orðunum: «breyta skipun sókna eða brauða», enda styðzt sá skilningur minn á orðum laganna við umræðurnar um málið á alþingi 1879. Jeg get ekki annað en furðað mig á sumu í röksemdaleiðslu «spyrjandans», svo sem því, að það rýri gildi nefndrar 4. gr. eða hafi nokkur áhrif á skilning þann, er á að hafa á henni, hvort hún var þannig orðuð í upprunalega frumvarpinu, eða ákvæði hennar komu fram við 1., 2. eða 3. umr., því jeg hef aldrei heyrt þess getið, að það hefði nokkur áhrif á skilning neinnar lagaákvörðunar, á hvaða umræðu stigi hún kæmi fram. Það er altítt, að í lögum eru sett fyrst fram almenn fyrirmæli, en síðan nánara ákveðið um þau í einstökum atriðum; þannig segir t. d. stjórnarskráin víða: þetta skal vera svo og svo, en síðan segir hún: þessu má breyta með lögum. Eins er því varið með 1. og 4. gr. nefndra laga, að þó 1. gr. telji, að svo og svo mörg prestaköll skuli vera, þá gjörir 4. gr. nánari ákvörðun um að því megi breyta án nýrra laga, þegar þeim skilyrðum, sem hún setur, er fullnægt. Einnig ber þess að gæta, að 1. gr. telur eigi aðeins, hve mörg prestaköll skuli vera á landinu, heldur ákveður einnig, hverjar sóknir sjeu í hverju brauði, og þá sjálfsagt með þeim sóknatakmörkum, sem þá voru, en þar af

leiðir, að gjörð er breyting á fyrstu gr. laganna, hvenær sem kirkja er lögð niður, eða partur af einni sókn er lagður til annarar, en það álítur þó spyrjandi að sje löglegt. Það er helzt þyrnir í auga spyrjandans, að landshöfðingi hafi svo mikið vald, ef hinum nýja skilningi á 4. gr. er fylgt; en hefir hann athugað, hver það er í raun og veru, sem fær aukið vald eptir þessari skoðun? Það er ekki landshöfðingi, heldur eru það söfnuðirnir sjálfir og hjeraðsfundirnir, með öðrum orðum: sá hluti þjóðarinnar, sem málið snertir; það eru söfnuðirnir, sem hafa tillögurjettinn, og hjeraðsfundirnir, sem hafa samþykktarvaldið, en landshöfðingi hefir aðeins vald til að staðfesta eða neita að staðfesta samþykkt hjeraðsfundarins; hann getur ekki breytt henni í einu nje neinu; hann getur aðeins sagt já eða nei.

Þetta, að löggjarvaldið afsali sjer nokkru af valdi sínu í hendur landsmönnum, er ekki eins dæmi í lögum vorum; hið sama kemur einnig fram á öðrum stað í lögum vorum; það er í lögum um fiskiveiðar á opnum skipum; þar er sýslunefndunum og hjeraðsfundunum veitt heimild til að semja fiskiveiðasamþykktir, sem svo amtmaður staðfestir eða neitar staðfestingar; og þar er amtmönnunum einmitt veitt samskonar vald, eins og landshöfðingja er veitt í 4. gr. prestakallalaganna; en jeg hef aldrei kvartað yfir því, að amtmönnunum sje veitt þar of mikið vald.

Þar sem «spyrjandi» vitnaði til ýmissa annara laga, sem ættu að koma í bága við skilning stjórnarinnar á 4. gr. prestakallalaganna, fæ jeg með engu móti verið honum samþykkur. Hann talaði um, að það sje nýtt og ópekkt, að brauð sje lagt niður án íhlutunar löggjafarvaldsins, en þar til svara jeg, að sams konar tilfelli hefir aldrei komið fyrir áður, því allar þær brauða umsteypingar, sem hingað til hafa verið gjörðar, hafa haft haft í för með sjer gjöld fyrir landssjóð, og þess vegna verið sjálfsagt að bera þær undir þingið. Spyrjandi tók dæmi af Staðarbakka; en þar var allt öðru máli að gegna en hjer, því til þess að Staðarbakki gæti orðið aptur brauð útaf fyrir sig, varð að færa árgjaldið af Melstað mjög mikið niður.

Fyrspyrjandinn hjelt því þarnæst fram, að skilningur stjórnarinnar á 4. gr. prestakallalaganna riði í bága við 12. gr. í «lögum um stjórn safnaðarmála» o. s. frv. frá 27. febr. 1880, því að þar væri ekki gjört ráð fyrir, að niðurlagning brauða væri eitt af því, sem ekki mætti gjöra án samþykkis hjeraðsfundar; en í þessari sömu 12. gr. er einmitt sagt með berum orðum, að á hjeraðsfundi megi bera upp tillögur meðal annars um breyting á sóknum og prestaköllum, og þar sem segir í niðurlagi greinarinnar, að enga breyting megi gjöra á takmörkum sókna eða prestakalla, nema hjeraðsfundur samþykki breytinguna, þá er það vitaskuld, að úr því ekki má gjöra hið minna: breyta takmörkum brauða, án samþykkis hjeraðsfundar, þá má því síður gjöra hið meira: breyta skipun prestakalla, leggja niður brauð, án samþykkis hjeraðsfundar.

Hvernig skilningur stjórnarinnar á 4. gr. prestakallalaganna geti staðið í mótsögn við «lög um hluttöku safnaða í veitingu brauða», fæ jeg ekki sjeð; því það kemur ekki til mála að leggja niður brauð án samþykkis sóknarmanna og hjeraðsfundar; ef þess þyrfti ekki við, þá gæti fyrst verið umtalsmál um mótsögn við þessi lög.

Einmitt vegna þess, að tillagan um niðlagningu brauðs verður að koma frá hlutaðeigandi söfnuði, getur ekki verið umtalsmál um, að honum verði örjettur gjör með niðurlagningunni. Undir eins og brauð losnar, er því slegið upp, og sæki aðeins einn maður um það, er leitað yfirlýsingar safnaðarins um, hvort hann vilji, að brauðið sje veitt umsækjanda, eða að því verði þjónað á annan hátt; og kjósi söfnuðurinn hið síðara, þá kemur fyrst til álita, hvort hann einnig óski, að brauðið verði lagt niður.

Það er í mínum augum harla skrítið, að ætlast til þess, að jeg hefði borið þetta mál undir þingið, spurt það, hvernig ætti að skilja lagagreinina. Jeg sje hvergi gjört ráð fyrir því, hvorki í stjórnarskránni nje þingsköpunum, að það sje ætlunarverk þingsins að þýða lög, nje undir hverju formi ætti að bera slíka málaleitun upp; þingsins ætlunarverk er að gefa lög, en það er dómstólanna ætlunarverk að skýra þau, og að sumu leyti verk umboðstjórnarinnar, að því er snertir gjörðir hennar sjálfrar. Það er engin ástæða til að vera mótfallinn þessum nýja skilningi á 4. gr., sem «spyrjandinn» kallar svo, nema ef vera skyldi fyrir þann, er vill draga allt vald frá söfnuðum og hjeraðsfundum, með öðrum orðum frá þjóðinni sjálfri, í hendur þingsins. *(Gr. Th.:* Rangt). Öllum er kunnugt, að tilefni til fyrirspurnar þessarar er það, að Klausturhóla brauð, sem er eitt af þeim brauðum, sem er talið upp í 1. gr. prestakallalaganna, er lagt niður með landsh. úrskurði 27. maí 1887; og áður en jeg lýk ræðu minni skal jeg víkja fáeinum orðum að forminu á fyrirspurn þessari.

Jeg hefði átt hægt með, að láta mjer vel lynda, þótt slík fyrirspurn hefði verið gjörð, ef spurt hefði verið um, á hverju jeg byggði það, að jeg áliti mjer heimilt að leggja niður brauð, og jeg hefði líka getað látið mjer lynda, þó einstakir þingdeildarmenn hefðu látið í ljósi, að þeim virtist það álit mitt ólögheimilt; en að spyrja, hvort jeg álíti mjer heimilt að gjöra það, sem jeg þegar hefi gjört, það er hjerumbil sama sem að gjöra mjer þær getsakir, að jeg hafi vísvitandi framið óheimildarverk.

En slíkar getsakir hygg jeg að enginn embættismaður þurfi að láta sjer lynda.

Grímur Thomsen: Það ætla jeg ekki láandi leikmönnum, þótt þeim blandist mjög hugur um, hvernig skilja skuli 4. gr. í lögunum um skipun prestakalla, frá 27. febr. 1880, því fyrir utan það, að hverjum, sem les nefnda gr. og ber hana saman við sum önnur lög, t. d. 10. gr. í lögum um hluttöku safnaða í veitingu brauða, ætti að vera ljóst, hve vafasöm hún er, þá bætist það ofan á, að h. núverandi landsh. greinir á við hina fyrverandi landsh. um skilning hennar, og það sem meira er, ráðherrann skilur hana á tvo vegu. Þessu til sönnunar skal jeg leyfa mjer að vitna til ráðgjafabrjefs dags. 28. febr. 1880; þar lýsir ráðgjafinn því yfir, að sjer þyki grein þessi mjög ísjárverð, fyrir það, hvernig hún sje orðuð, og það hafi verið að sjer komið, að leggja til, að lögunum fyrir þær sakir væri neitað um staðfestingu, en hann hafi þó hætt við það af því, að landshöfðingi, sem þá var Hilmar Finsen, hafi skilið hana á þann hátt, að landshöfðingi með samþykki sókarmanna og hjeraðsfunda gæti að eins gert bráðabyrgðaráðstafanir, en ekki lagt brauðið niður án samþykkis löggjafarvaldsins. Þessum sama skilningi fylgdi einnig Bergur Thorberg. En nú, þegar nýr landshöfðingi kemur með nýjan skilning, hefir ráðgjafinn ekkert á móti honum, og ef nokkurs mætti til geta, þá er alls ekki ólíklegt, að ef ráðgjafinn lifði landshöfðingja, og svo kæmi sá, er fylgdi hinni eldri skýringu á þessari grein, að hann þá aðhylltist hana á ný, og svo fram og aptur. Af þessu ætla jeg það ljóst, að það að minnsta kosti er fyrirgefanlegt, þó menn efist um sannleik hinnar nýju skýringar á 4. gr. Mjer er ekki hugarhaldið, að þreyta kapp um það einstaka atvik, sem gefið hefir tilefni til til fyrirspurnarinnar; en það er aðalatriðið, að ef þessi nýi skilningur nær gildi, þá er ekkert á móti því, að landsh. geti lagt niður hvert það brauð, er honum sýnist, ef að eins söfnuður og hjeraðsfundur fellst á það. En þá gæti hæglega svo farið, að landssjóður yrði einatt máske ekki fyrir nýjum gjöldum, en fyrir *tekjumissi;* jeg skal taka til dæmi. Svo var fyrirhugað, að Staðarbakkasókn skyldi leggjast til Melstaðar, og frá því brauði svo leggjast 1000 kr. í landssjóð; en þegar til

kom, vildi Melstaðarpresturinn ekki ganga að þessari sameiningu; var því Staðarbakkabrauðið endurveitt 1885, og svo ákveðið, að frá Melstað skyldu gjaldast í landssjóð 350 kr.

Engum datt í hug, að gera þetta að fornspurðu þinginu. (*Landsh.:* Náttúrlega ekki; því það bakaði landssjóð tekjumissi). Jeg er ekki búinn með dæmið. Ef nú presturinn á Melstað dæi, og sá, sem eptir hann kæmi, væri með því, að fá Staðarbakka lagðan við Melstaðinn, og ef sóknarmenn í Staðarbakkasókn og hjeraðsfundur fjellust á það, og biskup legði það til, hvernig færi þá? Það er víst ekkert á móti því, að ætla, að hæstv. landsh. segði já og amen til þess, án þess að setja nein frekari skilyrði; en hvernig færi? Landssjóður fengi sínar 350 kr. árlega, eins og áður, í stað þess, að þingið ætlaðist til, að hann fengi 1000 kr., ef brauð þessi yrðu sameinuð; með öðrum orðum: hann yrði fyrir 650 kr. tekjumissi á ári.

Tökum annað dæmi; setjum svo, að 2 brauð sjeu hvort öðru nálæg; frá öðru þeirra eru goldnar 300 kr. í landssjóð, en hinu eru lagðar 400 kr. úr landssjóði. — Nú losnar annað þeirra; söfnuði, presti, hjeraðsfundi og biskupi kemur saman um að sameina þau, og landsh. segir já. Ef nú það brauðið, er niður var lagt, væri það, er greitt var til úr landssjóði, þá mundi presturinn hafa 100 kr. hag; en hver veit nema þinginu hefði virzt næg ástæða til að leggja töluvert gjald til landssjóðs á þetta sameinaða brauð, ef því hefði gefizt kostur á, að fjalla um það mál, og þessi ráðstöfun gæti þess vegna orðið landssjóði tekjumissir. Þannig gæti einatt farið, eða líkt.

Þessi nýja regla kemur einnig í bága við 10. gr. prestakosningarlaganna, hvort sem hæstv. landsh. vill skilja það eða ekki; því þegar brauð er lagt niður, áður en sú bráðabyrgðaráðstöfun, að því skuli þjónað af nágrannapresti, er út runnin, eins og átti sjer stað með Klausturhólana, þá getur söfnuðurinn ómögulega neytt rjettar síns; en ef sá tími er látinn líða, sem ákveðið er, að nágrannapresturinn skuli þjóna brauðinu, og því síðan slegið upp, þá má vel vera, að einhver eða einhverjir sæki um það, og gefist söfnuðinum þannig kostur á að velja. En sæki enginn, þá er fyrst tími til kominn, að ræða um, að leggja það niður. Af þessu sjest, að fullmikið snarræði hefir verið við haft með niðurlagningu Klausturhólanna, því bráðabyrgðaráðstöfunin átti að gilda til 1888, og þannig er ekki að vita, nema rjettur safnaðarins hafi verið fyrir borð borinn.

Jeg fyrir mitt leyti hefi ekkert á móti því, þó landsh. leitaði álits ráðgjafans í þessu máli, en jeg segi það, að hann þurfti þess ekki fremur en honum sjálfum sýndist, því það vald, sem 4. gr. prestakallalaganna heimilar, heimilar hún landsh., sem einn ber ábyrgðina; en að honum skyldi sýnast það, bendir ljóslega á, að hæstv landsh. hafi þá ekki verið alveg eins sannfærður um sannleik hins nýja skilnings á optnefndri 4. gr., eins og hann virðist vera í dag; því hefði hann verið það, mundi honum trauðla hafa komið til hugar, að láta ráðgjafann upplýsa sinn skilning í þessu máli.

Að endingu skal jeg geta þess, að það var alls eigi tilgangurinn, að misbjóða h. landsh. með fyrirspurninni, og mjer þykir illt, ef hann tekur hana svo; en hún er þannig stíluð, af því oss var, og er enn, eigi sjáanlegt, að hæstv. landsh. hafi heimild til að leggja niður brauð, án þess að bera það undir löggjafarvaldið.

Landshöfðingi: Mjer fer nú að blandast hugur um, hvern jeg eigi að telja höfund fyrirspurnarinnar, því mjer heyrist ekki betur en að þeir sjeu orðnir 2; en jeg skal fræða fyrirspurnarmann nr. 2 um það, að þegar jeg leitaði álits ráðgjafans í þessu máli, var jeg jafn-sannfærður um, að minn skilningur á 4. gr. væri rjettur, eins

og jeg er saannfærður um það í dag; en það er gömul venja, sem þingmaðurinn ætti að þekkja sem fyrverandi embættismaður, að þegar embættismenn eru á öðru máli en fyrirrennarar þeirra í embættinu, um eitthvert málefni, þá leita þeir ætíð álits æðra yfirvalds um sinn skilning, ekki sízt þegar um lagaskilning er að ræða Þó ekki væri annað, þá er þessi aðferð sjálfsögr kurteisi við fyrirrennara sinn.

Öll þau dæmi, er þm. Borgf. (Gr. Th.) tók, til að sýna rjett alþingis í svona löguðum málum, bera það með sjer, að hann ann eigi söfnuðum þess frelsis, sem 4. gr. prestakallalaganna veitir þeim, en vill geta vakað yfir því, ef tiltækilegt er, að auka tekjur einhvers prestakalls, með því að leggja annað prestakall undir það, þó að hlutaðeigandi prestur, sem fær aukin störf, njóti ekki góðs af tekjuaukunum, heldur að landssjóður geti nælt nokkrar krónur. Það er eins og honum þyki nóg um þetta frelsi, sem söfnuðum og hjeraðsfundum er veitt, og vilji gjarnan draga úr því; en það hefir hingað til þótt vesalmannlegt, að taka aptur það, sem maður hefir gefið. Eins og jeg skil 4. gr. hefir löggjafarvaldið sýnt það frjálslyndi, að veita söfnuðum aukið sjálfsforræði, að því er snertir veitingu brauða, og sæmir því illa fyrir það, að rýra þetta sjálfsforræði aptur, af því að því hugkvæmist, að það á þann hátt gæti náð í nokkrar krónur. Þrátt fyrir skýringartilraun þm. Borgf. (Gr Th.) fæ jeg ekki sjeð, hvernig 4. gr. getur komið í bága við 10. gr. í lögum um hluttöku safnaða í veitingu brauða, því það er vitanlegt, að brauð má aldrei leggja niður án vilja hlutaðeigandi safnaðar og samþykkis hjeraðsfundar, og það er augljóst, að enginn söfnuður mun bera upp ósk um niðurlagning brauðs, nema þegar hann kærir sig ekki um að fá sjerstakan prest, eða getur það ekki, og þá getur ekki komið til mála, að rjettur safnaðar sje fyrir borð borinn með því að leggja brauðið niður.

Þórarinn Böðvarsson: Þm. Snæf. (P. B.) gat þess í byrjun ræðu sinnar, að hann hefði gert þessa fyrirspurn bæði vegna ldsh. og þingsins. Jeg ætla að láta landsh. einan um að reikna út, hve mikið fyrirspurnin hafi verið gerð í hans þágu; ekki ætla jeg heldur að bera brigður á, að þingmanninum hafi legið rjettur þingsins á hjarta.

En það sem sjerstaklega gefur mjer tilefni til að taka til máls, er það, að mjer er ljóst, hvað er hjer um að ræða, þar sem er 4. gr.; jeg er því vel kunnugur, í hverju skini henni var aukið í við 3. umr. prestakallalaganna. Nefndin, sem kosin var í þetta mál, áleit sjer skylt, að fara sem mest að tillögum sóknarmanna og hjeraðsfunda. En jeg var þar þegar hræddur um, að margir kynnu þeir söfnuðir að vera, er seinna kynnu að iðrast þeirra breytinga á prestaköllum, er gjörð voru 1880, en vildi, að þeim þá gæfist kostur á, að breyta aptur, þegar þeim þóknaðist. Gang þessa máls þykist jeg þekkja eins vel og hver annar, og betur en þm. Snæf., og það er að eins ókunnugleiki hans á gangi máls þessa, sem afsakar hann í mínum augun fyrir það, að hann vill eigi unna söfnuðunum þess rjettar, er 4. gr veitir þeim; því það væri samboðnara gömlum og rígefidum apturhaldsmanni, að koma með slíkt, heldur en ungum manni og framgjörnum; því jeg ætla, að hverjum manni hljóti að vera það ljóst, að það eru söfnuðirnir, sem 4. gr. veitir valdið, en alls ekki landshöfðingja.

Þótt þm. Borgf. (Gr. Th.) þætti vorkunn, að menn ekki skildi 4. gr., þá er jeg og hefi aldrei verið í vafa um, að hana ætti að skilja eins og hæstv. landsh. skilur hana. En látum oss gæta að, hver hefir illt af, að hún er svona skilin; ætli það sje nokkur? Hversu opt sem söfnuðir kynnu að breyta, fæ jeg ekki sjeð, að það geri neinn skaða. og auk þess er lítil ástæða til að ætla, að það verði mjög opt.

þm. Borgf. (Gr. Th.) talaði um tekjumissir fyrir landssjóð. Það getur vel staðið svo á, að það komi fyrir; en má jeg spyrja: er þinginu þá ekki innan handar, að semja lög, er segi: frá þessu brauði skal þetta leggjast í landssjóð?

Annars hygg jeg, að landsh. hafi fært nóg rök fyrir því, að fyrirspurnin sje ástæðulaus, en hvort hún sje jafn-kurteis, það er annað mál.

Flutningsmaður (Páll Briem): Jeg heyri, að hæstv. landsh. á fleirum að verjast en mjer. En fyrst hann er að kasta hnútum að mjer fyrir formið á fyrirspurninni, þá skal jeg að eins gera þá athugasemd, að mjer datt ekki í hug, að drótta að h. landsh., að hann vísvitandi fremdi heimildarlaust verk; en mjer finnst á hinn bóginn, að hann hann alls ekki hefði þurft að leggja þá meiningu í fyrirspurnina. En jeg sný ekki aptur með það, að hversu sannfærður, sem hæstv. landsh. hefði verið um það, að hann hefði rjett fyrir sjer, þá hefði það verið miklu lipurlegra og átt betur við, að hann hefði ráðfært sig við þingið, en ráðgjafann, úr því hann ráðfærði sig við nokkurn; enda veit hæstv. landsh., að ráðgjafinn vill sem minnst vasast í hinum sjerstöku málum Íslands. Hvað það snertir, að eigi sje verk alþingis að skýra lög, þá fæ jeg eigi betur sjeð, en að mál þetta sje svo almenns efnis, að það heyri fullkomlega undir verksvið þingsins.

Að jeg nefndi 4. gr. fleyg, sem rekinn væri inn í lögin, álít jeg enn vel við eiga; en mjer þykir skaði, að landsh. ekki skyldi skýra nákvæmar samband þessarar gr. við önnur lög, sem jeg nefndi, því samlíking hans á þessu atriði og sumum gr. stjórnarskrárinnar getur ekki staðizt; því þar sem eitthvað ápekkt kemur fyrir í henni, þá er það að eins í einstökum atriðum sjerstaklegs efnis; en 4. gr., eins og hæstv. landsh. vildi skilja hana, kemur í bága við grundvallarreglu og aðalmeiningu bæði þeirra laga, sem hún er í, og annara, sem jeg nefndi.

Bæði landsh. og varaforseti (Þór. Böðv.) lögðu mikla áherzlu á það, að söfnuðunum væri hjer vald gefið en ekki umboðsvaldinu; en má jeg spyrja: hvenær hefir alþingi afsalað sjer öllum rjetti til að hafa eptirlit með skipun prestakalla?

Og er það ekki hraparleg mótsögn, að álíta, að landshöfðingja sje heimilt að leggja niður brauð og slá því saman við annað, en að alþingi geti, ef því sýnist, látið prestinn á þessu sameinaða brauði gjalda af því í landssjóð svo mikið, sem því þóknast? Með öðrum orðum: tekið af honum það, sem landsh. hefir veitt honum, og þannig etja saman löggjafarvaldi og umboðsvaldi, ef svo mætti að orði komast.

Hvað skilning varaforseta (Þór. Böðv.) á 4. gr. snertir, þá má vel vera, að tilgangur hans með henni hafi verið sá, er hann segir; en það sannar engan veginn, að það hafi verið meining alþingis í heild sinni, og enn síður, að hún sje rjett skilin þannig, eins og hún nú er orðuð. Eða hvernig stendur þá á því, að landritari Jón Jónsson og Ásgeir heitinn Einarsson komu með breytingaratkvæði við gr. þessa? Það hefir lítið að þýða, hver meining varaforseta (Þór. Böðv.) kann að hafa verið út af fyrir sig.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg hef í hyggju að vera stuttorður í þessu máli, og aðeins taka það fram, að mjer finnst engin ástæða til að ámæla landsh. fyrir þetta, hann getur ekki verið skyldur að skilja allt eins og hinir fyrri landshöfðingjar hafa skilið þetta eða hitt; væri nokkur ámælisverður, þá væri það ráðgjafinn, sem skilur 4. gr. prestakallalaganna á sinn veg í hvort skipti. Lagagr. þessi, úr því hún eitt sinn er til orðin, er á allra ábyrgð, sem lögin sömdu og samþykktu; þingið hefir samið lögin og konungur staðfest þau; og jeg verð að álíta, að bæði þing og stjórn hafi með því veitt söfnuðum og

hjeraðsfundum fullan rjett til að ráða því, hvenær þeir vilja breyta skipun brauða, svo framarlega sem það er ekki beinn tekjumissir fyrir landssjóð, eða útgjaldaauki, og ef frá því skal víkja skoða jeg það sem tilraun til að skerða frelsi safnaðanna, og á það bæði illa við, og stendur einnig í beinni mótsögn við þá stefnu, sem þingið hingað til hefir haft, og jeg vona, að þingið vilji ekki taka aptur með annari hendinni það frelsi, sem það hefir veitt með hinni, eða sem svo, hvort heldur er í kirkjulegum málefnum eða öðrum. Öðru máli væri hjer að gegna, ef landsh. og ráðgjafinn hefðu misboðið frelsi og rjettindum einhvers safnaðar, þá væri full ástæða til að taka það upp á þingi; en hjer er ekki um það að tala.

Enn ber þess að gæta, hvort fækkun brauða sje yfirhöfuð óhagfelld fyrir landssjóð; jeg fyrir mitt leyti álít, að hún einmitt sje hentug, því þá eru færri prestar og prestsekkjur til að komast á eptirlaun; jeg ætla að vjer megum allareiðu vera ánægðir með þá tölu, sem þegar er á eptirlaunum, og hefir rjett til eptirlauna Auk þess er það í sjálfu sjer eðlilegt, að láta embættismenn hafa nóg að gjöra og borga þeim vel, heldur en að hálfsvelta þá við lítinn starfa; jeg fyrir mitt leyti vil heldur hafa fáa vinnumenn og halda þá vel að fæði og kaupi, en hafa þá marga og veita þeim illa. Slíkt er bæði hagfeldara og rjettara.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg ætla aðeins að bæta fáeinum orðum við, til að sýna, hve ástæðulaust það er af þinginu að finna að þessu; því þegar söfnuður er ánægður, hjeraðsfundur ánægður og biskup ánægður, hvað vantar þá á, að kirkjulífi voru sje vel borgið?; eða skyldum vjer sem jafnvel höfum komizt svo langt að vjer höfum minnzt á fríkyrkju, láta oss illa líka, að söfnuðir mættu ráða þessu og öðru eins? Flutningsm. (Páll Briem) misskilur bæði mig og málefnið, því það er svo að sjá, sem hann þekki ekkert löggjafarvald nema þingið; hann minnist ekki á konung; eða þykir honum það viðkunnanlegra og samkvæmara anda þessara tíma, að annað eins og þetta þurfi að ganga út fyrir þollinn til þess að ná fullnaðarúrslitum?

Eptir minni skoðun er það ófrelsi, að nokkuð það mál fari út úr landinu, sem auðið er að ráða til lykta innanlands, og það ætla jeg að flestir verði að samþykkja.

Eptir mínu áliti er fyrirspurnin vægast talað ástæðulaus, getur enda verið skaðleg.

Árni Jónsson: Jeg verð að auka hjer fáeinum orðum við, og láta það í ljósi, að jeg er á allt öðru máli en varaforseti (Þór. B.); hann er sífellt að tala um hið mikla frelsi, er 4. gr. á eptir hans skilningi að veita söfnuðum, og telur það ófrelsi, ef eigi er fylgt hans skilningi. En má jeg spyrja, hvaða sjerstakt frelsi er það, sem söfnuðirnir öðlast við það, að landsh. gjörir út um svona löguð mál, fremur en þingið eða löggjarvaldið, ef hann vill heldur það orðatiltæki? Landsh. getur sagt bæði já og nei, og það er eigi víst, að hann segi ætíð já, þó hann gjörði það í þetta sinn, sem hjer er um að ræða; það getur hæglega komið að honum að segja nei; þingið getur líka sagt já og nei, og það eru litlar líkur til, að það segði optar nei en landsh., að minnsta kosti ekki meðan það hefir annan eins safnaðavin eins og h. varaforseta (Þór. Böðv.) á bekkjum sínum.

Allur munurinn mundi verða sá, að þingið gæti gjört breytingar á uppástungu safnaðanna, ef því þykja ástæður til, og fæ jeg ekki skilið, að það væri svo hættulegt fyrir frelsi safnaðanna, að það þurfi að vera grýla í augum þeirra, sem vilja fara að toga út úr þessu máli frelsis- og ófrelsisskoðanir.

Jeg ætla að mjer muni eins annt um frelsi safnaðanna og h. varaforseta; munurinn mun að eins vera sá, að okkur þykir því misjafnlega borgið. Hann vill hafa það eingöngu undir verndarvæng

landsh., en jeg álít því eins vel borgið í höndum alþingis. H. 1. þm. Árnes. (Þorl. Guðm.) gat þess, að hentugast mundi að hafa brauðin sem fæst, einkum hvað eptirlaunin snertir; því þau yrðu því minni sem prestar væru færri. En við það er einnig athugavert, að því umfangsmeira og erfiðara, sem prestakallið er, því fyrri er hætt við að presturinn þreytist á að þjóna því, og uppgefist fyrir aldur fram, og komi fyr á eptirlaunin, heldur en ef hann þjónaði minna og hægra brauði. Jeg held því, að það gjöri eigi allan mun, hvað eptirlaunin snertir, hvort prestaköll eru nokkrum fleiri eða færri. En ef sameina skal öll þau brauð, sem sami prestur getur þjónað, svo framarlega, sem söfnuðir, hjeraðsfundir og biskup vill það, þá gæti það óbeinlínis orðið skaði fyrir landssjóð; eins og þm. Borgf. tók fram, þá mætti slengja saman stórum brauðum og gjalda ekkert af. Því að þótt þingið kæmi svo á eptir og legði árgjald á brauðið, þá getur það þó eigi skyldað þann prest, sem þá er í brauðinu, til að greiða gjaldið, og tapar því að minnsta kosti hans tíð. Það mætti, t. a. m., allt eins vel og sumt annað, sameina Garða á Álptanesi og Mosfell. Það er búið að sampykkja, að kirkjurnar á Mosfelli og Gufunesi sjeu færðar að Lágafelli, og á Görðum og Bessastöðum er, eins og Árni biskup sagði: «sami veggurinn undir báðum kirkjunum». Þetta prestakall yrði ekki víðlendara eða örðugra en sum önnur brauð; en einhvern tíma hefði sumum þótt mega leggja nokkuð frá slíku brauði.

Hinn lögspaki ráðgjafi vor hefir skilið hina margumræddu grein á tvo gagnstæða vegu, eins og kunnugt er eptir hans eigin orðum. Nú þykir mjer mjög svo eðlilegt, að hann hafi vandlegar lesið hana og nákvæmar hugsað um hana, þegar hann bar lögin undir staðfestingu hans hátignar konungsins, og gekk undir ábyrgðina, er fylgdi staðfestingunni, heldur en í vetur, þegar hann fjekk fyrirspurnina um þýðingu hennar.

Þetta gefur mjer ástæðu til að fylgja hans excellence ráðgjafanum og hans fyrra skilningi.

Flutningsmaður (Páll Briem): Jeg sje, að lítið gengur saman með mönnum, þótt málið sje rætt á ýmsa vegu og af ýmsum; en af því mjer er annt um, að einstakar gr. í lögum eigi ríði í bága við allan anda og tilgang annara gr. og laga, þá virðist mjer full ástæða til að koma með frumv. til laga um breytingar á þessari optnefndu 4. gr.; ætti þar að taka greinilega fram, að þingið eitt eða löggjafarvaldið geti lagt brauð niður eptir tillögu safnaða og hjeraðsfunda. En jeg álít alveg þýðingarlaust að koma með rökstudda dagskrá, enda þótt allir þingdm. sampykktu hana; því eins og landsh. er harður í horn að taka í þessu máli, eru engar líkur til, að hann sinni henni hið minnsta.

Grímur Thomsen: Áðan hafði hæstv. lands. það í skymtingi, að fyrirspurnarmenn væru tveir; en jeg ætla að allir þingdm. muni hafa gengið úr skugga um það, að svaramenn eru einnig tveir, því varaforseti hefir nú hlaupið undir bagga með hæstv. landsh.; hefir varaforseti sýnt það hugrekki, að gangast við faðerni að 4. gr. og þurfti þó sannarlega kjark til þess, að gangast við öðru eins meini blöndnu afkvæmi, er hefir hlotið þann samhljóða vitnisburð Finsens landsh. og ráðgjafans, að hún væri mjög ísjárverð, og fjekk aðeins að lifa sökum þess, að landsh. Finsen lofaði að breiða yfir bresti hennar eins og auðið væri. Jeg man það vel á alþingi 1879, að varaforseti vildi gefa landsh. sem mest vald bæði í þessu og öðrum málum, svo þeim landsh. þótti sjálfum nóg um.

Svaramenn hafa brugðið oss um nízku við söfnuði, og fundið það til, að vjer vildum draga úr höndum þeirra það vald, er þingið hafi veitt þeim, en jeg neita því

fastlega, sem ástæðulausu. Vald og rjettur safnaða og hjeraðsfunda er hvorki meiri nje minni þó löggjafarvaldið, en ekki landsh. ráði úrslitum á brauðaniðurlagningu. Það er engu líkara en varaforseti telji víst, að þingið brjóti jafan á bak aptur vilja safnaðanna, en landsh. láti þá jafan öllu ráða. Hvorugt virðist mjer líklegt; því hið fyrra væri ástæðulausar illgetur til alþingis, en hið síðara er í mínum augum oftraust á landsh., því þó sú sameining, sem gefið hefir tilefni til þessarar fyrirspurnar, hafi náð fram að ganga, þá er alveg óvíst, að hann veiti öllum söfnuðum vilja sinn, þó líkt stæði á, með því honum, hvort eð er, er í sjálfsvald sett, að segja hvort hann vill, já eða nei.

En það er að mínu áliti þýðingarlaust, að lengja umr. um þetta mál, því eins og þm. Snæf. (P. Br.) sagði er árangurlaust að koma með rökstudda dagskrá; eina ráðið er að reyna að fá 4. gr. breytt með lögum, svo hún gefi eigi optar tilefni til efasemda.

Sigurður Stefánsson: Þótt umr. sjeu orðnar ærið langar, ætla jeg að gjöra þá stuttu athugasemd, að mjer þætti æskilegast, að hæstv. landsh. gjörði sem fæstar fyrirspurnir til ráðgjafans, í þeim málum, sem hann sjálfur hefir úrskurðarvald í; því eptir frammistöðu ráðgjafans í þessu máli sýnist hann vera lítt vaxinn stöðu sinni það er kemur til afskipta af málum vorum, og sakir þessa hverfleika í skoðunum hans á þessu máli er fyrirspurn þessi og allar þessar löngu umræður til orðnar.

Hann hefir sýnt í þessu, að hann hefir ekki vit á sumum vorum sjerstöku málum.

Landshöfðingi: Jeg vil leyfa mjer að spyrja forseta, hvort það sæmi, að þingmenn segi hjer í salnum, að ráðgjafinn hafi ekkert vit á hinum sjerstöku málum Íslands.

Forseti: Mjer virðist ummæli 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.) ekki þess eðlis, að mjer beri að ávíta hann fyrir þau, því jeg hygg hann hafi aðeins sett þau fram sem sitt eigið álit, en ekki sem almenna setningu.

En með því umr. þessar eru orðnar ærið langar, og fundur sömuleiðis, skal jeg leyfa mjer að slíta umræðunum, og láta það mál, sem eptir er, ganga út af dagskrá.

Ellefti fundur, miðvikudag 13. júlí á hádegi. Allir á fundi hinir sömu og áður.

Forseti gat um, að til sín væri komin beiðni frá Garðssókn í Kelduhverfi um 1200 króna lán úr landssjóði til kirkjubyggingar.

Frumvarp til laga um tollgreiðslu (38); 1. umr.

Flutningsmaður (Ólafur Briem): Það hefir áður hjer í þingdeildinni, nefnilega árið 1881, komið fram líkt frv. þessu, sem hjer liggur fyrir, og það var frv. til laga um tollvörugeymslu; það urðu afdrif þess frv., að það var fellt; en ekki er mjer ljóst af hverjum ástæðum svo hefir verið. Jeg get ekki annað sjeð, en að þetta frv., sem hjer liggur fyrir, sje veruleg rjettarbót. Eptir núgildandi lögum er kaupmaðurinn skyldur að greiða tollinn fyrir fram af öllum þeim tollskyldum vörum, sem hann fær í hvert skipti, áður en hann getur nokkuð af þeim selt. Afleiðingin af þessu hlýtur að vera sú, að kaupmaðurinn leggur á vöru sína talsvert meira en það, sem tollinum nemur, sökum erfiðleikanna við þetta fyrirkomulag; kemur þetta þannig tilfinnanlega niður á landsmönnum sjálfum. Aðalhugsunin í þessu frv. er sú, að greiða úr þessum erfiðleikum, án þess að það hafi kostnað í för með sjer fyrir landssjóðinn. Frv. gengur út á það, að kaupmenn fái frest á greiðslu tollsins gegn því, að setja vörurnar eða nokkurn hluta þeirra undir gæzlu lögreglustjóra, þangað til tollinum er lokið að fullu. Jeg vona að h. þingd. finni ekki þá galla á frv., að hún vilji ekki lofa því að lifa,

annaðhvort þannig lögðu, eins og það nú liggur fyrir, eða þá með þeim breytingum, sem nefnd kynni að finna ástæðu til að gjöra á því; og að svo mæltu leyfi jeg mjer að stinga upp á, að 5 manna nefnd sje sett í málið.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. í einu hljóði að setja 5 manna nefnd í þetta mál.

Þessir voru kosnir:

Ólafur Briem með 22 atkv.
Lárus Halldórsson — 16 —
Árni Jónsson — 16 —
Þorl. Guðmundss. — 13 —
Eiríkur Briem — 13 —

Tillaga til þingsályktunar um reikningsskil fyrir tekjunum af Arnarstapa og Skógarstrandar-umboði með Hallbjarnareyri (C. 22, 44); framh. einnar umr.

ATKVÆÐAGR.: Viðaukatill. (C. 44) samþ. með 19 atkv.

Tillagan sjálf (C 22) með viðaukanum (44) samþ. með 14 atkv.

Þá var samkvæmt þessu kosin 3 manna nefnd og hlutu þessir kosningu:

Ólafur Briem með 11 atkv.
Lárus Halldórsson — 10 —
Sigurður Jensson — 10 —

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Vogavík og í Þórshöfn í Gullbringusýslu (C 34); 1. umr.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg ætla að þess muni eigi þörf að halda langa ræðu fyrir þessu máli. Annar þessara staða, sem hjer er farið fram á að löggilda, hefir tvisvar eða þrisvar gengið gegn um þessa h. þingdeild, og einnig voru þessir verzlunarstaðir báðir meðal þeirra er löggiltir voru á síðasta þingi; frá þinginu voru þessi lög send h. hæstv. landshöfðingja og þaðan hafa þau farið til h. hæstv. ráðgjafa; svar ráðgjafans hefi jeg hjer í höndum mjer, og hefir honum þóknazt að ráða til þess, að þessum lögum væri synjað staðfestingar, þó mjer sje reyndar óskiljanlegt, af hverjum ástæðum, þar sem hæstv. landsh. hefir að nokkru leyti mælt fram með þessum lögum.

Jeg skal nú leyfa mjer lauslega að fara yfir svar h. hæstv. ráðgjafa. Í fyrsta lagi kveðst ráðgjafinn ráða til synjunar af þeirri ástæðu, að einn kaupmaður, reyndar annarsstaðar á landinu, hafi mælt á móti þessu, og út af þessu fæ jeg tilefni til að benda h. þingdeildarmönnum á það, að varasamt sje að slengja tveimur eða fleiri frumvörpum saman í eitt, enda þótt það kunni að spara pappír. Í öðru lagi—og það á nú kannske að vera aðalástæðan—kveður ráðgjafinn meiri óhag en hag af því að fjölga verzlunarstöðum. Þessu skal jeg ekki mótmæla í raun og veru; sízt ef kaupstaðirnir eru orðnir mjög margir; en slíkt á hjer ekki við. Hjer er einmitt hægt að sanna, að hagurinn við að löggilda þessa verzlunarstaði, einkum Þórshöfn, er mikill. Jeg man ekki til, að jeg hafi nokkru sinni á sumardegi farið svo um á þessum tveimur stöðum, sem hjer eru tilnefndir, að þar hafi ekki legið 4 til 8 skip; þau hafa fermt þar og affermt, það veit jeg, en hvað þau hafa meira gjört, hvort það hefir verið ólöglegt, það skal jeg ekki segja, því jeg veit það ekki. Hagurinn er því ljós af reynslunni; hann liggur í hægðarauka fyrir landsbúa, að þurfa ekki að flytja vörur sínar langa leið á opnum skipum, en kaupmönnum ekki óhagur; þeir hafa haft kaupför á báðum höfnunum. Svo segir ráðgjafinn í þriðja lagi, að þetta mundi auka á erfiðleikana með eptirliti með tollgreiðslu; en það get jeg með engu móti skilið að snerti þessar hafnir. Þessir staðir báðir, og sjerstaklega annar þeirra, liggja svo skammt frá sýslumanninum, að slíkt ætti ekki að verða því til fyrirstöðu, að lög þessi fengju fram að ganga. Þá er síðasta ástæðan, að lög þessi hafi í sjálfu sjer litla þýðingu. Þessu get jeg alls ekki verið samdóma; frv. hefir mikla þýðingu sem sje þá, að ljetta á bændum ýmsum erfiðleikum og greiða fyrir innanlandsverzlun, öllum að meinalausu, og kaup-

manninum að kostnaðarlausu. Hafi það verið meiningin, að ráðgjafinn hafi verið hræddur um, að ekki yrði byggt á þessum stöðum, og að þessi lög yrðu að því leyti þýðingarlítil, þá verð jeg að vera alveg gagnstæðrar skoðunar, sjerstaklega hvað Þórshöfn snertir, því sá staður er mjög vel fallinn til að reisa þar hús.

Jeg efast að svo mæltu ekki um, að h. þingdeild geri nú eins góðan róm að máli þessu eins og hún hefir ávallt áður gjört.

Landshöfðingi: Það sem jeg hef áður tekið fram undir umræðunum um löggilding Haukadalsbótar í Dýrafirði og Arngerðareyrar við Ísafjarðardjúp, getur allt átt við þetta frv., sem hjer liggur fyrir, og þó verð jeg að segja, að mjer finnst meiri ástæða til þess að löggilda nýnefnda staði sem verzlunarstaði, heldur en þá, sem eru nefndir í þessu frv. Hjer er ekkert sem mælir fram með þessu frv., og allra sízt löggilding Vogavíkur. Ef Vogavík væri löggilt, þá yrðu þar þrír kaupstaðir svo að segja hver hjá öðrum: Keflavík, Vogavík og Hafnarfjörður, og þetta, að kaupstöðunum fjölgi um of og að þeir verði svo nálægir hverjir öðrum, það er ein af aðalástæðunum fyrir synjun staðfestingar á slíkum lögum. H. varaforseti (þ. Böðv.) sagði með tilliti til eptirlitsins með greiðslu á tolli á þessum nýju verzlunarstöðum, að þá væri hjer enga erfiðleika að óttast, því það væri svo skammt til sýslumannsins. En ef það er skammt frá sýslumanninum í Hafnarfirði suður í Vogavík til þess að hafa slíkt eptirlit, þá er heldur ekki mjög langt fyrir þá bændur, sem þar búa, að sækja vörur sínar inn í Hafnarfjörð. Eptir lögunum 1879 um sveitaverzlun er bætt úr allri þörf manna í þessum plássum gegn um vöruflutninga kaupmanna á þessa báða staði, sem jeg veit með vissu að eiga sjer stað talsverðir. Mjer er þar að auki kunnugt um, að sveitaverzlun er að vísu ekki við sjálfa Vogavík, en rjett þar í grennd við, á Brunnastöðum. Þórshöfn hefi jeg sjálfur sjeð, og sýndist mjer höfnin lítill pollur, svo mjer er óskiljanlegt, hvernig mörg skip geti í einu legið þar, og sömuleiðis getur mjer, eptir landslaginu þar í kring að dæma, ekki skilizt, hvernig þar gæti nokkurn tíma orðið stór verzlunarstaður. Að löggilda slíka staði eins og Vogavík, og enda Þórshöfn líka, get jeg ekki sjeð að sje til annars en að koma þar á brennivínssölu, og gjöra laglegt fiskiver að brennivínsbæli, og það tel jeg alls eigi æskilegt. Jeg verð því að mæla með því, að hvorugur þessara staða verði löggiltur sem verzlunarstaður.

Páll Briem: Hæstv. landsh. sagðist ekkert þekkja, sem mælti með löggilding verzlunarstaðar á Vogavík. En ef svo er, þá verð jeg að segja, að hann hefir ekki kynnt sjer bænarskrá þá, sem lá fyrir alþingi 1883 eða 1885 — jeg man ekki glögglega hvort árið það var. Þar var ljóslega skýrt frá ástæðum þeim, er væru fyrir löggilding þessa staðar. Jeg hefi einnig talað við menn um þetta mál, og kemur þeim öllum saman um, að á Vogavík sje margfalt betri höfn en á Keflavík. Keflavík er hættulegur staður fyrir skip, og ber það eigi allsjaldan við, að þau verða að leita sjer hælis einmitt á Vogavík, en stundum geta skipin eigi bjargað sjer af Keflavíkurhöfn; og komið hefir það fyrir, að skipin hafa rekið upp í standkletta þar og hvert mannsbarn farizt. Umhverfis Keflavík er hrjóstugt land, fátækt og örbyrgð, og ástæður manna þar hafa alið upp anda þann, sem áður ríkti á einokunar-stöðunum. Kaupmenn í Keflavík hafa optlega eigi látið verzlunarmenn sína sæta góðum kjörum, og listi sá, sem komið var fram með á þinginu yfir vöruverð í Keflavík í samanburði við verðið í Reykjavík, sýnir bezt, hverjum ókjörum menn þar hafa átt að sæta af hendi kaupmanna. Keflavík er oflangt frá, til þess að Reykjavík geti haft áhrif á verzlun þar og vöruverð. Aptur á móti er Vogavík nær Reykjavík, og meiri líkur til samkeppni þar, svo að, ef um þá tvo staði

væri að ræða, vildi jeg leggja til, að Keflavík yrði af tekin sem verzlunarstaður og Vogavík tekin í hennar stað.

Eiríkur Briem: Jeg er lítt kunnur stöðum þeim, sem hjer er um að ræða; en málið er í sjálfu sjer mjög þýðingarmikið, og er áríðandi, að verzlunarstaðir landsins verði þar, sem hagkvæmt er fyrir landsbúa. Áður var farið eptir hagkvæmleikum kaupmanna; hagur landsmanna varð að lúta í lægra haldi, og mætti þetta mál, um löggilding nýrra verzlunarstaða, mjög snemma megnri mótspyrnu; en þegar því varð framgengt, þá sýndi reynslan yenjulega, að hinir nýju verzlunarstaðir voru miklu heppilegar valdir, en þeir gömlu. Jeg skal taka til dæmis Sauðárkrók, sem nú er orðinn mikill verzlunarstaður, og löggilding hans hefir haft í för með sjer, að Grafarós-verzlunarstaður hefir lagzt niður. Enn fremur Blönduós; áður en ár var liðið, voru þar komnar á stofn 3 fastar verzlanir. Reynslan er í þessu, sem öðru, hinn bezti vottur. Frá Skagaströnd og Hólanesi er allur kraptur farinn yfir á Sauðárkrók og Blönduós.

Jeg er, af ofannefndum ástæðum, mjög hlynntur löggildingu nýrra verzlunarstaða, þótt jeg vilji reyndar ekki fleiri en þörf er á. En það er einatt reynslan ein, sem getur sýnt, hvar þeirra er þörf og hvar eigi.

Að því er snertir samkeppnina, þá er það að athuga, að þegar komin er föst verzlun, sem hefir fengið umráð yfir því svæði, sem notað verður til verzlunar á einum stað, þá getur hún úti lokað aðra. og þar með alla samkeppni. Nýlega hefir komið fyrir mál, þessu viðvíkjandi, út af verzlun á Vopnafirði. Dómurinn gekk í þá átt, að hinum nýja kaupmanni væri ekki lögheimilt að fá verzlunarlóð á stað þeim, sem um var að ræða. Árið 1885 var komið með frumvarp um, að þeir, sem nýja verzlun vildu hefja, mættu fá lóð; en það var fellt í efri deild. Þegar því svo stendur sem stendur, þá er eini vegurinn til að útiloka einokun á ýmsum verzlunarstöðum sá, að löggilda nýja verzlunarstaði einmitt sem næst þeim. Jeg skal að endingu geta þess, að jeg er máli þessu meðmæltur og óska að það fái framgang.

Sigurður Stefánsson: Jeg held því fram, að stjórnin eigi sem allra-minnst að blanda sjer inn í þessi löggildingarmál; það er þingið og þjóðin, sem þekkja miklu betur, hvernig hjer til hagar, en stjórnin. Sú ástæða hefir opt heyrzt frá stjórninni og hennar fylgjurum fyrir synjun löggildingar nýrra verzlunarstaða, að, ef verzlunarstöðum fjölgaði, mundu þeir, er næst þeim búa, verða óreglumenn og letingjar. En þessi ástæða er röng, og á alls ekki við nútímann; hún er tekin úr fortíðinni, þegar einokunin var hjer á landi og einstakir menn spenntu það járngreipum verzlunarkúgunarinnar; einmitt þá, þegar verzlunarstaðirnir voru fáir, var ofdrykkja, eymd og volæði mest kringum þessa smáharðstjóra. Það væri mjög fróðlegt, að heyra þær illu afleiðingar, sem löggilding verzlunarstaðanna t. a. m. á Blönduósi og Sauðárkrók hefði haft í för með sjer. Hafa bændur þar í grennd orðið sjerlegir óreglumenn, slóðar eða letingjar? Nei, reynslan gefur enga heimild til að koma fram með þess konar röksemdaleiðslur, og ástæður þessar eru einungis gamlar grýlur frá einokunartímanum, sem stjórnin er að reyna að vekja upp, en sem fyrir löngu eru útdauðar á Íslandi.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg er þakklátur h. þremur þm., sem talað hafa með frumv., fyrir athugasemdir þeirra, og jeg get líka verið þakklátur hæstv. landsh.; því jeg get ekki ímyndað mjer, að hann leggi á móti þessum tveimur verzlunarstöðum, þar sem hann ekki fann ástæðu til að ráða ráðgjafanum til að láta synja um staðfesting á hinum 7 verzlunarstöðum, sem aukaþingið í fyrra samþykkti.

Það er satt, sem hæstv. landsh. segir,

að það er »stutt« frá sýslumanninum og í Keflavík. Það er víst, það er stutt fyrir sýslumanninn; en það er ekki eins stutt fyrir þá, sem þurfa að sækja og flytja vörur sínar. Vegir eru, eins og menn vita allt annað en góðir, já, stundum ófærir, og sjórinn er ekki alla tíð fær. H. þm. Snæf. (P. Br) skar, eins og menn segja, upp úr með það, sem eiginlega liggur á bak við ósk manna um löggilding þessara staða; því það er einmitt verzlunarlag það, sem lengi hefir tíðkazt í Keflavík. Eins og h. 1. þm. Húnv. (Eir. Br.) tók fram, hefir það reynzt svo, að nokkrir af hinum nýlöggiltu verzlunarstöðum hafa þótt miklu heppilegri til verzlunar, en hinir gömlu, og að því er snertir sjerstaklega Vogavík, eru líkur til, að eptir nokkra áratugi verði hún orðin aðal-kaupstaðurinn við Faxaflóa fyrir sunnan Hafnarfjörð, og þá verður Keflavík ekki lengur til sem verzlunarstaður. Finn jeg svo ekki ástæðu til að tala frekar um þetta frumv., því jeg þykist sannfærður um, að h. þingd. leyfi því að ganga til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. nær í einu hljóði.

Frumvarp til laga um stækkun verzlunarstaðarins á Eskifirði (C 47); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu orðalaust vísað til 2. umr. með 21 atkv.

Frumv. til laga um breyting á 4. gr. í lögum 14. desbr. 1877 um laun sýslumanna og bæjarfógeta (C 46); 1. umr.

Þórarinn Böðvarsson: Frumv. þetta er komið frá fjárlaganefndinni, en sökum þess, að hún hefir engan kosið til að vera framsögum. þess, ætla jeg að leyfa mjer að mæla nokkur orð fyrir því.

Orsökin til þess, að frumv. þetta kemur frá fjárlaganefndinni, er það, að hún vill reyna að spara sem frekast að auðið er, og hún álítur, að með þessu móti verði talsvert sparað, án þess að það komi sjer illa á nokkurn hátt. Þessi hugmynd, sem er í frumv., er engan veginn ný, heldur jafngömul sem lög þau, er frumv. vill breyta; nefnd sú, er kosin var á þingi 1877 til að íhuga lögin, lagði það til, að Vestmannaeyjasýsla væri sameinuð Rangárvallasýslu; en það var fellt. Jeg óska og vona, að hin heiðraða þingd. leyfi málinu að ganga til 2. umr., en jafnframt vil áskilja fjárlaganefndinni þann rjett, að gera nánari ákvarðanir við frumv., ef henni þykir þess þurfa, á hverju stigi málsins sem vera kann.

Þorsteinn Jónsson: Það datt ofan yfir mig þegar jeg sá þetta frumv. h. fjárlaganefndar; því að þessi till. kom fram á þinginu 1877, en fjell þá, sem betur fór; hún er því sannkölluð apturganga, er ætti að kveðast niður aptur sem allra bráðast. Þegar hún var fyr á ferli, voru allir þm., sem bezt þekktu til, henni algjörlega mótfallnir, t. d. þm. Vestmannaeyja, þm. Rangvellinga, Árnesinga, Skaptfellinga, og enn fremur þm. Barðstrendinga og þm. Reykvíkinga. Það sjer líka hver maður, sem nokkuð athugar, hvernig samgöngum er varið milli lands og Vestmannaeyja, að slíkt er alveg ógerandi; því það getur hæglega komið fyrir, að engar samgöngur geti átt sjer stað 3, 4 eða 5 mánuði í röð. Þannig kom það fyrir einmitt á síðastliðnum vetri, að 6 póstar komu í einu út af landi; vjer fengum septemberpóstinn fyrst 8. marz, þar á meðal áríðandi embættisbrjef, sem þannig urðu æði-lengi á leiðinni; að vísu höfðum vjer haft viðskipti á þessum tíma við landsmenn á annan hátt, nefnil. fyrir það, að póstskipið kom optar en einu sinni við hjá oss á þessum tíma. Ef nú sýslumaðurinn yfir Vestmannaeyjum ætti setu í Rangárvallasýslu, er óhætt að fullyrða, að hann færi ekki optar en einu sinni á ári út í eyjar, og gæti þá svo farið, að hann ekki ætti þaðan apturkvæmt svo fljótt.

Jeg er nú búinn að vera 21 ár í eyjunum, og allan þann tíma hefir prófasturinn að eins komið þangað tvisvar; í seinna

skiptið kom hann þangað 1885; og hvernig halda menn að honum hafi gengið til baka? Það gekk svoleiðis, að þegar hann kom að landi, var stórbrim, sjór fjell yfir skipið, prófastinum skolaði út ásamt öðru fólki og farangri, og það var að eins því að þakka, að hann kunni nokkuð til sunds, og gat því haldið sjer uppi, unz til hans náðist, að hann eigi drukknaði; jeg býst við, að hann langi ekki út í eyjar í bráð aptur.

Vestmannaeyjar eru einn meðal 6 gömlu aðalverzlunarstaða landsins, og eru þar mörg áríðandi störf, sem sýslumaður hefir á hendi, svo sem tollheimta og fleira þess háttar; jeg nefni sjerstaklega tollheimtuna, því hún kemur til að verða ekki svo lítið starf, ef þau lög um tolla ná fram að ganga, sem nú eru fyrir þingi, svo sem tollgjald af kaffi, smjöri o. s. frv. Jeg man líka svo langt, að það dró landssjóð drjúgt, að hafa sýslumann þar í eyjunum; það var árið 1876; þá átti að innleiða tilskipun 11. febr. 1876 um toll á brennivíni og fleiru þess háttar; en auðvitað er, að það var ekki hægt að fylgja henni fyr en hún hafði verið lesin upp á þingi. Von var á skipi með mjög miklum tollskyldum vörum; sýslumaður brá sjer því til og þingaði mánuði fyr, en hann var vanur; skipið kom 2 dögum eptir manntalsþing, og landssjóður græddi að minnsta kosti 1200 kr. Hefði nú sýslumaðurinn ekki verið í eyjunum, þá hefði landssjóður þarna tapað 1200 kr. allt í einu; svona getur optar viljað til. Einu sinni var líka kominn upp sá ósiður í Kaupmannahöfn, að segja nokkru minna það, er á hverri brennivínstunnu væri, en það var í raun og veru, og svona stóð það á tollskránum; sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum komst að því, skrifaði landshöfðingja um það og landshöfðingi síðan ráðherranum, og svo komst lag á allt saman.

Nú eru gufuskip farin að hafa talsverð viðskipti við eyjarnar; í ár hafa komið þangað 3; það hefir komið fyrir, að þau hafa svikizt um að greiða þar hið lögboðna áteiknunargjald, og hefir þá sýslumaður orðið að skrifa landshöfðingja um það. En ætli slíkt hefði nú eigi getað gleymzt hjá hinum og þessum, sem kynnu að hafa haft umboð á hendi?

Enn er það, að opt geta útlendingar komið að eyjunum, einkum frakkneskir fiskimenn; og með þeim geta borizt næmar sóttir; það er nú eigi nóg, að þar sje læknir, þar sem hann ekkert úrskurðarnje framkvæmdarvald hefir, en það hefir sýslumaður, og svo gæti farið sakir þessarar sameiningar, ef hún kæmist á, að drepsótt kæmist inn í landið, og væri þá ver farið en heima setið.

Á eyjunum ætla jeg að sje um 550 manns, um vertíðina bætast við ein 400, og það má geta nærri, að þá þurfi stundum á lögreglustjóra að halda; því opt vill vera sukksamt um vertíð í stórum veiðistöðum.

Ef sami sýslumaður ætti að vera í eyjunum og Rangárvallasýslu, mundi líklega vera skárra að hann sæti úti í eyjum, en í landi.

Jeg ætla enn að minnast með fáum orðum á samgöngurnar milli lands og eyja; því jeg ímynda mjer, að fáir þm. muni þeim vel kunnugir; sjávarströndin eru berir sandar fyrir opnu hafi, en skammt frá landi eru svo sandhryggir, líkt og á vesturströnd Jótlands; sje nú ekkert skarð í þessa hryggi, þá er ólendandi, þótt sjór sje nálega hreifingarlaus, því bæði brýtur á þeim, og svo flýtur eigi yfir þá, nema máske um háflóð, en hyldýpi er fyrir innan þá; sökum þessara hryggja hefir opt legið við mannskaða og stundum orðið. Það er að eins um skörð eða hlið gegnum þessa hryggi, að komizt verður að landi, og geta þau verið misgóð; tala menn því um vond og góð »hlið«. Þessi skörð rífur sjórinn í sandhryggina, einkum í miklum brimum. Að eiga við að lenda á

svona stöðum, er hreint ekkert gaman, og er ekki gerandi að leika sjer að því; en þótt nú heppnist, að maður komist klaklaust í land, þá getur maður samt átt á hættu, að teppast þar máske margar vikur; sama er að segja, þó maður komist út í eyjar, að þá á maður ekki víst að komast til baka fyr en seint og síðar meir. Það væri skemmtilegt fyrir sýslumanninn, að kúra þar svo vikum skipti.

Ef jeg mætti vera svo djarfur, að ráða fjárlaganefndinni heilræði, þá mundi það líklega verða á þá leið, að hún skyldi geyma þessa sparnaðartillögu sína, þangað til loptferðir eru komnar hjer á; jeg gæti þá fyrst gefið henni atkvæði mitt, er búið væri bæði að leggja rafsegulþráð milli lands og eyja, og menn auk þess væru búnir að læra að stýra loptförum; þá mætti fyrst framkvæma þessa sameiningu, er sýslumaðurinn er orðinn óháður sjó og vindi, og þarf ekki annað en bregða sjer upp í loptbát, þegar hann þarf að skreppa út í eyjar.

Það kemur opt fyrir, að skip stranda í Vestmannaeyjum, eins og annarstaðar í veröldinni; ef nú skip stranda þar að hausti, þá mætti búast við að sýslumaður kæmist ekki út til að selja strandgóssið fyr en kæmi langt fram á vetur, eða kannske ekki fyr en um vorið, og gæti það orðið mjög kostnaðarsamt og óhentugt fyrir alla hlutaðeigendur.

Að endingu vil jeg fastlega ráða frá því, að frumv. þetta verði að lögum að því er Vestmannaeyjar snertir.

Þórarinn Böðvarsson: H. þm. Vestm. (Þorst. J.) hefir talað langt erindi og snjallt um þetta frumv. fjárlaganefndarinnar. Það er auðheyrt, að hann er fjarska kunnugur á eyjunum og í Rangárvallasýslu. Hann er sjálfsagt miklu kunnugri á þessum stöðum, en nokkur maður í fjárlaganefndinni, og ef til vill kunnugri en nokkur annar maður á landinu, sjer í lagi þó landslagi og afstöðu eyjanna; að minnsta kosti þekkir hann vel, hvernig lendingar eru, bæði á eyjunum og ströndum meginlandsins, sem næstar eru. En þegar hann fer að segja frá því, hvernig fór um þetta mál á þingi 1877, þá segir hann ekkert annað en það, sem fjárlaganefndin veit. Reyndar er það ef til vill ekki með öllu rjett hjá honum, að »allir kunnugir« hafi þá verið á móti málinu um sameining Rangárvallasýslu og Vestmannaeyjasýslu, heldur mun rjettara að segja, að »allir vilhallir« menn hafi verið á móti því. Það voru þingmenn Vestmannaeyinga, Árnesinga, Rangvellinga og Skaptfellinga, sem börðust á móti frumv., og komu því til leiðar, að það var fellt, þvert á móti vilja margra þingmanna. H. þm. þótti það sorglegt, ef svo færi, að eyjaskeggjar gætu ekki fengið að sjá sýslumann sinn optar en einu sinni á ári; en h. þm. má þó vita, að það er mjög víða hjer á landi, sem menn eigi sjá sýslumann sinn nema einu sinni á ári, og þykir það kappnóg. Þeir kæra sig ekki hót um, að sjá hann optar.

Þá sagði h. þm., að af sýslumannsleysi á Vestmannaeyjum gæti leitt mikið tjón fyrir landssjóð; en jeg vil þá spyrja: leiðir ekki líka mikið tjón af því, að hann er þar? Það kostar þó ekki landssjóð svo lítið fje, að hafa þar sýslumann yfir rúmum 500 manns, og jeg verð að segja, að það sje sízt sæmandi fyrir Ísland, svo fátækt land, að hafa hálaunaða embættismenn, sem ekkert hafa að starfa. Jeg get líka getið þess, að þeir menn eru til í fjárlaganefndinni, sem væru eins fúsir á að leggja það til, að á Vestmannaeyjum væri enginn læknir, ef því yrði við komið. Nú skal jeg benda h. þm. á eitt: presturinn, sem nú er í Vestmannaeyjum, var einu sinni settur sýslumaður á eyjunum um tveggja ára tíma, og þótti takast vel að gegna því embætti. Ef hann nú ekki gæti einhverra hluta vegna tekið að sjer umboð sýslumanns þar á eyjunum, þá er annað ráð, og það er, að biðja læknirinn að vera þar í sýslumanns stað, og tæki

hann það að sjer, þá væri því máli sjerlega vel borgið.

Loks tók h. sami þm. fram, að æskilegt væri ýmsra hluta vegna, að lögreglustjóri væri til staðar á eyjunum, og hann benti á, að sýslumaðurinn hefði einu sinni haldið þar eitt mikilsvarðandi manntalsþing mánuði áður, en venja var til. Þetta var nú mikið gott, og vonandi er, að það hafi ekki verið mánuði áður en lög leyfðu. — Eins sagði hann, að lögreglustjóri væri þar nauðsynlegur vegna útlendra skipa, sem þangað kæmu. Það er sjálfsagt, að það getur verið varúðarvert, að hafa ekki aðgæzlu á útlendingum, þegar þeir koma margir saman á land: en þetta á sjer þó stað víðar en í Vestmannaeyjum. Það má segja sama um Grímsey norður í Íshafi. Þar koma árlega, að því er mjer hefir verið sagt, um 40 útlend skip, og ganga skipshafnirnar iðulega á land. Þar er þó enginn lögreglustjóri, og dettur engum í hug, að setja þar sýslumann, og efast jeg um, að jafnmörg útlend skip komi til Vestmannaeyja, eins og að Grímsey á hverju ári.

Íbúatala á eyjunum mun vera rúm 500 manns, og þegar þar við bætast útróðrarmenn, að sögn þingmannsins um 400 manns, þá verður það um vissan tíma árs rúm 900 manns, sem sýslumaður á að hafa gætur á; en það mun hægt vera, að benda á margar veiðistöður, þar sem miklu fleiri menn koma saman árlega, og er þó enginn lögreglustjóri nálægur á þeim stöðum, og engin þörf á nálægð hans.

Yfir höfuð verð jeg að vera á því, að enginn ógjörningur sje, að láta sama sýslumanninn vera í báðum hinum núverandi sýslum, Rangárvallasýslu og Vestmannaeyjasýslu. Við það sparast landssjóðnum peningar, sem engin vanþörf er á.

Að endingu leyfi jeg mjer að óska þess, að mál þetta fái að ganga til 2. umr. og má þá breyta frumvarpinu eða auka við það, ef mönnum svo sýnist, t. d. að gera nauðsynlegar ráðstafanir um, hvernig fara skuli með umboðsstjórnina og umboðsfjeð þar á eyjunum. Á þessu og öðru má átta sig til 2. umr. Þar sem h. þm. Vestm. (Þorst. J.) talaði um, að frumv. þetta hefði þá fyrst átt að verða til, þegar loptför, sem stýra mætti, væru komin á, þá vonar maður, að þess verði ekki langt að bíða, og vona jeg þá, að h. þm Vestm., sem þá að líkindum verður í sýslumanns stað á eyjunum, fái sjer loptbát til að skjótast í milli lands og eyja, og finna sýslumanninn. En þó loptbáturinn verði ekki kominn á í hans tíð, þá treysti jeg honum fyllilega til að gæta þess, sem sýslumanns ber að gæta, þótt hann geti ekki talað við sýslumanninn optar en einu sinni á ári.

Þorvaldur Bjarnarson: Jeg er á móti sameiningu Rangárvallasýslu og Vestm.-eyja, og veit, að allir þeir, sem sýslumanns vilja njóta, munu segja hið sama. Kunnugleikinn býður mjer að vera á móti þeirri sameiningu, og þykir mjer sjálfsagt, að sýslubúar ekki muni fella sig við að missa rjett sinn. Náttúruöflin hindra og þessa sameiningu, því að sjórinn er opt sá þrándur í Götu, að mánuðum saman er alls ekki mögulegt, að komast milli lands og eyja, svo Rangæingar og eyjabúar yrðu opt að vera sýslumannslausir mánuðum saman, hve mikið sem á lægi. Mjer finnst öllu fremur mögulegt, að sameina bæjarfógetaembættið í Reykjavík og sýslustörfin í Vestmannaeyjum, því að þar er þó opt farið í milli á gufuskipum. Það er þó engan veginn svo, að jeg ráði til slíkrar sameiningar, því hvorttveggja er óhafandi, og vil jeg sterklega ráða frá, að frumv. þetta verði samþykkt.

Grímur Thomsen: Tilgangur frumvarps þessa er sá, að spara, og er það lofsvert. Um sameiningu Dalasýslu og Stranda skal jeg ekki tala, og sje jeg ekkert sjerlegt því til fyrirstöðu, að henni geti orðið framgengt. En um hitt atriðið,

sameiningu Rangárvallasýslu og Vestm.-eyja, vil jeg fara nokkrum orðum. Sýslumaður Vestmannaeyja er, sem aðrir sýslumenn: 1. hjeraðsdómari, 2. umboðsmaður jarða, 3. tollgæzlumaður. Tvö hin síðarnefndu störf getur hann falið öðrum á hendur, þótt ólöglærðir sjeu, en dómaraembættið að eins löglærðum manni. Það er opt nær því mánuðir, sem engin samganga er milli lands og eyja, og því hlýtur þar að vera löglærður maður. Hann þarf drjúgt kaup, og það getur sýslumaður Rangvellinga ekki borgað honum úr eigin vasa, og er jeg því hræddur um, að skortur verði á embættismönnum í þessari sameinuðu sýslu. Jeg vil biðja fjárlaganefndina, að íhuga þessa athugasemd mína.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 19 atkv. gegn 1.

Frumvarp til laga um breyting á landamerkjalögum 17. marz 1882 (C 48); 1. umr.

Flutningsmaður (Þorleifur Jónsson): Í landamerkjalögunum segir, að eigendur og umráðamenn jarða skuli hafa 5 ára frest til að gera út um landamerki á jörðum sínum. Þessi lög öðluðust lagagildi 27. júlí 1882, og er nú frestur þessi út runninn 27. þ. m. Á næstu manntalsþingum verður því að beita þeim sektum, sem við eru lagðar, ef menn hafa þá eigi fullnægt ákvæðum landamerkjalaganna. En nú er svo ástatt, að mjög margir eiga eptir að gera út um landamerki á jörðum sínum, og munu trauðlega fá lokið því starfi fyrir næsta manntalsþing, að ári; þess vegna er komin fram þessi tillaga um 2 ára lenging á frestinum, og er, að minni ætlan, alveg nauðsynlegt, að hún fái fram að ganga, því að starf þetta er mjög þýðingarmikið fyrir eptirtímann og töluverðum erviðleikum bundið, ef vel á að gera. Ýms skilríki fyrir landamerkjum jarða eru bæði á landsbókasafninu og ef til vill víðar hjer í Reykjavík og á söfnum erlendis; tekur opt mjög mikinn tíma að nálgast þau; en hins vegar mjög áríðandi fyrir menn, að fá þessi skjöl, áður en þeir semja merkjalýsing af jörðum sínum, eða höfða mál út af landamerkjaþrætu. Mjer er kunnugt, að það hefir opt dregizt, að ná í landamerkjaskjöl úr Reykjavík, þó að menn hafi gert tilraun til þess í tækan tíma. Vona jeg því, að allir verði meðmæltir þessu frv.

Þorlákur Guðmundsson: Það er reyndar að miklu leyti kæruleysi hjá landsmönnum að kenna, að málinu er ekki orðið meira ágengt en orðið er; en jeg skal þó geta þess, að jeg álít frestinn nauðsynlegan úr því, sem nú er komið, og er málinu hlynntur. Jeg vildi einnig óska, að annað atriði í landamerkjalögunum væri tekið til íhugunar, áður en málið kæmi til 2. umr. Það hefir t. d. komið fram sá skilningur á lögum þessum, að menn sjeu ekki skyldugir að lúka þrætunum á þessu 5 ára tímabili, eða sektum sæta undir vissum kringumstæðum eptir þann tíma, heldur væri nægilegt, að semja landamerkjalýsingar, sýna þær hlutaðeigendum og láta svo þar við sitja. Þetta getur naumast verið tilgangur laganna, og vil jeg leyfa mjer að skírskota til h. 2. þm. Eyfirðinga, sem átti nokkurn þátt í tilbúningi þessara laga og sem er lögfróður maður, og þætti mjer gott að heyra, hvort hann álíti þennan skilning rjettan.

Benidikt Sveinsson: Jeg skal eptir áskorun h. 1. þm. Árnes. (Þorl. Guðm.) lýsa yfir því, að jeg er honum samdóma um, að sá skilningur á landamerkjalögunum, sem hann gat um, sje rangur; því að annars yrði og alveg þýðingarlaust, að taka til ákveðinn tíma í lögunum, nema rjett í orði kveðnu, því þá yrði hverjum einum innan handar, að gera ákvæði laganna um sektir þýðingarlaust, með því að taka blek og penna og rita landamerkjaskrá. Hins vegar álít jeg þó alls ekki nauðsynlegt til að sleppa við sektirnar, að landamerkjamálið sje á enda kljáð; jeg ætla, að það nægi, ef menn geta sýnt og sannað, að

þeir hafi byrjað á málinu í rjettarfarslegum skilningi, eða að það hafi að minnsta kosti verið lagt til sátta á lögskipaðan hátt. Annað mál er það, að þetta frumvarp mundi þó ekki einhlítt, ef það kæmi fram í einstöku tilfelli, að hlutaðeigandi hefði gert sig sekan í sjerstöku hirðuleysi eða undandrætti með að fullnægja lögunum.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er h. 2. þm. Eyf. (B. Sv.) þakklátur fyrir upplýsinguna. Jeg hefi líkan skilning á þessu máli sem hann. En jeg held, að landsh. hafi meint í brjefi sínu út af fyrirspurn sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, að menn sjeu alls ekki skyldugir að hafa byrjað á málinu. Um þetta atriði þarf greinilegri lagaskilríki, en nú eru, sem taka af allan vafa.

ATKVÆÐAGR.: Málinu í e. h. vísað til 2. umr.

Tillaga til þingályktunar um Spánarsamning (C 45); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR: Ein umr. samþ. með öllum atkv.

Till. til þingályktunar um landsskuldargjald á Vestmannaeyjum (C 39); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Ein umr. samþ. með öllum atkv.

Till. til þingsályktunar um undirskript konungs undir lagatexta (C 40); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Ein umr. samþ. í einu hljóði.

Tólfti fundur, fimmtudaginn 14. júlí á hádegi. Allir á fundi hinir sömu og áður.

Einar Thorlacíus, 1. þm. N.-Múlas., ekki væntanlegur á þetta þing.

Forseti skýrði frá, að sjer væri tilkynnt, að í nefndinni um reikningsskil fyrir alþingistíð. 1885 væri kosinn formaður Lárus Halldórsson og skrifari Sigurður Jensson; í nefndinni um reikningsskil fyrir Arnarstapa og Skógarstrandar-umboði væri kosinn formaður Lárus Halldórsson og skrifari Sigurður Jensson, og í nefndinni um frumv. til laga um tollgreiðslu væri kosinn formaður Ólafur Briem og skrifari Lárus Halldórsson.

Þá gat forseti um að til sín væri komin:

1. Beiðni frá fornfræðing Sigurði Vigfússyni um 300 kr. styrk til að safna forngripum.
2. Beiðni frá búfræðing Sveini Sveinssyni um 7—10 þúsund kr. lán til þess að koma upp búnaðarskóla á Hvanneyri.
3. Beiðni frá prestinum á Hálsi í Þingeyjarsýslu um 200 kr. uppbót á prestakallinu.
4. Beiðni um kaup á 3 þjóðjörðum í Skaptafellssýslu.
5. Skjöl viðvíkjandi árgjaldi af Laufásprestakalli.

Frumv. til laga um aðflutningstoll af kaffi, sykri, útlenzku smjöri og óáfengum drykkjum, svo og um afnám ábúðar- og lausafjárskatts og útflutningsgjalds af fiski og lýsi (37); 1. umr.

Árni Jónsson: Eins og h. þingdm. sjá, erum vjer þrír flutningsmennirnir; en þó jeg taki til máls, þá skal jeg ekki vera margorður um frumv. að þessu sinni. Jeg þykist vita, að það muni ekki komast þrautalaust eða fáort gegnum þingið, enda er efni þess mikið og margbreytt. Mál þetta hefir, eins og menn muna, verið fyrir þinginu áður í svipuðu formi; 1885 var líkt frumv. fyrir Ed. og komst þar í gegn, en var fellt þegar hingað kom í þessa deild. Aptur var annað svipað frumv. rætt og samþ. hjer í deildinni sama ár, en það fjell í Ed. Allt þetta bendir á óskir manna um að fá breytt hinum beinu sköttum í óbeina skatta, enda hafa nú komið til þingsins margar óskir um það í

fundargjörðunum frá kjördæmum og kjósendum víðsvegar um landið, að fá afnumin ábúðar- og lausafjárskattinn. Um undanfarin fjögur ár hafa þessir skattar verið lækkaðir um helming, en jeg verð að telja það óheppilegt að vera að gefa eptir ár eptir ár þá skatta, sem lögleiddir eru, því við það kemst eins konar hefð á þessa linun, svo þessir skattar mundu þykja ný álaga, ef þeir væru að fullu innheimtir, jafnvel þótt þeir sjeu samkvæmir gömlum lögum. En eins og jeg tók fram áðan, er mál þetta talsvert vandamál og margbrotið, svo frumv. er, ef til vill, ekki svo úr garði gjört, sem sumir vildu óska. Alít jeg því æskilegt, að það verði vandlega íhugað, og leyfi mjer, eptir ósk og vilja sjálfs mín og meðflutningsmanna minna að stinga upp á, að því verði vísað til nefndar þeirrar, sem kosin var í gær til að íhuga frumv. til laga um tollgreiðslu. Bæði þessi mál eiga nokkuð skylt hvort við annað, þar sem frumv. um tollgreiðslu miðar til að ljetta á kaupmönnum þeirri byrði, sem þetta og önnur tollfrumv. leggja þeim á herðar. Jeg leyfi mjer því að skora á h. forseta, að leita samþykkis deildarinnar til, að þessu frumv. verði vísað til áðurgreindrar nefndar, samkvæmt þeirri heimild, sem 9. gr. þingskapanna veitir í þessu efni.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. með 20 atkv., að vísa frumv. til nefndarinnar í málinu um tollgreiðslu.

Frumv. til laga um breyting á 1. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (C. 51); 1. umr.

Flutningsmaður (Sigurður Jensson): Það hefir fyr staðið til, að koma með þetta mál inn á þingið, en sá þingmaður sem hafði tekið það að sjer, hefir að líkindum ekki sjeð sjer fært að hreyfa málinu, vegna þess anda, sem var ríkjandi á þinginu, þegar um lík mál var að ræða. Jeg hefi nú samt ekki hikað við að taka málið að mjer, í þeirri von, að h. þing mundi finna fulla ástæðu til að taka það til greina, er það hefði yfirvegað allar ástæður, jafnvel þótt jeg viti að þingið hefir verið tregt til að breyta prestakallalögunum, einkum þegar breytingunum hafa verið samfara fjárútlát fyrir landsjóðinn; en það er einkum þessi stefna þingsins, sem hefir valdið því, að prestar og söfnuðir hafa óskað, að umboðsvaldið hefði meira vald í þessum málum en hingað til hefir verið álitið að það hefði. Menn mega ekki ætlast til, að jafn umfangsmikið og vandasamt mál sem skipun prestakalla er, verði afgjört á einu þingi eða leitt þannig til lykta, að öllum líki, enda voru margir þingmenn, sem álitu málið alls ekki nægilega undirbúið, þegar prestakallamálið var samþykkt á þinginu 1879. Það er því ekkert óeðlilegt, þó að uppástungur hafi komið og komi inn á þing um breytingar á lögum þessum.

Að því er sjerstaklega snertir þá breyting, sem hjer ræðir um, þá er stungið upp á, að færa árgjaldið af Staðarprestakalli á Reykjanesi úr 400 kr. ofan í 200 kr. Þetta 400 króna árgjald er svo undir komið, að það var uppástunga brauðaskipunarnefndarinnar, að sameina skyldi Garpsdalsprestakall og Staðarprestakall og greiða síðan 400 kr. af hinu sameinaða brauði. En þegar til þingsins kom, vakti þessi sameining mótmæli, og var það einkum hinn þáverandi þingmaður Dalamanna, sem taldi hana ógjörlega. Kom hann svo með breytingartillögu í þá átt, að Garpsdalur skyldi vera sjerstakt prestakall, og Staður sömuleiðis sjerstakt prestakall; en í breytingartillögunni var ekki nefnt neitt árgjald af Staðarprestakalli. Breytingartillaga þessi var síðan samþykkt af þinginu; en hvernig stendur á þessu 400 króna árgjaldi, veit jeg ekki. Af þingtíðindunum sjest ekki, að nokkur hafi talað í þá átt, að þetta gjald skyldi greiðast af brauðinu, og á breytingartillögunni sjest það ekki. Þeir, sem undirbjuggu málið, og jeg hefi getað átt tal við, hafa líka

sagt mjer, að það ekki hafi verið meiningin, að þetta gjald skyldi greiða af brauðinu, úr því ekkert varð úr sameiningunni. Þegar nú á hinn bóginn er litið til Staðar-brauðsins sjálfs, þá verður mjer það líka alveg óskiljanlegt, hvernig þingið hefir getað gjört þetta. Tekjur brauðsins eru í stuttu máli þessar:

af kirkjujörðum . . . . . kr. 212,81
af útkirkjum, tíund, lambsí.,
dagsverk, aukaverk . . . . — 454,32
eða alls: kr. 667,13

Svo kemur bújörðin, og það er hún, sem hleypir upp mati brauðsins. Hún gefur af sjer rúm 60 pd. dúns, og þar er nokkur selveiði, sem talin er að gefi af sjer um 80 kr. Fyrst er talin landsskuld og leigur af jörðinni, og síðan eru hlunnindin metin til peninga, og á þann hátt verður jörðin reiknuð prestinum á 1148 kr. 3 a. Þetta samsvarar — ef dúnn er reiknaður á 15 kr. pundið, sem er of hátt, eptir því sem nú er, og eptir meðalverði á dún — 76 punda afgjaldi. Nú er rjett, þegar bújörð er talin með tekjum presta, að telja hana eins og hún væri sanngjarnlega leigð. En engum, sem nokkuð þekkir Stað, getur víst dottið í hug, að nokkur taki jörðina móti því að gjalda af henni allan þann dún hreinsaðan, sem hún gefur af sjer, og þar að auki um 240 kr. Jeg álít, að afgjaldið af Stað gæti, eptir því sem jarðir eru byggðar á Breiðafirði, og er þar þó leigumáli hár á jörðum, í mesta lagi reiknast 45—50 pund af dún, og yrðu tekjur brauðsins þá eptir hæfilegu mati 1300 til 1400 kr. Það var reyndar eðlilegt, að þingið færi eptir því mati, sem fyrir því lá; en samt sem áður gat það ekki, ef það vildi vera sjálfu sjer samkvæmt, lagt 400 kr. árgjald á Staðarprestakall, þar sem það ekki lagði nema 100 kr. árgjald á Vatnsfjarðarbrauðið, sem þó er metið nálega 200 kr. meira en Staður, og alls ekkert árgjald á Holtsprestakall í Önundarfirði, sem er talið jafn tekju mikið og Staðarprestakall.

Jeg get því ekki betur sjeð, en að þessi 400 króna árgjaldsskylda sje kominn inn í frumv. fyrir yfirsjón þingsins eða slys, og að það því sje sanngjarnt eða jafnvel skylda þingsins, að leiðrjetta það. Það er líka auðsjeð, að þeim, sem til þekktu, hefir ekki litizt á þetta gjald af brauðinu, því þegar brauðið losnaði síðast, sótti enginn af nágrannaprestunum um það og enginn, sem var kunnugur. Hið háa mat hefir villt sjónir fyrir þeim presti, sem þar er nú, enda sjer hann sjer ekki fært að vera þar lengur með þessum kjörum. Þótt jeg fyrir mitt leyti sje þeirrar skoðunar, að rjettast sje að aftaka þetta ósanngjarna gjald með öllu, hefi jeg þó ekki viljað fara svo langt, en að eins farið fram á, að það yrði lækkað um helming. Jeg þóttist vita, að jeg myndi ekki geta fengið því framgengt, að árgjaldið yrði alveg afnumið, og hefi jeg því strax stungið upp á þeirri hæstu upphæð, sem nokkur spurning getur verið að Staðarprestakall þoli.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 13 atkv. gegn 6.

Frumv. til laga um lausn frá árgjaldsgreiðslu af prestakalli (C. 52); 1. umr.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg vona, að ekki þurfi að tala langt erindi fyrir máli þessu, því það er ekki ókunnugt hjer á þinginu; menn muna víst eptir, að það sem sje hefir hefir verið samþykkt í efri deild, en fjell svo hjer í neðri deild af einhverjum mjer alveg óskiljanlegum ástæðum. En jeg treysti því, að allir muni játa, að það, sem hjer er farið fram á, sje í fyllsta máta rjett og sanngjarnt. Allir vita, hvílíkur heiðursprestur það var, sem sótti um Laufásprestakall eptir Björn Halldórsson látinn, og mönnum mun einnig kunnugt um, að naumast var nefndur prestur (B. H.) látinn, áður mál var höfðað um hin helztu hlunnindi nefnds prestakalls, hinn svo nefnda Neshólma, og niðurstaðan varð, að

hann var dæmdur undan Laufási, og var það meiri rýrnun á brauðinu en árgjaldinu nemur; eptir eiðfestu áliti tvisvar tveggja manna var það yfir 400 kr. skaði fyrir prestakallið. Eins og það væri rangt og ótilhlýðilegt, að bæta slíkan skaða, ef hann hefði að einhverju leyti verið sjálfskaparvíti prestsins, eins álít jeg bæði rjettvíst og sanngjarnt, að bæta þetta, af því það er öldungis ósjálfráður og óhjákvæmilegur skaði fyrir hlutaðeigandi prest. Enn fremur virðist mjer mannúðin heimta, að greiðlega sje vikizt undir þetta; því það er alveg víst, að prestinum í Laufási hefir verið og er enn gjörsamlega ómögulegt að lúka árgjald þetta, og er mjer það þó fullljóst, hve sárt hann tekur að geta það eigi, og þurfa ef til vill að dragast fyrir dómstól þess vegna; og ef öllum hinum heiðruðu þingdm. væri þetta jafnljóst og mjer, er jeg viss um, að engum þeirra mundi blandast hugur um, hvað þeir ættu að gera í þessu máli, því það er kunnugt um sæmdarprest þenna, að hann hefir aldrei auðsældarmaður verið.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að prestur þessi hefir lagt stórmikið í sölurnar fyrir það mál, er vjer allir játum, að er eitt af mestu velferðarmálum lands vors, bindindismálið. Jeg hefi einnig handa á milli beiðni frá honum um styrk til viðurkenningar fyrir erfiðismuni hans í því máli, sem jeg að vísu ætla að bera fram í fjárlaganefndinni, en geri mjer þó ekki von um að hún fái mikla áheyrn; en einnig þetta vona jeg að hvetji menn til að fallast á frumv. þetta, svo ekki þurfi þessi sæmdarprestur að dómfellast fyrir vanskil á árgjaldinu, og verði þannig einum sæmdarpresti færra á landi hjer.

Grímur Thomsen: Hafi jeg skilið h. flutningsm. rjett, þá lagði hann aðaláherzluna á sanngirniskröfuna í þssu máli, enda er það hið eina rjetta í þessu máli. *(Þór. Böðv.:* Jeg lagði bæði áherzlu á rjettar- og sanngirniskröfuna). Það er sanngirniskrafan ein, sem hjer getur komið til greina, og frá því sjónarmiði mun jeg eflaust greiða atkv. með þessu máli, því jeg álít að sanngirniskrafan ein geti komið til greina hjer á þingi, því rjettarkrafan heyrir undir úrskurð dómstólanna. En jeg vil að eins taka eitt fram, sem snertir að eins formið á frumv., nefnil. það, að mjer þætti viðkunnanlegra, að í frumv. stæði: »Hinn núverandi prestur í Laufási«, í staðinn fyrir: »Magnús prestur í Laufási«, því það er ætíð óviðkunnanlegt, að sjá nöfn einstakra manna þannig tilfærð. Vil jeg þess vegna skjóta því til h. flutningsm., hvort honum ekki sýnist, að breyta frumv. á þessa leið.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg er þakklátur fyrir hverja bendingu í þessu máli, og jeg mun taka bendingu h. þm. Borgf. (Gr. Th.) til greina; en um leið skal jeg taka það fram, að í frumv. hefir misprentazt 87 fyrir 84; jeg held jeg megi fullyrða, að það hafi staðið 84 í handritinu, eins og átti að vera.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um mál þetta, en jeg vona fastlega, að h. þingdm. láti málið ganga tafarlaust til 2. umr.

Forseti: Frumv. verður að koma til 2. umr. eins og það liggur fyrir, en flutningsmanni er innanhandar að koma með þetta sem breytingaratkvæði.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 15 atkv. gegn 3.

Frumvarp til laga um, að umsjón og fjárhald Flateyjarkirkju skuli fengin í hendur söfnuðinum (C. bls. 70 og nr. 49); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Páll Briem): Aðalverkefni nefndarinnar, sem sett var í þetta mál, var það, að athuga, hvort kostir þeir, er frumv. stjórnarinnar býður fram á afhending Flateyjarkirkju, væru aðgengilegir fyrir landssjóð, og hefir nefndinni fundizt kostirnir góðir. Kirkjan er 30 ára gömul og hefir á þessum 30 árum safnað 86 kr. í sjóð; gjaldendur hennar eru ekki nema 12 og þeir flestir fátækir; þykir oss nefndarmönnum því engin von á, að betri kostir fáist, en þeir, sem í boði eru, og er

það tillaga vor, að þingið gangi að kostum þessum, eins og þeir liggja fyrir.

Eptir tillögum hæstv. landsh. hefir nefndin kynnt sjer svör þau og kosti, sem komið hafa frá sóknuðum landssjóðskirkna víðsvegar um land. Undirtektir safnaða þessara, um að taka að sjer fjárhald og umsjón kirknanna, hafa verið mjög misjafnar. Sumir þeirra hafa algjörlega synjað, en sumir sett afarkosti. Þó skal þess getið, að Ingjaldshólssóknuður gefur kost á að taka við kirkjunni með 3000 kr. álagi, og virðist oss það eigi ósanngjarnt, því að kirkjan er orðin 34 ára gömul og farin að bila, en aðflutningar á við mjög örðugir í því hjeraði og allt verðlag dýrt. Jeg verð að geta þess, að í nefndarálitinu er sagt, að tekjur kirkjunnar árið 1884 hafi verið 39 kr. 8 a., en það er ekki rjett, því að þær voru ekki nema 10 kr. 85 a. 1885 voru þær 39 kr. 8 a. Um tillögur hinna annara safnaða skal jeg ekki fara mörgum orðum. Kostir þeir, er Vestmanneyingar setja, eru alveg óaðgengilegir. Sama er að segja um Bjarnanesskirkju. Munkaþverársóknuður hefir vantreyst landssjóði til að láta nægilegt fje af hendi í álag (c. 2000 kr.). Í Möðruvallasókn var ekki haldinn lögmætur fundur. Í Vestur-Skaptafellsprófastsdæmi lítur helzt út fyrir, að málið hafi ekki verið borið rjett upp, því að í brjefi prófastsins segir, að hann hafi látið safnaðarfulltrúana skera úr. Yfir höfuð eru svör safnaðanna mjög ógreinileg, og nefndin hefir þar af leiðandi ekki getað komið fram með nokkra ákveðna uppástungu. Hún vill því leggja það til, að landsstjórnin leitist enn á ný við að koma samkomulagi á milli safnaðanna og landsstjórnarinnar; komist það ekki á, liggur ekki annað fyrir en gera einhver laga-ákvæði gagnvart sóknuðum þessum; en nefndinni þykir eigi gjörlegt, að ráða til slíkra aðgjörða fyr en öll von um samkomulag er þrotin.

Landshöfðingi: Jeg er þakklátur nefndinni fyrir það, hve vel hún hefir tekið máli þessu, og fyrir vandvirkni þá, sem hefir í því sýnt. Frá stjórnarinnar hlið sje jeg ekkert á móti því, að mál þetta fái fram að ganga í þeim búningi, sem það hefir fengið hjá nefndinni. Jeg skal að eins geta þess, að það er ekki full vissa fyrir því, að meira en helmingur atkvæðisbærra manna hafi verið á fundinum í Ingjaldshólssókn, þar sem samþykkt var að taka að sjer umsjón og fjárhald kirkjunnar, en frumv. veitir stjórninni að eins heimild til að fá sóknuðinum kirkjuna í hendur með tilteknum kjörum, og má því fá vissu seinna um, hvort tveir hlutir sóknarmanna eru því samþykkir.

Nefndin álítur æskilegt, að reynt sje enn á ný að ná samkomulagi við sóknuði landssjóðskirknanna; en jeg hefði kunnað betur við, að nefndin hefði komið fram með það sem sjerstaka þingsályktunartillögu, því að það væri þægilegra fyrir stjórnina.

Framsögumaður (Páll Ólafsson): Hvað viðvíkur Ingjaldshólskirkju, þá er þess ekki getið í brjefi prófastsins, sem annars er mjög greinilegt, að fundurinn hafi ekki verið lögmætur; en þess er getið, að meir en 20 sóknarmanna og öll sóknarnefndin hafi verið á fundi. Nefndin hafði hálfpartinn hugsað sjer að koma fram með þingsályktunartillögu viðvíkjandi því, að landsstjórnin leiti enn þá samkomulags við þá sóknuði, sem annaðhvort hafa ekkert svar gefið, eða þá einhverja afarkosti sett, og bendingu hæstv. landsh. í þessa átt vill hún gjarnan taka til greina; en nefndin vildi fyrst heyra umræður um málið hjer í deildinni og undirtektir h. þm. undir það.

Árni Jónsson: Jeg vil að eins bæta því við, að nefndinni var að vísu kunnugt um, að hjer hefði átt sjer stað naumast lögmætur fundur, eins og þegar hefir verið drepið á, en jeg er alveg samdóma hæstv. landsh. um það, að það sje

þó betra að landsstjórnin hafi þessa heimild, sem hjer er farið fram á, og sömuleiðis er jeg þess fullviss, að ef þessi heimild er veitt, og ef hún er brúkuð, þá muni landsstjórnin sjá um, að allt hjer að lútandi sje í löglegu formi. Hvað því viðvíkur, að koma fram með þingsályktunartillögu í þessu efni, eins og h. landsh. benti á, þá hafði nefndinni líka dottið það í hug, og væri að mínu áliti æskilegt, að hún kæmi fram annaðhvort frá nefndinni einni saman, eða þá í samvinnu við einhverja aðra h. þingmenn, og að því vildi jeg fyrir mitt leyti styrkja.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. h.

Frv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands (C 41); 1. umr.

Benedikt Sveinsson: Jeg geng út frá því sem alveg vísu, að það sje öllum ljóst, að þetta mál flestum eða öllum öðrum málum fremur eigi heimtingu á hinni nákvæmustu rannsókn og yfirvegun í öllum greinum, og í öðru lagi geri jeg fullkomlega ráð fyrir því, að mönnum finnist æskilegt, og jafnvel nauðsynlegt, að spara umræður um þetta sem mest má verða, án skaða fyrir málið, enda hefir þegar áður verið svo margt og mikið rætt og ritað um það, að vjer komum hjer sannarlega ekki ókunnugir að.

Af þessum ástæðum vil jeg þegar á þessu stigi málsins leyfa mjer að stinga upp á, að nefnd verði sett í þetta mikilsvarðandi mál, og 1. umr. frestað. Og sting jeg enn fremur upp á, að nefnd þessi verði skipuð 7 mönnum.

ATKVÆÐAGR.: Sjö manna nefnd samþykkt með 21 atkv., og þessir kosnir:

Benidikt Sveinsson með 21 atkv.
Árni Jónsson — 20 —
Lárus Halldórsson — 20 —
Páll Briem — 13 —
Sigurður Stefánsson — 12 —
Þorleifur Jónsson með 12 atkv.
Þorvarður Kjerulf — 11 —

Frumv. til laga um breyting á lögum um gjald af brennivíni o. s. frv. 7. nóv. 1879 (C 35); 2. umr.

Árni Jónsson: Þetta frumv. mætti nokkrum andmælum við 1. umr.; en þó engar breytingar hafi enn komið fram við frumvarpið, þá hefir okkur flutningsmönnum komið saman um, að heppilegt mundi vera, að vísa þessu máli til nefndarinnar, sem þegar er sett í málið um tollgreiðslu, ef hún kynni að finna ástæðu til, að gera frumv. enn aðgengilegra fyrir þá, sem hreyft hafa andmælum gegn því, og skal jeg leyfa mjer að skjóta því til h. forseta, hvort hann ekki vill bera upp þessa uppástungu núna, enda þótt málið sje hjer til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. í e. h. að vísa frumv. til nefndarinnar í málinu um tollgreiðslu.

Frumv til laga um breyt. á lögum um aðflutningsgjald á tóbaki 11. febr. 1876 (C 36); 2. umr.

Árni Jónsson: Þetta mál fjekk svo góðar undirtektir við 1. umr., að jeg álít, að ekki þurfi mikið að mæla fram með því nú. Jeg hefi bæði frá einum h. þm. og svo af umræðum bæstv. landsh. í fyrra um þetta mál fengið bendingu um, hvort ekki mundi vera ástæða til, að bæta inn í frumv. smávindlum (Cigaretter). Þess var getið í fyrra, að ef mjög hár tollur yrði lagður á vindla, þá mundu menn skjóta sjer undan tollinum með því að fá sjer smávindla. Það verður reyndar ekki girt fyrir það, að menn geti búið þá til sjálfir hjer á landi. En eptir nákvæmari yfirvegun finnst mjer samt, að rjett mundi vera, að gera breyting á frv. í þessa átt til 3. umr. Jeg ætla svo ekki að fara fleirum orðum

um þetta frumv., fyr en einhver hreyfir mótbárum gegn því.

Eiríkur Briem: Jeg vil leyfa mjer að gera það að minni uppástungu, að þessu máli sje einnig vísað til þeirrar nefndar, sem hefir hin tollmálin til meðferðar, svo þau sjeu öll hjá hinni sömu nefnd.

Árni Jónsson: Jafnvel þótt jeg ímyndi mjer, að nefndin komist ekki að miklum mun heppilegri niðurstöðu í þessu máli, en þegar er fengin, þá skal jeg fyrir mitt leyti ekkert hafa á móti þessari uppást. h. 1. þm Húnv. (E. Br.), allra sízt þar sem hann er einn af nefndarmönnunum.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. að vísa þessu máli sömuleiðis til nefndarinnar um tollgreiðslu.

Tillaga til þingsályktunar um hallærislánabeiðslur (C 53); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Eptir uppást. forseta var samþ. í e. h., að hafa eina umræðu um málið.

Þrettándi fundur, föstudag 15. júlí á hád.

Forseti skýrði frá, að í nefndinni um frumvarp til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands væri kosinn formaður Benidikt Sveinsson, og skrifari Lárus Halldórsson.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaða á Vogavík og Þórshöfn í Gullbringusýslu (C 34); 2. umr.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg finn enga ástæðu til, að tala neitt fyrir frv. þessu, því það mætti svo góðum undirtektum hjá þingdm. við fyrstu umræðu. Jeg legg það því til, að frumv. sje vísað til 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 19 atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 19 atkv.

Frumv. til laga um breyting á 4. gr. í lögum um laun sýslumanna og bæjarfógeta 14. desbr. 1877 (C 46, 67); 2. umr.

Þórarinn Böðvarsson: Eins og þingdm. er kunnugt, hefir frumv. verið breytt þannig (67), að því hefir verið skipt og hjer er að eins frumv. um sameiningu Stranda og Dalasýslu; því það er kunnugt, að sameining Stranda og Dalasýslu fjekk enga mótspyrnu við 1. umr., en sameining Vestmannaeyjasýslu við Rangárvallasýslu fjekk þar á móti talsverð andmæli, og þess vegna hefir fjárlaganefndin breytt þessu þannig, og vonast jeg eptir, að allir þingdm. hafi fengið breytingartill.; og af því engar mótbárur hafa komið fram gegn breytingartillögunni, finn jeg eigi ástæðu til, að fara fleirum orðum um þetta mál.

Þorvaldur Bjarnarson: Eins og áður verð jeg fastlega mótfallinn því, að Vestmannaeyjasýslu sje sameinuð Rangárvallasýslu.

Forseti: Eptir tilætlun fjárlaganefndarinnar liggur það mál ekki fyrir í dag.

ATKVÆÐAGR.: Breytingartill. (67) samþ. í e. h. Frv. með á orðinni breytingu samþ. í e. hl. Málinu vísað til 3. umr. í e. hl.

Frumv. til laga um stækkun verzlunarstaðarins á Eskifirði (C 47); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. umræðulaust með 19 atkv., og sömuleiðis vísað til 3. umr. með 19 atkv.

Frumv. til laga um breyting á landamerkjalögum 17. marz 1882 (C 48); 2. umr.

Flutningsmaður (Þorleifur Jónsson): Við 1. umr. þessa máls benti einn þingdm. á, að vel mundi til fallið, að gera aðra breytingu á 5. gr. landamerkjalaganna, til þess að koma í veg fyrir, að skilningur landsh. á þessari grein gæti valdið því,

að menn kæmust hjá að semja landamerkjalýsingar fyrir jörðum sínum, láta þinglýsa þeim, og á annan hátt að fullnægja 1.—4. gr. landamerkjalaganna, án þess þó að verða fyrir sektum; en jeg held, að skilningur landsh. gefi ekki tilefni til þess, eins og sjá má, ef vel er athugað brjef hans í Stjórnartíðindunum 1886, nr. 70. Samkvæmt því skilur landsh. svo 5. gr. landamerkjalaganna, að þótt einhver hafi eigi látið þinglýsa landamerkjalýsing í tæka tíð, verði honum eigi gefið það að sök, ef þeir, sem land eiga til móts, hafa ekki viljað samþykkja hana.— En þá skilst mjer ekki betur, en að sá, sem neitar að skrifa undir landamerkjalýsing, hljóti að sæta sektum eptir 5 ár frá því er landamerkjalögin öðluðust gildi, og ef tveir, sem eiga land til móts hvor við annan, semja sína merkjalýsinguna hvor, án þess að fá undirskript hins, verði báðir fyrir sektum; þannig getur, að minni ætlun, skilningur landsh. eigi leitt til þess, að menn geti um aldur og æfi skotið á frest, að útkljá landamerki jarða sinna; þess vegna álít jeg breytingartill. óþarfa, enda hefir 1. þm. Árn. (Þ. G.), sem hreyfði því um daginn, að hennar væri þörf, ekki komið með hana.

Af því að málið fjekk góðar undirtektir við 1. umr. og sætti þá engum mótmælum, finn jeg eigi ástæðu til, að fara um frv. fleirum orðum.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg hefi hikað við að koma með breyt.tillögu að sinni, allra sízt þegar fresturinn mun verða lengdur; en jeg er samt hræddur um, að til þess þurfi að taka, að það verði nauðsynlegt, það er að segja, ef til þess skyldi draga með skilning á lögunum, að þeir skyldu ekki sektum sæta, sem, þegar tíminn er út runninn, hafa ekki lokið þrætu. Það er líka auðsætt, að meining laganna er að þvinga menn, hvort heldur það er einn eða tveir, sem eigi hafa ákveðið landamerki sín og orðið ásáttir um þau fyrir hinn ákveðna tíma, sem gefinn er til að útkljá landamerki sín; þess vegna stendur í 1. gr.: »er skyldur«; og hvað hefir svo það orð að þýða, ef hann er ekki skyldur, fremur en hann vill? Það gæti komið fyrir eptir þessum skilningi, að einhverjir 2 t. d. láti sjer nægja, að sýna hver öðrum landamerkjaskrá sína, og láti síðan þar við sitja, án þess að útkljá málið, þó þeir kunni að vera sundurþykkir um það; getur einnig verið, að ýmsir, sem nú eru nágrannar, geti komið sjer saman, þótt landamerki þeirra sjeu ekki skýrt á kveðin; en næstu ábúendur kynnu þrátt fyrir það að verða ósamþykkir, ef eigi væri áður útkljáð landamerki milli þeirra. Það er gefið, að ef menn komast af með, að útkljá ekki prætu, og sleppa við sektir, að ýmsir trassar verði lausir fyrir undandrátt sinn og seinlæti; væri það þó illt, þar sem hinir framkvæmdarsamari hafa lagt fram fje og tíma til að útkljá mál sín, ýmist með dómi eða á annan hátt, og sýnt lögunum hlýðnir.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. í einu hljóði. Málinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Tillaga til þingsályktunar um landsskuldargjald á Vestmannaeyjum (C 39); ein umr.

Flutningsmaður (Þorsteinn Jónsson): Þetta mál hefir opt verið á dagskrá; Vestmannaeyingar hafa lengi fundið til þess, að þeir yrðu þungt úti með landsskuldargjöld af landssjóðsjörðunum; þeir sóttu því optlega til ráðgjafarþinganna um, að fá linun í gjaldi þessu, en það fór optast svo, að málinu var vísað forsetaveginn til stjórnarinnar, og svo dagaði það jafnaðarlega uppi.

Landsskuldarójöfnuður þessi er þannig til kominn, að landsskuldirnar eru metnar eptir harðfisksálnum, en skulu þó greiðast í peningum. Fyrrum var mikill harðfiskur verkaður á eyjunum, en á því voru margir annmarkar, þar sem fiskurinn ýmist fraus eða varð að meltingi sakir ó-

þurka, og var því engin verzlunvara; hættu menn því þeirri verkunaraðferð algjörlega, og söltuðu allan sinn fisk, en við það minnkaði harðfiskur mjög á markaðinum, að flestir landsbúar tóku upp þessa verkunaraðferð, og hækkaði þar af leiðandi mjög í verði; en við það hækkuðu einnig mjög svo landsskuldirnar á eyjunum, og munaði það svo miklu, að landsskuldirnar urðu með öllu óbærilegar. Vestmannaeyingar beiddust þess á þingi 1875, að þeir mættu greiða landsskuldirnar í saltfisksálnum, eða eptir meðalverði allra meðalverða; en þingið vildi þá eigi sinna beiðni þessari, sakir þess, að því þótti nægilegar upplýsingar vanta, og svo vildi þingið láta þetta mál bíða þess, að skattamál og þjóðjarðamál öll væru tekin fyrir í heild sinni, og var því sett millum-þinganefnd til að íhuga öll þessi mál; voru í henni hæstv. landsh., h. forseti, og fyrverandi þm. Rvík.

Nefndin lagði til, að landsskuldirnar á Vestmannaeyjum yrðu þaðan af greiddar eptir meðalverði allra meðalverða, og færði þau rök fyrir, sem þingið 1879 tók góð og gild. Lýsti nefndin yfir því, að á Vestmannaeyjum lægju þyngst gjöld á öllum landssetum landssjóðs í samanburði við hundraðatölu jarðanna. Alþingi 1879 ályktaði, »að landsskuldir á Vestmannaeyjum ættu sem fyrst að greiðast eptir meðalverði allra meðalverða, án þess að bíða eptir ábúendaskiptum«. (Sbr. Alptíð. 1879, I, bls. 480, tölul. 2. síðast). Þetta var vilji þingsins 1879, að landsskuldirnar í Vestmannaeyjum yrðu settar niður sem fyrst í meðalverð allra meðalverða, en hætt að miða þær við harðfisksálnir. Amtsráðið komst að sömu niðurstöðu, og ákvað, að landsskuldirnar skyldu vera 3020 álnir eptir meðalverði allra meðalverða, í stað 3020 harðfisksálna. En þetta fjekk þó ekki framgang, því í ráðgjafabrjefi dags. 25. maí 1880, tölul. 3, stendur: »Gera skal þjóðjarðalandssetum kost á, að greiða gjöld þau, sem nú eru ákveðin í byggingarskilmálunum, eptir meðalverði allra meðalverða, þannig, að hið nýja álnatal finnist með því, að leggja gjöld þau saman, er leiguliðinn hefir greitt næstliðin 5 ár, reiknuð til peninga, og skipta síðan samanlögðu upphæðinni með meðaltali á meðalverði allra meðalverða hin nefndu 5 ár. Sama kost ber að gera leiguliðunum á þjóðjörðum í Vestmannaeyjum«. Að þessum kostum gengu Vestmannaeyingar, til þess að losast við gamla gjaldmátann; en þegar álnatalið var reiknað út eins og tiltekið var eptir meðalverði allra meðalverða á árunum 1875—1880, þá urðu 150 harðfisksálnir jafngildi 212 álna eptir meðalverði allra meðalverða, þar sem harðfiskur hafði verið í svo háu verði þessi 5 ár.

Af þessu er komin sú ósanngirni, sem er á landsskuldum af landssjóðsjörðum á Vestmannaeyjum, og sem er svo mikil, að af tveimur jafngóðum jörðum getur landsskuld verið af annari 150 fiskar, en af hinni 212, ef hin fyrri er byggð eptir nýja mátanum, en hin eptir þeim gamla, og þannig geldur gamli leiguliðinn 62 fiskum meira en hinn nýi, þótt báðir sitji á jafngóðum jörðum. Þess utan á landsskuldin að greiðast í peningum, og ef leiguliði þarf að fá að borga hana í innskript, sem flestir gera, taka kaupmenn 10% að auki, sakir þess, að þeir verða aptur að borga gjaldið út í peningum, svo að sá, sem á að borga 50 kr. í landsskuld, verður eptir þessu að borga 55 kr. Þetta eru harðir kostir og næsta tilfinnanlegir fyrir fátæklinga. Jarðirnar eru heldur ekki í góðu ástandi, því fyrir um 30 árum var lundatekja skemmd fyrir fávizku ábúenda þeirra, er þá sátu jarðirnar, og skeytingarleysi umboðsmannsins; en hinir núverandi ábúendur eiga enga sök á því, þótt þeir nú megi gjalda skammsýni fyrirrennara sinna. Afli af sjó hefir á seinni árum brugðizt stórlega, svo að segja má, að ein einasta góð vertíð hafi komið þar í síðustu 24 ár, og mundu eyjabúar naumast hafa komizt

af, ef garðyrkja væri ekki eins mikil og hún er. Jeg hygg, að fullyrða megi, að ef einstakir menn hefðu átt landssjóðsjarðirnar á Vestmannaeyjum, þá mundu þeir hafa orðið svo sanngjarnir, að færa niður afgjaldið, eigi að eins hjá hinum nýju leiguliðum, heldur einnig hjá þeim gömlu, og það er ósæmandi, að landssjóður sje ósanngjarnari en einstakir menn.

I fardögum 1886 voru landssjóðsjarðirnar á eyjunum leigðar upp á 3958 álnir, en síðan hefir þessi upphæð minnkað, eptir því sem fleiri jarðir hafa byggzt nýjum leiguliðum; munurinn er þannig nú á milli 3 og 400 krónur, en sú upphæð fer óðum minnkandi.

Jeg hefi þá von, að hin h. þingd. sjái sanngirni í tillögu þessari, eptir að hún hefir heyrt, hvernig þessu er varið, og láti eigi hina eldri landsseta á þjóðjörðunum í Vestmannaeyjum lengur sæta þyngri kostum, hvað leigumála snertir, en hina nýju.

Jeg hefi alls ekki tekið upp í tillöguna þurrabúðir með torfþaki; en bæði eru þær nú orðnar að eins 3, og svo er sú önnur orsök til þess, að vjer viljum helzt algerlega útrýma torf-tómthúsum hjá oss, sökum þess, hve torfskurður eyðir grassverðinum; svo jeg vil alls eigi hlífa þeim, því jeg vil, að þau hverfi sem fyrst úr sögunni.

Jeg óska því, að þingið ljétti af eyjabúum þeim ókjörum í þessu efni, sem þeir hafa orðið að búa við í undanfarin 9 ár, beint á móti ályktun alþingis 1879.

Að öðru leyti leyfi jeg mjer að skírskota máli þessu til hæstv. landsh., sem hins kunnugasta manns í þessu máli, bæði sökum þess, að hann sat í skattanefndinni, og sakir stöðu sinnar fyr og síðar.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer með fáum orðum að mæla sem bezt fram með því, að þingd. taki þessa tillögu til greina, sem mjer finnst vera á gildum rökum byggð. H. flutningsm. (Þorst J.) hefir greinilega skýrt frá þeim ójöfnuði, sem hjer á sjer stað, og er í því fólginn, að tveir menn, er búa á jöfnum jörðum, gjalda af þeim ójafna leigu, ef annar þeirra hefir fengið bygginguna fyrir jörðinni fyrir 1880, en hinn eptir þann tíma; hinn nýi leigumáli er sem sje sá, er amtsráðið í suðuramtinu hefir ákveðið sem sanngjarnast því var unnt, og munar það 40 til 50 % frá hinum eldri leigumála. Jeg vona, að þingið verði sömu skoðunar nú og 1879, er það áleit, að breyta ætti sjerhverju ósanngjörnu gjaldi, og að það láti sig ekki muna, þó landssjóður ef til vill kunni að tapa nokkrum krónum við það að breyta þessu nú þegar, því þó því ekki verði breytt nú þegar hjer á þinginu, þá breytist það þó innan skamms við það, að jarðirnar losna. Mjer er kunnugt um, að í Gullbringusýslu er þessi breyting komin á með allar jarðir landssjóðsins; þar er ekkert afgjald reiknað eptir harðfisksvættum, heldur eptir því, sem amtsráðið hefir ákveðið, það er að segja eptir meðalalin; það mælir því mikil sanngirni með því, að þessu sje kippt í lag að því er Vestmannaeyjar snertir.

Flutningsmaður (Þorsteinn Jónsson): Jeg vil leyfa mjer að æskja þess, að h. forseti beri till. upp til atkv. í tvennu lagi.

Árni Jónsson: Jeg skal játa það, að jeg er þessu máli ekki kunnugur, að öðru leyti en því, sem jeg hefi kynnt mjer það nú hjer á þinginu; og jeg skal einnig játa það, að nokkur sanngirni virðist mæla fram með þessu, sem hjer er farið fram á, að því leyti sem afgjaldið kemur ójafnt niður á leiguliðana, eins og h. þm. Vestm. (Þorst. J.) sagði, en slíkt á sjer víða stað, og má því ekki alls kostar miða við það. Samt sem áður skyldi jeg fúslega hafa fylgt þessari tillögu, hefðu Vestmanneyingar aptur á móti verið sanngjarnir í hinum öðrum viðskiptum sínum við landssjóðinn. En það virðist eigi vera svo, sjerstaklega hvað kirkjuna snertir. Það er nú sök sjer, að þingið hjelt 1885, að þær 1000 kr., sem þá voru veittar til aðgerð-

ar kirkjunni, mundu nægja til viðbótar við 1100 kr. árið áður; en raunin hefir önnur á orðið, því enn vantar nokkurn hluta þaksins, sem áætlað er að kosta muni um 300 kr. — en hitt er meira, að þeir svo skuli engan kost gefa á því, að taka við kirkjunni, nema landssjóður bæti hana enn betur, og leggi út með henni *6000* krónur!

Þar sem hæstv. landsh. sagði, að þess verði ekki langt að bíða, að jarðirnar losni, og þá breytist leigumálinn, þá eiga leiguliðarnir og hægra með að þreyja þangað til. Jeg sje heldur eigi betur, en að þeir gæti sagt lausum jörðunum, og »tekið svo heima« aptur, og losazt þannig við leigumálann. Af greindum ástæðum get jeg ekki verið með þessari tillögu.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg ætla ekki að fara mörgum orðum um málið í heild sinni, en mjer sýnist það ráð einfaldast og liggja næst fyrir þessa leiguliða, sem hjer eiga hlut að máli, til þess að losna við þessar landskuldir, sem að sumra áliti eru svo ósanngjarnar, að þeir þá fari fram á að fá jarðirnar keyptar. En hvað viðvíkur síðari hluta till., þá er mjer óskiljanlegur þessi munur, sem þar er gerður á þurrabúðum með torfþaki, og þeim, sem ekki eru með torfþaki; það er að vísu gott, að sem minnstu sje eitt af grasrót, en jeg fyrir mitt leyti kann ekki við þann mismun; jeg vil lofa þeim að vera með, sem undir torfþaki búa, og sem að öllum líkindum eru fátækari en hinir.

Flutningsmaður (Þorsteinn Jónsson): Jeg skal fyrst geta þess út af ræðu h. 1. þm. Árnes. (Þ. G.), að þessir leiguliðar eru ekki svo efnaðir, að nokkur vegur sje til þess, að þeir geti keypt jarðir þessar. Og í öðru lagi skal jeg geta þess, að þessar þurrabúðir, sem með torfþaki eru, eru að eins þrjár, og er skaðlaust og enda æskilegt, að þær hverfi sem fyrst, og það, að taka þær ekki til greina, er einmitt til þess, að þær hverfi sem fyrst. Jeg er mjög þakklátur hæstv. landsh. fyrir undirtektir hans undir þetta mál, og vona, að h. þingd. geti því atkv. sitt.

Jón Jónsson: Um það skal jeg vera samdóma h. flutningsm. (Þorst. J.), að hjer sje um sanngirniskröfu að ræða, og sömuleiðis er jeg á sama máli og h. þm. Mýram. (Á. J.) um það, að Vestmanneyingar sjeu nokkuð kröfuharðir við landssjóð. Hann komst að þeirri niðurstöðu, að fyrir því, að þeir eru ósanngjarnir í kröfum sínum til landssjóðs, ætti að synja þeim um þessa sanngirniskröfu. En jeg kemst að gagnstæðri niðurstöðu, af íhugun hins sama. Sjeu Vestmanneyingar öðrum landsmönnum ósanngjarnari og heimtufrekari, ætla jeg að til þess sjeu einhverjar sjerstakar orsakir, t. d. að þeir hafa stundum orðið harðara úti en aðrir, orðið fyrir þungum búsyfjum með landsskuldir og önnur gjöld, svo sem hina alkunnu norsku tíund, og ætla jeg óhætt að treysta því, að ef þeim er sýnd sanngirni af hálfu þingsins, þá muni þeir einnig læra að verða sanngjarnir í kröfum sínum til landssjóðs. — Gef jeg því tillögunni atkv. mitt.

Landshöfðingi: H. þm. Mýr. (Á. J.) gat um það, að ójöfnuður sá, sem hjer á sjer stað, milli afgjalds af jörðum, sem leigðar eru eptir hinum nýja eða hinum gamla leigumáta, ætti sjer einnig víða annarsstaðar stað; en jeg vil vekja athygli hans á því, að það er í gagnstæða stefnu við það, sem hjer á sjer stað; það er hið venjulega í öðrum umboðum, að afgjaldið hefir hækkað, en ekki lækkað, og eptir því verða þeir, sem gjalda eptir hinum gamla leigumáta, betur staddir en hinir; hjer á hið gagnstæða sjer stað, og því meiri ástæða er til þess, að sýna hlutaðeigandi leiguliðum þá sanngirni, sem hjer er um að ræða.

Eiríkur Briem: Jeg get ekki skilið, að brýn þörf sje á, að samþykkja þingsályktunartill., því að alþingi hefir þegar árið 1879 samþykkt tillögu þessu viðvíkjandi, er gekk í sömu átt, og þess vegna er óþarfi að endurtaka það, því að um-

boðsstjórnin getur tekið þingsál.tillöguna, sem þá kom fram, til greina, ef henni sýnist.

Flutningsmaður (Þorsteinn Jónsson): H. 1. þm. Húnv. (E. Br.) hjelt, að þingsályktunartill. frá 1879 mundi nægja, en því er ekki svo varið, því að brjef ráðgjafans 25. maí 1880 gerir nýja þingsál.-till. alveg nauðsynlega, til þess að hægt sje að færa niður landskuldargjaldið.

ATKVÆÐAGR.: Tillagan (C. 39) samþykkt í tvennu lagi: fyrri liðurinn með 18 atkv., seinni liðurinn með 17 atkv. Tillagan í heild sinni samþ. með 18 atkv., og síðan send efri deild.

Tillaga til þingsályktunar um undirskript konungs undir lagatextana (C. 40); ein umr.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Tillaga sú, sem hjer er um að ræða, er fram komin bæði sökum 1. gr. stjórnarskrárinnar, og þess, hvernig henni hefir verið beitt. Mál þetta er að því leyti, sem það snertir rjettindi íslenzkrar tungu, jafngamalt alþingi; það er kunnugt, að frá 1807 voru öll lög fyrir Ísland gefin út og staðfest einungis á dönsku. Þessu var ekki breytt, þegar hið ráðgefandi alþingi var stofnað. En fyrir margítrekaðar óskir og tilraunir hins ráðgefandi alþingis fjekkst það loks 27. maí 1859, að konungur undirskrifaði einnig hinn íslenzka texta laganna. Þetta var talsverð bót í máli, og undu menn allvel við í fyrstu. En 1874 fengum vjer nýja stjórnarskrá, og skyldu menn ætla, að danskur texti af lögum alþingis hefði þá algjörlega verið af numinn samkv. 1. gr. stjórnarskrárinnar, sem segir: að Ísland hafi löggjöf sína og stjórn út af fyrir sig, og »löggjafarvaldið er hjá konungi og alþingi í sameiningu«. Eptir öllum stjórnskipulegum reglum á konungurinn, sem annar þáttur löggjafarvaldsins, annaðhvort að staðfesta eða synja lögum alþingis staðfestingar. Samkvæmt stjórnarskránni getur ekki verið að tala um annan texta af lögum alþingis en hinn íslenzka, af þeirri einföldu ástæðu, að alþingi hefir engan annan texta sjeð eða samþykkt; þessi texti er hið eina frumrit, sem til er og til getur orðið af lögum alþingis, og því hinn eini, sem konungur getur gert gildandi með undirskript sinni. Þetta hafa víst flestir talið sjálfsagt 1874. En raunin varð önnur; sami siðurinn hjelzt sem áður, að öll lög alþingis hafa líka verið staðfest í danskri þýðingu, sem alþingi hefir hvorki heyrt nje sjeð Áður var það aðalástæðan móti íslenzka textanum, að lögin voru til orðin fyrir störf stjórnarráðanna og ríkisráðsins, og því urðu þau að vera á dönsku; en eptir 1874 er þessi ástæða algjörlega horfin; síðan löggjafarvaldið komst í hendur alþingis, verða öll íslenzk lög til, að þeim undanteknum, er nefnd eru í 11. gr. stjórnarskrárinnar, fyrir störf þingsins. Ákvæði stjórnarskrárinnar um löggjafarvald hjá konungi og alþingi í sameiningu verður alveg þýðingarlaust, þegar ráðgjafinn leyfir sjer að láta konung samþykkja lög eða lagaþýðingu, sem alþingi hefir aldrei sjeð eða samþykkt; og jeg álít, að ráðherrann brjóti bág við 1. gr. stjórnarskrárinnar. Þar að auki er engin trygging fyrir því, að þessi danska þýðing sje rjett. Ráðgjafinn telur sjer leyfilegt, að leggja undir konung þessa þýðingu, og ber það jafnframt á borð fyrir oss, að alþingi hafi samþykkt þessa þýðingu, sbr. »Althinget har vedtaget« o. s. frv. í upphafi þessarar þýðingar. Nei, alþingi hefir hvorki rætt nje samþykkt eitt orð á dönsku. Þessi orð eru því alls ekki sönn. Það er hvað á móti öðru, að segja, að alþingi hafi löggjafarvald með konungi, en birta þó þessar staðfestu þýðingar, sem hvorki þing nje þjóð er skyldug til að skilja eitt orð í. Hvað er meint með þessu, og hvert er gagnið, enda fyrir stjórnina sjálfa? Ráðgjafinn má gjarna, ef hann langar til, leggja privat danska þýðingu af lögum vorum fyrir konung, honum til leiðbeiningar, en

hann hefir samkvæmt stjórnarskránni ekkert leyfi til að gefa þessa þýðingu út sem lög. Eptir 1874 hefði átt að skrínleggja þenna ósið, og er það ósk mín og von, að það verði bráðlega gert.

Landshöfðingi: Jeg get verið stuttorður um þetta mál, því jeg hefi ekki annað að segja en það, að á meðan íslenzk lög eru rædd í ríkisráðinu danska, án þess að þeim, sem í ráðinu sitja, sje gjört að skyldu að kunna íslenzka tungu, og á meðan hæstirjettur í Kaupmannahöfn er æðsti dómstóll í íslenzkum málum, þá verður ekki komizt hjá því, að semja lögin bæði á íslenzku og dönsku, og af sömu ástæðu hlýtur það að vera nauðsynlegt, að konungur undirskrifi báða textana.

Grímur Thomsen: Hæstv. landsh. hefir sjálfsagt fært hin beztu rök fyrir nauðsyn þess, að konungur staðfesti einnig hinn danska texta eða rjettara hina dönsku þýðingu íslenzkra laga. En svo er þó mál með vexti, að til eru íslenzk lög, sem alls ekki eru til í staðfestri danskri þýðingu. Það er Jónsbók, sem hæstirjettur hefir opt dæmt eptir og verður opt að dæma eptir. Hvernig fer hæstirjettur þá að? Hann fær auðvitað þýðingu af þessum lögum, staðfesta af þeim mönnum, sem þar til eru færir. Það mætti líka minna á þau áhrif, sem það opt hefir á meðferð íslenzkra mála í hæstarjetti, að þar er dæmt eptir dönskum texta. Það ber sem sje við, að hin danska þýðing er eigi ávallt alveg orðrjett samhljóða íslenzka textanum. Skal jeg þessu til sönnunar einmitt benda á prestakallalaganna 4. gr., sem jeg og hæstv. landsh. ekki gátum orðið samdóma um skilninginn á nýlega. Þar standa í íslenzka textanum orðin »sókna eða brauða«, en í hinni dönsku þýðingu stendur: »et Sogn eller et Kald». Yfir höfuð má mjög víða benda á staði, þar sem hin danska þýðing engan veginn er orðrjett eptir íslenzka textanum.

Jeg fyrir mitt leyti vil þess vegna vera með því, að tillaga þessi fái framgang, þótt jeg sjálfsagt sje hæstv. landsh. samdóma um, að leggja þurfi íslenzka þýðingu af lögunum fyrir ráðgjafann, þó ekki væri nema fyrir kurteisis sakir, og treysti jeg hæstv. landsh. betur til að semja og staðfesta slíka þýðingu, heldur en hinni íslenzku stjórnardeild.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): H. þm. Borgf. (Gr. Th.) tók fram í upphafi ræðu sinnar einmitt það, sem jeg ætlaði að segja; en á hinn bóginn get jeg alls ekki verið honum samdóma um það, sem hann nefndi síðast. Jeg álít enga þörf á og engan rjett til að birta lögin í þessari staðfestu dönsku þýðingu, af þeirri einföldu ástæðu, að við skiljum ekki dönsku og íslenzk tunga er vort eina lagamál; þó að ráðgjafinn sjálfur kunni að þurfa að fá einhverja þýðingu af lögunum, þá er engin ástæða til, að konungur staðfesti þá þýðingu. Að hæstirjettur skuli þurfa að dæma íslenzk mál eptir danskri þýðingu á íslenzkum lögum, og henni máske ekki ávallt sem nákvæmastri, sýnir ekki annað en það, að full ástæða er til að gjöra breytingu á hinu æðsta dómsvaldi landsins og færa það inn í landið. Hinn danski texti laganna getur þannig verið skaðlegur fyrir dómgæzlu vora, auk þess sem hann er beinn árás á rjettindi tungu vorrar. Jeg þekki jafnvel menn, sem verið hafa sýslumenn hjer á landi, sem aldrei hafa litið nema í danska textann og því aldrei dæmt eptir öðrum texta, og þar sem um jafn ólík mál er að ræða sem íslenzku og dönsku, má geta nærri, hve mikil trygging sje fyrir því, að slíkur dómur dæmi eptir hinum gildandi lögum.

Hæstv. landsh. talaði um, að ríkisráðið væri ekki skyldugt til að kunna íslenzku; en jeg verð að ætla, að alþingi búi til lög fyrir Íslendinga og hina íslenzku þjóð, en ekki fyrir aðra, enda er öllum embættismönnum á Íslandi gjört að skyldu, að kunna tungu landsins samkv. 4. gr. stjórnarskrárinnar. Eptir þessari grein og þrem-

ur konungsúrskurðum: 8. apríl 1844, 27. maí 1859 og 8. febr. 1863, verða því einnig þeir útlendingar, sem embætti hafa á á Íslandi, að hafa fært sönnur á, að þeir »hafi fullnægt því, sem fyrir er mælt í hinum gildandi ákvörðunum um kunnáttu í máli landsins«. Það er ráðherrann en ekki hið danska ríkisráð sem, samkvæmt stjórnarskránni á að fjalla um lög alþingis; jeg ætla því, að hann, sem sjerstakur ráðgjafi Íslands, sje embættismaður landsins og að hann sem slíkur sje beinlínis skyldugur til að hafa fullnægt fyrnefndum lagaákvörðunum; jeg sje ekki neina heimild til, að á honum sje gjörð undantekning frá gildandi lögum um kunnáttu í íslenzkri tungu. Jeg ætla og, að hæstirjettur geti, þó hann haldi áfram að dæma íslenzk mál, dæmt eptir autoriseraðri þýðingu á íslenzkum lögum, enda þó konungur skrifi ekki undir þýðinguna, svo að sú ástæða h. landshöfðingja fellur líka um sjálfa sig.

ATKVÆÐAGR.: Till. samþ. með 18 atkv. og síðan afgreidd til efri deildar.

Tillaga til þingsályktunar um Spánarsamning (45); ein umr.

Flutningsmaður (Þorsteinn Jónsson): Með því að jeg er einn af þeim, sem komið hafa með tillögu þessa inn á þingið í þetta skipti, skal jeg leyfa mjer að fara um hana örfáum orðum.

Tillaga þessi um Spánarsamninginn er orðuð líkt og tillaga um sama efni, sem borin var upp í fyrra af h. þm. Borgf. (Gr. Th.). Færði hann þá nákvæmar og fullgildar ástæður fyrir tillögu sinni, og sýndi fram á hið fjarska mikla fjártjón, sem við Íslendingar biðum árlega af samningsleysinu við Spán. H. þingd. var í öllu samdóma flutningsmanni, og sýndi hún það með því, að samþykkja tillöguna í einu hljóði. Af þessu er mjer ljóst, að jeg þarf ekki að fara að telja upp ástæðurnar fyrir þessari tillögu, sem nú liggur fyrir. Þær geta ekki verið aðrar en þær, sem teknar voru svo skarplega og rækilega fram í fyrra. Jeg skal þó geta þess, að þegar við sömdum þessa tillögu, þá var oss ekki kunnugt ráðgjafabrjef 13. júní þ. á., sem birt er í Stjórnartíðindunum, er út komu fyrir fáum dögum. Af þessu brjefi ráðgjafans sjest, að hæstv. landsh. hefir mælt sem bezt með tillögunni í fyrra og að ráðgjafinn hefir tekið svo vel í málið sem unnt var. I brjefinu stendur: »að stjórnin aldrei hafi misst sjónar á máli þessu; að gjörðar hafi verið, síðan felldur var í ríkisþinginu verzlunar- og siglingasamningur við Spán, er fyrir það hafði verið lagður, ýmislegar tilraunir til þess að bæta úr því óhagræði, er leiddi af því að slíkan samning vantaði, en að þessar tilraunir hefðu orðið árangurslausar, og að stjórnin hefði þá von, að henni mundi takast að semja svo við ríkisþingið á næstu samkomu þess, að þetta mál verði til lykta leitt, svo að við megi una, einnig fyrir Íslands hönd«. Vjer hljótum þannig að hafa þá von, að stjórnin gjöri allt sem henni er mögulegt til að leita samkomulags við ríkisþingið á næsta vetri, og munum vjer mega hafa fullt traust til hennar í þessu tilliti, enda er mjer persónulega kunnugt um, að ráðgjafanum er þetta fullkomið áhugamál. En allt fyrir það álít jeg rjett af h. þingd., að samþykkja tillöguna, því að með því gefur hún stjórninni nýtt aðhald í þessu velferðarmáli voru, og ráðgjafanum nýja áminningu um, að halda málinu áfram, þangað til sigurinn fæst.

Þórarinn Böðvarsson: Það hefir verið gleðilegt að heyra lesið ráðgjafabrjefið og líka gleðilegt að heyra h. flutningsm. (Þ. J.) segja frá undirtektum stjórnarinnar undir þetta mál hingað til, en gleðilegast hefði þó verið, ef hann hefði getað skýrt frá, að tillaga þingsins í fyrra hefði haft nokkurn árangur. Jeg vona nú líka, eins og h. flutningsm., að stjórnin fái meira aðgjört í þessu máli hjer eptir en hingað til, og vil líka, eins og hann, styðja sem bezt að því, að þessi tillaga verði samþykkt. Stjórnin verður ekki of opt minnt

á þetta velferðarmál vort Íslendinga. Það er ekki svo lítið fje, sem landið hefir tapað við það, að stjórnin, jeg vil ekki segja fyrir vanrækslu sakir, en jeg held í fyrstu af gleymsku, ekki gat náð nýjum verzlunarsamningi við Spán. Mig minnir, að þá fyrst væri farið að reyna að ná samningi, er Noregsmenn höfðu náð samningi fyrir sig. Þetta hefir kostað landið hræðilega mikið fje. Jeg vildi því óska, að tillaga þessi yrði samþykkt með öllum atkvæðum hjer í þingdeildinni.

Páll Briem: Jeg er samdóma h. varaforseta (Þ. B.), að h. þingd. ætti að fylgja fram máli þessu með mesta kappi. Það ætti að taka það fyrir á hverju þingi, því að það er eitt af áhuga- og velferðarmálum landsins og snertir mjög tilfinnanlega alla þá, sem á fiskiveiðum lifa. Stjórnin hefir reyndar lýst því yfir, að hún sje málinu velviljuð, en yfirlýsingin ein er ekki næg og hún gæti ef til vill meira að gjört. Hún kann líka að fara frá og önnur stjórn komið í hennar stað. Stjórnin er ekki eilíf. Og hvort sem ráðgjafinn er hægri- eða vinstri maður, þá er þörfin jöfn, að brýna mál þetta fyrir stjórninni, þar til það nær fram að ganga.

Sigurður Stefánsson: Mjer finnst það lítið gleðiefni, að heyra góðan vilja stjórnarinnar í þessu máli, þegar sá góði vilji dugar ekkert, og vjer þrátt fyrir hann missum mörg hundruð þúsund krónur af arði atvinnu vorri. Jeg vil fyrst sjá einhvern annan rembihnút leystan, áður en jeg fer að gleðjast; því nú sem stendur gildir einu, hvað stjórnin vill; hún fær engu til leiðar komið í þessu máli. Það er fyrst tilefni til að gleðjast, ef einhver von er á, að maður fái ósk sína uppfyllta; en þó þessi stjórn sje ár eptir ár að lýsa yfir góðum en vanmáttugum vilja, þá er varla vert að gleðjast yfir svo litlu.

Grímur Thomsen: Rjett er að vera rjettlátur við alla, eins við þá núverandi stjórn sem aðra; því hvað sem annars má um hana segja, þá skortir hana ekki dugnað. Hún hefir gjört það, sem í hennar valdi stóð í þessu máli, og meira verður ekki af henni heimtað. Hún mun einmitt um þessar mundir vera að gjöra tilraunir til að koma samningnum fram. Þó hygg jeg að rjett sje engu síður, að uppörfa hana enn þá meira.

ATKVÆÐGR.: Tillagan samþykkt í einu hljóði, og afgreidd síðan til Ed.

Fjórtándi fundur, laugardag 16. júlí á hádegi. Allir á fundi, nema varaforseti Þórarinn Böðvarsson, er hafði fengið leyfi forseta til að vera fjarverandi.

Þá gat forseti þess, að til sín, væri komin:

1. Beiðni frá Benedikt Gröndal um 800 króna föst laun.
2. Beiðni frá Bergsteini Jónssyni um 400 kr. styrk til laxaklaks.
3. Tillaga frá biskupi um að hækka uppbót á Grímseyjarbrauði um 200 krónur.

Frumvarp til laga um Söfnunarsjóð Íslands (C. 18, 58); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Nefnd sú, sem kosin var til að íhuga mál þetta, hefir rannsakað frumv. og komið fram með breytingartillögur, sjerstaklega um stjórn Söfnunarsjóðsins, sem jeg gat um í fyrstu, þegar málið kom fram, að ætlazt væri til að hagað yrði á líkan hátt sem stjórn landsbankans. Á þessu stigi málsins heyrir ekki til, að fara út í langar umræður, og skal jeg því ekki fara út í málið að sinni, en að eins óska, að það mæti góðum undirtektum hjá h. þingd., eins og fyrst þegar það kom fram. Jeg býst við, að tækifæri gefist við 2. umr. að ræða um breytingar þær, sem nefndin hefir stungið upp á að gerðar sjeu.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frumvarp til laga um styrktarsjóð handa alþýðufólki (C. 59); 1. umr.

Flutningsmaður (Þorlákur Guðmundsson): Eins og sjá má af frumv. þessu, er aðalþráðurinn í því sá, að saman safna en ekki sundur dreifa, og vonast jeg til svo góðs af alþingi, að það láti frumv. þetta lifa. Vjer ættum engu síður en aðrar þjóðir að koma styrktarsjóðum á stofn hjá oss, því að það er gott fyrirtæki, þar sem þeir eru til þess gerðir, að ljetta fyrir eptirkomendurna byrði lífsins. Þar sem aldrei er sáð eða plantað, er ekki að búast við nokkrum ávöxtum. En hjer stendur svo á, að fyrirtækið er nytsamt og fagurt, og ávextir þeir, sem í vændum eru, eru þeir, að geta klætt nakinn, satt svangan og ljett byrðina á þeim, sem þjáðir eru. Jeg skal svo ekki fara lengra út í mál þetta að sinni, en fela það velvilja h. þingd. og leyfa mjer að stinga upp á, að kosin sje 3 manna nefnd til að íhuga það.

ATKVÆÐAGR.: Því næst var samþykkt 3 manna nefnd, og hlutu þessir kosningu:

Þorlákur Guðmundsson	með	19 atkv.
Eiríkur Briem	—	16 —
Benedikt Sveinsson	—	10 —

Frumvarp til laga um, að umsjón og fjárhald Flateyjarkirkju skuli fengin í hendur söfnuðinum í Flateyjarsókn (C. bls. 70 og nr. 49); 2. umr.

Framsögumaður (Páll Ólafsson): Jeg finn ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um mál þetta að sinni. Það hefir fengið góðar undirtektir hjá h. þingd., þegar það var til 1. umr. Þetta nefndarálit, sem hjer er fram komið, liggur nú fyrir í 2 liðum, og vil jeg mæla fram með því, að stjórnarfrumv. verði skoðað sem fallið, en nefndarfrumv. samþykkt. Mönnum kann að virðast þetta 3000 kr. álag úr landssjóði á Ingjaldshólskirkju nokkuð hátt, en það er athugandi, að kirkjan er, eptir lýsingunni, í slæmu standi, og söfnuðurinn fátækur, og fjárhald kirkjunnar eigi arðsamara landssjóði en svo, að kirkjunni hefir á árunum 1884 og 1885 ekki lagzt til meira fje en tæpar 40 kr. annað árið og 11 kr. hitt árið, en þessi ár voru þó gjaldendur nær 80.

ATKVÆÐAGR.: Því næst var gengið til atkvæða, og var fyrri liður nefndarfrumvarpsins samþykktur í einu hljóði, síðari liðurinn með 19 atkv. Fyrirsögn frumv. var samþykkt með 19 atkv., og frumv. því næst vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Tillaga til þingsályktunar um hallærislánabeiðslur (C. 53); ein umr.

Flutningsmaður (Grímur Thomsen): H. þingd. er kunnugt, að yfirskoðunarmenn landsreikninganna fyrir árin 1884—1885 hafa lagt það til, að þingið ljeti nákvæmlega rannsaka hallærislánin, og samhljóða þessu er það, að tillaga þessi er fram komin. Í athugasemdum yfirskoðunarmannanna er bent á, hversu ísjárvert það sje, hve mikið fje gangi til hallærislánanna. Það er auðvitað engin ástæða til að ætla annað, en að skýrslurnar sjeu rjettar, en þó væri ekkert á móti því, að þingið rannsakaði málið, því að það er vissara fyrir þingið og stuðningur fyrir landsstjórnina. Jeg skal nú í fám orðum benda á, hvernig ástandið er. Á árunum 1882—1886 hafa verið veittar 71,000 kr. í hallærislán. Áður skulduðu nokkrir hreppar í Snæfellsnessýslu 3550 kr.; síðan hefir Snæfellsnessýsla fengið hallærislán upp á 7500 kr., Dalasýsla 17000 kr., Gullbr.- og Kjósarsýsla 23500 kr., Húnavatnssýsla 7800 kr., og von á beiðni þaðan um tvöfalt meira lán, og líka úr Skagafjarðarsýslu. Þess vegna er vonandi, að þingið gefi landsstjórninni stuðning við veitingu þessara lána, og íhugi þau. En nú hefi fjárlaganefndin um svo mikið að

hugsa, að þessu er vart á hana bætandi, og þess vegna æskjum vjer, sem komið höfum fram með tillögu þessa, að sett verði sjerstök nefnd í málið, þó að það raunar ekki standi á dagskrá.

Sigurður Stefánsson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að sett verði 5 manna nefnd í málið.

Flutningsmaður (Grímur Thomsen): Jeg ætla, að 3 manna nefnd sje fullnóg.

ATKVÆÐAGR.: Síðan var gengið til atkvæða. Var sampykkt 5 manna nefnd, og hlutu þessir kosningu:

Grímur Thomsen	með	16 atkv.
Þorlákur Guðmundsson	—	10 —
Sigurður Stefánsson	—	9 —
Þorvaldur Bjarnarson	—	9 —

Þá höfðu þeir Jónas Jónassen og Benidikt Sveinsson 8 atkv. hvor, og varð Jónas Jónassen nefndarmaður, er hlutkesti var varpað.

Frumvarp til laga um breyting á 4. grein í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (C. 62); 1. umr.

Flutningsmaður (Grímur Thomsen): Jeg ímynda mjer, að það hafi sannazt við umræðurnar á dögunum um fyrirspurnina um niðurlagning brauða, sem var þessu máli náskyld, að 4. gr. prestakallalaganna sje að minnsta kosti vafasöm, og að hún sje að því leyti misskilningi undirorpin, sem æðstu stjórnendur landsins hafa skilið hana á ýmsan hátt. Við þessa umræðu má ekki tala um einstök atriði málsins, en jeg skal leyfa mjer að benda á sögu þess. Jeg skal þá benda á, hvernig grein þessi var upphaflega orðuð. 4. gr. hinna núgildandi laga svarar til 5. gr. í frumv. stjórnarinnar, er lagt var fyrir þingið 1879, en þessi 5. gr. stjórnarfrumv. var aptur lögð eptir áliti brauðaskipunarnefndarinnar. Þessi grein er þannig: »Nú þykir hentugt að gera breyt»ingu á takmörkum sókna, eða færa kirkju »á annan stað, og er rjett, að landshöfð»inginn veiti leyfi til þessa, eptir að hann »hefir fengið þar um tillögur hlutaðeigandi »prófasts og stiptsyfirvaldanna«. En þessari grein var aptur breytt með breytingartillögu, er kom fram við 3. umr. málsins. Þá var prjónað ofan við hina upphaflegu grein, og hefir sú viðbót nú verið skilin sem heimild fyrir landshöfðingja til að leggja niður brauð. En jeg verð að segja, að sje þetta meiningin í viðbótinni, þá er greinin sjálf í sannleika það sem menn kalla á öðru máli »tautologisk«, því hún leyfir þá meira í fyrri málsgreininni, en hún heimilar í hinni síðari. Jeg skal nú ekki fara lengra út í þetta, en aptur minna á hitt, að þegar einhver lagagrein er þannig orðuð, að hún er misskilningi undirorpin, og ýmsir menn, sem vánir eru og vit hafa á að þýða lög, skilja hana á ýmsa vegu, þá er rjett og sjálfsagt, að breyta henni í þá átt, að hún verði ljós og ótvíræð.

En þegar ræða er um að breyta 4. gr. laga um skipun prestakalla, þá getur komið tvennt til skoðunar: annaðhvort er, að breyta greininni þannig, að það verði ljóst, að löggjafarvaldið, alþingi, hafi seinustu úrslit um niðurlagning brauða, eða þá hitt, að umboðsvaldið hafi hin seinustu úrslit. Vjer, sem komið höfum með frv. það, sem hjer liggur fyrir, álítum nú, að löggjafarvaldið eigi aldrei að gefa úr hendi sjer það vald, sem það að rjettu lagi á að hafa til þess að gera hin seinustu úrslit í löggjafarmálum, og allra sízt þegar um þau mál er að ræða, sem geta haft fjárhagsleg áhrif á landssjóðinn, eins og það mál, sem hjer ræðir um. Því, hvernig á söfnuður, hjeraðsfundur eða biskup, umboðsvaldið yfir höfuð að tala, að geta vitað fyrir fram, nema löggjafarvaldið vilji láta greiða í landssjóð meira eða minna af hinu sameinaða brauði? Söfnuðir geta stungið upp á breytingu á skipun brauða, hjeraðsfundir geta sampykkt þessa breytingu, og landshöfðingi sagðist geta sagt annaðhvort »já« eða »nei«, en alls eigi geta breytt uppástungunni. Þingið getur

líka sagt »já« og »nei«, en það getur og sagt »já«, en með þessu og þessu skilyrði. Þessu valdi vil jeg, að þingið haldi óskertu, en gefi það ekki frá sjer. Hæstv. landsh. vitnaði á dögunum í stjórnarskrána, þar sem sagt er, að þetta og þetta skuli vera svo og svo, »en þó má breyting á gera með lögum«. En hjer stendur nokkuð öðruvísi á, því samkvæmt þessu hefði þá átt að standa í 1. gr. prestakallalaganna: »þessu má breyta af umboðsvaldinu«.

Jeg geri nú ráð fyrir, að frumv. þetta mæti sömu mótmælum, sem fyrirspurnin um niðurlagning brauða mætti. Hæstv. landsh. sagði þá, að ekki væri fallegt af þinginu að vera að telja eptir það vald, sem það hefði veitt söfnuðum í kirkjulegum málum, og fara að svipta þá aptur þessu valdi, sem þeir nú hefðu. En jeg sje ekki, hvernig þessi mótmæli geta átt við þetta frumv.; því eptir því hafa söfnuðir og hjeraðsfundir sama tillögurjett, sem þeir hafa haft og hafa eptir núgildandi lögum. Hæstv. landsh. getur eptir sem áður sagt annaðhvort »já« eða »nei«, leyft breytinguna, sem söfnuðurinn vill gera, eða leyft hana ekki, og standa söfnuðirnir þá jafnt að vígi og áður. Þingið aptur á móti leggur fullnaðarúrskurð á málið. Það getur leyft breytinguna annaðhvort beinlínis eða þá með þeim og þeim skilyrðum, t. a. m. þeim, að borguð yrði einhver upphæð í landssjóð, er ræða væri um að gera eitt brauð úr fleirum. Jeg skal leyfa mjer að skjóta því til tveggja af flutningsmönnum þessa frumv., sem báðir eru í sóknarnefnd — og er mest að marka, hvað þeir segja —, hvort rjettur safnaða mundi fyrir borð borinn, þótt uppástungur safnaða kæmu seinast undir úrslit þingsins, en ekki umboðsvaldsins.

Loks skal jeg bæta hjer einu við, án þess mjer þó detti í hug, að hallmæla nokkrum. Það gæti komið fyrir, þar sem tápmikill prestur eða prófastur væri, að hann gæti fengið það fram hjá sókn sinni, sem henni sjálfri ekki hefði dottið í hug að fara fram á. Tápmikill prestur eða prófastur gæti víst fengið sókn til að stinga upp á því, sem hann einn, presturinn eða prófasturinn, hefði fundið upp á. Menn vilja þó víst ekki fara að efla klerkavaldið á þessum tímum. Skal jeg svo ekki fara lengra út í þetta, sjer í lagi af því, að h. varaforseti (Þór. Böðv.) er ekki viðstaddur.

Að svo mæltu leyfi jeg mjer að mæla sem bezt með því, að málinu verði vísað til 2. umr., og geta menn þá, þangað til hún fer fram, hugsað sig um málið og komið fram með breytingar á því, sem menn ekki fella sig við; skal jeg vera fús til að leiðrjetta frumv. og breyta orðfæri, þar sem þurfa þykir og aðalhugsunin breytist ekki við það. Aðalstefnu málsins vil jeg með engu móti breyta, en hún er sú, að halda takmörkum beggja, umboðsvaldsins og löggjafarvaldsins, sem hreinustum, og hlaða svo öflugan garð þar á milli, að hvorugt valdið geti rofið hann.

Landshöfðingi: Jeg skal ekki fara út í hin einstöku ákvæði þessa frumv. eða yfir höfuð orðlengja um það efni, sem hjer er um að ræða, þar sem jeg áður, eigi alls fyrir löngu, hefi látið í ljósi skoðun mína á 4. gr. prestakallalaganna. Að eins skal jeg leyfa mjer að benda h. flutningsmönnum á, hvort þeim finnst ekki, þegar svo öflugan garð á að hlaða milli löggjafarvaldsins og umboðsvaldsins, að átt hefði að fara enn lengra út í breytingar á 4. gr. prestakallalaganna, en gjört er í frumv. Í greininni segir, að ef hjeraðsfundur samþykki, að kirkju megi niður leggja, þá hafi landshöfðingi rjett til með ráði biskups að veita leyfi til þess. Þarna er umboðsstjórninni þá enn veitt vald til að breyta 1. gr. prestakallalaganna, sem með berum orðum ákveður, hverjar kirkjusóknir skuli vera í hverju prestakalli, og er þá frumv. ekki einu sinni í þessu tilliti nógu víðtækt nje samkvæmt

tilgangi flutningsmanna; þeir hafa ekki einurð til að vera sjálfum sjer samkvæmir.

H. þm. Borgf. (Gr. Th.), sem er einn af flutningsmönnunum, vill telja mönnum trú um, að söfnuðir haldi tillögurjetti sínum óskertum eptir þessu frumv. en það sjá þó allir, að það er mikill munur á því valdi, sem umboðsstjórnin hefir nú gagnvart tillögum safnaða, og því valdi, sem frumv. gefur þinginu í þessu efni. Landshöfðingi segir annaðhvort «já» eða «nei» við því, sem söfnuðir fara fram á, en hann breytir því ekki í einu einasta atriði, svo að söfnuðir annaðhvort fá það sem þeir stinga upp á, eða þá sitja við það, sem áður hefir verið. Þingið aptur á móti getur ekki einungis sagt «já» og «nei», heldur breytt eins og því sýnist uppástungum safnaða, og þannig gjört þær ákvarðanir, sem söfnuðum ef til vill alls ekki geðjast að, heldur þykja miklu verri en hið fyrra fyrirkomulag. Þetta er þá auðsjáanlega skerðing á þeim rjetti, sem þingið áður hefir veitt söfnuðum.

Flutningsmaður (Grímur Thomsen): Hæstv. landsh. sagði, að vjer flutningsmenn hefðum ekki gengið nógu langt í að takmarka vald umboðsstjórnarinnar, og er það sjálfsagt satt. Það hefði sjálfsagt verið meiri samkvæmni í, að hefna einnig burtu seinni málsgrein 4. gr. þessara laga. En vjer vildum slaka til við umboðsstjórnina og gefa henni það vald, sem hún gat ætlazt til, og fyrir þetta bjuggumst vjer við þakklæti frá hæstv. landshöfðingja.

Áður en jeg sezt niður, skal jeg benda h. þingdeildarm. á, að það kemur víðar fyrir í lögum, að heimilað er hlutaðeigendum að setja reglur eða kveða nákvæmar á um einstök atriði, en fyrir er mælt í lögunum. Jeg skal nefna eitt dæmi: «laxalögin»; þar stendur í 7. gr. «Nú er «svo háttað á einhverjum stað, að nauð«syn þykir til bera, að kveða skýrra á «um eitthvað það, sem fyrir er mælt í «lögum þessum, og er sýslunefnd einni «eða fleirum heimilt að setja um það «reglugjörð, en þó svo, að grundvallarregl«um laga þessara . . . sje í engu hagg«að». Af þessu er þá auðsjeð, að það er ekkert nýtt í löggjöfinni, að lögin heimili nefndum og öðrum sjerstakan rjett í sjerstökum tilfellum, en þó þannig, að höfuðstefna laganna helzt.

Páll Briem: Jeg skal geta þess, að ástæðan til þess, að jeg hefi verið með í því að koma með þetta frumv., er sú, að jeg kann ekki við, að til sjeu lagaákvæði, sem liggja bæði undir breytingu umboðsvaldsins og löggjafarvaldsins. Í dag gjörir umboðsvaldið eitt, en á morgun gjörir löggjafarvaldið annað. Jeg get ekki sjeð, að rjettur safnaðanna sje skertur, þótt þeir verði að leita til alþingis í stað landshöfðingja. Og jeg get ekki sjeð, að alþingi geti eigi haft næga þekkingu til þess að segja sitt álit um það, hvort leggja skuli niður eða sameina brauð. Þetta er áríðandi mál og því rjett, að löggjafarvaldið fjalli um það. Þar á móti er öðru máli að gegna um það, hvort kirkja er lögð niður; slíkt hlýtur að vera komið undir hentugleikum safnaðarins, og er því sanngjarnt, að leyfa söfnuðinum að ráða því. Enda álít jeg, að alþingi afsali sjer þá rjetti til að gjöra breytingu á þessu á eptir. Jeg álít, að þar sem hjeraðsbúum er gefið samþykktarvald, þar afsali alþingi afskipti í þeim efnum; en hjer er allt öðru máli að gegna; alþingi hefir aldrei afsalað sjer rjetti sínum til að leggja niður og sameina prestaköll. Ákvæði þess frumv., sem fyrir liggur, eru auðsjáanlega önnur, en ákvæði 4. gr. prestakallalaganna. Í frumv. er sagt, hvað gjöra megi um stundar sakir, og að þar við megi sitja, þangað til alþingi geti fjallað um málið, og gjört út um það með lagaboði.

Ólafur Briem: Að því er mjer skilst, þá eru hjer tvö atriði um að ræða. Annað er breyting á skipun sókna og brauða, og niðurlagning þeirra, en hitt snertir tekjumissi fyrir landssjóð. Að því er hið fyrra snertir, þá get jeg ekki skilið,

að neitt sje ísjárvert í því, að fá söfnuðum og hjeraðsfundum í hendur vald til að skipa fyrir um það með ráði biskups og að áskilinni staðfestingu landshöfðingja, því jeg hef ekki skilið 4. gr. prestakallalaganna svo, að löggjafarvaldið væri þar með útilokað frá öllum afskiptum af þeim málum, heldur að því væri í sjálfs vald sett, að endurbæta brauðaskipunina, hvenær sem þess þætti þurfa, og þar á meðal breyta þeirri skipun, er landshöfðingi hefði staðfest, ef hún reyndist einhverjum sjerstaklegum annmörkum bundin.

Að því er snertir hið annað höfuðatriði, sem um er að ræða, það, að alþingi opt gæti litizt að leggja gjald á brauð, sem umboðsvaldið hefði sameinað, þá get jeg því síður skilið, að 4. gr. prestakallalaganna sje því til hindrunar, að löggjafarvaldið ákveði slíkt gjald, en vitaskuld er, að það getur ekki orðið heimtað fyr en við prestaskipti í hinu sameinaða brauði. Jeg álít yfir höfuð að tala enga þörf á þessu frumv., með því að jeg get ekki fundið, að með 4. gr. prestakallalaganna sje í neinu skertur rjettur löggjafarvaldsins.

Flutningsmaður (Grímur Thomsen): Þegar fyrirspurnin um niðurlagning brauða var fyrir þinginu um daginn, gat einn h. þingdm. þess, að þegar búið væri að sameina tvö brauð, þá væri hægurinn hjá fyrir þingið að hindra, að landssjóður yrði fyrir skaða af sameiningunni, með því að það gæti komið fram með lagafrumv. um, að svo og svo mikið skyldi tekið af hinu sameinaða brauði. En h. þingdm. hlýtur þó að vita, að eigi er hægt að fá þetta gjald af hinu sameinaða brauði fyr en við næstu prestaskipti, svo að landsjóður líður þó skaða, á meðan sá prestur, sem fyrst fjekk hið sameinaða brauð, er í brauðinu. Það er ekki hægt að rýra þau laun, sem hann hefir einu sinni fengið. Þar við bætist og, að það er óviðkunnanlegt, þegar búið er að skera úr einhverju máli, að þingið komi þá eptir á og umturni öllu saman.

Jeg skal ennfremur geta þess, að þar sem hæstv. landshöfðingi ekki áleit oss flutningsmenn stíga nógu langt í að girða um vald löggjafarvaldsins, þá fæ jeg ekki sjeð, að hjer sje nokkurs rjettur fyrir borð borinn. Meðan söfnuðirnir ekki aleinir, án biskups ráða og staðfestingar landshöfðingja, ráða sameiningu brauða, er sameiningin ekki algjörlega frjáls. En vilji umboðsvaldið sjer í lagi verja sitt vald og satnaðanna, þá þarf í þá stefnu einnig að stíga feti lengra, og þá ákveða, að söfnuðirnir og hjeraðsfundir einir með ráði biskups leiði skipun brauða til lykta.

Eiríkur Briem: Mjer líkar ekki þetta frumv., þó að jeg reyndar ekki ætli mjer að greiða atkvæði á móti því á þessu stigi málsins. H. þingm. Borgf. (Gr. Th.) tók fram, að landsjóður gæti beðið skaða við hinar gildandi ákvarðanir, og það er mjög athugavert; hefði jeg því viljað, að teknar yrðu nákvæmari ákvarðanir, svo landsjóði væri engin hætta búin.

Málið er í sjálfu sjer athugavert, og vil jeg því ekki fara fleirum orðum um það, og leyfi mjer að stinga upp á, að kosin sje 3 manna nefnd til að íhuga frumv.

ATKVÆÐAGR.: Þessi uppástunga var felld með 11 atkv. móti 10.

Flutningsmaður (Grímur Thomsen): Þótt ekki sje sett nefnd í málið, er hverjum þingmanni heimilt að koma fram með breytingar til annarar umr., og er jeg fús á að taka þær til greina, ef þær ekki breyta stefnu frumvarpsins.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 14 atkv.

Frumv. til laga viðvíkjandi lokuðum bögglum, er sendir eru með landpóstum á vetrum (66); 1. umr.

Flutningsmaður (Eiríkur Briem): Jeg skal ekki fjölyrða um þetta mál; það er að eins tvennt, sem jeg vildi taka fram. Flutningur á böggulsendingum að vetrin-

um er svo örðugur, að hann tefur fyrir öðrum sendingum og auk þess er hann mjög kostnaðarsamur fyrir landssjóð; þess vegna virðist oss heppilegt að gjaldið undir þær sje hækkað nokkuð, til að bæta upp kostnaðinn; einnig getur verið, að menn þá hlífi sjer við að senda að vetrinum sendingar þær, sem ekki eru alveg nauðsynlegar og menn geta komizt hjá að senda. Seinni grein frumvarpsins virðist ef til vill benda í gagnstæða átt og vera til að auka böggulsendingar, en það mun minnstu muna, og höfuðatriði málsins er þetta, að það getur staðið svo á, að mönnum sje alveg nauðsynlegt að koma sendingum á póstinn, sem meira vegi en eitt pd., og virðist mjer ósanngjarnt að neita mönnum um það, ef þeir vilja borga nægilega undir þær.

Grímur Thomsen: Þetta frumvarp miðar, eins og allt það sem kemur frá h. fjárlaganefnd, til að spara og auka tekjur landssjóðs. En jeg er hræddur um að það verði ekki sparnaðarauki að gefa mönnum kost á að senda stórar og þungar sendingar með landpóstum. Póstar eru opt að vetrardeginum í mestu vandræðum með þessar sendingar og vandræðin verða því meiri, sem sendingarnar eru þyngri og hljóta þær að hafa talsverðan kostnað í för með sjer. Það sem vinnst á annan bóginn, tapast máske á hinn.

Flutningsmaður (Eiríkur Briem): H. þm. Borgf. (Gr. Th.) gat þess, að vandræðin að vetrinum mundu verða meiri fyrir póstana, ef sendingarnar yrðu þyngri; en það held jeg varla verði. Í 9 ár var þetta 1 pd. ekki ákveðið sem mesta þyngd á böggulsendingum, því að það var fyrst 4. nóv. 1881 að þessi ákvörðun var tekin og vandkvæðin hafa einmitt orðið miklu meiri síðan, eptir því sem samgöngurnar hafa aukizt. Hitt munar minnstu, hvort sent er 4 sendingar upp á 5 pd. hver eða 20 sendingar upp á 1 pd.

Páll Briem: Jeg er á sama máli og h. flutningsm. (E. Br.). Þessi 1 pd. ákvörðun er mjög óþægileg og póststjórninni gerir í raun og veru ekkert til, hvort sendir eru 5 bögglar hver upp á eitt pd. eða 1 böggull upp á 5 pd. Ef munurinn er nokkur, þá er hann einmitt sá, að hin síðari aðferðin er þægilegri, auk þess sem opt getur svo á staðið, að manni sje ómögulegt að parta í sundur sendingar. Mjer finnst og mikil ástæða til að hlynna að sendingum á prentuðu máli. Kunnugur maður hefir sagt mjer, að flutt sjeu um 60 pd. á hesti, og fengi maður þá, eptir því sem fram á er farið í frumvarpinu, c. 30 kr. fyrir hestinn. En nú kostar hesturinn stundum allt að 80 kr. og því hefði jeg ekkert á móti að farið væri meðalveginn og tekin 1 kr. fyrir hvert pund. En um leið finnst mjer einnig vera sanngjarnt að ljetta á burðareyri af smábögglum, þannig að teknir væru 25 aurar af hverjum 25 kv.

Jónas Jónassen: Jeg vildi ráða h. fjárlaganefnd til að leita sjer upplýsingar hjá póstmeistaranum í Reykjavík, áður en lengra væri farið út í mál þetta; því að málið er mjög þýðingarmikið og um leið úr töluverðum vanda að ráða. Það er opt mjög óþægilegt fyrir menn að geta eigi komið 1 pd. og nokkrum lóðum milli Reykjavíkur og sveitanna frá nóvember til marzmánaðarloka. En á hinn bóginn eru þungar bögglasendingar svo fjarska miklum erfiðleikum bundnar, að opt má telja það ókleyft fyrir menn og hesta, og er opt hörmulegt að sjá, hvernig póstarnir verða að fara með hestana. Málið er sem sagt mjög þýðingarmikið og meiningar manna mjög deildar um hækkun á burðareyrinum, og tel jeg því heppilegast fyrir h. fjárlaganefnd, að leita upplýsinga hjá póstmeistaranum eða bera sig saman við hann.

Árni Jónsson: Jeg sje náttúrlega ekkert á móti því, að leitað sje upplýsinga hjá póstmeistaranum, enda mun fjárlaga-

nefndin gjöra það, ef hún finnur ástæðu til. Þar sem þm. Rvk. (J. J.) var að tala um erfiðleikana á póstflutningunum, þá er einmitt – eins og 1. þm. Húnv. (E. Br.) tók fram – mest kvartað um það síðan þessi 1 pd. ákvörðun var sett, og jeg tel allsendis óvíst, að þessir erfiðleikar fari vaxandi fyrir það, þótt þessi ákvörðun falli niður. Hitt aðalatriðið, að hækka burðareyririnn upp í 50 aura, sýnist einnig eðlilegt, þar sem bæði er opt sent ýmislegt að óþörfu með póstum, og landssjóður verður að kosta svo miklu til þessara vetrarferða og flutninga.

Gunnar Halldórsson: Jeg vil að eins gera stutta athugasemd. Þessi uppástunga h. fjárlaganefndar ræður ekki bót á því, sem mest nauðsyn er á að bæta, því að menn hafa enga vissu fyrir, að hlutaðeigendur fái sendingar, sem þeim eru sendar, skilvíslegar eptir en áður. Póstar skilja opt hjer og hvar eptir böggla, sem með þeim eru sendir, svo að menn fá þá ekki fyr en seint og síðar meir. Jeg veit t. d. að sendingar, sem sendar hafa verið í októbermánuði vestur í Ísafjarðarsýslu, hafa eigi komið þangað fyr en í marz. Reikningur h. þm. Snæf. (P. Br.) getur mjer ekki skilizt sje rjettur, því að það er ómögulegt að segja, hve margra peninga virði hesturinn beri, því að sendingarnar eru misjafulega dýrar og opt margskipt um böggla á hestinum í sömu ferðinni. Jeg verð að álíta 30 aura gjald nægilegt.

Jón Jónsson: Það hefir verið tekið fram, að fjárlaganefndin hafi komið með frumv. þetta í þeim tilgangi að græða og spara fyrir landssjóðinn. H. þm. Borgf. (Gr. Th,) og nú h. 2. þm. Ísf. (G. H.) hafa lýst yfir því, að þessi mundi vera tilgangur frv. Jeg þakka þeim fyrir þessi lofsorð um fjárlaganefndina. En jeg verð jafnframt að skýra frá, að nefndin á ekki þetta lof skilið, því tilgangur þessa frv. er ekki sá að græða og spara. Aðalatriði þessa frv. er ekki nema eitt, að því er mjer virðist, og það er að frv. leyfir í annari grein að senda megi með landpóstum meira en eitt pund í böggli sem nú er ekki leyfilegt um vetrartímann. Þetta er aðalatriði málsins. Það er hægt að tilfæra mörg dæmi þess, að menn hefðu viljað gefa jafnvel heila krónu fyrir pundið til þess að geta komið fleiri en einu pundi með pósti.

Hitt, að gjaldið er fært upp úr 30 au. í 50 au. fyrir hvert pund, það er ekki aðalatriðið, heldur er það að eins trygging eða til að koma í veg fyrir, að rjetturinn til að senda meira en 1 pund verði misbrúkaður. H. þm. Snæf. (P. Br.) þótti gjaldið of lágt. Það getur verið að það þurfi að vera hærra til þess, að heimild sú, er 2. gr. veitir verði eigi notuð að óþörfu, en að rjett sje að breyta hinu, sem er aðalatriðið, á það get jeg ekki fallizt.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 18 atkv.

Frv. til laga um breyting á 4. gr. í lögum um laun sýslumanna og bæjarfógeta 14. desbr. 1877 (68); 1. umr.

Forseti: Jeg skal benda h. þingdeild á það, að þetta frumvarp verður að skoðast sem nýtt frv., er þessvegna liggur fyrir til 1. umr.. Það hefir að vísu komið til 1. umr. í sambandi við frv. um sameiningu Stranda- og Dalasýslu, en fjárlaganefndin hefir nú liðað hið upphaflega frv. í tvennt og lætur hvort frumvarpið fyrir sig ganga sinn veg gegn um þingið.

Flutningsmaður (Þorleifur Jónsson): Eins og h. forseti tók fram, er frv. þetta nýtt sem sjerstakt frv., því að það var áður í sambandi við frv. um sameiningu Stranda og Dalasýslu, en fjárlaganefndin hefir nú liðað fyrsta frv. í sundur, af því að þetta atriði, nefnil. sameinig Vestmannaeyjasýslu og Rangárvallasýslu, mætti þegar í fyrstu allmiklum andmælum, en engin mótbára kom gegn því að sameina Stranda og Dalasýslu. Eitt af því, sem haft var hjer í deildinni um daginn á móti sameiningu Vestmannaeyja- og Rang-

árvallasýslu, var það, að sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum einnig væri umboðsmaður yfir landssjóðsjörðum þar, og mætti því ekki missa sig sem slíkur; nefndin hefir tekið þessa mótbáru til greina og kveður svo á, að sjerstökum manni skuli fengið umboðið í hendur; svo að sú mótbára er þegar fallin. Hinir aðrir annmarkar sem tíndir hafa verið til móti þessari sameiningu, eru eptir áliti nefndarinnar eigi svo þýðingarmiklir, að þeir vegi meira en sá sparnaður fyrir landssjóð er sameiningin mundi hafa í för með sjer; því hann mundi verða 1000 kr. að minnsta kosti. Sýslumaður Rangvellinga hefir 3000 kr. laun og sýslumaðurinn í eyjunum 2000 kr., til samans 5000 kr.; sýslumaðurinn í hinu sameinaða lögsagnarumdæmi á, samkvæmt frv., að hafa 3500 kr. og umboðslaunin á eyjunum mundu í hæsta lagi verða 500 kr., sem sjá má af því, að eptir landsreikningnum 1885 eru tekjurnar af þjóðjörðunum á Vestmannaeyjum 2824,68 kr. að upphæð, en þar gengi $^1/_6$ í umboðslaun. Gjöldin til hins sameinaða lögsagnarumdæmis og umboðslaun yrðu því í mesta lagi 4000 kr.; og þúsund króna sparnaður á ári er eigi svo lítils virði. Það vona jeg að Vestmannaeyingar sjái, enda láti sjer þetta vel líka ekki sízt þar sem h. þingd. var þeim svo eptirlát í gær, að samþykkja þingsályktunartill. um landskuldargjaldið á Vestmannaeyjum.

Jónas Jónassen: Flutningsmaður lagði mikla áherzlu á sparnaðinn, sem frumv. þetta kæmi til vegar; það er að vísu gott að spara sem mest fyrir landssjóðinn; en jeg er hræddur um, að hjer geti sparnaðurinn komið illa niður. Hvernig færi, ef sýslumannslaust væri á eyjunum og stórþjófnaður yrði framinn, líkt og í Árnessýslu fyrir skömmu? Mundu þá þjófarnir ekki geta fengið ráðrúm til að komast í land áður rannsókn væri hafin í málinu, ef sýslumaður væri hvergi nærri? Mitt álit er, að Vestmannaeyingar geti eigi vel verið án pólitímeistara, bæði vegna innlendra og útlendra. Hins vegar þykist jeg mega telja það víst, að þetta sameinaða lögsagnarumdæmi mundi ekki verða vinsælt, því jeg er viss um, að af sýslumönnunum mundu 8 af 10 vilja gefa mörg hundruð krónur til þess að vera lausir við að þurfa að fara út í Vestmannaeyjar á hverjum tíma árs sem er, ef þeir væru sýslumenn í Rangárvallasýslu. Gæti vel farið svo, að duglegustu sýslumennirnir yrðu ófúsir að þjóna þessu lögsagnarumdæmi vegna hinna miklu annmarka sem á því eru, og er sýslumaðurinn væri farinn að eldast, tel jeg það ógjörning mesta fyrir hann að þjóna jafnörðugu embætti. Menn verða vel að gæta þess, að það hagar svo alveg sjerstaklega til, að því er Vestmannaeyjar snertir.

Jeg er því þessu frumv. jafn mótfallinn, sem jeg get verið meðmæltur sameiningu Stranda- og Dalasýslu, þótt jeg á hinn bóginn eigi sjái neina nauðsyn til þeirrar sameiningar. Jeg vona, að h. þingd. því felli þetta frv.

Þorsteinn Jónsson: Eins og áður er jeg sterklega á móti því, að frumvarpið verði að lögum, ekki einungis sem þingm. Vestm., heldur miklu fremur sem kunnugur maður. Þingm. Rangv., Rvík. og Borgf. hafa einnig stutt mitt mál drengilega, og sýnt fram á, hversu óhafandi þetta fyrirhugaða fyrirkomulag yrði. Þótt allt annað, sem sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum gerir, yrði fengið einstökum mönnum í hendur, hlýtur þó dómgæzlan að verða eptir, og ef nú sýslumaðurinn á heima í Rangárvallasýslu, þá getur einatt orðið dýrt spaug að ná til hans þó á liggi. Fyrst og fremst verður að gera út skip með 12—14 mönnum, og þegar til lands er komið, er ef tilvill hálf eða heil dagleið til sýslumanns, eptir því hvar hann býr í sýslunni. En svo þegar sýslumaður loks er kominn niður í Landeyjar, er sjór ef

orðinn ófær, svo sýslumaður má bíða þar máske 7—14 daga, og komist hann út í eyjar á endanum, getur vel verið hann teppist þar svo vikum skipti.

Mjer þykir annars illa farið, að h. varaforseti (Þór. Böðv.) ekki er á fundi, því jeg þurft að svara honum ýmsu. Jeg sagði, að allir kunnugir þm. hefðu verið mótfallnir sameiningu þessari á þingi 1877, en hann sagði, að þeir hefðu allir verið vilhallir, en jeg vona, að hann hafi sagt þetta í bráðræði, því á meðal þeirra kunnugu manna, sem jeg nefndi um daginn, að greitt hefðu atkvæði á móti sameiningunni, var 1 háæruverðugur og 2 velæruverðugir herrar; 2 þeirra heiðursmanna, er móti sameiningunni mæltu, eru komnir undir græna torfu, sem sje hinn fyrverandi þm. Vestmanneyinga, og hinn fyrverandi þm. Austur-Skaptfellinga, og geta því eigi haldið svörum uppi fyrir sig, og um þá mun hann varla vilja segja, að þeir hafi verið vilhallir. H. varaforseti (Þór. Böðv.) sagði enn fremur, að það sæmdi illa fyrir fátækt land, að hafa hálaunaða menn, sem ekkert hefðu að starfa; jeg get nú varla ætlað, að hann telji sýslumannsembættið í Vestmannaeyjum hálaunað, þar sem það er í 4. flokki, og að eins launað með 2000 kr. En sökum samgönguleysis og strjálbyggðar, verður hjer á landi eigi hjá því komizt, að hafa marga embættismenn í samanburði við fólkstölu. Hjer eru einnig til þau embætti, sem ekki eru sjerlega ervið, en þó hátt launuð, og heyrist þó ekki talað, að þeim megi burt rýma; það eru yfirdómaraembættin.

Jeg segi þetta ekki af því að mjer finnist þau óþörf, heldur til að sýna, að stundum geta hæg embætti verið nauðsynleg, enda þótt dýr sjeu.

Á landinu eru 141 prestakall, en landsbúar 70000, koma þá á hvert prestakall tæp 500 manna, en strjálbyggð veldur því, að ervitt er að hafa prestaköllin til muna færri; á líkan hátt gerir samgönguleysið milli lands og Vestmannaeyja torvelt, næstum ómögulegt, að komast þar af án þess að sýslumaður hafi þar aðsetur.

Annars skal jeg ekki fara lengra út í þetta mál, einkum þar eð varaforseti ekki er viðstaddur; en jeg leyfi mjer að láta það álit í ljósi, að jeg efast um, að nokkur vilji þessa sameinuðu sýslu, nema hún þá verði enn hærra launuð, en hin h. fjárlaganefnd gerir ráð fyrir. En kæmist sameiningin á, mundi án efa af illu til skárra, að sýslumaðurinn sæti í eyjunum; en ætli Rangvellingar yrðu ánægðir með það?

Sýslur þessar voru líka áður eitt lögsagnarumdæmi, og þótti þá óhafandi fyrirkomulag; mundi sama verða tilfellið enn. Jeg fæ heldur ekki sjeð, að stjórnin frá landsstjórnarlegu sjónarmiði geti fallizt á frumv. þetta, og get jeg því, að öllum ástæðum íhuguðum, eigi annað en verið frv. þessu algert andvígur, og það ekki einungis sem Vestmannaeyingur og þingmaður Vestmannaeyinga, heldur einmitt sem nákunnugur öllum málavöxtum.

Þorvaldur Bjarnarson: Eins og jeg hefi áður tekið fram, er jeg mjög mótfallinn þessu frumv.; þó skal jeg geta þess, að jeg felli mig ágætlega vel við fyrstu orð frv.; þar stendur: »Vestmannaeyjasýslu og Rangárvallasýslu skal sameina«. Já, gæti það látið sig gera, að færa þær saman, þá hyrfu auðvitað allar mótbárur, því þá væri hættan engin; því það er einmitt þessi þriggja mílna sjór, sem gerir það ómögulegt, að gera báðar sýslurnar að einu lögsagnarumdæmi. Þar sem því stendur í frv., að sameina skuli þessar sýslur í »eitt lögsagnarumdæmi«, vildi jeg ráða til, að bæta við í frumv., svo hvorki þjóð nje stjórn verði á tálar dregin, orðinu »ómögulegt«, og yrðu aðalákvæði frv. þá svo hljóðandi: Vestmannaeyjasýslu og Rangárvallasýslu skal sameina í eitt »ómögulegt« lögsagnarumdæmi. Sem kunnugur get jeg ekki annað sagt, en að þetta fyrirhugaða lögsagnarumdæmi verði ómögulegt. Jeg veit að enginn, sem situr hjer í h. þingd. í þetta sinn, er jafn kunnugur

öllum erviðleikum, sem hljóta að verða samfara þessari lögsagnarsameiningu í framkvæmdinni, nema ef vera skyldi hinn h. þm. Vestm. (Þorst. J.) sjálfur. Jeg hefi opt og margsinnis farið milli sýslnanna sjálfur, og veit fullvel, hvílíkum hættum, slysum og hrakningum menn og góz opt og einatt mæta á þeim ferðum, auk þess, sem menn opt teppast vikum eða mánuðum saman, sjer til stórskaða, á ferðum þessum. Jeg tek það upp aptur, að jeg tala hjer sem vel kunnugur maður, enda skal það vera á ábyrgð þingdm., ef þeir ekki bæði trúa og samþykkja orð mín.

Jeg leyfi mjer því að vona, að h. þingd. sje nú þegar sannfærð um, að frv. þetta geti ekki vansalaust öðlazt samþykki í þinginu sjálfu.

Sveinn Eiríksson: Jeg ætla ekki að tala langt erindi, heldur að eins láta í ljósi, að jeg er ekki einungis samþykkur öllum þeim, er mótmæla þessari sameiningu, heldur einnig þakklátur fyrir tillögur þeirra í þessu máli.

Jeg er ekki eins kunnugur og þm. Vestm. og Rangv., en jeg þekki þó svo mikið til, og er sjálfsagt mikið kunnugri en flestir aðrir h. þingdm., að jeg veit, að það er ótrúlega miklum erviðleikum, jeg vil segja ómöguleikum, bundið, að komast milli lands og eyja, og kemur það sjer ekki vel, hvað lögreglu áhrærir, því svo kann að vera á Vestmannaeyjum sem í öðrum kaupstöðum eða verstöðum landsins, að ef óknyttir eða þess háttar á sjer stað, þá munu þeir helzt koma upp á vetrum, jeg vil segja á vertíðinni, og þess vegna mest þörf á, að lögreglustjóri sje þar um það leyti; en þá kemur fyrir opt mánuðum saman, að ómögulegt er að komast milli lands og eyja. Nú eru, sem h. þingd. er kunnugt, þeir til, sem álíta, að ekki verði komizt af með það, að nágrannasýslumaður þjóni sýslu þm. um hásumar, meðan þing stendur yfir, og það þó engar sjerlegar torfærur, hvorki sjór nje stórvötn, greini þessar sýslur; hversu miklu fremur er það þá ekki ógerandi og óhugsandi, að ætla sýslumanninum í Rangárvallasýslu að hafa Vestmannaeyjar í takinu líka. Mjer fyrir mitt leyti virðist það óhugsandi, ómögulegt og í hæsta máta rangt gagnvart öðrum sýslum landsins, og greiði því atkvæði á móti frv. eptir beztu sannfæringu.

Ólafur Pálsson: Það er þegar búið að taka flest fram í máli þessu; samt ætla jeg að eins að láta í ljósi mína skoðun á því. Jeg veit nokkuð, hvernig hjer til hagar, því jeg hefi farið svo opt á milli lands og eyja, og jeg er viss um, að engum kunnugum manni hefði komið til hugar að sameina þessi lögsagnarumdæmi, því það væri miklu tiltækilegra að sameina Reykjavík og Vestmannaeyjar, eins og tekið var fram við fyrstu umræðu, sem þó aldrei kann að verða, þó gufuskipin gangi þar á milli; en Rangárvallasýslu og Árnessýslu álít jeg að mætti sameina, og hefir þó ekki verið stungið upp á því. Jeg er þó viss um, að þessar tvær sýslur væru ekki erviðari en Vestur- og Austur-Skaptafellssýsla ein, og einnig mætti spara talsvert fje með að slá þeim saman, og launa þó hina sameinuðu sýslu svo vel, að nógir fengjust til að taka hana, t. d. hafa launin þar 4000 kr. En Rangárvallasýslu með Vestmannaeyjum mun varla nokkur, sem þekkir til, kæra sig um. Jeg mun eindregið verða á móti frv.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg játa, að þetta er ekki vandkvæðalaust, en samt ætla jeg það ekki ómögulegt eða óhafandi. Stjórninni hefir stundum verið brugðið um, og það ekki ástæðulaust, að hún vildi halda við miður nauðsynlegum embættum, en ef nú þjóðin vill leggjast á eitt með henni í þessu tilliti, þá er illa farið, og eins þó það ekki sjeu nema einstakir partar af þjóðinni, sem það gera.

Þm. Vestm. tók landsyfirrjettinn sem dæmi þess, að dýr en hæg embætti væru nauðsynleg, og vildi með því sýna, að viðurkvæmilegt væri að hafa sýslumann í Vestmannaeyjum; en hjer er ólíku saman

að jafna, því hver mun ætla, að jöfn nauðsyn beri til að hafa sýslumann út í eyjum yfir fimm eða hálfu sjötta hundraði manna, eins og að hafa yfirrjett í landinu?

Hvað það snertir, að sýslumaður verði fyrir hvern mun að vera í eyjunum sakir sakamála, er þar megi vænta, þá held jeg að það sje að eins hugarburður; ekki hafa Vestmannaeyingar, svo mjer sje kunnugt, verið þeir ójafnaðarmenn hingað til; það er langt síðan þar hafa komið fyrir annað en smámál, til að mynda eins og það, að sýslumaður þar sló drukknum manni í höfuðið með flösku. En úr því máli varð lítið, og það ætla jeg, að hver gildur bóndi hefði getað, svo ekki hefði þurft sýslumann til þess.

Umboðinu gætu náttúrlega ólöglærðir menn gegnt eins og annarsstaðar, og enda haldið manntalsþing, því sá starfi er ekki vandasamur orðinn nú á tímum; en Vestmannaeyingum væri miklu nær að leggjast á eitt með þinginu, til að spara fje, en að spyrna móti þessu af blindu kappi, því þeir munu eins og aðrir landshlutar þurfa fje til margra hluta, ef það væri til. Það er undarlegt að álíta þetta ógerandi af því, að svo hætt sje við að sýslumaðurinn drukkni. Þá getur hann drukknað í Rangá á embættisferð þar, og svo líka í Þjórsá eða Ölvesá, ef hann færi til Reykjavíkur. Líf embættismanna er ekki dýrmætara en annara manna og á ekki heimting á frekari trygging, enda hefir opt komið fyrir, að embættismenn hafi drukknað á ferðum sínum, og væri heimska að ætla sjer að girða fyrir það, sem almennt getur komið fyrir í því efni.

Árni Jónsson: H. 1. þm. Árn. (Þ. G.) hefir svarað mörgum mótmælum þeim, er komið hafa gegn frumv., svo jeg get verið því fáorðari, en jeg skal bæta því við, að nefndin hafði ekki eingöngu sparnaðinn fyrir augum, er hún samdi þetta frumv, heldur öllu fremur jöfnuð, rjettsýni og sanngirni gagnvart öðrum íbúum landsins. Menn verða að gæta þess, hve bág kjör þjóðar vorrar eru, og hve þungar byrðir hún má bera, og reyna svo að gera henni sem hægast fyrir að bera þær; og svo aptur á hinn bóginn, að einstakir landsmenn eða landshlutir sitji eigi að ópörfu yfir annara hlut og auki álögur þeirra. Sje þessa gætt, þá liggur það í augum uppi, að Vestmannaeyingar eru öðrum dýrari og rjetthærri, svo jeg álít, að þetta, sem hjer er farið fram á, sje gagnvart öðrum sýslum og sýslubúum ekki »í hæsta máta rangt«, eins þm. A.-Skaptf. (Sv. E.) sagði, heldur þvert á móti »í hæsta máta« sanngjarnt og rjettlátt.

Nú sem stendur hafa rúm 500 manna á Vestmannaeyjum jafnan rjett og 5000 í sumum öðrum sýslum á landinu, þar sem þeir hafa sýslumann, lækni og þingmann út af fyrir sig.

Það var eigi að eins sparnaður fyrir landssjóð, sem nefndin hafði fyrir augum, heldur allt eins mikið sparnaður fyrir fyrir landsstjórnina; sá sparnaður, að hún hefði þá einum sýslumanni færra eptir að líta; og dæmin eru fullkunn, að það veitir ekki af að spara í þá áttina líka. Svo sparaðist einnig eitt embættið til eptirlaunanna; en sýslumenn eru stundum þungir á þeim.

Þm. Rvík. talaði um, að stórþjófnaður gæti komið þar upp, líkt og í Árnessýslu, en bæði er þess varla til getandi, að þeir sjeu svo ósiðlegir þar á eyjunum, enda er ekki ólíklegt, að prestur og læknir gætu haldið svo fám mönnum frá stórmálum. Mjer finnst þessi röksemd þm. Rvíkur, og »óknyttirnir« hjá þm. Aust.-Skaptf., sem og öll hræðsla fyrir því, að Vestmannaeyingar muni þjóta upp til handa og fóta, og þeim verði ekki haldið í skefjum, ef þeir hafi ekki valdsmann, vera til þess að kasta skugga á eyjabúa og ætla þeim þá ósiði, er jeg ímynda mjer þeir eigi engan veginn skilið, þótt jeg sje þeim ókunnugur. Að því er snertir þjófamálið í Árnessýslu, þá er eigi víst, hvort það hefði dulizt lengur

eða hefði verið rekið óliðlegar, þótt einhver ólöglærður bóndi hefði um það fjallað.

Hvað vegalengd og torfærur snertir, þá er það ekki sá eini staður á landinu, sem torsóttur er yfirferðar, og þó prófastur kæmist þar í krappan sjó, þá er það bæði einstakt atvik, og hefði getað borið að hendi víðar en milli lands og Vestmannaeyja. — Hitt er víst, að árlega eru miklar ferðir út í eyjar, og því fer fjarri, að ætíð verði slys að því; það getur þm. Rangv. borið mjer vitni um, því að jeg veit ekki betur, en að hann reki talsverða sveitaverzlun og sæki þær vörur sínar út í eyjarnar; hefir þess eigi verið getið, að honum nokkru sinni hafi borizt á.

Menn ættu að líta á þetta mál með sanngirni, en leggja allt kapp til hliðar, mætti þá svo fara, að þeim, er nú virðist þetta ógerandi, kynni að sýnast á annan veg, og að því fylgi, eins og jeg sagði áður, rjettlæti, sanngirni og jöfnuður gagnvart öðrum landsbúum.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 12 atkv.

Fimmtándi fundur, mánudag 18. júlí.

Forseti gat um, að til sín væru komin þessi skjöl:

1. Beiðni um launahækkun póstafgreiðslumannsins á Stykkishólmi.
2. Beiðni um sjópóstferðir milli Vestmannaeyja og Landeyja.
3. Beiðni um aukapóstferð frá Bæ í Króksfirði að Stað í Hrútafirði.
4. Beiðni um aukapóstferð frá Arnarholti að Gilsbakka og frá Saurbæ um Leirá á Akranesskaga.
5. Beiðni um aukapóstferð frá Víðimýri til Lýtingsstaðahrepps og um brjefhirðing á Miklabæ og Viðvík,
6. Beiðni um auknar póstferðir í Dalasýslu.

Ljet forseti afhenda skjölin formanni fjárlaganefndarinnar.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaða á Vogavík og Þórshöfn í Gullbringusýslu (34); 3. umr.

Þórarinn Böðvarsson: Þetta mál hefir ekki mætt neinum verulegum mótmælum hingað til í h. þingdeild, og er því ástæðulaust að mæla með því meira en gjört hefir verið. Jeg treysti því að eins, að eins og h. þingdeild leyfði málinu að koma til 2. umr. og meira að segja, samþykkti frumv. við 2. umr. viðstöðulaust, eins muni hún líka samþykkja það nú við 3. umr. þess.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 20 atkv. og síðan sent Ed.

Frumv. til laga um stækkun verzlunarstaðarins á Eskifirði (47); 3. umr.

ATKVÆÐAGR: Frumv. samþ. með 21 atkv. og afgreitt síðan til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um breyting á landamerkjalögum 17. marz 1882 (48); 3. umræða.

Flutningsmaður (*Þorleifur Jónsson*): Við 2. umr. var frumv. þetta samþykkt í einu hljóði hjer í deildinni, og af því engin mótmæli hafa komið fram móti málina, þá finn jeg ekki ástæðu til að lengja umræðurnar um það; en óska að eins að frumv. verði samþykkt.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþykkt í einu hljóði og síðan afgreitt til Ed.

Frumv. til laga um breyting á 1. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (51); 2. umr.

Flutningsmaður (Sigurður Jensson): Jeg álít, að þetta mál sje eitt af þeim, sem óþarft er að hafa langar umræður um. Jeg reyndi við 1. umr. að sýna fram á þær ástæður, sem mæltu með frumv., og skal jeg ekki taka þær upp aptur. Það eru eins og menn muna tvær aðalástæður, sem mæla með því, að það, sem hjer er farið fram á, verði tekið til greina. Hin fyrri ástæðan er sú, að ár-

gjaldið er í sjálfu sjer allt of hátt, þar sem brauðið að rjettu lagi getur ekki talizt nema 1300 kr. brauð. Önnur ástæðan er sú, að þó gengið sje í gegnum allar umræður um prestakallamálið á þingi 1879, þá er ekki hægt að sjá, að það hafi verið meining þingsins að leggja árgjald á Staðarprestakall eitt, heldur á Garpsdals- og Staðarprestakall, sem fyrirhugað var að sameina. Jeg vona að h. þingdm. trúi mjer til þess að hafa ekki rangfært neitt af því, sem eg hef komið með þessu máli til stuðnings, og ef einhver er enn í vafa um, hvernig hann eigi að greiða atkvæði í þessu máli, þá vona jeg að hann gefi mjer tækifæri til að leggja fyrir hann skjöl og skilríki málinu viðvíkjandi.

Málið hefir að vísu enn ekki mætt neinum opinberum mótmælum hjer innanþings, en utanþings hefi jeg heyrt ýmsar raddir á móti því. Jeg hefi heyrt það borið fram, að hinn núverandi prestur á Stað ætti það einmitt að þakka þessu háa árgjaldi, að hann fjekk brauðið. Ef það hefði ekki verið, segja menn að einhver honum verðugri hefði fengið það. Jeg vona þó að enginn geti með rjettu sagt, að þessi prestur hafi verið óverðugur þess að fá brauðið, og hin bezta sönnun fyrir því, að hann hafi fengið það verðugur, er sú, að söfnuðurinn óskaði sjerstaklega að fá hann fyrir prest sinn. — Þá hefi jeg ennfremur heyrt menn segja, að prestur þessi geti farið frá brauðinu og þá fyrst geti verið spurning um að lækka árgjaldið, er það sýnir sig, að enginn sækir um brauðið eptir hann. En jeg vil spyrja: finnst mönnum ekki hart, að hrekja prestinn frá brauðinu, þegar hann — eins og hjer er ástatt — hefir lagt mikið í kostnað, til þess að gjöra jarðabætur, í von um að njóta ávaxtanna af því, og finnst mönnum það ekki á hinn bóginn líka hart, að svipta söfnuðinn þeim presti, sem hann óskar að fá að halda? Það er sannarlega annað og fleira, sem verður að líta á í þessu og líkum málum, en peningana eina.

Það er þó víst ekki meining manna að bjóða eigi upp prestaköllin og reyna hverjir vilji þjóna þeim fyrir minnsta borgun. Að mínu áliti er rjettast að láta tekjur brauðanna vera lífvænlegar og slá þeim svo föstum eitt skipi fyrir öll.

ATKVÆÐAGR.: Vegna óljósrar atkvæðagreiðslu um frumv. var við haft nafnakall, og sögðu:

„Já“	*„Nei“*
Jón Þórarinsson	Páll Ólafsson
Benid. Sveinsson	Árni Jónsson
Grímur Thomsen	Eiríkur Briem
Jónas Jónassen	Gunnar Halldórsson
Páll Briem	Jón Jónsson
Sigurður Jensson	Lárus Halldórsson
Sigurður Stefánsson	Ólafur Briem
Þórarinn Böðvarsson	Ólafur Pálsson
Þorsteinn Jónsson	Sveinn Eiríksson
	Þorlákur Guðmunds.
	Þorleifur Jónsson
	Þorvaldur Bjarnarson
	Þorvarður Kjerúlf

Var frumv. þannig fellt með 13:9 atkv.

Frumv. til laga um lausn frá árgjaldsgreiðslu af prestakalli (52); 2. umr.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg vona að jeg þurfi ekki að tala margt um þetta mál að þessu sinni. Jeg tók það fram við 1. umr., er jeg verð að vona, að hafi verið nægilegt til að upplýsa þetta mál og sannfæra h. þingdm. um, að rjettindi annarsvegar og sanngirni og mannúð hinsvegar ættu að knýja þá til að gefa þessu frumv. atkvæði sitt. Jeg skal taka það fram, að þó h. þingd. hafi neitað því, sem farið var fram á í frumv., sem rætt var nú síðast, þá er allt öðru máli að gegna um það, sem hjer er farið fram á. Presturinn á Stað vissi, hvað hann gjörði þegar hann sótti um brauðið, en presturinn á Laufási gat með engu móti vitað, að tekjur Laufássprestakalls myndu skerðast svo mjög skömmu eptir

að hann hafði fengið brauðið. Hann sótti um brauðið, eins og því var slegið upp með öllum tekjum og herlegheitum, sem því fylgdu og fylgt höfðu, en á næsta vori eptir var hólmi sá, sem mestu herlegheitin voru fólgin í, dæmdur undan brauðinu, án þess presturinn væri að nokkru valdur að því. Jeg get ekki efast um, að h. þingd. líti á, jeg leyfi mjer að segja, rjettindi þessa prest, til að fá það, sem hann biður um. Á hinn bóginn álít jeg líka tilgangslaust að vera að heimta það af þessum sómapresti, sem hann ekki getur látið. Jeg veit líka fyrir víst, að hefði «Neshólmi» verið genginn undan brauðinu fyrir 1879, þá hefði þinginu ekki dottið í hug að leggja árgjald á brauðið.

Skal jeg svo ekki fara fleirum orðum um þetta mál, en leyfi mjer að vona, að þeir, sem hingað til hafa lagt gott til þessa máls, samþykki það einnig nú við þessa umræðu.

Þorvaldur Björnsson: Jeg hefi verið og er enn á móti frumv. þessu, því jeg fæ hvorki álitið það rjett nje sanngjarnt, þó varaforseti (Þór. Böðv.) sje því mjög meðmæltur; en jeg tók líka eptir því, að varaforseti tilfærði það sem hina helztu ástæðu fyrir frumv., að Laufásþresturinn hefði misst það, sem honum hefði verið veitt. En það get jeg ekki skilið að sje satt, því eins og varaforseti (Þór. Böðv.) sjálfur segir, gekk Neshólmi undan prestakallinu með dómi, en jeg hef aldrei heyrt, að persóna eða prestakall yrði svipt sinni sönnu eign með dómi. Þess vegna verð jeg að álykta, að prestakallið hafi aldrei í raun og veru átt hólmann, og presturinn því aldrei fengið veitingu fyrir honum, og þess vegna sje engin ástæða til að afnema árgjaldið. Ef nokkur ástæða væri til, yrði hún að vera sú, að dómurinn hefði verið rangur, en þess hefir varaforseti ekki getið með skýrum orðum, jafnvel þó næst liggi að ráða af því, er sagt hefir verið, þar sem það er marg endurtekið, að presturinn í Laufási hafi misst af því með dómi, sem honum hafi verið veitt skilyrðislaust sem fullkomin eign prestakallsins; jeg verð því fastlega að neita því, að veitingarvaldið hafi nokkru sinni veitt eða getað veitt prestinum í Laufási annað en það, sem prestakallinu gat tilheyrt að lögum. Jeg verð því að álíta, að dómurinn sje óræk sönnun fyrir því, að prestinum í Laufási hafi aldrei verið veittur hinn umræddi hólmi, og virðist hann enn fremur sanna vantandi rjettarsannanir fyrir lögmætri eign en ógeistlegri notkun á annars eign á undan fullgildi dómsins.

Eiríkur Briem: Jeg get ímyndað mjer að margir muni frumv. þessu mótfallnir, eins og það liggur fyrir, en engu að síður vildi jeg óska, að því yrði leyft að ganga til 3. umr., svo mjer gæfist kostur á að koma með breytingartill. við það.

Presturinn í Laufási hefir, eins og menn vita, komið með slíkar bænir fyr, og eflaust jafnan með meiri eða minni ástæðum gert sjer einhverja von um bænheyrslu; má því ætla, að hann hafi árlega eytt árgjaldinu í sínar þarfir, og honum nú yrði torvelt eða ómögulegt, að greiða það fyrir þau ár, sem liðin eru.

Jeg vil því leggja það til sem sanngjarnt, að Laufásprestinum verði gefið upp árgjaldið fyrir 1884 - 1888, og hefi jeg í hyggju að koma fram með breytingartill. í þessa stefnu, ef málið fær að ganga til 3. umr.; mundi jeg þegar hafa komið með þessa breytingartill., ef mjer hefði hugkvæmzt það fyr.

Þorvaldur Björnsson: Jeg get ekki gert ráð fyrir, að Laufásprestinum hafi farizt eins og því fólki, sem svíkur sig á heimskulegum vonum, þar sem hann er sagður merkur klerkur að viti og góðri þekkingu. Jeg held að það sje næg röksemd móti frumv., að Neshólmi gekk undan Laufási með dómi, og þess vegna hefði presturinn aldrei getað gert sjer von um að fá neina uppbót fyrir það úr landssjóði,

ef hann hefði athugað málið vandlega, og það því síður, sem honum mátti og hlaut að vera kunnugt, að merkur maður, bóndinn í Nesi, var farinn að höfða mál út af velæruverðugri dúngirnd velæruverðugra fyrirrennara hans háæruverðugheita.

Landshöfðingi: Jeg er mjög meðmæltur uppástungu 1. þm. Húnv. Því öllum oss mun það kunnugt, að fjárhagur Laufássprestsins er svo bágur, að ef þingið veitir enga tilslökun með hið áfallna árgjald og landsstjórnin því neyðist til að ganga eptir því með dómi og fjárnámi, þá mun það verða til þess að gjöra hann öreiga og ósjálfbjarga.

Mjer virðist sem þingið því fremur geti veitt þetta, sem það hefir áður gert slíkt hið sama fyrir annan sæmdarprest, án gildari ástæðna, en hjer eru fyrir hendi, og fyrir hann gerði það enda meira; það lækkaði árgjaldið líka um ókomna tímann. Mjer virðist því miklu sæmra, að fylgja till. 1. þm. Húnv. (E. Br) en að ganga svo hart að þessum merkispresti, að það verði honum að gæfuráni.

Sigurður Stefánsson: Jeg er að vísu meðmæltur uppást. 1. þm. Húnv. (E. Br.). Reyndar verð jeg að skoða það hirðuleysi af presti, hver sem það svo er, að safna þannig árgjöldum ár eptir ár, sem hann samkvæmt lögum eða dómi á að greiða, og á hinn bóginn kalla jeg það skort á eptirliti frá landsstjórnarinnar hálfu, að nokkrum skuli haldast slíkt uppi svo árum skiptir. Slík vanskil, sem þessi, geta einnig hæglega orðið til þess, að prestinum verður á endanum ómögulegt að standa í skilum, auk þess, sem óskilsemi hans hlýtur heldur að spilla fyrir honum þegar um ívilnun er að ræða, því þó hann kunni að hafa þessar sanngirniskröfur með sjer, þá dregur hirðuleysi hans eigi alllítið úr þeim, þegar það, eins og hjer á sjer stað, á að lokum að bitna á landssjóðnum.

Landshöfðingi: Jeg ætla að svara 1. þm. Ísf. (Sig. St.) nokkrum orðum út af þeim ummælum hans, að eptirlitsleysi af hálfu landsstjórnarinnar væri hjer um að kenna. Orsökin til þess að landsstjórnin gekk hjer svo linlega eptir var í fyrstu sú, að varphólmamálið milli Laufáss og Ness var ekki útkljáð fyrstu árin sem Laufáspresturinn átti að greiða árgjaldið, og því næst vissi landsstjórnin, að von var á slíku frumv. sem nú liggur hjer fyrir; þótti henni því illa til fallið að ganga mjög strangt eptir árgjaldinu, meðan öll líkindi voru til, að veitt yrði uppgjöf á því; en fari nú svo, að þingið hafni þessu frv. og gefi heldur ekkert eptir af hinu áfallna árgjaldi, þá mun landsstjórnin eigi framar sýna neina mildi, heldur ganga eptir gjaldinu með allri þeirri hörku, sem þingið vill að beitt verði.

Þórarinn Böðvarsson: Mál þetta er nú farið að mæta ærnum mótmælum; en hversu skörp sem rökleiðsla 2. þm. Rangv. (Þorv. B.) kann að hafa verið, verð jeg að játa, að jeg skil hana ekki. Svo mikið held jeg þó að honum ætti að vera ljóst, að þegar brauðið var veitt, fylgdi Neshólmi því, og þess vegna held jeg það sje öllum mönnum skiljanlegt, að presturinn hafi misst það sem honum hafði verið veitt, þegar hann missti hólmann, og að þess vegna sje rjett til orða tekið, að hann hafi verið sviptur helztu herlegheitum brauðsins. Hæstv. landsh. og 1. þm. Húnv. (E. Br.) skal jeg vera þakklátur fyrir till. þeirra, og jeg vil mælast til þess, að forseti dragi málið út af dagskrá í þetta sinn, svo kostur gefist á koma með breytingartill.

Forseti: Jeg finn ekki ástæðu til að taka málið út af dagskrá, því það væri að eins til tafar; það nægir að koma með breytingartill. til 3. umr. í þá átt, sem menn vilja fá frumv. breytt.

Þórarinn Böðvarsson: Í trausti til þess, að málið fái að komast til 3. umr., læt jeg mjer þetta vel líka.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 12 atkv. gegn 7. Málinu vísað til 3. umr. með 12 atkv.

Frumvarp til laga um, að umsjón og fjárhald Flateyjarkirkju og Ingjaldshólskirkju skuli fengið söfnuðunum í hendur (C. 79); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 21 atkv., og afgreitt síðan til efri d.

Frumv. til laga um breyting á 4. gr. í lögum 14. desbr. 1877 um laun sýslumanna og bæjarfógeta (C. 72); 3. umr.

Þórarinn Böðvarsson: Frumv. það, sem hjer er um að ræða, hefir hingað til ekki mætt hinni minnstu mótspyrnu hjá h. þingd. Sjerhverjum þingm. er ljóst, að það hefir sparnað á landsins fje í för með sjer. Það er ágæt regla, að láta embættismenn landsins hafa nóg að gjöra, og í þá átt gengur þetta frumv., og er engum með því ofboðið, því að hver sýslumaður á að geta þjónað þessum sameinuðu sýslum. Jeg skal svo ekki fara lengra út í mál þetta, en óska að eins og vona, að frumv. verði samþykkt mótmælalaust

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþykkt í einu hljóði, og afgreitt síðan til efri deildar.

Sextándi fundur, þriðjudag 19. júlí.

Forseti skýrði frá að sjer væri tilkynnt, að í nefndinni um styrktarsjóði handa alþýðufólki væri kosinn formaður Þorlákur Guðmundsson og skrifari Eiríkur Briem.

Þá gat forseti um, að til sín væri komin:

1. Beiðni frá yfirsetukonu Þorbjörgu Sveinsdóttur um 1000 kr. styrk eitt skipti fyrir öll.
2. Beiðni frá landlækni Schierbeck um allt að 100 kr. styrk árlega, til þess að hafa gefins klinik.

Frumvarp til laga um Söfnunarsjóð Íslands (C. 18, 58); 2. umr.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Jeg tók þegar við 1. umr. máls þessa fram ástæðurnar fyrir því, að frumv. þetta er fram komið hjer á þinginu. Söfnunarsjóður sá, sem stofnaður hefir verið hjer í Reykjavík fyrir nokkru, hefir ekki blómgazt svo mjög, sem æskilegt hefði verið, og mun það koma af því, að bæði hefir verið hart í ári síðan hann komst á fót, og svo mun mönnum ekki hafa þótt tryggingin við hann nægileg. Í frumv. því, sem liggur fyrir h. þingd., er farið fram á að gera tryggingarnar svo mikla, sem er í mannlegu valdi, og jafnframt er þó ákveðið, að haga fyrirkomulagi stjórnarinnar svo, að hún verði sem tryggilegust, og allmikið fje ætlað til að koma upp öflugum varasjóði, til þess að hann gæti mætt þeim óhöppum, sem upp á kynnu að koma. Stjórnarfyrirkomulagið við þennan fyrirhugaða söfnunarsjóð er, eins og jeg hefi áður um getið, að mestu leyti sniðið eptir fyrirkomulagi stjórnarinnar við landsbankann. Nefnd sú, sem sett var í málið, hefir komið fram með breytingaruppástungu við 3. gr., þannig lagaða, að fyrir orðin: »er landshöfðingi ákveður fyrir ár hvert þangað til« komi: »eptir því sem«. Jeg hafði fyrir augum, þegar jeg samdi frumv., að örðugt kynni að verða að fá sýslunarmenn fyrir sjóðinn borgunarlaust, meðan þó um svo lítið væri að gera, að naumast tæki því, að ákveða þóknunina með lögum. En nefndin áleit rjettast, að þóknunin yrði þegar ákveðin með lögum. — Í 7. gr. er gert ráð fyrir, að landsh. skipi framkvæmdarstjóra með ½ árs uppsagnarfresti, en nefndin áleit haganlegra, að hið sameinaða alþingi kysi hann til 6 ára; með því að hafa kosningartímann svona langan, áleit nefndin, að mundi komast meiri festa á stjórn sjóðsins, og eins og menn vita á það sjer opt stað, að menn sjeu kosnir til einhvers starfa tíf lengri tíma. Þannig eru t. d. alþingismenn, hreppsefndarmenn, sýslunefndarmenn og amtsráðsmenn kosnir til 6 ára. — Í 10. gr er gert ráð fyrir, að

ágreiningur komi upp milli framkvæmdarstjóra og gæzlustjóranna, og liggi þá úrskurður á prætunni undir landsh. Þessu ákvæði þótti nefndinni ekki þörf á að halda, og ræður hún því til, að orðin: »en hann skal þá tafarlaust bera málið undir úrskurð landshöfðingja«, falli burt. — Við 11. gr. hefir nefndin gert þá breytingu, að láta stjórn sjóðsins skipa bókara og fjehirði og víkja þeim frá. Munurinn er lítill, því að í frumv. er landshöfðingi látinn gera það eptir tillögum stjórnarinnar. — Við 13. gr. hefir nefndin gert þá breytingaruppástungu, að veðið, sem framkvæmdarstjóri og fjehirðir eiga að setja, skuli ákveðið með lögum, en eigi af landshöfðingja, og gengur sú breyting í sömu átt, sem breytingin á 3. gr.

Á 16. gr. hefir orðið töluverð breyting, þar sem nefndin ræður til, að endurskoðari skuli kosinn á fundi, en ekki af landshöfðingja. Á fundinum skulu handhafar viðskiptabóka hafa atkvæðisrjett, ef þeir annars eru fulltíða menn, því að nefndin áleit, að þeim, sem trúandi væri fyrir viðskiptabók, hlyti einnig að vera trúandi fyrir atkvæði annara. Í 14. gr. er landsh. gefinn kostur á að láta rannsaka allan hag sjóðsins, hvenær sem honum þykir við þurfa, svo að hann hefir í raun og veru hið sama vald, sem þó hann sjálfur veldi endurskoðara. — Í 18. gr. er tekið fram, með hverjum skilmálum sje tekið á móti fje í hverja deild — Í aðaldeildinni er tekið á móti fje með því skilyrði, að höfuðstóllinn verði aldrei apturkallaður, en einungis greiddir vextir af honum. Þessi tilhögun hefir þann kost til að bera, að hægt er að hafa miklu tryggilegri umsjón með höfuðstólnum, að honum verði engin hætta búin, og svo er miklum mun auðveldara að sjá svo um, að fje liggi aldrei arðlaust, heldur en í smásjóðum, en vexti ætti söfnunarsjóðurinn að geta gefið þeim mun hærri, sem hann eigi þarf að hafa fyrirliggjandi arðlaust fje, eins og þeir sjóðir, þar sem jafnan má búast við, að fjeð verði aptur heimtað. Enn fremur verður hægra að hafa eptirlit á fjenu, þegar margar upphæðir koma saman í eitt, heldur en í smásjóðum. — Deild hinnar óþrjótandi erfingjarentu er sjerstaklega fyrir þá, sem vilja sjá niðjum sínum borgið eptir sinn dag. Sú deild er nauðsynleg, og vonandi að menn noti hana, því að reynslan sýnir, að efni ríkra manna hafa optlega gengið til þurðar í höndum erfingja þeirra á mjög stuttum tíma, og þeir komizt á vonarvöl. Þetta mundi síður verða, ef til væri einhver stofnun, sem efnaðir menn gætu trúað fyrir eigum sínum eptir sinn dag, þannig, að höfuðstóllinn yrði aldrei skertur, en erfingjarnir nytu ávaxtanna af honum. — Útborgunardeildin líkist nokkuð sparisjóði, en er ólík honum í því, að það fje, sem í hann er látið, skal vaxtast nokkuð lengi, og óvæntar útborganir koma þar ekki fyrir. Í sparisjóðum er fje ráðstafað þannig, að hægt sje að kalla það aptur í skyndi; hjer er aptur á móti um engar bráðlegar útborganir að ræða, svo vextirnir virðast því geta orðið meiri. — Í 18. gr. a. hefir nefndin stungið upp á, að fyrir orðin: »deild hinnar óþrjótandi erfingjarentu« komi: »deild hinnar æfinlegu« o. s. frv. Það er að eins orðabreyting; orðið »æfinlegu« er viðkunnanlegra í þessu sambandi, og er því breyting til bóta. — Breyting nefndarinnar á 19. gr. er sömuleiðis einungis orðabreyting. Í bústofns- og ellistyrksdeildinni er mönnum gefinn kostur á að safna fje þannig, að menn fá ekki einungis vexti af sínu eigin fje, heldur og af þeirra fje, sem eigi hafa lifað 25 árslok, því að erfingjar þeirra manna fá eigi útborgaða vexti. Mesta þýðingu í því efni hefir ellistyrksdeildin, því að þó að maður leggi einhverja upphæð í sjóð til ávöxtunar, þá er ekki víst að hún sje nægileg til að bjarga manni, þegar maður er orðinn gamall og örvasa, en fái maður svo þar að auki hlutdeild í vöxtum annara, þá eru líkurnar meiri, að nægja muni. En deyi maður snemma, þá varðar minnstu,

hvort erfingjarnir fá vextina útborgaða eður eigi. Líkir sjóðir þessum tíðkast mjög í útlöndum, og jeg veit dæmi til, að menn hjer á landi hafa lagt fje inn í Bíkúbuna í Kaupmannahöfn í líkum tilgangi. Við *d* (ellistyrksdeildina) hefir nefndin ráðið til að sleppa orðunum: »og karlmenn erfa að eins karlmenn og kvennmenn að eins kvennmenn«, því að þó að reyndar meiri líkur sjeu til, að konur nái ekki 37. aldursári en karlar, þá lifa á hinn bóginn konur, sem náð hafa 37. aldursári, þeim mun lengur en karlmenn. Þetta gerir því, eins og menn sjá, lítið til, og reikningsfærslan verður óbrotnari, ef þessu ákvæði er sleppt. Í 19. gr. e. þótti nefndinni eigi ástæða til að hafa orðin: »þegar sjerstaklega stendur á«, heldur heimila stjórninni skilyrðalaust að neita að taka á móti innlögum í sjóðinn, því að hún mundi, hvort sem er, ekki grípa til þess, nema því að eins, að hún hefði einhverjar sjerstakar ástæður fyrir sig að bera, t. d. að hún væri hrædd um, að einhver kæmi með þjófstolið fje í sjóðinn o. s. frv.

Í 20. gr. a. er talað um tekjur varasjóðsins. Mesta tekjugrein hans eru þær 5 % af vöxtum sjóðsins í heild sinni, að frádregnum dagvöxtum af innstæðufje, sem ganga til hans og í tilkostnað við stjórn sjóðsins. Þar að auki falla og til hans ýmsar aðrar tekjur, t. d. þær, sem getið er um í 18. gr. b. Hrökkvi nú eigi tekjur varasjóðs, þá má samkvæmt 5. gr. tvöfalda þessar 5 % með lögum. En þess mun varla þörf gerast, því að eptir þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið, t. d. um lífsábyrgðarfjelagið í Danmörku, þykir mjer líklegt, að jafnvel megi færa niður tekjur varasjóðs seinna meir. Tilkostnaðurinn við stjórnina er eigi heldur svo mikill, að hann þurfi að rýra að mun það, sem gengur til varasjóðsins, því stjórnarstörfin eru einföld og óbrotin; að minnsta kosti hefir tilkostnaður til stjórnarinnar í lífsábyrgðarfjelaginu í Danmörku á árunum 1842—1871 aldrei numið þeirri upphæð, sem hjer er tiltekin, og útheimtir hún þó að ýmsu leyti miklu meiri kostnað að tiltölu. — Við 20. gr. a. og 20 gr. b. hefir nefndin að eins gert lítilfjörlegar orðabreytingar. — Á 21. gr. a. hefir og orðið lítilvæg orðabreyting, og þar að auki verið sleppt orðunum: »og sje ósk hans um það upp á sína ábyrgð innfærð í viðskiptabókina eða«, því að nefndin áleit nægilegt, að notarius publicus staðfesti undirskiptina.

Í 22. gr. er tekið fram, að ef vaxtaeigandi eða erfingjar hans eigi taka vexti úr sjóðnum nje heldur höfuðstólinn í 10 ár, eptir að hann er fallinn til útborgunar, þá sje höfuðstóllinn með vöxtum orðinn eign varasjóðs, því að þá er líklegt, að allir þeir sjeu dánir, sem tilkall geta gert til fjárins. — Í 23. gr. hefir nefndin ráðið til að sleppt sje orðunum: »og landshöfðingi veitir til þess samþykki sitt«, því að henni þótti ekki þurfa samþykki landshöfðingja, ef allir forstjórarnir væru á sama máli. Sömuleiðis hefir nefndinni eigi þótt ástæða til að halda orðunum í 24. gr.: »að vextir sjeu greiddir fyrir fram, minnst fyrir eitt missiri«.

H. þingd. tók vel í mál þetta um daginn, þegar það var fyrir til 1. umr., og vona jeg, að hún nú sýni því þá sömu velvild sem áður, og skal jeg því ekki fara fleirum orðum um það.

ATKVÆÐAGR.:

1. gr. frumvarpsins samþ. í einu hljóði.
2. gr. — — - — —

Breyttill. nefndarinnar við 3. gr. frumv. samþ. í einu hljóði.

3. gr. frv. með áorðn. breyt. sam. í e. hlj.
4. gr. frumvarpsins samþ. í einu hljóði.
5. — — — - — —
6. — — — - — —

Breyttill. nefndarinnar við 7. gr. samþ. í einu hljóði.

7. gr. frumv. með áorðinni breyt. samþ. í einu hljóði.

Breytingartill. nefndarinnar við 8. gr. frv. samþ. í einu hljóði.

8. gr. frumvarpsins með áorðinni breytingu samþ. í einu hljóði
9. gr. frumvarpsins samþ. í einu hljóði.
Breyttill. nefndarinnar við 10. gr. frumv. samþ. í einu hljóði.
10. gr. frumv. með áorðinni breyt. samþ. í einu hljóði
Breyttill. nefndarinnar við 11. gr. frumv. samþ. í einu hljóði.
11. gr. frumv. með áorðinni breyt. samþ. í einu hljóði.
12 gr. frumvarpsins samþ. í einu hljóði.
Breyttill nefndarinnar við 13. gr. frumv. samþ. í einu hljóði.
13. gr. frumvarpsins með áorðinni breytingu samþ. í einu hljóði.
14. og 15. gr. frumv. samþ. í einu hljóði.
Breyttill. nefndarinnar við 16. gr. frumv. samþ. í einu hljóði.
16. gr. frumv. með áorðinni breyt. samþ. í einu hljóði.
17. gr. frumvarpsins samþ. í einu hljóði.
Breyttill. nefndarinnar við 18. gr. a. samþ. í einu hljóði.
Breyttill. nefndarinnar við seinustu málsgrein 18. gr. a. samþ. í einu hljóði.
Breyttill. nefndarinnar við 18. gr. c samþ. í einu hljóði.
Breyttill. nefndarinnar við 18. gr. d samþ. með 18 atkv.
18. gr. frumv. með áorðnum breytingum samþ. í einu hljóði.
Breytingartillögur nefndarinnar við 19. gr. a. samþ. án atkvæðagr.
Breytingartill. nefndarinnar við 19. gr. e samþ. í einu hljóði.
19. gr. með áorðnum breytingum samþ. í einu hljóði.
Breytingartill. nefndarinnar við 20 gr. a samþ. í einu hljóði.
Breyttill. nefndarinnar við 20. gr. b. samþ. í einu hljóði.
20. gr. með áorðnum breytingum samþ. í einu hljóði.
Breyttill. nefndarinnar við 21. gr. a samþ. í einu hljóði.
21. gr. frumv. með áorðinni breyt. samþ. í einu hljóði.
22. gr. frumvarpsins samþ. í einu hljóði.
Breyttill. nefndarinnar við 23. gr. samþ. með 17 atkv.
23. gr. frumv. með áorðinni breyt. samþ. í einu hljóði.
Breyttill. nefndarinnar við 24. gr. samþ. með 18. atkv.
24. gr. frumv. með áorðinni breyt. samþ. í einu hljóði.
Fyrirsögn frumvarpsins var samþ. án atkvæðagreiðslu.
Málinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Frumvarp til laga um breyting á 4. gr. í lögum 27. febr. 1880 (62); 2. umr.

Flutningsmaður (Grímur Thomsen): Af því ekki liggur fyrir nein breyting á frv. þessu, finn jeg eigi ástæðu til að mæla neitt að sinni.

Ólafur Briem: Jeg hefi enn ekki getað sannfærzt um nytsemi þessa frv. H. þm. Borgf. (Gr. Th.) sagði, að rjettur safnaðanna væri á engan hátt fremur skertur þótt þingið legði endileg úrslit á það, hvort brauð skyldi sameina eður niður leggja, heldur en þó landshöfðingi gjörði það. Það er reyndar satt, að söfnuðurinn hefir í báðum tilfellum að eins tillögurjett, en sá er munurinn, að ef tillagan fer til þingsins, getur svo farið, að einungis einstök atriði hennar verði tekin til greina og henni að öðru leyti um steypt á ýmsan hátt, svo að það augnamið ekki náist, sem upphaflega var haft fyrir augum, en aptur á móti, ef tillaga safnaðarins er lögð undir úrslit landshöfðingja samkvæmt 4. gr. prestakallalaganna, á hann ekki nema um tvennt að velja, annaðhvort að fella hana eða staðfesta hana óbreytta. Þessi munur á rjetti safnaðanna finnst mjer vera nokkuð líks eðlis, eins og munurinn á valdi ráðgjafarþings og löggjafarþings, og sá rjettarmunur hefir ekki þótt lítilsvirði. Því hefir opt verið hreyft hjer á þinginu, að leiðinlegt væri að fást við smábreytingar á brauða-

skipun, enda ætti það ekki við, heldur væri rjettara að láta þess háttar bíða þangað til prestakallalögin yrðu endurskoðuð í heild sinni. Þessu er jeg einnig fyllilega samdóma, og þess vegna álít jeg að hentugra sje að láta umboðsvaldið hafa heimild þá, sem 4. gr. eptir mínum skilningi veitir því, til að breyta brauðaskipun, ef það er vilji safnaðar, hjeraðsfundar og biskups, og þó það kynni að bera við að landssjóður færi um nokkurra ára tímabil á mis við árgjald, er þingið kynni að vilja leggja á sameinað brauð, og yrði þannig óbeinlínis fyrir tekjumissi, þá hygg jeg að það mundi vega hvað á móti öðru, þessi tekjumissir og sú tímatöf og sá kostnaður, sem þessháttar smábreytingar mundu baka þingi og landssjóði, ef þær ættu að ganga gegn um þingið. Þegar brauðaskipunarlögin síðan yrðu endurskoðuð, yrðu menn búnir að reyna, hvernig þessar umboðslegu ráðstafanir gæfust, og gætu haft þá reynslu til stuðnings við endurskoðunina. H. þm. Borgf. (Gr. Th.) gat þess við 1. umr, að óviðfeldið væri að löggjafarvaldið kæmi á eptir umboðsvaldinu og tæki það aptur, er umboðsvaldið hefði veitt; en jeg get vel fellt mig við það, enda eru það sameiginleg forlög flestra mannaverka, að einn fjallar um þau eptir annan.

Þórarinn Böðvarsson: Fyrst verð jeg að biðja h. forseta leyfis til að svara nokkrum orðum upp á þær undanförnu ræður í þessu máli; í fyrsta lagi verð jeg að vísa frá mjer þeim heiðri, að vera einn höfundur þeirrar optnefndu 4. gr, en ef jeg man rjett, þá átti h. þm. Borgf. (Gr. Th.) góðan hlut að henni, eins og öllum málum, er hann fæst við. H. þm. Borgf. hefir gott lag á að breiða ljós, sem hann vill hafa, yfir orð manna; þannig tileinkar hann mjer þau orð, að jeg hafi sagt, að jeg vildi helzt að allt vald væri hjá landshöfðingja. Jeg kann að hafa sagt, að jeg vildi að allt æðsta vald í landinu væri hjá honum, en að allt vald, t. d. frá söfnuðum, væri hjá honum, það hefi jeg víst aldrei viljað segja. En þegar til frv. kemur, þá virðist mjer auðsjeð á því—svo að jeg haldi mjer við orðatiltæki þm. Borgf. um faðerni og móðerni – að það sje dóttir fyrirspurnarinnar, sem »lognaðist út af« í þessari þingd. hjer um daginn. Er svo að sjá sem fæðingin hafa gengið fremur stirt, því flutningsm. nr. 1 og flutningsm. nr. 2 hafa eigi dugað til sem yfirsetumenn, heldur hafa 3 bæzt við. En svo jeg snúi mjer að frv. sjálfu, þá leyfi jeg mjer fyrst og fremst að spyrja: hvað á það að þýða? Í 1. gr. stendur: »nú vilja söfnuðir sameina eða leggja niður brauð, og hjeraðsfundur samþykkir, þá er rjett, að landsh. með ráði biskups leyfi breytinguna um stundarsakir, þangað til málið getur orðið borið undir alþingi«. Hverjar eru orsakir til þessa frv.? Jeg get enga sjeð aðra en tilgangs- og þýðingarlausa löngun til að breyta, og löngun til að láta vera óvíst og óútkljáð. Hvaða gagn er að frv? Að málið er óútkljáð þangað til það »getur orðið borið undir alþingi«. En hefir þá alþingi vald til að leggja fullnaðarúrskurð á málið, eða verður það að ganga lengra? *(Gr. Thomsen:* Það verður sjálfsagt að ganga til konungs, eins og önnur lög). Þá er frv. sannarlega apturför frá 4. gr. gömlu, en ekki nein framför; jeg kalla það apturför, af því að málið þarf að fara út úr landinu, á konungsfund, í stað þess að fá sín fullnaðarúrslit hjer á landi. Ef einhver önnur ákvæði stæðu í frv., t. d. landsh. skal bera málið undir alþ., ef það snertir fjárhag landsins, þá gæti verið öðru máli að gegna. En hver ætli sje þá aðalástæðan til frv. þessa? Jeg hefi enga heyrt og get heldur enga sjeð aðra en þá, að svo mikið mætti sameina af brauðum, að of feitt yrði; en þó þannig mynduðust feit prestaköll, þá held jeg þinginu væri innan handar, að leggja árgjald á þau þegar því virtist þess þurfa, og það á þingið hægt með að gera, hve nær sem það vill, þó 4. gr. sje óbreytt.

Sú eina sameining, sem umboðsvaldið hefir framið, olli eigi neinu þess konar, og mjer virðist frumv. ætla að svala ókomnum þorsta, þeim þorsta, er jeg spái að líði tugir ára, ef til vill aldur og æfi, þangað til að kemur, því þess mun langt að bíða, að svoleiðis sameiningar verði gjörðar á brauðum, að ástæða virðist til, að ákveða árgjald til landsjóðs. Sú hugmynd hefir komið fram, að rjettast væri að landssjóður legði vissa fjárupphæð til kirkjunnar, og hún síðan sæi sjer sjálf farborða. En ef það kæmi fyrir, að landssjóður gæti grætt á kirkjunni, hefir hann þá rjett til þess? Nei. En honum er skylt að annast hina lútersku trú og kenningu. Setjum svo að Staður í Grindavík með 300 kr. landsjóðstillagi og Vogsós með 500 kr. tillagi væri sameinaðir í eitt prestakall, mundi vera nokkur ástæða fyrir landssjóð til þess að taka aptur tillög sín, þau er hann eitt sinn var búinn að veita þessum brauðum hvoru í sínu lagi? En slíkum og þvílíkum sameiningum þarf ekki að gera ráð fyrir, því það hefir víðast hvar verið sameinað svo mikið af brauðum, sem auðið er, og stórkostlegar breytingar munu varla verða í sameinandi stefnu núna næstu aldir.

Þingið hefir optar en einu sinni kvartað um, að leiðinlegt væri, að sýsla við þessar sífelldu smábreytingar á brauðaskipun, og mig minnir ekki betur en h. flutningsm. frv. þessa hafi tekið í þann strenginn.

Jeg man, að flutningsm. var í nefnd þeirri, er undirbjó lögin um skipun prestakalla; jeg man að hann tók þátt í umræðum um þau fullkomlega að sínum parti, eins og honum er títt; en síðan lög þessi öðluðust gildi, hefi jeg sjeð, að hann hefir viljað, jeg vil ekki segja veita þeim banatilræði, heldur lækna þau eða stytta eymdarstundir þeirra; en þessi lög hefi jeg þó álitið eitt hið efnilegasta af lagasmíðum þeim, sem hann hefir átt við. En af öllu sorglegu er það sorglegast, að hann nú skuli reyna að leggja lög þessi í hjartað með frv. þessu, því 4. gr. kalla jeg hjarta þessara laga, af því hún heldur fram frelsi safnaðanna, og jeg vona svo góðs til h. þingdm. að þeir eigi láti þetta banatilræði við hið bezta í lögum þessum heppnast, heldur neiti frv. þessu um samþykki sitt. En kann vera, að hjer liggi fiskur undir steini; kann vera, að það skuli koma fram, að Ísland hefir löggjafarvald en kirkjan ekki. En skal hún þá í öllu vera háð löggjafarvaldinu? Skal söfnuður jafnan vera einskis ráðandi? skal hjeraðsfundur engu fá að ráða? skal biskup landsins ekkert hafa að segja? Jeg vona hinir yngri þm. vilji ekki, að allt þetta sje borið ráðum og gjört þýðingarlaust. En nú getur verið spurning um hvort landsh. samkvæmt 4. gr. er skyldur til að samþykkja þær breytingar, sem söfnuður og hjeraðsfundur leggur til og biskup ræður til. Jeg skal ekki fara út í að skýra lögin að þessu sinni, heldur að eins lýsa því yfir, að jeg vonast eptir því, að hæstv. landsh. í síðustu lög neiti því, sem söfnuðirnir óska, hjeraðsfundur samþykkir og biskup ræður til, heldur ætla jeg að hann muni optast samþykkja það; og þegar þannig gengi, álít jeg fyrst, að safnaðarmálum vorum væri vel borgið. Þá að eins, er breytingin snerti fjármál landsins, finnst mjer að landsh. gæti dregið málið til næsta þings og skotið því undir atkv. þess. Jeg skal geta þess, að mjer er þetta eigi neitt kappsmál, svo að jeg vilji halda því fram fremur en hagur og heill hlutaðeigandi heimtar, og jeg vildi að h. þm. Borgf. væri það heldur ekki kappsmál. En nái frv. þetta fram að ganga, þá verða bændur á Íslandi sannarlega ekki langvanir frelsi og rjettindum í kirkjumálum, og það finnst mjer að þingdm. ættu vandlega að athuga, áður þeir greiða atkv. um frumv. þetta.

Flutningsmaður (Grímur Thomsen): Jeg ætla að reyna að svara fáeinum orðum, með hinni sömu stillingu, sem andmælendur mínir við hafa, enda þótt jeg

sje fús að játa, að mjer er þetta kappsmál. Báðir andmælendur mínir leggja mikla áherzlu á það, að rjettur safnaðanna sje skertur með frumv. þessu. Það er nokkuð undarlegt að þeir aldrei minnast á rjett þingsins. Jeg tók það fram við 1. umr. að rjettur safnaðanna væri hinn sami samkvæmt þessu frumv., sem hann er samkvæmt 4. gr. eins og hún nú er skilin af sumum. Söfnuðir, hjeraðsfundur og biskup hafa sinn sama tillögurjett, því annan rjett hafa þeir ekki samkvæmt 4. gr.; vald safnaðanna stanzar hjá landsh. eptir 4. gr., en hjá þinginu eptir frumv.; það er allur munurinn. Jeg veit ekki betur, en það sje algild venja í öllum löndum þar sem nokkurt þing er, að það hafi áhrif á úrslit allra þeirra mála, sem það á einn eður annan hátt leggur fje til. Jeg skal benda á 2 dæmi: Leyfir umboðsstjórnin sjer að breyta eða leggja niður þinghá? Getur stjórnin á umboðslegan hátt steypt saman sýslum? Nei, því fer fjarri. 1. þm. Árn. sem þó er mótmæltur þessu frumv. kom um árið með frumv. til að breyta þinghá í Grafningnum. Þó er þetta alveg í líkingu við að leggja niður brauð og sameina brauð. Jeg skal viðurkenna það, að skilningur stjórnarinnar á 4. gr. væri öldungis rjettur, ef kirkjan væri laus við ríkið, en meðan þingið veitir stórfje til kirkjulegra mála, þá á það einnig heimtingu á að hafa hönd í bagga með breytingum sem gjörðar eru á skipun prestakalla, sjerílagi þegar þær eru þannig lagaðar, að þær á einhvern hátt beinlínis eða óbeinlínis geta haft áhrif á fjárhag landsins; og það getur niðurlagning brauðs opt haft, þó það sje ekki ávallt tilfellið. Og þó þær ekki virðist hafa nein áhrif á fjárhaginn, geta þær komið nokkuð annarlega fyrir stundum. Jeg tek til dæmis, að söfnuðurnir í Garpsdals og Staðarprestakalli óskuðu að þessi brauð yrðu sameinuð og að hjeraðsfundur, biskup og landsh. samþykktu það; nú geldur Staðarprestakall 400 kr. í landssjóð, landsjóður leggur 300 kr. til Garpsdals; frá hinu sameinaða kalli kæmu þá 100 kr. í landssjóð; mundi það vera sanngjarnt?

Varaforseta (Þ. Böðv.) vil jeg segja það, að þó hann ekki sje faðir 4. gr., þá varði hann hana með því kappi og veitti henni að öðru leyti svo mikla umönnun, að hann að minnsta kosti má kallast fósturfaðir hennar. Hann taldi það galla á frumv., að það dragi úrskurðarvald í safnaðamálum burt úr landinu, en það ætti hann sízt allra að gjöra, því jeg man ekki betur en hann hafi sagt, að konungurinn í Danmörku væri fyrsti faðir kirkjunnar hjer á landi, og því ætti hann að vilja sem mest af kirkjumálum á hans valdi. Það væri fullkomlega í samræmi við 4. gr. að öll mál frá sýslunefndum gengju sama veg til landsh. Jeg hef tekið eptir því, að hvort sem varaforseti er á sóknareða hjeraðsfundi, þá tekst honum furðanlega vel, að fá sínu fram komið; þess vegna væri það nógu hentugt fyrir hann að fá komið inn einhverri líkingu af 4. gr. í önnur lög, t. d. sveitarstjórnarlögin.

Tilgangur minn er, að draga skörp takmörk milli löggjafarvaldsins og umboðsvaldsins, og halda þeirri stefnu — sem sje löggjafarveginum — er hingað til, þangað til í aprílmánuði 1887, hefir þræddur verið í málum sem snerta skipun prestakalla; þess vegna vil jeg eigi sleppa þessu frumv., og jeg vona að margir þingdm sjái sömu nauðsyn til þess sem jeg.

Benidikt Sveinsson: Jeg finn ástæðu til þess, að lýsa yfir því, að þrátt fyrir mótmæli þau, er fram hafa komið gegn þessu frumv., þá er jeg því mjög hlynntur, og það af sömu ástæðu og h. þm. Borgf. (Gr. Th.). Jeg vil að takmörkin og hlutfallið milli umboðsvaldsins og löggjafarvaldsins sje fastákveðið sem rjettast og ljósast; hvað hinu atriðinu við víkur, það er að segja hinni fjárhags-legu hlið

málsins þá er það mín fasta skoðun, að þingið geti ekki með sóma sínum sleppt og megi ekki sleppa úr höndum sjer einni hársbreidd af því, sem hefur veruleg áhrif á fjármál og fjárhag landsins.

Um fyrra atriðið, hlutfallið milli umboðsvaldsins og löggjafarvaldsins, vona jeg að allir h. þingdeildarmenn sjeu mjer samdóma, um það sem sje, að takmörkin eigi að vera augljós og ákveðin, og sömuleiðis þykist jeg mega byggja á því, að þingmenn hneigist að þeirri meginstefnu, að svæði löggjafarvaldsins í höndum þingsins eigi að vera svo víðtækt sem framast er unnt eptir hlutarins eðli og hinu stjórnlega ástandi landsins, sem nú er, því þessu síðara atriði má þingið sízt gleyma. Já jeg get alls ekki trúað því fyrr en jeg tek á, að nokkur þingmaður vilji rjetta út hendina til þess að draga úr höndum þingsins þann löggjafarrjett, sem það getur haft, hefir og á að hafa samkvæmt undirstöðuatriðum og meginlögmálum hinnar núgildandi stjórnarlaga. Þetta tek jeg alls ekki fram af því, að jeg vilji nota þetta tækifæri til þess að lýsa yfir mistrausti á umboðsvaldinu sem nú er gagnvart löggjafarvaldinu, eður að alþingi taki þátt í slíku vantrausti, en hitt er líka víst, að það er að minnsta kosti ærið vafamál, að alþingi hafi ástæðu eða tilefni til að hafa slíkt ofurtraust á umboðsvaldinu, að það fyrir þá sök fyrir alda og óborna varpi burtu svo miklu sem einni hárbreidd af því valdi, sem það á að hafa með höndum sem helgan fjársjóð.

Látum nú sjá! Í þessu efni, sem hjer er um að ræða, höfum vjer gildandi lög, 4. gr. laganna frá 27. febr. 1880; og hinn rjetti skilningur á þessari grein er að mínu áliti sá, sem uppástungumenn þessa frumv. halda fram, o: hinn takmarkaði skilningur; jeg skal fúslega játa að greinin heimilar eptir orðanna hljóðan einnig hinn nýja, viðtækari skilning; þetta skal jeg játa, en vel að merkja ekki ef hún er borin saman við hlutarins eðli og hinar gildandi sjálfsögðu grundvallarreglur um hlutfallið milli umboðsvaldsins og löggjafarvaldsins, enda hef jeg líka persónulega talað við þann mann, sem er höfundur optnefndrar lagagreinar, og styrkir hann þennan skilning minn á henni, að því leyti sem hann hefir játað, að sjer hafi ekki hugkvæmzt, að teygja mætti greinina, eða ákvörðunina, eins og nú er raun á orðin. Jeg get ekki betur sjeð en að menn fari almennt nokkuð villt í þessu máli; menn blanda sem sje saman þeim sanna rjetti, er hjeraðsfundir og söfnuðir eiga að hafa í þeim málum, sem eptir hlutarins eðli heyra undir þeirra verkahring, við ímyndaðan rjett þeirra í þeim málum, sem ekki heyra undir þeirra verkahring.

H. varaforseti (Þ. Böðv.) vill — og það vil jeg líka — að kirkjan sje sem frjálsust og óháðust, en meðan kirkjan og fjárhagur kirkjunnar er samtvinnaður við ríkið, eins og nú er, verður að líta á málið eins og það er, en ekki eins og það ætti að vera, hversu æskilegur sem slíkur aðskilnaður ríkis og kirkju að öðru leyti kynni að vera. Frá þessu sjónarmiði er það ljóst, að það sem h. þm. Skagf. (Ó. Br.) sagði, að frumv. færi fram á að svipta söfnuðina rjetti sínum, er misskilningur, einber misskilningur; hjer er sem sje einmitt spurninginn sú: hvern rjett söfnuðurnir hafi fengið samkvæmt 4. gr. laganna, skildri eða þýddri eptir hlutarins eðli; því þegar um tvær þýðingar er að gjöra á einhverjum lagastað, sem reyndar báðar geta staðizt eptir orðanna hljóðan, þá ræður sú, og verður að álítast hin eina rjetta, sem er samkvæm hlutarins eðli. Nú geta allir sjeð, að það kemur beinlínis í bága við hlutarins eðli, að umboðsvaldið, enda þótt smátt og smátt, geti gjört, að fornspurðu alþingi, gagngjörða breyting á allri brauðaskipun landsins, sem nú er, og slegið er fastri í lögunum 27. febr. 1880 með svo miklum fjárframlögum úr landssjóði. — Það er og

auðsætt, að sá umræddi rjettur safnaðanna, hjeraðsfunda, biskups og landshöfðingja, er í 4. gr. laganna sett sem undantekning frá löggjafaratkvæði alþingis í þessum málum, og að einmitt af þeirri ástæðu beri, eptir öllum rjettum reglum um lagaþýðing, að láta hinn takmarkaðri skilning gilda.

Eptir þessu verður niðurstaðan sú: Allar smábreytingar, nefnilega takmarkabreytingar á brauðum heyra augljóslega undir söfnuði, hjeraðsfundi, biskup og landshöfðingja, en meira innibindur eða heimilar greinin alls ekki; í þessu frumv. er því ef jeg má svo segja fólgin «authentisk fortolkning» af 4. gr. laga 27. febr. 1880, eða trygging fyrir rjettum skilningi á henni. Þeir sem vilja fella þetta frumv. verða því að búa til nýja lög, sem tryggja hinn skilninginn, sem ekki er samkvæmur hlutarins eðli og rjettum skilningi greinarinnar, og það skora jeg á þá að gjöra, svo framarlega, sem þeir vilja hafa sitt mál fram. Jeg vona að þetta frumv. þannig fái að koma til 3. umr., og að menn íhugi það vel, og ef til vill komi með breytingar við það í þá átt sem eg hefi bent á.

Þorlákur Guðmundsson: H. þm. Borgf. (Gr. Th.) beindi að mjer fáeinum mjög hógværum orðum í ræðu sinni út úr því að jeg hefði áður á þingi flutt frumv. um að Grafningshreppur yrði sjerstök dómþinghá; en af því þar var alls ekki um neitt peningaspursmál að ræða fyrir landssjóð og getur ekki verið að ræða í slíkum málum, þá var þetta dæmi ekki eins þýðingarmikið eins og hann kannske hefir búizt við. Eptir þessu frumv. finnst mjer að svo geti farið að talsvert verði þrengt að frelsi safnaðanna, og enginn hætta getur mjer fundizt á því að landshöfðingi muni steypa þar brauðum saman sem getur verið að tala um nokkur fjárútlát fyrir landssjóð. Jeg skal nefna eitt dæmi; sveitarstjórnum er gefinn í lögum 4. maí 1872 rjettur til þess að stinga upp á breytingu á hreppaskipun, sem svo liggur undir samþykki sýslunefndarinnar og fullnaðarákvæði landshöfðingja; þar gjörir landshöfðinginn annaðhvort, að samþykkja eða ekki, en hann breytir ekki. Vill nú hinn h. þingmaður taka þennan rjett frá hreppsnefndu n og sýslunefndum? Þetta getur að vísu haft peningaútlát í för með sjer, því við það t. d., að einn hreppur skiptist í tvennt, verða hreppstjórar tveir, en þeir eru launaðir úr landssjóði. *(Gunnar Halldórsson:* Búendurnir fjölga eigi fyrir það, þótt einn hreppur skiptist). Það getur einnig verið ýms annar kostnaður. Jeg álít rjetti safnaðanna og hjeraðsfundanna mikið síður borgið með þessu frv., en eins og 4. gr. í prestakallalögunum er nú; það er sá stóri munur, að þegar slík mál koma fyrir landshöfðingja, er það já eða nei, en þingið mundi ef til vill ekki ætíð finna sjer skylt að segja já eða nei, heldur, ef því svo sýndist, breyta.

Þorvaldur Bjarnarson: Jeg skal lýsa því yfir, að jeg er frumvarpinu mjög hlynntur og óska, að þingið samþykki það, því að mjer virðist miklu betra fyrir söfnuðina, að eiga síðasta úrskurð í málum þeim, er snerta skipun prestakalla, undir þinginu, heldur en umboðsstjórn einni. Jeg fæ ekki heldur betur sjeð, en að það sje þægilegra fyrir umboðsstjórnina sjálfa, að hún ekki hafi hið síðasta atkvæði, því að þá losast hún við ákærur hjá mönnum út í frá fyrir það, að hún hafi sýnt af sjer hlutdrægni fyrir vináttu eða skyldleika sakir.

Þorleifur Jónsson: Jeg hefi nú hlustað á báða parta, bæði mótmælendur og verjendur frumvarpsins, og hlýtt á röksemdaleiðslur þeirra, en skoðun mín á frumvarpinu er sú sama eptir sem áður, að það sje nauðsynlegt. H. 1. þm. Skagf. (Ól. Briem) sagði, að það væri óheppilegt að vera einlægt að koma með smábreytingar á prestakallalögunum inn á þingið,

og kvað mundu rjettast vera að hlífa þing inu við þeim, og láta heldur þingið endurskoða lögin á 10—20 ára fresti. Þetta er að minni hyggju ekki rjett, því að þegar um stórmál er að ræða, eins og prestakallalögin, finnst mjer heppilegast, meðan menn ekki eru komnir að fastri niðurstöðu um málið í heild sinni, að taka fyrir einstök atriði þess og kafla, en endurskoða svo málið í heild sinni.

H. varaforseti (Þór. Böðv.) kom einnig fram með ýms mótmæli gegn frumvarpinu, og sló um sig með frelsi og rjettindum safnaðanna, sem honum þótti misboðið með því, en það get jeg engan veginn sjeð. H. varaforseti (Þ. Böðv.) kvað þinginu heimilt að leggja gjald á brauðin, sem landsh. hefði búið til úr tveimur eða fleiri brauðum, ef menn álitu að þessi nýju brauð yrðu of tekjuhá, en það verður opt örðugt, og stríðir enn fremur á móti þeirri meginreglu, sem eptir minni skoðun á að fylgja í launamálum, að laun hvers embættismanns skuli standa óhöggvið, eins og þau voru er hann fjekk embættið, enda munu allir, sem þekkja h. varaforseta, vita, að hann er ekki á því, að tekið sje af mönnum það sem þeir hafa einu sinni fengið. Það var undarlegt, að þar sem h. varaforseti hjelt þessu fram um afgjald af brauðunum, að hann þá skyldi segja, að löggjafarvaldið hefði eigi rjett til að taka eignir kirknanna, því að það er hvað á móti öðru; enda eigi rjett, að löggjafarvaldið hafi ekki heimild til þess, þar sem landið veitir kirkjunni embættismenn og ótal margt fleira; í brauðaskipunarlögunum er líka ákveðið, að gjald skuli greiða af hinum tekjuhærri brauðum.

Það er eitt atriði í þessu máli, sem jeg legg mikla áherzlu á, og það er, að ef brauðaskipunarlögin eru látin óbreytt, og þeim beitt eins og nú er farið að bóla á, þá geta þau orðið pólitiskt meðal í hendi landshöfðingja til að gera ýmsa af prestum landsins sjer háða með því að steypa saman brauðum handa þeim, sem hann vill gera vel til. Þetta er því hættulegra, sem embættaveitingar fara, eins og allir vita, að miklu leyti eptir skyldleika og vináttu við veitingarvaldið, fremur en eptir verðleikum umsækjenda.

Benedikt Sveinsson: Jeg ætla að eins að gera stutta athugasemd um það, sem h. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) sagði, að alþingi hefði verið svo leitt við hinar mörgu breytingar á prestakallalögunum, og að það því mætti verða fegið, að losast við slík mál. Í þessu efni var sá misskilningur hjá þingmanninum, að ástæðan til þess, að þingið hefir haft á móti þessum breytingum, hefur verið, að þingið hefir viljað láta þær bíða þess, að lögin um skipun prestakalla væru endurskoðuð í heild sinni, en alls ekki hitt, að þingið álíti þær ekki löggjafarmál. En um leið og jeg tek það fram, vil jeg til viðbótar því, sem jeg hefi áður sagt, biðja h. þm. að athuga vandlega, hvort þeim virðist eigi loksins ástæða til, að opna augun fyrir því, að það er sannarlegt vöggumein löggjafarþings vors, að það hefir helzt til slælega gætt valds síns og rjettar síns gagnvart umboðsvaldinu.

Mjer virðist, að hverjum þeim, sem vandlega hyggur að, hljóti að vera það ljóst, að þingið, síðan 1875 alls eigi hafi hirt um að hafa hvarvetna tögl og hagldir, þar sem það þó bæði gat og átti að hafa þær.

Þórarinn Böðvarsson: Það sje fjarri mjer, að vilja ganga á hólm við alla þá miklu þinggarpa, sem nú berjast fyrir frumv. þessu; en jeg ætla að þakka h. flutningsm. (Gr. Th.) fyrir alla góða meðferð á mjer, og jafnframt lýsa því yfir, að minn skilningur á þessu máli er enn sem fyrri töluvert frábrugðinn hans skilningi. Hann sagði, að rjettur safnaðanna stanzaði hjá landsh; en mín meining er ekki, að hann eigi að stanza þar, heldur að landsh. eigi að samþykkja það, sem söfnuðir, hjeraðsfundir og biskup vilja vera láta í kirkjumálum. Það er annars svo bæði í Danmörku og hjer, að hinu verzlega valdi er skipað fyrir með lögum, en eigi hinu

kirkjulega; hvort þetta er sanngjarnt, er annað mál. Flutningsmaður sagði, að jeg hefði kallað konunginn »hinn fyrsta föður kirkjunnar«; jeg man ekki hvort jeg hefi haft einmitt þessi orð, en þó svo væri fæ jeg ekki sjeð, að það komi í bága við skoðun mína í þessu máli; landsh. má eins fyrir því í umboði konungs samþykkja það, sem söfnuður, hjeraðsfundur og biskup vill vera láta, án þess það þurfi af landi burt til staðfestingar. Þar sem flutningsmaður talaði um mín miklu áhrif á fundum, þá ber mjer sjálfsagt að þakka honum þann heiður, er hann vildi mjer veita með því, en bið aðra virða slíkt sem vert er.

2. þm. Eyf. (B. Sv.) hjelt snjalla ræðu, sem hann er vanur; hann er snjall »dialectiker« enn þá, og þó þeir kunni að vera fleiri en jeg, sem ekki skildu hann vel, vona jeg þó, að flutningsm. hafi skilið hann. Hann vildi segja, að löggjafarvald alþingis væri rýrt með 4. gr., en jeg neita því, að svo sje; jeg kannast ekki við, að þingið hafi rjett til að ráða í því atriði, sem hjer er um að ræða. Hann lýsti einnig yfir, hafi jeg heyrt og skilið rjett orð hans, vantrausti sínu á umboðsstjórninni; en einn er það þó í umboðsstjórninni, sem hann líklega ekki vantreystir, og sem hann sízt ætti að vantreysta; það er sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu. Jeg veit vel að ríkið hefir vald yfir kirkjunni, en hvort það er rjett veit jeg ekki.

Mjer skildist öll mótmæli hans gegn 4. gr. vera byggð á hinu fasta sambandi, sem hann sagði að væri milli ríkis og kirkju, en gildi hennar liggur einmitt í því, að mínum dómi, því hún veitir söfnuðunum nokkuð af því valdi, sem ríkið ætti alls ekki að hafa í kirkjulegum málum.

2. þm. Húnv. (Þorl. J.) kom með spánýja ástæðu, og gat þess líka, að slæmt væri fyrir löggjafarvaldið að taka aptur það, sem umboðsvaldið hefði veitt; en jeg álít ekki óaðgengilegt að taka aptur það, sem ranglega væri veitt; en það mundi mjer ekki láandi, þó jeg væri ófús á að taka aptur það, sem jeg eitt sinn hefði gefið. Sú spánýja ástæða 2. þm. Húnv. var fólgin í því, að landsh. mundi innan handar, að gera presta sjer háða, ef hann hefði vald til að veita samþykki sitt til brauðasameiningar, því svo gæti hann haft þessi feitu samsteypubrauð til að gæða mönnum í með; en jeg ætla, að þeir prestar yrðu landsh. ekki fremur háðir, en aðrir þeir, er hann veitir brauð, en þeir eru ærið margir. Þennan annmarka ætla jeg því alls ekki voðalegan, heldur hugarburð einn. En jeg get ekki annað en tekið það upp aptur, sem jeg hefi áður sagt, að menn eru hjer að deila um það, sem naumast mun koma fyrir nema einu sinni eða tvisvar á öld, eða ef til vill enn sjaldnar, því prestaköll eru víðast hvar svo sameinuð, sem ýtrast má verða, og þegar brauð yrðu sameinuð, hversu sjaldan sem það kæmi fyrir, yrði það ekki nema stundum neitt áhrærandi fjárhag landsins, og gæti því hartnær aldrei orðið landssjóði til neins skaða. Flutningsm. tók það sem dæmi, að Staður og Garpsdalur sameinaðist; já, setjum svo, og að af brauðinu svo gyldust 100 kr. í landssjóð, eins og hann gerði ráð fyrir; hverju tapaði landssjóður við það? Engu; en presturinn græddi, það er það heila; en ef hann græddi, sem reyndar er óvíst, þá væri hann vel að því kominn, úr því það væri vilji safnaðarins og hann hefði dug til að þjóna svo erviðu kalli.

En það sem jeg legg mesta áherzlu á, er þetta: er söfnuðurinn sviptur því valdi, er honum ber að hafa? Er hjeraðsfundur sviptur því valdi, sem honum ber að hafa, og er biskup sviptur því valdi, er honum ber, sem æðsta embættismanni kirkjunnar? Og er þetta vald síðan dregið í hendur þingsins, svo það síðan verði að ganga út úr landinu? Mig furðar stórlega, að frelsishetjurnar, flytjendur stjórnarskrárinnar, sem allt vilja gera innlent, skuli vilja styðja frumv. þetta.

H. þingd. ætti að hugsa sig vandlega um

áður hún greiðir atkvæði með frumv., því að greiða atkvæði með frumv. er hið sama sem að svipta hina íslenzku alþýðu rjetti til að ráða kirkjumálum sínum og minnka það frelsi, sem 4. gr. veitir þeim, og þingið sjálft hefir veitt þeim.

Páll Briem: Það hefir verið tekið fram undir umræðunum um þetta mál, að það væri gott fyrir alþingi að geta losazt við að vera gjöra breytingar á prestakallalögunum; þegar söfnuðirnir hefðu gjört breytingar á þeim, væri hægra fyrir þingið að endurskoða lögin eptir 10—20 ár. En þetta kalla jeg standa nokkuð í bága við það, sem h. varaforseti (Þ. Böðv.) hefir sagt, að brauðin væru nú svo sameinuð sem ýtrast mætti verða. Jeg held að sannleikurinn liggi hjer, eins og opt á sjer stað, mitt á milli. Í prestakallalögunum er brauðum víða skipað allvel niður, en hins vegar þurfa þau nokkurra umbóta við. Þessar umbætur á löggjafarvaldið að gera. En jeg tel ekki rjett, að bæði löggjafarvaldið og umboðsvaldið sje, mjer liggur við að segja, hvort í kapp við annað að breyta lögunum. Og sízt álít jeg rjett, að skipta svo milli þeirra eins og hlýtur að verða, ef hinn nýi og ópekkti skilningur á 4. gr. prestakallalaganna kemst á í framkvæmdinni.

Þegar um skiptingu örðugra brauða er að ræða, þá verður farið til þingsins, því að þá þarf einhverja uppbót. En þegar á að setja saman brauð, þegar á að búa til feitt brauð, þá verður farið til landshöfðingjans. Það gæti jeg vel samþykkt, að söfnuðirnir hefði vald til að skipa prestaköllum alveg eins og þeir vilja, en jeg vildi þá jafnframt, að þeir hefðu bæði ábyrgð fyrir og skyldu til að skipta tekjunum um leið.

H. varaforseti (Þ. Böðv) sagði, að h. 2. þm. Eyf. (B. Sv.) hefði farið þungum orðum um hina núverandi umboðsstjórn, að hann hefði sagt, að »hann treysti ekki hinni núverandi umboðsstjórn sem bezt«. H. 2. þm. Eyf. má ekki svara þessu af því hann hefir þegar talað tvisvar í þessu máli, en jeg skal þá leyfa mjer að segja, að h. 2. þm. Eyf. talaði aldrei þessi orð. Jeg þar á móti vil gera þessi orð að mínum orðum. Jeg vil spyrja: getur það ekki hugsazt, að velvild landshöfðingja til hlutaðeigenda ráði úrskurði hans, þegar borið er undir hann, hvort þessa breyting skuli gjöra? Þetta er einmitt að mínu áliti aðalatriðið, sem gjörir, að tryggja verður löggjafarvaldsins fulla úrskurðarrjett. Að endingu skal jeg mæla sem bezt með því, að frumv. fái fram að ganga.

Flutningsmaður (Grímur Thomsen): Það er þegar búið að tala mikið um þetta mál, enda skal jeg þrengja saman þeim helztu athugasemdum, sem jeg hefi að gera við það, sem talað hefir verið á móti frv. Skal jeg þá fyrst taka það fram á móti hinum nýja skilningi á 4. gr. prestakallalaganna, að það er óheyrt, eins og jeg hefi áður sagt, að lögum þingsins verði breytt umboðslega. 1. gr. prestakallalaganna segir: Á landinu skulu vera þessi prestaköll. Þar af leiðir, að umboðsstjórnin má ekki og getur ekki fækkað eða fjölgað prestaköllunum. Það má hvorki breyta 1. gr. nje neinni annari lagagrein umboðslega, þó víkja megi til takmörkum sókna og brauða. Þess ber líka vel að gæta, að þeirri stefnu var fylgt áður, undir tveimur landshöfðingjum, að leggja uppástungur til breytinga á prestakallalögunum undir þingið. Þá hefir komið fram sú mótbára móti frumv., að rjett væri að 4. gr. prestakallalaganna hjeldi sjer, vegna þess, að þingið hlyti að verða leitt á að þurfa að taka fyrir hverja þá breytingu á lögunum sem menn kynnu að finna upp á. Jeg hefi reyndur áður verið á móti þessum smábreytingum á brauðaskipuninni, en er nú kominn til þeirrar sannfæringar, að rjettast sje að breyta smátt og smátt og að þingið eigi ekki að telja eptir sjer það ómak eða þann kostnað, sem leiðir af umræðum og atkvæðagreiðslu um breytingar á 1. gr. prestakallalaganna. Jeg held að

eptirkomendur vorir þökkuðu okkur ekki fyrir, ef vjer gæfum burt meira eða minna af hinum dýrmæta rjetti, sem löggjafarvaldið hefir og á að hafa í öllum löggjafarmálum. Þeir mundu segja um oss: Fyrir eljanleysi hafa þeir sleppt úr höndum löggjafarvaldsins hinum helgasta rjetti, en við verðum nú að sjá til að kippa þessu aptur í lag.

H. varaforseti (Þ. Böðv.) sagði sjálfsagt það, sem hjarta hans var næst. Hann sagðist vænta þess, að landshöfðingi segði já og amen til alls, sem söfnuðirnir stinga upp á. Þetta traust hans á landshöfðingjanum gjörir mjer það skiljanlegt, að hann vill að 4. gr. prestakallalaganna með hans skilningi á henni haldist óbreytt, svo tillögur safnaðanna þurfa ekki að koma til þingsins. Það skil jeg vel að hann vill að landshöfðingi segi já og amen til alls, en þá vil jeg sleppa hjer landshöfðingjanum, en setja biskupinn í staðinn, ef landshöfðinginn á að eins að vera játningarvjel safnaðarins.

H. 1. þm. Árnes. (Þorl. G.) sagði, að lög heimiluðu sýslunefndum að skipta upp hreppum, gjöra tvo hreppa úr einum, og þó væri því samfara kostnaður fyrir landssjóð, en þetta síðasta er ekki rjett, því að það er enginn kostnaður við það að tveir hreppar verða úr einum, með því að launin miða sig við búendafjöldann í hverjum hreppi.

Að endingu vona jeg að enginn þingdm. vilji vera með því, að veikja og rýra vald löggjafarþingsins. Það er ávallt álitið þrekleysi að sleppa nokkru af því valdi, sem maður hefur. Það geta hugsazt þeir landshöfðingjar, sem hefðu lag á að draga völdin úr höndum löggjafarþingsins í sínar eigin hendur. Jeg segi ekki að hinn núverandi landshöfðingi muni gjöra þetta; en menn munu t. a. m. muna að þegar Finsen var landshöfðingi, var það álitið, að þingið hefði vald til að lækka afgjald ið af þjóðjörðum og yfirskoðunarmenn landsreikninganna lögðu áherzlu á, að þingið hefði þetta vald, en þegar til þingsins kom, tók það dauflega undir málið. Nú vita allir, að það er orðin föst regla að landshöfðingi eptir tillögum umboðsmanns úrskurðar það, sem fyrmeir þurfti konungsúrskurð fyrir, hvort og hve mikið afgjaldið megi lækka.

—Þegar hjer var komið, beiddust átta þingmenn þess, að umr. yrði hætt. Voru þeir þessir: Þorsteinn Jónsson, Ólafur Pálsson, Sveinn Eiríksson, Sigurður Stefánsson, Þorvarður Kjerulf, Sigurður Jensson, Þórarinn Böðvarsson, Jónas Jónassen. Var það síðan samþ., að umræðunum skyldi hætt.

ATKVÆÐAGR.: Fyrri liður 1. gr. samþ. með 12 gegn 5 atkv. Síðari liður 1. gr. samþ. með 12 atkv.

2. gr. frumv. samþ. með 12 atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 12 atkv. gegn 3.

Frumvarp til laga viðvíkjandi lokuðum bögglum með landpóstum á vetrum (C. 66); 2. umr.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Eins og jeg tók fram við 1. umr. þessa máls eru hjer einkum tvö atriði til íhugunar, annað það, að færa upp gjald undir lokaða böggla á vetrum, og hitt, að unnt sje, ef menn vilja borga nógu hátt gjald, að koma bögglum, er meira vega en 1 pd., með landpóstunum á vetrum. Jeg hefi þessu máli viðvíkjandi leitað upplýsingar hjá póstmeistaranum hjer í Reykjavík, og var hann heldur mótfallinn þessu frumv. af þeirri ástæðu, að hann óttaðist, að böggulsendingarnar mundu vaxa svo mjög, að erfitt eða jafnvel ómögulegt yrði fyrir póststjórnina að koma þeim; en jeg hefi enn ekki getað sannfærzt um þetta, því þótt sendingar kunni að vaxa dálítið eptir 2. grein, þá er jeg sannfærður um, að þær fækka samkvæmt 1. gr. meira en sem því nemur. Aðaltilgangur frumv. er sá, að koma í veg fyrir, að menn á vetrum sendi böggla að óþörfu, án þess þó að loku sje

fyrir skotið, að koma, ef mjög mikið liggur á, böggulsendingu með landpóstunum sem vegur meir en 1 pund, með því að gjalda því hærra gjald.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 13 atkv.; 2. gr. samþ. með 13 atkv. Fyrirsögnin samþ. án atkvæðagr. Málinu vísað til 3. umr. með 13 atkv.

Frumvarp til laga um breyting á 4. grein í lögum 14. desbr. 1877 um laun sýslumanna og bæjarfógeta (C. 68, 89); 2. umr.

Framsögumaður (Þorleifur Jónsson): Það hafa reyndar komið nokkur mótmæli fram gegn þessu frumv., en samt sem áður hefir meiri hluti h. þingdm. verið með því, og svo vona jeg að fari enn. Mjer finnst að þeir, sem á móti því hafa mælt, hafi gengið út frá því, að á Vestmannaeyjum sje þvílk ósköp fyrir sýslumann að gera; þeir hafa talað um, að þar gætu komið upp stórkostleg glæpamál, eins og þar sjeu svo margir þjófar og bófar. Gegn öllum þessum mótbárum má benda á, að hreppstjórar hafa allmikið vald, og geta þar eins og annarsstaðar tekið í strenginn, ef á liggur, og í forföllum eða fjarveru sýslumanns gert margt til bráðabyrgða af því, sem sýslumaður mundi annars gera; þeir geta rannsakað glæpamál og jafnvel með vissum skilyrðum tekið glæpamenn fasta, gert húsleitir og ýmislegt fleira, þangað til næst til sýslumanns; sömuleiðis hefir hreppstjóri nóg vald til að bæla niður óspektir og stöðva óreglu og slark; einnig til að framkvæma fógetagjörðir og uppboðsgjörðir sem umboðsmaður sýslumanns. Það eru einkum dómarastörfin, sem sýslumanninn sjálfan þarf til. Þeir, sem álíta sýslumann svo bráðnauðsynlegan í Vestmannaeyjum, ættu líka að fara fram á, að sýslumaður yrði settur í Grímsey, og mun þó enginn þeirra vera á því.

Jeg vona, að h. þingm. sjái, að hjer er farið fram á að afnema það, sem að margra ætlun er óþarft, og gefi því atkv. sitt.

Þorsteinn Jónsson: Jeg og fleiri þingmenn eru þegar búnir að taka fram margar ástæður á móti þessu frumv., og allir, sem kunnugir eru þar eystra og vita hvernig til hagar, eru sterklega á móti því. H. varaforseti (Þór. Böðv.) var ekki við, þegar jeg um daginn mælti á móti þessu frumv., og því vil jeg taka það upp aptur, að þeir, sem 1877 mæltu á móti sameiningu þessara tveggja embætta, voru alls ekki vilhallir menn, en þeir álitu sameininguna mjög óheppilega. Jeg gat þess þá, að 1 þeirra var háæruverðugur og 2 velæruverðugir herrar, og mundi hann sízt vilja hallmæla þessum stjettarbræðrum sínum, og enn fremur að tveir þeirra eru komnir undir græna torfu, og vill hann víst heldur eigi tala neitt meiðandi um þá, hann mun vilja fylgja hinu fornkveðna: «nil de mortuis nisi bene« (talaðu eigi illa um dauða menn), og ætla jeg því, að hann hafi mælt þessi orð í bráðræði. En því hefir h. fjárlaganefnd komið fram með þetta frumv.? Það er víst af tveimur ástæðum. Fyrst hefir henni þótt nokkuð tómlegt þar í nefndinni, og hefir því ætlað sjer að stofna til stórrar hátíðar, o: tvöfaldrar, veglegrar brúðkaupshátíðar milli Dalasýslu og Strandasýslu annarsvegar, og Rangárvallasýslu og Vestmannaeyjasýslu hins vegar, en svo hefir h. nefnd hugkvæmzt, að menn hafa sumsstaðar hjer á landi ótrú á því að slá saman 2 brúðkaupum í eitt, og því hefir hún bútað hið sameinaða frumv. í tvo hluti. I öðru lagi hefir nefndinni sjálfsagt gengið fjársparnaður til. Það hefir sem sje verið aptur og aptur fullyrt þing eptir þing, að Vestmannaeyjar væru ómagi landssjóðs, og menn hafa trúað þessu sem algildum sannindum, svo að það er orðið nokkurs konar fast og stöðugt »dogma«, sem menn almennt trúa á, að Vestmannaeyjar sjeu landsins og landssjóðs ómagi;

það er ósköp ljett, að gefa sig þannig fanginn undir blinda trú, án þess að rannsaka málið nokkuð. Og svo, þegar fjárlaganefndin sjálf segir það, þá er nú svo sem sjálfsagt að trúa því. En nú skal jeg sýna með nokkrum tölum, að þessu er ekki svona varið.

Tekjurnar af Vestmannaeyjasýslu voru

árið 1884 um 7760 kr.
— 1885 — 6960 —
— 1886 — 7440 —

og meðaltal á þessum þremur árum verður þá 7387 kr. Útgjöldin eru nú:

Laun sýslumanns	1914 kr.
— læknis	1996 —
— prests	600 —
— hreppstjóra	37 —
Væntanl. eptirlaun prestsekkju	100 —
Samtals gjöld	4647 kr.

Ef svo gjöldin eru dregin frá tekjunum, þá verður afgangurinn, ábatinn við það að hafa eyjarnar, 2740 kr. á ári; hjer í er kirkjan að vísu eigi talin, en afgangurinn verður samt mikill, svo mikill að minnsta kosti, að það nær engri átt, að kalla Vestmannaeyjar ómaga landssjóðsins, þar sem hann þó ávallt verður meir en hálft þriðja þúsund krónur; og enn er þess að gæta, að við næstu læknaskipti og þegar prestsekkjan er fallin frá, minnka gjöld til eyjanna um 510 kr., þótt við sýslumanninn bætist 86 kr., því að hinn núverandi sýslumaður hefir að eins 1914 kr. Áður urðu eyjabúar að sæta margvíslegum afarkostum. Þannig áttu þeir að borga til prests 10. hvern fisk í fjöru af öllum afla sínum, til sýslumanns 2 fiska af hverju stóru hundraði, er aflaðist á vetrarvertíð; 1 fisk til kirkju af hverjum róðri á vetrarvertíð; jarðarafgjöld eptir harðfiskverði, og háar tilgjafir til jarða; þannig veit jeg til, að til einnar jarðar með að eins 120 fiska landsskuld voru borgaðar 460 kr. í tilgjöf. Vestmanneyingar hafa þannig á margan hátt kúgaðar verið; eyjarnar hafa verið eins konar Írland Islands, og svo þegar mestu af þessum ósköpum er af ljett, þá á að svipta þær allri lagavernd, með því að taka frá þeim sýslumanninn; það er eins og einhver forn kúgunarandi lýsi sjer í þessu.

Að því er snertir breyt.till. þm. Eyf. (B. Sv.) og þm. Rangv. (Þorv. B.), þá veit jeg, að meining þeirra er sjálfsagt góð, en þó get jeg ómögulega verið till. meðmæltur. Jeg veit, að 1500 kr. eru oflítil laun fyrir sýslumanninn í Vestmannaeyjum. Sá sýslumaður, sem þar er nú, er mjög sparsamur maður, en kemst þó að eins af með laun sín; gjöldin aukast, og ábyrgðin, er þessi embættismaður verður að setja, mun hækka; hinn núverandi sýslumaður varð að setja 1400 kr. að ábyrgð, en við næstu embættismanna skipti mun verða heimtuð miklu hærri ábyrgð, t. d. 2500 krónur, og ef gert er ráð fyrir, að draga megi frá fyrir ábyrgðina 4 %, þá eru launin strax komin niður í 1400 kr.; þegar þar frá dregst lífsábyrgðargjald og skrifstofukostnaður, þó hann sje ekki mjög mikill, þá fara launin að verða lítil, og gæti slíkt orðið til þess að skapa annan Fensmark, en það mun þó h. fjárlaganefnd naumast vilja.

Jeg held að ekki sje vert að eyða meiru af pappír og bleki í umræður um þetta mál; það er hvort sem er meina-gemsi, og þótt það kunni að komast með naumindum í gegnum þessa h. deild, þykist jeg þess fullviss, að h. efri deild muni varla lofa gemlingnum að lifa sumarlangt; sem sagt, jeg þykist þegar þekkja forlög Kartagó-borgar.

Benidikt Sveinsson: Jeg er fæddur og upp alinn á suður- og austurlandi, svo jeg ætti ekki að vera alls ókunnugur staðháttum þeim, sem hjer hljóta að koma til greina. Jeg þekki það mjög vel, að það er enginn hægðarleikur að komast út í Vestmannaeyjar, og veit það líka, að mönn-

um, sem fara vilja milli lands og eyja, getur legast jafnvel svo mánuðum skiptir bæði á eyjunum og á meginlandinu. Allt það, sem tekið hefir verið fram af hinum gagnkunnugu h. þingm. um þetta atriði, er alveg rjett. H. þm. Vestm. (Þorst. J.) hefir sannarlega tekið fram margar og ríkar ástæður móti þessu frumv, sem fer fram á að sameina Rangárvallasýslu og Vestmannaeyjasýslu í eitt lögsagnarumdæmi, og er jeg honum alveg samdóma í öllu því, er hann hefir sagt um það mál, enda skal jeg ekki taka það upp aptur. En jeg skal þó leyfa mjer að gera eina athugs.

H. fjárlaganefnd hefir sjálfsagt hugsað sjer, þegar hún samdi frumv. þetta, að sýslumaðurinn í þessum sameinuðu sýslum skyldi sitja í Rangárvallasýslu, en ekki í Vestmannaeyjum, enda mundu Rangvellingar ypta öxlum, ef svipta ætti þá sýslumanni sínum. En þegar svo er, að sýslumaður situr í Rangárvallasýslu og tekið er tillit til hinna miklu tolltekja, sem greiðast árlega á Vestmannaeyjum, og sýslumaðurinn, sem situr í Rangárvallasýslu, á að standa skil á, þá ímynda jeg mjer, að þeir verði ekki margir, sem sækjast eptir að verða sýslumenn í hinum sameinuðu sýslum. Viti menn! Tolltekjan á Vestmannaeyjum á að fara fram á ábyrgð sýslumannsins í Rangárvallasýslu. Nú dettur mjer ekki í hug að segja, að sýslumaðurinn geti ekki fengið áreiðanlegan umboðsmann á Vestmannaeyjum, en hitt getur hugsazt, að umboðsmaðurinn sje óáreiðanlegur, og slíkum umboðsmanni er lafhægt að taka tollinn, segjum 2000 til 3000 kr., og fara með allt saman til Ameríku, án þess sýslumaðurinn, sem ábyrgðina ber, viti af því fremur en dauða sínum fyr en eptir langan tíma. Jeg veit það nú mikið vel, að umboðsmaðurinn getur »stungið af« fyrir fjárlaganefndinni; henni gæti staðið það svona hjer um bil á sama, en sýslumanninum í Rangárvallasýslu stendur það ekki á sama. Þetta er alveg óhafandi. Ætla menn að nokkur maður með 3500 kr. launum vildi setja veð fyrir 7 til 8 þúsund krónum, sem hann ætti að sjá um að kæmist til skila úr verzlunarstað, sem hann ekki getur haft neina tilsjón með? Að þörf sje á sýslumanni á Vestmannaeyjum einnig af öðrum orsökum en þeim, að þar þarf að heimta inn tolla, er líka alveg rjett. Það er meira að segja *sjerstaklega* þörf á lögreglustjóra þar á eyjunum vegna þess, að þar er kaupstaður og opt fjöldi útlendinga; einnig vegna þess, að þar er útræði, svo að bæði eyjaskeggjum og landsmönnum slær saman. Satt er það, að þar er hreppstjóri, en hreppstjóri hefir hvorki annað nje meira vald þar en um land allt, og ætla jeg þó að lögreglustjórn þyki ekki of vel skipuð eða of góð í sýslunum á landi, þar sem þeir eru tveir, sem hafa hana á hendi, lögreglustjóri sjálfur og hreppstjóri. Jeg vil nú spyrja h. framsögumann, hvort hann virkilega ímyndi sjer, að hreppstjóri geti leyst öll embættisverk af hendi, sem koma fyrir á eyjunum í fjarveru sýslumannsins, t. a. m. fella úrskurð um það, hvort setja skuli mann í varðhald eða ekki, leggja forboð fyrir, að maður fari af landi burt, framkvæma útburðar- og kyrsetningamál o. s. frv.? Þetta og því um líkt, sem innibundið getur hin vandasömustu juridisk spursmál, er engin von að hreppstjóri geti leyst af hendi. Á Linn bóginn er það auðvitað, að öll hugsanleg sýslumannsstörf hljóta að koma fyrir á Vestmannaeyjum; þar er kauptún og öllu hagar þar svo til að öðru leyti, að þar getur ekki og má ekki sýslumannslaust vera. Vjer megum ekki neita Vestmanneyingum um rjett sinn til löggæzlu og lagaverndar, þótt þeir sjeu fámennir. Vjer segjum, að þeir geri rangt og illa, sem leggja áherzlu á, að vjer Íslendingar sjeum fátæk og fámenn þjóð og eigum því ekki að hafa rjettindi nema af skornum skammti. En, eins og vjer, sem

þjóð, eigum heimting á fullum þjóðarrjettindum, eins eiga Vestmannaeyingar, þótt fámennir sjeu, rjett á allri rjettarvernd eptir vorum lögum, alveg jafnhliða hinum stærri og fjölmennari deildum (sýslum) þjóðfjelags vors. Þessu sæmir oss ekki að gleyma. Hefði h. fjárlaganefnd hugsað eptir þessu, þá hefði hún víst litið hýrari augum til Vestmanneyinga, en hún hefir gert, eptir þessu frumv. að dæma.

Þá skal jeg víkja að breytingartillögu, sem jeg og annar h. þingm. höfum komið með við frumv. Við stingum upp á, að laun sýslumannsins í Vestmannaeyjum verði 1500 kr. Verði þetta samþykkt, sparast landssjóði árlega 500 kr. Jeg skal játa það, að 1500 kr. eru mjög lítil laun handa sýslumanni, en heyrilegt er að stinga upp á þeim, enda er vel hugsanlegt, að ungur kandídat vildi taka sýsluna að sjer til að byrja með um nokkur ár, meðan hann er að venjast við sýslumannsstörf og ávinna sjer álit. Jeg skal samt geta þess, að þessi breyt.till. er mjer ekkert kappsmál, en frumv. fjárlaganefndarinnar spái jeg því, þó jeg sje ekki spámannlega vaxinn, að það verði aldrei að *lögum*.

Þorvaldur Bjarnarson: H. 2. þm. Eyf (B. Sv.) hefir nú tekið fram allt, sem enn lá fyrir að tala um þetta mál gagnvart mótstöðumönnum Vestmanneyinga, svo jeg þarf ekki að taka það upp aptur. Jeg mun líka áður vera búinn að leiða rök að því, að sameining á sýslustörfunum í Rangárvallasýslu og Vestmannaeyjasýslu sje ómöguleg, og allir h. þingm., sem nokkuð þekkja til, eru mjer fyllilega samdóma. Verð jeg því að leyfa mjer að vona, að þeir, sem ekki þekkja til, taki orð mín trúanleg í þessu efni og fari eptir þeim. En eins og það væri óeðlilegt, að jeg færi að skipa fyrir um, hvernig menn skyldu haga sjer í því og því norður í landi eða vestur á landi, þar sem jeg ekki þekki neitt, eða lítið, til, eins verður að telja það ekki síður óeðlilegt, að alókunnugir menn skuli leyfa sjer að skipa fyrir um, hvernig menn skuli haga hjer sunnanlands einmitt í þeim efnum, sem kunnugir menn segja að sjeu ómöguleg, eins og hjer stendur á með sameining Rangárvallasýslu og Vestmannaeyjasýslu í eitt lögsagnarumdæmi. H. framsögum. (Þorl. J.) sagði, að engin vandræði yrði með stjórnina á eyjunum, því að hreppstjórinn gæti allt, sem til lögreglustjórnar kæmi. Hann gæti gert húsleit þjá þeim, sem grunaður væri um þjófnað o. s. frv. Jeg er þó ekki viss um, að þetta sje rjett, því að vanalega mun hreppstjóri verða að fá til slíks úrskurð sýslumannsins, en jeg ætla að slíkur úrskurður yrði eigi æfinlega svo auðfenginn, ef sýslumaðurinn sæti í Rangárvallasýslu. Þess ber líka vel að gæta, að sýslumaðurinn í þessari fyrirhuguðu samsteypu þyrfti ekki að eins að hafa umboðsmann á Vestmannaeyjum, heldur og í Rangárvallasýslu, því eins og við erum búnir að sýna og sanna, getur sýslumaðurinn teppzt ekki að eins á landi, heldur og úti í eyjum, og það mánuðum saman, en á meðan sýslumaður situr fastur á eyjunum verður hann að hafa annan umboðsmann á landi.

Eins og h. þingdm. sjá, hefi jeg verið með í því, að gera breytingartill. við frv., sem fer fram á að ákveða sýslumanninum á Vestmannaeyjum 1500 kr. laun. Jeg get sem sje skilið, að 1500 kr. geti nægt sýslumanninum þar. Starf hans er yfir höfuð að tala ljett og embættið er hentugt fyrir mann, sem ekki er gefinn fyrir mikið strit eða erfiði.

Þorleifur Jónsson: H. þm. Vestm. (Þorst. Jóns.) hefir enn talað mikið og margt um þetta frumv., en margt af því, sem hann sagði, kom þó málinu ekki við, svo sem brúðkaups-hugleiðingar hans, svo að öllu þess konar má sleppa að svara.

Hann bar saman tekjurnar af Vestmannaeyjum og útgjöldin til þeirra, og áleit, að fyrst tekjurnar væru meiri en útgjöldin, þá væri sanngjarnt, að eyjarnar fengi að halda sýslumanni sínum o. s. frv. En, að því er mjer heyrðist, nefndi hann ekki útgjöld landssjóðs til kirkjunnar. (*Þorst. Jóns.:* «Jú»). Þá hefi jeg ekki heyrt rjett. En jeg verð að vekja athygli h. þm. að því, að það er víða, að tekjurnar eru meiri, en útgjöldin, það er t. a. m. á öllum verzlunarstöðum þar sem tollar eru greiddir, og eptir kenningu hans ætti þá hver verzlunarstaður að hafa sýslumann. Að öðru leyti sýndi h. þm Vestm. (Þorst. Jóns.) ekki fram á, að veruleg nauðsyn væri að hafa sjerstakan sýslumann á eyjunum. H. 2. þm. Eyf. (B. Sv.) lagði áherzlu á, að tolltekjur væru miklar á eyjunum, og yrði sýslumaður að fá mann á sína ábyrgð til að heimta inn tollana, en þessi umboðsmaður gæti auðveldlega strokið með tollinn til Ameríku. Það er undarlegt, að andmælendur frumv. virðast æfinlega ganga út frá því, að fullt sje af óskilríkum og óvönduðum mönnum á eyjunum. Þó jeg vilji sameininguna, þá dettur mjer þó ekki í hug að halda, að ekki sjeu eins góðir og áreiðanlegir menn á Vestmannaeyjum eins og annarstaðar, svo það mætti heita meira en meðal-slysni, ef sýslumaður skyldi fá umboðsmann af því tagi, sem þeir gjöra ráð fyrir. Jeg held engum sýslumanni yrði vandræði að fá þar skilríkan og góðan umboðsmann; hann gæti látið umboðsmanninn fá innheimtulaunin óskert, en heimtað aptur af honum trygging fyrir peningunum, og að því mundi margur ganga.

H. 2. þm. Rangv. (Þorv. Bjarnars.) efaðist um, að það væri rjett, sem jeg sagði um vald hreppstjóranna, en ef hann vill lesa Reglugjörð fyrir hreppstjóra af 29. apríl 1880, þá mun hann sannfærast um, að jeg sagði rjett frá. Þar stendur meðal annars, að þegar maður er grunaður um glæp, þá má hreppstjóri með ráði prestsins og í viðurvist 2 valinkunnra manna (t. d. læknisins og einhvers annars) bera á manninn gruninn. Seinna stendur, að hreppstjóri megi taka hinn grunaða fastan, ef hinn grunaði gjörir eitthvað til að tálma rannsókn hjá sjer. Yfir höfuð getur h. 2. þm. Rangv. (Þorv. Bjarnars.) sjeð af Reglugjörð fyrir hreppstjóra, að það sem jeg tók fram áðan um vald hreppstjóra, er alveg rjett.

Að endingu skal jeg geta þess, að engin af mótmælum þeim, sem fram hafa komið, hafa getað sannfært mig um ómöguleik þessarar sameiningar.

— Þegar hjer var komið umr., beiddust þessir 8 þm. þess, að umr. yrði hætt: Páll Briem, Benidikt Sveinsson, Lárus Halldórsson, Þorsteinn Jónsson, Ólafur Pálsson, Sveinn Eiríksson, Gunnar Halldórsson, Jón Þórarinsson; og var það samþykkt.

ATKVÆÐAGR.: Breyttill. felld með 14:6 atkv.

Frumv. óbreytt samþ. með 15:6 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 15 atkv.

Seytjándi fundur, miðvikudag 20. júlí.

Frumv. til laga um lausn frá árgjaldsgreiðslu af prestakalli (52, 105); 3. umræða.

Þorsteinn Jónsson: Jeg hef opt undrazt, hve sumir þingmenn geta verið ósanngjarnir, þegar um fjármál eða fjárútlát til einstakra manna er að ræða. Þessi ósanngirni gengur stundum svo langt, að menn gjöra sig jafnvel heimska í röksemdaleiðslu sinni, þegar þeir eru að leita að ástæðum fyrir máli því, sem annars er ekki viðhjálpandi. Þannig fannst mjer t. d. sumt í ræðu vinar míns h. 2. þm. Rangv. (Þorv. B.) vera fremur miklar hártoganir og bera keim af hártogunum málfærslu-

manna, en þess átti jeg sízt von þaðan; því það er ólíkt eðli hans að brúka vafninga og vífilengjur. — Jeg og 5 aðrir h. þm. höfum komið fram með breytingartillögu (105) við frumv. það, sem nú liggur fyrir h. þingd. til 3. umr., þess efnis, að presturinn í Laufási skuli fá uppgjöf á hinu ógoldna árgjaldi af prestakallinu um tiltekið árabil.

Verði þessi breytingartill. eigi samþykkt, skal jeg glaður greiða atkvæði með frumvarpinu óbreyttu, því jeg fæ eigi betur sjeð en sanngirni og rjettur mæli með frumv. Prestur sá, sem hjer er um að ræða, hefir almennings orð á sjer fyrir ráðvendni og heiðarlegleik og hefir jafnvel sjálfur lagt mikið fje í sölurnar fyrir gott málefni til að betra landa sína, og er það því mjög óviðurkvæmilegt, ef honum skyldi eigi verða rjettur og sómi sýndur af þinginu.

Menn hafa sagt, að þessi prestur hefði getað vitað, að Neshólminn var prestakallinu óviss eign, þegar hann sótti um brauðið; getur vel verið; en hann gat líka eins vel búizt við, að Neshólminn yrði dæmdur brauðinu, og eitt hafði hann fullan rjett til að vona, sem sje, að þingið yrði sanngjarnt við sig. Hann vissi að á þingi sitja lögfróðir menn, prestar og landsins gáfuðustu bændur, og af öllum þessum gat hann vænzt fullrar sanngirni, ef málið gengi honum á móti. En það er það ekki, ef það fellir frumv. Tekjur af Neshólmanum eru virtar á 450 kr. og það verður ekki minna metið en 400 kr. í peningum, og eigi nú presturinn að borga 400 kr. árgjald eptir að hólminn er kominn undan brauðinu, þá hlýtur samkvæmt ákvæðum þingsins 1879 eitt af tvennu að vera. Annaðhvort hefir þingið sett afgjaldið af brauðinu helmingi lægra en skyldi (og þá skoðun get jeg eigi aðhyllzt), eða þingið gjörir sig nú sekt í rangindum við prestinn; þessu getur þó enginn neitað eptir rjettum hugsunarreglum; með öðrum orðum: þingið 1879 hefði átt að setja árgjald brauðsins eigi 400 heldur 800 kr, ef enn á að heimta af því 400 kr. árgjald; en slíkt ætla eg fjarri öllum sanni. Sanngirnin virðist jafnvel heimta, að ekki einungis þessi prestur, heldur og allir eptirkomandi prestar í Laufási skuli lausir vera við árgjaldið. Nái breytingartillaga vor eigi fram að ganga, lýsi jeg því yfir, að jeg gef frumv. hiklaust atkvæði mitt.

Þorvaldur Bjarnarson: Jeg lýsi því yfir, að jeg er enn sem fyr einbeittur á móti frumv. þessu. Prestakallinu hefir aldrei tilheyrt hinn umræddi hólmi, enda er dómur sá, sem fallið hefir í málinu, ómótmælanlegur, og sýnir hann bezt, að brauðið hefir aldrei átt hólmann. Jeg mótmæli því sömuleiðis kröptuglega, að nokkur sanngirni sje fyrir því, að presturinn fái uppgjöf á árgjaldinu, því að hann hefir gjört sig kunnan að óskilvísi, þar sem hann hefir látið dragast í fleiri ár að borga gjaldið, sem honum bar að greiða. Þessi aðferð, að draga að borga það, sem manni ber, og krefjast svo algjörðrar lausnar frá gjöldum sínum þar á ofan, er sannlega ekki eptirbreytnisverð. Hvernig ætli t. d. færi, ef allir þeir, sem eiga að borga til landssjóðs, tæku upp á sama bragði, að hætta að borga og beiðast lausnar? Þingið mundi ekki una því vel. Ef þetta yrði siður, mundu eigi heldur þeir, sem biðja um hallærislán, álíta sjer skylt að borga lánin aptur. — En mjer er spurn, hvað á Nesbóndinn að fá fyrir að hafa liðið, að hólminn hefir ranglega verið notaður af prestakallinu svo árum skiptir? Menn eiga að vera sanngjarnir við hann, eins og prestinn. Nesbóndinn hefði ekki farið í mál, ef hann hefði ekki vitað, að málstaður hans var rjettur, enda bar dómurinn beztan vott um, að hann hafði á rjettu máli að standa. Það er hin velæruverðuga dúngirnd hins velæruverðuga fyrirrennara hans háæruverðugheita, sem þessari þrætu hefir vald-

ið, og situr það sízt á hinni geistlegu stjett, að fara í önnur eins mál og þetta er. Dómurinn hefir líka fallið á móti prestinum; og hvað er sanngjarnt, ef dómar eru það ekki? Sanngirnin er reyndar margvísleg, eins og mennirnir, en rjetturinn er að eins einn, eg jeg geng út frá því, að dómurinn sje hið eina rjetta. Jeg geng ennfremur út frá því, að umboðsvaldið hafi ekki veitt það, sem það gat ekki veitt. Það er, eins og jeg hef áður sagt, allt sem mælir á móti beiðni þessari, og afleiðingar yrðu sannarlega slæmar, ef farið væri að launa óskilvísina, og vona jeg að h. þingdm. gjöri sig eigi seka í því. Þeir sem telja það svo sanngjarnt að prestinum sjeu gefnar eptir þessar krónur, geta gjarna látið þær úr sínum eigin vasa, en ekki úr vasa þjóðarinnar, sem volar hungruð um hallærislán um leið og farið er fram á að launa vanskil embættismannanna. Jeg vona, að hver og einn af hinum h. þingdeildarmönnum skilji, að jeg hef rjett að mæla.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): H. þm. Vestm. (Þorst. J.) hefir svo rækilega sýnt, að sanngirni og rjettur heimta, að presturinn í Laufási verði losaður við árgjald það, sem á honum hvílir, að jeg álít óþarft að fara um það mörgum orðum, einkum þar eð það hefir áður verið til umræðu hjer í deildinni og þá skýrt af h. þm. Borgf. (Gr. Th.) og mjer. Jeg vona, að rjettsýni og mannúð h. þingmanna banni þeim að verða þess valdandi, að einhver hinn mesti heiðurs- og sómaprestur verði lögsóttur og ef til vill sviptur embætti, þó að hann eigi borgi það, sem honum er um megn að borga. Þetta gæti ef til vill gert nefndan prest hugsjúkan, og það vona jeg, að h. þingd. ekki vilji hafa á samvizkunni. Þó að jeg sje reyndar sannfærður um, að nefndur prestur hafi hina fyllstu rjettarkröfu til að verða losaður við afgjaldið að fullu og öllu, er jeg samt þakklátur h. 6 þm. fyrir breytingartilöguna, sem ákveður að uppgjöf árgjaldsins skuli að eins ná til ársins 1888.

Um mótmæli þau, sem frumv. hefir mætt, skal jeg vera fáorður. H. 2. þm. Rangv. (Þorv. B.) sagði, að Neshólminn hefði aldrei tilheyrt prestakallinu, en verið notaður frá Laufási mann fram af manni, öld eptir öld. En þetta kemur of seint. H. þingm. hefði gert vel í að skýra prestinum frá því, áður en hann sótti um Laufás, því að þá hefði þetta mál eigi komið fyrir þingið. Þar sem menn hafa verið að tala um vanskil hjá optnefndum presti, þá finnst mjer, að hjer sje ranglega að orði komizt. Orðið »vanskil« hlýtur að minnsta kosti að vera brúkað hjer í óvanalegum skilningi, því að hvorki gat presturinn borgað, nje heldur áleit hann sjer það skylt. H. 2. þm. Rangv. (Þorv. B.) talaði um, að hjer væri verið að reyna til að »fara í vasa þjóðarinnar«. Vel má vera, að svo sje, og þingmaðurinn þekkir vasann, en hinu neita jeg algerlega, að hjer sje ranglega »farið í vasann«.

Þorvaldur Bjarnarson: Jeg skal svara h. 1. þm. KGbr. (Þór. Böðv.) í fám orðum. Jeg hefi talað um, að farið sje í vasa þjóðarinnar til margra útgjalda, en jeg kynni betur við að heitið yrði á fulltingi bændavasanna til einhvers þess, sem þarflegt væri, en eigi til þess, að ala upp í mönnum svik og undandrátt. Þetta er og vilji hvers ærlegs bónda; hann vill ekki, að fje sínu sje varið í óþarfann einan, og því síður til þess, sem er siðum spillandi fyrir landsmenn. Jeg fæ reyndar vel skilið, að prestastjettin sje máli þessu hlynnt; en hún ætti þó að gæta rjettarins í þessu sem öðru. Jeg skal svo ekki orðlengja um þetta meir, en óska að eins, að h. þingd. felli frv.

Sveinn Eiríksson: Það hafa orðið svo miklar umræður um þetta mál, að jeg finn eigi ástæðu til að lengja þær að mun, og vil jeg því að eins gera litla athugasemd. Hinir h. meðhaldsmenn frumv. ganga út

frá því, að hinn optnefndi sómaprestur, er sótti um Laufásprestakall og fjekk það, hafi sótt um brauðið í þeirri vissu, að hann aldrei mundi nokkurs í missa af tekjum brauðsins. En þá vissu gat hann ekki haft. Jeg skal máli mínu til sönnunar taka dæmi af sjálfum mjer. Mjer hefir verið veitt Sandfell, náttúrlega með þeim skilmálum, að taka breytingum þeim, sem á brauðinu kynnu að verða; en nú stendur svo á, að hætt er við, að Ingólfshöfði verði ef til vill dæmdar undan hrauðinu, og álít jeg þá ekki, að jeg hafi nokkra sanngirnis- eða rjettarkröfu til að fá skaðabætur hjá þinginu. Verði prestur óánægður með brauð það, sem hann er á, hvort sem það nú er sökum ófyrirsjeðs tekjumissis eða annara hluta, þá er honum allt af innan handar að sækja frá brauðinu.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um mál þetta, heldur að eins lýsa því yfir, að jeg er á móti frv.

Þorsteinn Jónsson: Af því að jeg veit, að h. 2. þm. Rangv. (Þorv. B.) er sanngjarn maður, vil jeg leyfa mjer að spyrja hann að einni spurningu. Setjum svo, að skriða fjelli á jörð, er einhver af leiguliðum hans byggi á, og tæki helming af túni hennar og engjum; mundi hann þá heimta jafnháa landsskuld eptir sem áður? Jeg þekki h. 2. þm. Rangv. (Þorv. B.) að of mikilli sanngirni og rjettsýni til þess, að hann eigi mundi hið bráðasta færa niður landsskuldina, eða á einhvern annan hátt sjá leiguliðanum borgið. En hjer stendur einmitt eins á. Á Laufásbrauðið hefir fallið eins konar skriða, þar sem Neshólminn hefir verið dæmdur undan brauðinu, og væri því mjög ósanngjarnt, ef presturinn yrði að líða þann skaða óbættan.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Hafi h. 2. þm. Rangv. (Þorv. B.) meint hinn alkunna sómaprest, sem nú situr í Laufássbrauði, þegar hann var að tala um »svik og undandrátt« manna, þá verð jeg algerlega að mótmæla orðum hans, sem ástæðulausum og ósönnum. Þessi prestur er fátækur, en hefir þó kostað miklu fje til góðs máls, þar sem hann hefir gefið út á eiginn kostnað dýra bók, sem h. 2. þm. Rangv. (Þorv. B.) þó naumast mun kalla siðspillandi. Hvað viðvíkur því, sem h. þm. Aust.-Skaptf. (Sv. Eir.) sagði, þá vona jeg, að hann síðar sjái, að hjer stendur allt öðruvísi á, en með Sandfell.

Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um mál þetta, en fulltreysti því, að h. þingd. samþykki þó að minnsta kosti breyt.-till. þá, sem fram hefir komið við frumv.

Forseti: H. 2. þm. Rangv. (Þorv. B.) nefndi að vísu »svik og undandrátt« í ræðu sinni, en þau orð skoða jeg sem almennt töluð, en ekki meint til nokkurs einstaks manns, og álít því eigi þörf á, að þm. afsaki sig.

Þorlákur Guðmundsson: Menn hafa sagt, að presturinn í Laufási væri sómaprestur. Getur vel verið, að svo sje; en jeg vil leyfa mjer að spyrja, hvort hann hafi verið jarðabótamaður og sómaprestur í því efni. Brauðið, sem hann situr í, er gott meðalbrauð, fullar 1700 kr., að árgjaldi og Neshólma frádregnum, og finnst mjer því engin ástæða til, að veita honum meira en það, sem hann hefir nú.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (105) felld með 11 gegn 11, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Jón Þórarinsson	Páll Ólafsson
Ben. Sveinsson	Árni Jónsson
Eir. Briem	Gunnar Halldórsson
Gr. Thomsen	Lárus Halldórsson
Jón Jónsson	Ólafur Briem
Jónas Jónassen	Ólafur Pálsson
Sig. Jensson	Páll Briem
Sig. Stefánsson	Sveinn Eiríksson
Þórarinn Böðvarsson	Þorl. Guðmundsson
Þorleifur Jónsson	Þorv. Bjarnarson
Þorst. Jónsson.	Þorvarður Kjerúlf

Frv. sjálft síðan fellt með 15:6 atkv.

Frumv. til laga um sölu þjóðjarða (C 82); 1. umr.

Flutningsmaður (Ólafur Briem): Þetta mál hefir opt að undanförnu komið fram á alþingi, og í ýmsu formi. Ýmist hafa komið fram frumvörp um sölu einstakra jarða eða um sölu þjóðjarða í heild sinni. Hingað til hafa verið deildar meiningar um, hvort heppilegra væri, en nú munu fleiri orðnir á því, að hið síðara sje heppilegra. Þeir, sem hafa verið á því, að gefa mönnum kost á, að kaupa þjóðjarðirnar, hafa byggt á því, að almenn sjálfseign í landinu væri eitt af aðalskilyrðunum fyrir framför búnaðarins, og þeir hafa álitið, að aðalreglan ætti að vera sú, að láta ábúendur þjóðjarðanna sitja fyrir kaupunum eða jafnvel að ábúendurnir einir skyldu hafa rjett til að fá jarðirnar keyptar. Með þessu er líka nokkur trygging fengin fyrir því, að jörðin verði, að minnsta kosti fyrst um sinn, sjálfsábúð; en það getur líka hugsazt, að ábúandi keypti jörðina fyrir annan, og er bágt að girða fyrir slíkt. En nú á tímum er samt sem áður varla svo hætt við því, að einstakir menn eignist margar jarðir. Það var allt öðru máli að gegna fyr á tímum, þegar menn áttu ekki eins hægt með að koma peningum sínum á vöxtu, eins og nú. Það var því eigi svo undarlegt, þegar stólsjarðirnar voru seldar fyrir 100 árum, að margar þeirra lentu hjá einstökum peningamönnum. Ef ábúendur nú gætu fengið ábýlisjarðir sínar keyptar, þá hlyti að minnsta kosti að aukast bændaeign í landinu, svo að hægra væri að gerast sjálfseignarbóndi.

Það hefir verið hingað til ágreiningur um það, hvort binda ætti söluna við einstakar jarðir, eða láta hana ná yfir allar þjóðjarðir, og hefir þingið hneigzt að hinu fyrra. En það getur þó verið spursmál, hvort þetta er með öllu rjett skoðun. Frá landssjóðsins hálfu getur þó þessi stefna verið varhugaverð, því það er hætt við að það verði að eins beztu jarðirnar, sem menn fala til kaups, og þess vegna verði þær seldar, en hinar ljelegu verði helzt eptir.

Þegar til hinna einstöku ákvæða kemur, þá er sjer í lagi vandasamt að kveða á, hvernig virðingin skuli fram fara, og hverjir borgunarskilmálarnir skuli vera. Ef salan á að verða almenn, án þess leitað sje til þingsins í hvert skipti, sem jörð er föluð til kaups, þá er nauðsynlegt, að virðingin og borgunarskilmálarnir verði bundnir almennum skilyrðum.

Í frumv. því, sem hjer liggur fyrir, er svo ákveðið, að kaupverð jarðarinnar skuli miðast við leigumála, sem sýslunefndin metur; en eptir þeirri reglu, sem fylgt hefir verið að undanförnu, hefir umboðsmaður líka verið látinn meta jörðina. Mjer fyrir mitt leyti finnst, að umboðsmenn ættu ekki að hafa önnur afskipti af þjóðjarðasölu en þau, að lýsa jörðunum og láta í tje skýrslur um þær. Ef mat sýslunefndar þætti ekki einhlítt, hefi jeg ekki svo mikið á móti því, að amtsráðið segði álit sitt um það, og mætti koma þeirri ákvörðun inn í frumv. síðar.

Að því er snertir borgunarskilmálana, þá er svo ráð fyrir gert í frumv., að allt kaupverðið verði lánað kaupanda móti fyrsta veðrjetti í jörðinni. Nú er það aptur á móti reglan, að lána einungis helming á móti virðingarverði jarða, og get jeg vel skilið, að mönnum virðist ísjárvert að leyfa, að allt kaupverðið megi standa móti veði í jörðinni, því það getur hugsazt, að jörðin verði illa setin, að hún leggist í eyði eða stór-skemmist af völdum náttúrunnar, og til þess að fá trygging fyrir því, að landssjóður biði ekki skaða við það, að lána allt kaupverðið, mætti haga borguninni öðruvísi. Það mætti ákveða, að kaupandi skyldi borga strax eitthvað lítið af kaupverðinu, en hitt standa eptir móti veði í jörðinni. Jeg hefi jafnvel hugsað mjer, að koma með breyt.-till. í þessa átt til 2. umr.

Þegar litið er til þess, hvað menn eiga að hafa fyrir augum með þjóðjarðasöluna, þá er það tvennt, hagur landsjóðsins og hagur landsmanna, þ. e. landsetanna. Fyrir landssjóð verður hagur af þjóðjarðasölunni, þegar verð jarðarinnar gefur af sjer í rentu eins mikla upphæð og leigunum svarar, því þá losnar landssjóður líka við að gjalda umboðslaunin, og græðir þannig á sölunni. Fyrir landssetana er hagur að fá þjóðjarðirnar keyptar, því það er betra að eiga sjálfur ábýlisjörð sína, en að hafa hana til leigu, einkum fyrir hvern þann, er ætlar sjer að verja fje til að endurbæta hana, enda er það ekki nema eðlilegt, að þeir sem eiga sjálfir jarðir þær, er þeir búa á, láti sjer fremur annt um að bæta þær, en hinir, sem ekki eiga ábúðarjarðir sínar. Þjóðjarðasalan verður því að álítast hagur bæði fyrir seljanda og kaupanda.

Landshöfðingi: Með því þetta er 1. umræða málsins, skal jeg ekki fara út í hin einstöku ákvæði þessa frumv. og sjerstaklega vegna þess, að h. flutningsmaður (Ól. Br.) hefir ráðgjört að koma með breytingartillögur við frumv. til 2. umr. Jeg skal að eins leyfa mjer, að vekja athygli h. flutningsmanns og þingdeildarinnar yfir höfuð á því, hvort það muni vera alveg samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, að þingið geti gefið út slík lög, sem hjer er ráðgjört að semja. 23. stjórnarskrárinnar segir: »Ekki má ..... selja eða með öðru móti láta af hendi neina af jarðeignum landsins, nema slíkt sje með lagaboði ákveðið«. Þetta hefir hingað til verið skilið svo, að þingið þyrfti að nafngreina hverja einstaka jörð, sem selja ætti, og ákveða verð hennar. Svona virðist mjer líka eðlilegast að skilja greinina. Mjer er það að vísu kunnugt, og, ef til vill, fleirum af h. þingdeildarm., að lík ákvörðun er í grundvallarlögum Dana, og að í Danmörku hefir sú ákvörðun verið skilin þannig, að leyfilegt væri með lögum að veita heimild í einu lagi til að selja heila flokka af eignum ríkisins. En þetta er aptur annað en það, sem hjer er farið fram á, þar sem gefa á lög um, að selja megi allar þjóðjarðir undantekningarlaust. Jeg fyrir mitt leyti held, að slík ákvörðun ríði í bága við 23. gr. stjórnarskrárinnar, og án þess að jeg vilji halda því fram, að minn skilningur á þessari grein sje rjettari en annara, finnst mjer þó ísjárvert fyrir þingið, að halda þeirri stefnu fram.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg ætlaði að taka hið sama fram, sem hæstv. landshöfðingi, því eptir mínum skilningi á 23. gr. stjórnarskrárinnar getur lagafrumv. þetta ekki samrýmzt við hana. En það er fleira, sem jeg vildi taka fram viðvíkjandi þessu máli. Jeg skal þá strax geta þess, að jeg get ekki aðhyllzt stefnu þessa frumvarps, enda hefi jeg aldrei verið vinur þjóðjarðasölu yfir höfuð. Það hafa líka margar jarðir verið gerðar falar, en að eins fáar verið keyptar til þessa dags. Mjer hefir líka hingað til fundizt það meira en nóg, að gera þær jarðir falar, sem beðið hefir verið um, enda álít jeg þetta frumvarp alveg ófært. Jeg þykist viss um, að ef þetta frumv. verður samþykkt og verður að lögum, þá muni fara um þjóðjarðirnar, sem eptir eru, eins og fór með »stólsjarðirnar« fordum, sem var kastað út fyrir lítið verð, enda spáði einhver hinn merkasti Íslendingur, sem þá var uppi, Jón konferenzráð Eiríksson, að svo myndi fara og setti sig því af alefli á móti sölu »stólsjarðanna«. Jeg þykist nú viss um, að lög eins og þessi mundu leiða til hins sama. Þjóðjarðirnar myndu renna allar í einstakar ættir, eins og stólsjarðirnar runnu að mestu til einstakra ætta. Auk þess held jeg að nú sje mjög óhentugur tími til að gera þjóðeignirnar almennt falar. Jeg held að hagur manna standi ekki svo vel

nú sem stendur. Menn kunna að segja: Nógir eru seðlarnir í bankanum. Jú, þeir kunna að vera þar til, en þeir fást ekki úr honum, nema menn greiði 5 % fyrir lánið. Jeg held að menn hafi ekki um langan tíma átt erviðara með að kaupa jarðir en nú, og peningar hafa aldrei verið dýrari en nú, það er: vextir aldrei jafnháir og í bankanum, en jarðirnar að hinu leyti í minnsta gildi. Um einstök atriði málsins má ekki tala á þessu stigi þess, enda hirði jeg ekki um að gera það. Jeg skal að eins vekja athygli h. flutningsmanns á því, hvort það muni vera heppilegt, að sýslunefnd ein meti leigumála jarðanna og ákveði þannig kaupverð þeirra. Jeg held að hann gerði rjettast í að koma líka með breytingartill. við þessa ákvörðun til 2. umræðu; því það væri sannarlega laglítil sýslunefnd, sem ekki gæti metið afgjaldið sjerlega lágt og skipt svo jörðunum á milli sín. En þá kemur annað til greina: Er nokkur skaði skeður, þó að þjóðeignirnar sjeu gefnar eða svo gott sem gefnar út? Nei, sjálfsagt ekki fyrir ábúendurna, sem fá þær, ef landssjóður annars má missa þær; en jeg held að hann sje nú ekki svo staddur, að hann geti misst þær.

Þrátt fyrir allt þetta veit jeg þó, að tilgangur þeirra, sem komið hafa með frumvarpið, er góður, og jeg veit, að það eru til ástæður, sem mæla með frumvarpinu. Jeg veit, að umboðsstörfin eru kostnaðarsöm fyrir landið, og það, sem verst er, að ekki hafa allir umboðsmenn ávallt verið svo skilvísir, sem þeir áttu að vera; en ekkert af þessu vegur á móti þeim háska, sem landssjóði verður búinn, ef þetta frumv. verður að lögum.

Flutningsmaður (Ólafur Briem): Viðvíkjandi því, sem h. 1. þm. K.-Gbr. (Þ. Böðv.) sagði, að þjóðjarðirnar mundu safnast til fárra manna, þá var þessu svarað áðan, og skal jeg ekki taka það upp aptur, og dæmið, sem hann tók af sölu stólsjarðanna, er ekki takandi til greina nú. Hitt, sem hann sagði, að það væri óhæfa að láta sýslunefnd eina meta leigumála jarðanna, get jeg heldur ekki sjeð, að hafi neitt við að styðjast. Sýslunefndirnar hafa gert þetta áður, og veit jeg ekki betur, en að mat þeirra hafi verið álitið á góðum rökum byggt. Hvað það snertir, að einstakar sýslunefndir mundu meta jarðirnar lágt og nefndarmenn síðan skipta þeim á milli sín, þá ætla jeg þær getsakir svo ástæðulausar, að þær taki engum svörum.

Hæstv. landsh. ætlaði, að frumv. þetta kæmi í bága við 23. gr. stjórnarskrárinnar. Atvinnuveganefndin, sem samdi frv. þetta, bjóst við, að þetta spursmál mundi koma til umræðu í deildinni, og ræddi því ýtarlega einmitt þetta efni og komst að þeirri niðurstöðu, að ekki væri ástæða til að skilja 23. gr. stjórnarskrárinnar svo, að frumv. þetta kæmi í bága við hana. Eins og hæstv. landsh. benti á og þingdm. mun kunnugt, er alveg sama ákvörðun í grundvallarlögum Dana, sem gefin voru út 1849; en 2 árum síðar, 1851 samþykkti ríkisþingið lög um almenna sölu á nokkrum ríkiseignum, án þess að neitt væri því til fyrirstöðu, að lögin næðu staðfestingu konungs. Þetta atvik er að eins tekið fram til að sýna skilning dönsku stjórnarinnar, sem þá var, á sams konar lagaákvæðum og 23. grein stjórnarskrárinnar hefir að geyma; en auðvitað er, að það sannar ekkert í þessu máli. Aptur á móti legg jeg meiri áherzlu á skoðun stjórnarfulltrúans á alþingi 1883, hins þáverandi landshöfðingja Bergs Thorbergs, og leyfi jeg mjer að skírskota til orða hans um þetta efni, er svo hljóða:

»Sú skoðun hefir komið fram hjá sumum h. þm., hvort eigi væri ástæða til að binda eigi sölu hverrar einstakrar jarðar við sjerstakt samþykki alþingis«.

»Jeg held að það sje skoðunarmál, hvort

ekki sje ástæða til að fá almenna ákvörðun um, að selja megi ábúendum þjóðjarðirnar, svo framarlega sem svo vel er búið um hnútana, að fullt verð fáist fyrir þær«.

»Ef þær óskir og skoðanir kæmu fram á þinginu nú, þá álít jeg það svo mikils um vert, að jeg tel líklegt, að frá stjórnarinnar sjónarmiði væri ekki svo mikið á móti því, að fallast á þá uppástungu«.

Þorlákur Guðmundsson: Það, sem hæstv. landsh. talaði áðan viðvíkjandi þessmáli, var ekki annað, en nauðsynlegar athugasemdir; en h. varaforseti (Þ. Böðv) mælti þar á móti margt og mikið á mótl frumv. þessu og málefni því, er það ræðir um, yfir höfuð að tala. Jeg man þó svo langt, að hann flutti einu sinni hjer inn á þing beiðni um eina þjóðjörð og sótti það þá sannarlega með kappi, að hún væri látin fölt. Þar sem hann sagði, að margar þjóðjarðir hefðu verið falaðar, en fáar keyptar, er leyfið var fengið, þá svara jeg því einu til þess, að landsjóður bíður þá ekki skaða af þeirri jarðasölu, sem aldrei fer fram

Þá minntist h.varaforseti á stólsjarðirnar og sölu þeirra forðum, en jeg skal taka það fram strax, að jeg lít allt öðrum augum á sölu stólsjarðanna, en hann, og það þrátt fyrir það þótt hinn nafnkunni Íslendingur, Jón konferenzráð Eiríksson, hafi verið á móti sölu þeirra á sinni tíð. Þó Jón Eiríksson væri mikill maður, þá var hann þó aldrei nema maður og gat því skjátlazt, eins og öðrum dauðlegum og skammsýnum mönnum. Jón Sigurðsson, sem Íslendingar munu minnast með virðingu og þakklæti meðan landið byggist, gat líka farið villt. »Það er mannlegt að yfirsjást«, enda yfirsást Jóni Eirikssyni, er hann mælti móti sölu stólsjarðanna. Jeg tel sölu stólsjarðanna svo mikið happ, að þó hvali hefði rekið hópum saman árlega hringinn í kring um land frá því fyrir 100 árum og fram á þennan dag og menn hefðu mátt skera þá gefins, þá væri það happ þó ekki nálægt því eins mikið og hitt. Að minnsta kosti hefir sala Skálholts stólsjarða orðið til ómetanlegra hagsmuna fyrir sjálfsábúð á Suðurlandi. Jeg held jeg gæti gefið h. varaforseta skýrslu til næsta þings yfir sjálfsábúð í Árnessýslu fyrir 100 árum síðan, áður en stólsjarðirnar voru seldar, og aðra skýrslu til samanburðar yfir sjálfsábúð nú. Af þeirri skýrslu vona jeg að hann sannfærðist um, að sjálfseignir hefðu aukizt að mun á þessum 100 ára tíma. Það er ekki hægt að færa gildar ástæður fyrir neinu, ef ekki þessu. Þó það kunni satt að vera, að margar jarðir hafi áður safnazt til einstakra manna, þá getur slíkt ekki átt sjer stað nú á tímum. Þá kunnu peningamenn ekki að fara með peninga sína. Þeir ljetu peninga sína liggja í seltu á kistubotninum eða þá keyptu fyrir þá jarðir, með því þeir þekktu ekki annan veg til að gjöra þá arðberandi. Nú þar á móti þekkja menn og nota marga aðra vegu til að ávaxta peningana, og sem er arðmeira og umsvifaminna en að kaupa jarðir og verða svo að deila við ýmsa landseta um gallagripi í landsskuld og gráðaböggla í leigur.

Að því leyti að h. varaforseti gat þess til, að sýslunefndir mundu virða lágt og skipta svo jörðunum á milli sín, þá frábið jeg mjer sem sýslunefndarmanni það mistraust, og jeg vona að hann ætli sjálfum sjer það ekki.

Benidikt Sveinsson: Það er öllum h. þingdeildarmönnum vel kunnugt, og öllum þeim sem lesið hafa alþingistíðindin frá fyrri árum, að eg var einna fyrstur þeirra manna, sem komu með þá tillögu á alþingi, að efla sjálfseign í landinu með lögum um þjóðjarðasölu, og að rjettast væri, að heimildin til hennar væri gefin einmitt með almennu lagaboði. Nærri má geta, að jeg ávallt hefi verið þessu

máli hlynntur af heilum hug, þótt það hafi gengið fram í ýmsum myndum og með sjerstökum lögum. Jeg hefi ávallt skoðað það svo og skoða það svo enn, að það sje bæði rjett, hyggilegt og heppilegt, að þjóðjarðirnar geti orðið sjálfseign bænda; og það mun síðar sannast, að þjóðjarðaeignin er og verður aldrei fjeþúfa fyrir landssjóðinn, en aptur á hinn bóginn landbúnaði og jarðabótum til sannarlegs niðurdreps. Það þarf ekki meira en meðalmanns vit til að sjá og sannfærast um, að því meiri sem hvötin er fyrir bóndann að leggja fram alla krapta sína, þess meiri ástæða er til að hann verji þeim til gagns sjálfs sín og þjóðfjelagsins. Mótbárur þær, sem fram hafa verið færðar á móti þessu frv., skal jeg leiða hjá mjer, því þær eru að eins eintómar endurtekningar á mótbárum þeim, er bornar hafa verið fram á móti þessu máli á undanförnum þingum hvað eptir annað, enda hefi jeg einnig skýrt tekið fram röksemdirnar fyrir skoðun minni og sannfæring í þessu máli.

Viðvíkjandi því, er hæstv. landsh. tók fram, að spurning gæti verið um, hvort slíkt frv. og þetta riði eigi í bága við 23. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem hjer væri um almenn lög að ræða, er gripi yfir allar þjóðjarðir, án þess nokkur sjerstök þjóðjörð sje nefnd, þá verð jeg að vera á annari skoðun en hann í þessu efni. Hann tók til dæmis Danmörku og grundvallarlög Dana, og að þar væri samskonar ákvæði skilið á þá leið, að heimilt væri að selja einstaka flokka af jörðum; en nú verður spurning, hvort hjer sje eptir sama skilningi heimilt að selja allar þjóðjarðirnar hjer á landi með einu almennu lagaboði, og verð jeg að álíta, að þetta sje fullkomlega rjett og heimilt. Því í fyrsta lagi er það, að sá munur á flokkum jarða, sem á sjer stað í Danmörku, á sjer hjer alls eigi stað, heldur má álíta jarðirnar hjer allar í einum flokki, svo þessi mismunandi skilningur á þessari gr. stjórnarskrárinnar gagnvart hinni samhljóða ákvörðun í grundvallarlögum Danmerkur hverfur með öllu. Í öðru lagi liggur aðaláherzlan í 23. gr. stjórnarskrárinnar á því, og engu öðru, að tryggja löggjafarvaldinu það, að engin þjóðjörð, hvorki ein einstök nje margar nje allar í einu, skuli verða seldar eða látnar af hendi, nema með lögum. Það er grundvallarreglan, »principið«, og þess vegna get jeg eigi sjeð annað, en full heimild sje til þess að veita með einum lögum heimild til þess að selja allar þjóðjarðir, svo framarlega sem unnt er að setja nægilega tryggar ákvarðanir um söluna og greiðslu söluverðsins; þetta er líka alveg hættulaust; því skyldi það sýna sig, að einhver hætta væri búin af þessu fyrirkomulagi, eður þeim lögum, sem samþykkt yrðu um þetta efni, þá er allt af innan handar að breyta þeim lögum aptur, því að enginn þarf að vera hræddur um, að hætt sje við því, að allar þjóðjarðir landsins yrðu seldar á fáum árum, þó lagaheimild væri fengin fyrir því.

Jeg tek það fram aptur, að jeg er máli þessu mjög hlynntur, og vil gefa því atkvæði mitt til 2. umræðu; jeg vona að h. nefnd íhugi vel frv. og hvort eigi væri ástæða til að gjöra einhverjar breytingar á því, í þá átt, að hvorki verði kaupverðið of lágt og að landssjóður hafi fulla tryggingu fyrir greiðslu þess.

Landshöfðingi: Jeg vil taka það fram aptur, er jeg sagði áðan, að jeg vil vekja athygli h. nefndar og þingdeildarinnar á því yfir höfuð, hvort þetta frumv., sem hjer er til umr., eigi komi í bága við 23. gr. stjórnarskrárinnar, og jeg hefi eigi getað sannfærzt af orðum h. 1. þm. Eyf. (B. Sv.) og h. framsögum. (Ó. Br.) að svo sje ekki, eða að heimilt sje að setja svona almenn lög um þetta atriði. Í 23. gr. stjórnarskrárinnar stendur: »ekki má selja eða með öðru móti láta af hendi neina af jarðeignum landsins, nema slíkt sje með lagaboði ákveðið«, en hjer í frv. stendur, að stjórn-

inni sje gefin heimild til að selja þjóðjarðir almennt. Þetta get jeg varla annað skilið en sje breyting á stjórnarskránni; frv. segir »allar þjóðeignir«, því það sem undan er tekið, er svo lítið, að engu nemur; og þó frv. hefði eigi fleiri galla en þennan, efast jeg mikið um, að það hans vegna gæti fengið fram að ganga.

Þorvaldur Bjarnarson: Jeg hefi eins og aðrir h. þingm. hlustað á mótbárur hæstv. landsh. gegn þjóðjarðasölunni... *(Landshöfðingi:* Jeg hefi ekki mælt eitt orð á móti sölu þjóðjarða); að minnsta kosti á móti þessu frumv., og það er þó um sölu þjóðjarða. Jeg verð að vera eindregið þeirrar skoðunar, að betra sje, að bændur eigi jarðirnar sjálfir, heldur en að landssjóður eigi þær; landssjóður missir heldur eigi neitt við það að selja jarðirnar; hann hefir sína vexti af þeim hluta verðsins, sem borgaður er þegar í peningum, leigur af þeim hluta, sem óborgaður er, og veð í jörðunum sjálfum; ábúð bænda á þjóðjörðunum er heldur ekkert munstur, heldur þvert á móti, því á mörgum þjóðjörðum er minna gjört en hjá öðrum einstökum bændum. En að öðru leyti finnast mjer þessi ákvæði í sjálfu sjer allt of takmörkuð; við eigum allir jafnt þessar þjóðjarðir, og því á þá að gefa einungis ábúandanum og engum öðrum kost á að fá jarðirnar fyrir hæfilegt verð, kannske af því að hann hefir nítt ábýli sitt niður svo eða svo? Mjer finnst að allir ættu að hafa jafnt kost á að fá jarðirnar keyptar; aptur á hinn bóginn vil jeg ekki selja jarðirnar í smápörtum, t. d. ekki af 20 hndr. jörð selja sitt hundraðið hverjum ábúanda, ef 20 yrðu ábúendur á jörðinni, sinn á hverju hundraði; jeg vil heldur selja í stærri köflum; þessir smábændur, sem búa á 3 eða 4 hundruðum, eru með venju, sem von er, ekki til mikilla framfara, enda þótt þeir eigi ábúðarjarðirnar sjálfir, og það er alls eigi til að efla dugnað og framfarir í landbúnaði, að selja jarðirnar í smápörtum; en allar vil jeg selja þær.

Benidikt Sveinsson: Jeg skal, í tilliti til þess, sem hæstv. landsh. síðast sagði, geta þess, að jeg fæ eigi betur sjeð, en að hjer sje einmitt um lögákveðna sölu þjóðjarða að ræða, en lögin verða náttúrlega að vera svo úr garði gerð, að þau innihaldi glöggar ákvarðanir um söluna og öll þau skilyrði fyrir henni, sem þörf er á, til að tryggja landssjóðnum hæfilega borgun, eins og jeg tók áður fram. Umboðsstjórninni verður eptir þessu eins trúað fyrir því, að framkvæma söluna eptir þeim reglum og með þeim skilyrðum, sem löggjafarvaldið ákveður, og með því flest önnur lög eiga þetta sammerkt við *þessi* lög, sje jeg ekki, hvernig hæstv. landsh. getur fundið þeim það til foráttu. Jeg tek það enn upp, að jeg get ómögulega sjeð, að 23. gr. stjórnarskrárinnar geti að nokkru leyti verið frumv. þessu til fyrirstöðu; hún tekur að eins fram, að ekki megi selja nokkra af jarðeignum landsins nema eptir lagaboði; þar út úr er ómögulegt að draga þá ályktun, að eigi megi með *einu almennu* lagaboði gefa heimild til að selja þær allar, heldur að eins einstakar jarðir með sjerstökum lagaboðum, sem engu síður en hið almenna lagaboð, er hjer ræðir um, hlýtur að fara eptir hinum almennu reglum um hlutfallið milli löggjafarvaldsins og umboðsvaldsins, hvað framkvæmd laganna snertir.

Páll Briem: Jeg er samdóma h. 2. þm. Eyf. (B. Sv.) í því, að þetta frumv. geti ekki komið í bága við stjórnarskrána. Jeg sje ekki, að það hafi verulega þýðingu, hvort jarðirnar eru nefndar almennt, eða saminn listi yfir allar jarðir landsins. 23. grein stjórnarskrárinnar nær fullkomlega tilgangi sínum með þessum lögum, því að tilgangur hennar er sá, að heimila löggjafarvaldinu fullan rjett til að ákveða, hvort og hvernig skuli selja. Það er að eins

tilgangur hennar, að gera þetta mál að löggjafarmáli og útiloka að það heyri eingöngu undir umboðsvaldið. Greinin í stjórnarskránni er að eins til þess, að umboðsstjórnin geti eigi selt jarðir landsins alveg eptir geðþótta, og fitað ættingja og vini á ódýrum þjóðjörðum. Að þetta lagafrumvarp komi eigi í bága við stjórnarskrána, sjest enn fremur á því, að Danir, sem hafa samskonar ákvæði í grundvallarlögum sínum og vjer í stjórnarskránni, hafa lögleitt hjá sjer lík lög um »selvejendom på statens gods«. Viðvíkjandi lagafrumv. í heild sinni vil jeg segja það, að jeg ímynda mjer, að það geti orðið hin mesta og bezta lyptistöng fyrir landbúnaðinn hjer á landi, ef það nær fram að ganga. Jeg held, eins og h. 1. þm. Árnes. (Þorl. Guðm.), að lög þessi yrðu sönn velferðarlög fyrir landbúnaðinn, ef þau næðu fram að ganga, og þar sem hann gat um, að búnaði hefði fleygt fram í Árnessýslu, eptir að bændur þar hættu að vera leiguliðar á jörðum Skálholtsstólsins, þá get jeg og sagt hið sama um Skagafjarðarsýslu. Jeg er kunnugur þar nyrðra og veit, að bændur þar í sýslunni standa framar mörgum öðrum í landbúnaði. En hvernig var ástandið þar áður? Þegar Eggert Ólafsson ferðaðist um landið, voru nær því allir Skagfirðingar leiguliðar Hólastólsins og Reynistaðarklausturs. Eggert hefir gefið mönnum ófagra lýsingu á þessum leiguliðum, og telur þá fulla lausungar, prettótta og svikula, og segir, að þeir sjeu mjög gjarnir á að hlaupa frá búum sínum. Þetta sorglega ástand er nú horfið, og þakka jeg það eingöngu þjóðjarðasölunni. H. varaforseti (Þór. Böðv.) ætti að leita ráða í máli þessu hjá vini sínum prófastinum í Stykkishólmi, því að hann var áður, eins og h. varaforseti, einn af mótstöðumönnum þjóðjarðasölunnar hjer á þingi, en nú eru skoðanir hans orðnar svo breyttar, að hann er sannfærður um, að ekkert geti hætt úr ástandinu í Snæfellsnessýslu nema þjóðjarðasalan. Jeg vildi óska að h. varaforseti rannsakaði ástandið í þeim sýslum, þar sem þjóðjarðirnar eru flestar; þá trúi jeg eigi öðru en að hann mundi sannfærast um, að þjóðjarðasalan væri sannkölluð lyptistöng landbúnaðarins hjer á landi.

Þórarinn Böðvarsson: Þrátt fyrir hinar skörpu skýringar h. 2. þm. Eyf. (Ben. Sv.) get jeg þó eigi skilið, að heimild sje til að selja allar þjóðjarðir landsins með einu lagaboði. Jeg skal samt eigi fara lengra út í það atriði, heldur fela skýringuna á 23. gr. stjórnarskrárinnar í hendur lögfróðum mönnum.

H. flutningsm. þessa frumv. (Ól. Br.) tók fremur mjúkum höndum á mjer, þótt jeg væri á móti frumv., og skal jeg því eigi fara lengra út í það, sem hann sagði. Aptur á móti var h. 1. þm. Árnes. (Þorl. Guðm.) miklu ómýkri. Hann tók Jón Eiríksson til dæmis upp á það, hve góðum og miklum mönnum stundum gæti yfirsjezt. En jeg verð að segja, að orð hans standa enn í fullu gildi, þó að langt sje um liðið, og mjer er nær að halda, að gildi þeirra verði enn meira seinna. H. 1. þm. Árn. (Þorl. Guðm.) getur ef til vill sannað, að sjálfseignarbændum hafi fjölgað í Árnessýslu, en jeg vona, að jeg geti sýnt, að hið mótsetta hefir átt sjer stað í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Máli mínu til sönnunar skal jeg geta þess, að á Álptanesi, sem áður nefndist Kóngsnes, sökum þess, að allar jarðir þar voru konungseign, eru nú nærri allar jarðir veðsettar, og sumar orðnar eign kaupmanna. Jeg hefi sagt, að sýslunefndirnar gætu ef til vill haft lag á að meta jarðirnar nógu lágt og skipta þeim á milli sín, ef þetta fyrirhugaða fyrirkomulag frumv. kæmist á. Eins og stendur, er miklu minni hætta á að það verði, því að dómkvaddir menn eiga að meta þær til verðs og umboðsmaður að hafa hönd í bagga með þeim. Jeg er hættur að kaupa jarðir,

svo að h. 1. þm. Árn. (Þorl. Guðm.) getur verið óhugsjúkur um, að jeg muni gera samsæri til að ná jörðum með vægu verði, svo að það vantrausts-atkvæði, sem hann sagði að jeg hefði gefið sjálfum mjer, er með því horfið; en jeg vil að eins segja, að freistingin má eigi koma frá alþingi. — Það er rjett, sem sagt hefir verið, að jeg hefi verið í þjóðjarðasölunefnd áður, og jeg get bætt því við, að jeg hefi jafnan verið á þeirri skoðun, að rjett væri að selja þjóðjarðirnar með sanngjörnu verði, úr því að farið væri að selja þær á annað borð. En hitt get jeg líka sagt og sannað, að jeg hef jafnan verið á móti almennri þjóðjarðasölu, og reynslan mun sýna, að hún mun ekkert gott af sjer leiða. Þar sem verið er að tala um, að sjálfseignarbændum hafi fjölgað, þá held jeg, að það sje einungis að nafninu til, því að margur sjálfseignarbóndinn mun nú skuldugur um jarðeign sína og meira til. Þess hefir og verið getið, að búnaður hafi víða batnað síðan þjóðjarðasalan komst á, en hann hefir líka víða versnað, og kemur það af því, að margur ábúandi hefir keypt jörð sjer um megn og eigi haft krapt til að rækta hana, einmitt af því, að hann hafði keypt hana. Jeg vildi helzt óska, að ábúendalögin væru gerð svo tryggileg og hagstæð fyrir leiguliða, sem unnt er, svo að það yrði jafnvel enginn hagur fyrir leiguliðann að eiga jörðina, sem hann býr á. Þessu mundi jeg fylgja fram með öllu því kappi, sem tveir h. þingm. hafa sagt að jeg sýndi í þeim málum, sem jeg vildi fram koma.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. með 20 atkv.

Frumv. til laga um tollgreiðslu (38, 80); framhald 1. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Það, sem liggur til grundvallar fyrir þessu frumv., er sjer í lagi sú ósanngirni, er kaupmenn verða fyrir í tilliti til tollgreiðslu. Þeir hafa hingað til verið skyldir til að greiða toll fyrir fram af öllum þeim tollskyldu vörum, er þeir fá til útsölu. Þetta þykir koma hart niður á kaupmönnum og ástæða vera til að gjöra þeim ljettara fyrir með tollgreiðsluna.

Það virðist nú ekki allt vera undir því komið, að hafa lögin sem strángust, heldur er rjett, að hafa þau svo mild, sem hægt er, en ganga aptur ríkt eptir því, að þeim sje hlýtt. Hinsvegar má landssjóður ekki bíða neinn skaða, og verður því að búa svo um hnútana, að það komi ekki fyrir, nema sem hrein undantekning. Eptir þessu frumv., sem búið er að ræða í nefnd, er nokkurn veginn full trygging fyrir því, að landssjóður missi ekkert við tollgreiðsluna, með því, að tollskyldar vörur verða aldrei afhentar, nema tollur af þeim sje borgaður fyrir fram, eða vörur lagðar fram til tryggingar tollgreiðslunni.

Jeg hefi svo ekki meira að tala um málið að sinni, en skal að eins geta þess, að nefndin mun koma með eina breytingartill. í þá átt, að lögreglustjóri fái greiddan ferðakostnað þegar hann verður að fara heiman að til að afhenda innsiglaðar vörur, sem opt getur komið fyrir, enda virðist það sanngjarnt, að hann fái þann kostnað borgaðan.

Benidikt Sveinsson: Eins og h. framsögum. (Ól. Br.) tók glögglega fram, er það aðal-augnamið þessa frumv., að ráða bót á þeirri umkvörtun, sem svo opt hefur komið frá þeim, sem greiða eiga toll til landssjóðs, að ósanngjart sje að taka toll af þeim vörum, sem kaupmenn ekki geti selt fyr en löngu eptir að tollurinn er greiddur. Það leiðir líka af sjálfu sjer, að kaupmenn hljóta að setja hærra verð á vörur sínar vegna þessarar fyrirframgreiðslu, en þeir ella mundu gjöra. Þegar líka þess er gætt, að mesta peningaekla er í landinu, þá er skiljanlegt og náttúrlegt, að kaupmönnum verði erfitt að greiða allan toll fyrir fram út í hönd. Það er

og auðvitað, að umkvörtun undan þessum strangleik laganna mun fara og hlýtur að fara vaxandi að sami skapi sem meira flyzt inn af tollskyldum vörum og tollarnir aukast. Að því leyti sem frumv. þetta bætir úr þessum annmörkum, er jeg hlynntur því; en jeg er hræddur um, að allar hinar einstöku ákvarðanir þess sjeu ekki sem heppilegastar. Eptir frumv. eiga allar tollskyldar vörur, sem tollur eigi er greiddur af, að standa inni sem veð fyrir tollgreiðslu af þeim, og vera undir innsigli, og svo má leysa og selja þessar vörur smátt og smátt, með því að borga fyrir fram toll fyrir það, sem tekið er í hvert skipti. Þetta er ópraktiskt fyrirkomulag hjer á landi; það sjer hver maður. Þetta getur verið gott fyrirkomulag þar sem tollheimtumaður er á sama stað og tollgreiðslumaðurinn; en þar sem þeir eru langt hvor frá öðrum, er þetta fyrirkomulag sem sagt mjög ópraktiskt. Því — hver á að borga kostnaðinn, sem af þessu leiðir? Á landsjóður að borga hann? Ekki sjest neinstaðar, að það sje meiningin. Á þá kaupmaðurinn að borga hann? Sje svo, þá tekur hann auðvitað þennan kostnað aptur í söluverðinu, og lendir þá kostnaðurinn á landsmönnum. Jeg vil biðja hina h. nefnd að íhuga, hvort ekki gæti fundizt eitthvert heppilegra fyrirkomulag við tollgreiðsluna, en það, sem frumv. stingur upp á. Jeg ætla, að ekki væri óþarft að breyta einstökum ákvæðum frumv. Jeg vildi, að lík ákvörðun kæmist í frumv. og þessi: Sá, sem greiða á toll, má fá frest með greiðsluna hálfan þann tíma, sem gjöra má ráð fyrir að þurfi til þess að selja vöruna, sem greiða á toll af. — Segjum, að gjört sje ráð fyrir, að kaupmaður þurfi 6 mánuði til að selja tollskyldar vörur, er hann hefir fengið; þá ætti hann að geta fengið frest með tollgreiðsluna í 3 mánuði. Þessi frestur gæti heldur ekki orðið til neins verulegs skaða fyrir landssjóð. Tollurinn er vanalega borgaður með ávísunum til Kaupmannahafnar og líða þá vanalega 2 til 3 mánuðir frá því ávísanirnar eru gefnar út og til þess landssjóður fær þær útborgaðar. Þá vil jeg líka benda á, að ekki ætti að heimta, að meira væri sett undir innsigli, en helmingur af hinum tollskyldu vörum, því með því einu móti getur kaupmaður verið búinn að fá að selja svo mikið, að hann geti greitt tollinn af andvirði vörunnar; en hann getur ekki notað frestinn þegar hann ekki hefir nein ráð yfir vörunum og má ekkert selja af þeim.

Þetta, sem jeg nú hefi tekið fram, bið jeg h. framsögum. og h. nefnd yfir höfuð að íhuga.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Jeg er h. 2. þm. Eyf. (B. Sv.) þakklátur fyrir þær bendingar, er hann gaf nefndinni, sem vel lagaðar til að vekja athuga á málinu. Hann stakk sem sje upp á því, að hafa eigi tollgreiðslufrestinn bundinn við afhendingu hinna tollskyldu vara, eins og gjört er ráð fyrir í frumv., heldur fastbundinn við 3 mánuði, en taka svo aptur á móti ekki nema helminginn af hinum tollskyldu vörum til tryggingar fyrir tollgreiðslunni við lok þessara 3 mánaða. Þetta væri að vísu mjög gott fyrir kaupmenn; en jeg efast um að það veiti landssjóði nægа tryggingu, sem þó hlýtur að sitja í fyrirrúmi.

Setjum nú svo, að hin tollskylda vara sje brennivín, er kosti 80 aura potturinn og tollurinn sje 30 aurar. Ef helmingur þess væri tekinn sem gilt veð fyrir öllum þeim tolli, er á því hvílir, sem sje 40 kr. virði í vörum eptir venjulegu söluverði fyrir hverjum 30 krónum af upphæð tollsins, gæti auðveldlega farið svo, ef til nauðungaruppboðs þyrfti að koma, að hin veðsetta vara hrykki engan veginn fyrir tollinum og öllum áfallandi kostnaði.

Aðal-ósanngirnin við það fyrirkomulag, sem nú er, er fólgin í því, að kaupmaður verður að greiða tollinn áður en hann get-

ur selt nokkuð af vörunni; þar á móti má ætla að honum verði aldrei tilfinnanlegt að greiða svo sem 100 kr. þegar í stað, og svo hitt smátt og smátt, eptir því sem hann fær selt vöruna. Þetta er að vísu ómaksmeira fyrir tollheimtumanninn, en það mun tíðast, að hann hafi umboðsmann fyrir sína hönd í grennd við kaupstaðinn, ef hann eigi sjálfur á heima nálægt honum.

Að vísu bakar það kaupmönnum nokkurn kostnað, ef sú breytingartillaga fær framgang, að þeir sjeu skyldir að greiða lögreglustjóra ferðakostnað, ef hann verður að takast sjerstaka ferð á hendur til að gegna krófum þeirra um afhendingu á innsigluðum vörum. En þrátt fyrir þessi útgjöld ætla jeg, að margir kaupmenn mundu taka það fyrirkomulag, sem frumvarpið fer fram á, fram yfir þau ákvæði, sem nú gilda í tilliti til tollgreiðslunnar.

Jónas Jónassen: Jeg er á sama máli og 2. þm. Eyf. (B. Sv.) í því, að næsta ervitt er fyrir kaupmenn, að þurfa að gjalda allan tollinn fyrirfram, en mjer finnst, að frumv. þurfi mikilla lagfæringa við, ef að landssjóði á að vera vel borgið. Jeg skal að eins taka eitt dæmi. Ef svo stæði á, að tollstjórnin tæki vörur, t. d. 30 tunnur af brennivíni, af einhverjum kaupmanni og ætlaði sjer að geyma þær,—en þeir hafi ekki önnur geymsluhús en pakkhúsin — þangað til kaupmaður tæki til þeirra og greiddi tollinn, en svo vildi svo óheppilega til, að eldur kæmist í geymsluhúsið og allar hinar tollskyldu vörur brynnu, þá gæti vel farið svo, að landssjóður missti eigi alllítið af tekjum sínum, já, meira að segja alla tollupphæðina, sem kaupmaðurinn hefði átt að vera búinn að greiða, hefði hann greitt hann þegar er vörurnar komu til landsins. Sökum þess, hve aðgæzluverðar allar breytingar á þessu eru, vil jeg helzt að svo stöddu láta standa við sama, sem hingað til hefir viðgengizt í þessu máli, þrátt fyrir það, þótt jeg meir en viðurkenni, eins og jeg tók fram áðan, að kaupmenn eiga opt mjög örðugt með að greiða tollinn fyrirfram. Þetta er vandamál, sem vel þarf að íhuga, og þarf að vera sem bezt úr garði gert frá þingsins hálfu, svo landssjóði sje borgið og kaupmönnum gerð tollgreiðslan sem hægust.

Grímur Thomsen: Jeg ætla að eins að benda á einn agnúa, sem mjer virðist vera á þessu frumv.

Í núgildandi lögum um toll af víni og tóbaki er ákveðið, að tollinn skuli greiða áður eða um leið og varan er flutt í land, en með þessum ákvæðum er frv. haggað, án þess gert sje ráð fyrir því.

Jeg tek þetta að eins fram til þess, að vekja athygli nefndarinnar á þessum lögum, og það því fremur, sem sú skoðun virðist annars vera ríkjandi, að skerpa heldur tolleptirlitið en draga úr því.

Jeg vona, að h. flutningsm. (Ó. Br.) sjái, að frumv., þótt það sje þarflegt og sanngjarnt, kemur í bága við önnur gildandi lög, nefnilega lögin um tolla af vínföngum og tóbaki, og enn fremur við reglugjörð 14. febr. 1873; þessi lög verður því að nema úr gildi eða breyta þeim, ef frumv. er gert að lögum. Ber og að hafa fyrir augum, að sú breyting á gildandi lögum, sem hjer er ráðgerð, mun hafa í för með sjer enn meiri drátt á afgreiðslunni á reikningum landsins, en fyrirfarandi, og hefir þó sá dráttur, sem nú er, þótt of mikill.

Í öðrum löndum, þar sem þessu er hagað líkt og frumv. gerir ráð fyrir, geymir tollstjórnin vörurnar sjálf og leggur þeim til húsrúm, en kaupmenn borga fyrir geymsluna. Orsökin til þessa er sú, að kaupmönnum sjálfum, hversu ráðvandir sem þeir eru, þykir eigi trúandi til að geyma sínar eigin vörur, enda þótt inninnsiglaðar sjeu.

Hjer á landi mundi þessarar varúðar þurfa, eins og hvar annarsstaðar; en nú

eru engin hús til að geyma vörurnar í. — Þetta atriði þurfa menn einnig að athuga. Jeg sje, að nefndin hefir gert breytingu til bóta á frumv., þar sem hún lætur ákvæði þess að eins ná til fastakaupmanna.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um forðabúr og heyásetning í sveitum (C 81); 1. umr.

Framsögumaður (Páll Briem): Jeg ætla ekki að mæla margt fyrir frv. þessu að sinni, en að eins geta þess, að hjer er að ræða um eitt hið mesta velferðarmál landbúnaðarins. Allir munu játa, að heimskuleg heyásetning og horfellir á skepnum sje hinar skaðlegustu meinsemdir á landbúnaði vorum; opt hefir verið talað um að finna ráð til að afstýra þessu, og alþingi hefir einu sinni gefið út lög viðvíkjandi horfelli á skepnum, enda þótt þau hafi ekki orðið að neinu gagni. Öllum, sem íhuga málið, hlýtur því að koma saman um það, að nauðsyn beri til að allir leggist á eitt til að koma einhverjum umbótum til vegar í þessu efni; löggjafarvaldið þarf að verða samtaka fjelagsskap einstakra manna. Nú á ekki við að fara út í einstakar greinar, en aðalstefna frv. er að gefa sveitunum vald til að gera samþykktir, eptir því sem við þykir eiga í hverri sveit; en algildandi lög mun eigi auðið að gefa sökum þess, hvað ólíkt stendur á í hinum ýmsu hjeruðum.

Það getur jafnvel verið, að sumstaðar hagi svo til, að torvelt sje að fylgja annari reglu, en hinni gömlu, sem segir svo: »Vogun vinnur og vogun tapar«; en jeg ætla þó, að víðast hvar megi nokkuð að gera til að tryggja skepnuhöld manna.

Þörfin á því að koma í veg fyrir horfelli, virðist mjer hin sama fyrir sveitirnar, sem þörf á vátryggingu fyrir hús er fyrir kaupstaði. Horfellinum má líkja við eld, er eyðir fjárstofni bænda. Samkvæmt lögum er hver kaupstaðarbúi skyldur að vátryggja hús sitt, en engar skorður hafa enn verið reistar við horfelli af hálfu hins opinbera.

Þetta frumv. fer fram á, að sveitunum gefist vald til, að annast um heyásetning og heybyrgðir manna, svo þeir ekki hjer eptir sem hingað til geti að ósekju komið sjer og öllum sínum á vonarvöl með einni heimskulegri ásetningu. Þetta er í fullu samræmi við vátryggingarlögin.

Jeg vona að allir sjeu á einu máli um það, að horfellir komi eingöngu af skammsýni og hirðuleysi einstaklinganna á annan bóginn og lagaleysi á hinn bóginn; þess vegna óska jeg og vona, að h. þingdm. láti sjer miður hugað um að rífa frumv. niður, heldur en að leiðrjetta það og bæta á þann hátt, sem frekast er unnt.

Mjer væri kært, ef allir þeir, er eitthvað hafa út á frumv. að setja, vildu benda mjer á það, svo mjer gæfist kostur á, að taka það til íhugunar. Sjerstaklega eru mjer kærar allar bendingar áhrærandi fyrirkomulagið á því, sem í frumv. er haft fyrir augum, því það er að mestu leyti lagað eptir samþykkt, er 7 hreppar í Dalasýslu gjörðu, og sem allir, er hlut áttu að máli, hugðu að mundi geta orðið til mikilla umbóta, og öllum hinum beztu mönnum þar vestra var mikið áhugamál að kæmist til framkvæmda. Einn sýslunefndarmaðurinn kvaðst fúslega leggja fje úr sínum eigin vasa til að greiða fyrir þessari samþykkt.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg skal leyfa mjer að taka það upp, sem h. framsögum. (P. Br.) sagði, að hjer er um sannarlegt velferðarmál landsmanna að ræða, og það væri í mesta máta æskilegt, að lagfæring kæmist á það mál, og hver sú uppástunga er lofsverð, sem er í þá átt, að styðja þetta mál, svo að menn á Íslandi þurfi ekki framar að fella úr hor. Þetta mál hefir áður komið hjer til umræðu, og þá voru samin lögin um horfelli á skepnum, en eptir þeim hefir lítið verið farið. Hjer er enn á ný komin fram tilraun til þess að

gera það með lögum, sem á að gerast án laga. (*Sig. Stef.:* Heyr!). Það er mjög sorgleg, en þó gömul saga, að bændur kreysta upp fjenaði sínum til þess að fella hann, ef einn veturinn kemur öðrum harðari; koma honum svo upp á ný til þess að fella hann aptur; það er mjög sorglegt, en svona er það. En með hverju verður bætt úr þessu? Varla með lögum, og jeg vil segja ekki með lögum. Bótin verður að koma innan frá alþýðunni sjálfri. Það eru líka til annars konar lög en þau, sem vjer samþykkjum hjer og ræðum; það er sómatilfinning hvers einstaks manns og menntun alþýðu. Það er langt frá mjer að hallmæla nefndinni; jeg er henni þvert á, móti þakklátur fyrir það, að hún lætur sjer annt um þetta mál. Þetta frumv. er sniðið að miklu leyti eptir lögum um fiskiveiðasamþykktir, en þó er þar öðru máli að gegna, því fiskiveiðasamþykktirnar snerta rjettindi annara, en það gera þessar samþykktir síður; það kemur eigi beinlínis niður á öðrum, þótt einhver drepi úr hor skepnur sínar; en óbeinlínis kemur það niður á öðrum, ef hann við það verður öðrum til þyngsla. Jeg vil ekki segja, að þetta frumv. sje í ósamkvæmni við 51. gr. stjórnarskrárinnar, en það vantar víst lítið á að almennt frelsi sje skert með þessu. Atvinnuvegir manna ættu að vera sem mest óhindraðir, og löggjafarvaldið sem mest að sneiða sig hjá að blanda sjer inn í þá, og þó jeg fyrir mitt leyti felli mig vel við, að til sjeu lög, sem fiskiveiðasamþykktir, þá væri sorglegt, ef fara þyrfti að gefa slík lög viðvíkjandi hverju einu í atvinnuvegum manna, kannske síðast um það, hvernig ætti að slá gras, t. d. að sá, sem slær ljámýs, hann skuli sektaður um svo eða svo mikið, og sá, sem skilur gras eptir, hann skuli líka sektaður. Mjer er full alvara í þessu máli, og ef jeg gæti gefið h. framsögum. (P. Br.) nokkrar bendingar til að bæta frumv., þá mundi jeg vera fús á það, en á þessum grundvelli, sem hjer er lagður, held jeg að varla verði byggt það, sem not megi að verða.

Jón Þórarinsson: Þetta mál, sem er svo yfirgripsmikið og áríðandi, vildi jeg óska, að yrði sem bezt íhugað og yfirvegað, og jafnvel þó það sje komið frá nefnd, þá leyfi jeg mjer að stinga upp á, að 3 manna nefnd verði sett í málið.

Forseti: Eptir þingsköpunum getur slík nefndarkosning ekki átt sjer stað. Ef um nokkra nefnd væri að tala, þá lægi beinast við, að vísa málinu aptur til þeirrar nefndar, sem það er komið frá, en sjerstök nefnd verður eigi sett í þetta mál.

Sigurður Stefánsson: Jeg skal taka undir með h. varafors. (Þ. Böðv.), að lýsa þakklæti mínu til h. nefndar fyrir það, að hún vill hlynna að atvinnuvegum landsmanna, og laga þær misfellur, sem á ýmsu eru í þeim efnum; en með þessu frumv. er ekkert verulegt stig stigið, og jeg er, því miður, hræddur um, að þótt frumv. eptir uppástungu h. 2. þm. GK. (J. Þór.) hefði fengið að ganga gegn um tvær nefndir, þá yrði því þó aldrei beint í þá stefnu, að búast mætti við miklum árangri af því, þegar til framkvæmdanna kemur. Af því nefndin ekki hefir sjeð sjer fært að gefa lagaákvarðanir þessu viðvíkjandi, sem fullnægjandi væru, hefir hún viljað gefa sýslunefndunum heimild til að setja ákvarðanir í þessum efnum; en jeg verð að efast um, að nokkur sýslunefnd mundi nota sjer þennan rjett, og það einmitt af því, að hún, sakir kunnugleika síns, yrði sannfærð um, að slíkum ákvörðunum er ómögulegt að framfylgja í framkvæmdinni. Jeg er h. nefnd samdóma um, að æskilegt væri að hafa heyforðabúr, en jeg álít, að um það verði eigi sett lög, hvorki af alþingi nje sýslunefndunum. Slíkt er og hlýtur að verða samningamál. Hjer er um svo sjerstakt atriði að ræða, að það er að mínu áliti ómögulegt fyrir löggjafarvaldið, að ganga inn í

hús hvers einstaks manns, og segja: »Svona átt þú að fara að og ekki öðruvísi«. Jeg álít að engin hey-ásetningsnefnd geti sagt fast og ákvarðað við einn bónda: »Svona og svona margar sauðkindur skaltu skera; hitt máttu láta lifa«. Það er ekki nóg, að sjá heyið, — það geta hey-ásetningsmennirnir mjög vel sjeð —, þeir verða einnig að þekkja hagana, hvort jörðin er útigangsjörð eða ekki; þeir verða að þekkja fjárkynið, og, það sem sem ekki er minnst undir komið: þeir verða að þekkja fjármanninn; jeg hefi þekkt tvo fjármenn, og annar þeirra varð heylaus, þar sem hinn komst vel af, og höfðu báðir jafnmikil og jafngóð hey og jafnmargar skepnur; það var að eins fjármennskunni að kenna. Nei; ákvæði þessa frumv., þegar til framkvæmdanna kemur, og yfir höfuð allra laga um þetta efni, verð jeg að álíta að sjeu alveg þýðingarlaus. Þar sem h. nefnd talar um heyforðabúr, þá get jeg ekki vel skilið, hvernig sýslunefndin getur skipað hverjum einstökum bónda, að hafa svo eða svo mikið hey fyrirliggjandi, til þess að geta selt; þá mundi jeg, ef jeg yrði fyrir slíku, heldur vilja fyrna mitt hey sem fornbýll bóndi. Jeg er líka mjög hræddur um, að þetta frumv., ef það yrði að lögum, gæti orðið til þess, að gefa ónytjungum undir fótinn, og kenna þeim að treysta á heyforðabúrin og hugsa sem svo: »Jeg þarf ekki að vera hræddur; það eru nóg hey í heyforðabúrinu hjá honum Jóni á Hóli«. Um þetta efni þarf engin lög, frekar en er; menn eru skyldir til, þegar grannar eru heylausir, að láta hey af hendi gegn því að fá aptur borgun í heyi, og það er hin þægilegasta borgun fyrir báða. Það er ómögulegt með svona almennum lögum, að setja ákvarðanir um þetta efni og annað eins, þannig, að ekki sje þröngvað persónulegu frelsi og þrengt að atvinnuvegum manna. Vjer höfum gott dæmi, þar sem eru lögin frá 1883 um horfelli á skepnum, sem er sannarlegt neyðarrúræði og ekkert annað en pappírsgagn, og þar er þó hreppsnefndum og sýslumönnum gefið nokkurt vald að því er snertir meðferð manna á skepnum. Hjer álít jeg, að of nærri sje gengið eignarrjetti manna, og að lög um þetta annaðhvort þröngvi að mönnum um of, eða þá sjeu gagnslaus. Jeg er á sama máli og h. varafors. (Þ. Böðv.), að siðferðis- og sómatilfinning verði að eiga hjer mikinn hlut að máli, enda hefi jeg reynslu af því, að hvað hey-ásetningu snertir, þá eru almenn samtök og uppörfanir um, að setja vel á í einum hreppi, miklu affarasælli, heldur en harðar skipanir heyásetningsmanna í hinum í öðrum. Eins og jeg tók fram áður, er jeg þakklátur nefndinni fyrir velvilja hennar, og hvað hún lætur sjer umhugað um atvinnuvegi landsmanna, en jeg álít það ekki eiga við, að setja þau lög, enda þó góðan tilgang hafi, sem maður veit fyrirfram að muni verða þýðingarlaus og að eins dauður bókstafur.

Framsögumaður (Páll Briem): Þeim h. þm., er mælt hafa með þessu frumv., er jeg mjög þakklátur fyrir þau orð, sem þeir hafa talað hlýlega til þessa frumv., sjerstaklega h. varafors. (Þ. Böðv.). En á hinn bóginn get jeg ekki verið mjög þakklátur fyrir þau mótmæli, sem aðrir hafa hafið gegn því. Sjerstaklega vildi jeg óska, að h. þm. Ísfirð. (St. S.) hefði kynnt sjer þetta mál dálítið betur, áður en hann hjelt þessa síðustu ræðu sína, sem að mestu — jeg vil ekki segja alveg öllu — leyti var byggð á tómum misskilningi og vanþekkingu. Þeir voru, eða sögðust báðir vera málinu hlynntir, en það dugaði þó ekkert að koma fram með slíkt frumv., eða eiga neitt við málið yfir höfuð. Það er þessi eldgamla setning: Það er bezt, að láta það drasla eins og hingað til. Annar sagði hjer dygðu engin lög, heldur að eins menntun alþýðu; hinn sagði hjer dygðu engin lög, heldur að eins sómatil-

finning hvers einstaks manns. En bæði þekki jeg menntaða menn, bæði presta og aðra, sem hafa þó drepið úr hor, og svo hafa Íslendingar haft sómatilfinningu fyr en nú, og þó drepið úr hor; menntun og sómatilfinning er því engan veginn einhlítt. H. þm. Ísf. (S. St.) talaði um, að samkomulag manna á mannfundum um það, t. d. að setja vel á, væri heppilegt meðal til að hrinda þessu í lag; en fyrir þessu er einmitt gert ráð í frumv.; en svo þarf að gera samþykktir og taka fastar ákvarðanir. Það er ómögulegt að komast hjá því, að takmarka að nokkru leyti frelsi manna, en það er ekki frekar gert með þessu frumv., eða þeim samþykktum, sem eptir því mundu verða gerðar, heldur en t. d. með þeim ákvörðunum, að menn í kaupstöðum skuli skyldir að vátryggja hús sín, og það er gert af því almenningsheill er í voða. Þar sem h. varafors. (Þ. Böðv.) drap á, að líklega yrði seinna farið að setja samþykktir um, hvernig gras skyldi slá, eða þess konar, þá kalla jeg slíkt útúrdúra, og skal leiða hjá mjer að eyða mörgum orðum um slíkt. Þeir menn, sem kosnir eru hey-ásetningsmenn í hreppunum, eru valdir af hreppsbúum, og eru vanalega þeir, er bezt vit hafa á slíku; en að koma svo með aðra eins fjarstæðu, sem h. þm. Ísf. (S. St.) kom með, að segja, að þessir menn geti alls eigi sett á, því skil jeg ekki í; jeg, meira að segja, skal setja svo á hjá prestinum í Vigur, að hann skal ekki verða heylaus einn vetur, og enda þó hann telji næsta sumar með. Jeg hefi talað við einn h. þm., sem hjer er í deildinni, sem sumarið eptir harða veturinn 1882, þegar ópurkarnir gengu fram í september, kom til eins bónda í Húnavatnssýslu áður en sá bóndi hafði fengið eina sátu í garð, og var hann að barma sjer yfir því; þá spurði h. þm. þennan bónda að því, hvort hann mundi þurfa að skera margt, þótt hann fengi enga sátu inn af nýju heyi. »Og það held jeg nú reyndar ekki«, sagi bóndi. Þetta var bóndi, sem átti nóg forn hey til þess að gefa annan vetur til. Svona mundi jeg setja á hjá prestinum í Vigur. Það er ekki rjett, að hreppsnefndirnar hafi vald til að setja á hjá mönnum, segja menn; sýslunefndirnar hafa skyldu til að ráða bót á hallæri, en ekki til að setja skorður við að það geti komið. Sumstaðar hafa sýslunefndirnar tekið sjer þetta vald, sem þær að rjettu ekki hafa; menn hafa farið eptir ákvæðum sýslunefndanna, þótt þau hefðu ekki lagagildi. Þannig var hið síðasta brjef, sem jeg skrifaði í Dalasýslu, skipun sýslunefndarinnar til eins hrepps, þar sem eigi hafði komizt á frjáls samþykkt um hey-ásetningu. H. þm. Ísf. (S. St.) sagði, að bændur mundu þakka fyrir að hafa heysölu, og enn fremur, að slóðarnir mundu treysta á heyforðabúrin; en það er engin hætta á slíku. Í Dalasýslu var ákveðið, að töðu-fjórðungurinn skyldi kosta 60 aura, og þar að auki 10 aura fyrir að eiga hann sjer tryggðan; sá sem ekki hafði tryggt sjer hann, varð þá að borga tvöfalt tryggingargjald, 20 aura, eða fyrir töðu-fjórðungin 80 aura, en sá, sem ekki hafði hlýtt ákvörðunum heyásetningsmanna, skyldi borga þrefalt eða fjórfalt, og þá fer heyið að verða nokkuð dýrt. Það sem mest er um vert, er, að heyið sje til; en þótt það sje til, þá er það ekki siðferðisleg skylda eins og nú, að kasta heyinu út í hvippinn og hvappinn til hvers sem vera skal, og til manna, sem hafa sett á eins og heimskingjar; slíkum mönnum má þá auðveldlega vísa í forðabúrið.

Jeg ætla svo ekki að orðlengja þetta að sinni.

Þorlákur Guðmundsson: H. framsögum. (P. Br.) hefir varið þetta mál svo vel, að jeg, sem búið hef í 30 ár, og reyndar aldrei fellt úr hor, get sannarlega dáðzt

að því, hve vel og skörulega hann, jafn ungur maður, hefir varið málið.

Jeg minnist þess, að h. varaforseti (Þ. B.) var í horfellis-nefndinni hjerna um árið og hafði þá eins og nú góðan vilja í þessu máli, en þá var ekki unnt að koma öðru fram en því frv., þó ljelegt sje. Þá kom hann fram með sömu mótbáruna sem í dag, en lengi má bíða, ef bíða skal þangað til hver maður er orðinn svo menntaður, að hann er orðinn sjálfum sjer nógur, og það er mikil meðmæling með þessu frv. að báðir mótmælendur þess hafa fyllilega kannazt við þörfina á að hreifa við þessu máli, jafnframt því að þeir ekki hafa bent á neitt annað tiltækilegra meðal til að bæta úr henni. Hlutverk sýslunefndarinnar eptir núgildandi lögum er ekki neitt annað en að taka hallærislán; hún má ekki á annan hátt afstýra hallæri, hversu dugleg sem hún er; hún má ekki hreifa sig fyr en hallærið er komið inn fyrir dyrnar: en því má þá ekki leyfa henni að varna því að komast inn fyrir dyrnar? Þá mega þær fara á stað. Þessar hallærislánbeiðslur og hallærislán eru nú orðnar svo miklar, að krónu nemur fyrir hvert nef á landinu, og eiga þær allar rót sína að rekja meira eða minna til óskynsamlegrar heyásetningar, víst í öllum sveitahjeruðum, og er það óttalegt; og veit jeg að allir h. þingmenn vilja styðja að því af fremsta megni að þeim fækki framvegis. Vjer höfum lög þessu efni viðvíkjandi, en sem eru þýðingarlaus pappírslög; það sýnist líka vera hyggilegra að reyna með lögum eða ákvörðunum að fyrirbyggja slysið, en að hafa lög sem ákveða hegningu fyrir það, þegar það er orðið og eldurinn er búinn að brenna eigur manna. Að drepa úr hor er að mínu áliti alveg sama sem að leggja eld í sitt eigið hús. Jeg vona að h. þingdeild leiði þetta mál því síður hjá sjer, sem nú þegar eru komnar bænir úr tveim beztu sýslum landsins, Húnavatns og Skagafjarðarsýslu, um hallærislán, 14,000 kr. og 12,000 kr.; ef þar hefðu verið gildandi samþykktir um heyásetningu, og þeim verið fylgt, sem engin ástæða er til að efa, þá hefðu þessar sýslur líklega ekki þurft að biðja um eina einustu krónu og líklega ekki misst neinn pening, það er að segja fyrir fóðurskort; fjárskaðar geta ætíð komið fyrir. Það eru þessar gömlu marg-upptuggnu ástæður, að hreppstjórar og skoðunarmenn drepi sjálfir úr hor, og svo þessi frelsishljómur.

Sigurður Stefánsson: Þm. Snæf. (P. Br.) hefir sjálfur játað, að frv. takmarki hið persónulega frelsi einstaklingsins; það er mjer nóg; því þá hefir hann einnig játað, að það sje byggt á skökkum grundvelli. Það er misskilningur að ætla sjer að ráða bót á slíku, sem hjer ræðir um, með þvingunarlögum, sem hljóta að misbjóða frelsi og eignarrjetti manna, eigi nokkur framkvæmd að verða á þeim.

Jeg veit að þm. Snæf. er góður vísindamaður og vel að sjer í sinni fræðigrein; hann kann og einnig að hafa kynnt sjer ýmislegt, sem að búnaði lýtur. En sem bóndi í Vigur ber jeg ekkert traust til hans til hey-ásetnings, allra sízt síðan hann lýsti því yfir, hvernig hann ætlaði að haga heyásetningi sínum.

Því mjer dytti ekki í hug að hlýða honum eða neinum öðrum til þess, að setja, hvernig sem á stæði, svo fátt á heyföng mín, að jeg ætti $^1/_2$—$^2/_3$ eptir að vori, og jeg held að engum mundi koma slíkt til hugar; enda væri slík heyásetning hin fullkomnasta skerðing á atvinnufrelsi einstaklingsins.

Einmitt með því að segja þetta, hefir þm. Snæf. sýnt, að hann hefir ekkert vit á þessu atriði málsins; það er nógu líklegt, að hann hafi gert laglegar umbætur í búnaði manna í Dalasýslu þennan vetrartíma, sem hann var þar; skaði að hann var þar ekki annað árið til, svo að hann gæti sjeð ávöxt iðju sinnar. Svo mikið er þó líklega óhætt að telja víst, að Dalasýslu-

búar biðja um hallærislán eptir allar þessar umbætur. Samþykktir samkvæmt þessu frumvarpi hljóta að ganga of nærri persónulegu frelsi manna og eignarrjetti, og með því að samþykkja þetta frumv. gengur þingdeildin út fyrir þau takmörk, sem hinu almenna löggjafarvaldi eru að sjálfsögðu sett gagnvart rjetti einstaklingsins. Það er siðferðis- og sómatilfinning hvers einstaks, sem hjer á að verka og ein getur verkað til gagns; þingið getur ekkert gjört í þessu máli annað en gefið út þýðingarlítil ef ekki þýðingarlaus og gagnslaus pappírslög.

Framsögumaður (Páll Briem): Mjer hefði komið betur, að h. 1. þm. Ísf. (Sig. St.) hefði beinzt minna að mjer persónulega í ræðu sinni og gefið málefninu meiri gaum en hann gjörði. Því það er málefnið en ekki persónan, sem hjer er um að ræða. En jeg læt mig litlu skipta, hvern vitnisburð hann gefur mjer í þessu efni, en læt mjer nægja að taka það fram, að fleiri kunna að hafa vit á slíku, en þeir er lengi hafa búið; það kann að vera þá hendi líkt og suma sem búa í skógum en sjá eigi skóginn fyrir eintómum trjám. Hann sagði að þetta lægi fyrir utan verksvið löggjafarvaldsins, en jeg neita því, nema svo sje að vátryggingar á húsum einnig liggi fyrir utan verksvið þess.

Hann sagði að frelsi einstaklingsins væri óhæfilega misboðið. En hvað segir hann um það, að lög leyfa að farið sje niður í vasa Reykjavíkurbúa, og fje tekið af þeim til vátryggingar húsum þeirra, hvort sem þeir vilja eða ekki? Hví hrópar h. 1. þm. Ísf. ekki á móti þessu sem óhafandi ófrelsi? Eða er ekki eins ástatt í þessu máli? Er ekki hjer að ræða um velferðarmál alls almennings? Er ekki ástæða að heimfæra til þessa máls 50. gr. stjórnarskrárinnar og álíta að »almennings þörf krefji«? Jú vissulega; og hvað sem öðru líður, þá hafa þeir h. varaforseti og h. 1. þm. Ísf. fyrirgjört rjetti sínum til að bera fyrir sig nefnda grein; því þeir hafa báðir játað, að hjer væri um almennt velferðarmál að ræða.

Benidikt Sveinsson: Jeg verð að byrja ræðu mína með því að lýsa því yfir, að jeg álít tilgang frv. góðan, og að það væri sannur þjóðarvelgjörningur að koma í veg fyrir horfelli hjer á landi; en jeg fyrirbýð hinum heiðraða sessunaut mínum (Páli Briem) að álykta af þessum ummælum mínum, að jeg taki þetta frv. gott og gilt, eins og það nú liggur fyrir, eða að eg álíti að það muni ná þeim auðsjáanlega góða tilgangi, sem það hefir.

Samkvæmt tilætlun nefndarinnar eiga sýslunefndirnar að fá nýtt og aukið vald. En hvaða vald? Hvaða vald, segi jeg? Löggjafarvald, eða ekkert vald ella; því ekkert vald annað en löggjafarvaldið megnar að takmarka rjett einstaklingsins, þegar ræða er um frjáls umráð eigna hans.

Þetta vald á nú alþingi að veita sýslunefndunum; en hver á að gæta þess, hvernig þær neyta valdsins, ef það er óbundið og óákveðið, eins og það er í frumvarpi nefndarinnar? Hver á að gæta þess, að þær ekki beiti þessu valdi beinlínis til að fótum troða rjett einstaklingsins, annaðhvort af hagfræðislegum misskilningi eða öðru enn verra? *(Páll Briem:* Amtmaður gætir þess). Amtmaðurinn, segir þingmaðurinn; já, þrisvar það. Eigi það að vera lífakkeri nefndarinnar og innihalda þá tryggingu fyrir mannrjettindum og eignarrjettindum, sem lögin ein geta veitt, þá vil eg biðja guð að hjálpa henni. Nei! Nefndin fær aldrei ráðið bót á þessu meini með því, að selja sýslunefndunum ofurvald í hendur.

En hvar er þá vörn gegn þessum vandræðum? Það er menntun alþýðu, segja sumir þingmenn; það er sómatilfinning einstaklinganna, segja aðrir þingmenn. Nei, og aptur nei. Sú eina trygging fyrir endurbót í þessa stefnu verður að koma frá hagfræðislegri þekkingu og búmannlegri fyrirhyggju og forsjálni einstaklinganna.

Það er glögg hugmynd um hinn fjármunalega skaða, sem hjer verður drjúgust; því það er skaðinn, sem er tilfinnanlegastur fyrir þann sem fellir úr hor. Þeir menntuðu fella eins úr hor og hinir fáfróðu, og margur sá, er fellir, hefir næga sómatilfinningu, en enginn varkár og hygginn búmaður gjörir það, þótt hann sje alls ómenntaður, í þeim skilningi, sem menn taka orðið menntun, sjerstaklega alþýðumenntun. En jeg vil þá spyrja: í hverju ætti það gagn að vera fólgið, sem vænta má af þessu frv.? Nefndin mun svara: í stofnun heyforðabúra. Með hverju eru þau stofnuð? Með heyi sjálfsagt—viti menn!—Jeg er ekki að gjöra að gamni mínu. — En jeg vil þá spyrja: eykst heyforði í sveitunum, þótt þetta blað öðlist staðfesting konungs? Getur hin heiðraða nefnd gefið nokkra von um að heyforðinn aukist við það, þótt ákvörðunum frumv. yrði fylgt sem gildandi lögum? Tökum til dæmis 20 bændur í sveit. Mundu þeir afla meira heys fyrir sakir þessara laga en ella? Gæti nefndin fundið ráð til þess að farið væri inn í hvers manns hús um slátttinn, og rekið eptir letingjanum að halda sig betur við heyvinnuna, en gjört er allvíða, þá mundi heyaflinn vaxa; en hann vex ekki, heldur miklu fremur rýrnar við að flytja heyið úr einum stað í annan. Og geta þá heyforðabúrin aukið heyforðann? Nefndin verður að segja nei.

En ef heyaflinn ekki vex við heyforðabúrin, þá spyr eg enn: fer þá kostnaðurinn við heyaflann minnkandi? Kosta t. d. tíu þúsund hestar af heyi minna í einni sveit, ef meiri eða minni hluti þeirra er fluttur í heyforðabúr? Nei, þvert á móti; því flutningurinn sjálfur kostar peninga, og eykur því verð heysins. En þegar nú frv. með heyforðabúrunum hvorki eykur heyforðann eða gjörir hann ódýrari, í hverju skyldu þá kostir þess vera fólgnir? Það ætti að vera í því, að hyggilegri meðferð væri höfð á heyjum þeim, sem aflað er, og ráðið til þess ætlar nefndin að sje heysalan; það á nefnilega, að mjer virðist, að þröngva mönnum óbeinlínis til að láta hey eða selja hey í forðabúr. En þetta er ógjörningur, af því menn vilja auðvitað ekki láta heyið af hendi; eða því skyldu menn vilja selja það, sem þeir vita að þeim sjálfum er allra hluta nauðsynlegast í búskapnum? Og því síður mundu menn fyrir fram vilja skuldbinda sig til heysölu; en að neyða menn til heysölu á þann hátt, er ómögulegt. Þetta eru þær almennu athugasemdir, sem jeg vil gjöra.

H. framsögum. (P. Br.) sagði enn fremur, að um þetta gilti sama regla sem um vátrygging á húsum gegn eldsvoða; en þetta er alls ekki rjett. Ef eldur kemur upp í kaupstað, getur hús nágrannans brunnið líka, hvernig sem hann fer að ráði sínu, en þó nágranni minn í sveit felli úr hor, þá stendur það í engu sambandi við það, að skepnur mínar horfalli líka; eldur í húsum og hor í skepnum fara ólíkt að. Þetta þarf ekki að rekja lengra. Eina vörnin gegn horfelli er sjálfstjórn, sjálfsábyrgð og hagfræðislegur þroski bóndans.

Alþingi getur hjer engan annan þátt átt í, en að stuðla til þess, að aukin verði grasrækt í landinu, að menn noti það til skepnufóðurs, sem landið og stjórnin frambýður, að menn verði hagsýnir með fóðrið og hirðinguna á skepnunum. Jeg þekki menn í Þingeyjarsýslu og víðar, sem hafa sett mikinn fjenað á lítil hey, og þó komizt betur af en aðrir, sem tiltölulega höfðu miklu meiri heyforða, sökum þess, að þeir kunnu betur með að fara. Ef nefndin vill styðja að þessu, þá er jeg fús að fylgja henni, en vilji hún eigi að síður endilega fá sýslunefndum meira vald í hendur, en þær hafa, þá vil jeg skora á hana, að greina glögglega og skarpt sundur í lagaákvæðum sínum rjett hins einstaka og hins almenna, eður hjer sýslunefndanna. Nefndin má eigi ætla, að það sje rjett og leyfilegt, að taka skepnur ein-

stakra manna og skera þær að þeim nauðugum. Að selja sýslunefndum slíkt vald í hendur, er alveg óheyrilegt og afsakast ekki með samþykktarvaldi. Eg spyr því enn: Hvar eru takmörkin milli hins almenna gagns og rjettar hins einstaka, eptir ákvæðum frumvarpsins? Jeg vil fá að sjá þau, ef það annars er auðið að sýna þau frá sjónarmiði nefndarinnar.

Jeg vil biðja h. þingd. að íhuga vandlega þetta mál til 2. umr. og varast að skerða löggjafarvald alþingis eða þröngva rjetti einstaklingsins um skör fram, og enn fremur að íhuga, hvort það sje mögulegt, að stofna heyforðabúr, eptir sönnum en ekki ímynduðum hagfræðislegum lögmálum.

Þórarinn Böðvarsson: Það er búið að taka flest fram í þessu máli hvað snertir frelsistakmörkun einstaklingsins, er í lengstu lög ætti að láta óskert, og skal jeg því ekki þreyta þm. á að fara út í það, en einungis lýsa yfir, að jeg er samdóma 2. þm. Eyf. (B. Sv.) um það efni. En jeg vil vara menn alvarlega við því, að lögleiða nokkuð það, er geti miðað til að gjöra menn ósjálfstæða. Jeg vil biðja menn að athuga hvort frumv. þetta eigi geti komið mönnum til að hugsa á þessa leið: Mjer er óhætt að varpa allri minni áhyggju upp á hey-ásetningsmennina; jeg er sviptur frelsi og umráðum yfir mínu, og hreppsnefndin, hún býr fyrir mig; jeg get verið rólegur og óhultur. Því ef svo færi, þá væri frumv. verra en gagnslaust.

H. 1. þm Árn. (Þorl. G.) spurði, hvort þess skyldi bíða, að allir væru sjálfum sjer nógir og kynnu að setja nógu vel á hey sín, og gat þess um leið, að þess mundi langt að bíða; en jeg óttast, að ef frumv. þetta yrði að lögum, þá mundi það lengja þennan tíma enn meira. Jeg óttast alvarlega, að það verði til þess að margir leggi árar í bát og segi: Jeg er nú sviptur frelsi mínu og persónulega rjetti; til hvers er mjer þá að reyna nokkurn hlut? Þm. Ísf. (Sig. St.) talaði margt af ljósum skilningi og góðri reynslu; það er margreynt, að alveg er ómögulegt að setja á svo áreiðanlegt sje, því það er svo margt, sem kemur til greina annað en heyforðinn og fjenaðarfjöldinn. Jeg leyfi mjer að taka það upp aptur, sem jeg hef áður sagt, að þetta verður að gjörast með frjálsum samtökum en ekki með lögum. Með lögum er ekki auðið að hrinda því í rjett horf, en það er hin innri hvöt, þroski þjóðarinnar, sem jeg áður nefndi menntun, er verður að gjöra það, ef það á að verða gjört.

Framsögumaður (Páll Briem): Háttv. varaforseti (Þór. B.) og 2. þm. Eyf. (B. Sv.) hafa komið með sína nýja till. hver; annar taldi þetta verða að gjörast með menntun, en hinn með hagfræðislegri þekkingu. En jeg sje ekki betur en þetta hvorttveggja gæti unnið í sameiningu við frumv., svo hvað flýtti fyrir áhrifum hins. En jeg álít að lög sjeu öldungis nauðsynleg, þangað til sá tími kemur, að þekking og hagsýni hafa fengið yfirhönd hjá mönnum; þegar svo væri komið, mætti nema þau úr gildi, því þá þyrfti þeirra ekki lengur við. Auk þess fekk jeg eina bendingu frá 2. þm. Eyf. (B. Sv.); hann gat þess nefnilega að hann þekkti menn, sem fremur öðrum hefðu framfleytt mörgu fje á litlum heyjum. En kannske það ætti að gefa tilefni til þess, að semja lög, er byðu, að setja margt fje á lítil hey.

Honum skjátlast ennfremur í því, að hann leitaði að gagni frumv. í aukningu heyaflans. Hjer er ekki ætlazt til að auka heyaflann, heldur að eins «að gæta fengins fjár»; í því er mönnum enn meira áfátt, en í atorkuleysinu til að afla, enda er það líka meiri vandi. Þetta frumv. vill gæta almennings fyrir voða, þeim mikla voða, sem af horfellinum leiðir

H. 2. þm. Eyf. (B. Sv.) sagði, að ekki

væri rjett, að líkja horfelli við húsbruna í kaupstað, en jeg segi jú, því það er álitin siðferðisleg skylda fyrir hvern þann, er hey á í harðindum, að hjálpa þeim er í þrot komast, allt þangað til hann sjálfur einnig er orðin heylaus. Þegar heyleysi er almennt, dregur þannig hver annan í voðann, hrindir hver öðrum á bálið; ef svo mætti að orði komast, því ekki kemur ætíð bati þegar hjálpendur eru orðnir heylausir, nei, þeir fella líka, fyrir sína eigin góðmennsku. 1. þm. GK. (Þór. B.) óttaðist fyrir, að frumv. mundi drepa niður sjálfstæði og sjálfsbjörgunarviðleitni manna, ef það yrði að lögum; en hvernig fer hann að ætla slíkt? Er hættara við því, þó hey fáist keypt í forðabúri við ákveðnu verði, heldur en þegar hver, sem annars vill, getur sett á góðsemi granna sinna, vitandi, að þeir muni hjálpa honum meðan þeir eiga nokkurt strá eptir?

Hvað snertir takmörkin milli rjettar hins almenna og þess einstaka í frumv. þessu, skal jeg geta þess, að frumv. er sniðið eptir «lögum 14. des. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum». Þar, eins og hjer, er hjeraðsbúum gefið vald til að gjöra samþykktir með lagagildi áhrærandi atvinnuveg sinn; þó hefir þess ekki heyrzt getið, að alþingi iðraði þeirrar gjafar, eða að frelsi einstaklingsins sje misboðið af þessu valdi.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 18 atkv.

Átjándi fundur, fimmtudag 21. júlí á hádegi.

Frumv. til laga um breyting á 4. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (62); 3. umr.

Flutningsmaður (Grímur Thomsen): Jeg finn að svo stöddu eigi ástæðu til að tala neitt um þetta mál; mjer kann að gefast tækifæri til þess síðar.

Jón Jónsson: H. þingd. mun víst muna eptir því, sem fram fór hjer í deildinni við 2. umr. þessa máls. Umræðunum var slitið, svo að segja í miðju kafi, svo jeg og fleiri þingmenn fengum eigi að láta í ljósi það, er vjer vildum segja. Jeg hafði þá beðið um orðið fyrir þá sök, að jeg vildi leitast við að sýna h. þingd. fram á það, að það væri alls engin ósamkvæmni, þótt jeg væri einn af flutningsm. stjórnarskrármálsins inn á þingið, og líka einn af flutningsmönnum þessa frumv. Háttv. varaforseti (Þ. Böðv.) þóttist geta bent á ósamkvæmni í þessu efni, og það var það, sem einkum knúði mig til að biðja mjer hljóðs.

Það voru fögur og hjartnæm orð, er h. varaforseti (Þ. Böðv.) við hafði um daginn, eins og honum annars er svo tamt. Hann talaði fyrst og seinast um frelsi og rjettindi; frelsi og rjettindi safnaðanna til að ráða sjálfir málum sínum. Hann fór mörgum fögrum orðum um það, að hjeraðsfundir, biskup og kirkjustjórn væru hinir vissustu verðir frelsisins og rjettindanna og svo náttúrlega landshöfðingi; en hann gleymdi víst að nefna synodus líka. En þeir, sem þessu frumv. fylgja, «frelsishetjurnar, flytjendur sjórnarskrárinnar», þeir vildu «svipta hina íslenzku alþýðu rjetti til að ráða kirkjumálum sínum og drepa niður það frelsi, sem henni er áður veitt». Þenna dóm virðist mjer hann byggja á því, sem er aðalágreiningsefnið í þessu máli. Spurningin er þessi: skerðist rjettur safnaðanna við það, að það er alþingi, en ekki landsh., sem samþykkir tillögurnar? Jeg segi nei, þvert á móti. Rjettindum alþýðu hlýtur að vera betur borgið hjá alþingi, hjá þeim mönnum, sem þjóðin sjálf kýs, en hjá því stjórnarvaldi, sem yfir hana er sett, án þess að henni sje gefinn kostur á að hafa þar nokkurt orð um að segja. Alþýða manna er fáfróð; en svo vitur er hún þó, að henni mun eigi hugur blandast, er hún á að velja milli þingsins og

landsh., til að vera forverðir rjettinda hennar. Alþýða gjörir sig ekki ánægða með að taka «gagl fyrir gás» og «gris fyrir gamalt svín», eða fögur orð, svo sem «frelsi og rjettindi», fyrir hið «reella», fyrir hlutinn sjálfan.

Jeg skal segja h. varaforseta (Þ. Böðv.) og allri virðulegri þingd. það, að jeg er mjög á sama máli og þeir h. þingm., er mælt hafa með þessu frumv. og sem lagt hafa mesta áherzlu á það, að þingið ætti að geyma sem bezt rjettinda sinna til að gefa lög og ekki gefa burtu, í hendur annara valda, neitt af löggjafarvaldi sínu. En væri hjer um það að ræða, að annaðhvort þingið sleppi valdi sínu eða söfnuðirnir slepptu frelsi sínu, þá mundi jeg ekki skoða huga minn lengi, heldur greiða atkvæði með því, að auka rjettindi safnaðanna. H. varaforseti (Þ. Böðv.) sagði í gær, að atvinnufrelsi væri hið mikilsverðasta frelsi, en jeg álít safnaðanna frelsi meira vert, þ. e. a. s. það safnaðafrelsi, sem er meira en það að auka tekjur presta og kirkna eða sameina brauð o. s. frv.

Skyldi annars h. varaforseti þora að verða mjer samferða, ef um það væri að ræða, að veita söfnuðunum sannarlegt frelsi og rjettindi? Jeg leyfi mjer að efast um það. En hvað gefur honum þá rjett til að segja, að vjer viljum «drepa niður frelsi»? Eg skal ekki leyfa mjer að segja, að þeir, er greiða atkv. móti þessu frumv., vilji drepa niður frelsi; en jeg álít, að þeir gefi með því þá einstöku yfirlýsingu, að frelsi alþýðu sje betur borgið hjá kirkjustjórn og umboðsstjórn en hjá alþingi.

Jónas Jónassen: Þessi 4. gr. er þegar orðin nokkuð dýr, og skal jeg ekki lengja umræðurnar mikið; jeg vil að eins gera stutta athugasemd. Jeg kann sem sje mjög illa við, að alþingi geri síðustu úrslit í brauðaveitingum; þótt búið sje að veita einum brauð, þá getur hann þó ekki fyrir fullt og fast fengið það fyr en alþingi er búið að láta meiningu sína í ljósi. Mjer virðist löggjafarvaldið eigi hjer ekki að að koma. Aðalhugsunin í þessu frv. er sjálfsagt sú, að sporna við því, að landssjóður verði fyrir nokkrum missi. Jeg hefði kunnað betur við, að tekið hefði verið fram, að ef eitthvert brauð, sem sameinað er úr tveimur, skyldi eptir sameininguna verða svo eða svo hátt metið, þá hefði þingið rjett til að ákveða, að frá því skyldi greiða tiltekna upphæð í landssjóð. Þau eru einnig mjög athugaverð þessi orð: »um stundar sakir«; setjum svo, að prestssetrið sje orðið mjög niður nítt, og öllum kemur saman um, að presturinn eptir sameininguna sje betur settur í því brauðinu, sem lagt var niður; hvernig á hann þá að fara að? Hann þarf nauðsynlega að byggja upp, en getur ekki vitað það fyr en kannske eptir 2 til 3 ár, hvort nokkuð verður af sameiningunni eða ekki. Jeg þykist hafa orðið þess var, að prestarnir eiga ekki upp á pallborðið hjá hinni heiðruðu þingdeild; en þetta atriði, sem jeg nú bendi á, þessi óvissa prestsins, hvort þingið muni samþykkja sameininguna, getur verið mjög þýðingarmikið fyrir prestinn. Jeg hlýt því að mæla á móti þessu frv.

Sigurður Stefánsson: H. þm. N.-Þing. (J. J.) tók fram margt af því, er jeg annars mundi hafa sagt, en jeg vil þó með fáum orðum gera grein fyrir skoðun minni á þessu máli, og því atkvæði, er jeg mun gefa í því.

Eptir allar þessar löngu umræður er sannfæring mín viðvíkjandi hinni umræddu 4. gr. alveg óbreytt og hin sama. Mjer finnst umræður manna mest eða jafnvel eingöngu hafa snúizt um það atriði, hvort söfnuðirnir væru með þessu frumv. sviptir rjetti, eða þeirra rjettur væri aukinn og styrktur með því; en þetta atriði finnst mjer ekki þurfa að koma hjer til greina; rjettur safnaðanna,—þessi mikli rjettur, sem söfnuðirnir hafa—er jafnmikill og jafnóskertur, hvort sem 4. gr. stendur

óbreytt eða ekki; þessi rjettur er ekki annað en tillögurjettur hvort sem er, og hjer er einúngis spurningin um, hver síðast skuli segja já eða nei við breytingartillögum safnaðanna; og þegar um það er að ræða, þá verð jeg að vera samdóma h. þm. N.-Þing. (J. J.), að jeg vil miklu heldur fela slíkt löggjafarvaldinu en landsstjórninni, eða umboðsvaldinu. Mjer hefir virzt það helzt liggja til grundvallar fyrir mótmælum þeirra h. þm., er talið hafa þetta frumv. alveg óþarft, og enda skaðlegt, að landshöfðingi mundi allt af verða sanngjarnari en alþingi, og í annan stað það, að landshöfðingi mundi aldrei segja annað en já við breytingartillögum safnaða og hjeraðsfunda; en hvar er vissa fyrir því, að svo verði? Ef það væri víst, að landshöfðinginn segði allt af já við tillögum safnaðanna, þá skal jeg játa, að það fyrirkomulag væri ef til vill umsvifaminna, að láta þessi mál liggja undir úrskurð landshöfðingjans; en hæstv. landsh. hefir sjálfur sagt, og því er jeg líka alveg samdóma, að hann hafi líka vald til að segja nei við þessum tillögum, svo söfnuðirnir hafa alls enga trygging fyrir því, að tillögur þeirra verði ávallt samþykktar. Og jeg kann alls ekki við, þó menn beri traust til landshöfðingjans, sem jeg einnig geri, að menn beri meira traust til hans en alls löggjafarvalds Íslendinga. Jeg er líka sannfærður um, að þingið mundi ekki sjá ástæðu til að breyta tillögum safnaðanna, nema þar væri um að gera verulegt fjárspursmál fyrir landssjóðinn. Vegna þess mikla meiningamunar, sem þegar er kominn fram í skilningnum á 4. gr., vil jeg stuðla til þess, að hún verði ljósari og ákveðnari. Jeg er alveg samdóma h. þm. Borgf. (Gr. Th.), að það nje mjög óheppilegt, að umboðsstjórnin hafi leyfi til að breyta lögum þingsins, en það vald hefir hún eptir hinum núverandi skilningi h. ráðgjafa Íslands og eptir skilningi landshöfðingjans; eptir þeim skilningi er landshöfðinginn hinn síðasti »instants« í þessum málum, og hann getur lagt niður brauð, sameinað þau og skipt þeim sundur, hvað sem löggjafarvaldið segir; en slíkt fyrirkomulag finnst mjer alls ekki heppilegt.

H. þm. N.-Þing. (J. J.) hefir þegar að nokkru leyti svarað h. varafors. (þ. Böðv.), sem í þessu máli hefir hvað eptir annað staðið upp og haldið alllangar ræður af mikilli andagipt; hann við hafði mörg hjartnæm og háleit orð um frelsi safnaðanna og rjett þeirra til að ráða sjálfir málum sínum; þessum orðum hans skyldi jeg veita hinar beztu viðtökur, ef jeg væri sannfærður um, að þau kæmu frá eins einlægu hjarta, eins og orðin sjálf voru fögur. En þessi hjartnæmu og fögru orð h. varafors. (þ. Böðv.) gáfu mjer tilefni til að fletta upp alþingistíðindum frá fyrri þingum, og kynna mjer framkomu hans og tillögur í málum þeim, er snerta rjettindi og frelsi safnaðanna, og við það að bera saman skoðanir hans þá og skoðanir hans nú, verð jeg þess var, að þar hefir mikil breyting átt sjer stað. Hjer hafa áður á þingum verið til meðferðar og umræðu mál, sem snerta sannfæringar- og samvizkufrelsi safnaðanna, t. d. um leysing á sóknarbandi, og um kosningu presta, sem snertir samvizku-frelsi ekki safnaðanna yfir höfuð, heldur hvers einasta manns í söfnuðunum, og ef h. varafors. (þ. Böðv.) hefði barizt eins vel með þessum málum þá, eins og hann berst á móti þessu frv. nú, þá hefði jeg vel getað skilið framkomu hans. En nú skal jeg mjög stuttlega líta á gang þessara mála hjer á þingi og till. h. varafors. (þ. Böðv.) til þeirra.

Ár 1877 kom fram frumv. til laga um leysing á sóknarbandi; h. varaforseti (þ. Böðv.) mælir í mesta máta móti því; 1879 kom þetta frumv. aptur fram; h. varafors. er enn á móti því; 1881 kom frv. í þriðja sinni fram; h. varaforseti í þriðja sinn á móti. Nú skulum vjer skoða hitt málið, frumv. til laga um kosningu presta; það

kom fram á þingi 1881; hver er það þá. sem mælir mest á móti því? Einmitt h. varaforseti. 1883 kemur frv. aptur fram; h. varaforseti er aptur á móti. En taki menn nú eptir: 1885 kemur frumv. fram *frá stjórninni*, sem að miklu leyti dregur rjettinn úr höndum safnaðanna, einmitt þann rjett, sem hin fyrri frumv. höfðu farið fram á að þeim yrði veittur. Þá er h. varafors. *með.*

H. varafors. sagði við 1. umræðu þessa máls af spámannlegri andagipt, að slíkt tilfelli, að brauð mundi verða lagt niður, mundi ekki koma fyrir optar en einu sinni á öld, og þó áleit hann það—jeg vil segja — stórum rangindum næst, að gera þessi ákvæði svo skýr og ákveðin, að þau þyrftu ekki optar að valda öðrum eins umræðum, og jeg vil nærri segja flokkadráttum.

Svo er enn eitt þýðingarmikið atriði, og það er skilningur hinna æðstu stjórnarvalda hingað til á ákvæðum þessarar 4. greinar. Háttv. ráðgjafi Íslands og tveir landshöfðingjar vorir, sem báðir eru dánir, hafa skilið þessa grein öðru vísi, og þing og þjóð hefir hvort fyrir sig verið sömu skoðunar um rjettan skilning þessarar greinar. Íbúar Klausturhólaprestakalls báru mál sitt undir alþing í fyrra, einmitt af því að þeir höfðu þennan skilning og vissu ekki, að sá skilningur væri breyttur orðinn hjá stjórnarvöldum landsins. Og þó hæstv. landsh. segi, að sinn skilningur sje rjettur, og ráðgjafinn sje nú samdóma hæstv. landsh. um það, þá höfum vjer enga tryggingu fyrir, að svo muni verða að ári; vjer getum misst þann landsh., sem vjer nú höfum, og annar landsh. með annari skoðun komið í hans stað, og Nellemann verður strax á hans máli; þannig verður þetta keppnispursmál ávallt opið, og ávallt verður þörfin á ákvæðum, sem gera 4. gr. skiljanlega og ljósa.

Þórarinn Böðvarsson: Það mun engan þingmann undra, þó jeg þurfi að standa snöggvast upp annaðhvort til að skripta fyrir þessum frelsishetjum, er síðast töluðu, syndir mínar, eða andæfa á móti þeim. Það er reyndar ekki nema annar þeirra, sem hefir vald til að boða syndugum mönnum fyrirgefningu synda sinna.

Jeg ætla fyrst að snúa mjer að h. þm. N.-Þing. (J. J.), sem fyr talaði. Hann vildi láta mig hafa talað margt, sem jeg get ekki munað eptir að jeg hafi sagt. Jeg get ekki kannazt við, að jeg hafi brúkað þau orð, að þetta frumv. væri til að drepa niður það frelsi, sem alþýðu áður er veitt til að ráða kirkjumálum sínum. *(Gr. Th.:* Orðið »banatilræði« var þó víst brúkað.) Hann sagði, að betra væri, að þetta vald væri hjá alþingi en hjá söfnuðunum sjálfum. *(J. Jónsson:* Nei.) Ef jeg hefi heyrt rjett orð h. þm. (J. J.), þá verð jeg fastlega að mótmæla þeim, en ef mjer hefir misheyrzt, þá nær það ekki lengra. Hann talaði um, að þetta frumv. væri til að auka rjett safnaðanna, en jeg skal sýna og hefi svo glöggvega sýnt, að rjettur safnaðanna er ekki aukinn hið minnsta, heldur þvert á móti er skertur og rýrður þessi litli rjettur, er söfnuðirnir nú hafa. Hann blandaði með öllu ranglega saman löggjafarvaldi þingsins og valdi landshöfðingja. Landshöfðingi á ekki að berast saman við þingið, heldur við ráðgjafann. Spurningin er hjer: má þetta útkljást í landinu? Konungur og ráðgjafi segja já, en flytjendur stjórnarskrárinnar, sem, eins og rjett er, vilja að hið æðsta vald sje hjer innan lands, þeir segja nei. Það er þetta, sem jeg set mig upp á móti. Hann spurði mig, hversu langt jeg mundi geta orðið eða vilja verða sjer samferða, ef um það væri að ræða, að veita söfnuðunum sannarlegt frelsi og rjettindi, og því get jeg ekki og vil jeg ekki svara beinlínis; en á hitt vil jeg benda h. þm., að hversu mikið sem hann með tímanum kann að afreka, þá hefi jeg enn sem komið er unnið meira en hann í þessa átt, og á, sem þingmaður, fullkomlega minn þátt

í því, að hafa útvegað söfnuðunum á Íslandi það frelsi, sem þeir hafa.

Þá ætla jeg með fáum orðum að snúa mjer til h. þm. Ísf. (Sig. Stef.), sem í raun og veru hefir vald og umboð til að boða syndugum þingmönnum — eins og öðrum—fyrirgefningu sinna synda. Hann sagði margt og talaði langt, en hann gleymdi að sanna sumt af því sem hann sagði, og það þarf ekki að hrekja. Hann talaði um, að landshöfðingi gæti eins sagt nei eins og já við breytingartillögum safnaðanna, en jeg hefi áður sagt, og segi enn, að jeg er sannfærður um, að landshöfðingi segir ávallt já við þeim, nema það stríði að einhverju leyti á móti rjettum stjórnarreglum. En ef landshöfðingi gerir ekki út um þessi mál, heldur þingið, má jeg þá spyrja: hefir ekki konungur vald til að segja nei. *(Gr. Th.:* Jú.) Hver er þá munurinn? Neitun konungs um staðfesting á því, sem alþingi hefir staðfest, fer þó víst í flestum, og ætti jafnvel í öllum málum að fara eptir tillögum landshöfðingja, og þá verður munurinn næsta lítill. Enginn annar en sá, að það, sem má útkljá í landinu, verður að fara út úr landinu eptir frv.

H. þm. Ísf. (Sig. Stef.) virtist hálfpartinn efast um, að orð *mín* í þessu máli hefðu komið frá einlægu hjarta; í þessu atriði ætla jeg ekki að skripta fyrir honum, og hjer er það miklu fremur hann, sem ætti og þyrfti að biðja um syndafyrirgefningu hjá mjer. Það er rangt, og jafnvel þess vert, að það sje tekið fram í það, að hjer sje sagt, að það og það komi ekki frá hjartanu. Til slíks hefir enginn rjett. Orð getum vjer vegið hjer, en höfum engan rjett til að dæma um, hvað komi frá hjartanu og hvað ekki frá hjartanu. Það hefir enginn þingmaður rjett til að segja, að það komi ekki frá hjarta mínu, sem jeg tala, hvorki h. þm. Ísf. (Sig. St.) nje nokkur annar maður. — Jeg mótmæli því í mesta máta öllum getsökum í þá átt, sem virtust liggja í orðum h. þm. (S. St.).

Það skal jeg fúslega játa h. þm. (S. St.), að jeg hefi verið á móti lögum um leysing á sóknarbandi, og jeg verð líklega ekki svo gamall, að mig iðri þess. Reynslan hefir líka sýnt, að árangur þessara laga er enn alls enginn. Það frelsi, sem menn töluðu um, að með þeim lögum væri veitt, er hið aumasta frelsi eða alls ekkert frelsi, og svo mun það ávallt verða álitið, og lög þau hjer aldrei að liði koma, enda geta þau ekki að liði komið sökum strjálbyggðar landsins. Jeg var líka lengi fyrst á móti lögunum um kosningu presta, enda var fyrsta frumvarpið, sem kom fram í því máli, eitthvert hið fátæklegasta frumvarp, sem komið hefir fram á þessu þingi langan tíma. Og það segi jeg af sannfæringu, að jeg var með þeim lögum síðast, ekki af því, að þau þá komu frá stjórninni, heldur af því, að jeg sá, að ekki var til neins að stríða lengur á móti þeim; jeg lagði með þeim með hálfum huga, enda hefir reynslan sýnt, og mun enn betur sýna, að hvorki prestar nje söfnuðir verða ánægðari eptir en áður.

Jeg ætla svo ekki að svara þessum háttvirtu herrum fleiru í þetta sinn, en snúa mjer með fáum orðum að frv. sjálfu.

Í frumv. stendur: »málið getur orðið borið undir alþing«; en jeg vil nú spyrja: hver er munurinn á því, að afgera þetta í landinu, eða láta málið koma undir úrskurð alþingis, og svo til endilegra úrslita í Kaupmannahöfn? Munurinn er, eptir mínum skilningi, sá, að þá getur ráðgjafinn með vilja konungs ráðið því, hvernig er skipað prestaköllum á Íslandi. En nú kærir ráðgjafinn sig ekkert um að hafa afskipti af þessu, og vill með ráði konungs fela landshöfðingjanum að sjá um þetta; en svo segja þeir h. þm., sem eru með þessu frumv.: »Vjer erum yður þakklátir, herra Nellemann, fyrir þetta góða boð

yðar, en vjer viljum heldur, að þetta sje ekki afgert í landinu sjálfu; vjer viljum helzt eiga um það við yðar excellence; vjer viljum helzt að ráðaneyti konungs eigi hjer hlut að máli, og — beri það eins og annað undir hið danska ríkisráð«. Þessu mótmæli jeg svo lengi sem jeg get, af því að jeg vil að þetta og sem flest fái hin síðustu úrslit í landinu.

H. þm. (S. St.) minntist á spádóm minn, að eigi mundi það koma fyrir optar en einu sinni á öld, að brauðum yrði steypt saman. Þessi spádómur er byggður á því, að þau eru þegar sameinuð eins og ýtrast er mögulegt. En undir það, að »breyta prestaköllum og brauðum«, heyrir líka það, að skipta brauðinu í sundur, og það má landshöfðingi gera eptir frumv.; en ef það ekki kostar peninga, að minnsta kosti umtal um peninga, þá fer jeg villt.—Jeg ætla svo ekki að fara fleirum orðum um þetta mál að þessu sinni.

Árni Jónsson: Þegar mál þetta var síðast til umræðu, bað jeg mjer hljóðs rjett áður en umræðunum var slitið. Nú virðist mjer það kapp komið í málið, að eigi sje æskjandi eptir, að það sje lengur sótt. En það voru orð h. varaforseta (Þ. Böðv.), er þm. N.-Þing. (Jón J.) tók upp, sem jeg vildi eigi láta ómótmælt; þau orð hans voru alveg rjett tilfærð hjá h. þm. Hann sagði, að með þessu frumv. væri söfnuðir sviptir rjetti sínum og frelsi þeirra niður drepið. Það kann að vera, að hann hafi ekki meint þetta, en orðin eru rjett til færð, eins og þingskrifararnir hafa og nú skrifað þau í ræðu hans, hvort sem hann svo lagar þau seinna. Hann kvaðst ekki ætla að ganga á hólm við þá þinggarpa, er mæltu fram með frumv., en mjer virtist hann þó hamast að þeim og oss flutningsm. frumv. Hann færði meðal annars þá ástæðu fyrir andmælum sínum, að frumv. freistaði þingsins til að leggja óspart árgjöld á prestaköll. En sú freisting er honum sjálfum kunnust, því hvenær hefir verið gengið eins langt í því að leggja árgjald á brauðin eins og í brauðaskipunarnefndinni, þar sem varaforseti sat sjálfur? Hann kvaðst neita því, að landssjóður ætti að græða á kirkjunni. En hver hefir gengið fóthvatara í þá þá átt, en einmitt varaforseti sjálfur? Hann hlífðist ekki við því hjer á árunum, að taka, eins og við horfði, eignir einnar kirkjunnar og leggja þær til hinnar. Heldur hann að það hafi verið samkvæmt rjetti hinna einstöku kirkna og tilgangi þeirra, er gáfu þeim eignirnar að upphafi? Og svo var lagt ríflegt árgjald á, þar sem því varð við komið. Til hvers var það? Var það ekki til þess, að landssjóður þyrfti sem minnst fje fram að leggja? Þá held jeg hafi verið allt eins mikið hugsað um árgjaldið og að græða fyrir landssjóð, eins og um frelsi og rjett safnaðanna. Þá var Hítarnesþingum skipt upp til þess að ná í nokkur hundruð krónur til að bæta upp önnur brauð, og spara landssjóði það fje. Og þó var það fyrirsjáanlegt, að sú samsteypa yrði ekki happasæl, enda horfir nú helzt við, að hún komist alls ekki á. Þá átti að sameina Stað á Reykjanesi og Garpsdal, til þess að fá enn nokkrar krónur, en svo slæddist Garpsdalur aptur úr, og þó var 400 kr. árgjaldið frá Stað látið standa eptir sem áður, og h. varaforseti mótmælti því ekki. Það er eins og honum hafi þá ekki verið eins mikið á móti skapi og nú, þótt nokkrar krónur hrytu frá brauðunum til landssjóðsins. Vjer fáum enn ekki sjeð, að söfnuðir hafi minni rjett samkv. frumv. heldur en áður. En setjum svo, að hann væri minni, ætli sumum gæti eigi komið til hugar, að hentugt mundi að löggjafarvaldið hefði hönd í bagga með, þá er gera skyldi breytingar á skipun prestakalla, og því til stuðnings ætla jeg að leyfa mjer að lesa upp nokkur orð úr

Kirkjutíðindunum. Það er úr nefndarálitinu, þar sem h. varaforseti var sjálfur með. Þar segir svo:

»Tillögur hjeraðsfundanna virtust og þurfa hinnar nákvæmustu rannsóknar, áður en ákveðið yrði, að hve miklu leyti þær ættu að takast til greina, og eptir að hafa vandlega yfirvegað þær, gat nefndin eigi betur sjeð, en að þær sumar hverjar væru *ekki nægilega yfirvegaðar*, einkum með tilliti til þess, að þeir, sem komið hafa fram með þær, ekki virðast hafa gert sjer nógu ljósa grein fyrir þeim erfiðleikum, sem á mundu verða að koma þeim í verk«.

Þetta virðist benda til þess, að nefndin hafi álitið þarflegt að íhuga tillögur hjeraðsfunda áður en þær væru samþykktar, en nú á eptir orðum h. varaforseta þeirra vilji að vera hið eina rjetta og sanngjarna í kirkjumálum.

Hann lagði mikla áherzlu á skyldu landsstjórnarinnar í því, að efla og styrkja hina lúterzku kirkju hjer á landi. En gengur frumv. nokkuð á móti því? Jeg held það gagnstæða; því að það tekur einmitt það fram, að brauð sjeu lögð niður og prestum fækkað án samþykkis löggjafarvaldsins. Og það get jeg ómögulega skilið að sje til eflingar kirkjulegu lífi eða kristinni trú, að kennimönnunum sje fækkað. En h. varaforseti er ef til vill á annari skoðun — eða svo lítur það út, eptir því kappi, sem hann beitir í þessu máli,— enda var hann með í því, eins og öðru í þessum góðu prestakallalögum, að leggja þá niður 29 prestaköll (3 voru stofnuð ný). En að það hafi verið kirkjunni til eflingar og kristindóminum til uppbyggingar, efast jeg stórlega um.

Flutningsmaður (Grímur Thomsen): Þett mál hefir verið svo ýtarlega rætt á báða bóga, að torvelt mun vera að finna nýjar ástæður, er mæli með því, og jeg hugði, að einnig væri orðið torvelt að koma með nýjar ástæður móti því. H. þm Rvk. (J. Jónassen) tókst þó, að finna eina nýja mótbáru; hann sagði, að illa ætti við að blanda þinginu inn í veitingarvaldið, sem þó væri reynt að gera með frumv. En ef hann gætir betur að, mun hann hljóta að sjá, að svo er ekki.

Að vísu er það svo, að þegar sameina skal eitt brauð við annað, þá er talað um að veita prestinum, sem situr í því brauði, er hitt skal leggjast við, það brauðið, sem leggjast skal niður; en svo kemur 10. gr. í prestakosningarlögunum, sem gefur söfnuðinum í því brauði, er niður skal leggja, rjett til að kjósa, hvort hann vill að nýr umsækjandi fái brauðið eða að nágrannaprestur sje fenginn til að þjóna því, eða prestur sje settur til að þjóna því um stundar sakir.

Af þessu sjest, að þingið fær ekkert veitingarvald með þessu frumv.

H. varaforseti (Þ. Böðv.) hefir reynt að verja skoðanir sínar á fyrri þingum; þess er og vorkunn, úr því á hann var leitað. En jeg skal benda á eitt: brauðaskipunarnefndin, sem varaforseti var í, segir á einum stað:

»Þvílík mál — þ. e. um niðurlagningu og sameiningu brauða — skulu borin undir alþingi«.

En hver er meiningin með að bera þau undir alþingi, önnur en sú, að niðurlagningu og sameiningu brauða skuli gera með lögum, sem H. H. staðfestir? Að því leyti sem andmælendurnir segja, að frumv. sje ekki nógu yfirgripsmikið, þá læt jeg þá um það, en skal geta þess, að tilgangur frumv. er ekki sá, að svipta söfnuði þeim rjetti, er þeir hafa, heldur að eins sá, að girða fyrir tvískilning þann, sem er á 4. gr.

Dæmi þess, að hin þýðingarmestu atriði í þeim málum, er hjeraðsbúar þó hafa mikil áhrif á, ekki megi breytast nema með lögum, má finna víða bæði í löggjöf vorri og eins í lögum Dana, einkum í járnbrautamálum; þar eru sum atriði, sem

ákveðið er að ekki megi breyta, nema með samþykki ríkisdagsins.

Eitt orðatiltæki man jeg fyrir víst að h. varaforseti hafði um daginn í ræðu sinni, nefnil. að jeg vildi draga úr frelsi safnaða og sýna 4. gr., hjarta laganna, banatilræði; en jeg skal ekki saka hann um það, því í áköfum umræðum falla opt slík orð lítt hugsuð.

Jeg get ekki sjeð, að frumv. traðki rjetti safnaða eða rýri vald landsh., þó það vilji halda aðalvaldi til brauðaskipana innan vebanda alþingis.

Þetta er líka eins og þegar hefir verið tekið fram í hinu nákvæmasta samræmi við önnur lög vor, þar sem líkt stendur á. Jeg hefi nýlega rekizt á lögin um læknaskipun á Íslandi 15. okt. 1875. Í 1. gr. stendur: »Þessi læknisumdæmi skulu vera«, en þar segir enn fremur:

»Landshöfðingi getur gert breytingu *á takmörkum milli hinna einstöku læknishjeraða* eptir tillögum hjeraðsfundar«.

Þessi ákvæði eru fyrir læknaskipunarlögin alveg það sama sem sú margnefnda 4. gr. á að vera fyrir prestakallalögin; munurinn er sá, að þau eru glöggvar orðuð, og því viljum vjer bæta úr brestum 4. gr. með frumv. þessu. Ef nú deildin fellir þetta frumv., þá er ekki nema sennileg og líkleg getgáta, þó einhver byggist við, að andmælendur þess bráðlega kæmu fram með frumv. til laga um það, að landsh. einnig væri heimilt, að leggja niður læknishjerað með samþykki hjeraðsfundar, án þess að bera það undir löggjafarvaldið. Andmælendur frumv. klifa sífellt á rjetti safnaða, en enginn nefnir rjett alþingis á nafn; h. varaforseti ber svo gott traust til landsh., bæði hins núverandi og þeirra er síðar munu koma, að þeim muni vilji safnaðanna í lögmáls stað. En vantreystir hann þá þinginu? Svo má hiklaust ráða af orðum hans. En hvaðan kemur það vantraust á þessu þingi, sem hingað til hefur sýnt sig svo frjálslynt í kirkjumálum, sem hefir samið lögin um skipun prestakalla, um leysingu á sóknarbandi, um kosningu presta, og enda gengið svo langt, að gefa út lög um söfnuði fyrir utan þjóðkirkjuna; auk þessa hefir þingið, eptir ósk safnaðanna, breytt brauðaskipuninni í Eyjafirði, Húnavatnssýslu og svo á Garpsdalsbrauðinu; þessu varfærna og frjálslynda þingi vantreysta mótmælendur frumv. til að geyma eins vel rjett safnaðanna í smærri málum, eins og landsh.

Jeg ætla ekkert að tala um það, hvort 4. greinin er góð eða vond; en svo mikið er víst, að hún er ísjárverð og vafasöm; það sýnir öll reynsla undanfarinna ára, hvað hana snertir, báðir vorir látnu landsh. skildu hana á þann veg, sem vjer meðmælendur frumv. höfum skilið hana, þjóðin áleit þann skilning rjettan og eðlilegan, og ráðgjafinn einnig. Svo kemur vor 3. landsh., og á þingi 1886 kemur til umræðu niðurlagning Klausturhóla. Söfnuðurinn lagði það fyrir þingið, af því hann áleit það heyra undir úrskurð þess. Það verður eigi sjeð, hvaða skilning h. landsh. þá hefir lagt í 4. gr., því málið komst ekki nema til 1. umr., og hann tók ekki til máls í því; jeg hugsaði það kæmi til af því, að hann ekki hefði þann sið að tala í málum við 1. umr.; en jeg hefi sjeð að það er ekki svo, því hæstv. landsh. hefir talað við 1. umr. í frumv. um löggilding verzlunarstaða. Þess vegna ályktа jeg, að hæstv. landsh. hafi í fyrra verið í nokkrum vafa um, hvernig skilja ætti 4. greinina, en síðan hafi honum runnið upp ljós í því efni, og það er mín ætlun, en jeg segi það ekki fyrir víst, að það ljós hafi komið frá h. varaforseta.

Þórarinn Böðvarsson: Mjer er nú tekið að leiðast að tala í máli þessu, og mundi því ekki hafa lengt umr. meira en komið er, ef h. þm. Mýr. (Á. J.) hefði

eigi brugðið mjer um sjálfsmótsögn, er jeg bæði teldi landssjóð skyldan til að styrkja hina lútersku kirkju, og hefði átt hlut í því, að taka eignir einstakra kirkna og leggja til annara í því skini, að spara landssjóð. En hann ætti að sjá, að þetta er engin mótsögn, svo framarlega sem hann kann að gera mun á kirkjunni sem einstöku húsi og sem almennum söfnuði. Því það fje, sem tekið var frá einstökum kirkjum, var laft til að efla og bæta hag þjóðkirkjunnar í heild sinni. Þau orð, er hann tilfærði eptir mig, sýna einmitt það, sem jeg sjálfur hefi tekið fram við umr. í þessu máli, nefnilega, að þegar brauðaskipunarlögin voru samin, þótti uggvænt, að allt væri svo vandlega undirbúið, sem þörf var á, og einmitt þess vegna var 4. gr. samin og samþykkt. Þá spurði h. þm. Mýr. (Á. J.), hvort fækkun brauða mundi kirkju og kristindómi til eflingar. Jeg skal svara honum því, að brauðunum var fækkað í þeim tilgangi, að fá sem flestum prestum nægan starfa og gera þá fastari í sessi, svo söfnuðir gætu lengur búið að prestum sínum en áður. Því áhrif prestsins á söfnuðinn minnka við það, að sífellt koma nýir og nýir, en það er miklu affarasælla bæði fyrir söfnuð og prest, að prestar sjeu sem stöðugastir í brauðum sínum.

Ef þingm. er hræddur um, að frekari fækkun á brauðum verði óhappasæl, þá þarf hann ekki að óttast hana, því brauðasameining er komin hjer um bil eins langt og líkur eru til að hún komist um langan tíma.

H. þm. Borgf. (Gr. Th.) tók mjúkum höndum á mjer, eins og hann er vanur, og jeg er honum þakklátur fyrir það.

Hann tilfærði einnig nokkur orð úr ræðu minni, sem jeg reyndar ekki man til að jeg við hefði, en þó kann það að vera, og slíkt verður að vera á valdi skrifaranna, hvort rjett er tilfært; en það sagði jeg og segi enn, að frumv. eykur ekki, heldur dregur úr frelsi og rjetti safnaðanna. En það, sem jeg hefi lagt mesta áherzlu á, er það, að með þessu móti dregst úrskurðarvald í kirkjulegum málum, sem innlent var orðið, burt úr landinu, þar sem það þó samkvæmt eðli málsins á að vera, og þar sem brauðaskipunarlögin ætlast til að það sje.

H. flutningsm. (Gr. Th.) gat þess til, að ske mætti, að af falli frumv. þessa leiddi þá lagabreytingu, að umboðsvaldið mætti með samþykki og till. hjeraðsfunda leggja niður læknahjeruð og sameina þau. En jeg held að varla sje hætt við því. Því víkur allt öðruvísi við með kirkjumálefni, því kirkjan ætti að vera frjáls og hafa sína löggjöf og stjórn út af fyrir sig, óháð löggjafarvaldinu í hinum verzllegu málum, og jeg skoða það svo, að það sem landshöfðingi gerir í þessu efni, það geri hann í nafni konungs, sem er æðsti biskup (pontifex maximus). En setjum svo, að sveitabúar æsktu þess, að í sínu læknishjeraði væri enginn læknir, hjeraðsfundur samþykktist þeirri ósk og landlæknir rjeði til þess, hvað væri þá á móti því, að landsh. mætti staðfesta þetta? Jeg sje ekkert því til fyrirstöðu.

Jeg mótmæli þeim orðum h. flutningsm. (Gr. Th.), að jeg hafi lýst vantrausti á þinginu í samanburði við landsh. Þingið og landsh. koma hjer ekki til samanburðar, heldur landsh. og ráðgjafinn; því ef brauðasameiningarmál væru lögð fyrir þingið, verður það ráðgjafinn, sem ræður H. H. til að staðfesta lög um það efni. Optast mundi hann, að vonandi er, fara eptir till. handsh., eins og hann ætti að gera, svo ef allt gengur sem bezt, verður niðurstaðan sú sama, eins og ef landsh. skæri úr málinu.

Þar sem h. flutningsm. (Gr. Th.) sagði eða ætlaði, að það ljós, sem komið er yfir skilning 4. gr., sje frá mjer, þá þykir mjer það of mikill heiður, en gleðjast mundi jeg, ef svo væri rjett til getið.

Mín sannfæring er sem fyrri sú, að nái þetta frumv. fram að ganga, þá sje frelsi og rjettindi safnaðanna þar með skert, og því aukið við, sem mest er um vert, að úrskurðarvald þessara mála dregst af landi burt til Kaupmannahafnar, þar sem það nú á ekki heima. Jeg mun svo ekki tala meira í þessu máli, heldur lofa því að ganga sinn gang, hver sem hann svo verður.

Páll Briem: Jeg vil leyfa mjer að gera að eins stutta athugasemd. H. varafors. (Þ. Böðv.) sagði, að 4. gr. í prestakallalögunum hefði verið samin til þess, að söfnuðirnir gætu breytt skipun prestakallanna. Þetta getur nú vel hafa verið meining hans persónulega. En jeg skal geta þess, að hjer í þingdeildinni hefir minn h. sessunautur (B. Sv.) lýst yfir því, að hann hafi talað við þann þingmann, sem samið hefir 4. gr. prestakallalaganna, og að þessi þingmaður hefir sagt, að meiningin með 4. gr. hafi alls eigi verið sú, sem h. varafors. segir, heldur hafi tilgangurinn með henni að eins verið sá, að gefa söfnuðunum vald til smábreytinga.

Árni Jónsson: H. varafors. (Þ. Böðv.) gat þess í ræðu sinni áðan, að það væri mjög leiðinlegt að brúka það sem keyri á menn, sem kæmi fram í nefndarálitum, því að nefndir væru opt skipaðar mörgum mönnum, og alls eigi víst, að þeir væru allir samdóma. En jeg vil leyfa mjer að vitna til bókar, sem h. varafors. er kunnug. Jeg á við Kirkjutíðindin fyrir árið 1878. Þar standa þessi orð:

»Þegar nefndin ræddi um breytingar á hinni núverandi skipun brauða og kirkna í landinu, kom það fram sem samhuga álit hennar, að hið mesta vandhæfi væri á því, að gera yfirgripsmiklar breytingar í þessu tilliti«.

Hjer stendur með berum orðum í næstu málsgrein á undan orðum þeim, er jeg gat um áðan, að þetta hafi verið samhuga álit nefndarinnar, og get jeg því eigi sjeð að jeg hafi gert h. varafors. rangt til, með því sem jeg sagði. En hvað því viðvíkur, að h. varafors. er og hefi verið forvígismaður þess, að stækka prestaköllin, og víkka verksvið prestanna, þá fæ jeg eigi sjeð, að það sje til eflingar trúarlífsins hjer á landi. Jeg get ekki skilið, að það sje til bóta, að presturinn geti ekki messað nema 4. og 5. hvern sunnudag, í staðinn fyrir 2. og 3. hvern, o: að hann þjóni 4 kirkjum í staðinn fyrir 2. Hafi prestarnir öflugan vilja og alvarlegan áhuga á því, að vinna að heill og hag og andlegum og verklegum framförum sóknarbarna sinna, þá leiðir af sjálfu sjer, að þeir geta látið meira gott af sjer leiða í smáum verkahring, heldur en stórum; þar eiga þeir hægra með að kynna sjer andann og óskirnar, og sameina kraptana til þess, sem er gott og gagnlegt. Þar sem h. varafors. var að tala um, að jeg færi aldrei svo um sóknir mínar, að það hefði ekki einhverjar góðar afleiðingar fyrir einhvern, þá veit jeg ekki, hvort hann hefir verið að tala í gamni eða alvöru. *(Þór. Böðvarsson:* Það var talað í alvöru). En mjer dugar ekki, þó h. varafors. gefi mjer þennan góða vitnisburð, því að jeg finn glögglega sjálfur, að jeg á hann ekki skilið. Enda sje jeg ekki, að hann geti staðhæft slíkt, hvorki um mig nje aðra. En gæti jeg komið nokkru góðu til leiðar í embætti mínu, þá er það víst, eptir minni skoðun, að jeg á hægra með það, ef verkahringur minn er smár, heldur en ef hann er stór.

Flutningsmaður (Grímur Thomsen): H. varafors. (Þ. Böðv.) er sífellt að berjast fyrir rjetti safnaðanna, og er hann einlægt á því, að við flutningsmenn þessa frumv. viljum ganga of nærri þessum rjetti; hann tekur eingöngu fyrir fyrri

málsgrein frumvarpsins, en minnist ekki á seinni greinina, og það, sem þar er tekið fram að liggi undir samþykki safnaða og hjeraðsfunda, þ. e. um takmörkun sókna og brauða. Hjer er einungis um það að ræða, að flytja það vald, sem komið er úr höndum löggjafarvaldsins, aptur á sinn rjetta stað.

— Því næst óskuðu 8 þingmenn, að umræðunum væri hætt. Þessir 8 voru: Jón Jónsson, Þorleifur Jónsson, Árni Jónsson, Gunnar Halldórsson, Þorvaldur Bjarnarson, Sigurður Stefánsson, Þorvarður Kjerúlf og Jónas Jónassen, og var það samþykkt.

ATKVÆÐAGR.: Sökum óljósrar atkvæðagreiðslu var við haft nafnakall, og sögðu

já:	*nei:*
Árni Jónsson,	Jón Þórarinsson,
Benedikt Sveinsson,	Páll Ólafsson,
Grímur Thomsen,	Eiríkur Briem,
Gunnar Halldórsson,	Jónas Jónassen,
Jón Jónsson,	Lárus Halldórsson,
Ólafur Pálsson,	Ólafur Briem,
Páll Briem,	Sigurður Jensson,
Sigurður Stefánsson,	Þórarinn Böðvarsson,
Sveinn Eiríksson,	Þorlákur Guðmundss.,
Þorleifur Jónsson,	Þorsteinn Jónsson,
Þorvaldur Bjarnarson,	Þorvarður Kjerúlf.

Var frumvarpið þannig fellt með 11 atkv. gegn 11.

Frumv. til laga viðvíkjandi lokuðum bögglum, er sendir eru með landpóstum á vetrum (66, 119, 123); 3. umr.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Menn hafa orðið hræddir um, að böggulsendingar að vetrardeginum mundu fjölga um of, ef frumv. það, sem hjer um að ræða, yrði að lögum, og þess vegna hafa komið fram 2 breytingartillögur við frumvarpið. Breytingartillaga fjárlaganefndarinnar (119) fer fram á, að í stað orðanna «50 aurar fyrir hvert pund» komi «25 aurar fyrir hver 25 kvint». Hin breytingartillagan (123) gengur í sömu átt, að hækka burðargjaldið svo mikið, að frágangssök sje að senda þunga bögglа að vetrardeginum nema brýna nauðsyn beri til. Fjárlaganefndin vissi eigi um breytingartillögu hinna 6 h. þingm., sem úthlutað hefir verið hjer á fundinum, og hefir því hvorki hún getað borið sig saman við h. 6 þingm. nje heldur veit jeg, hvort hún fremur vill þessa breytingartillögu en sína.

Páll Ólafsson: Eins og h. þm. Húnv. (E. Br.) tók fram, er meiningin með báðum breytingartillögunum sú, að sporna við því, að póstsendingar á vetrum yrðu póstunum og póstsjórninni ofvaxnar. Jeg og 5 aðrir þingm. höfum komið fram með breytingartillögu, af því að vjer þekktum eigi breytingartillögu fjárlaganefndarinnar. Vjer vildum eigi setja burðargjald á bögglum, sem ekki fara yfir 1 pd., hærra en 30 aura, en viljum aptur á móti taka 1 kr. fyrir hvert pund, sem þar við bætist; annars eru breytingartillögurnar mjög svipaðar og tilgangur þeirra hinn sami. Þó hygg jeg, að breytingartillaga vor muni verða vinsælli hjá almenningi. En verði hvorug breytingartillagan samþykkt, þá ræð jeg h. þingdeild til að fella frumvarpið, því að reynslan mundi fljótt sýna, að 50 aura burðargjald á hverju pundi væri hvergi nærri nógu hátt til að sporna við of miklum og óþörfum böggulsendingum að vetrinum. Póstferðirnar eru sannarlega svo örðugar, að eigi er á það bætandi; þær geta orðið jafnvel ómögulegar með því lagi sem nú er á þeim, ef eitthvað ber út af. Jeg skal taka til dæmis, að ef fremsta býli í Norðurárdal legðist í eyði, og við því er búið að svo fari, þá yrði, að minni hyggju, opt ómögulegt fyrir póstinn að vetrardeginum að komast á milli Norður- og Suðurlands, nema með stórkostlegum og sjerstökum kostnaði fyrir landssjóð.

Landshöfðingi: Mjer virðist mjög ísjárvert að upphefja 4. gr. í lögunum 4. nóv.

1881, því að örðugleikarnir verða allt of miklir fyrir póststjórnina, ef hún verður skyldug til að taka alls konar þungar sendingar að vetrinum. Ókunnugir menn geta ekki gjört sjer hugmynd um allt það sem sent er. Jeg veit t. d., að sendur hefir verið tvistur milli Suður- og Norðurlands, ennfremur 1600 cigarar með sömu póstferðinni til eins kaupstaðar. En verstir eru þó þeir bögglar, sem lítið vega, en eru fyrirferðarmiklir, eins og t. d. reiðhattar. Ymsir þess konar bögglar vega liðugt 1 pund, en opt þarf heilan hest undir 6—8 af þeim. Borgunin undir þessa 6—8 böggla t. d. austur á Seyðisfjörð yrði þá 3—4 kr. með 30 aura burðargjaldi, og með 50 aura hækkuninni 11—12 kr., en landssjóð kostar einn aukahestur undir þessa böggla 100 kr. Mjer virðist bætt úr hinni brýnustu þörf manna, þar sem þeir geta sent brjef og prentað mál að vetrinum um landið. Jeg veit eigi heldur til að mönnum hafi nokkru sinni verið neitað að koma bráðnauðsynlegum sendingum (t. d. meðulum) á póstinn hjer í Reykjavík, þó að þær hafi vegið meira en eitt pund.

Jeg get því hvorki fallizt á frumv. nje breytingartill. þær, sem fram hafa komið.

Sveinn Eiríksson: Jeg er hvorki hlynntur frumvarpi þessu, nje breytingartillögum þeim, sem gjörðar hafa verið við það. Mjer virðist vera nógir örðugleikar á að koma bögglum með póstum út um landið, þótt eigi sje farið að auka þá með því að hækka burðargjaldið. Menn þurfa eigi síður, heldur miklu fremur, að nota póstana að vetrinum heldur en að sumrinu, og get jeg því eigi álitið að það sje heppilegt, að fara að færa upp gjaldið; samgönguleysið er svo mikið, að fremur sýnist þörf á að bæta úr því, en að auka á það. — Jeg er og samdóma h. landsh. um, að það sje ísjárvert, að afnema 4. gr. í lögum 4. nóv. 1881, því að vel getur verið, að landpóstarnir eigi komist ferða sinna, ef þeim yrði gjört að skyldu að taka böggla, hve þungir sem væru, og þó að hæsta þyngd yrði ákveðin 5 pund, þá ímynda jeg mjer að fleiri bögglar mundu hlaðast á þá, en þeir með nokkru móti gætu komizt með á vetrardag.

Árni Jónsson: Mjer virtist h. landsh. sýna í ræðu sinni, að ferðir landpóstanna væru bæði fjarskalega örðugar og um leið vanbrúkaðar. Hann gat þess, að stundum væru sendir með þeim cigarar og tvistur. Jeg gæti tilfært fleiri dæmi, því jeg veit, að menn hafa sent með þeim jafnvel rúsínur og epli. En það eru einmitt þessar óþörfu sendingar, sem fjárlaganefndin hefir viljað hepta með því að hækka burðareyrinn svo, að 1 eyrir sje tekinn fyrir hvert kvint. En það er athugavert, að opt getur staðið svo á, að manni sje alveg bráðnauðsynlegt að koma sendingum, er meira vega en 1 pund, og það er eins og menn vita ómögulegt eptir þeim ákvörðunum, sem nú gilda. Póststjórnin tekur náttúrlega reyndar tillit til, hvernig á stendur fyrir mönnum, en samt sem áður er þó tryggingin engin fyrir því, að menn geti jafnan komið nauðsynlegum sendingum með póstunum, meðan þetta lagaákvæði er. Þess vegna þótti fjárlaganefndinni rjett, að hækka burðargjaldið svo, að síður væri hætt við, að póstferðirnar yrðu misbrúkaðar, en gefa mönnum svo jafnframt kost á að koma sendingum, þótt þyngri væru en 1 pund. Breytingartillaga hinna 6 þm. bætir eigi úr hinum óþörfu póstflutningum, þar sem hún heldur 30 aura burðargjaldi á pundsþunganum, svo þannig er leyft að senda jafnmikið og áður með sama kostnaði, en svo færir hún út flutningana, með því að fella niður pundstakmarkið. Breyting fjárlaganefndarinnar fer hinsvegar fram á, að 1 eyrir sje greiddur fyrir hvert kvint, eða 1 kr. fyrir pundið, og mætti sú hækkun vera nokkurt aðhald á óþörfum sendingum. Jeg veit líka, að póstmeistar-

inn fellir sig við þá tillögu, og hefir ekkert á móti henni. Jeg vona því að frumvarpið með breytingartillögu fjárlaganefndarinnar nái fram að ganga, því að eitthvað þarf að gjöra til að hepta ónauðsynlegar sendingar, sem auka erfiðleikann og kostnaðinn við vetrarferðirnar. Þetta fer einatt í vöxt, því böggulsendingar eru að fjölga ár frá ári, en vetur og snjór er hinn sami.

Landshöfðingi: Breytingartillaga fjárlaganefndarinnar gjörir 1. gr. frumvarpsins miklu aðgengilegri en áður; en 2. gr. vildi jeg helzt óska að væri felld úr frumvarpinu, því að jeg álít, að hættulegt sje að taka af póststjórninni heimildina til að neita að taka á móti þyngri bögglum en þeim, sem vega 1 pund. Margur er svo gjörður, að hann eigi hörfir í skildinginn, þegar hann vill veita sjer eitthvað, og vel getur fyrir komið, að póststjórnina vanti gögn og áhöld til að taka á móti öllum þeim sendingum, sem að henni kunna að berast, einmitt á veturna.

Væri 1. gr. breytt á þann hátt, sem breytingartillaga nefndarinnar fer fram á, þá sæi jeg ekkert á móti því að frumvarpið yrði samþykkt, en þó því aðeins, að 2. gr. frumvarpsins fjelli burt.

Páll Briem: Breytingartillaga hinna 6 h. þingm. (123) er líklega fram komin sökum þess, að þeim hefir ekki þótt vera næg trygging fyrir því, að ekki yrði ofhlaðið sendingum á póstana; jeg vona því, að þeir taki aptur breytingartillögu sína, þegar þeir sjá, að fjárlaganefndin hefir komið með breytingartillögu í sömu átt.

En hvað því viðvíkur, sem h. landsh. fór fram á, að fella burtu 2. gr. frumvarpsins, þá get jeg eigi ráðið til þess. Jeg vildi miklu heldur, að gjaldið væri hækkað enn meir, svo landsjóður ekki líði skaða, heldur en að menn eigi það undir atvikum og vilja póststjórnarinnar, hvort þeir geti komið bögglum sínum á pósthinn. Jeg vildi því óska, að frumvarpið með breytingartillögu nefndarinnar kæmist gegn um neðri deild; efri deild getur svo breytt því, ef hún finnur ástæðu til.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Mjer þótti gott að heyra, að hæstv. landshöfðingi er með breytingartillögu nefndarinnar. En jeg get eigi verið honum samdóma um, að 2. gr. frumv. sje hættuleg. Jeg álít hana miklu fremur nauðsynlega, því þó að póstmeistarinn og ýmsir póstafgreiðslumenn taki á móti nauðsynlegum bögglum, sem vega yfir 1 pund, þá hef jeg enga vissu fyrir, að þeir eigi kunni að verða skildir eptir á miðri leið, þar sem póstleiðir skiptast, meðan póstmenn hafa heimild til að neita að taka á móti þeim.

ATKVÆÐAGR.: Breytingartillaga fjárlaganefndarinnar (119) samþykkt með 12:4 atkv.; þar með var hin breytingartillagan (123) fallin. Frumv. fjárlaganefndarinnar með áorðinni breytingu samþykkt með 14:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Árni Jónsson	Jón Þórarinsson
Benidikt Sveinsson	Páll Ólafsson
Eiríkur Briem	Grímur Thomsen
Jón Jónsson	Gunnar Halldórsson
Ólafur Briem	Jónas Jónassen
Páll Briem	Lárus Halldórsson
Sigurður Jensson	Ólafur Pálsson
Sigurður Stefánsson	Sveinn Eiríksson
Þórarinn Böðvarsson	
Þorlákur Guðmunds.	
Þorleifur Jónsson	
Þorsteinn Jónsson	
Þorvaldur Bjarnarson	
Þorvarður Kjerúlf	

Málið síðan afgreitt til Ed.

Frumv. til laga um breyting á 4. gr. í lögum um laun sýslumanna og bæjarfógeta, 14. desbr. 1877 (68); 3. umr.

Þorleifur Jónsson: Þó jeg færi nú að

tala mikið um þetta mál enn einu sinni, þá býst jeg ekki við, að mjer tækist að sannfæra mótmælendur frumv. fremur en áður, enda skal jeg leiða alveg hjá mjer að lengja umræðurnar, nema mjer verði gefið tilefni til þess. En jeg vona, að þeir h. þingdm., sem hingað til hafa stutt málið bæði með ræðum sínum og atkvæðum, verði eins með því nú eins og við hinar fyrri umræður.

Þorvaldur Bjarnarson: Jeg verð enn sem fyr að vera á móti frumv. þessu. Jeg hef áður tekið, að jeg vona, glögglega fram ástæður mínar fyrir því, að jeg get ekki samþykkt frumv. Jeg hefi talað sem kunnugur í þessu máli, og allir vjer, sem kunnugastir erum, höfum lýst því yfir, að þessi sameining sje ómöguleg. Skyldi nú svo fara, að vjer hinir gagnkunnugu yrðum í minni hluta hjer í þingd., þá verð jeg að álíta atkvæðagreiðsluna mjög óeðlilega, og þótt svo væri, að h. þingdm. efist um, eða sjeu jafnvel sannfærðir um, að vjer hinir allir, sem langkunnugastir erum, förum með ósannindi í lýsingum okkar; en það vil jeg ekki ætla h. þingdm.

Hvað sem nú öðru líður, þá hugga jeg mig við það, að hæstv. landsh. muni leggja á móti þessu frumv., enda sje jeg ekki vel að hann geti annað eptir því sem hann hefir beitt 31. gr. stjórnarskrárinnar, því þegar sýslumenn ekki mega vera utan sinnar sýslu 2 til 3 mánuði um há-sumar í erindum, sem varða hamingju lands og þjóðar í allsherjarmálum gjörvalls þings og þjóðar, þá get jeg ekki skilið, að þau lög fái staðfestingu, er svipta heila sýslu algerlega eða því nær algerlega sýslumanni sínum.

Jeg gef þessu máli aldrei mitt atkvæði, og vona að deildin felli það.

Þorsteinn Jónsson: Jeg skal ekki lengja umræðurnar mikið meira, en búið er. — Mál þetta hefir verið sótt og varið með talsverðu kappi.

H. 2. þm. Húnv. (Þorl. J.) sagði um daginn, að það hlyti að vera ósköpin öll að gera á eyjunum, úr því þar þyrfti að vera sjerstakur sýslumaður. Þetta er nú ekki að öllu leyti rjett hjá h. þm.; það hefir enginn sagt, að það væri öll ósköp að gera á Vestmannaeyjum fyrir sýslumann, en þar þarf sýslumann engu að síður, enda koma þar fyrir og hljóta að koma þar fyrir, eins og tekið hefir fram, alls konar sýslumanns störf. Sami þm. áleit nú, að hreppstjóri mundi geta gert flest þau störf, sem til sýslumanns kæmu, og einnig hafa vald til þess. En það held jeg hlyti að vera einhver fágætur hreppstjóri, sem gæti gegnt öllum þeim störfum, enda verð jeg að efast um, að hann hafi vald til þess. Að öðru leyti var jeg áður búinn að færa margar ástæður fyrir því, að þessi samsteypa sýslnanna væri hreinn ógjörningur, og vildi því eigi vera að tína þær upp aptur; en þótt h. þm. kunni eigi að hafa álitið mínar ástæður nægilega sannfærandi, þá vona jeg, að h. 2. þm. Eyf. (B. Sv.) hafi bætt mínar upp með sínum glöggu og sannfærandi ástæðum við 2. umræðu.

H. 2. þm. Húnv. sagði enn fremur, að það væri undarlegt, að menn væru að tala um, að það væru svo margir þjófar og bófar á Vestmannaeyjum. Jeg veit ekki til, að neinn hafi sagt þetta, enda mun engum kunnugum hafa dottið slíkt í hug. Hitt sögðu einhverjir, að það gæti komið fyrir, að þar yrði framinn þjófnaður eða jafnvel stórþjófnaður, og hví skyldi það ekki geta komið fyrir þar eins og annarsstaðar? Það er líka öllum kunnugt, að þjófnaður er einkum framinn þar, sem um mikla peninga er að gera. H. þm. hlýtur að vera það kunnugt, að síðastliðin ár hafa í Danmörku verið framdir ýmsir glæpir, með því að menn hafa þar stolið peningum og svikið út og dregið undir sig stórfje úr bönkum og opinberum sjóðum. Það sitja svo margir menn, sem álitnir munu

hafa verið af betra taginu, nú í betrunarhúsum í Danmörku, að þeir mundu geta fengið sjer fleiri en eitt l'hombreparti, ef þeim væri það annars leyfilegt.

Eins og jeg hefi áður tekið fram, gæti leitt mikið tjón af því, að hafa engan sýslumann á Vestmannaeyjum, bæði fyrir landssjóð, sveitarfjelagið og einstaka menn. Ætli t. d. maður, sem ætti fyrir ómögum að sjá, og sem vildi fara af landi burt, gæti ekki farið í friði fyrir sýslumanni, sem sæti í Rangárvallasýslu, án þess að fullnægja ákvæðum annara eins laga og þeirra, sem nú eru á prjónunum »um þeginn sveitastyrk«.

H. þm., sem hingað til hafa greitt atkvæði með þessu máli, ættu áður en þeir gefa því atkvæði sitt við þessa síðustu umræðu, að stinga hendinni í sinn eiginn barm og spyrja sjálfa sig, hvort þeir, hver um sig, myndu vilja æskja þess fyrir sig, að eiga að setja fulla trygging fyrir skilvísri greiðslu á 5000 kr. tolli, sem heimta yrði inn af öðrum úti á Vestmannaeyjum, en sitja sjálfir í Rangárvallasýslu, og geta hvergi nálægt tollheimtunni komið. Þessu ættu menn vel að hugsa eptir, og láta sannnfærast um, að þetta er mál, sem ekki á að fá framgang, enda ætla jeg, að það hafi nú lifað sitt hið fegursta.

Þorleifur Jónsson: Þeir, sem mælt hafa móti þessu frumv. áður og sagt, að ekki mætti sýslumannslaust vera á Vestmannaeyjum, hafa borið það fyrir, að þar kæmu fyrir mörg og mikil störf, svo að ómissandi væri að hafa sjerstakan sýslumann fyrir eyjarnar; en einmitt þetta hafa þeir ekki sannað. Þeir hafa að eins sagt, að þar gætu komið upp stórmál, t. a. m. þjófnaðarmál, án þess að benda á, að þau hafi komið þar fyrir. Það er ekki rjett hjá h. þm. Vestm. (Þorst. J.), að jeg hafi sagt, að menn hjer í deildinni hafi talað um, að í eyjunum væru margir þjófar og bófar, heldur, að það væri eins og mótmælendur frumv. gengju út frá því; og það er einmitt jeg, sem held því fram, að þess konar sje ástæðulaust, enda virtist h. þm. Vestm. (Þorst. J.) nú hallast að því í ræðu sinni.

H. þm. Vestm. (Þorst. J.) vitnaði til orða h. 2. þm. Eyf. (B. Sv.) við 2. umr., og þótti honum ástæður þessa þm. algildar. En aðalástæðan, sem h. þm. Eyf. kom með móti frumv., var sú, að á Vestmannaeyjum væri svo mikil tolltekja, að sýslumaður sem sæti í Rangárvallasýslu ætti mjög bágt, ef eigi ómögulegt með að hafa hana á hendi. Umboðsmaður hans gæti stungið af til Ameríku og því um líkt. En jeg held, að sýslumaður þyrfti ekki að verða í neinum vandræðum með tollheimtuna; hann myndi auðveldlega geta fengið skilríkan mann til að hafa hana á hendi; látið þennan umboðsmann hafa innheimtulaunin, sem honum bæri sjálfum fyrir innheimtuna. Ef tollheimtan er mikil, þá ætti innheimtan að geta borgað sig. Sökum þess ætti sýslumanninum að vera mögulegt að fá umboðsmann, sem gæti gefið honum einhverja tryggingu fyrir tollinum, sem hann á að veita móttöku.

Jeg benti á það við 2. umr., að hreppstjórar hefðu talsverð völd, einkum í lögreglumálum. Þeir hafa og talsverð völd í glæpamálum og öðrum stórmálum, og get jeg ekki skilið, að ekki megi bjargast við það þangað til hægt er að ná í sýslumann. Að endingu skal jeg geta þess, að jeg get ekki skilið, að þeir þingdm., sem ekki sjá neitt á móti því, að sýslumenn fari til þings og sjeu heiman að 2—3 mánuði, án þess að hafa löglærðan mann í sinn stað — og þeirrar skoðunar vona jeg að flestir sjeu —, jeg get ekki skilið, að þeir geti verið á móti þessari sameiningu. Með því sýndu þeir ósamkvæmni, af því að sjaldan mundi líða lengra á milli þess, sem sýslumaðurinn gæti komið til Vestmannaeyja.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 14 atkv. gegn 5, og síðan afgreitt til Ed.

Frumvarp til laga um útflutningsgjald af rjúpu (C 101); 1. umr.

Flutningsmaður (Jónas Jónassen): Jeg hefi komið fram með frumv. þetta til þess að gera mitt til að stemma stigu fyrir því, að rjúpan deyi alveg út hjer á landi, eins og nú er helzt útlit fyrir. Eins og kunnugt er, er rjúpa orðin talsverð verzlunarvara nú í seinni tíð, og því leitt, ef henni skyldi verða gjöreytt með óskynsamlegu og óhóflegu drápi. Því til sönnunar, að rjúpan er orðin allmikil verzlunarvara, skal jeg geta þess, að á árunum 1880 til 1884 seldist rjúpa fyrir 23 til 25 þúsund krónur. Þetta er eptir þessu ekki svo lítil tekjugrein fyrir þá bændur, sem annars stunda eða láta stunda rjúpnaveiði; enda hafa kaupmenn sagt mjer, að margir bændur tækju allt sitt kaffi og allan sinn sykur fyrir tóma rjúpu. Jeg álít því, að stemma eigi stigu fyrir því, að rjúpan verði gjöreydd, því ef ekkert verður gert í þessa átt, mun hún gjöreyðast á 6 til 10 árum. Það er þegar nóg aðgert með að eyða henni. Maður úr Þingvallasveitinni, sem lengi hefir verið eitthvert hið bezta rjúpnapláss, hefir sagt mjer, að síðastliðinn vetur muni hver ein einasta rjúpa hafa verið drepin í Þingvallahrauni, og nú sjáist þar hvergi rjúpa. Þessi maður er bezta skytta og mun hafa haft talsverðan arð af rjúpnaveiði, en þó sagðist hann vera á því, að nauðsynlegt væri að hindra um tíma rjúpnadrápið. Það sem þó hefir hnekkt rjúpunni mest, er harði veturinn 1881—1882; þá drapst hún af kulda og hraknингi, en það sem eptir var drápu svo mennirnir að drjúgum mun. Eptir harða veturinn lágu rjúpur í hrönnum dauðar hjer suður með öllum sjó. Þangað hafa þær hrakizt ofan úr landinu og svo loks drepizt af kuldanum. Þá flúði rjúpan hingað suður bæði að vestan og norðan, og þó jeg viti það eigi með vissu, þá þykist jeg viss um, að síðan 1881 hafi verið miklu minna af rjúpu á Norðurlandi en áður.

Mjer hefir nú dottið í hug, að reyna mætti að stemma stigu fyrir gjöreyðing rjúpunnar með því, að leggja á hana útflutningsgjald. Jeg hefi ekki viljað stinga upp á því, að hún yrði friðuð, því að mjer þótti það ekki með öllu nauðsynlegt. Jeg álít, að ekki geri svo mikið til, þó menn skjóti sjer rjúpur til matar, því það yrði aldrei háskalega mikið. En ef útflutningsgjald, líkt og jeg hefi stungið upp á, 50 aur. eða svo, yrði lagt á rjúpuna, þá mundi hún ekki vera verzlunarvara, á meðan lögin væru í gildi.

Jeg skal að endingu geta þess, að þess hefir eigi verið gætt, að breyta 2. gr., en jeg mun koma með breytingartillögu til 2. umr.

Jeg vona að h. þingdm. sjái, hvað mjer hefir gengið til með frv. þessu, og vona jeg enn fremur, að þeir láti málið fá góðan og greiðan framgang.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg man ekki betur en að til sjeu lög um friðun fugla, en þau ná nú líklega seint tilgangi sínum; eins og sum önnur friðunarlög. Hvað þessu máli viðvíkur, sem hjer liggur fyrir, þá er jeg því hlynntur, enda gefur að skilja, að sjálfsagt er að vernda þessa atvinnu- og tekjugrein eins og hverja aðra, svo að hún ekki eyðileggist, þó að hún ekki nái til margra.

Grímur Thomsen: Jeg hefi ávallt álitið það hæpið, að friðunarlög gerðu nokkurt gagn, enda sýnir það sig, þegar til rjúpunnar er litið; en þegar menn vilja halda við dýrunum, þá verður eitthvað að reyna, og get jeg vel ímyndað mjer, að það væri heppilegt, að leggja þennan útflutningstoll á. Með því mundi verða girt fyrir það, að rjúpa yrði flutt út úr landinu; en þá er annað: jeg er hræddur um, að hún yrði þá þess meir notuð í landinu

sjálfu, og að segja megi eins og skáldið, að gæðakonan góða eigi þá sjálf hægra með að brjóta undir pottinn og sjóða sjer rjúpu. Hingað til hefir nærri öll rjúpa, sem drepin hefir verið, farið í kaupstað og út úr landinu; en það er ekki nóg að fyrirbyggja þetta. Jeg vildi óska, að h. flutningsm. mætti heppnast að koma inn í frumv. ákvæðum, sem kæmu í veg fyrir, að rjúpan yrði skotin og eydd innanlands líka.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (C. bls. 69 og nr. 102); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Þorlákur Guðmundsson): Af því að þetta er framhald 1. umræðu, þá mun jeg ekki tala langt erindi að þessu sinni, og svo munu máske aðrir þingdm. gera. Nú á ekki heldur á þessu stigi málsins við, að fara út í einstök atriði þess. Að eins skal jeg geta þess, að í nefndarálitinu hefir misprentazt 15. töluliður, en á að vera 14. töluliður. Enn fremur skal jeg geta þess, að nefndin hefir hugsað sjer að koma fram með breyting við 14. töluliðinn til skýringar, því það er ekki nema ⅓ úr jörðinni Hvol, sem nefndin ræður til að selt verði.

Ólafur Pálsson: Jeg ætla ekki að fara út í einstakar greinir frumv. nú, en læt mjer nægja að geta þess, að jeg sakna í frv. nefndarinnar 2. töluliðs í stjórnarfrv., hálfrar jarðarinnar Þykkvabæjar í Kleifahreppi. Jeg sje ekki af hvaða ástæðu nefndin hefir sleppt henni úr. Að minnsta kosti get jeg ekki verið því samþykkur, að svo sje gert, og mun jeg til 2. umr. koma með viðaukatillögu við frumv., og bæta henni þá við.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um vegi (C 20, 104); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Í upphafi 1. umr. þessa máls gat jeg þess, hvað hefði knúð okkur flutningsmennina til að koma fram með þetta mál hjer á þingi. Eins og kunnugt er, þá var allt til skamms tíma lítið unnið að vegabótum hjer á landi, en nú síðustu árin hefir töluvert verið unnið að þessu, og töluverðu til þeirra kostað. En það hefir ekki verið allt sem heppilegast. Það er því nauðsynlegt, að föst stefna sje tekin í þessu máli, og við það er leitazt í frv.; þar er gengið út frá því, að bæta fyrst aðalpóstleiðirnar. Hefir það verið álit, bæði okkar flutningsmanna og nefndarinnar, að þær umbætur ætti landssjóður yfir höfuð að kosta. Þessi stefna er byggð á því, að hjer sje svo mikið að vinna, að ekki sje hægt að koma því til vegar nema smátt og smátt, og þá áleit nefndin, sem í öllu verulegu hefir aðhyllzt frumv., að mest nauðsyn bæri til að taka fyrst fyrir aðalvegina, en láta hina sitja á hakanum.

Af því að nú á ekki við að fara út í sjerstakar greinir frumv., þá mun jeg ekki tala um það meir að sinni.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg hefi að eins farið fljótlega yfir frumv. og sömuleiðis nefndarálitið, og skal því ekki tala margt um það nú, með því það er framhald 1. umr. Að eins vil jeg vekja athuga á því, hvort eigi muni ástæða til að athuga betur 5. kafla frumv.; þar er um þýðingarmikið spursmál að ræða fyrir hreppana, hvort sá kafli er heppilegur.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Nefndin er sjálfsagt fús að taka til athugunar allar þær bendingar, sem fram koma frá h. þm., og hún mun sjálfsagt líka taka þessa bending til íhugunar og athuga, hvort ástæða muni vera til að koma með ný ákvæði um það efni.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Till. til þingsályktunar um umsjón og fjárhald kirkna landssjóðs (C 93); hvernig ræða skuli.

Samþ. í e. hlj., að ræða ályktunina í einni umræðu.

Nítjándi fundur föstudag 22. júlí á hádegi. Fjarverandi 2. þm. GK. (Jón Þór.) er hafði fengið leyfi forseta til þess.

Forseti gat um, að til sín væri komin tillaga frá síra Janusi Jónssyni um tekjur kirkna.

Frumv. til laga um Söfnunarsjóð Íslands (106, 130); 3. umr.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Jeg álít ekki, að þörf sje á að fara mörgum orðum um þetta mál, og skal jeg því að eins geta þess, að það hefir komið fram breytingartill. við 23. gr. frumvarpsins frá 6 h. þm. (130), sem fer fram á, að aptan við orðin: »að það sje fulltryggilegt« komi: og landshöfðingi veitir til þess samþykki sitt. Nefndin áleit, að eigi væri nauðsynlegt að leita samþykkis landsh. um það, hvort gjöra megi fje sjóðsins arðberandi á annan hátt en til er tekið í frumv., ef forstjórarnir væru allir á sama máli. Engu að síður hefir hún þó ekkert á móti því, að breytingartillagan verði samþykkt, svo að menn geti orðið á eitt sáttir um málið. Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um frumv.; en vona að eins, að h. þingd. sýni því þá sömu velvild sem áður.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (130) samþykkt með 20 atkv. Frumv. sjálft með áorðinni breyting samþykkt í einu hljóði. Síðan afgreitt til Ed.

Frumvarp til laga um veð (83); 1. umr.

Sigurður Stefánsson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að nefnd verði sett í málið.

Forseti: Jeg veit ekki hvort h. þm. er alvara með uppástungu sína. Jeg verð að minna h. þingmenn á, að það er farið að líða á þingtímann; mörg mál liggja fyrir þinginu óútkljáð, og margar nefndir hafa verið settar, en fáar hafa aflokið starfa sínum. Mjer virðist því mjög ísjárvert að fara að setja nefnd til að rannsaka þetta frumv., einkum þar eð efri deild hefir sett nefnd í málið og athugað það rækilega.

ATKVÆÐAGR: Nefndaruppástungan felld með 14 atkv. Málinu vísað til 2. umr. með 18 atkv.

Frumvarp til laga um síldveiði fjelaga í landhelgi (108); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu umræðulaust vísað í einu hljóði til 2. umr.

Frumvarp til laga um þeginn sveitarstyrk (109); 1. umr.

Þórarinn Böðvarsson: Af því að mál þetta er svo þýðingarmikið fyrir alla landsmenn, vil jeg fara um það fáeinum orðum.

Jeg skal fúslega játa, að það er talsverð rjettarbót í þessu frumvarpi, en þó virðist mjer að betra væri, að tekin yrði fyrir öll fátækralöggjöf vor og henni breytt, því að hún þarf sannarlega verulegra breytinga í mörgum greinum; sjerstaklega vildi jeg óska, að fátækramál vor væru í færri manna höndum, en nú er; en af því það heyrir ekki undir þetta mál, þá skal jeg ekki fara fleiri orðum um það í þetta sinn.

Eins og jeg þegar hefi sagt, álít jeg töluverða rjettarbót í frumv. þessu, þó að jeg reyndar ekki geti fallizt á allt, sem í því stendur, t. d. um vald hreppsnefndanna.

Hvað orðalag frumv. snertir, vil jeg benda mönnum á 4. gr. þar stendur:

»Úrskurð þenna skal fjárráðamaður þegar í stað sjá um, að birtur verði á varnarþingi hans«.

Það mætti orða þetta betur.

Viðvíkjandi efni frumvarpsins vil jeg sjerstaklega taka það fram, að jeg fæ ekki sjeð, að það gefi sveitarstjórninni nokkurn rjett til að ná í þá karlmenn, sem eiga óskilgetin börn, því að þeir geta eigi heyrt undir þá, sem þegið hafa sveitarstyrk; þessir menn eru reyndar eptir núgildandi lögum skyldir að gefa með börnum sínum að helmingi, ef amtmaður ákveður að svo skuli vera. En undan þessari skyldu koma þeir sjer opt og einatt með því að hlaupa á brott úr sveitinni, svo að ekkert er hjá þeim að hafa. Mjer þykir því vanta í frumv. ákvæði um, að hreppsnefndin hafi leyfi til að skylda þess konar menn til að vera kyrrir í hreppnum og ganga í hverja þá vinnu, sem forsvaranleg er, eða önnur ákvæði, sem gjöri það mögulegt, að ná hjá þeim því, sem þeim ber að greiða með börnum sínum.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að efri deild hefir sett nefnd til að íhuga fátækralöggjöfina; það er mikið verk og margt í henni athugavert, svo að nefndin getur ef til vill eigi lokið starfa sínum á þessu þingi, en hún mun þó gjöra það, sem hún getur. H. varaforseti (þ. Böðv.) vildi láta hreppsnefndirnar hafa heimild til að skylda þá menn, sem eiga óskilgetin börn í einhverjum hrepp, til að vera kyrrir í hreppnum. En mjer getur ekki betur fundizt en að það sje fremur ómannúðlegt, að skylda nokkurn mann til að hreifa sig ekki úr þeim hrepp, sem hann á óskilgetið barn í. Mjer virðist heldur ekki brýn þörf á þess konar ákvæðum, því að núgildandi lög gefa þó hreppsnefndunum nokkurt vald. Jeg skildi h. varaforseta svo, sem sá, er ætti óskilgetið barn, væri eigi skyldugur að gefa með því nema að helmingi; en þetta er ekki rjett, því það má skylda barnsföðurinn til að greiða meira en helming meðlagsins með barninu, ef efni hans og ástæður leyfa, og þverskallist hann við að borga meðlagið, þá má taka það lögtaki hjá honum, og náist meðlagið ekki á þann hátt, má jafnvel láta hann afplána það eins og fjesekt. Þetta virðist mjer vera nægilegt vald, og eigi að fara að bæta því við, að gjöra þá, sem óskilgetin börn eiga, að nokkurs konar föngum um langan tíma, þá þykir mjer það mjög ísjárvert, og álít það skerðing á mannlegu frelsi.

Páll Briem: Jeg er samdóma h. varaforseta (þ. Böðv.) um, að æskilegt væri að það gæti orðið að lögum, að fara mætti með hvern þann mann, sem eigi borgaði með óskilgetnu barni sínu, eins og þann, sem þegið hefði sveitarstyrk. Hæstv. landsh. talaði um, að hægt væri að beita talsverðum þvingunarmeðulum gagnvart þeim, er eigi borga meðlag með óskilgetnum börnum sínum. En lög um þetta eru svo þung í vogunum, að það veitir flestum erfitt að nota þau. Í Danmörku eru samskonar lög um þetta efni og nú eru hjer á landi. Og þótt þar sje nokkuð hægra að nota þessi lög, þá finna menn þó til þess, hversu erfitt er að beita þeim gagnvart hirðulausum feðrum lausaleiksbarna. Jeg furðaði mig á, að hæstv. landsh. skyldi andmæla h. varaforseta (þ. Böðv.), því að í vetur lagði ráðgjafi Íslands, sem er dómsmálaráðgjafi í Danmörku, fyrir ríkisþingið danska lög sem ganga í sömu stefnu og h. varsforseti benti á, og þykist jeg því viss um, að hann mundi ekki ráða til að neita samskonar lögum hjeðan staðfestingar. Jeg skal játa, að það á ef til vill eigi við að setja þau ákvæði inn í þetta frv., að farið yrði með hvern þann barnsföður, sem eigi borgaði með óskilgetnu barni sínu, eins og þann sem þegið hefði sveitarstyrk, en æskilegt væri að þessi regla yrði leidd í lög, er kæmu nú frá þessu þingi.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er samdóma h. varaforseta (Þ. Böðv.) og h. þm. Snæf. (P. Br.), að gott væri að fá ný og skörp ákvæði móti þeim mönnum, sem hlaupa frá afkvæmum sínum og skilja þau eptir aðstoðarlaus á sveitinni. Jeg efast eigi um, að það er rjett, sem hæstv. landsh. sagði, um, að til væru lagaákvarðanir gagnvart þessum mönnum, svo að þvinga mætti þá til að borga, en dagleg reynsla sýnir, að hreppsnefndirnar eiga örðugt með að fá þessu lagavaldi beitt; getur verið að stundum sjeu sýslumenn ekki nógu fljótir, að veita fylgi sitt í þessum málum; en það er víst að flestar hreppsnefndir munu verða uppgefnar á að sækja þann sjó; en jeg álít bezt að breyta þessu frumvarpi sem minnst, svo að vænta megi, að það nái nú gildi eins og það er.

Landshöfðingi: H. þm. Snæf. (P. Br.) gat þess, að ástæða væri til að lögleiða hjer á landi þær sömu ákvarðanir, sem komið hefðu fram á ríkisþinginu danska í vetur, um skyldur feðra að sjá fyrir óskilgetnum börnum sínum. En þau ákvæði, sem þar komu fram, fóru eigi í sömu átt og h.varaforseti (Þ. Böðv.) vill stefna, heldur var þar að eins farið fram á, að meðlag barnsföðursins með óskilgetnu barni sínu skyldi greiðast af framfærsluhreppi hans, ef hann gæti ekki greitt það sjálfur, og síðan skoðast sem þeginn sveitarstyrkur, svo að framfæri óskilgetins barns, sem foreldrarnir ekki geta staðið straum af, lenti að nokkru leyti á sveit föðursins og að nokkru leyti á sveit móðurinnar, í stað þess, að það lendir nú eingöngu á sveit móðurinnar. En hvað því viðvíkur að binda barnsföðurinn í hreppnum, þá efast jeg um, að það sje rjett, samkvæmt hugsunarhætti vorra tíma um persónulegt frelsi.

Sveinn Eiríksson: Jeg er öldungis samdóma h. varaforseta (Þ. Böðv.), að rjett væri að skylda þá menn, sem óskilgetin börn eiga, til að vinna fyrir börnum sínum, því að dæmin eru deginum ljósari og þau sýna glöggt, að þetta er bráðnauðsynlegt; menn stökkva á burt úr hreppi sínum og smeygja sjer inn hjá einhverjum góðum bónda í öðrum hreppi, sem ef til vill fer vel með þá, segir, að þeir sjeu að eins matvinnungar hjá sjer, en fái ekkert kaup, svo af þeim er ekki neitt að hafa; þar unga þeir svo máske aptur stundum börnum út á sveitina og strjúka svo af landi burt. Hæstv. landsh. sagði, að til væru þvingunarmeðul; en menn vita að það er mjög örðugt að beita þeim, þó að reyndar væri æskilegt, að hreppsnefndirnar eigi lægju á því valdi, sem þær hafa, því að það er samvizkulaust að líða mönnum að hlaða börnum upp á sveitina og hlaupa svo burt frá öllu óforsorgnðu. Jeg skal að endingu geta þess, að jeg er h. varaforseta mjög þakklátur fyrir tillögur hans í máli þessu.

Árni Jónsson: Jeg skal geta þess, að mjer er mjög umhugað um, að sú ákvörðun, sem hæstv. landsh. gat um í ræðu sinni, yrði í lög leidd, að uppfóstrunarskyldan hvíldi eigi eingöngu á móðurhreppi óskilgetinna barna, heldur að minnsta kosti að hálfu á föðurnum og hans hreppi; því að faðirinn hefir meiri vinnukrapt og styrk til að standa straum af barninu, en móðirin, og þess vegna ætti hann að eiga hægra með að sjá um, að barnið yrði ekki annara handbendi, heldur en eins og nú gengur, að móðirin verður opt eingöngu að sjá fyrir barninu, og þegar hún getur það ekki, því fer það á sveitina, að meira eður minna leyti. Þess ber og að gæta, að ef uppfóstrunarskyldan hvíldi jafnt á barnsföðursins hreppi sem hreppi móðurinnar, þá mundi sveitarstjórnin þar passa miklu betur upp á barnsföðurinn en áður, og þyrfti hann að þiggja sveitarstyrk fyrir barn sitt, þá getur hún jafnvel þröngvað honum til vinnu, sem væri hann þurfamaður, svo að þá kæmist hann undir ákvarðanir þessa lagafrv., og þá

næðist einnig það, sem h. varaforseti (Þ. Böðv.) óskaði eptir. En þessi breyting á uppfóstursskyldunni, er jeg tel bráðnauðsynlega, virðist mjer ekki eiga við í þessu frumv., heldur við breytingar á sveitarstjórnar-reglugj. 4. jan. 1834. Vona jeg að h. efri deild, sem hefir sett nefnd til að endurskoða reglugjörðina, taki þetta atriði til rækilegrar íhugunar. Jeg er að öðru leyti, eins og aðrir h. þm., sem talað hafa í máli þessu, hlynntur frumvarpinu, því að það gæti styrkt sveitarstjórnina og gert henni hægra fyrir að vinna að því, að hver og einn legði fram krapta sína, efni og ástæður, til að sjá sjálfur fyrir sjer og sínum.

Páll Briem: Það gladdi mig að heyra þau orð hæstv. landsh., að hann sæi eptir sínum skilningi ekki neitt á móti því, að sá, sem ekki borgar meðlag með óskilgetnum börnum sínum, væri skoðaður sem sá, sem þegið hefði sveitarstyrk. Þá ætti því að verða náð, sem h. varaforseti (Þ. Böðv.) benti á; í 5. gr. stendur: »Sá, sem þegið hefir af sveit«, — og það er þessi maður, — »er skyldur að fara í vist« o. s. frv. Þó þetta kunni að vera brot á frelsi, þá er slíkt engu síður í útlöndum; þess vegna komu þær frelsisskoðanir stjórnarinnar mjög á óvart, að hún skyldi synja staðfestingar lögum frá síðasta þingi um þetta efni. Í sjálfri Kaupmannahöfn eru slíkir menn, bæði karlmenn og kvennmenn, undir eins reknir á letigarðinn, og börnin flutt út á landið til uppfósturs; þess vegna er undarlegt, að frá stjórninni í Kaupmannahöfn skuli koma hindranir gegn því, að slíkt fólk sje rekið í viðunanlega vist hjer. Eptir minni meiningu ætti sá, er þiggur af sveit, bæði að vera persónulega og fjármunalega ómyndugar.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg er hæstv. landsh. þakklátur fyrir það, að hann gaf mjer þá upplýsingu, að þetta mál væri til meðferðar í h. efri deild; jeg efast eigi um, að hún ræði og íhugi málið rækilega og að það komi vel í garðinn búið hingað til deildarinnar; en enn þakklátari og glaðari hefði jeg orðið, ef hann hefði gefið mjer vonir um, að málið yrði svo fljótt búið í h. efri deild, að það kæmist í gegn á þessu þingi, og að það mundi verða þannig af hendi leyst, að það næði fram að ganga.

Jeg vil með engu móti verða þess ollandi, að þetta frumv. falli, eða að það þyrfti að hrekjast á milli deildanna; jeg mun því draga svo lengi sem jeg get, að gera þær smábreytingar við það, sem mjer ef til vill kynnu að þykja æskilegar. Það er rjett, sem tekið hefir verið fram, að sá sem ekki borgar, er ekki frjáls maður; gagnvart þeim manni hefir maður þvingunarmeðul; en það er sýnt og sannað af reynslunni, að þau eru ónóg; eptir að hafa skrifað svo og svo opt. fæst að endingu það svar, kannske úr öðrum landsfjórðungi: »Hann hefir ekkert til; hann getur ekki borgað«. Meiningin með því að skylda slíka karla til þess að vinna í sínum hrepp, er. að sjá hvað þeir geta.

Jón Jónsson: Jeg vil alls eigi segja, að h. efri deild hafi kastað höndunum til þessa frumv., en sparihöndurnar hefir hún víst eigi brúkað við það, allra sízt hvað málið á því snertir; það hefir opt verið sagt, að málinu á frumv. stjórnarinnar væri ábótavant, en í þetta sinn hefir h. efri deild ekki lagað það mikið; en hún hefir gert tvær efnisbreytingar á því; önnur er sú, að hún bindur það að eins við landið, en ekki við danska ríkið, þar sem talað er um að menn fari af landi burt, og felli jeg mig vel við þá breytingu; hin er sú, að ef þrjózka er sýnd, þá skuli það ekki valda líkamlegri refsingu, heldur að eins fangelsi; þessi breyting álít jeg að sje miður heppileg; jeg býst nú reyndar við að heyra frá h. þingm. slíkar mótbárur eins og »mannúð« og »stefna tímans«, en jeg ætla að verja mitt mál með því að segja, að það sje »prak-

tiskt« að hafa slíka ákvörðun í lögunum, og í þessa átt vil jeg koma með breyt.till. til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frumvarp til laga um að nema úr gildi lög 16. desbr. 1885, er banna niðurskurð á hákarli í sjó milli Geirólfsnúps í Strandasýslu og Skagatáar í Húnavatnssýslu á tímabilinu frá 1. nóvbr. til 14. apríl (C. 99); 1. umr.

Flutningsmaður (Páll Ólafsson): Jeg hefi leyft mjer að bera þetta mál fram enn að nýju eptir eindreginni áskorun frá Strandamönnum, kjósendum mínum. Jeg vona að þeim verði vorkennt, þó mál þetta komi fyrir þingið ár eptir ár, því það snertir aðalatvinnuveg manna þar í sýslu, þann eina atvinnuveg, sem varla nokkru sinni hefir brugðizt fyr en lög þessi komu út. Hagsmunir hjeraðsbúa eru mjög ólíkir að því er snertir veiði þessa. Þeim, sem utar búa með flóanum, gefur sjaldan á sjó, og er þeim því mestur hagur að því, að geta flutt sem mest í einu til lands af lifur, þá sjaldan þeir geta róið; þeir vilja því hafa leyfi til að skera niður hákarl eptir að líður á veturinn. Þeir, sem innar búa og geta róið miklu optar, sjá sjer ekki hag í því, að skera hákarlinn í sjó, og flytja því allt í land, sem aflast í róðrinum. En með því sínir höfðu hvora veiðiaðferðina, var veiðinni opt og tíðum spillt til stórskaða. Samkomulagi vildi ekki takast að ná. Þegar svo samþykktarlögin komu út, vildu menn reyna að kippa þessu í lag með samþykktum; en það þótti þá heldur ekki hægt, vegna þess, að sektirnar, sem leggja mátti við brotum gegn samþykktunum, voru of lágar. Þá komu menn á privatsamþykktum, en þær reyndust líka fljótt ónógar, með því að einn og einn var að að skjótast undan þeim, enda er það freistni fyrir menn, sem sjaldan geta róið, að skera niður til þess að geta haft sem mest af lifur með sjer til lands. Munurinn er nálægt fimmfaldur að verðinu til, hvort menn flytja allt í land eða að eins lifrina. Loks voru nú borin upp lagafrumvörp á alþingi til að koma lagi á hákarlaveiðarnar. 1883 var fyrst borið upp frumv. um þetta, og seinast 1885, og þá fengust þessi lög, sem nú er farið fram á að nema úr gildi. Lög þessi hafa verið reynd nú í tvö ár, og dómstólarnir hafa dæmt eptir þeim, svo kunnar eru skýringar á þeim, og þó dómarnir fyrir undirrjetti og yfirrjetti fari sinn í hvora átt, þá miða þeir báðir að því að sanna, að í lögum þessum er engin trygging fyrir hagsmunum hjeraðsbúa.

Það, sem Strandamenn vildu fá fram, var, að niðurskurðarbannið næði að minnsta kosti vestur að Horni, og fram á það fór frumv. upphaflega, en með tilliti til þeirra, sem búa fyrir vestan Strandasýslu, Ísfirðinga, er hafa löggilta samþykkt fyrir sýslu sína, var frumv. breytt og sett þau takmörk, sem nú standa í lögunum. Þessi lög hefir svo flutningsmaður frumv., hinn fyrverandi þingmaður Strandamanna, tekið gild, heldur en að fá engin lög. En það er kunnugum mönnum með öllu óskiljanlegt, að hann skyldi geta sætt sig við þessi lög, svo kunnugur sem hann var í hinum umræddu hjeruðum. Síðan landsyfirrjettardómurinn kom út, eru þessi lög nú orðin, eins og kunnugt er, alveg þýðingarlaus, en úr því samþykkt hefir verið viðbót við samþykktarlögin, þannig, að sektirnar hafa verið hækkaðar og leyft að gera aflann upptækan, þá sýnist mega kippa þessum vandkvæðum í lag með samþykktum, og þess vegna er beðið um að afnema lögin frá 16. desbr. 1885. Jeg fyrir mitt leyti hefði þó helzt viljað, að lögunum hefði orðið breytt; en jeg get ekki treyst því, að þeim verði breytt svo, að full trygging fengist fyrir því, að hagsmunum hjeraðsbúa sje borgið. Og úr því

þeir agnúar, sem 1885 stóðu í vegi fyrir því að Strandamenn fengju þau lög, er þeir báðu um og álitu sjer hagfeld, eru eigi enn numdir burtu, þá get jeg ekki sjeð annað ráðlegra til að bjarga atvinnuvegi þessum, en að leyfa þeim sjálfum að koma sjer saman um málið með samþykktum. Jeg vona að h. þingd. leyfi frumv. þessu að ganga til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 16 atkv.

Frumvarp til laga um breyting á lögum 15. oktbr. 1875 um aðra skipun á læknahjeruðunum á Íslandi o.fl. (C. 116); 1. umr.

Benidikt Sveinsson: Hvorki jeg nje aðrir geta neitað því, að í frumv. þessu eru fólgin tvö mikilsverð »princip«. Annað er fólgið í því, að vernda líf og heilsu landsmanna, hitt í því, að spara sem mest má verða fje landssjóðs. Þessi atriði bæði eru mjög íhugunarverð, en ef þessi »princip« koma í bága hvort við annað, eða ef um það er að ræða, að ganga nærri öðru hvoru, þá á að mínu áliti hin fjárhagslega hliðin vafalaust að víkja, en hin að sitja í fyrirrúmi. Það má ekki horfa of mjög í fjeð, þegar um það er að ræða, að þingið beri þá umhyggju fyrir lífi og heilsu landsbúa, sem brýn nauðsyn krefur. Því verður nú ekki neitað, að þingið hefir fyr og síðar látið sjer annt um læknaskipunina hjer á landi; á ráðgjafarþingunum átti það mál erfitt uppdráttar, enda sýndi löggjafarþingið þegar, að það vildi bæta úr því, sem svo lengi hafði verið vanrækt, eins og líka lögin frá 15. okt. 1875 bera vott um.

Það er nú auðsjáanlegt, að þetta nýja frumv., sem hjer er um að ræða, fer í sömu stefnu og lögin sjálf, og er þannig að stefnu og augnamiði mjög svo lofsvert og þýðingarmikið. Hjer er með nýju fótmáli stefnt að því takmarki, að gera öllum landsbúum, á hverju landshorni sem þeir eru, sem hægast fyrir með að leita læknishjálpar, þegar líf þeirra og heilsa liggur við. Jeg skal nú líka játa það, að þær breytingar, sem gerðar hafa verið á lögunum, eru, þar sem jeg þekki til, til mikilla bóta. Eptir þessu frumv. verður mönnum í Þingeyjarsýslu talsvert hægra að leita sjer læknishjálpar, en nú á sjer stað, enda er læknishjeraðið þar mikils til of stórt og örðugt; en jeg er ekki alstaðar eins vel kunnugur og þar, og get því ekki sagt með vissu, hvort takmörkin eru alstaðar heppilega sett. Jeg vil þess vegna leyfa mjer að mæla með því, að frumv. þessu verði vísað til 2. umr., til þess að menn geti íhugað málið og rannsakað, hvort nauðsyn beri til að breyta frumv. í nokkru. En jeg skal geta þess á hinn bóginn, að jeg vil forðast allar breytingar, sem ekki eru alveg nauðlegar, á þeirri læknaskipun, sem nú er, einkum ef þær hafa kostnað í för með sjer, sem teljandi sje fyrir landssjóðinn, því að hagur hans er ekki svo góður nú sem stendur, að hann þoli útgjöld, sem án má vera.

Að endingu skal jeg taka það fram, að jeg áskil mjer að minnsta kosti eina breytingu við hin gildandi læknalög, ef þetta frumv. í heild sinni, breytt eða óbreytt, nær ekki fram að ganga.

Þórarinn Böðvarsson: H. 2. þm. Eyf. (B. Sv.) tók það rjettilega fram, að þar sem tefla væri um líf og heilsu manna annars vegar og um fje landssjóðs hins vegar, þá ætti að láta líf og heilsu sitja í fyrirrúmi, og jeg er honum fyllilega samdóma um þetta. Þess vegna mundi jeg hiklaust mæla með frumv. þessu og gefa því mitt atkv., ef jeg væri viss um, að lífi og heilsu manna væri stórum betur borgið, ef það yrði að lögum; en jeg er mjög óviss um að það yrði tilfellið, og þess vegna er jeg hikandi um það, hvort jeg skal vera því meðmæltur eða ekki. En jeg ætla einnig að líta á málið frá

annari hlið, Efri deild hefir tekið þetta mál upp. þetta mál, sem eptir frumv. hefir afarmikil útgjöld í för með sjer fyrir landssjóð; en það hefir jafnan þótt vel hlýða, að neðri deild beittist fremur fyrir þeim málum, er standa í nánu sambandi við fjárhag landsins. Er hún og miklu fjölskipaðri. Og er sú venja í öllum löndum.

En ef litið er til frumv. sjálfs, og þess gætt, að það gerir algerða breytingu á læknaskipun vorri, og þess hins vegar er gætt, hve torvelt reynist að skipa prestaköllum hjá oss, svo allir sjeu ánægðir með það, þá er öll ástæða til að efast um, hvort tími sje kominn til slíkra breytinga á læknaskipun vorri, sem hjer er farið fram á. Þingið hefir hingað til fylgt þeirri stefnu, að setja aukalækna þar sem menn hafa beðið um þá, og mun það eflaust hið heppilegasta, þangað til menn af frekari reynslu hafa sjeð, betur en nú sjest, hvernig lagaðar breytingar bezt eiga við, og ástæða virðist til að fastákveða með lögum, hvernig breyta skuli.

Mjer er nær að halda, að þótt þetta frumv. yrði að lögum, þá þyrfti þess skamma stund að bíða, unz breyta þyrfti á ný, kannske sumstaðar svo kæmi í bága við þessar breytingar, því mjer sýnist sem ýmsu fleiru þyrfti að breyta, en hjer er ætlazt til, og væri ómissandi, að vera búinn að íhuga það áður en föst lög væru samin um nýja læknaskipun.

Þess vegna mun eflaust bezt, að fylgja þeirri stefnu nú fyrst um sinn, að fjölga aukalæknum með lægri launum, eins og gert hefir verið hingað til, einkum meðan fjárhagurinn er jafn-erfiður eins og hann nú er.

Sigurður Stefánsson: H. varaforseti (Þ. Böðv.) hefir sagt ýmislegt, er jeg ætlaði að segja, svo jeg get verið þess fáorðari, en ætla samt að mæla nokkur orð.

Það er víst og satt, sem 2. þm. Eyf. (B. Sv.) sagði um dýrmæti lífs og heilsu manna, en löggjafar- og fjárveitingarvaldið verður þó í þessu máli, sem öðrum, að sníða sjer stakk eptir vexti, hvað útgjöldin við læknaskipunina snertir, og gera eigi neinar þær breytingar á læknaskipuninni, er auka útgjöldin, nema brýna nauðsyn beri til, sízt meðan fjárhagur landsins er eins og hann er þessi árin.

Auk þess eru það eigi einstakir menn, sem eiga að segja til þess, hvar og hve mörg læknishjeruð skuli vera á landinu, heldur þarfir og óskir þjóðarinnar, birtar þinginu með skýlausum og samhljóða yfirlýsingum. Frumv. ætlast til að fjölga hinum reglulegu læknishjeruðum um 6; en þess ber að gæta, að 4 þeirra eru þegar til sem aukalæknishjeruð, og breytingin því að eins fólgin í því, að hækka launin í þessum læknishjeruðum; 2 eru að vísu alveg ný; en engar bænarskrár hafa þó enn komið til þingsins um fjölgun á reglulegum læknishjeruðum með þessum 1500 kr. launum; að eins úr einu kjördæmi hefir komið bænarskrá um aukalækni. Mitt álit er, að frumv. þetta bæti ekki í neinu verulegu úr þeim skorti á læknishjálp, sem sumstaðar kann að vera, en eykur allmikið útgjöld landssjóðs. Bezt ætla jeg vera, að þingið eigi ótilkvatt fari að semja ný lög um læknaskipun að sinni, en haldi þeirri reglu, að víkjast sem bezt við öllum bænarskrám um aukalæknishjeruð, þar sem þjóðinni virðist þeirra brýn þörf. Jeg mundi vera fús að styðja verulegar umbætur á læknaskipun vorri, ef þess væri nokkur kostur, en þessu frumv. get jeg ekki gefið atkv., af því mjer bæði þykir það ófullnægjandi og ótímabært.

Þorvaldur Bjarnarson: Þessu frumv. er jeg mjög meðmæltur, því jeg veit vel, hvernig hagar til með að ná til læknis í Dyrhóla- og Eyjafjallahreppum, þar sem Mýrdalssandur er full dagferð, og opt ófær vötn liggja fyrir austan, en hinum megin að vestan Markarfljót, sem prálega er al-

ófært yfir að fara, svo ef ekki er læknir í hreppunum sjálfum, eru íbúar þar að miklu leyti án allrar læknishjálpar. Allir vita, hve samgöngur eru erfiðar eystra, já næstum ómögulegar sökum torfæra, vatna og eyðisanda, enda segja þeir læknar, sem þar eru, að hin reglulegu læknishjeruð sjeu langt of stór og erfið sökum torfæra. Á seinni árum hafa og einatt orðið vandræði af því, hve örðugt er þar að ná til læknis; jeg þekki meðal annars tvær konur, sem komust í hin mestu harmkvæli við barnsfæðingu, af því ekki varð náð til læknis; önnur þeirra er nú á ferð hjer syðra til að láta lækna skoða sig, en sem munu hafa álitið henni nú ómögulega læknishjálp.

Jeg treysti því, að læknar, sem eru hjer í deildinni, mæli fram með þessu frumv., enda mega þeir bera manna bezt skynbragð á þetta mál, og svo er þeim skylt að hlynna að þeim málum, er lúta að lækningum; því eins og hinum geistlegu er annt um hið geistlega, eins og fram kemur við brauðasameiningarmál og árgjaldsuppgjöf, svo ætti og læknum einnig að vera annt um það, er að lækningum og líkamsheilsu lýtur, því þá ætla jeg sálarþarfir litlar, ef engin þörf er á læknum.

Jónas Jónassen: Jeg ætla að leyfa mjer að vonast eptir því, að deildin hleypi máli þessu til 2. umr., því það er næsta mikilsvert, og þess vegna áríðandi að íhuga það vandlega; en frumv. virðist mjer þurfa þess við, að eigi óverulegar breytingar sjeu gerðar á því; í öllu falli þarf það mikillar athugunar við, áður auðið er að greiða því atkv. Eins og h. varaforseti (Þ. Böðv.) stakk upp á, virðist mjer yfir höfuð að tala hyggilegt, að stofna aukalæknishjeruð eptir því sem þjóðin æskir þess; en 1000 kr. laun eru of lítil; læknar þurfa t. d. þegar í fyrstu ærið fje til verkfærakaupa, ekki minna en 600 til 700 kr., og það þurfa þeir að leggja fram áður en þeir taka til lækninga.

En hvað sem þessu líður, vona jeg fastlega og óska, að málið fái að ganga til 2. umr., og skal jeg þá leyfa mjer að tala ýtarlegar um málið.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg vil engan veginn gera lítið úr þeirri þörf, sem kann að vera á fjölgun læknishjeraða, en mjer þykir ísjárvert að samþykkja þetta frumv. Það fer fram á að fjölga læknishjeruðunum um 6, en bætir eptir minni meiningu ekki betur úr þörf manna en svo, að ef það yrði samþykkt, býst jeg helzt við, að beðið yrði um önnur 6 á næsta þingi og síðan ef til vill um þriðju 6. Ef 1000 kr. eru hæfileg laun handa aukalæknum, sje jeg enga ástæðu til að hækka þau, þó hjeraðið yrði gert að reglulegu læknishjeraði, enda mundi það hafa sýnt sig, hvort eigi hefðu nógir fengizt til að þjóna aukalæknishjeruðunum fyrir 1000 kr., ef að eins hefðu verið til nægilega margir kandídatar útlærðir í læknisfræði; en það hefir ekki verið undanfarin ár, og er ekki enn; þess vegna álít jeg ekki eiga við að búa þau embætti til, sem enginn maður er til í að svo stöddu.

Að því er launaupphæðina snertir, þá er það öldungis eðlilegt, að því meir sem læknishjeruðunum er fjölgað, og því hægri sem þau verða, þeim mun lægri megi launin vera; eptir því mætti setja niður laun læknisins í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu, þar sem störf hans eru svo mikið minnkuð eptir frumv., því eins og það er víst, að ekki mætti lækka laun hans meðan hann er í þessu embætti, þannig er það og víst, að hann er skyldur að þjóna öllum þeim verkahring, sem hann hefir tekið að sjer, því skyldur fylgja rjettindum. Því mun varla þurfa að kvíða, að skortur verði á læknum þegar fram líða stundir, þrátt fyrir það, þó laun þeirra væru nokkru lægri en nú gerist; þekking og

áhuga á læknisfræði ætti að minni meiningu að auka með bókum og fyrirlestrum, en ekki fjölga föstum læknum, eða reglulegum læknahjeruðum; ef vjer vildum leyfa konum vorum að nema læknisfræði, þá er jeg viss um, að vjer mundum fá marga góða lækna, því þær eru almennt eins vel fallnar til þess starfa, eins og karlmenn, og það er einnig víst, að sumar þeirra mundu þola ferðalög allt eins vel og karlmennirnir, og eigi tel jeg efasamt, að margar konur mundu gera sig ánægðar með minni laun en 1500 kr., þó þær væru læknar; þær eru ekki vanar háum launum hjer á landi fyrir störf sín.

Sigurður Stefánsson: Ef þetta frumv. á að ganga til 2. umr., þá finnst mjer, — ef h. þingdeild ætlar að láta frumv. lifa framvegis —, að á því þurfi að gjöra breytingar, og það meira en aðeins til að geta sagt á eptir, að vjer höfum breytt. Ef menn fjölga læknishjeruðum og minnka þau jafnframt, þá finnst mjer eðlilega hljóta þar af að leiða, að lækka eigi launin í hverju umdæmi fyrir sig; ef 1500 krónur eru nóg laun, eins og nú stendur, þá eru þær sömu 1500 kr. of há laun þegar búið er að minnka umdæmið. Jeg mun því við aðra umræðu, ef farið verður að fjölga hinum reglulegu læknishjeruðum að nokkrum mun, koma með breyting í þá átt, að lækka laun læknanna í hinum minnkuðu hjeruðum. Jeg hafði hugsað að hin h. þingdeild fyndi sjer ekki skylt að ráðast frekar út í þetta mál, en eptir því sem þarfir þjóðarinnar segðu til. Eitt er það líka sem ganga má að svo sem vísu, og það er að ef læknahjeruðin verða á þessu þingi gjörð 26 í stað 20, þá munu þau á næsta þingi verða kannske 46 í stað 26; því þessar breytingar eru til að opna mönnum veg til sífeldra breytinga; og hversu þjett sem læknar verða settir, þó þeir væru í öðrum hverjum hreppi, þá yrði aldrei, eptir því sem til hagar hjer á landi, full trygging fyrir því, að alltaf yrði náð til læknis hvernig sem á stendur.

Árni Jónsson: Jeg er öðrum hinum h. þm. samdóma um, að þetta mál sje mikilsvarðandi, en þetta frumv. finnst mjer ekki vera til verulegra bóta nje breytingar þær fullnægjandi, sem hjer er farið fram á. Jeg skal hvað minni sýslu viðvíkur geta þess, að hún er eptir þessa breytingu engu betur stödd en hún er nú; úr Hraunhreppnum eða af svo köllluðum Útmýrum er eins langt til læknisins eptir sem áður, nema svo væri, að læknissetrið yrði fært, en mjer er ekki vel kunnugt, að hve miklu leyti hjeraðslækni þeim, sem þar er nú, yrði skipað að flytja sig. Hraunhreppingar og Útmýramenn eiga nú sem stendur af tvennu illu hægra með að vitja læknis vestur í Stykkishólm en austur í Stafholtsey, því á þeirri leið þurfa þeir yfir þrjár vondar ár að fara, Álptá, Langá og Hvítá, fyrir utan aðrar torfærur, ógöngur og vegleysur, svo það má heita að þeir sjeu eins læknislausir, eins fjarri læknishjálp, eins og mörg þau hjeruð, sem nú kvarta um læknisleysið. Enda mundi svo fara, þegar er reglulegur læknir væri kominn á Skagann, þá mundu Útmýramenn vilja fá, annaðhvort aukalækni, eða þá hinn núverandi lækni færðan að mun nær miðju umdæmisins. Og svo mundi víðar verða. Úr þessu og þvílíku bætir þetta frumv. ekki hið minnsta. Óskir um breytingar á læknahjeruðum, ásamt upplýsingum um, hvernig því verði haganlegast við komið, þurfa að koma frá þjóðinni sjálfri og leggjast fyrir þingið, áður en það fer að gjöra jafn stórkostlega og fastákveðna breytingu á læknaumdæmunum, eins og hjer er farið fram á.

Þar sem h. 2. þm. Eyf. (B. Sv.) sagði, að annað «principið» í þessu frumv. væri sparnaður, þá get ekki sjeð það princip;

því hjer er þó kastað út 5000 krónum á ári í viðbót við það sem er. Út af orðum h. þm. Rangv. (Þorv. Bj.) vil jeg að eins drepa á það, að þeir hafa nú þegar fengið ungan og duglegan lækni í aukahjeraðið í austurhluta Rangárvallasýslu og vesturhluta Skaptafellssýslu; og þann lækni þekkjum við báðir að því, að hann mun verða eins ötull og duglegur og skyldurækinn, þó hann hafi ekki nema 1000 krónur, eins og þó það væri hækkað upp í 1500 krónur.

Þórarinn Böðvarsson: Eptir þessar umræður er jeg kominn á þá skoðun, að bezt sje, að frumv. fari ekki til 2. umr.; það mun hvort sem er ekki verða til annars en auka prætu og eyða tíma.

Breytingin sem þetta frumv. fer fram á, er stór og sumstaðar að minnsta kosti miður heppileg; jeg vil taka til dæmis að Húnvetningum fyrir norðan Blöndu hefir hingað til gefizt kostur á, að leita læknis síns innan hjeraðs, en eptir þessu frumv. eiga þeir að fara í annað hjerað, norður fyrir fjöll og firrnindi.

H. þingmenn í efri deild muna víst eptir því, að þó þeir hafi kannske meira vit en við í þessari deild, þá eru þeir þó færri og úr færri hjeruðum út um landið, og svo mikið vil jeg segja, að mjer finnst h. efri deild hafa verið hjer næsta djörf.

Jeg er alveg samdóma því, að ef læknahjeruðin verða minnkuð og gjörð fleiri, þá sje tilhlýðilegt að launin í hverju hjeraði verði lægri, því laun lækna borin saman við aðra embættismenn, t. d. presta, eru mikil; læknar hafa 1500 kr. í peningum úr landssjóði, og þar að auki fulla borgun fyrir það sem þeir gjöra og ferðast; en þau brauð eru færri, sem eru yfir 1000 kr. og þar með allt talið; það er ekki svo, að jeg öfundi læknana, allra sízt þá, sem illa takast embættisverkin, en et þingið ljeti lækna hafa svo mikil laun, að þeir hefðu enga hvöt til að vinna sjer neitt meira inn, heldur búa búi sínu og lifa af launum sínum, þá kalla jeg mál þetta komið í mjög illt horf.

Sveinn Eiríksson: Jeg er alveg samdóma h. varaforseta (Þór. B.), að jeg vil ekki að frumv. þetta fari til 2. umr. Í Skaptafellssýslunum er þessi breyting til einkis og þá heldur ekki til neins góðs, og fyrst svo er, þá er hún bara leikspil. Það má líka reiða sig á það, að ef þetta verður gjört að lögum á þessu þingi, þá koma bænarskrár til næsta þings, eigi að eins frá Öræfingum og fleirum Skaptafellssýlsubúum um fleiri lækna, heldur og víða að út um landið, fyrst aukið hafi verið annarstaðar. Jeg vona því fastlega, að þetta frumv. nái eigi að komast lengra.

ATKVÆÐAGR.: Eptir ósk 8 þm.: J. Jónassens, Gr. Thomsens, Þorv. Kjerúlfs, Sig. Stefánssonar, Sig. Jenssonar, Þorl. Guðmundssonar, Gunnars Halldórssonar og Þórarins Böðvarsonar, var samþ. að hætta umræðunum

Því næst var frumv. fellt frá 2. umr. með 12 atkv. gegn 8.

Frumv. til laga um veiting og sölu áfengra drykkja (115); 1. umr.

Páll Briem: Þetta frumv. er að ýmsu leyti gott, en hefir að öðru leyti inni að halda ýms ákvæði, sem að minni meiningu takmarka mjög atvinnufrelsi, eins og t. d. það, að brot gegn lögum þessum varði missi verzlunarleyfis, og af þessum og fleiri ástæðum get jeg ekki gefið frumv. atkv. mitt. Málið í sjálfu sjer er þess vert, að það nái fram að ganga, en á frumv. þessu þarf að gjöra miklar breytingar. Og jafnvel þó jeg viti, að þetta frumv. hafi verið til meðferðar í nefnd í h. efri deild, og nokkuð sje áliðið þingtímann, þá leyfi jeg mjer þó að stinga upp á nefnd í þetta mál.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. 5 manna nefnd og þessir kosnir:

Sveinn Eiríksson með 15 atkv.
Benidikt Sveinsson — 13 —

Þórarinn Böðvars. með 11 atkv.
Þorv. Björnsson — 11 —
Grímur Thomsen — 10 —

Tuttugasti fundur, laugardag 23. júlí á hádegi.

Forseti skýrði frá, að í nefndinni um frumv. til laga um veitingu og sölu áfengra drykkja væri kosinn formaður Sveinn Eiríksson og skrifari Grímur Thomsen.

Frumv. til laga um sölu þjóðjarða (82, 114, 135); 2. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Þrjár breytingartill. hafa komið við frumv. þetta, tvær frá nefndinni (135) og ein frá þm. Borgf. (114).

Hvað snertir bveytingartill. þm. Borgf., þá er hún fremur orða- eu efnisbreyting, og kann vel að vera að mönnum þyki orðatiltæki frumv. »skal leggja í sjóð, sem aldrei má skerða«, óviðkunnanlegri en hin, er breytingartill. vill hafa, nefnil. »skal leggja í sjerstakan sjóð«, en ákvæði frumv. eru eigi svo mjög ætluð til þess að binda hendur eptirkomendanna, hvað sjóðinn snertir. sem til hins, að gefa bendingar um, hvernig oss væri næst skapi að fara með fje þetta.

Breytingartill. nefndarinnar eru, eins og áður er sagt, tvær; önnur þeirra er í því fólgin, að amtsráð samþykki virðingu þjóðjarðanna, en eptir frumv. áttu sýslunefndir einar að fjalla um virðinguna; hin breytingin er áhrærandi borgunarskilmálana. Eptir frumv. átti kaupandi að fá allt jarðarverðið lánað gegn veði í jörðinni, og greiða 6 % af upphæðinni árlega, en þessu hefir nefndin viljað breyta á þá leið, að kaupandi skyldi þegar greiða $^1/_{10}$ af jarðarverðinu. Fyrri breytingin er gerð til að koma í veg fyrir, að það verði, sem sumir virtust bera kvíðboga fyrir við 1. umr. þessa máls, að sýslunefndir virði jarðirnar of lágt, svo landsjóður biði tjón af. Seinni breytingin var gerð þeim til geðs, er kynnu að ætla landssjóði of litla tryggingu veitta samkvæmt frumv.; en hins vegar áleit nefndin, að það muni kaupanda svo litlu, þótt hann eigi að borga $^1/_{10}$ fyrir fram, að naumast geti það eitt, út af fyrir sig, hamlað nokkrum frá að kaupa ábýlisjörð sína. Enda er mikill munur á því, að borga að eins $^1/_{10}$ hluta eða $^1/_5$ kaupverðsins út í hönd, eins og ákveðið er í lögum þeim, sem hingað til hafa verið samþykkt um sölu einstakra þjóðjarða. Að þessu leyti eru kaupskilmálarnir vægari samkvæmt frumv. þessu; en aptur á móti eru þeir harðari að því leyti, að öllu verðinu skal lokið innan ákveðins tíma. Sitt kann nú að vera að hvoru; en jeg held, fyrir mitt leyti, að hentugra sje að hafa borgunarfrestinn ákveðinn, því megi nokkuð af láninu standa um óákveðinn tíma, gerir það marga tómlátari til skuldalúkningar, og það fje, er annars mundi varið til að borga skuldina, eyðist, ef til vill, í óþarfa.

Grímur Thomsen: Jeg hefi komið með dálítið breytingaratkvæði (114) við frumv., og vil að vonum mæla fram með því. Þm. Skagf. (Ó. Br.) sagði að sönnu, að það væri að eins orðabreyting; en mjer virðist eigi svo; en þótt nú svo væri, ætti að samþykkja breytingartill. mína, af því ætíð er bezt að sneiða hjá þeim fyrirmælum, sem auðvitað er að muni verða rofin. Því þessi fyrirmæli í frumv.: »sjóð, sem aldrei má skerða«, eru fyrst og fremst gerð ógild í frumv. sjálfu, því í sömu grein stendur: »reglur um meðferð sjóðsins má setja með lögum«. Og þó það ekki væri, mundu þau koma að litlu haldi; því vjer höfum reynsluna fyrir oss í þessu efni; það hefir verið mælt þannig fyrir um suma sjóði hjá oss. Styrktarsjóði Íslands átti aldrei að eyða; en hvernig fór? Hann er nú runninn saman við viðlagasjóðinn.

En jeg ætla ekki að fara langt út í þá sálma, því verið gæti að forseti áminnti mig þá um að halda mjer við efnið. Spítalasjóðinn átti aldrei að skerða. Hann fór í viðlagasjóðinn. Og svo viðlagasjóðurinn sjálfur: hvernig er með hann? Það var tilætlun margra, að hann skyldi ekki skerða fyrri en vextir hans væru orðnir 40.000 kr.; hann átti að bæta oss upp rýrnunina á gjaldinu úr ríkissjóðnum. En nú er farið að skerða hann. Líkt mundi eflaust fara með þennan sjóð, þótt þessi fyrirmæli væru gerð að lögum; látum oss því eigi farast eins og öðrum þjóðum, þegar þær gera friðarsamninga með sjer, og semja þá í hvert skipti »ævarandi frið«, sem svo einatt er rofin ári síðar. Að því er frumv. snertir, þá er skylt að sýna því allan sóma, þar sem augnamið þess er að fjölga sjálfseignarbændum í landinu; en jeg ætla, að nefndin hafi gert þá breytingu á 3. gr., er fremur skaði þennan tilgang en greiði fyrir honum, því með þeirri breytingu er mönnum gert nokkru torveldara að eignast ábýlisjörð sína, en frumv. ætlast til; þessa hefði þó ekki þurft; tryggingin, sem frumv. gerir ráð fyrir, er næg fyrir landssjóð. En breytingin gæti haft þau áhrif, að ungum atorkusömum en efnalitlum mönnum eigi yrði auðið að kaupa ábýlisjarðir sínar, allra helzt ef þær væru góðar og þess vegna dýrar, t. d. Hafnir í Húnavatnssýslu og Kirkjubæjarklaustur á Síðu. Þessar og því líkar jarðir ættu þó að komast í hendur duglegra manna, en með þessu móti mundu þær helzt lenda í höndum peningamanna, sem þannig gæfist kostur á að spekúlera í jarðakaupum. Því ekkert er því til fyrirstöðu, að ríkur maður komi til fátæks leiguliða á landsjóðsjörð og segi við hann: »Þú getur ekki keypt ábýli þitt sjálfur, en jeg er til með að gera það; gerðu mjer þess vegna þann greiða að fala jörðina, jeg borga náttúrlega $\frac{1}{10}$ af jarðarverðinu og sezt svo í kaupin, en þjer skal jeg borga greiðann.« Þetta hefir einatt komið fyrir og mundi einkum verða títt, ef breytingartill. yrði samþykkt. Þess vegna er hún eptir minni meiningu til skaða en ekki bóta. Að öðru leyti hefi jeg ekkert að athuga við frumv., og mun með ánægju gefa því atkvæði mitt, öllu, nema því tvennu, sem jeg hefi tekið fram.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Jeg er h. þm. Borgf. (Gr. Th.) þakklátur fyrir góðar undirtektir í þessu máli, og mun jeg fúslega gera honum það til geðs, að greiða atkvæði með breytingartillögu hans. En bendingum hans viðvíkjandi breytingartill. nefndarinnar á 3. gr. skal jeg svara því, að jeg fyrir mitt leyti vildi helzt hafa 3. gr. eins og hún er í frumv. En mjer þótti rjettara að hliðra til við samnefndarmenn mína, og aðra, er hafa þá skoðun, að rjettara sje, að láta þann, er falar þjóðjörð til kaups, sýna það í verkinu, að hann hafi verulegan áhuga á að eignast jörðina. með því að borga þegar einhvern lítinn hluta af kaupverðinu. Enda álít jeg það yfir höfuð affarasælla, að hliðra til í auka-atriðum, ef að eins aðalstefnan er hin sama, heldur en að víkjast í engu að annara vilja, og spilla þar með fyrir framgangi málsins.

Ólafur Pálsson: Jeg fyrir mitt leyti er flutningsm. mjög þakklátur fyrir þetta frumv., því það er sönn rjettarbót; en auðvitað er, eins og fram er komið, að beztu jarðirnar seljast helzt, og verða hinar lakari þá óseldar, og lítur út fyrir að leggist í eyði; en við því er eigi auðið að sporna með lögum, sem náttúran er völd að, enda hefir í 4. gr. frumv. verið gert það sem gert varð til að koma þjóðjörðum í eitthvert verð landssjóði í hag, með því að veita þeim, er þær vilja þiggja, á ný sömu kosti, sem áður voru veittir.

Sigurður Stefánsson: Mjer sem mörgum öðrum er vel við frumv. þetta, af því jeg er sannfærður um, að það muni auka

tölu sjálfseignarbænda með tímanum, en eins og þm. Borgf. (Gr. Th.) er mjer miður við breytingartillögu nefndarinnar á 3. gr., því við það eru söluskilmálarnir gerðir erviðari fyrir fátæka leiguliða, en það gefur hins vegar peningamönnum enn betra tækifæri til að koma sjer við til að draga jarðir undir sig, og er því hætt við að þessi breyting fremur skerði en auki hin heillavænlegu áhrif, sem frumv. mundi hafa, ef það næði lagagildi.

Þórarinn Böðvarsson: Það er ekki fyrirætlun mín, að berjast móti frumv. þessu, heldur að eins gera eina athugasemd við það, og þó jeg fullkomlega kunni að meta hinn góða tilgang frumv., og sje fús á að játa það, að bezt er að sem flestir bændur eigi ábýlisjarðir sínar, svo framarlega sem þeir hafa efni til að kaupa þær og sýna þeim þann sóma, er þær eiga skilið, eða að minnsta kosti verja þær niðníðslu, þá er jeg enn sem fyrri óviss um, að þessum tilgangi verði náð.

Eptir frumv. er hverjum ábúanda heimilt að kaupa ábýlisjörð sína; ef nú fleiri en einn búa á sömu jörðinni, skilst mjer þeir hafi allir jafnan rjett til að fá þann part keyptan, sem þeir búa á, en þess háttar sundurliðun jarða er ekki heppileg, og jeg hefi í byggju að koma með breyt.-atkv. hjer að lútandi til 3. umr.

En þó gengið sje út frá því, að þjóðjarðasala sje heppileg fyrir landbúnaðinn, þá er efamál, hvort nú er hentugur tími til að selja þær; verðlagsskrár standa lágt, en vextir af fje eru háir, og þess vegna geri jeg mjer litla von um árangur frumv. þessa, þótt það yrði að lögum.

En jeg er samdóma þm. Borgf. (Gr. Th.) um breytingartillögu nefndarinnar; því fyrst selja skal, ber eigi að gera mönnum kaupin erviðari en þörf er á. Eptir 3. gr. setur kaupandi jörðina að veði til landssjóðs, en hvar á hann að fá peninga? Í landssjóði eru þeir ekki falir, og jeg fyrir mitt leyti treysti mjer ekki til að fá lán í bankanum gegn jarðarveði, ef ekki er 1. veðrjettur. Jeg vildi mjög svo óska, að allir þeir mörgu, sem hafa nú veðsett bankanum jarðir sínar, ekki kæmust í vandræði með að leysa þær inn aptur, en jeg óttast mjög fyrir, að til þess dragi allvíða, að þær verði eign bankans, og þá fjölga ekki sjálfseignarbændur. Þegar nú svona er ástatt, skil jeg ekki hvað menn meina með því, að samþykkja frumv. eins og þetta er.

Að endingu er mjer kært, að málið komizt til 3. umr., svo mjer gæfist kostur á að koma með breyt.till.

Landshöfðingi: Jeg ætla að eins að gera fáeinar athugasemdir við frumv. 2. gr. þess felur sýslunefndum einum virðingu jarða til sölu, en breytingartillaga nefndarinnar bætir þar úr, því hún áskilur enn fremur samþykkis amtsráðs. En mjer er eigi fullljóst, hvert vald amtsráði er ætlað í samanburði við sýslunefndir, ef þeim eigi ber saman um virðinguna; hvort má amtsráð breyta virðingunni, eða ber svo að álíta, sem matslaust sje, ef amtsráð eigi samþykkir mat sýslunefndar, eins og þegar $^2/_3$ af sýslunefndarmönnum ekki geta orðið ásáttir um virðinguna? Mjer er heldur ekki ljóst, hvernig lysthafandi á að fara að fá náð þeim rjetti, sem 1. gr. veitir honum, ef svo fer, að ekkert mat kemst á jörðina, þegar annaðhvort $^2/_3$ af sýslunefndarmönnum eigi koma sjer saman, eða amtsráð neitar um sitt samþykki. Á landsstjórnin þá að ráða matinu til lykta, eða hvað? Eins þætti mjer viðkunnanlegra, að til væri tekið, til hvers leiguliðinn fyrst ætti að snúa sjer, þegar hann falast eptir jörðinni.

Breyting nefndarinnar á 3. gr. þykir mjer til mikilla bóta, því eins og frumv. er, getur hver sem vill af leiguliðum landssjóðs heimtað ábýli sitt keypt, án þess landssjóði sje veitt nein trygging fyrir því, að hann greiði hina tilteknu afborgun.

Svo getur staðið á, að einhver leiguliði sitji jörð sína svo illa, að það eigi að byggja honum út af jörðinni; hann þarf

þá ekki annað en segja: »Jeg ætla að kaupa jörðina«; þá má til að láta hann vera kyrran á henni, án þess einu sinni að hafa tryggingu fyrir afborguninni fyrsta árið. Gefst honum þannig ef til vill færi á, að níða jörðina einu ári lengur, án þess við sje hægt að gera eða fá neinar bætur fyrir.

Þess háttar sjálfseignarbændur mundu ekki til mikillar uppbyggingar fyrir landið, því hvatirnar til að bæta jarðir sínar koma þá fyrst, er menn eru orðnir sannir eigendur þeirra, en ekki þó menn eigi þær að nafninu til, eins og nú er fyrir mörgum þeim, sem jarðeigandi eru taldir.

Jeg vil mælast til þess, að nefndin taki athugasemdir mínar til íhugunar undir 3. umr., ef henni svo kynni að virðast ástæða til að ákveða nákvæmar þau atriði, sem mjer virðast of óljós.

Jónas Jónassen: Jeg er á sama máli og margir aðrir h. þm. um það, að þetta frumv. sje sannarlegt velferðarmál, og finnst mjer mikið unnið við það, að sem flestir bændur sjeu sjálfseignarbændur. — Væri jeg bóndi í sveit, finn jeg það hjá sjálfum mjer, að jeg mundi hafa miklu meiri vilja á að gera ábýlisjörð minni til góða og bæta hana, ef jeg ætti hana sjálfur, heldur en ef einhver annar ætti hana; þannig hafa t. d. prestar, er sitja á jörðum, sem þeir ekki eiga, litla hvöt til að bæta jarðirnar, því ef þeir deyja á undan konum sínum, geta þeir átt nokkurn veginn víst, að þær verða hraktar burt af jörðunum. Jeg get heldur ómögulega sjeð, að það sje neinn gróðavegur fyrir landssjóð, að eiga þessar jarðir, allra sízt þegar augljóst er, að margar—jeg vil segja flestar — landssjóðsjarðir eru mjög illa setnar; sumar jafnvel svo illa, að enginn vill eignast þær á eptir. Jeg vil t. d. nefna eina landssjóðsjörð, sem jeg veit að h. þm. Árn. (Þ. Guðm.) þekkir eins vel og jeg, og það er jörðin Arnarnes; þar mátti áður hafa 6 til 7 kýr, því túnið þar er stórt og í sjálfu sjer grasgefið; en nú er jörð þessi rjett fyrir augunum á sjálfri landsstjórninni orðin svo úr sjer gengin af slæmri ábúð, að hún fóðrar ekki meira en 1 til 2 kýr. Jarðirnar ganga úr sjer, afgjaldið er fært niður, umboðsmaður fær allt af 1/6 af tekjunum, og svo halda menn að þetta sje þvílíkur gróði fyrir landssjóð að eiga þessar jarðir. Nei, það er þvert á móti. H. varafors. (Þ. Böðv.) efaðist um það, hvort tilganginum yrði náð með þessu frumv.; en jeg er á þeirri skoðun, að tilganginum sje einmitt náð, ef sjálfseignarbændunum fjölgar í landinu. Hann efaðist líka um, að það væri nú tími til að koma fram með slíkt frumv. sem þetta er. Nú er einmitt til tími þess, og það er allt af tími til þess. Árið 1885 var sagt, að ekki væri tími til þess, því útlit væri fyrir, að jarðirnar mundu hækka í verði; 1887 er sagt, að ekki sje tími til þess, af því að útlit sje til þess, að jarðirnar sjeu að lækka í verði. En jeg álít, að það sje allt af tími til að koma fram með slíkt frumv., og við þetta frumv. felli jeg mig svo vel, að jeg gæti glaður skrifað undir hverja grein í því.

Það er að eins eitt atriði hjer í 6. gr. sem jeg ekki skil; þar stendur, að andvirði hinna seldu jarða skuli leggja í »sjóð, sem aldrei megi skerða«, en í breytingartillögu h. þm. Borgf. (Gr. Th.) í »sjerstakan sjóð«. Því ekki í landssjóð? Hvað á það að þýða, að hafa sjerstakan dálk fyrir þessa tekjugrein? Jeg vil nema þetta hvorttveggja í burtu. Að öðru leyti er jeg frumv. mjög meðmæltur.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Viðvíkjandi skilningi hæstv. landsh. á 2. gr., skal jeg geta þess, að það var meining nefndarinnar, að afleiðingin af því, að sýslunefndin og amtsráðið eigi kæmi sjer saman um matið á jörðinni, yrði sú, að jörðin gæti eigi fengizt keypt, með því ekkert endilegt mat fengist á henni; en afleiðingin verður hin sama, ef hið setta

mat er hærra en það, sem kaupandi vill ganga að; ef t. d. það mat, sem sýslunefndin hefir sett á jörðina, er einmitt það, sem kaupandi vill ganga að, en mat amtsráðsins svo verður hærra, þá er auðvitað, að ekki verður af kaupum á jörðinni; en ef það mat, sem amtsráðið setur á jörðina, er aðgengilegt fyrir kaupanda, þá hækkar sýslunefndin sitt mat, svo samkomulag geti fengizt; jeg vona þessi grein valdi aldrei miklum misskilningi, þó hún kannske sje ekki sem allra ljósust.

Þorlákur Guðmundsson: Þetta mál hefir þegar fengið góðar undirtektir, og jeg er á sama máli og h. framsögumaður (Ó. Br.), að ef ágreiningur rís milli amtsráðsins og sýslunefndarinnar, þá orsakist hann af slæmum undirbúningi á málinu, og þá er eðlilegt, að því verði — ef svo má að orði kveða — vísað heim aptur.

Það hefir verið hreyft þeirri spurningu, hvort nú væri sá hentugi tími til, að koma fram með þetta mál. En má jeg spyrja: Nær er hentugri tími en einmitt nú? — Ástandið í landinu, og ekki sízt hinir miklu flutningar fólks af landi burt til Ameríku, benda svo ljóslega á, að einmitt nú er sá rjetti tími til að koma fram einmitt með þetta frumv. Það er öllum oss kunnugt, að það er vandræða-búskapur á sumum þjóðjörðum, og vandræðakostnaður fyrir landssjóðinn að byrðast með þær, og verða að láta 1/6 part í umboðslaun jafnvel af fengnu og ófengnu, og fá aldrei skil á sumu ef til vill, og endalausar brjefaskriptir, sem bera þá helztu ávexti, að upp verður að gefa meira eða minna af afgjöldum.

Það hefir verið sagt, að ábúandinn gæti að eins verið eigandinn að nafninu til og einhver annar staðið á bak við; en bæði er það, að sú stefna, að einstakir menn safni jörðum til eignar, er úrelt og að miklu leyti horfin, enda er ómögulegt að girða fyrir slíkt með nokkrum ákvæðum. En þó breytingartill. nefndarinnar væri felld, sem gjörð var einkum til þess, að gera frv. aðgengilegra fyrir þá menn, sem eru hræddir um hag landssjóðs, og svo fyrir stjórnina, og ákvæðum frumv. haldið, þá er ekki byrgt fyrir það, að fátækur maður geti fengið lán gegn 2. veðrjetti í jörðinni, og þannig greitt afborganir sínar. Jeg vil að svo mæltu mæla fram með því, að breyt.till. fái fram að ganga.

Landshöfðingi: Þrátt fyrir útskýringu h. framsögum. (Ó. Br.) vil jeg leyfa mjer, að skjóta því til h. nefndar, hvort henni ekki þykir ástæða til að gera breyt.uppást. við frumv. til 3. umr.; mjer finnst hálfpartinn mótsögn í því, að í 1. gr. stendur, að »hver sá, sem hefir þjóðjörð til ábúðar, skal hafa rjett til að fá jörðina keypta«, en svo í seinni lið 2. gr. hverfur þessi rjettur, ef mat sýslunefndar á jörðinni er eigi samþykkt af 2/3 allra sýslunefndarmanna — ekki þeirra, sem á fund koma, heldur allra sýslunefndarmanna —; nú getur svo staðið á, að ekki allir sýslunefndarmenn geti komið á fund, og ef til vill einhverjir fáir af þeim, sem koma, samþykkja ekki matið, þannig, að það af þeim orsökum sje ekki samþykkt af 2/3 allra nefndarmanna, þá getur ekkert orðið af kaupunum; þeirri ákvörðun mætti t. d. bæta við, að ef eigi getur fengizt samþykki 2/3 nefndarmanna, þá megi bera matið undir amtsráðið. Eins er það, að ef amtsráð ekki skyldi samþykkja mat sýslunefndar, þá er óviðkunnanlegt, að hafa ekki einhvern þann, er útkljáð geti málið; jeg álít ekkert ísjávert við það, að leyfa amtsráðinu að breyta mati sýslunefnda; það var þeim heimilt við matsgjörð þá á þjóðjörðum til leigumála, sem fram fór 1879, og hefir ekki verið kvartað yfir, að þau hafi misbrúkað vald sitt í því tilliti. Einnig ætti vel við, að í frumv. stæðu bendingar um það til ábúanda, hvert hann á að snúa sjer, þá er hann æskir að fá jörð keypta;

hvort hann á að snúa sjer til sýslunefndarinnar og biðja hana að meta jörðina, eða hvort hann á snúa sjer til annars; einnig ákvörðun um það, að ef amtsráð samþykkir ekki matið, þá skuli það ganga aptur til sýslunefndarinnar, en ekki að málið skuli þar með vera dottið úr sögunni.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Nefndin mun taka til íhugunar bendingar hæstv. landsh., í því trausti, að málið með þeim fái betri framgang fyr og síðar.

ATKVÆÐAGR.:

1. gr. frv. samþ. í e. hlj.

Beyt.till. við 2. gr. samþ. með 18 atkv.

2. gr. frv. með áorðinni breytingu samþ. með 18 atkv.

Breyt.till. við 3. gr. samþ. m. 14:8, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Jón Þórarinsson	Páll Ólafsson
Árni Jónsson	Gr. Thomsen
Ben. Sveinsson	Jón Jónsson
Eir. Briem	Lárus Halldórsson
Gunnar Halldórsson	Sig. Stefánson
Jónas Jónassen	Sveinn Eiríksson
Ólafur Briem	Þorleifur Jónsson
Ólafur Pálsson	Þorv. Bjarnarson
Páll Briem	Þórarinn Böðvarsson greiddi eigi atkv. og var hann talinn með meiri hlutanum.
Sig. Jensson	
Þorl. Guðmundsson	
Þorst. Jónsson.	
Þorvarður Kjerúlf	

3. gr. frv. með áorðinni breytingu samþ. m. 18 atkv.

4. gr. frv. samþ. m. 20 atkv.

5. — — — — 28 —

Breyt.till. Gr. Th. samþ. með 16 atkv.

6. gr. með áorðinni breytingu samþ. m. 19 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 atkv.

Frumvarp til laga um tollgreiðslu (38, 80, 131); 2. umr.

Flutningsmaður (Ólafur Briem): Það hefir komið fram ein breytingartillaga við 2. gr. í frumv. þessu, og fer hún fram á að ef lögreglustjóri þarf að takast ferð á hendur til að afhenda hinar innsigluðu vörur, þá skuli kaupmaður greiða honum ferðakostnaðinn. Þessi tillaga leggur eins, og menn sjá, nokkurt gjald á kaupmenn, en það getur víst sjaldan orðið þeim tilfinnanlegt, því að lögreglustjórarnir eða umboðsmenn þeirra búa víðast hvar í grennd við kaupstaðina, og þó að lögreglustjóri stundum þurfi að ferðast nokkuð langa leið til kaupstaðar, þá mun þó opt vera hægt að haga svo til, að fleiri kaupmenn geti notað ferð hans í sama sinni. Í nefndarálitinu eru og nokkrar breytingartillögur; þó er engin þeirra efnisbreyting, nema breytingin á 1. gr., sem ákveður, að frumvarpið eigi einungis við fastar verzlanir. Nefndin hefi undan tekið lausakaupmenn frá þessari ívilnun, sökum þess, að þeir geta eigi geymt vörur sínar nema í skipunum, og þótti henni það eigi vera nægileg trygging fyrir landssjóð.

Benidikt Sveinsson: Jeg sje, að h. nefnd hefir eigi viljað gjöra breytingu á frumvarpinu í þá átt, sem jeg tók fram við 1. umr. þessa máls. Jeg stend því upp til að gefa h. þingd. ástæðu fyrir því, að jeg hefi eigi komið fram með breytingartill. við frumv. í þá stefnu, sem jeg óskaði. Ástæðan er sú, að mjer er ekkert um það hugað, að frumv. nái fram að ganga, því að það er mjög varúðarvert og margir agnúar á því fyrirkomulagi, sem þar er farið fram á; og skal jeg nú, máli mínu til sönnunar, tilfæra nokkur dæmi. Í 3. gr. frumv. er gjört ráð fyrir, að innsiglaðar vörur liggi í 6 mánuði, áður en tollur verði af þeim tekinn. En nú getur verið, að kaupmaðurinn selji mjög lítið af vörum sínum fyrst um sinn, svo að hann fái lítið sem ekkert inn í 1 eða 2 mánuði, eins og opt á sjer stað, bæði sökum peningaskorts í sveitunum, og af því að kaupmaðurinn vill ekki selja fyr en bændur koma með vörur sínar. Þetta á sjer opt stað, einkum við fyrstu skipkomu á vorin, og getur það haft hættu í för með sjer,

því að, eins og menn vita, rýrna ýmsar vörur við að geymast og opt ber það við, að víntunnur leka. En hver ber skaðann? Sjálfsagt landssjóður að minni ætlun, eins og þetta frumvarp er orðað og úr garði gjört. Jeg skal t. d. geta þess, að enn hefir aldrei komið til Húsavíkurverzlunar víntunna, sem rannsökuð hefir verið, er ekki hafi meira eða minna lekið á leiðinni frá Kaupmannahöfn til Íslands. Og þó að skaðinn sje ekki mikill á einni og einni tunnu, þá getur hann þó orðið mikill þegar um margar er að ræða. Jeg fæ heldur ekki sjeð, að landssjóður hafi nægilega trygging, þó að vörurnar sjeu innsiglaðar og kaupmaðurinn svo geymi þær, því að opt getur verið erfitt að geyma þær svo, að fulltryggilegt sje, og fari menn á annað borð að rengja kaupmenn, og ætla þeim pretti, þá er þeim innan handar að fara í kring um innsiglið, svo eigi verði, ef til vill, að sök gefið. Afleiðingin af þessu gæti vel orðið sú, að landssjóður annaðhvort missti sjónar á tryggingunni eða neyddist til að stofna »creditoplag«, sem mundi kosta hann ærna peninga, og gjöra tollana ef til vill að fásinnu. Taki maður nú enn tillit til þess, að eptirlit landstjórnarinnar með tollinum er eitt aðalatriði í þessu máli, þá vona jeg að h. þm. geti sannfært sig um, að frumv. þetta einmitt veikir þá trygging, sem landsstjórnin hefir fyrir eptirlitinu. Eins og nú er til hagað, getur amtmaður gengið út frá því sem vísu, að tollurinn sje greiddur jafnskjótt og búið er að afferma hvert skip, og á hann því hægt með að sjá um, að allt sje í reglu frá sýslumanna hálfu í þessu tilliti. En ef nú tollgreiðslan á að dragast í 5—6 mánuði, svo að tollurinn verður greiddur í smápörtum, þá verður amtmanninum ómögulegt að sjá, hve mikið skal greiða af tolli um hver mánaðamót. Um reikningsskil landsstjórnarinnar yfir höfuð gagnvart alþingi, skal jeg ekki tala, en óska helzt að h. þm. Borgf. (Gr. Th.) taki orðið og skýri frá, hvort honum sem endurskoðunarmanni þyki þessi breyting til batnaðar. Jeg vona að öllum skiljist að öðru leyti, að sýslumanninum hlýtur að vera örðugra að gera reikningsskil fyrir tollheimtu sinni í 6 bútum, en í einu lagi eptir einum tollseðli. Jeg efast eigi um, að h. nefnd hefir haft þann lofsverða tilgang með frumv. þessu, að gera kaupmönnum hægra fyrir að greiða tollinn, en hitt efast jeg stórlega um, að þeir verði henni mjög þakklátir fyrir frumvarpið, því að, eins og nú stendur, hafa þeir de facto 3 mánaða frest á tollgreiðslunni, að minnsta kosti þeir kaupmenn, sem búa í kaupstöðum, sem eru nokkuð langt frá Reykjavík, þar sem þeir greiða sýslumanni tollana með ávísunum til Kaupmannahafnar. Þessar ávísanir munu ekki að jafnaði vera borgaðar fyr en eptir 3 mánuði í Kaupmannahöfn. Ávísunin er þannig ekki borgunin sjálf, heldur að eins trygging fyrir því að tollurinn verði greiddur. Sú umkvörtun, að kaupmenn þurfi að borga tollinn fyrir fram, er því ekki á rökum byggð. Svo kem jeg til ferðakostnaðar þess, sem frumv. hefir í för með sjer.

H. framsögum. (Ól. Br.) sagði, að kaupmenn byggju opt nærri kaupstöðum og mundi því ferðakostnaðurinn ekki verða mikill; en jeg verð að leyfa mjer að gera þá athugasemd, að sýslumenn búa opt fjarri kaupstöðum, þannig situr t. d. sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu frammi í Vatnsdal og þaðan er alllangt út á Blönduós og Skagaströnd. Og þó að sumir sýslumenn sitji nú nærri kaupstöðum, þá er ekki þar með sagt, að eptirmenn þeirra sitji á sama stað í sýslunni; þannig getur t. d. komið fyrir, að sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu flytji sig fram að Víðimýri og sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu setjist að einhversstaðar fjarri Húsavík, og

ýmsar aðrar breytingar geta orðið á bústöðum sýslumannanna, svo að ferðakostnaður þeirra getur orðið töluverður. Þess ber og að gæta, að allar líkur eru til, að vörurnar verði dýrari, ef frumv. þetta öðlast lagagildi, því að kaupmaðurinn þarf að geyma vörurnar, sem innsiglaðar eru, í vönduðu húsi, að þær ekki skemmist, og þar að auki verður honum ómögulegt að tiltaka, hve mikið hann muni geta selt á þeim og þeim mánuðinum, og hann getur opt liðið mikið tap á að bíða eptir sýslumanni. Jeg hefi tekið þessa agnúa fram af því, að mjer þykja þeir mjög ísjárverðir, en h. þingmenn mega ekki ímynda sjer, að jeg vilji gera þetta að kappsmáli, heldur vildi jeg að eins sýna þá galla, sem mjer virðast vera á frumvarpinu, og hefi jeg þó ekki líkt því talið þá alla.

Grímur Thomsen: Jeg ætla að eins að gjöra tvær athugasemdir. Önnur þeirra er við 1. gr. borna saman við 4. gr; 1. gr. segir að kaupmaður skuli geyma vörurnar innsiglaðar og upp á sína ábyrgð, þangað til lögreglustjóri afhendir þær, og tollurinn er greiddur.

Setjum svo, að hin tollskylda vara sje tómt brennivín á tunnum og öðrum þeim ílátum, er jafnan leka nokkuð; lögreglustjóri innsiglar þær og setur inn í pakkhús hjá kaupmanni; svo kemur lögreglustjóri eptir 4—6 vikur, eða síðar; er þá mikið farið úr tunnunum sökum leka, úr sumum ef til vill $^1/_2$ eða meir. Þá segir lögreglustjóri: það hefir verið tekið úr tunnunum, og þú verður samkvæmt 4. gr. að greiða prefaldan toll og borga sektir. Kaupmaður sver og sárt við leggur, að hann hafi ekki einu sinni komið inn í geymsluhúsið, auk heldur farið í tunnurnar, en lögreglustjóri vill ekki trúa því, nje hverfa frá krófum sínum, nema kaupmaður sanni að tunnurnar hafi lekið. Nú er optast torvelt að sanna, að þær hafi lekið, því þær leka sjaldan undir votta, og ekki er heldur hægt að sanna, að þær hafi ekki lekið. Með öðrum orðum: það er jafnóhægt að sanna sekt sem sakleysi, og undir öllum kringumstæðum getur opt svo farið, að landssjóður, þegar um brennivín er að ræða, missi við það, sem 1. gr. frumvarpsins getur um, og 4. gr. verður sem optast þýðingarlaus, þegar um brennivín er að ræða.

Hitt atriðið, sem jeg vildi gjöra athugasemd við, er sá 6 mánaða frestur, sem til er tekinn í 3. gr.

Mjer virðist hann mjög óhagfeldur, því við hann eykst drátturinn á tollgreiðslunni, og seinkar það aptur fyrir afgreiðslu allra reikninga, svo jarðabókarsjóðsreikningurinn, sem er undirstaða landsreikninganna, og venjulega ekki er klár fyrir hvert ár fyr en í maí næsta ár á eptir, mundi ekki geta orðið fullgjör fyr en í júlí eða ágúst, og flutningsm., sem sjálfur er í reikningsnefndinni, mun hljóta að skilja, til hve mikils ógreiða þetta mundi verða. Jeg vil því leggja það til, að frestur inn sje færður úr 6 mánuðum niður í 3 mánuði, og ætla jeg hann samt nógu langan.

Það hefði líka þá verkun, að geymslutíminn yrði styttri og rýrnun minni á tollskyldum vörum.

Framsögumaður (Ólafur Briem): H. 2. þm. Eyf. (B. Sv.) sagði, að ef ílát lækju eptir að þau væru innsigluð og tekin til geymslu, þá yrði það landssjóðs skaði, hvað tollinn snerti; en þetta er ekki rjett. Eptir nú gildandi lögum er kaupmaður einungis laus við að greiða toll af þeim drykkjuvörum, sem sannast að lekið hafi niður á leiðinni hingað til landsins, en getur þar á móti alls ekki sloppið hjá að svara tolli af þeim vínföngum, sem leka niður eptir að vörurnar eru fluttar í land. Þessari sömu reglu er haldið í frumv., enda er það sjálfsagt, að kaupmaður beri alla ábyrgð á vörunni, meðan hún er í geymslu, það er að segja, að það sje hans skaði, ef varan misferst á einhvern hátt.

Það er að vísu satt, sem þm. Borgf. (Gr. Th.) benti á, að opt geta verið vandkvæði á að vita, hvort vínfangaílát hafa lekið eða tæmzt á annan hátt; en dæmið sem hann tók, um það, hvernig fara mundi, ef lögreglustjóra þætti minnkað hafa í tunnunum, þá er hann kæmi að afhenda þær, er ekki rjett að því leyti, sem hann gjörði ráð fyrir torveldleik á að sanna, að kaupmaðnr ekki hefði tekið úr tunnunum, því samkvæmt öllum rjettarfarsreglum liggur sönnunarskyldan á þeim, sem kærir, en eigi þarf sá, sem fyrir sök er hafður, að sanna sakleysi sitt fremur í þessu tilfelli en annarstaðar. Þm. Borgf. (Gr. Th.) fann það til, að þessi 6 mánaða frestur á tollgreiðslunni mundi valda svo miklum drætti á afgreiðslu reikninga, en jeg held það mundi ekki koma að meini. Afleiðingin yrði einungis sú, að sá hluti tollsins, sem ekki væri kominn í gjalddaga, þegar reikningarnir væru samdir, gætu ekki komið inn í ársreikninginn, heldur hlyti að teljast með eptirstöðvum. En þetta sama er einmitt tilfellið með ávísanir á verzlunarhús í Kaupmannahöfn, sem sendar eru seint á árinu, að upphæð þeirra kemst ekki inn í landsreikninginn fyrir það ár.

Þá tala menn um þann kostnað, sem það baki kaupmönnum að endurgjalda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans ferðirnar, sem hann fer til að afhenda vörurnar, en jeg held þeim mundi þykja það allt tilvinnandi, enda mundi sá kostnaður sjaldan mikill, því ef sýslumaður býr fjarri kaupstað, setur hann optast umboðsmann fyrir sína hönd í nánd við kaupstaðinn. Það kann að vera, að stórkaupmenn, sem hafa mikil peningaráð, kæri sig ekki um frestinn, en allir smærri kaupmenn mundu verða honum fegnir.

Jónas Jónassen: Þó kaupmönnum þyki, eins og eðlilegt er, tollgreiðslan erfið, eins og hún er nú, held jeg samt að þeim þætti þetta fyrirkomulag engu betra. Það er illt bæði fyrir kaupmenn og lögreglustjóra.

Jeg sje að jeg hef í fyrstu misskilið frumv. eins og hinn h. þm. Eyf. (B. Sv.) hefir einnig orðið á nú; því jeg hjelt, að það yrði landssjóðs skaði, ef varan, sem væri undir innsigli, færist, t. d. af eldsvoða, en jeg sje nú að þessu er ekki þannig varið, fyrst kaupmaður hefir alla ábyrgð á vörunni. En hvernig sem skaða ber að höndum, hvort sem tunnur leka eða annað ber til, þá má kaupmaður hafa það bótalaust Það er hart fyrir kaupmann að geyma sjálfur sína eigin vöru og mega ekki snerta hana, hve mikið sem honum liggur á; og þó hann sje hinn ráðvandasti, getur opt verið tortryggni hjá lögreglustjóra, þegar hann kemur til að afhenda vörurnar; tunnurnar hafa lekið og innsiglin hrotið af þeim, lögreglustjóri spyr, hvað valdi minnkun vínsins og hvarfi innsiglanna, en kaupmaður veit ekki neitt um neitt.

Tilgangur frumv. er góður; en mjer virðist það þannig úr garði gjört, að þó það kæmist á, þá mundi það einasta gjöra þeim ógreiða, er það vill gjöra vel til, kaupmönnum, en lögreglustjórum mundi það auka ómak og fyrirhöfn á margan hátt; einkum sje jeg eigi betur en opt geti vandræði af þessu leitt, þegar langt er til lögreglustjóra.

Mjer finnst langbezt að hafa þetta fyrst um sinn, eins og hingað til hefir gengið; er það mjög óvíst, að breytt verði til batnaðar; en jeg skyldi vera fyrstur manna til að gefa slíku frumvarpi atkvæði mitt, ef það gæti orðið til þess, að losa kaupmenn við fyrirfram-tollgreiðslu, og ef að jafnframt því væri trygging fyrir því, að öðrum hlutaðeigendum væri eigi gjört umsjón með tollgreiðslunni of örðug og landssjóði væri borgið; en eins og frumv. liggur fyrir, get jeg eigi greitt með því atkvæði mitt, hversu feginn sem jeg vildi.

Benidikt Sveinsson: Jeg skal strax lýsa því yfir, að mjer er þetta frumvarp engan veginn ljóst. H. þm. Rvík. (J.

Jónassen) skilur frumv. svo, að kaupmaðurinn eigi að bera alla ábyrgð og skaða af því, sem farast kann meðan hinar tollskyldu vörur eru undir innsigli; en jeg er ekki kominn til að sjá og skilja, að þessi útlegging á frumv. sje rjett. Jeg get ekki sjeð af frumv., að það sje kaupmaðurinn, sem á að bera ábyrgðina; það stendur í 1. gr.: «Vörur þær, sem tollur er «eigi greiddur af, skulu þegar innsiglaðar «af lögreglustjóra, en kaupmaður skal «geyma þær og ábyrgjast, og má hvorki «taka þær sjálfur til afnota eða útsölu, «nje farga þeim á annan hátt». Það er auðsjáanlegt af þessu, að kaupmaður á ekki að ábyrgjast, að ekki leki úr ílátunum o. s. frv., eða bíða þann skaða, sem leiðir af því, að eitthvað ferst af vörunni; heldur stendur orðið «ábyrgjast» — sem reyndar er óheppilegt orð hjer — til tryggingar fyrir því, að kaupmaður gjöri ekki það, sem á eptir segir: taki vörurnar sjálfur til afnota o. s. frv. Þetta, sem stendur seinast í greininni, er þá útlistun á orðinu ábyrgjast. Hann á að ábyrgjast það eitt, sem honum er sjálfrátt. Það er önnur ábyrgð til, sem heitir á útlendu máli «assurance». Sú ábyrgð getur komið til greina, þegar vörurnar farast án þess eiganda sje sjálfrátt. En jeg skal játa það, að þessi skýring liggur engan veginn í augum uppi, því að frumv. er mjög svo óljóst, ekki sízt í þessu atriði. Þessi útlegging mín styrkist þó, þegar 1. grein er borin saman við 4. grein; þar stendur:

«Ef kaupmaður verður uppvís að því, «að hafa tekið eitthvað af hinum inn«sigluðu vörum án leyfis lögreglustjóra, «skal hann gjalda þar af þrefaldan toll «o. s. frv».

Skilyrði fyrir því, að kaupmaðurinn verði að borga þrefaldan toll, er þá það, að hann hafi «tekið» eitthvað af vörunum. Nei — jeg get ekki fráfallið þeirri skoðun minni, að kaupmaður eigi eptir frumv. ekki að ábyrgjast vöruna meðan hún er undir innsigli, nje líða bótalaust það tjón, sem leitt getur af því, að ílátin leka eða varan spillist á einhvern hátt, sem hann eigi fær aðgjört. En sje nú svo, að hann eigi að bera þennan skaða, eða ábyrgjast vörurnar, þá er frumv. alveg óhafandi. Því setjum svo t. d., að kaupmaður fái 6 ílát með vínföng; nú tekur hann 3 af þeim, en hin 3 lætur hann innsigla. Nú skyldi vilja svo til, að þau 3, sem hann enga disposition hefir yfir og ekki má koma nærri, leki mjög mikið, en þau aptur, sem hann hafði tekið, mjög lítið, og svo kæmi sýslumaður eptir 6 mánuði að afhenda kaupmanni þau 3 ílát, sem eptir voru, og væru þau þá orðin galtóm. Mundi þá enginn sá kaupmaður, er yrði grettur við að gjalda tollinn af þessum tómu ílátum? Þetta er þó mjög athugavert; að minnsta kosti er það auðsjáanlega alls ekki athugað af nefndini. Þá má enn minnast á ferðakostnað lögreglustjóra í kaupstaðinn; kostnaður þessi gæti þó hlaupið nokkuð og meira en nefndin ímyndar sjer. Menn hafa reyndar sagt, að lögreglustjóri gæti haft sinn umboðsmann á staðnum; en það er engan veginn víst. Jeg skal taka til dæmis formann minn í Þingeyjarsýslu; hann gat ekki fengið neinn mann sem hann gjörði sig ánægðan með, í eða kringum Raufarhöfn, mann, sem hann trúði fyrir að reikna út og taka toll hjá kaupmönnum; sá, sem hann áleit veðurheftugan til þessa, bjó á Presthólum, sem er langt frá Raufarhöfn. Hver maður, sem vill stinga hendinni í sinn eigin barm, getur heldur ekki láð sýslumanni, þó hann trúi ekki hverjum og einum fyrir mörgum þúsundum króna, sem hann á svo sjálfur að ábyrgjast landssjóði á vissum tíma.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Jeg vil að eins gera stutta athugasemd viðvíkjandi skilningnum á orðinu »ábyrgjast«, sem ágreiningur er orðinn um, og finnst mjer

enginn vafi geta leikið á því, að það er kaupmannsins skaði öll sú rýrnun, sem á vínföngunum kann að verða eptir að þau eru innsigluð, en auðvitað er það ekki á hans ábyrgð, *að* ílátin ekki leki neinu; þetta er alveg sama sem það fyrirkomulag, sem nú á sjer stað; tollurinn er reiknaður út strax, og þann toll er kaupmaðurinn skyldur að borga, þó allt leki niður næsta dag eptir; hjer er um enga breytingu að ræða. Að innsigli detti af, eins og h. þm. Rvík. (J. Jónass.) virtist gera ráð fyrir, við því ímynda jeg mjer að ekki verði hætt, því jeg hafði hugsað mjer að það væri ekki lakk-, heldur blý-innsigli.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt.till. nefndarinnar (80) felld með 11 atkv. gegn 11; 1. gr. frumv. (C. 38) felld með 12 atkv. gegn 4; frumv þar með álitið fallið.

Frumvarp til laga um breyt. á lögum um gjald af brennivíni o. fl. 7. nóvbr. 1879 (C. 35, 120); 2. umr.

Framsögumaður (Árni Jónsson): Jeg vona að jeg þurfi ekki að svo komnu að halda uppi langri vörn fyrir þessu máli. Það fjekk góðar undirtektir hjer í deildinni við 1. umr., og svo vona jeg enn fari. Þær breytingar, sem nefndin hefir gert við frumv., eru til bóta, að því leyti sem þær miða til þess að lækka toll-hæðir hins upphaflega frumv., og ættu þær því að verða til þess að afla því vinsælda hjá þeim, sem hafa verið á móti hinni hærri tollhækkun. Breytingarnar eru tvær; hin fyrri við 2. tölul., 1. gr., er fer fram á láta tollinn á þeim vínföngum standa í stað, eins og hann áður hefur verið; því bæði eru þau vín, rauðvín og messuvín, fremur meinlaus, og þar að auki talsvert brúkuð. Hin breytingin er við 4. tölul., 1. gr., og fer hún fram á, að tollurinn á »öðrum vínföngum« verði lækkaður úr 100 aurum niður í 60; þetta er ekki svo lítil lækkun, og vona jeg að frumv. með þessari breytingu verði aðgengilegra fyrir þá, sem hafa hreift mótmælum gegn hinum háa tolli. Hlutfallið verður þá hið sama, sem það áður var, nema tollurinn á öli er hækkaður um helming.

Þar sem engar aðrar breyttill. hafa komið fram við frumv., er því ekki um annað að gera en annaðhvort að fella það alveg, eða samþykkja það með þessum breytingum, eða óbreytt, og það annaðhvort vona jeg fastlega að hin h. þingd. geri.

Landshöfðingi: Jeg er enn sömu skoðunar sem jeg hefi áður verið, að það sje mjög varhugavert, eptir því, sem nú er ástatt fyrir oss, að hækka skatta landssjóðsins, sjer í lagi tollana; og það stig, sem hjer er stigið í þá átt, álít jeg heldur stórt. Eptir frumv. er tollurinn hvergi hækkaður minna en 33⅓% og á einum stað 100%. Ef það er tilgangurinn, að auka tekjur landssjóðsins, þá eiga menn að minni meiningu að stíga smá spor, hækka lítið, en hækka heldur optar, eptir því sem það sýnir sig, hvort af hækkun tollanna leiðir hækkun tekjanna eða ekki. Jeg mundi hafa mælt með þessu frumv., ef hækkunin hefði ekki verið fram úr 15—16%. Jeg vil sjerstaklega taka það fram, að hækkun sú á tolli af öli, sem hjer er farið fram á, virðist mjer mikils til of há. Því verður þó varla neitað, að öl er hollur og góður drykkur; og af þeim öltegundum, sem vanalega flytjast til landsins, er það að eins baierskt öl, sem nokkur minnsta hætta getur verið að ofdrykkja orsakist af, og þó er ekki allt það öl, sem talið er með baiersku öli, áfengt, t. d. ekki Pilsneröl eða Wieneröl; baierskt öl hefir líka þá kosti, að það er álitið mjög hollt og hressandi fyrir veika menn, sjerstaklega brjóstveika, og þá er hart að gera slíkum mönnum sem erfiðast fyrir að afla sjer þess.

Annað atriði, sem jeg vildi drepa á, er hinn mikli munur á tollinum í 2. tölul. og 4. tölul., þar sem farið er fram á, að

af rauðvíni og messuvíni skuli greiddir, eins og að undanförnu, 15 aur. af pottinum, en af »öðrum vínföngum« 60 aur. og eptir hinu upphaflega frumv. 100 aur. af hverjum potti, eða 3 pelum, sjeu þau flutt í minni ílátum. Það er mjög erfitt að draga hina rjettu línu milli þessara tveggja tegunda af vínum. Hvað er »rauðvín«? Það er að minnsta kosti í verzlunarmálinu ekkert sjerstakt nafn yfir það, og opt erfitt að segja, hvað undir það heyrir. Hvað ætti líka að valda þessum mikla mun, ef t. d. er pantað eitthvert ljett spánskt vín og sterkt franskt Bourgogne-vín, að þá skuli leggja 15 a. á pottinn af Bourgogne-víninu, af því það er látið heyra undir »rauðvín«, en 60 a. eða kannske 100 a. af flöskunni af spánska víninu, af því það vín er ekki talið með rauðvíni? Eða, að af jafn-saklausu víni og »tinto« skuli vera teknir 60 a., en af frönskum rauðum vínum, sem sum geta verið talsvert sterk, að eins teknir 15 a. af pottinum? Og hvað er meint með orðinu »messuvín«? Það er engin sjerstök víntegund til með því nafni. Þetta vín, sem vanalega er brúkað í kirkjum, er samsull af sírópi, spritti og þess konar; það má líka sjálfsagt í þess stað brúka hvert annað vín, sem er óáfengt, eins og t. d. í Skotlandi; þar er ávallt brúkað portvín við útdeilingu, og því ætla hjer mætti ekki brúka eins vel portvín eins og þetta samansull, sem kallað er messuvín? Er það þá meiningin, að af hverju víni, sem brúkað er sem messuvín við útdeilingu, skuli að eins greiða 15 a.; eða þá hitt, að hið svo kallaða messuvín, sem ekki er nokkurt vín, skuli eitt hafa þennan lagarjett?

Jeg Lefði viljað leggja það til, að þessir tveir liðir væru heldur færðir saman en sundur, og því vildi jeg að 2. liður 1. gr. væri látinn halda sjer eins og hann er, en 4. liður væri færður niður.

Lárus Halldórsson: Á þingi í fyrra kom jeg fram með frumv. í líka stefnu og þetta, og mælti fram með því eptir mætti. Það var talsvert meiri tollhækkun, sem eg þá fór fram á, enda skal jeg þegar í byrjun lýsa því yfir, að mjer finnst þetta frumv. ekki ganga nógu langt í því að hækka tollinn; en þó hefi jeg verið með í því, að koma þessu frumv. inn á þingið og greiða því veg, af þeirri ástæðu, að jeg vildi heldur litla toll-hækkun á áfengum drykkjum en enga. Hæstv. landsh. sagði, að ef menn vildu hækka tolla þessa, þá ætti að gera það smátt og smátt, og þótti honum hjer stigið of stórt spor. Þetta er reyndar alveg gagnstætt minni skoðun, að því er snertir áfenga drykki, en af því jeg hefi orðið þess var, að fáir þingmenn hafa sömu skoðun og jeg um þetta mál, skal jeg ekki halda henni fast fram. Jeg vil líka minna hæstv. landsh. á, að þetta spor, sem hjer er stigið, er ekki stærra en þau spor, sem áður hafa verið stigin í tollhækkuninni; fyrst var t. a. m. tollurinn á brennivíni 10 aur., síðan 20, síðan 30 og nú er farið fram á að hann verði 40 aur.; jeg vona því, að hvorki af hálfu þingm. nje hæstv. landsh. verði nokkuð því til fyrirstöðu, að frumv. þetta nái fram að ganga, hvað þetta atriði snertir.

Viðvíkjandi ölinu, sem hæstv. landsh. fór nokkrum orðum um, að tollur sá, er hjer er farið fram á, væri sjerstaklega of hár af, skal jeg taka það fram nú, sem jeg tók fram í fyrra, að ölið er sá áfengur drykkur, sem mjer er einna verst við af þeim öllum, því það hefir verið og verður mörgum ungum manni brú til drykkjuskapar? »Á mjóum þvengjum læra hundarnir að stela«, og af ölinu læra margir unglingar að drekka. Hann sagði, að það væri að eins ein tegund öls, sem væri áfeng, en það er einmitt sú tegund, sem langmest flyzt af til landsins, og að jeg ætla nálega hin eina, o: baierskt öl, sem jeg álít hina mestu ólyfjan, o: sjerstaklega fyrir æskulýðinn; og hvað tollinn

snertir, þá er að vísu farið fram á að hann hækki um helming; en það er aðgætandi, að hann er allt of lágur, eins og hann er, og verður alls ekki tilfinnanlegur, þó hann hækki þetta.

Það var tekið fram í fyrra af h. þm. Rvík. (J. Jónass.), og nú aptur af hæstv. landsh., að baierskt öl væri nauðsynlegt læknismeðal fyrir brjóstveika menn; en með allri virðingu fyrir hæstv. landsh. og h. þm. Rvík. (J. Jónass.), get jeg ekki gert mikið úr þessari mótbáru, enda held jeg að ekki sje stemmt stigu fyrir því, að öl verði notað til þess, þó borga þurfi 5 aura — segi og skrifa fimm aura — meira fyrir hvern pott, en hingað til.

Hæstv. landsh. gerði mikið úr þeim ógöngum, sem tollheimtumenn og tollgreiðslumenn kæmust í út af messuvíni, rauðvíni, tl. 2, og »öðrum vínföngum«, tl. 4, en jeg get ekki sjeð, að þær ógöngur verði meiri hjer eptir en hingað til.

Hæstv. landsh. talaði einnig um, að óviðkunnanlegur og óskiljanlegur væri hinn mikli mismunur á tollinum undir 2. tölul. og 4. tölul.

Jeg skal geta þess, að þessi tillaga nefndarinnar um að lækka toll á rauðvíni úr 20 a., sem er í frumv., í 15 a,, var gerð með hliðsjón til þeirrar mótbáru, er kom fram gegn þessari tollkækkun í fyrra, að rauðvín væri mjög svo brúkað til matar; en jeg er fyrir mitt leyti ekkert á móti því samkv. tillögu hæstv. landsh., að láta 2. tölul. standa óhaggaðan, eins og í hinu upphaflega frumv., með 20 aur., og 4. tölul. með 60 aur. Þá hverfur þessi mótbára hæstv. landsh.; þá er hlutfallið hið sama, sem það nú er, 20 á móti 60, sama sem 15 á móti 45, og þá vona jeg að frumv. verði aðgengilegt, bæði fyrir þessa h. deild og h. efri deild, og að það fái svo fram að ganga.

Þar sem hæstv. landsh. fór út í kirkjulega sálma, þá skal jeg að mestu leiða það hjá mjer; en frá mínu sjónarmiði get jeg ekki sjeð neitt á móti því, að verði eitthvert af hinum fínu, góðu vínum, sem hæstv. landsh. nefndi, tekið í staðinn fyrir okkar messuvín, að það verði þá kallað messuvín og komi undir 20 aura tollinn.

Jónas Jónassen: Jeg er í þessu máli sömu skoðunar og í fyrra. Hver er meiningin með þessu frumv.? Ef það er meiningin, að ætla sjer að minnka drykkjuskapinn, þá er frumv. óheppilegt, enda þarf þess ekki við; drykkjuskapur er allt af af sjálfu sjer að minnka í landinu.

Frumv. fer of langt og ekki of stutt í því, að hækka tollinn, og eins og það er nú, verður það hvorki til að auka tekjurnar, nje til að útrýma nokkurri ofdrykkju úr landinu, og því álít jeg skynsamast að fella það.

Framsögumaður (Árni Jónsson): H. þm. S.-Múl. (L. H.) hefir tekið af mjer ómakið að svara mótmælum hæstv. landsh. móti þessu frumv., sem mjer virtust eiga við veikari rök að styðjast, en vanalegt er frá honum. Hæstv. landsh. þótti hjer stigið of stórt stig, þar sem tollurinn væri hækkaður um 33⅓%, en það er þó minna en það stig, sem síðast var stigið, þegar tollurinn var hækkaður; þá var hann hækkaður um 50%, eins og sjest, þegar lögin 7. nóv. 1879 eru borin saman við hin frá 11. febr. 1876; og þótt tollurinn væri þá svona mikið hækkaður, þá bar þó ekki mikið á því, að tekjurnar rýrnuðu, heldur þvert á móti.

Hvað ölinu viðvíkur, þá var mótbáru hæstv. landsh. þar fullkomlega svarað af h. þm. S.-Múl. (L. H.), sem jeg er alveg samdóma um það, að öldrykkjan sje opt undanfari of mikillar vínnautnar.

Viðvíkjandi 2. og 4. tölul., og öllum þeim mörgu vínum, sem hæstv. landsh. taldi upp, og sem við sumir ekki þekkjum, sem ekki erum vínfróðir, og viðvíkj-

andi hlutfallinu milli tollsins undir 2. tl. og tollsins undir 4. tölul., skal jeg að eins geta þess, að erfiðleikarnir við að greina þessa tvo flokka sundur hljóta að vera alveg þeir sömu, hvort tollurinn er hækkaður, svo að hann verður 60 aur. og 20 aur., eða hann er látinn vera óhækkaður 45 aur. og 15 aur.: hlutfallið er hið sama, og vínin eru hin sömu. Það stendur sem sje alveg *sama greining* í okkar frumv., eins og í hinum eldri lögum. En sje þessi skipting óglögg eða óhentug, þá er það ekki okkar sök, og þá hefði það staðið landsstjórninni næst, að koma fram með breytingar í þá átt á hinum eldri lögum.

Það getur vel verið, að það væri heppilegt frá landsstjórnarinnar sjónarmiði, að hún fyrirskipaði eitthvert annað áfengara vín í stað messuvíns; þá kynni, ef til vill, sjerstaklega þeir að koma tíðara til altaris, sem þykja þessi vín ljúffengari og bragðmeiri heldur en messuvínið.

Mótbárur h. þm. Rvík. (J. Jónass.) voru mjög valtar og veikar, og svo fannst mjer fullkomin mótsögn í því, að hann fyrst segir, að *ofdrykkjan sje engin í landinu*, og síðan, að þetta frumv. geri hvorugt, hvorki að auka tekjurnar nje *minnka ofdrykkjuna!*

Þórarinn Böðvarsson: Jeg álít mig tilknúðan til þess að standa upp og lýsa óánægju minni yfir því, að menn sjeu hjer að gera gaman að altarisgöngu manna og altaris-sakramenti, og vildi jeg helzt mega vera frí fyrir að heyra slíkt optar.

ATKVÆÐAGR.:

1. gr. 1. tölul. samþ. með 19 atkv.
Breyt.till. við 2. tölul. felld.
2. tölul. samþ. með 15 atkv.
3. tl. a. — — 19 —
3. tl. b. — — 18 —
3. tl. c. — — 18 —
Breyt.till. við 4. tölul. samþ. með 16 atkv. gegn 4.
4. tölul. samþ. án atkv.
2. gr. samþ. í einu hljóði.
3. gr. — með 18 atkv.
4. gr. — — 18 —
Frumv. vísað til 3. umr. með 20 atkv.

Frumvarp til laga um breyting á lögum um aðflutningsgjald af tóbaki, 11. febr. 1876 (36, 121); 2. umr.

Framsögumaður (Árni Jónsson): Jeg vona að jeg þurfi því síður að mæla langt með þessu frumv., þar sem þetta mál fyr og síðar hefir fengið góðar undirtektir og hagstæðan byr í h. þingd. Nefndin hefir að eins stungið upp á einni breytingu, þeirri, að færa toll af vindlum úr 100 a., eptir frumv. ofan í 50 aura. Þetta gerði nefndin til þess að fara meðalveginn, fara sem allra hóglegast, og leita þannig að góðri lendingu fyrir frumv.; en jeg skal geta þess, að fái þessi breyt.till. eigi meira meðhald hjá hæstv. landsh., en breyt.till. nefndarinnar við vínfangatollsfrumv., þá mun nefndin fús að falla frá þessari breytingu sinni.

Jeg tók eigi vel eptir því, er h. varaforseti (Þ. Böðv.) sagði áðan, en hafi hann meint það til mín, er hann—að mjer heyrðist—var að vandlæta út af þeim orðum, sem fjellu um það, hvaða vín skyldi eða mætti nota við sakramentið, þá vísa jeg þeirri vandlætingaráminningu algerlega frá mjer, og vísa honum til hins, sem honum er víst fullkunnugt, að mestu veldur sá, sem hneykslunum veldur.

Sigurður Stefánsson: Jeg skal ekki tala lengi um þetta mál. Jeg tók það fram í fyrra, að tóbak væri sú vara, sem helzt ætti að tolla af öllum munaðarvörum. Það er enginn skaði þó að tóbaksnautnin minnkaði eða jafnvel þótt hætt yrði að flytja tóbak til landsins, því það verður þó víst aldrei sagt um það, að það geri mönnum gagn, sje læknismeðal eða því um líkt. Það má líka taka það fram, að þessi tollhækkun verður sjálfsagt til þess, að auka tekjur landssjóðs, því eins

og menn vita, fer tóbaksnautnin sí-vaxandi, og varla er hætt við því, að hún minnki þótt tollurinn verði hækkaður lítið eitt. En þar sem tóbaksnautn er sú nautn, sem allir æðri sem lægri, geta verið án, þá er sízt ástæða til að vægja mönnum við að gjalda toll af þessari vöru.

Jeg sje, að nefndin hefir stungið upp á að breyta þeim 100 aurum, sem eptir frumv. átti að leggja á vindlana, í 50 a., en jeg hafði þvert á móti hugsað mjer, að ástæða væri til að færa þessa 100 aura upp í 200 aura. Jeg hætti þó við að koma með breyttill. í þessa átt, með því að jeg óttaðist, að það kynni að spilla fyrir málinu. Jeg þarf þess vegna ekki að taka það fram, að jeg tel þessa breyting nefndarinnar alveg ófæra, og, að jeg greiði atkvæði á móti breyt.till. Jeg vona líka að h. þingmenn greiði atkvæði með 1. gr. 2. tölul. frumv., en ekki með breytingu nefndarinnar við þennan tölul.

Jónas Jónassen: Jeg er samdóma h. 1. þm. Ísf. (S. St.) um það, að vindlar sjeu sú munaðarvara, sem tolla á duglega. Ef h. þingdm. vildu ganga ofan í búðir til kaupmanna hjer í bænum, þá mundu þeir geta sjeð, hvílík ógrynni þeir hafa af vindlum. Þeir mundu geta talið hjá þeim margar þúsundir. Það er svo mikið af vindlum hjer í búðunum, að jeg gæti vel hugsað að það liði yfir einhvern h. þingdm. að sjá þau ósköp. Það eru fádæma ósköp reykt hjer af vindlum. Svo að segja hver búðardrengur reykir vindla. Jeg er viss um að fjöldi af þeim reykir 6 til 10 vindla á hverjum sunnudegi; jeg tala nú ekki um í útreiðartúrunum á sumrin. Það er líka hver drengur, sem gengur orðið hjer um götурnar með vindil í munninum. Þetta er ekki lítil peningaeyðsla, þegar hver vindill kostar minnst 5, 6, 7 aura. Allur þorri hinna ungu óþroskuðu skólapilta reykir, og margir þeirra taka sjaldan vindilinn eða pípuna úr munninum allan daginn, nema í kennslutímunum. Auk þess, sem tóbaksnautn hefir í för með sjer mikla peningaeyðslu, er hún líka beinlínis skaðleg fyrir heilsu hinna ungu manna, enda verður flestum illt af henni í byrjuninni.

Jeg er alveg samdóma h. 1. þm. Ísf. (S. St.) um, að 100 aurar sje ekki of hár tollur á 100 vindlum, enda mun jeg greiða atkv. mitt með frumv. að því er þennan toll snertir, en ekki með breyttill. nefndarinnar. Jeg reyki sjálfur ekki svo lítið, en ef jeg get gefið 4 kr. fyrir vindlakassann, þá get jeg líka gefið 5 kr. fyrir hann. Aðalatriðið er það, að fyrirbyggja ofnautn tóbaksins. Það getur þó verið, að nefndin hafi sett tollinn of hátt á öðru tóbaki, en alls ekki á vindlunum, og jeg mun greiða atkvæði mitt með frumvarpinu í heild sinni.

Landshöfðingi: Af því að h. þm. Rvík (J. Jónassen) hefir haldið því fram, að hjer í Rvík væri reykt fjarska mikið af vindlum og menn því skyldu ætla að svo væri víðar á landinu, þá vil jeg gefa þá upplýsing, að tóbakstollurinn hefir minnkað seinasta árið; hann var 1000 kr. minni árið 1886 en 1885. Hvernig stendur á því, að tollurinn minnkar, þegar tóbaksnautnin fer svo mjög í vöxt, sem menn segja? Það hljóta þá að hafa átt sjer stað mikil tollsvik. En hvernig halda menn þá muni fara, ef tóbakstollurinn verður hækkaður? Það er eflaust, að þá aukast tollsvikin. Jeg er nú samt ekki kominn til að trúa því, að þessi mikla ofnautn á tóbaki eigi sjer stað. Jeg verð líka, eins og jeg tók fram í fyrra, að efast um, að löggjafarvaldið nái tilgangi sínum með þessum háa tolli á vindlum. Það er, eins og menn vita, til nokkuð, sem heitir »Cigaretter« og sem er alveg ómögulegt að tolla nema sem reyktóbak. Þótt nú því yrði komið til leiðar, að engir vindlar

flyttust inn í landið, þá gætu menn ekki fyrirbyggt að reykt yrði eins mikið af »Cigaretter« eins og áður af vindlum, og þeir, sem annars reykja, munu hafa eins mikið gaman af að reykja »Cigaretter«. Jeg álít að nefndin hafi gjört rjett í að stinga upp á að breyta 100 aura tollinum á vindlum í frumv. í 50 aura, því verði þessi breyt.till. samþ., getur hugsazt, að landssjóður bíði ekki skaða af tollhækkuninni, þar sem á hinn bóginn má telja það víst, að landssjóður bíði tjón, ef tollurinn verður 100 aurar.

Lárus Halldórsson: Það gladdi mig mikillega að heyra hinar góðu undirtektir h. þm. Rvík. (J. Jónassens) undir þetta frumv.; það gleður mig að hann er með oss flutningsmönnum í að auka tollinn á tóbaki og sjer í lagi á vindlum. Það gladdi mig enn fremur að heyra, að hann er kominn á sama sjónarmið og jeg, að því er snertir toll á tóbaki og áfengum drykkjum, nefnilega að tilgangurinn með tollinum á þessar munaðarvörur eigi meðfram og jafnvel mestmegnis að vera sá, að draga úr innflutningi þeirra og neyzlu. Út af því, sem h. þm. Rvk. (J. J) og l. þm. Ísf. (S. St.) sögðu um lækkun nefndarinnar á vindlatollinum, skal jeg geta þess, að jeg gerði það um hug minn að skrifa undir þá breyting, að færa 100 au. ofan í 50 au.; gjörði jeg það til samkomulags í nefndinni, en nefndin gjörði þessa breyting af því, að hún hjelt, að 50 aura tollurinn mundi mæta minni mótstöðu en 100 aura tollurinn; en síðan breyttill. kom út, höfum vjer nefndarmenn komizt að raun um, að 50 aurarnir hafa mætt meiri mótstöðu en 100 aur., og að þeir eru fleiri, sem þykir 50 au. vera of lágur tollur Já, þeir eru jafnvel til, sem þykir 100 au. vera of lítill tollur á vindlum. Jeg mun því fyrir mitt leyti greiða atkv. á móti þessari breytingu nefndarinnar, en þar á móti með 100 aura tollinum í frumv. óbreyttum.

Það, sem yfir höfuð gjörir erfitt að koma fram viðunanlega háum tolli á tóbaki, er það, að tollurinn hefir verið lagður svo lítill á í fyrstu, 10 aur. á hvert pd., sem er svo hlægilega lítið gjald. Einmitt af því svona smátt var byrjað, og menn eru orðnir vanir þessum lága tolli, kynoka menn sjer við hækkuninni og þykir hún óaðgengileg, jafnvel hversu lítil sem hún er; en þegar gætt er að sama tolli í öðrum löndum, þá er hinn hækkaði tollur, sem hjer er farið fram á, ekki mikill í samanburði við toll annarstaðar, þar sem annars nokkur tollur er. Jeg skal geta þess t. d., að í Noregi er tollurinn 250 aur. á 100 vindlum. Menn hafa sagt, að þessi tollhækkun væri hættuleg fyrir landssjóð; en jeg er fyrir mitt leyti sannfærður um, að þó tekjur landssjóðs ef til vill aukist ekki við hækkunina á vínfangatollinum, þá getur ekki hjá því farið, að landssjóður hafi mikinn hag af hækkun á tóbakstollinum. Það er engin sönnun fyrir því, að tekjur landssjóðs af tóbakstolli muni minnka, ef tollurinn hækkar, þó tóbakstollurinn árið sem leið hafi minnkað um 1000 kr., eins og hæstv. landsh. tók fram. Lækkunin á þessari tekjugrein stendur ekki í sambandi við verðið á vörunni eða tollinn, heldur stafar hún af harðærinu, sem hefir gjört það að verkum, að menn hafa orðið að minnka við sig tóbaksnautnina, eins og annað, og er mjer þó nær að halda, að menn hafi ekki minnkað við sig tóbakskaup að sama skapi sem margt annað. En hvað það snertir, að tóbaksnautn muni minnka svo við þessa tollhækkun, að landssjóður hafi skaða, þá er eg óhræddur um, að það kemur ekki fyrir. Tökum t. d. vindlana. Þeir, sem brúka mest af vindlum, eru embættismenn og aðrir efnaðir menn, og þeir munu ekki telja eptir sjer að borga það, sem tollhækkuninni nemur, til þess að fá vindlana sína, enda sagði h. þm. Rvík (J. J.), að úr því hann gæti gefið 4 kr. fyrir

hundraðið, þá gæti hann líka gefið 5 kr. Sama mun mega segja um þá, sem kaupa í smákaupum. Enginn, sem á annað borð kaupir vindil og vill gefa fyrir hann 5 au., mun ganga frá honum fyrir 6 aura. Yfir höfuð mun það sannast, að hækkun tóbakstollsins mun lítil eða engin áhrif hafa á tóbaksnautnina. Það mun vera satt sem sagt er, að þeir sem hafa vanið sig á að brúka tóbak, eru ekki gjarnir á að leggja það niður. Mjer er því næst að halda, að tekjur landssjóðs muni vaxa nálega í hlutfalli við hækkun tollsins, nema ef ráð skal gera fyrir tollsvikum, eins og mjer hálft um hálft skildist hæstv. landsh. gjöra.

Jeg skal játa, að mjer hefir opt dottið í hug, að menn mundu vera farnir að fremja tollsvik, þar sem tóbakstollurinn hefir nálega staðið í stað ár eptir ár, en tóbaksnautnin virðist fara sívaxandi. Vindlanautnin að minnsta kosti fer stórum í vöxt alstaðar, þar sem jeg þekki til. Þeir eru orðnir algengir nálega á hverju sveitaheimili, einkum í kring um verzlunarstaðina, og í kaupstöðunum sjálfum, hringinn í kring um land allt, sjest varla maður á gangi öðru vísi en með rjúkandi vindil. Skal jeg svo ekki orðlengja meira um þetta mál, en geta þess enn einu sinni, að jeg greiði atkv. á móti till. nefndarinnar um að breyta vindlatollinum í 50 au. og held mjer við frumv. óbreytt.

Framsögumaður (Árni Jónsson): Jeg skal ekki fjölyrða um þetta mál, meir en búið er. Þess gjörist ekki þörf. Jeg skal að eins taka það fram, að þar sem hæstv. landsh. sagði, að það væri mótsögn eða ósamkvæmni í því, að vindlanautnin hefði farið svo í vöxt síðustu árin, sem h. þm. Rvík. (J. Jónassen) sagði, þar sem á hinn bóginn tóbakstollurinn hefði minnkað, þá þarf það alls ekki að vera mótsögn; því h. þm. Rvík. sagði að eins, að hjer í Rvík væri reykt öll ósköp af vindlum. Það mun líka satt vera, að tóbaksnautn fer vaxandi ár frá ári hjer í höfuðstaðnum; en þetta á sjer naumast stað úti um landið, miklu fremur mun hún fara minnkandi þar. Þar takmarkar árferðið sjálfsagt nautnina, en síður hjer í Rvík. Embættismenn í Rvík og búðarsveinar eru víst ekki svo mjög bundnir við árferðið. Þeir færa víst heldur út nautnina, hvernig sem árar hjá okkur hinum til lands og sjávar. Þó nú tóbakstollurinn hafi minnkað árið sem leið um 1000 kr., eptir orðum hins hæstv. landsh., þá er það ekki mikið; en sízt mun þurfa að óttast að tekjur landsjóðs skerðist við þessa hækkun, sem hjer er farið fram á af tóbaki. Þær hlytu að aukast og það að mun, ef þetta frv. yrði að lögum. Jeg er viss um, að þó tóbaksbrúkunin minnkaði enn að mun, þá mundu tekjurnar þó æfinlega aukast um 10,000kr. Eptir upplýsingum h. þm. Rvík er ofnautn vindla að aukast að minnsta kosti hjer í Reykjavík. Bæði sökum þessa og ekki sízt þegar jeg heyrði það á orðum hans, hve mikið skaðræði það væri fyrir heilsuna að reykja mikið, er jeg fús á að taka aptur fyrir nefndarinnar hönd breytingartillögu hennar um að færa 100 aura tollinn á vindlum ofan í 50 aura. Jeg lýsi því þess vegna yfir, að jeg tek þessa breytingu aptur.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. 1. tölul. samþ. með 21 atkv.

I. gr. 2. tölul. samþ. með 21 atkv.

2. — — í einu hljóði.

3. — — - — —.

Breyttill. nefnd. tekin aptur.

Málinu vísað til 3. umr. með 21 atkv.

Frv. til laga um forðabúr og heyásetning í sveitum (81); 2. umr.

Framsögum.(Páll Briem): Að svo stöddu skal jeg ekki vera margorður um þetta frv.; en óska þess að eins, að h. þingd. leyfi því að ganga til 3. umr. til þess að hægt verði að ráða bót á því, ef menn skyldu hafa eitthvað sjerstaklegt út á það að setja. Enn fremur vil jeg biðja menn vel að

gæta þess, að þó þetta frv. verði samþ., þá eru eigi þar með samþykktar neinar sjerstakar reglur fyrir þá, sem eiga að nota það, heldur er mönnum í sveit með því að eins gefið vald til að ráða þeim málefnum, sem eru sjerstakleg sveitamálefni, eptir þeim reglum, sem þeim sjálfum þóknast að setja og amtmanni að samþykkja. Sumir af þeim h. þm., sem mælt hafa móti þessu frv., ættu einmitt að geta ráðið þeim reglum, sem fylgja skyldi í sínum sveitum. Jeg kalla þá gefa sjálfum sjer mistraustsvottorð, ef þeir ætla, að þeir geti ekki fengið ¼ atkvæða með sjer í sinni eigin sveit. En hafi þeir þennan litla minni hluta af sveitungum sínum, þá þurfa þeir eigi að vera hræddir við þessi lög. Þótt þeir sjálfir sjái eigi gagn af þessum lögum, finnst mjer þeir ættu eigi að neita þeim vegna annara, sem vilja fá lögin og beita þeim hjá sjer. Og jeg vil benda á, að þeir ættu að forðast, að sagt verði um þá eins og um Fariseana, að sjálfir komi þeir ekki inn í himnaríki, og einnig bönnuðu þeir öðrum að komast þangað. Jeg vil lofa hjeraðsbúum sjálfum að gjöra út um sín sjerstaklegu sveitamál, og jeg vil hafa það traust til almennings, sýslunefnda og amtmanns, að þær reglur, sem þeir setja sjer samkvæmt frv. þessu, verði þeim ekki til tjóns, heldur til gagns og viðreisnar.

Sigurður Stefánsson: Jeg skal ekki vera langorður. Nefndin hefur ekki fundið ástæðu til að breyta þessu frv., og jeg skal líka játa það með h. flutningsm., að jeg er ekkert hræddur við það, þótt þetta frv. verði að lögum. Því þó t. a. m. sýslunefndin í Dalasýslu yrði svo fákæn, að fara að búa til frv. til samþykkta um heyásetning og fordabúr, þá treysti jeg amtmanni til að samþykkja ekki slíkt frumv., þar sem það gengi allt of nærri frelsi manna eða atvinnu. Amtmaður hefur eptir 4. gr. frv. vald til að neita að staðfesta þær samþykktir, sem ganga of nærri frelsi manna eða þröngva um of atvinnufrelsi. Jeg er líka viss um, að amtmaður fær aldrei annað frv. til samþykkta um þetta efni, en það, sem þröngvir á einhvern hátt frelsi manna, og þá samþykkir amtmaður það ekki, og það er eina bótin.

En getur alþingi verið þekkt fyrir að búa slík lög til sem þessi? Ja — það er hægt að búa lögin til, en menn verða líka að sjá, hvort þau geti náð tilgangi sínum. Jeg segi fyrir mig, að þó jeg væri í sýslunefnd eða sveitarnefnd, þá gæti jeg ekki búið til þá samþykkt, er kæmi í veg fyrir, að sveitungar mínir dræpi úr hor, ef þeir á annað borð væru svo kærulitlir með skepnur sínar; svo bætist það nú við, að hjer er að ræða um að leggja nýja byrði á sveitarsjóðinn, þar sem þeir eiga að fá laun úr sveitarsjóði, sem kosnir eru »til »að hafa á hendi heyskoðun og eptirlit »með heyásetning og hirðing á öllum bú»peningi manna, til að setja á hey hjá »mönnum o. s. frv.« Þetta stendur allt í 5. gr. Nú skulum við ímynda oss, að við sjeum ekki kaþólskir og því heyásetningamenn okkar engir páfar, svo það geti komið fyrir, að bóndi sá, er þeir setja á hjá, verði samt heylaus og felli fyrir það fje sitt; er það þá honum að kenna? Jeg held ekki. Kæmi slíkt fyrir hjá mjer, þá segði jeg við heyásetningamennina: Þið verðið, elskuvinir, að gjöra svo vel að borga skaðann, sem þið bökuðuð mjer með því að narra mig til að setja meira á, en jeg hafði heyforða til. Það segir sig líka sjálft; eins og þessir menn hafa vald, eins hljóta þeir líka að hafa skyldur. Jeg vil spyrja h. flutningsm. (P. Br.), hvort hann fyndi það ekki siðferðislega skyldu sína, að taka þátt í því tjóni, sem af því leiddi fyrir bónda, að hann sem heyásetningamaður hefði sett of margt á hjá honum, og slíkt gæti auðveldlega komið fyrir h. flutningsmann, svo þaulæfður heyásetningamaður sem hann er. En þá eru blessuð heyforðabúrin, þetta himnaríki þm. Snæf. (P. Br.); en hve sæll sem hann kann að vera

þar, óttast jeg fyrir, að hinn staðurinn sje þó þar skammt fyrir neðan. Svo er enn eitt að athuga. Jeg sje á frv., að hreppstjóri er orðinn nýr liður í valdstjórninni. Hann má ákveða sektir fyrir brot gegn samþykktinni, ef menn fremur vilja gefa sig undir hans úrskurð en sýslumanns, en þrátt fyrir allt það traust, sem jeg ber til hreppstjóra yfir höfuð, þá held jeg að jeg vildi ekki eiga undir hreppstjóra að ákveða, hvort jeg væri sekur eða ekki. Jeg vildi helzt að sýslumaður, sem bezt væri trúandi til að gjöra rjett, hefði einn úrskurðarvald í þessu efni, og að enginn milliliður væri þar milli mín og sýslumanns. Þar að auki gæti það auðveldlega komið fyrir, að hreppstjóri væri sjálfur heyásetningamaður, og gæti þá svo farið, að hann yrði að dæma í sinni eigin sök. Lagafrv. þetta er svo úr garði gjört, að jeg get með engu móti gefið því atkvæði mitt, og sú eina huggun, sem jeg hef, ef það skyldi verða að lögum, er sú, að amtmaður muni neita staðfestingar hverri einustu samþykkt, sem fer í þessa átt, með því hún hlyti að skerða frelsi manna og þröngva atvinnufrelsinu.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg ætla ekki að taka neitt upp aptur af því sem jeg sagði við 1. umr. þessa máls, en jeg ætla ekki heldur að taka neitt af því aptur, sem jeg sagði þá. Jeg lýsti því þá yfir, að annmarkar væru á frv., að það gengi of nærri atvinnufrelsinu, einu hinu helgasta frelsi manna, og að það mundi verða til að deyfa áhuga manna á að sjá sjálfum sjer borgið. En þrátt fyrir það, þótt þetta frv. sje komið frá þeim herrum, sem hjer um daginn var svo sárt um, að þingið ljeti af hendi nokkuð af valdi sínu, þá mun jeg þó gefa því atkvæði mitt, að það fái að ganga til 3. umr.; jeg virði svo mikils hinn góða tilgang þeirra; hefi jeg þá í huga að koma með við 3. umr. breytingar þær, sem jeg ráðgjörði við 1. umr. að koma með, en sem jeg enn þá hefi ekki borið fram, af því að jeg hefi ekki haft tóm til þess.

Þorleifur Jónsson: Það ætla nú eigi síður en um daginn að verða skiptar skoðanir manna um þetta mál; en þrátt fyrir það, þótt skoðanirnar sjeu skiptar um frv., þá munu allir vera samhuga um, að hjer sje við mikið þjóðarmein að berjast, þar sem er skepnufellir af hor og heyleysi á vorin. Eins munu menn samhuga um, að af þessu þjóðarmeini stafi mikið af aumingjaskap og bágindum landsmanna. Hingað verða menn samferða; en þegar á að fara að finna ráð við þessu þjóðarmeini, þá skiptast leiðir. Atvinnuveganefndin kom með þetta frumv. til að reyna að ráða bót á meinsemdinni. En þá rísa sumir þm. öndverðir upp og segja: það er ekkert gagn að því sem hjer er lagt til. Þegar þeir svo eru spurðir, hvað gjöra skuli, geta þeir ekki komið með nein ráð, sjá ekki annan veg en láta allt drasla, eins og að undanförnu, án þess að gera nokkra tilraun til að bæta. Þetta er svo greinileg úrræðaleysisyfirlýsing, sem mest má verða. Mjer sýnist það þó enginn ómögulegleiki, að komast hjá því að drepa úr hor; reynslan hefur sýnt það. Sumir drepa aldrei úr hor, hvernig sem árar, og þótt þeir búi á heyskaparlitlum jörðum; aptur drepa aðrir úr hor á hverju ári, hvernig sem viðrar, og hvernig sem heyjast. Úr því nú að sumir komast jafnan hjá að drepa úr hor, ættu aðrir og að geta það, svo að það er ekkert kraptaverk að komast hjá horfelli. Samt sem áður skal jeg játa, að það eru vandfundin ráð til að sporna við honum.

Atvinnuveganefndin hefur nú í frv. því, er hjer liggur fyrir, komið með þau ráð, sem henni hafa þótt tiltækileg. Þrátt fyrir öll mótmæli gegn frv. þessu, sje jeg ekki betur en að með því sje stórt stig stigið til að vernda fjenað gegn horfelli.

Í frv. er sjerstaklega um það atriði að ræða, að veita sýslunefndum vald til að

koma á samþykktum um forðabúr og heyásetning. Mótmælendurnir hafa ekki sýnt það nje sannað, að þetta geti ekki gjört gagn.

Í þeirri sveit, sem jeg er kunnugastur í, hafa nú undanfarin ár farið fram að vísu ekki heyásetningar, heldur skoðunargjörðir á heyjum og fjenaði. Skoðunarmenn hafa ferðast um hreppinn, að minnsta kosti tvisvar á vetri, og ráðlagt bændum og leiðbeint þeim. Þetta hefur haft góðan árangur og fjármennska batnað við það, og svo mundi verða, ef þessari aðferð væri fylgt annarstaðar, hvað þá heldur ef mönnum væri gefið vald til að setja á hey hjá mönnum, eins og frumv. þetta fer fram á. Mjer er ómögulegt að sjá, að það sje mikil hætta, þótt einhver samþykkt kæmist á um þetta efni, og jafnvel eigi heldur, þótt ásetningsmönnum væri gefið vald til að skipa að skera, þar sem þeim þætti þess þörf. Það er leiðinlegt að heyra allt af vera klifað á því hjer í deildinni, að þetta og þetta komi í bága við frelsisskoðanir þessa tíma. Stjórnin hafði það að ástæðu, þegar hún neitaði staðfestingar á lögunum um fjárforræði þurfamanna, og þessi kenning stjórnarinnar hefur fallið í frjóvsaman akur; hún hljómaði þegar um brauðaskipunarlögin var að ræða, og nú í þessu máli klingir sama bjallan. Þrír af skörungum deildarinnar hafa risið gegn frv., af því, að það gengi of nærri frelsi manna, og kæmi í bága við frelsisskoðanir þessara tíma. En gætum að, hverra frelsi hjer er takmarkað. Er það frelsi dugnaðarmannsins og forsjálna bóndans, sem aldrei drepur úr hor og allt af hefur nóg hey? Nei. Ásetningsmenn fara ekki að setja þvílíkum mönnum þær reglur, sem þeir geta ekki aðhyllzt; þeir hafa girt fyrir það með því að eiga allt af nóg hey og drepa aldrei úr hor. Það hefur verið sagt, að erfitt sje að gefa reglur um heyásetning, því að einn eyðir miklu minna heyi en annar; en þar er sú bót í máli, að heyásetningsmenn munu optast gagnkunnugir, þar sem þeir setja á, eða að minnsta kosti munu þeir fljótt verða það, og er þá svo sem sjálfsagt, að þeir munu taka tillit til þess, og ekki beita ströngum meðulum við þá. En hverjir eru þá eptir, sem verða fyrir þessu mikla ófrelsi af heyásetningsmönnum, sem allt af er verið að klifa á? Það eru að eins slóðarnir og trassarnir, sem aldrei hirða um að hafa nóg fóður fyrir fjenað sinn og sýnast hafa það fyrir reglu, að drepa úr hor. Satt að segja er jeg alveg hissa, að nokkurn skuli taka sárt, þótt frelsi slíkra manna sje dálítið takmarkað, einkum þegar um það er að ræða, að tryggja þá sjálfa gegn þeim voða, að missa fjenað sinn, og verða þannig, ef til vill, upp á aðra komnir, — og að tryggja dugnaðarmennina gegn þeim ófögnuði, að verða að framfæra trassana, þegar þeir geta ekki bjargazt sjálfir; með öðrum orðum, þegar þessi takmörkun miðar beinlínis til almenningsheilla.

Þegar menn eru að slá um sig í þessu máli með frelsi þessara tíma, þá gæta þeir víst ekki að, við hverja frelsistakmörkunin kemur fram og í hverju skyni hún er gjörð. Setjum svo, að heyásetningur hefði farið fram á síðasta hausti, og að heyásetningsmenn hefðu látið skera svo af fje í haust, að hinu hefði verið borgið. Hver mundi afleiðingin af því hafa orðið? Sú, að menn hefðu í haust haft full not af því, sem þeir skáru þá, að það fje, sem þeir settu á, hefði orðið í góðu standi, og borið fullkominn arð, í stað þess sem heyjunum hefir verið eytt til einskis í það, sem fallið hefir, og það sem af hefir tórt, er arðlítið, og það, sem hefir fallið, hefir að engu gagni orðið. Auk þess er víst óhætt að segja, að nú mundi miklu fleira en ekki færra fje lifandi, ef svo hefði verið að farið hjá þeim, sem hafa drepið úr hor.

Þá er að minnast á forðabúrin; þau eiga að vera til tryggingar, ef einhverjum

kynni að misheppnast að setja á, eða ef einhverjir kæmu sjer undan fyrirskipunum ásetningsmanna.

Mjer finnst það hálfgjörð hneysa fyrir deildina, ef hún fellir frumv. og gefur með því þá yfirlýsing, að hún sje ráðalaus í þessu máli.

H. l. þm. Ísfirð.(S. St.) gjörði hálfpartinn gys að því, að hreppstjóra skyldi trúað fyrir að ákveða sektirnar, en það er einmitt þýðingarmikið til að flýta fyrir. Mjer virtist hann hafa þann skilning, að að eins væri gefinn kostur á, að skjóta úrskurði hreppstjóra til sýslumanns, en það er ekki svo; mönnum er frjálst að velja um, hvort þeir vilji heldur láta hreppstjóra eða sýslumann ákveða sektirnar.

Benidikt Sveinsson: Það gladdi mig að heyra, að háttv. framsögumaður (P. Brie m) ráðgjörði að gjöra breytingar við frumv. þetta til 3. umr. þess. Jeg skoraði á hann og hina háttv. nefnd við 1. umr., að gjöra breytingar á frumv., svo að glögglega sæist, hver væri tilgangur þess, og benti jafnframt á nokkur atriði, er mjer virtust þurfa umbótar við, og vona jeg að þær breytingar, þegar þær koma, geti fullnægt þeim kröfum, sem jeg verð að gjöra til frumv. Jeg vil samt sem áður minnast á þá agnúa, sem mjer virðast vera á þessu frumv., eins og það liggur nú fyrir hinni háttv. þingdeild.

Jeg vil biðja menn að leggja áherzlu á það, að það eru tvö meðöl, sem hin háttv. nefnd hefir til að ná tilgangi sínum og þau eru: heyásetningsmenn og heyforðabúr.

Viðvíkjandi hinu fyrra meðali hinnar háttv. nefndar vil jeg taka það fram, að mjer virðist sýslunefndum og amtmanni með frumv. vera veitt alltof mikið og allt of ótakmarkað vald. Það lætur mjög vel í eyrum, að bændur fái samþykktavald. En allt hefir sín takmörk, og þess konar samþykktavald hefir þau takmörk, sem liggur í eignarrjetti og persónulegum rjetti einstaklingsins samkvæmt hlutarins eðli og grundvallarreglum stjórnarskipunarlaganna.

Orðin í frumv.: «Nú virðist amtmanni ákvarðanir í samþykkt, er honum hefir verið send til staðfestingar, ganga of nærri rjetti manna eða þröngva um of atvinnufrelsi, eða á einhvern hátt koma í bága við lög eða grundvallarreglur laganna», —þessi orð í frumv. sýna það, að nefndin sjálf játar, að þetta ásetningsmál sje þess eðlis, að það geti komið í bága við grundvallarreglur gildandi laga, og því hefir henni þóknazt að ákveða svo, að samþykktir skuli bera undir amtmann til staðfestingar. En hver eru þá þessi lög, sem þess konar samþykktir koma í bága við? Það er, eins og eg benti á, stjórnarskrá vor efst á blaði. Í 50 gr. hennar stendur: »Eignarrjetturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almennings þörf krefji; þarf til þess lagaboð og komi fullt verð fyrir». Hjer stendur: «láta af hendi». En eptir frumv. þurfa ásetningsmennirnir ekki annað en að taka upp hnífinn og skera; með því er alveg slegið stryki yfir orð stjórnarskrárinnar. «Að láta af hendi mót fullu endurgjaldi» er þó miklu vægara orð; eða mundi hin háttvirta nefnd ekki finna mun á þessu og mótsetning til hins, að eyðileggja eign manns, taka fjenað hans og skera með valdi bótalaust? Jeg ímynda mjer að flestir sjeu svo skapi farnir, að þeir vilji heldur borða af sínum eigin disk, en láta heyásetningsmenn skammta sjer úr hnefa eignir og rjettindi. Hin háttv. nefnd má ekki taka mjer það illa upp, þó að jeg sje viðkvæmur, þegar á að fara að hrapa svona að því, að varpa gagngjörðu, takmarkalausu einveldi í hendur sýslunefndanna. Amtmennirnir geta verið svo góðir lagamenn sem þeir vera vilja; en eitt er víst og það er merg-

urinn málsins, að það liggur alveg fyrir utan verkahring þeirra, að meta og fella fullnaðarúrskurð um það, hvort slíkar samþykktir koma í bága við gildandi lög og stjórnarskrána. Þeir eru og verða hvorki löggjafar nje dómarar, heldur aðeins umboðslegir embættismenn. Ef hin háttv. nefnd vildi setja óhulta trygging fyrir því, að heyásetningsmennirnir, eður aðrir hlutaðeigendur borgi að minnsta kosti eiganda skaða þann, sem fjárskurðurinn veldur, þá gæti fyrst komið til tals að selja þeim valdið í hendur, bæði til að dæma um nauðsynina til drápsins, og framkvæmd á því, móti vilja eiganda. Ef hin háttv. nefnd vill ábyrgjast það með tryggum lagaákvæðum, að þeir menn, sem skorið er hjá eptir geðþótta heyásetningsmannanna, líði engan skaða, heldur fái fullar bætur fyrir — þá væri þó allt öðru máli að gegna, og mundi frumv. þó eigi að síður all-voðalegt, og ekki hafandi.

Jeg er sannfærður um að hin háttv. nefnd mun finna ástæðu til að setja hjer nánari og áþreifanlegri takmörk, áður en hún getur ætlazt til, að jeg eða nokkur sem skilur 50. gr. stjórnarskrárinnar geti gefið þessu frumv. atkvæði sitt. Hvað segir líka 51. gr. stjórnarskrárinnar? «Öll bönd, sem hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrjetti manna til atvinnu, og eigi eru byggð á almenningsheillum, skal aftaka með lagaboði». En hvað á að segja um góðan fjármann, sem stendur yfir fje sínu á vetrum, notar hverja þúfu sem auð er og mokar ofan af fyrir því: er þetta ekki leyfilegur og lofsverður atvinnuvegur? Er þetta ekki lofsvert og leyfilegt meðal til að drýgja heyforðann, og til að geta verið jafnvel alveg án hans? Jeg gæti talið 30, 40, 50 dæmi, þar sem einmitt þetta á sjer stað. Og enginn spámaður er svo góður, að hann geti sagt, hve mikið góðir fjármenn geta sparað hey sín með þessu móti. Það er hið ókomna tíðarfar, sem hjer kemur í leikinn, og gjörir spádóma og áætlanir ásetningsmanna að athlægi. Enginn spámaður getur einu sinni sagt að vorinu til, hve mikið af fjenu hefir lifað síðastliðinn vetur fyrir umhyggjusemi, nákvæmni, og atorku góðs fjármanns, og er þó hjer um liðinn tíma að ræða. Enginn heyásetningsmaður er svo mikill spámaður, að hann geti dæmt um það, eða sjeð fyrir hvernig vetur muni verða. Jeg mótmæli að horfellir hafi orðið í Þingeyjarsýslu síðastliðinn vetur fyrir heyleysis sakir. Það var áfellið að vorinu til eða rjettara þegar komið var langt fram á sumar, sem tjónið gjörði, og sem enginn getur reiknað út haustinu áður, hvorki heyásetningsmenn nje aðrir dauðlegir menn, þó nefndarmenn sjeu, enda voru og Mývetningar t. d. búnir fyrir löngu að sleppa fje sínu á fjöll.

Þetta vil jeg biðja hina háttv. nefnd vel að athuga, ef hún ætlar að leyfilegt sje, að skera fje þeirra manna með valdi, sem ekki eru, að heyásetningsmannanna áliti, eins búhyggnir og þeir sjálfir.

H. 2. þm. Húnv. (Þorl. J.) sagði, að sumir dræpu aldrei úr hor, hversu lítið hey sem þeir hefðu, en aptur aðrir dræpu æfinlega úr hor, hve mikið hey sem þeir hefðu. Þetta er öldungis satt. Þetta vil jeg líka skrifa undir. En hvað sannar það? Einmitt það sem jeg segi, og sem jeg hef ótal mörg dæmi fyrir úr Þingeyjarsýslu, að þeir sem kunna vel að hirða fje sitt, þeir geta komizt af með ótrúlega lítið hey, en hinir, sem ekki kunna þá íþrótt, geta eytt ótrúlega miklu af heyi, án þess þó að hafa skepnur sínar í góðu standi. Hinn háttv. sami þm. (Þorl. J.) sagði ennfremur, að þessi harka í frumv. væri ekki hættuleg, því að hún kæmi einungis niður á trössunum. Mikið var það, að heyásetningsmennirnir eiga ekki að fara og vaða inn á heimili þeirra, sem aldrei fella úr hor, og skera fje þeirra niður (hlátur!). Það

er öldungis eins og sagt væri, ef ætti að fara að innleiða einhver ströng hegningarlög, t. d. hegning fyrir þjófnað, — þeim saklausu er alveg óhætt að skrifa undir þessi lög, aldrei verða þeir hengdir (hlátur!). H. þm. (Þorl. J.) hefir ekki gætt þess, að þessi ákvörðun kemur auðvitað einmitt einungis niður á trössunum sem hann kallar, en er harkan og ofbeldið þó samt sem áður ekki ofmikið og óheyrilegt? Þetta, einmitt þetta á hann að sanna. Jú, sannarlega ræðir hjer um hörku og ofbeldi, sem gengur langt út yfir þau takmörk, sem stjórnarskráin setur sem óhagganlega tryggingu fyrir atvinnufrelsi og eignarrjetti manna. Jeg verð að neita því þverlega, að þingið hafi nokkra heimild til, að veita sýslunefndum og amtmönnum svo víðtækt vald, sem gjört er í þessu frumv., þvert ofan í stjórnarskrána.

Þetta ætti háttv. nefnd að íhuga betur og láta sjer enga lægingu þykja. Jeg held hin háttv. nefnd hafi ekki skilið mig um daginn, eða rjettara þær athugasemdir, sem jeg gjörði viðvíkjandi heyforðabúrunum. Hinn háttv. 2. þm. Húnv. (Þorl. J.) sagði, að menn ættu að flýja til þeirra, þegar hey þryti. En hvernig verða þessi heyforðabúr til? Hvernig útskýrir nefndin það? Hjer stendur: «Á vorin semur hreppsnefndin við menn, er vilja taka að sjer að selja hreppsbúum hey á næsta vori fyrir tiltekið verð». «Planið» er því þetta: Á vorin árið áður eiga menn að skuldbinda sig til að selja mönnum vorið eptir hey! (Hlátur). Menn þurfa að vera þeir spámenn, að geta fyrirfram sagt, heilu ári á undan, að þeir geti selt ári síðar svo og svo mikið hey! (Hlátur). Ef þetta er hægðarleikur, ef menn eru svona miklir spámenn, að geta vitað svona langt fram í tímann, hvernig stendur þá á fjárfellinum, þessu þjóðarmeini? Skyldi sá maður ekki geta sjeð fyrir, hve margt fje hann má setja á hey sín, sem getur vitað það heilu ári á undan, hve mikið hey hann getur selt að ári liðnu? *(Páll Br.:* Þetta er vel hægt). Ef bændur geta þannig lesið í bók hins ókomna tíma, þá hefðu þeir sjeð fyrirfram hretið í vor. En hvað sem hinn háttv. sessunautur minn (Páll Br.) segir um, að þetta sje hægt, þá vona jeg að hann og hin háttv. nefnd með honum sjái, að enginn maður með fullu viti muni með fúsum og frjálsum vilja skuldbinda sig á þennan hátt.

En nú skulum vjer gæta að hugmynd hinnar háttv. nefndar um heyforðabúr, og hvað heyforðabúr eru. Það er ekki hin gamla hugmynd um heyforðabúr frá 18. öld, að safna heyi frá einstökum mönnum á einn stað og geyma það svo, þangað til þörf er á til að taka. Það gleður mig þó, að nefndin hefir ekki vakið upp þennan gamla draug, sem eru svo mörg og mikil stórlýti á, að þau eru sannarlega hagfræðilegur fábjánaháttur og fásinna. Nei, nefndin hefir aðra hugmynd um heyforðabúr; hún skilur við heyforðabúr sama sem heyforðamenn. Hjá henni verða menn að búrum, það er að segja heyforðabúrum (Hlátur). Það sanna í þessu hjá nefndinni er það, og að því vil eg sízt skopast, að hver bóndi á að hafa heyforðabúr fyrir sjálfan sig. En það ófuga hjá nefndinni er það, að hún gjörir menn að ómögulegum heyforðabúrum (hlátur), sem eiga að skuldbinda sig heilu ári á undan til að selja hey fyrir ákveðið verð. Og hver verður svo afleiðingin? Sú, að því fleiri sem heyforðabúr nefndarinnar verða, því fleiri verða þeir, sem heimta hey; og þrjóti heyforðabúrin, segja hinir: jeg vil hafa hey, jeg skal láta dæma þig til að láta mig fá hey, já dæma þig til að verða að heyi, því þú hefir skuldbundið þig til þess, með samþykki sýslunefndar og amtmanns, með loforði þínu og lögunum. (Hlátur). Nei, hin háttv. nefnd hlýtur að sjá, að frumv. þetta er þannig lagað, að

það kippir fótum undan sjálfu sjer. Mjer er hreinasta alvara. Mjer fellur þungt að þetta frumv. er svo lagað, að jeg get ekki gefið því atkvæði mitt. Jeg gæti bætt við mörgu spaugi, sem þetta frumv. gefur tilefni til, en mjer er annara um þetta mál en svo, að jeg sje að gjöra að gamni mínu. Hefði hin háttv. nefnd stígið feti framar í sömu átt sem lög 12. jan 1884 í því að hvetja menn í þessa átt, og láta hreppsnefndir líta betur eptir og hafa aðhald í hreppum sínum, þá hefði jeg getað orðið nefndinni samferða. Jeg met mikils tilgang hinnar háttv. nefndar; en ef hún ekki vill aðhyllast þessa skoðun og byggja á heyrilegum grundvelli, þá get jeg ekki, hvað feginn sem eg vildi, verið með henni. Ef nefndin ekki vill ganga inn á það, að hver maður sje beztur vörður síns eigin fjár, og það sje sómatilfinningin, dugnaðurinn, og hin þroskaða hagfræðislega þekking, sem auka þarf, þá er jeg á móti því, að búa til þvingunarlög, sem eiga að leiða menn, hvort sem þeir vilja eða ekki, inn á götu hygginda og heyforðabúra. Ef því nefndin ekki vill gjöra í þessa átt, sem jeg hef bent til, gagngjörða breyting á frumvarpinu sínu, get jeg ekki gefið því atkvæði mitt.

Lárus Halldórsson: Það hafa þegar orðir langar umræður um þetta mál, og skal jeg því eigi fara mörgum orðum um það. Það er auðsætt, að h. nefnd hefir gengið gott eitt til að koma með frumv. þetta hjer inn á þingið, þar sem hún hefir viljað reyna að koma í veg fyrir eitt af því, sem er aðalmein landbúnaðar vors, sem er skepnufellir og harðýðgisleg meðferð manna á þeim vegna fóðurskorts. Jeg skal fúslega játa, að heyásetningar að haustinu geta gert mikið til að fyrirbyggja skepnufelli á vorum, en þeir eru þó eigi einhlítir; það sýndi sig bezt á Austurlandi í vor, því að þar fjell hvað mest fje fyrir þeim, sem heybyrgir voru, og það sýnir nægilega ljóst, að heyásetningurinn er ekki einhlítur. En hvað samþykktir snertir, þá verð jeg að vera á því, að þær sjeu því að eins góðar, að allir sveitarmenn aðhyllist þær og hlýði þeim af fúsum vilja. Jeg var fyrir nokkrum árum búsettur í Fljótsdal, og var þar með samþykki allra hreppsbúa höfð sú regla, að kjósa heyásetningsmenn á hausti hverju til að ganga um og gefa bændum ráð, eptir reglum, sem settar voru um heyásetning, og gafst þetta mjög vel; en hitt hefði mönnum þar aldrei dottið í hug, að fara að gefa heyásetningsmönnunum vald til að skera niður skepnur bænda.

Af því mjer virðist frumv. þetta ganga um of nærri persónulegu frelsi manna og atvinnufrelsi, þá get jeg ekki varizt þess, að minnast á annað frumv., sem nýlega kom hingað í deildina frá h. efri deild, mjög heppilegt frumv., um veiting og sölu áfengra drykkja; en hver var sá, sem hóf fyrstur andmæli á móti því frumv. hjer í deildinni? Einmitt h. þm. Snæf. (P.B.), og færði hann þá ástæðu fyrir andmælum sínum, að sjer þætti frumv. ganga um of nærri atvinnufrelsi manna, þar sem það færi fram á að taka verzlunarleyfi af þeim sem brytu; en nú er sami h. þm. að mæla fram með lagafrumv., sem getur leitt til takmörkunar á atvinnufrelsi manna, eins og h. 2. þm Eyf. (B. Sv.) hefir sýnt fram á. H. 2. þm. Húnv. (Þorl. J.) tók fram, að þessi skerðing á persónulegu frelsi kæmi eingöngu niður á trössunum; en jeg held að jeg geti sýnt og sannað, að þetta geti einnig komið niður á dugnaðarmönnum, sem eru betri bændur og fyrirhyggjusamari en heyásetningsmennirnir, auk þess sem persónuleg óvild getur komið heyásetningsmönnum til að gera sumum rangt til. Tökum eitt dæmi þessu til sönnunar. Nú er farið að tíðkast, að bændur fóðra talsvert á korni; setjum nú svo, að heyásetningsmenn komi til ein-

hvers bónda, sem hefir þennan sið, og segi við hann: »Þú hefir allt og lítil hey, góðurinn minn, og verður því að skera«. Bóndinn: »Jeg skal játa, að jeg er fremur heylítill, en jeg ætla mjer að fá mjer korn í kaupstaðnum í viðbót við heyið«. Ásetningsmennirnir: »Já, en hvar höfum við tryggingu fyrir því, að þú fáir kornið eða sækir það? kornið getur líka gengið upp í kaupstaðnum áður en þú nærð nokkru handa þjer, og þá kemst þú ekki af; við getum því ekki leyft þjer að setja á þetta korn, sem þú ætlar að fá, og því verður þú að skera lömbin þín«. Ef nú heyásetningsmennirnir eiga að fá þetta vald, að geta skorið af heyjum hjá mönnum, þá fæ jeg eigi betur sjeð, en að hjer sje gengið of nærri atvinnufrelsi manna, og eigi einungis atvinnufrelsinu, heldur og hinu persónulega frelsi og eignarrjetti. Svo jeg víki að öðru, þá get jeg eigi heldur skilið, hvernig heyforðabúrið, eða heyforðamaðurinn, á að geta skuldbundið sig til vorinu áður, að hafa hey til handa öllum hreppnum á næsta vori, hvernig sem grasspretta og nýting kann að verða; og svo mikið er víst, að sá, sem tæki það upp á sig, gæti engar skepnur haft sjálfur; heysala yrði því að vera hans atvinnuvegur, og kæmi þá að því, að farið yrði að »spekúlera« í einu af þjóðarmeinum vorum, heyþrotunum. Jeg er því samdóma h. 2. þm. Eyf. (B. Sv.), að frumv. sje óaðgengilegt, eins og það nú er, og vildi óska, að því væri breytt, áður en það kæmi til 3. umræðu.

Framsögumaður (Páll Briem): Jeg tók í fyrstu svo hóflega sem unnt var í andmæli manna móti frumv. þessu, og bjóst eigi við, að slík rimma mundi rísa út af því, sem orðið hefir, og það jafnvel af tómum misskilningi, enda finnst mjer og vera tölúverður ábyrgðarhluti fyrir menn að eyða miklum tíma til að tala um það, sem þeir persónulega ekki skilja. En mín vegna má gjarna hlaupa svo mikið kapp í menn, sem vera vill, út af máli þessu; það skal engu síður ekki deyja, því þó að frv. falli á þessu þingi, þá lofa jeg samt því, að það skal aptur koma í einhverju formi, meðan jeg sit á þingi, þar til það nær fram að ganga. Það er annars undarlegt, að skynsamir menn skuli koma með aðrar eins lokleysur og það, að heyforðamenn sjeu gjörðir að heyforðabúri; þess konar orð sýnast eigi vera sögð til annars en að snúa út úr, eða gjöra gys að málefninu. Orðin í nefndarálitinu eru þessi: »Á vorin semur hreppsnefndin við menn, er vilja taka að sjer að selja hreppsbúum hey á næsta vori fyrir tiltekið verð», og finn jeg ekkert hlægilegt við þau, enda hefir þetta fyrirkomulag, sem hjer er um að ræða, verið reynt í Dalasýslu, eins og jeg hefi áður sagt. Búnaðarfjelagið samdi við bændur um, að hafa svo og svo marga hesta af heyi fyrirliggjandi til sölu, og geyma það til sumarmála, svo að þeir, sem í heyþrotum lentu, mundu geta farið til þessara bænda og fengið þar hey gegn peirri borgun, sem um hafði verið samið í fyrstu. Í þessa sömu átt fer nú þetta frv., og hefir nefndin með því viljað gjöra tilraun til að koma í veg fyrir horfelli. Jeg kalla það enn fremur útúrsnúning, þar sem sagt var, að fje hefði farizt í vor á Norðurlandi í ofsahríð, og það þótt nóg hey hefði verið fyrir hendi, og því dygðu eigi þessi lög. Nefndin hefir ætlað, að með heyásetningi og heyforðabúrum mætti ef til vill koma í veg fyrir horfelli; hitt gat henni náttúrlega aldrei dottið í hug, að með því yrði fyrirbyggt, að skepnur færu í sjó eða fenntu eða frysu í hel. Það hefir verið komið með þá mótbáru á móti frv., að heyin ein væru ekki nægileg til að fyrirbyggja horfelli, því að margir, sem hefðu mikil hey, en fátt fje, horfelldu þó á hverju vori, þar sem aptur á móti aðrir gætu framfleytt miklum fjenaði á litlum heyjum. Þeir, sem þetta

segja, álíta máske rjettast að hafa lítil hey og mikinn fjenað. En jeg verð að leyfa mjer að vera á þeirri skoðun, að náttúrulögmálið ráði í þessu sem öðru og skepnurnar þurfi fóður til þess að geta lifað; en hvað mikið þær þurfi, ætla jeg heyásetningsmönnum að vita. H. 2. þm. S. Múl. (Lár. Halld.) sagði, að mjer hefði þótt refsingin of hörð við brotum á móti vínsölulögunum. Já, mjer þykir refsing sú, sem þar er lögð við óleyfilegri veitingu, allt of hörð, þar sem farið er fram á í vínsölufrumvarpinu, að svipta þá menn, er brjóti, atvinnuveg sínum, og eyðileggja atvinnu þeirra. Hjer er ekki farið fram á að svipta bændur atvinnurjetti sínum, heldur að eins, að leyfilegt sje að skera niður hjá þeim, sem bersýnilega setja skepnur sínar í voða; þetta er þess vegna tvennt ólíkt. Jeg get þess vegna ómögulega sjeð, að hjer sje nokkurs manns rjettur fyrir borð borinn, þótt reynt sje að koma í veg fyrir horfelli, því »hollur er haustskurður». H. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.) sagði, að hann sæi engin ráð við horfelli. Jeg er honum samdóma um, að hann sje blindur fyrir gagni þessa frumvarps, en mjer virðist þó bezt fyrir hann að fullyrða ekkert um gagnsleysi þess, svo að ekki fari fyrir honum, eins og »ingeniörnum», sem sagðist skyldi jeta þann vagn, sem fyrstur rynni, knúður af gufuafli, út í veröldina. En vagninn kom, þrátt fyrir gífuryrði ingeniörsins. Hvað frv. í heild sinni snertir, verð jeg að geta þess, að það er sniðið eptir lögum 14. des. 1877 um fiskiveiðar á opnum skipum, og vil jeg biðja h. 2. þm. Eyf. (Ben. Sv.) að lesa þau lög, áður en hann kemur með fleiri mótmæli gegn frv., því að hann mun vera þeim lögum samþykkur. Það er annars mjög undarlegt, að menn skuli koma með önnur eins orð og að frv. þetta gangi í gagnstæða átt við frelsisstefnu vorra tíma, og að þetta sje málefni, sem engan varði um; því að það er fullkomlega stefna vorra tíma, að tryggja sveitarfjelögin gagnvart óreglumönnum, slóðum og slæpingum, sem geta orðið öðrum til byrði, og þvingunarvald gagnvart einstaklingnum er opt nauðsynlegt fyrir heill almennings (sbr. vátryggðarlögin). Kemur sveitarfjelögunum máske ekkert við, þótt allir falli úr hungri? Jú, þeim kemur það sannarlega við, og þess vegna álít jeg líka rjett að takmarka frelsi slóðanna og slæpinganna, þar sem betri mönnum er gjört að skyldu að ala þá. Og hvernig er meðferðin á skepnum á voru landi, er það málefni óviðkomandi alþingi Íslendinga? Mjer finnst það töluverður ábyrgðarhluti fyrir hvern sem er, að segja, að það sje málefni, sem engan varði um, þegar fje fellur unnvörpum á vorin, beinlínis af hungri, og af því að sá, sem á að sjá fje sínu borgið með fóðri, vanrækir brýnar siðferðislegar skyldur sínar og lætur skepnur sínar deyja kvalafullum hungurdauða, og það særir tilfinningu mína, að mállausar skepnurnar skuli vera myrtar kvalafullum hungurdauða ár eptir ár. Jeg verð því að endurtaka það, sem jeg sagði áður, að, meðan jeg sit á þingi, skal frumv. þetta verða tekið fyrir á hverju þingi.

ATKVÆÐAGR.: Eptir ósk 8 þingm. var umræðum hætt. Þessir 8 voru: Sigurður Stefánsson, Þorvarður Kjerulf, Þórarinn Böðvarsson, Jónas Jónassen, Grímur Thomsen, Árni Jónsson, Jón Jónsson og Þorsteinn Jónsson.

Var þá gengið til atkvæða.

1. gr. frv. samþ. með 17 atkv.
2. — — — — 16 —
3. — — — — 15 —
4. — — — — 14 — gegn 7,

að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 6 þingmanna, og sögðu:

já	*nei*
Jón Þórarinsson	Benedikt Sveinsson.
Páll Ólafsson.	J. Jónassen.
Árni Jónsson.	Ólafur Pálsson,
Eiríkur Briem.	Sigurður Jensson.

já	*nei*
Grímur Thomsen	Sigurður Stefánsson.
Gunnar Halldórss.	Sveinn Eiríksson.
Jón Jónsson.	Þorv. Bjarnarson.
Ólafur Briem.	
Páll Briem.	
Þórarinn Böðvarsson.	
Þorlákur Guðmundsson.	
Þorleifur Jónsson.	
Þorsteinn Jónsson.	
Þorvarður Kjerulf.	

Lárur Halldórsson var ekki við þegar atkvæðagreiðslan fór fram.

6. gr. frv. var samþ. með 15 atkv.
7. — — — — — 14 —
8. — — — — — 14 —

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 18 atkv. gegn 4, að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 6 þingm., og sögðu:

já	*nei*
Jón Þórarinsson.	Lárus Halldórsson.
Páll Ólafsson.	Sigurður Jensson.
Árni Jónsson.	Sigurður Stefánsson.
Benedikt Sveinsson	Þorv. Bjarnarson.
Eiríkur Briem.	
Grímur Thomsen.	
Gunnar Halldórsson.	
Jón Jónsson.	
Jónas Jónassen.	
Ólafur Briem.	
Ólafur Pálsson.	
Páll Briem.	
Sveinn Eiríksson.	
Þórarinn Böðvarsson.	
Þorlákur Guðmundsson.	
Þorleifur Jónsson.	
Þorsteinn Jónsson.	
Þorvarður Kjerulf.	

Tuttugasti og fyrsti fundur mánudag 25. júlí kl. 12.

Fjarverandi 1. þm. Húnv. (E. Br.), er hafði fengið leyfi forseta til þess.

Forseti gat þess, að til sín væri komin bænarskrá frá prestinum á Svalbarði í Þistilsfirði um 300 kr. uppbót á brauðinu.

Frumvarp til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands (41, 138); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Jeg skal fyrst geta þess, að eitt orð hefir fallið úr hinu prentaða nefndaráliti í þessu máli. Þar stendur: »Fyrir því hafa og enn úr öllum kjördæmum landsins komið ávörp o. s. frv.«, en það á að vera »nærfellt öllum kjördæmum« o. s. frv.

Þegar jeg nú því næst sný mjer að málinu sjálfu, þá skal jeg fyrst taka það fram, að jeg er enn á sama máli og áður en þetta frumv. var lagt fyrir þingið og áður en sú nefnd var sett, er jeg nú mæli fyrir, um það, að umræðurnar um þetta mál ættu að vera sem stytztar, en umhugsunin um það aptur því rækilegri, djúpsettari og lengri. Eins og menn sjá af nefndarálitinu, hefir nefnd sú, sem átti að íhuga málið og segja um það álit sitt, alls engar verulegar breytingar gjört við það frumv., sem henni var falið til meðferðar. Það má segja, að þetta sje sama stjórnarskipunarlagafrumv., sem það, er samþykkt var af þinginu 1885 og 1886. Væri um nokkrar breytingar að tala, þá eru það breytingar við frumv. eins og það var samþ. 1885 og 1886; en þessar breytingar eru þess eðlis, að þær snerta meginsetningar frumv. og umræður um þessar breytingar geta þá ekki átt sjer stað, nema í sambandi við umræður um meginsetningar málsins, og þess vegna falla þessar umræður undir 2. umr. þessa máls, er hinar einstöku greinir verða ræddar í heild sinni. Jeg skal þess vegna ekki að svo stöddu tala meira um breytingaruppástungur nefndarinnar, en vísa til nefndarálitsins og ástæðnanna, sem þar eru stuttlega teknar fram fyrir breytingaruppást.

En það er til önnur hlið þessa máls, sem ekki snertir frumv. sjálft, heldur

miklu fremur stöðu nefndarinnar gagnvart h. þingd. Þeirri hlið hafði nefndin ekki ástæðu til að hreyfa við í áliti sínu, en sem framsögumaður nefndarinnar get eg ekki leitt hana hjá mjer þegjandi. Jeg vil því biðja h. þingd. að hlusta á mig nokkur augnablik, meðan jeg fer nokkrum orðum um þessa hlið málsins.

Það eru nú ekki liðnir meir en tæpir 11 mánuðir, síðan jeg, að vísu af veikum mætti, en af ljúfum hug og heitri og innilegri sannfæringu, hjelt svörum uppi hjer í þessari h. þingd. fyrir þessu mikilvæga málefni. Jeg man það, eins og það, sem skeði í gær, eins og það, sem skeði í morgun, hve rík og innileg gleði þá bjó í brjósti mínu yfir því, með hvílíkri djörfung, með hve mikilli eindrægni og lifandi bróðuranda allir h. þingdm. þá hjeldu fram þeim sjálfstjórnarrjettindum Íslendinga, sem fólgin eru í þessu frumv.

Fyrir þessu vil jeg gjöra grein.

Þessi innilega gleði mín byggðist og byggist á þeirri föstu sannfæringu minni, að eins víst og heil er á mjer hendin og sólin skín uppi yfir oss á þessu augnabliki, eins víst er það, að hver sú ályktun í stjórnarmáli Íslands, sem gjörð hefir verið og gjörð verður af alþingi Íslendinga, innan þessara þjóðhelgu vebanda, á þenna hátt, sem eg áður sagði, er eitt fótmál áfram á framsóknarrekspöl landsrjettinda vorra, eða á framsóknarrekspöl vorra þjóðarrjettinda, sjálfstjórnar og sjálfsforræðis. Jeg segi: hver sú ályktun, sem gjörð verður af þessari h. þingd. á þann hátt, verður eitt fótmál áfram að því takmarki, sem vjer allir þráum eptir, sem er fullkomið sjálfsforræði í öllum vorum sjerstaklegu löggjafar- og landsstjórnarmálum. Það er mjer að vísu ekki mögulegt, að segja, hve stórt þetta fótmál reynist, og það getur enginn af oss sagt. En látum svo vera, að það verði að eins eitt fet, eitt hænufet; eitt hænufet er þó líka fet, og eitt hænufet er þá líka eitt fet áfram á þessari leið, hvort sem hún verður löng eða stutt; þeirri leið, sem oss öllum hlýtur að vera ljúft að keppa. Þetta er jeg viss um, og hefði nú mynd hins ógleymanlega þjóðskörungs, Jóns sál. Sigurðssonar, sem blasir við augum allra vor hjer í þingsalnum, á þessu augnabliki mál og tungu, þá er jeg einnig viss um það, að hún gyldi hiklaust jákvæði við þessu. Og—háttvirtu fulltrúar Íslendinga—jeg segi yður það satt, og skammast mín ekki fyrir að segja það í heyranda hljóði, að jeg tel það inndælustu augnablik lífs míns, er jeg sje og heyri slíkar ályktanir gjörðar hjer í þingsalnum, sem þoka þessu máli —þó ekki sje nema eina hársbreidd, eina einustu hársbreidd—áfram á framsóknarrekspöl þess. Vjer skulum ekki gjöra oss allt of miklar vonir, og jeg, sem kominn er á grafarbarminn, má ekki gera mjer stórar vonir um þetta. En nú liggur þá næst fyrir að spyrja: hvers má þá frumv. þetta vænta sjer af hinni háttvirtu deild? Hver forlög liggja fyrir þessu frumvarpi í neðri deild alþingis Íslendinga? Eigi spyr jeg þessa af því, að jeg viti eigi, hvernig fara muni, heldur set jeg þessa spurningu fram til þess að gera málið ljósara bæði fyrir mjer og h. þingdm. yfir höfuð.

Jeg veit það að vísu vel, að þessari spurningu verður að nokkru leyti svarað innan fárra augnablika, og að öllu leyti innan fárra daga. — En menn gæti þess vel í tíma, að þetta er hin mikilvægasta spurning, sem nokkur fulltrúi Íslendinga getur fyrir sig lagt á þessu þingi. Hverra forlaga má þetta stjórnarskipunarlagafrumv. vænta sjer í hinni háttvirtu neðri deild alþingis Íslendinga 1887? Menn gæti þess vel,—hamingjunni er svo fyrir þakkandi — að landsrjettindi vor og sjálfstjórnarkrafa eru orðin svo þroskuð, að þeim er vaxinn svo fiskur um hrygg, að þessi spurning á fullkomnustu heimting á að verða færð inn í sögu landsins, í lífsbók þjóðar vorr-

ar. En gætum þess þá líka, að þessi sama saga, þessi sama bók, heimtar jafnharðan svarið upp á þessa spurningu af vörum fulltrúa þjóðarinnar. Gott og vel. Nefndinni var þetta mjög vel ljóst. Jeg hika mjer því ekki við, í nafni allra minna háttvirtu meðnefndarmanna, allra fyrir einn og eins fyrir alla, að minnast hinna frægu orða gagnvart sögu Íslands: »Sel jeg handselda sök Unnar Marðardóttur«. Taki Íslands saga við hvorutveggju, spurningunni og svarinu, og breiði það út um heim allan. Viti það sú íslenzka kynslóð, sem nú lifir, viti það niðjar vorir um ókomnar aldir, viti það öll Norðurlönd, viti það allur hinn menntaði heimur, að þessi spurning er framsett og henni svarað af fulltrúum sögu þjóðarinnar á Íslandi, ódeigt og óhikað, djarft og drengilega á alþingi 1887.

Jeg er alveg viss um það, að ef mjer væri það gefið að geta litið inn í hugrenningar minna háttvirtu samþingismanna, þá mundi jeg sjá, innst í brjósti þeirra, þá ósk og eptirlöngun, að Íslandi nú þegar mætti hlotnast *innlend fullkomin sjálfstjórn* í landsins sjerstöku löggjafar- og stjórnarmálum, eins og farið er fram á í þessu stjórnarskipunarlagafrumvarpi. Jeg er sannfærður um, að vjer erum allir samdóma og einhuga í því, að þetta eitt og ekkert annað getur orðið bót allra þeirra meina, sem hafa þjáð og þjakað vora elskuðu fósturjörð, að þetta eru þau einu lífgrös, sem geta læknað hinar mörgu sollnu og gömlu undir, sem óhagkvæm, vankunnandi, ráðrík og einþykk stjórn hefir sært vora gömlu móður, sje það eina, sem geti læknað það dauðadrep, andlegt og líkamlegt, sem hinn íslenzki þjóðlíkami hefir þjáðzt af um langan aldur. Þessi sár og þessi mein þarf jeg ekki að telja upp nú eða útlista nákvæmar. Vjer allir þekkjum þau jafnt að yfirborðinu til, og þó ef til vill ekki til fullnustu, sjálfsagt hver bezt og nákvæmast í sínum sjerstaklega borgaralega verkahring. Það þarf því ekki annað en að vísa til hvers þingmanns fyrir sig. Hvort sem litið er hátt eða lágt, til hins ytra eða innra, til þess, sem er fyrir utan oss eða innst inn í hjörtum vorum, þá dylst það ekki, að þjóðlíkami vor hefir þjáðzt og þjáist af þungum meinum. Hin eldgamla Ísafold er sjúklingur, gamall sjúklingur, sem legið hefir fyrir dauðanum í margar aldir, og enginn má lá oss það, hvorki mjer nje öðrum, sem hjer erum saman komnir í þingsal þjóðarinnar, að þetta gengur oss ríkt til hjarta, því vjer erum, að eg megi svo að orði kveða, hold af hennar holdi og bein af hennar beinum. Jeg er líka alveg sannfærður um það, að hver einasti af oss er fús til að leggja allt í sölurnar, sem í hans valdi stendur, til þess, að vor sameiginlega móðir fái bót sinna rótgrónu meina. Því fer fjarri, að jeg telji mig hinn fyrsta að þessu leyti, en jeg vil heldur ekki verða seinastur.

Þetta er jeg sannfærður um, og vil jeg að vjer sýnum það svart á hvítu og undantekningarlaust, að vjer viljum leggja vorn skerf til viðreisnar vorri fátæku og kúguðu þjóð. Jeg er viss um, að vjer viljum allir útvega þau læknismeðul, sem þjóð vorri eru fyrir beztu. En hvar eru þessi læknismeðul að finna? Þeirra höfum vjer að vísu lengi leitað; vjer leituðum þeirra þegar á hinum ráðgefandi þingum; vjer höfum knúið á, en ekki hefir verið lokið upp fyrir oss, og því spyrjum vjer enn: hvar eru læknismeðulin að finna? Hvar eru þau? segi jeg. Þau eru nú nær oss, en vjer höldum. Þau eru í oss og hjá oss. Verið þess fullvissir, háttvirtu fulltrúar Íslendinga, að fjallkonan fríða reisir jafnskjótt höfuðið upp frá koddanum, er hún sjer, að synir hennar og útvalin óskabörn, með óslitandi eindrægni og ráðsnild í huga, með karlmennsku-dáð í brjósi, með

einurð, innilegum bróðuranda og umfram allt með óbifanlegu trausti til gjafarans allra góðra hluta, reisa sig til að ganga á hólm við allt það, sem amar þjóðfjelagi voru, hátt og lágt, við öll þau mein, andleg og líkamleg, sem nú þjá hina íslenzku þjóð. Minnumst þess, að forfeður vorir vissu ekki hvað þeir gerðu, minnumst þess, að fjallkonan fríða missti höfuðdjásn sitt, höfuðdjásn þjóðfrelsis og sjálfstjórnar, af því, og engu öðru, að þeir kunnu ekki að gæta fengins fjár. Minnumst þess, að í stað sannarlegs frelsis, föðurlandsástar og bróðuranda, þá ljetu þeir ríkja tvídrægni, drottnunargirni, hefndarhug, eigingirni og hatur og allan þann aragrúa og sæg af þjóðlöstum og mannlöstum, sem þessi ófögnuður af sjer getur. Minnumst þess, að það var fyrir þetta og ekkert annað, að djásnið fjell til forna af höfði fjallkonunnar, að vjer misstum í hendur erlendu valdi það hnoss, þann dýrgrip, þjóðfrelsi og sjálfstjórn, sem vjer höfum saknað svo sárt, og sem vjer nú svo hjartanlega þráum að ná að aptur. Þetta vita víst allir, og margir betur en jeg, því margir eru mjer fróðari í sögu landsins og um harmaferil þjóðar vorrar. Og þess vegna vil jeg ekki láta hugann lengur dvelja við þessar sorglegu endurminningar.

Nú er tími til að snúa við blaðinu, og bæta ráð sitt; látum sjá, að vjer höfum þor þrek og vilja til að snúa nú við blaðinu. Látum sjá, að vjer sjeum ekki ættlerar. Forfeður vorir kunnu ekki að gæta fengins fjár; en látum sjá, að vjer getum aflað aptur þess fjár, er þeir ljetu ganga úr greipum sjer. Náum aptur hinu glataða þjóðarhnossi, þjóðfrelsi og sjálfstjórn í voru eigin landi. Gleymum því ekki, að meðalið til þess er lagt oss upp í hendurnar, það er í oss og hjá oss. Færum oss í nyt þann dýrkeypta en óbrigðula lærdóm, sem hinn langi og strangi reynsluferill þjóðar vorrar býnir fyrir oss.

Rýmum þá á þessari stundu allri tvídræ:ni, öllum misskilningi, öllum hjegómlegum og lítilsverðum meiningamun og tvískinnung úr brjóstum vorum, rekum allan þann ófögnuð svo á dyr nú þegar, að hann aldrei framar dirfist að gægjast inn í þenna þjóðsal, því síður inn í helgidóm hjartna vorra. Látum eindrægninnar og föðurlandsástarinnar óslítandi band halda oss í einum hóp. Vjer höfum fyrir einu ári síðan, árið 1886, fengið í hendur »prógram« hinnar núlifandi íslenzku kynslóðar, og þetta »prógram« er: *áfram* með sjálfstjórnarrjettindi Íslands. Það er helgur rjettur vor og skylda um leið, að fylgja þessum »prógrammi« með eindrægni og óbifanlegri festu. Verum þess fullvissir, að ef vjer breytum svo, þá mun það verða skráð með gullnu letri í sögu þjóðar vorrar, að fulltrúar þeir, sem þjóðin kaus 1886, hafi haldið áfram baráttunni fyrir sjálfstæði sínu og þjóðarfrelsi á þann hátt, sem góðum þegnum og föðurlandsvinum sæmdi. Jeg þarf sjálfsagt ekki að taka það fram, sem allir hljóta að sjá og skilja, að umboð það, sem þjóðin veitti oss fulltrúum sínum í fyrra til að halda fram sjálfstjórnarrjettindum sínum, náði ekki að eins til ársins 1886, heldur yfir allt tímabilið, öll 6 árin, 1886 til 1892. Gleymum þá ekki þessu. Og höfum oss hugfast það, er jeg nú mæli: Ísland er *eitt*, íslenzka þjóðin er *ein*, alþingi er *eitt* fulltrúaþing, sjálfsstjórnarrjettur Íslands einnig *einn* og óskiptur. Í engu þessu er um neina skipting að ræða. Ekkert af þessu er tengt saman með vanmátta pappírsböndum eða blöðum, heldur með eðlis- og náttúrulögum, sem tímanum, sem öllu eyðir, er eyðzt getur, kemur ekki til hugar að hreifa við eður raska. Hin eina ályktun í *þessu* máli, sem fullkomlega er samboðin hinni h. neðri deild, er því ályktun sem frá einum manni, einum aðalfulltrúa Íslands; og hver skyldi sá vera, ef eigi hin h. neðri deild alþingis?

Að svo mæltu vil jeg óska þess, að frumv. gangi til 2. umr.

Landshöfðingi: H. framsögum. (B. Sv.) hefir nú talað lengi og vel um þetta mál, og er jeg honum samdóma um, að ekki þurfi langar umræður um þetta frumv, á þessu þingi, heldur sje mest undir því komið, að það sje vandlega íhugað. Og sama er að segja um ræðu h. framsögum.; eigi þeir, sem hlýddu á hana, að hafa hennar veruleg not, mun ekki síður þarflegt, að þeir taki hana til rækilegrar umhugsunar.

Jeg get þó ekki gengið þegjandi fram hjá ýmsum atriðum, sem snerta þetta mál. Þegar jeg lít á þetta stjórnarskipunarlagafrumv, þá þykist jeg geta gengið að því vísu, og jeg heyrði það jafnvel milli línanna í ræðu h. framsögum. (B. Sv.), að bæði flutningsm. frumv. og h. nefnd muni vera það full-ljóst, að það er að engu leyti aðgengilegra til að ná staðfesting H. H. konungsins, en frumv. það, sem þingið samþykkti 1885 og aptur 1886, heldur fullt svo óaðgengilegt. Því þó að tveir agnúar. sem voru á hinu frumv., sjeu numdir burt í þessu frumv., þá er þessu frumv. í ýmsum verulegum atriðum breytt frá fyrra frumv., og þær breytingar miða ekki til að nálgast vilja konungsins, heldur til að fjarlægjast H. H. auglýsta vilja.

Þó jeg gangi út frá því sem sjálfsögðu, að frumv. þetta verði samþ. af h. neðri deild og síðan ef til vill af h. efri deild, og þó þingið verði rofið og stefnt til nýrra kosninga, og aukaþing næsta ár samþykki einnig frumv. óbreytt, þá má ganga að því vísu, að það nær aldrei staðfestingu konungs. Þetta veit h. þingd. eins vel og jeg. Það kynni því að virðast nokkuð óskiljanlegt, að mál þetta skuli nú vera borið upp á ný. Enda á jeg ekki gott með að skilja tilganginn með að bera nú málið upp á þessu þingi; en eptir því, sem jeg hefi lesið í blöðum og ýmsum flugritum, get jeg ímyndað mjer, að tilgangurinn muni eiga að vera sá, að sýna og sanna, að það sje almennur, einbeittur og eindreginn vilji þjóðarinnar, að halda málinu fram, að sýna og sanna, að þjóðin hafi þor og þrek til að leggja út í stjórnarbaráttuna, þrátt fyrir alla mótspyrnu. En jeg vil spyrja: er það þá sjálfsagt og eins ljóst eins og sólin skín á himninum — eins og framsögum. (B. Sv.) komst að orði áðan — að það sje eindreginn vilji þjóðarinnar, að *þetta frumv.* verði stjórnarskipunarlög fyrlandið, og í öðru lagi, að einmitt *þetta þing* samþykki þetta frumv.? Jeg ætla eigi, að þetta sje svo. Meir að segja: jeg mótmæli því að þetta sje vilji þjóðarinnar, heldur þvert á móti. H. framsögum. (B. Sv.) gat þess í ræðu sinni, að það, sem hann hefði sjeð og heyrt í þessu máli fyrir 11 mánuðum síðan, stæði svo ljóst fyrir sjer eins og það hefði skeð í gær eða í morgun; en þá hlýtur það líka að standa ljóst fyrir honum, hvernig hann á þessum stað barði það fram fyrir 11 mánuðum síðan, að þjóðin hefði með kosningunum til þingsins í fyrra, með yfirlýsingum sínum á frjálsum fundum og í ávörpum til þingsins látið í ljósi, að það væri eindreginn og einbeittur vilji hennar, að þingið samþykkti frumv. frá 1885, það og ekkert annað. Það var einmitt tekið svo skýrt og fast fram af h. framsögum., að það væri það frumv. og ekkert annað, sem þjóðin vildi. Hefir þjóðin nú sýnt það með nokkru, að hún vilji, að frumv. frá í fyrra verði breytt? Mjer er ekki kunnugt að svo sje. Þessu frumv., sem nú liggur fyrir, er þó í mörgum verulegum atriðum breytt frá frumvarpi því, sem þjóðin vildi og fjekk samþykkt af þinginu 1886.

Með því að bera nú upp þetta frumv. virðist mjer því flutningsm. og nefndin vilja gera þjóðinni getsakir um hverflyndi, eða þá setja sinn vilja upp yfir vilja þjóð-

arinnar. Ef h. flutningsm. þykjast fylgja fram vilja þjóðarinnar með því að bera þetta frumv. upp nú, gefa þeir í skyn, að það hafi ekki verið eindreginn vilji þjóðarinnar, eins og sagt var, að fá einmitt stjórnarskipunarlög eins og þau, sem rædd voru og samþykkt í fyrra, og þar af leiðir, að ef frumv., sem þingið samþykkti 1886, hefði verið staðfest af konungi, þá hefði þjóðin heimtað strax á næsta þingi, að því yrði breytt. Hún hefði sagt: nei, þessi stjórnarskipunarlög fullnægja ekki þörfum mínum. Jeg vil hafa nýtt frumvarp.

Þá er hitt atriðið, sem jeg minntist á. Það er engin sönnun komin fyrir því, að að það sje almennur vilji þjóðarinnar, að þetta frumv. verði samþykkt á þessu þingi. Það þarf ekki að leiða rök að þessu. H. þingdm. hafa fyrir sjer skjöl, sem bera það, sem þeir á fyrri þingum hafa kallað órækan vott um vilja þjóðarinnar, sem sje fundargjörðir frá fjölsum fundum, sem haldnir hafa verið í kjördæmum landsins á undan þessu þingi. Jeg ýki það ekki, þótt jeg segi, að meiri hluti þjóðarinnar hafi einmitt látið þá ósk í ljósi á þessum fundum, að ekkert stjórnarskipunarlagafrumv. yrði samþykkt á þessu þingi, sem leiddi til þingrofs og aukaþings 1888. Jeg get ekki betur sjeð, en að h. framsögum. og aðrir h. flutningsm., sem sagt hafa, að það væri eindreginn vilji þjóðarinnar að halda þessu máli fram í tíma og ótíma, geti nú ekki borið þenna vilja fyrir.

Jeg álít enga þörf að fara að ræða um hin einstöku atriði í nefndarálitinu, hvorki um það, hvort hafís og harðæri sje stjórnarfyrirkomulaginu að kenna, nje um það, að það sje því að kenna, að fólk er að flýja til Ameríku.

Af því þetta er 1. umr. málsins, skal jeg heldur ekki fara út í einstakar ákvarðanir frumv., jafnvel þótt mjer dyljist ekki, að hjer eru þeir agnúar, sem jafnvel í formlegu tilliti gera frumv. óaðgengilegt.

Jeg sagði áðan, að nú yrði það ekki borið fyrir, að menn fylgi hjer algjörðum vilja þjóðarinnar, og þessu til enn frekari sönnunar mun víst leyfilegt að nefna eitt atvik, sem kannske er leyndarmál, en þá líka opinbert leyndarmál. Þegar það varð fyrst hljóðbært, að bera ætti stjórnarskipunarmálið upp á þessu þingi, þá rituðu 9 þingmenn, sem allir, að einum undanteknum, sem er nýkosinn, samþykktu frv. 1886, flutningsmönnum áskorun um, að bera málið ekki upp á þessu þingi. Þetta sýnir enn ljóslega, að það er ekki fremur almennur vilji þingmanna, heldur en þjóðarinnar, að þetta mál sje tekið fyrir nú og samþykkt á þessu þingi, svo þar af leiði þingrof og aukaþing.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Hæstv. landsh. hefir, eins og honum er lagið, talað svo glögglega og greinilega í máli þessu, að jeg vona að h. þingm. geti ekki dulizt, að hann fer í öfuga átt við mig; kenning mín og kenning hæstv. landsh. standa í hinni skörpustu mótsetningu hvor við aðra, og verð jeg því í stuttu máli að fara nokkrum orðum um mótbárur hæstv. landsh.; en get þess um leið, að mjer mun seinna gefast kostur á að fara rækilegar út í hin einstöku atriði málsins.

Hæstv. landsh. lýsti yfir því í ræðu sinni, að þetta frumv. til stjórnarskipunarlaga væri enn þá óaðgengilegra fyrir stjórnina en það frumv., sem alþingi samþykkti 1885 og 1886. Má vel vera, að svo sje; jeg er enginn spámaður, og jeg heyri eigi inn í kletta, hvað dvergar mæla. Jeg veit ekki hvað Danastjórn vill, og jeg hefi heldur ekki heyrt hæstv. landsh. taka svo glögglega fram skoðanir hennar í þessu máli, að jeg geti vitað, hverju hún vill halda fram gagnvart alþingi, og hefði jeg því ekkert á móti, að hann skýrði ná-

kvæmar frá vilja stjórnarinnar og hugsun hennar, en hann hefir hingað til gert, því það er auðsjáanlega engin skýring, að segja blátt áfram: frumv. er óaðgengilegt, eða óaðgengilegra. Hann sagði enn fremur í ræðu sinni, að frumv. væri óaðgengilegt fyrir hans *hátign konunginn*. Þessum orðum verð jeg sterklega að mótmæla að *því* leyti, sem það er eingöngu stjórnin danska, o: ráðgjafinn fyrir Ísland, sem hjer á hlut að máli, en alls eigi H. H. konungurinn. Og hvernig tók svo stjórnin í mál þetta fyrst þegar það kom fram 1885? Það leit sannarlega svo út, sem hún ekkert vissi um það, því hún ljet ekkert á sjer bæra, og lagði ekki frumv. 1885 fram fyrir aukaþingið 1886, svo þingm. neyddust til að gera það sjálfir. Og þó vissi stjórnin ofur-vel af þessu frumv. Auglýsingin 2. nóvbr. 1885 sýndi það bezt. Sú auglýsing var að vísu rituð í nafni konungs, en hin konstitutionella stjórn ber og hlýtur að eigi að síður bera alla ábyrgðina af því svari, sem auglýsingin inniheldur, en það svar einbatt sig við frumv. 1885, og gat eigi gilt við frumv. 1886, sem enn eigi var orðið til, nema sem spádómur í huga stjórnarinnar, enda gat frumv. 1885 ekki eptir 61. gr. stjórnarskrárinnar náð staðfestingu konungs sem stjórnarskipunarlög. Jeg vona því, að allir h. þingm. sjeu mjer samdóma um, að það sje algjörlega ókonstitutionelt, að blanda nafni H. H. konungsins inn í þetta mál, þar sem á engu öðru er að byggja en því, sem miðar sig við frumv. 1885.

Jeg vil að öðru leyti, þegar um þetta orð *óaðgengilegt* eða *óaðgengilegra* fyrir stjórnina er að ræða, mega leyfa mjer að benda hæstv. landsh. einlæglega á það, að ráðgjafi Íslands de jure eða máske ríkisráð Dana de facto standa gagnvart alþingi í máli þessu, *og* að alþingið er *sjálfstæður málsaðili* gagnvart þessari ráðgjafastjórn, eptir guðs og manna lögum? Þessu verður aldrei framar neitað; það er víst og viðurkennt með framgangi hinnar endurskoðuðu stjórnarskrár, enda þótt hún hafi ekki náð staðfestingu H. H. konungsins. En af hverjum ástæðum hefir hún eigi náð staðfestingu konungs? Ekki af því, að H. H. konungurinn hafi nokkru sinni í sjálfu sjer haft á móti því að staðfesta hana, heldur af því, að *stjórnin* hefir ráðið honum frá því, þessi sama stjórn, sem hefir fulltrúa sinn hjer á þingi, hæstv. landshöfðingja, samkvæmt 3., 25. og 34. grein hinnar núgildandi stjórnarskrár. Jeg tek það fram, að hæstv. landsh., sem þannig er *fulltrúi stjórnarinnar*, en alls *eigi konungs*, eptir berum orðum stjórnarskrárinnar, hefir — drengilega og djarflega, eins og við mátti búast af honum — að eins lýst yfir því, að frumv. væri óaðgengilegt fyrir *H. H. konunginn*. Á þessu er þannig ekki mikið að græða. Þar sem hann var að öðru leyti að tala um, að alþingi hefði að engu leyti slakað til, þá get jeg ekki skilið, hvernig hæstv landsh. fer að ætlast til, að alþingi, sem *sjálfstæður* málsaðili, fari að slaka til, meðan það ekki mætir öðru en bláberu og ástæðulausu nei-i frá stjórnarinnar hálfu. Sú tilslökun hlyti að vera hreint út í bláinn. Jeg segi: ástæðulausu neii, því ástæðulaust nei kalla jeg það af-svar, sem kemur áður en hægt er að svara. Það hefði sannarlega átt betur við, að auglýsingin frá 2. nóv. 1885 hefði ekki komið fyr en eptir alþing 1886, með öðrum orðum, verið auglýsing frá 2. nóv. 1886, því að þá hefði þó ekki verið svarað löngu fyrir tímann, og þá hefði svarið ekki verið spádómur einn. En nú kemur hæstv. landsh. aptur með sama spádóminn sem áður, þar sem hann lýsir því yfir, að þetta frumv. ekki *muni* ná staðfestingu konungs, *ef* eða *þó* alþingi samþykki það. En þetta er, eins og jeg hefi sagt, talað *fyrir* tímann. Verði þetta frumv. til stjórnarskipunarlaga samþykkt af alþingi Íslendinga árið 1887 og svo aptur óbreytt 1888, já,

þá fyrst vænti jeg eptir ástæðum, *gildum* og *góðum* ástæðum frá stjórnarinnar hálfu, hvers vegna hún leggi það til, að því sje synjað um staðfestingu konungs, en fyr ekki, samkvæmt 61. gr. stjórnarskrárinnar.

Hinn hæstv. landsh. kom með þung orð á móti nefndinni og flutningsmönnum þessa frumv., þar sem hann bar oss það á brýn, að aðalgrundvöllurinn undir öllu þessu máli, sem sje vilji þjóðarinnar, væri óáreiðanlegur og óviss, og hlífðist jafnvel eigi við að nota lausar bæjarfregnir um ágreining milli þingmanna á privat-fundum máli sínu til sönnunar. En hvað meinar hæstv. landsh. með þessu? Jeg hlýt að skilja það svo, að hann með þessu um leið gefi óhulta bendingu um það, að ástæða væri til fyrir stjórnina að ráða hans hátign konunginum til að staðfesta frumv., ef það yrði sýnt og sannað, að það væri almennur vilji hinnar íslenzku þjóðar? Aðra meiningu er eigi hægt að draga út úr orðum hæstv. landsh., ef þau annars hafa nokkuð að þýða, og jeg verð að játa, að það er gleðilegt að heyra, að ekki sje annað í veginum, en að þjóðin vilji verða samferða að óska nýrra stjórnarskipunarlaga, eins og hjer er farið fram á. Þetta er því gleðilegra að heyra, sem hin íslenzka þjóð hefir áður á svo órækan hátt sýnt og sannað, að ný stjórnarskrá er hennar samhuga vilji og eindregin krafa meira að segja. Árið 1886 seldi þjóðin í hendur fulltrúum sínum strangt og ótvírætt umboð til að framfylgja því prógrammi, sem þá lá fyrir, sem var stjórnarskipunarlagafrumv. það, sem alþingi 1885 samþykkti.—Allir sjá, að með þessu var alls ekki sagt, hugsað eða ákveðið, að því mætti ekki breyta eins og málið nú horfir við eptir ástæðulausa tillögu stjórnarinnar um staðfestingarsynjun, nje heldur hitt, að stjórnarskrárfrumvarpið 1885 væri hið bezta og fullkomnasta sem hugsazt gæti, svo það ætti við allan ókominn tíma, óbreytt og orðrjett. Hinn hæstv. landsh. má því ekki misskilja það, að það, sem þá var vilji og krafa þjóðarinnar, stendur enn óhaggað, sem óbrigðull grundvöllur fyrir þessu frumv., þó það innihaldi óverulegar breytingar frá hinu, því að þjóðin fal oss fulltrúum sínum það umboð á hendur 1886, að framfylgja þessu máli á þann hátt, sem 61. gr. stjórnarskrárinnar heimilar, og frá því umboði erum vjer enn eigi leystir. Hæstv. landsh. lagði alla áherzluna á það, að ávörpin frá ýmsum kjördæmum landsins sýndu bezt, að það væri eigi eindreginn vilji þjóðarinnar að framfylgja stjórnarskrármálinu að þessu sinni. Þessu svara jeg því, að það er sannarlega vorkunnarmál, þó að hin íslenzka þjóð, eins og skáldið sagði, kunni ekki öll í einum anda að »æpa eptir nótum«. Menn verða að virða til vorkunnar, þó öll kjördæmi landsins sjái eigi jafnglöggt, hvaða vegur er beztur, áhrifamestur og sjálfum sjer samkvæmastur, og þessi einstöku ávörp gefa því alls enga átyllu, því síður vissu, fyrir því, að þjóðin vilji eigi framfylgja þessu stjórnarskrárfrumv. eins og það er, heldur sýna þau einungis, að það er nokkur meiningarmunur um veginn eða þá leið, sem nú mætti velja til að öðlast sjálfsstjórn og sjálfsforræði, en það vill svo vel til, að fulltrúar þjóðarinnar hafa alveg frjálsar hendur til að velja þá aðferð, sem þeir álíta heppilegasta fyrir málið, já, meira að segja: helgustu skyldu til að halda einmitt þeirri aðferð fram og engri annari, meðan umboðið er eigi af þeim tekið.

Hæstv. landsh. lagði einnig mikla áherzlu á það, að þjóðin vildi forðast aukaþing og væri því eigi áfram um, að málið yrði tekið fyrir á þessu þingi, og jeg skal gjarna játa, að kostnaður sá, sem leiða mundi af nýju aukaþingi, hefir einmitt verið eina ástæðan til þess, að einstöku þingmönnum og kjördæmum hefir komið til hugar, að senda að eins ávarp til hans hátignar konungsins um stjórnarskipunar-

málið að þessu sinni. Í þessu tilliti er það nú ómaksins vert, að gæta að, hvað í 61. stjórnarskrárinnar stendur.

Þar segir svo:

»Nái uppástunga um breyting á stjórnarskránni samþykki beggja þingdeildanna, skal leysa alþingi upp þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki hið nýkosna alþingi ályktunina óbreytta, og nái hún staðfestingu konungs, þá hefir hún gildi sem stjórnarlög«.

Hefir nú alþingi ekki fullnægt þessari grundvallarlagaákvörðun? Hefir það eigi tvívegis samþykkt hina endurskoðuðu stjórnarskrá, árið 1885 og 1886, og hvers vegna er hún þá ekki orðin að lögum? Vegna þess, að hin danska stjórn hefir ráðið hans hátign konunginum frá að staðfesta hana, og það af röngum og þýðingarlausum ástæðum. Það er því eigi alþingi Íslendinga, sem ber ábyrgðina af nýjum aukaþingskostnaði, heldur *einungis hin danska stjórn;* hún og enginn annar, segi jeg, ber ábyrgðina af aukaþingskostnaðinum! Annað eða meira stendur ekki í valdi alþingis; það getur eigi betur gert, en að íhuga rækilega og álykta einarðlega um málið ár eptir ár; meira verður eigi af oss heimtað. En finni stjórnin eigi ástæðu til að ráða H. H. konunginum til að staðfesta ályktanir þingsins, þá er það á hennar ábyrgð, en eigi alþingis. Jeg vil enn af nýju leiða athygli hæstv. landsh. að því, að jeg get ómögulega ímyndað mjer, að þessi blákaldi steinþrái stjórnarinnar leiði til þess, að hinir síðustu blóðdropar Íslendinga verði taldir út í kostnað við aukaþing í krónutali, og eptir því, sem jeg þekki hæstv. landsh., þá þykist jeg viss um, að hann getur eigi rökstutt þá skoðun, svo til hlítar sje, að það sje á ábyrgð alþingis, að nýtt aukaþing kemur saman 1888. Og þó að nú reyndar nýtt aukaþing hafi nokkurn kostnað í för með sjer, þá getur hann fyrir stjórnarinnar hönd, engu síður en vjer fyrir þjóðarinnar, meðal annars þó glatt sig við, að aukaþingið veitir nýtt tækifæri, nýjan aðgang, nýja hvöt og nýja skyldu fyrir stjórnina til að mæta alþingi á miðri leið; og frá sjónarmiði hinnar íslenzku þjóðar er það og gleðilegt, að það fje, sem varið er til aukaþings, er ei fremur tapað fje en það, sem varið er til hins reglulega alþingis, því að það veitir sannarlega eigi af, að þing komi saman á hverju ári, meðan þetta sorglega millibilsástand varir, þar sem hvarvetna ríkir deyfð, dáðleysi og misskilningur, að jeg ekki nefni annað verra. Það er sannarlega nóg fyrir hendi til að ræða og álykta um; nóg er til að gera, bæði hvað snertir stjórnarskrármálið sjálft og mörg önnur áríðandi landsstjórnarmál; allir finnum vjer til þess á hverju þingi, að tíminn er stuttur, en nóg, já, ofmikið til að starfa, svo að menn neyðast til að skilja við málin óútkljáð og illa hugsuð sökum tímaskorts. Það fje, sem varið er til aukaþings, gengur sannarlega eigi heldur út úr landinu, eins og t. a. m. það fje, sem berst úr höndum vorum með verzlunarstrauminum eigi að eins til Danmerkur, heldur einnig til Englands og Noregs, og hver veit hvert. Aukaþingskostnaður getur því alls eigi skoðast tapað fje frá hagfræðislegu sjónarmiði, þar sem aptur á móti aukaþingið gefur nýkosnum fulltrúum þjóðarinnar kost á að íhuga og álykta um velferðarmál landsins allt eins vel og hið reglulega alþingi.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg er að líkindum einn í þeirra tölu, sem ætti að sitja þegjandi og hlýða á ræður manna; en þrátt fyrir það ætla jeg nú að leyfa mjer að vera svo djarfur, að fara fáeinum orðum um mál þetta. Jeg ætla eigi að fara í kapp við h. flutningsmann þessa frumv., og sízt mun jeg bera honum á brýn, að það, sem hann segir í þessu máli, komi eigi frá hjartanu, heldur lýsa gleði minni yfir því, að allt, sem hann segir þessu máli viðvíkjandi, er komið frá innstu hjartans rótum.

Þó er eigi þar með sagt, að jeg geti orðið honum samferða í öllu í þetta sinn. Nei, því miður get jeg það ekki, og er það einmitt vegna hinnar sömu lifandi sannfæringar, sem jeg met svo mikils hjá honum. »Tími er til að tala og tími er til að þegja«, segir gamalt vísdómsorð, og jeg finn mig knúðan til að minna á það nú, því að vel getur hugsazt, að málið gangi með prátti og litlum atkvæðamun gegnum þessa deild. *(Ben. Sv.:* Hverjum er það að kenna?) Háttv. flutningsmaður spurði, hverjum það væri að kenna. Jeg svara: Fyrst og fremst h. flutningsm., sem vill setja á knje sjer alla þingdeildina. En hún er of stór til þess, og getur ef til vill orðið ofurefli hans. Getur verið, að málið gangi í gegn í neðri deild, þó með prátti verði og litlum atkvæðamun, sökum berserksgangs h. flutningsmanns (Ben. Sv.) og dugnaðar í framsögunni. Getur og verið, að málið nái fram að ganga í efri deild með enn minni atkvæðamun; en er þá stigið eitt hænufet áfram? Eða er það ekki töluverð átylla fyrir stjórnina, til að byggja mótbárur sínar á, ef hún skyldi geta sagt — og sagt með sanni—að einstakir menn hafi komið máli þessu fram móti mörgum þingmönnum og miklum hluta landsmanna. Jeg segi, að það sje sorglegt, ef mál þetta, sem er í vissu tilliti áhugamál okkar allra, skyldi ganga með litlum atkvæðamun út úr þinginu; og sofni það í þinginu, þá álít jeg svefninn einnig til skaða. En setjum nú svo, að málið komist út úr þinginu og til þess, sem h. flutningsm. (Ben. Sv.) kallar stjórn, en jeg kalla konung, því að það er þó undirskrifað af H. H. konunginum. *(Ben Sv.:* Það er allt annað.) En jeg vil nú leyfa mjer að spyrja h. flutningsm.: Álítur hann að málið komist í betra horf, og er það til sátta og samkomulags við stjórnina, að fara lengra en farið var 1885 í máli þessu? Hans Hát. konungurinn hefir einmitt lýst því yfir, að hann væri á móti því, að aðgreina landið frá hinu danska ríki, eins og gert væri í frumv. 1885, og þó er nú farið lengra í þá stefnu en áður. Jeg spyr opt sjálfan mig, hver verða muni árangurinn af því, að fara nú að halda þessu máli til streytu, og mjer getur eigi dulizt, að hætt er við, að hann verði slæmur; að vjer ekki komumst eitt hænufet áfram, heldur ef til vill mikið aptur á bak. Það er gamalt og mjög skynsamlegt orðtak, sem segir, að »í upphafinu skyldi endirinn skoða«, og ætti jeg að fara að byrja stjórnarbaráttu nú við ofurefli mitt, þá mundi jeg halda áfram meðan jeg anda; en nú er svo ástatt, að mjer finnst jeg mjög vel geta þagað.

H. flutningsmanni finnst eigi mikið í sölurnar lagt, þótt aukaþing yrði af nýju. En jeg verð að lýsa því yfir, að mjer þykir mjög óhagkvæmt og ísjárvert, ef vjer skyldum neyðast til að fá aukaþing af nýju. Vjer höfum nóg að gera með landsins fje, og jeg vil ekki sitja á aukaþingi til að jeta upp fje það, sem lagt er á landsbúa með skatti eða tekið úr viðlagasjóði, í árangurslausri stjórnarbaráttu, þar sem þó svo margt er ógert hjá oss, sem brýn nauðsyn er að framkvæma svo fljótt, sem auðið er.

Jeg er því algerlega á móti því, að málið sje gert að kappsmáli á þessu þingi, og skyldi vera h. flutningsmanni mjög þakklátur, ef hann vildi skjóta því á frest, og vona jeg, að hann verði við þeirri ósk minni, því að hann hefir sjálfur tekið það fram, að mál þetta ætti aldrei að koma fram öðru vísi en sem eindreginn vilji alþingis. Á síðasta þingi hafði það eindregið fylgi allra hinna þjóðkjörnu þingmanna í þessari deild, og í efri deild af öllum þjóðkjörnum og einum konungkjörnum; en nú er hætt við, að eindrægnin verði minni. Í fyrra og í hitt eð fyrra gerðum vjer það, sem oss bar að gera, og það, sem vjer vorum neyddir til að gera; vjer höfðum sett oss fyrir, að

endurskoða stjórnarskrána, eins og hún sjálf gaf oss heimild til, en með því var eigi sagt, að vjer værum skyldir til, að halda stjórnarbaráttu vorri áfram þing eptir þing, ár eptir ár, hvernig sem á stæði. Og nú er ástandið verra en nokkru sinni áður, til að halda þessu máli fram, í hverja átt sem litið er; líti maður til Danmerkur, þá er ástandið þar eigi til að glæða í oss hugann, og hvernig er hjer ástatt, þar sem »brúkunarhrossin detta niður úr hungri og þorri þjóðarinnar aðþrengdur af harðindum og volæði«, svo að jeg taki mjer í munn orð eins heiðraðs þjóðliða? Í Danmörku á H. H. konungurinn í vök að verjast í sínu eigin ríki, og vil jeg enganveginn steypa mínu landi í sömu ógæfuna. Jeg er neyddur til að bendla H. H. konunginum við mál þetta, þó að h. flutningsmanni fallipað mjög illa, því mjer finnst vjer hafa sjerstakrar kurteisis-skyldu að gæta við þennan konung, sem gaf oss nýja stjórnarskrá, og fyrstur heimsótti land vort, og hefir gefið því gjafir. Þetta er raunar ekki aðalástæðan, sem jeg hefi á móti málinu, heldur er það sjerstaklega ástandið í landinu sjálfu.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Mjer þykir illt að geta ekki orðið háttv. varaforseta (Þ. B.) aptur samferða í gegnum ræðu hans, en jeg sje mjer það varla fært, sízt að sinni; leið hans var svo óljós og krókótt; en það er þó sumt í ræðu hans, sem jeg verð að drepa á í stuttu máli. H. varaforseti sagði, að jeg vildi knjesetja alla þessa þingd., en þetta segir hann ósatt; það er ekki jeg, sem knjeset menn, nei, það er hin knýjandi nauðsyn tímans, er bæði á og skal knjesetja bæði mig og varaforseta (Þ. Böðv.), já alla oss, háttv. þingdeildarmenn.

Þá hafði varaforseti orð á aukaþingi, svo sem annari hótun, einhverri þeirri grýlu, er skyldi hræða oss, og varaði oss við þeim vítum: er tíðkast í Danmörku. En þetta er beinlínis að tala út í hött. Hjer er um enga slíka misklíð að ræða, sem í Danmörku; það hlýtur varaforseti sjálfur að vita eins vel og aðrir, ef hann annars veit nokkra agnar ögn um ástandið í Danmörku; hann hlýtur að vita það, segi jeg, að hjer er að ræða um rjettindi Íslands til sjálfstjórnar í hinum sjerstaklegu málum þess, gagnvart alríkisskipuninni, en þar er allur ágreiningurinn um það, hvort grundvallarlög Dana heimili og slái fastri svo nefndri «parlamentariskri» þingstjórn, eður aðeins «constitutioniel» eða takmarkaðri eða þingbundinni einvaldsstjórn. Að bera þetta saman er rjett eins og að bera saman svart og hvítt. Jeg get ekki betur sjeð en þetta sje að hræða með hinni gömlu grýlu, «spekúlera» í þessu eldgamla þjóðarmeini, að meta meira krónur heldur en þjóðfrelsi, þing og sjálfsforræði; og víst þýtur nú öðruvísi í varaforseta (Þ. Böðv.) en um daginn, þegar ræða var um 4. gr. í prestakallalögunum; þá söng hann á nótur frelsis og rjettinda, en nú er komið annað hljóð. En jeg get sagt varaforseta (Þ. Böðv.) það, að þó þetta frumv. yrði að lögum, þá mundi þess ekki langt að bíða, að menn fyndu því það einmitt til galla, sem varaforseta stendur svoddan stuggur af að komi einstöku sinnum fyrir, það, að ekki er þar ákveðið, að þing sje haldið nema annaðhvort ár. En þeir af þjóðinni, sem mest hugsa um hennar hag, hugsa hjer á annan veg en hann; þeir hugsa einmitt að nauðsynlegt sje að hafa þing árlega, þó ekki lægi við önnur eins tilveru og lífsnauðsyn þjóðarinnar, eins og nú, þar sem ræðir um að fá innlenda stjórn fyrir erlenda, og stjórn með ábyrgð, í staðinn fyrir ábyrgðarlausa stjórn.

Varaforseti (Þ. Böðv.) er samdóma h. landsh. í því, að þetta sje ekki þjóðvilji; en hvaða þjóðvilja talar hann um? Er það sá þjóðvilji, sem stígur og fellur eins

og kvikasilfurs-barómeter? Jeg tala ekki um hann; talar hann um þann þjóðvilja, sem fer eptir þorskgöngunni í Hafnarfirði, reisir sig, þegar mikill fiskur berst á land í Garðahverfi, en dregur sig í hlje þegar aflinn þverrar? Jeg tala heldur ekki um þann þjóðvilja. Talar hann um þann þjóðvilja, sem er hvikull, óáreiðanlegur, svikull, og hneigist að einu í dag og að öðru á morgun? Ekki tala jeg um hann; nei, jeg tala ekki um þann þjóðvilja, heldur þann skynsamlega, fasta, einbeitta vilja, sem sprettur af sannri knýjandi nauðsyn, og jafnan stefnir að sama takmarki, þótt hann beri mishátt höfuðið og taki misstór skref. Þetta er sá þjóðvilji, sem jeg tala um, og það þarf varaforseti (Þ. Böðv.) að vita, svo hann ekki misskilji mig. En jeg þarf einnig að vita, hvernig sá þjóðvilji er, sem hann talar um, svo okkur ekki greini á út úr misskilningi á orðum.

Það er ekki allt einskær þjóðvilji, sem kemur fram í fundargjörðum til þingsins nú.

Jeg hef talað við merkan mann úr kjördæmi varaforseta (Þ. Böðv.), og hann sagði, að það, sem stæði í fundarályktun þeirri, er gjör var á þingmálafundi, er varaforseti og samþingismaður hans hjeldu, væri alls ekki sinn vilji. Varaforseti hefir víst ekki gjört kjósendum sínum vel ljóst, hver munur er á þeirri aðferð, sem eingöngu dregur dug úr mönnum og spillir fyrir málinu, eða hinni, sem er sú eina karlmannlega, djarflega, skynsamlega og rjetta.

Varaforseti (Þ. Böðv.) hefir og talað af mikilli kurteisi um H. H. konunginn, sem annan málsaðila, en jeg tek það enn einu sinni fram, að það er stjórnfræðislega rangt, að blanda honum í þetta mál á því stigi, sem það nú er. Jeg er sannfærður um, að hann mundi feginn vilja veita oss allar þær rjettarbætur, sem oss mundu miða til heilla og blessunar, en vjer vitum, að það er eigi H. H., sem ræður í þessu máli, heldur ráðaneyti hans.

Jeg ætla ekki að svara varaforseta fleiru að sinni, en jeg vona að okkur gefist kostur á að talast við í öðru sinni, þegar málið kemur til 2. umr.; vildi jeg óska að skoðanir okkar þá mættu færast saman, eins og jeg vona, að þá skýrist, hvað þjóðvilji er í þessu máli, og hvort mönnum yfir höfuð blæði mjög í augum, að hafa aukaþing.

Grímur Thomsen: Jeg skal leyfa mjer að gjöra eina eða tvær athugasemdir. Fyrst skal jeg geta þess, að jeg hefði búizt við, að fleiri h. þingdm. hefðu tekið til orða í þessu máli, en hingað til hefir orðið. Skýring hæstv. landsh. sýnir, að það muni vera ýmsir þingmenn, sem eru í vafa um, hvort nú sje hentugur tími til að taka þetta mál fyrir að nýju. Jeg vildi óska, að þessir menn vildu sýna rjetta einurð og hreinskilni, og láta koma fram allar ástæður með og mót, og vara sig á því fótakefli, að beygja sig fyrir meiri hluta harðstjórn eða láta það ganga þegjandi og líðandi fram hjá sjer, sem þeir helzt vilja að sje dregið að framkvæma. Það er skylda allra: ekki að eins að líta á málavexti, heldur og á það, hvort tíminn er hentugur, hvort það er hollt fyrir land og lýð, að leggja nú aptur út í þetta mál. Það sýnir sig á fundargjörðum þeim, sem fyrir oss liggja, að meðal þjóðarinnar eru deildar meiningar um þetta. Þeir eru margir, sem vilja fylgja orðtækinu: «Geymt er ekki gleymt».

Jeg vil spyrja h. framsögum. (B. Sv.) og jeg treysti honum og öllum h. flutningsm. til að svara: Hvernig mundi fara, ef þetta stjórnarskipunarlagafrumv. næði fram að ganga hjer á þinginu í ár og þing yrði rofið og aukaþing 1888 samþykkti einnig frumv., en stjórnin gæfi allt af sama svar: synjaði ávallt staðfestingar? Jeg vil þá spyrja framsögum., hvort hann

ef hann lifði til, mundi þá enn á ný koma með málið á þing 1889 og svo framvegis meðan hann tórir til? Þetta hlýtur að vera meining h. framsögum., því annars væri engin meining í því, að vera að halda málinu fram nú, þegar svo margar raddir óska þess, að það sje látið bíða að svo stöddu.

Að því er snertir að öðru leyti breytingar þær, sem gjörðar hafa verið við þetta frumv., þá skal jeg taka það fram, hvort sem þessar breytingar geðjast stjórninni eða ekki, að þær gjöra frumv. aðgengilegra fyrir mig en frumv., sem samþykkt var 1885 og 1886, og jeg er háttv. framsögumanni alveg samdóma um það, að vjer eigum að fara eptir því einu, sem vjer álítum bezt og hollast fyrir land og lýð. Þó þeir menn sjeu til, sem álíta, að nú sje búið að undirbúa þetta mál sem bezt að unnt er, þá álít jeg þó ekki rjett, að halda málinu til streytu, ef hinn málspartur inn er mjög andstæður því, að haldið sje áfram. H. varaforseti (Þ. Böðv.) gjörði áðan eina athugasemd, sem var alveg pólitiskt rjett. Hann spurði, hvort það væri ekki apturför í þessu máli, ef það sýndi sig, að fleiri yrðu á móti því nú, en í fyrra. Stjórnin mun þá geta sagt, eins og stundum stendur í hægri blöðum Dana, þegar vinstri mönnum ekki hefir gengið sem bezt: «Nú eru þeir farnir að tapa sjer». Stjórnin mun segja, að vilji þjóðarinnar sje ekki eins sterkur og gildur, eins og hann hafi verið sagður, og því finni hún ástæðu til að synja málinu staðfestingar. «Þeir eru vissir að koma aptur í þriðja sinn», getur stjórnin sagt, «en þá er vonandi, að mótstaðan verði enn meiri». Jeg tek þetta fram, til að gjöra mönnum ljóst, að það getur orðið málinu til hnekkis, ef það sýnir sig, að mótstaðan verður meiri á þessu þingi, en í fyrra. H. framsögum. var að vitna til þess ágætismanns, sem vjer höfum misst. Jeg skal líka taka það fram, að jeg sakna þess sjerstaklega nú, að hann situr ekki meðal vor, því jeg er alveg viss um, að hann hefði ekki haldið máli þessu fram nú, því það er aðgætandi, að þótt hann þætti, ef til vill, heldur mikill ákafamaður á stundum, þá fylgdi þó ávallt þeim ákafa talsverð forsjá. Jeg skal taka eitt dæmi. Þegar vjer höfðum fengið stjórnarskrána 1874, þá heyrðust þegar á næsta þingi 1875 þær raddir, að þessi stjórnarskrá væri engan veginn nægileg, og vildu allmargir þá þegar koma með frumv. til breytingar á henni, en Jón Sigurðsson mælti fastlega á móti. Hann rjeð frá að leggja út í stjórnarbaráttuna á ný 1875. Nú vil jeg spyrja h. framsögum., sem er góðs maklegur fyrir framkomu sína í mörgum málum, hvort honum þætti það ekki fallegur vitnisburður, ef sagt yrði þegar til kemur og hann er liðinn undir lok: «víst var hann kappsmaður, en hann var líka maður með forsjá, sem kunni að bíða»? Mundi hann ekki vilja kjósa þennan vitnisburð, heldur en að sagt yrði: «hann var kappsmaður, en hafði litla forsjá», eða «hann talaði bæði í tíma og ótíma, hlífði engum og engu, barði allt fram með ofsa, enda urðu framkvæmdir hans forsjár- og árangurlausar».

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Það gladdi mig að þm. Borgf. (Gr. Th.) var nefndinni samdóma í sumu, en þó mundi það hafa glatt mig enn meir, ef hann hefði í ræðu sinni talað meira um málefnið, en minna um menn, heldur en hann gerði. Jeg ætla sjerstaklega að minnast á tvennt, sem hann einkum lagði áherzlu á í ræðu sinni. Í fyrsta lagi spurði hann, hvernig vjer ætluðum að fara að 1888, ef stefnt yrði til aukaþings sökum þess, að frumv. þetta gengi í gegn á þinginu. En þessa spurningu átti hann ekki að bera upp fyrir oss, heldur þeim, sem þá verða fulltrúar hinnar íslenzku þjóðar.

þm. Borgf. (Gr. Th.), sem nú er, getur borið þessa spurningu upp fyrir þann þm. Borgf., sem verður það við nýjar kosningar. Jeg get því ekki svarað þessari spurningu; svarið liggur í skauti framtíðarinnar og á valdi þjóðarinnar. Vjer byggjum að eins á því umboði, sem þjóðin fjekk oss í hendur í fyrra, og vjer erum skyldugir að byggja á því, unz þjóðin sjálf tekur það aptur af oss við löglegar kosningar.

Í öðru lagi var þm. Borgf. (Gr. Th.) samdóma varaforseta (Þ. Böðv.) um það, að apturför sje í málinu frá þjóðarinnar hálfu, ef það fær nú færri atkv. en í fyrra, þó það samt gengi í gegn. En þetta er í raun og veru ekki, og getur ekki skoðast svo frá almennu sjónarmiði. Allt svo lengi málið fær löglegan meiri hluta á þingi, þá er það í sama gengi og fyr, þegar litið er á þingið sem eina heild; en auðvitað er, að það er öðru máli að gegna þegar litið er til hinna einstöku þm.; það verður að vera upp á hvers einstaks þingmanns ábyrgð, ef hann nú kveður nei við því, sem hann gaf já-kvæði sitt 1886; jeg skal sízt öfunda hann af því; en það má hann ekki láta sjer gleymast, að málinu er í sjálfu sjer eins vel borgið fyrir því, ef það að eins fær löglegan meiri hluta með sjer, þótt hann sje minni en í fyrra.

Mig tekur það mjög sárt, að þm. Borgf. (Gr. Th.) bar mig saman við vorn látna ágætismann, Jón Sigurðsson; því jeg ætla að enginn muni glöggvar finna þann mun, sem er á milli okkar, en jeg sjálfur; en þó svo sje, ætti stjórnarmál Íslands ekki að gjalda þess. Meðan hann lifði, átti hann við ofurefli að etja, og gat ekki breytt stjórnarskránni eptir vilja sínum og nauðsyn Íslands. Ekki var honum heldur, fremur en öðrum dauðlegum, markaður verkahringur um ókomnar aldir, svo að hann gæti vitað, hvað bezt hentaði í stjórnarmálum vorum langt fram í tímann. — En til þess að sýna, að mjer sje ekki ókunnugra um það, en hinum háttv. þm. Borgf., hverjum augum Jón sál. Sigurðson leit á hina gildandi stjórnarská, þá vil jeg nú hafa upp fyrir háttv. þingmönnum orð hans um það efni, þau er jeg heyrði af hans eigin vörum, og sem sýna, að honum mundi ekki koma á óvart það, sem nú gerist í stjórnmálum vorum, þó hann væri enn á lífi meðal vor, eða fengi litið upp af gröf sinni.

Hann sagði svo:

»Þessi stjórnarskrá (o: 5. jan. 1874) er góð til að byrja með, en hún hefir þá galla, er gera það að verkum, að Íslendingar munu skamma stund gera sig ánægða með hana, eins og henni mun verða beitt«.

Þessi orð eru nú fram komin, og oss sæmir sízt að ætla, að hann nú mundi trauðari til framgöngu en fyr, ef hann væri með oss og í broddi lífsins; og hvað sem því líður, þá eru slíkar getgátur alls ekki mælikvarði fyrir því, sem helg skylda gagnvart þjóð vorri og föðurlandi heimtar af mjer og öllum hinum háttvirtu þjóðfulltrúum, þar á meðal ekki sízt h. þm. Borgf.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg ætla að mótmæla því, að h. framsögum. (B. Sv.) hafi rjett til að segja, að jeg hafi sagt »ósatt«, og mig furðar á því, að h. forseti skuli leyfa þm. að viðhafa slíkt orð.

Forseti: H. varaforseti (Þ. Böðv.) hafði líka hörð orð í ræðu sinni til framsögumanns; en jeg fann ekki ástæðu til að taka fram í, hvorki fyrir honum nje h. framsögumanni (B. Sv.), með því jeg heyrði hvorugan viðhafa meiðandi eða vansæmandi orð um annan.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg get svarað öllu, sem h. framsögumaður (B. Sv.) mælti til mín áðan, með fáum orðum. Það, sem hann sagði, var ekki til að svara; hann kom ekki með neinar ástæður, sem þörf er að svara.

Hann bjó til einhvern þjóðarvilja, sem

hann sagði, að væri minn þjóðvilji; en hann hefði eins getað sagt um sinn þjóðvilja: minn þjóðvilji er það, sem jeg hugsa sjálfur. Skal jeg svo ekki mæla meira um þetta mál, enda vildi jeg óska, að það hefði aldrei komið til umræðu.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 20 atkvæðum gegn 1, að viðhöfðu nafnakalli, eptir ósk 6 þingmanna, og sögðu

já:	*nei:*
Jón Þórarinsson	Gr. Thomsen.
Páll Ólafsson	
Árni Jónsson	
Ben. Sveinsson	
Gunnar Halldórsson	
Jón Jónsson	
Jónas Jónassen	
Lárus Halldórsson	
Ólafur Briem	
Ólafur Pálsson	
Páll Briem	
Sig. Jensson	
Sig. Stefánson	
Sveinn Eiríksson	
Þórarinn Böðvarsson	
Þorl. Guðmundsson	
Þorleifur Jónsson	
Þorst. Jónsson.	
Þorv. Bjarnarson	
Þorvarður Kjerúlf.	

Frumv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (C bls. 69 og nr. 102, 145); 2. umr.

Framsögumaður (Þorlákur Guðmundsson): Jeg ætla að leyfa mjer að fara fáum orðum um þetta mál, og þau breytingaratkv., sem við það hafa verið gerð.

Það er þá fyrst breytingaratkv. þm A.-Skaptf. (Sv. Eir.), sem miðar sig við stjórnarfrumv., en getur þó eigi átt við það, og skal jeg láta það á valdi h. forseta, hvort breytingaratkv. þetta formsins vegna geti komið til atkvæða. En að öðru leyti er það mikil lækkun á ekki hærra verði, að lækka það um 300 krónur, o: úr 1100 niður í 800; nefndin fór hjer eptir áliti umboðsmannsins, og jeg er sannfærður um, að verðið er alls eigi of hátt.

Þá er breyt.till. þm. V.-Skaptf. (Ó. P.). Eins og sjá má á nefndarálitinu (C 102), hefir nefndin lagt það til, að þessi tölulíður, 2. tölul. í stjórnarfrumv., væri felldur í burtu, þar sem jörðin er föluð í smápörtum, 6 hundruð og 15 álna ábúð hvors fyrir sig, enda hefir sú stefna verið áður við sölu þjóðjarða hjer á þinginu, að selja ekki smáparta, og er sú stefna rjett að okkar áliti.

Í þriðja lagi hefir nefndin lagt til, að verðið undir 1. tölul. væri fært niður úr 1200 niður í 1050, samkvæmt áliti sýslunefndarinnar, sem hún heldur fór eptir í þessu, en áliti umboðsmanns. Aðrar breytingar, sem nefndin hefir ráðið til, eru að eins skýringar við 14. tölulið í breytingaratkvæði nefndarinnar.

Sveinn Eiríksson: Jeg hefi komið fram með breytingartill. mína (C 145) í góðum tilgangi og af þeirri aðalástæðu, að jeg veit með vissu, að þær 2 jarðir, sem um er að ræða, eru of dýrt seldar fyrir 1100 kr. hvor, eins og þær eru nú orðnar; þetta veit jeg sem gagnkunnugur, og sjálfsagt kunnugri en nokkur hinna h. þingdm.; jeg er þar borinn og barn fæddur á næsta bæ, og síðan jeg fór þaðan hefi jeg iðulega farið þar um, þegar jeg hefi verið á ferð; áður voru jarðirnar kannske 1100 kr. virði; en þeim er svo farið aptur nú, að jeg verð að álíta sanngjarnt verð 800 kr.

Fyrri jörðinni er jeg mjög kunnugur, því það voru iðulegar samgöngur milli þeirrar jarðar og ábúðarjarðar föður míns; þá var jörðin allgóð, en nú eru gæði hennar í litlu eða engu öðru fólgin, en stopulum útigangi; túnið er að vísu nú líkt og áður, en ekki betra en svo, að af því fást að eins 50 til 90 hestar; engjar eru engar; slægna-ítak hefir hún frá annari jörð,

sem gefur af sjer 20 til 30 hesta, og er það ekki svo mikils virði, að það geti að mun hleypt upp verði jarðarinnar; þar er snjóasamt, skógurinn allt af að ganga af sjer vegna ófyrirsjáanlegra uppáfalla, nefnilega skógarmaðks, svo hann er orðinn hálfu minni nú en fyrir 15 árum síðan. H. þm. V.-Skapf. (Ó. P.) er þar kunnugur, því skal jeg ekki neita, en hann er ekki eins kunnugur eins og jeg; hann fer eingöngu eptir afgjaldinu, sem einmitt af hans eigin völdum er jafnhátt nú sem áður, þó jarðirnar gangi af sjer.

Hvað hinni jörðinni viðvíkur, þá hefir hún ekki gengið eins af sjer, og gæti líka fremur tekið bótum að einhverju leyti; jörðin er mjög landlítil og af túninu fást frá 90 til 120 hestar; það er vel ræktað, enda er ábúandinn mesti snildar-búmaður; engjar eru víðáttumiklar, en sein-unnar, ógrasgefnar og illt að bæta þær; beitilandið er hálent og næðingssamt, og haga-ganga í svo kölluðu Borgarfellsnesi orðin að litlu, með því að það er að mestu upp-blásið í mold nú á síðustu 10 árum.

Jeg vona svo, að h. þingmenn kannist við sanngirni þá, sem mælir fram með breyt.till. mínum.

Ólafur Pálsson: Jeg get ekki verið á sama máli og h. nefnd um það, að eigi megi selja smáparta úr jörðum þar sem svo stendur á, þar sem þing og stjórn vilja á annað borð selja; ábúendurnir geta selt hvorir öðrum, ef þeim þykja partarnir of litlir, og eiga það við sjálfa sig, hvort þeir vilja kaupa þessi býli sín, þó nefndinni þyki þau of smá; hjer er ekki nema einn ábúandi á hinni hálflendunni, svo ábúendur jarðarinnar eru þó ekki nema þrír, og finnst mjer það munur, heldur en hefðu verið fjórir ábúendur; því skyldum vjer setja hindranir hjer í veginn, fyrst þing og stjórn eru annars á sama máli? Nefndin hefir fært niður kaupverðið undir 1. tölul., og skal jeg játa, að jeg hefi sett Seglbúðir í Kleifahreppi nokkuð hátt, en þó eins og mjer fannst sanngjarnt, þannig, að jeg fylgdi þeim mælikvarða, hvorki að okra með fje landssjóðs, nje setja verðið svo lágt, að ekki verði tiltökumál að ganga að því fyrir landssjóð.

Þótt h. þm. A.-Skapt. (Sv. Eir.) þykist kannske vera þessum jörðum, nfl. Hemru og Borgarfelli, svo kunnugur, efast jeg samt um að hann sje kunnugri þeim en jeg nú á seinni árum; og þó hann þykist opt hafa komið þar síðan hann fór það-an, þá hefir hann líklega helzt komið heim á bæina, en ekki farið vítt um landareign-ina *(Sv. Eir.:* Onei), og víst hefir hann ekki farið víða yfir út frá veginum. *(Sv. Eir.:* Jeg fór um alla Hemrumörk og víð-ar, er jeg kom suður til þings). Ja, það þarf nú meira til.

Jeg skal játa það, að jeg hefi sett þess-ar jarðir svo hátt, sem jeg hugsaði að þær yrðu ýtrast keyptar fyrir; því gæta verður líka að því, að nú ganga allir hlutir illa út og miklu ver en fyrir nokkrum árum, sem veldur harðrjetti manna á milli og peningaekla.

Hvað snertir ⅓ úr Hvoli, þá gaf jeg nefndinni þær upplýsingar þar að lútandi, sem mjer var mögulegt, og af brjefi frá sýslumanni mínum, sem jeg hefi nýlega fengið, getur nefndin sjeð, að þær upplýs-ingar, sem jeg gaf henni, voru sannar og rjettar.

Framsögumaður (Þorlákur Guðmunds-son): Jeg skal leyfa mjer að bæta því við, viðvíkjandi ⅓ úr Hvoli, að ábúand-inn þar hefir, eptir skýrslum, sem nefnd-in hefir haft fyrir sjer, gert miklar jarða-bætur, og er eptir skýrslu umboðsmanns allra duglegasti maður.

Þar sem h. þm. A.-Skapt. (Sv. Eir.) sagðist vera þessum tveimur jörðum, er nefndar eru í breyt.till. hans, kunnugri en jeg, þá er það mjög eðlilegt, en við urðum og verðum mest að miða við álit umboðsmanns og sýslunefndar, sem lágu

fyrir nefndinni. Þar sem sami h. þm. (Sv. Eir.) nefndi 15—30 hesta af útheyi, þá er það mikils virði á skóglendri útigangsjörð, þar sem það væri miklu minna virði á gjafarjörð. Ef þessar jarðir eigi seljast fyrir hið tiltekna verð, 1100 kr., þá munu eigi aðrar jarðir seljast mikið, því þessar jarðir eru þó víst með þeim beztu í þessu hjeraði.

Jeg er á gagnstæðri skoðun og h. þm. V.-Skapt. (Ól. P.), og álít skaðlegt að seldar sjeu jarðirnar í smápörtum, og á hinn bóginn finnst mjer ekki rjett að segja, að þing og stjórn hafi tekið neina stefnu hvað þessu atriði viðvíkur, því það er enn ekki komið til stjórnarinnar.

Sveinn Eiríksson: Jeg þarf að svara því í ræðu h. sessunautar míns (Ól. P.), að hann heldur að jeg hafi að eins komið á bæina, án þess að fara nokkuð yfir landið eða líta í kring um mig. Þessa hugmynd sína hefir umboðsmaðurinn (Ól. P.) sjálfsagt miðað við sínar eigin skoðunarferðir. Líka er það mjög undarlegt og eptirtektavert, að hann, sjálfur umboðsmaðurinn, skuli ekki vita það, að þessar jarðir eru allt af að ganga af sjer; hann er samkvæmt stöðu sinni skyldugur til að vita þetta svo nákvæmlega, að jafnvel kunnugur maður geti þar engu við bætt.

Þar sem h. framsögum. (Þorl. Guðm.) sagði, að þessir 15—30 útheyshestar væru meira virði á útigangsjörð heldur en á gjafarjörð, þá verð jeg að segja þvert nei við því, og það einmitt af því jörðin er útigangsjörð, því á útigangsjörðunum má þó heldur takast að bjarga fjenaði með litlu eða engu heyi, þó það sje valt, og sem enginn ætti að spila upp á; á gjafarjörð væru þessir sömu hestar miklu meira virði, því þar verður engu bjargað án heys. Þetta ætti h. framsögum. (Þorl. G.) að íhuga sem bóndi og búmaður, og það meir að segja á gjafarjörð. Jeg veit að h. þm. Rangv. (Þorv. Bj.) er þessu máli talsvert kunnugur, og jeg efast ekki um, að honum sje sýnt um mat á jörðum, eins og annað, er að búskap lýtur.

Ólafur Pálsson: Það er ekki alveg rjett hjá h. þm. A.-Skapt. (Sv. Eir.), að jörðin sje slægjulaus, því hún hefir blett, þó hann sje lítill, sem gekk undan Flögu fyrir nokkrum árum, og hefi jeg getið um hann í skýrslu minni. Það er rjett, að h. þm. A.-Skapt. (Sv. Eir.) kemst eigi á bæina án þess að fara um landið að nokkru, en að hann hafi vísiterað langt út frá götunni, um það leyfi jeg mjer að efast. Um ástand jarðanna hefi jeg gefið nákvæma skýrslu, og hana getur h. þm. (Sv. Eir.) fengið að sjá hjá nefndinni, ef hann vill, og þá vona jeg að hann taki ummæli sín um ókunnugleika minn sem umboðsmanns til baka. *(Sv. Eir.:* Nei).

Þegar maður rígskorðar verðið svona við sínar eigin skoðanir, án þess að taka tillit til annara, þá er enginn miðlunarvegur, heldur verður allt þvergirðingur og misskilningur.

Þorvaldur Bjarnarson: Jeg er á móti breyt.till. h. þm. A.-Skapt (Sv. Eir.), af því jeg hefi opt komið á þessar jarðir, og hefi ávallt heyrt það sagt, að þær tækju öðrum jörðum fram þar í sýslu; skýrslu umboðsmanns finnst mjer engin ástæða til að rengja, og ekki heldur skýrslu sýslunefndarinnar, og þá verður þetta verð það eina hæfilega; það er líka ísjárvert, að selja jarðirnar minna en fæst fyrir þær. Það er eptir áliti sýslunefndarinnar, að nefndin hefir fært 1. tölul. dálítið niður, enda er sú jörð undir áföllum. Viðvíkjandi 2. tölul. get jeg þess, að jeg er á móti því að selja í smápörtum. Á Hvoli hefir allt af verið þríbýli og allir bændurnir dugnaðarmenn, og sá ábúandi, sem hjer æskir kaupa á sínum parti, er afreksmaður mikill, og þeirri jörð meira gert til góða en flestum öðrum þjóðjörðum í Skaptafellssýslu, og ef slíkum mönnum er enginn sómi sýndur, þá er lítil vernd hins

opinbera gagnvart duglegum leiguliðum landssjóðs, og er það þó leiðinlegt; landslögin ættu að vera svo rúm, einkum fyrir þvílíka ábúendur, að þeim væri sjálfboðið kaup á ábýli sínu fyrir í lögum ákveðið verð, svo slíkur maður ætti ekki einu sinni að þurfa, gegn um alla hina þröngu og löngu lest, að biðja um jörðina til kaups, heldur mega rólegur vera kyr við sína vinnu.

Framsögumaður (Þorlákur Guðmundsson): Röksemdaleiðsla h. þm. A.-Skapt. (Sv. Eir.) í síðari ræðu hans um, að 15—20 hestar væru miklu meira virði á gjafarjörð en á beitarjörð, er mjer og líklega fleirum þingm. alveg óskiljanleg. Og að öðru leyti neyðist maður af orðum h. þm. Rangv. (Þorv. Bj.) að álíta, að jafnframt því að h. þm. A.-Skapt. (Sv. Eir.) er kunnugur þessum jörðum, þá sje hann kannske of kunnugur mönnunum, sem á þeim búa.

ATKVÆÐAGR.:

1. gr. 1. tl. í nefndarfrumv. samþ. með 18 atkv.
1. — 1. tl. í stjórnarfrumv. þar með fallinn.
1. — 2. tl. í stjórnarfrumv. felldur með 12 atkv. gegn 5.
1. — 3. tl. í stjórnarfrumv. samþ. með 18 atkv.
1. — 4. tl. í stjórnarfrumv. samþ. með 20 atkv.
1. — 5. tl. í stjórnarfrumv. samþ. með 20 atkv.
1. — 6. tl. í stjórnarfrumv. samþ. með 20 atkv.
1. — 7. tl. í stjórnarfrumv. samþ. með 20 atkv.
1. — 8. tl. í stjórnarfrumv. samþ. með 20 atkv.
1. — 9. tl. í stjórnarfrumv. felldur með 13 atkv.
1. — 8. tl. í nefndarfrumv. samþ. með 19 atkv.
1. gr. 9. tl. í nefndarfrumv. samþ. með 19 atkv.
1. — 10. tl. í nefndarfrumv. samþ. með 18 atkv.
1. — 11. tl. í nefndarfrumv. samþ. með 18 atkv.

Breyt till. Sv. Eir. (145) við 12. tl. felld með 12 atkv. gegn 4.

1. — 12. tl. í nefndarfrumv. samþ. með 12 atkv.

Breyt.till. Sv. Eir. (145) við 13. tl. felld með 12 atkv. gegn 5.

1. — 13. tl. í nefndarfrumv. samþ. með 13 atkv.
1. — 14. tl. í nefndarfrumv. samþ. með 14 atkv.
2. — stjórnarfrumv. samþ. með 19 atkv.
3. — —— — — 19 —

Málinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Frumvarp til laga um aðflutningsgjald af kaffi o. fl. (C. 37, 132); 2. umr.

Framsögumaður (Árni Jónsson): Eins og sjá má af nefndarálitinu, hefir nefndin byggt á sama grundvelli sem frumv., en þó gert nokkrar breytingar; bæði um þessar breytingar, og eins um stefnu frumv. sjálfs, kunna að vera skiptar skoðanir, en svo mikið ætla jeg að vona að allir sjái, að mál þetta er meir áríðandi en svo, að því megi varpa frá sjer þegar í stað, heldur sje það mjög mikilsvert, og því beri að íhuga það vandlega á allar hliðar.

Það sem þá fyrst kemur til íhugunar, er það, að í skatta-álögum eru tvær meginreglur, eða það mætti segja: tveir gjaldstofnar, sem skattarnir styðjast við, og sem þeir skiptast eptir í *beina* skatta og *óbeina;* eða sem einnig mætti orða það: í fasta skatta og tolla.

Þetta frumv. fer í þá stefnu, að auka hina óbeinu skatta, en minnka þá beinu. Vjer flutningsmenn þessa frumv. höfum eigi fyrstir manna hjer á þingi hallazt að þessari stefnu; bæði 1883 og 1885

komu fram eindregnar óskir um að afnema ábúðar- og lausafjárskattinn, en álit manna var nokkuð á reyki um það, hvað setja skyldi í þeirra stað. Óskir þessar vaka enn og virðast hafa farið mjög vaxandi síðan 1885, því af 15 fundargjörðum, er liggja fyrir þinginu, eru 11 sem æskja þess, að ábúðar- og lausafjárskatturinn annaðhvort sje af numinn eða þá að minnsta kosti eptirgefinn $^1/_2$, eins og gert var á þessu yfirstandandi fjárhagstímabili. Og margir mæla með því, að tollar á aðfluttri munaðarvöru verði auknir, til að bæta landssjóði halla þann, er hann biður, ef ábúðar- og lausafjárskattur væri úr lögum numinn. Þannig vilja 1) Norður-Múlasýslubúar láta leggja svo sem 5 aura toll á kaffi og export; 2) Norður-Þingeyingar afnema lausafjárskattinn, og 3) Eyfirðingar bæði hann og ábúðarskattinn, en leggja toll á kaffi; 4) Skagfirðingar vilja láta tolla kaffi og afnema með öllu ábúðar- og lausafjárskattinn; 5) Húnvetningar nefna ekki afnám ábúðar- og lausafjárskatts að svo komnu, en vilja láta tolla munaðarvöru. 6) Í mínu kjördæmi vilja menn hið sama. 7) Snæfellsnessýslubúar vilja fá uppgjöf á $^1/_2$ ábúðar- og lausafjárskattinum. 8) Í Skaptafellssýslu, 9) Árnessýslu og 10) Rangárvallasýslu vilja menn linun í ábúðar- og lausafjárskatti, en óska að tollur sje settur á aðflutta álnavöru og smjör. 11) Dalasýsla vill láta auka tollana, og þá fyrst á munaðarvörum, sem eru einmitt þær vörur, sem hjer er farið fram á að tolla, því þingm. Dalamanna flutti þessu líkt frumv. á þingi 1885. 12) Strandamenn einir óska að hlífzt sje við kaffitolli að þessu sinni. 13) Vestur-Skaptfellingar og 14) Vestmanneyingar eru hinir einu, sem ekki geta um þetta mál, enda virðist svo sem þeirra fundir hafi mest eða fyrst og fremst hugsað um sín eigin kjördæmi. 14) Suður-Þingeyjarsýsla vill ekkert hreyfa við tollmálum að þessu sinni.

Jeg þykist þannig hafa gert grein fyrir vilja þjóðarinnar í þessu máli, eptir þeim gögnum, sem vant er að telja áreiðanlegust til merkis um hann, nefnil. eptir skýrum álitum opinberra funda víðsvegar um land, svo að ekki verði oss flutningsm. þessa máls borið það á brýn, að þetta sje gert móti vilja og tilætlun landsmanna. Það er fullljóst, að menn eru óánægðir með skatta vora, eins og þeir nú eru; en þá kemur sú spurning: hvað veldur þessari óánægju? Efalaust einkum það, sem svo opt hefir verið sýnt fram á, að þeir eru ósanngjarnir og koma ójafnt niður. Ábúðarskatturinn leggst á innstæðuna, stofnfjeð. Hann leggst á jörðina, sem maður verður að fram fleyta lausafjenu á, og er þannig mjög óeðlilegur, auk þess sem mat jarðanna er svo afar-mismunandi og miður áreiðanlegt. Lausafjárskatturinn stendur á sama grundvelli. Hann lendir á framfærslustofninum, án tillits til þess, hvaða arð og ávöxt hann gefur. Þannig hvíla þessir 2 skattar á sama stofni, og eiginlega á þeim áhöldum, sem þurfa til þess að framleiða ávöxtinn og aflafjeð. Þeir hvíla þá ekki á eðilegum skattálögugrundvelli, og reynast ekki heppilegir í framkvæmdinni; því það þykir við brenna, að jarðirnar bútist sundur vegna ábúðarskattsins, og lausafjeð komi ekki allt til tölu á tíundarlistunum, og er slíkt hvorki heppilegt nje til þess að auka sældir og betra siðferðið.

Ofan á allt þetta bætist, að þessir skattar hafa eigi þann kost, sem beinir skattar eru almennt taldir að hafa fram yfir óbeina, nefnil. að þeir sjeu vissari, því, eins og nú er komið, þá eru ábúðar- og lausafjárskattarnir orðnir engu síður óvissir en óbeinir tollar. Allir h. þingdm. vita, hvernig sýslumönnum gengur að inn-

heimta þá. Bændur koma margir peningalausir á þing, sýslumaður fær þeim gjaldseðilinn, en þeir kveðast enga peninga hafa, og beiðast umlíðunar og leyfis að mega borga í ávísunum til kaupmanna. Þetta verður sýslumaður að láta sjer lynda; en hjer fer sem optar, að »efndanna er vant, þótt loforðin sjeu góð«. Það getur dregizt að borga þinggjaldið; sýslumaðurinn fer að ýta á hreppstjórann að heimta það inn, sem þá getur eigi ætíð heldur gengið greiðlega, því allt af vantar peningana; og svo verður endirinn stundum sá, að gjöldin eru óborguð á næsta þingi, og sumstaðar verður að taka þau lögtaki. Þetta er engan veginn þægilegt fyrir innheimtumenn, sýslumennina, og þetta eru ekki vinsæl gjöld fyrir gjaldendur. Þeir vita, að sýslumaðurinn vofir yfir sjer, ef þeir gjalda ekki, og geta þó ekki gert það.

Jafn óvinsæla skatta, sem þessa, er mjög óheppilegt að hafa, en þó eru ef til vill þau úrræði, sem þingið hefir gripið til, þau, að gefa eptir af sköttum þessum, ekki að mun heppilegri, en sjálfir skattarnir. Því að gefa upp löglega skatta ár frá ári um lengri tíma — jeg hefi ekkert á móti, að slakað sje til um eitt og eitt ár eptir ástæðum, — það er beinasti vegurinn til að kenna mönnum að smeygja sjer undan opinberum gjöldum, og venja menn á betl og bónastagl við landssjóð. Það er sama neyðarúrræðið, sem að veita og gefa upp hallærislán. Það er auðsætt, að ónánægjan með þessa skatta fer vaxandi, og, eins og nú horfir í landi, þá verður þó að minnsta kosti að færa þá niður eins og áður. En þegar svo er komið, þá kemur sú spurning, hvort ekki sje rjettara að afnema þá með öllu, og leita að öðrum gjaldstofni.

Mjer fyrir mitt leyti virðist miklu heppilegra, haganlegra og heillavænlegra, að afnema slíka skatta með öllu. En þó h. þingdm. væru mjer samdóma í þessu, þá er eptir að vita, hvað setja ætti í þeirra stað, hvort heldur skuli tolla útflutta eða innflutta vöru. Jeg fyrir mitt leyti vil fylgja þeirri alkunnu meginreglu í tollmálum, að tolla eigi aðrar innlendar vörur en þær, sem menn vilja ekki að flytjist út úr landinu, og ekki aðrar útlendar vörur—svo lengi sem unnt er—en þær, sem eru ónauðsynlegar, eður að miklu leyti má án vera, og sjerstaklega þær, sem kynnu að vera skaðlegar á einhvern hátt. Á þingi 1885 kom þáverandi þm. Eyf. (A. Ó.), sem nú er konungkjörinn, jeg man ekki hver í röðinni,—nema hann er 1 af þeim 6,—með frumv. um það, að fella niður ábúðar- og lausafjárskattinn, en leggja aptur á útflutningsgjald af ýmsri innlendri vöru. Þetta frv. gekk í gegn í neðri deild, en fjell í hinni efri.

Um sömu mundir kom frumv. frá efri deild til neðri deildar, er fór fram á hið sama, að afnema ábúðar- og lausafjárskattinn, en leggja aptur toll á kaffi, sykur o. fl. En viti menn: þá snerist h. þm. Eyf. á hæl á móti því, og varð einn hinn harðasti mótstöðumaður þess, þó að það fylgdi sama principi og hans eigið frumv., að fella niður ábúðar- og lausafjárskattinn. Fóru svo leikar, að frumv. fjell í þessari deild, en þó eigi með miklum atkvæðamun.

Þegar nú nefndin hafði komið sjer saman um, að halda í þessa sömu átt, að afnema hina umræddu skatta, þá lá næst til svara, hvernig þessi tekjumissir yrði bættur landssjóði, eða með öðrum orðum, hvað innfluttar vörur ætti helzt að tolla. Taldi nefndin það eðlilegast og affarabezt, að tolla munaðarvörur eða ónauðsynjavörur, og ætlaði eigi annan gjaldstofn hentari að svo komnu í því efni, en kaffi og kaffibætir. Því kaffi verður eigi talið gagngjörð nauðsynjavara, og kostum þess fylgja, því miður, margir ókostir, eptir því sem nautn þess og neyzla er nú á landi voru.

Jeg veit vel, að mörgum bæði körlum og konum, er illa við kaffitollinn, því flestum þykir blessaður sopinn góður, og mönnum er svo gjarnt að hugsa fyrst um sjálfa sig og það sem þeim þykir gott. Jeg neita því ekki heldur, að kaffið sje hressandi og gott í hófi brúkað, en frá því og til þess að það sje nauðsynlegt, er langur vegur; auk þess er þessi tollur sem frumv. fer fram á, engan veginn slíkur, að hann fyrirmuni mönnum þess, að geta smakkað kaffi, því þó hvert pund verði 5 au. dýrara fyrir tollinn, og þótt kaupmenn legði svo nokkuð á þar að auki, þá er einsætt, að ekki er loku skotið fyrir, að geta fengið sjer kaffisopa eins og áður, að eins verður nokkru minna keypt fyrir sömu upphæð; en hitt er hjegómi, að hugsa eða tala, að nokkrum sje með þessum tolli fyrirmunað að fá sjer kaffi. Kaffinautn er orðin svo mikil hjá oss, að alveg væri skaðlaust þó hún minnkaði nokkuð; allir mundu jafn-sælir eptir sem áður, og meira að segja einnig þeir, sem helzt þurfa þess með, sjómennirnir. Kaffinautn stendur í nánu sambandi við kaupstaðarskuldirnar; þær stafa mikið af hinum hóflausu kaffikaupum, og ærna matbjörg mundi margur geta keypt fyrir þá fjárupphæð, sem gengur fyrir kaffi og sykur. Hversu gott sem kaffið er, hljóta allir að játa, að betra væri að vera saddur og kaffilaus, en að sötra kaffið svangur og skuldugur. Jeg tel það eigi efunarmál, að mikið af þessum miklu kaupstaðarskuldum, sem örðugast er úr að komast, stafi af kaffikaupunum. Og svo bætist það ofan á, að kaffi er alls ekki hollt úr hófi brúkað; til þess mun mega rekja ýmsa sjúkdóma, sem nú færast í vöxt með nautninni, og sem þörf væri á að stemma stigu fyrir.

Eitt af því, sem athuga þarf, er, hver áhrif frv. þetta mundi hafa á hag landssjóðs, ef það yrði að lögum.

Eins og nefndarálitið ber með sjer, höfum við reiknað út, eptir verzlunarskýrslunum, hvað mikið hefir flutzt til landsins af kaffi og sykri um 5 ára tímabilið 1880—1885. Það hefir verið að meðaltali á ári:

a. kaffi og kaffibætir, pund . . .	740,000
b. sykur, pund	1,000,000
5 aura tollur á kaffi og kaffibætis-pundi gjörir . . . . . kr.	37,000
2 aura tollur á sykur-pundi gjörir . . . . . kr.	20,000
Tollur samtals kr.	57,000
Þegar þar frá dragast 2 % í heimtulaun, eður 1140 kr., verður tollurinn, er landssjóður fengi . . . . . kr.	55,860
Um sama 5 ára tímabil hefir ábúðar- og lausafjárskatturinn verið að meðaltali . . . . . kr.	48,000
og tekjuskattur af atvinnu að meðaltali árin 1879—1881 kr.	5,400
Þessir skattar samtals kr.	53,400

Þannig fara þá þessir tollar eptir þessu 2460 kr. fram úr því, sem þeim sköttum nemur, er niður eiga að falla, og bíður þá landssjóður engan halla.

En gerum nú samt ráð fyrir, að minna yrði keypt af kaffi bæði þetta og næsta ár, sökum harðæris og báginda, og við skulum bæta því við, vegna tollsins, og setjum svo, að tollurinn yrði o: 10,000 kr. lægri á ári en áætlun þessi gjörir ráð fyrir, hvað svo? Má ekki hiklaust gjöra ráð fyrir annari eins eða helmingi meiri rýrnun í ábúðar- og lausafjárskatti næsta fjárhagstímabil, svo varla er hægt að gera ráð fyrir tekjumissi fyrir landssjóð, þótt frv. yrði að lögum. Því, eins og jeg sagði áðan, þá verður, ef engu er breytt til um tollana, óhjákvæmilegt að fella niður ½ ábúðar- og lausafjárskattinn næsta fjárhagstímabil, og það munar landssjóð um rúmar 20,000 kr. á ári. Nei, það sem fellir frumv. þetta, ef það fellur, mun ekki verða umhyggja fyrir landssjóði, heldur

skammsýn umhyggja um sinn eigin og annara, ekki stundarhag, heldur eymdarhag, sem stafar af hóflausri kaffibrúkun víða hvar, sem er höfð á oddinum og að ástæðulausum ástæðum, og þannig látin sitja í fyrirrúmi fyrir framtíðarheill og hagsmunum þjóðar og þjóðþrifa. Því þó tollur þessi yrði sumstaðar og hjá sumum ekki sem vinsælastur í bráðina, þá ætla jeg að margir mundu, við skynsamlega yfirvegun, sætta sig við hann með tímanum, svo hann annaðtveggja yrði álitleg tekjugrein fyrir landssjóð, sem þá væri gott fyrir landssjóð. eða hann yrði til þess að minnka kaffinautn í landinu, og þannig bæta efnahag landsmanna, sem einnig væri æskilegt og ekki síður ákjósanlegt.

Það er flestum svo farið, að þeir vilja vera lausir við tolla og álögur, og tel jeg það eðlilegt. Þeim, sem þykir gott í staupinu, hann segir: Þið megið ekki tolla brennivínið, en hækkið þið tollinn á tóbakinu. Good-Templarinn segir: Blessaðir tollið þið duglega brennivínið og allan vínanda. Sjómaðurinn segir: Þið megið ekki tolla kaffið, jeg lifi mest á kaffi, en þið megið tolla ull og sauði fyrir mjer. En hið háttvirta þing má ekki líta á þessar sundurlausu skoðanir eingöngu, eður á ímyndaðan hag hins einstaka í almennum velferðarmálum, heldur er þá að líta á hina almennu heill og hagsmuni, á það, sem »að beztu manna yfirsýn« horfir bezt og beinast til farsældar og framfara fyrir land og lýð um yfirstandandi og ókomna tíma.

Jeg geng að því vísu, að þetta frumv. mæti mótbárum, og jeg ætla að taka fram þær helztu, og svara þeim nú þegar.

Sú höfuðmótbára er vanaleg gegn óbeinum sköttum, að þeir sje óvissari en beinir skattar; en hún kemur alls eigi hjer til greina, þar sem ræða er um kaffitoll annarsvegar og lausafjár- og ábúðarskatt hins vegar, af þeim ástæðum, sem jeg hefi áður tekið fram, að þeir skattar fara rjenandi.

Önnur mótbára gegn þessum tolli er sú, að hann komi fullt eins ójafnt niður og hinir skattarnir, af því hann lendi mest á þurrabúðarmönnum og sjávarmönnum. En hjer liggja þau svör til, að sveitamenn drekka mjög mikið kaffi. þó það sje nokkuð minna en brúkað er við sjó, og svo er öllum að miklu leyti innan handar að láta þennan ójöfnuð koma ljett niður á sjer, með því að skammta sjer tollinn sjálfur, o: drekka þeim mun minna kaffi, sem honum nemur, og vera þó vel í haldinn. Auk þess mun næsta torvelt að finna ráð til þess, að leggja svo skatta á menn, að allir verði ánægðir, og auðið sje að fullyrða, að þeir komi alveg jafnt niður á öllum gjaldendum í hlutfalli við gjaldþol þeirra og kringumstæður. Ljóst dæmi þess eru aukaútsvörin, sem eiga að leggjast á »eptir efnum og ástæðum« og kunnugustu menn ætíð jafna niður; en þau eru þó hvervetna mikið óánægjuefni, og eigi allfáir kveina yfir því, hvað útsvarið sitt sje of hátt og ósanngjarnt í samanburði við aðra.

Þriðja mótbáran er sú, að þessi tollur mundi leggjast á menn með meiri þunga en til er ætlazt, það er, að kaupmenn vilji hafa nokkuð fyrir sinn snúð að greiða tollinn, og hækki hann því um 25—50 %. En jeg held að það sje ómögulegt, að spá nokkru með vissu um það, hvernig kaupmenn mundu leggja þennan toll á, hvort þeir leggja hann á þessa vörutegund eingöngu, eður dreifa honum á aðrar.

Þá er fjórða mótbáran, að það vanti tollumsjón. Þetta er satt, og þetta er eina mótbáran, sem hefir nokkra verulega þýðingu. En jeg held samt, að óttinn fyrir tollsvikum þurfi eigi að fæla menn frá að fylgja frumv. Jeg treysti svo tolltakendum og kaupmönnunum, að það þurfi ekki fremur um þennan toll en

aðra, sem á hvíla, að bera kvíðboga fyrir undandrætti.

Þá er að minnast á breytingar þær, er nefndin gjörði, sem sumir fella sig, ef til vill, ekki vel við. Hin fyrsta fer fram á að afnema tekjuskatt af atvinnu. Þessi skattur er bæði óviss hvað kaupmenn snertir, og óvinsæll hvað embættismenn snertir, enda hvílir hann á þeim á hinum sama ósanngjarna grundvelli, sem ábúðar- og lausafjárskatturinn. Hann hvílir að meir en hálfu á verzlunum eða kaupmönnum, en það er sama sem skattur á landsmenn, þar eð kaupmenn þurfa, til þess að standa sig, að fá allan sinn kostnað endurgoldinn. Auk þess er upphæð þessa skatts mjög lítil og í mikilli óvissu, því ef kaupmenn tilgreina ekki sjálfir tekjur sínar, þá er næsta erfitt fyrir skattanefndina, að ákveða tekjur þeirra svo sanni sje nærri, og stundum er það alveg ómögulegt.

En hvað embættismennina snertir, þá er þessi skattur allt annað en sanngjarn, því að hann hvílir ekki á neinu arðfje, heldur á þeim embættistekjum, sem þeim er ætlað að framfæra á sig og sína.

Nefndin hefir einnig sleppt að afnema útflutningsgjald af fiski og lýsi; þetta kann að virðast mjög ósamkvæmt í sjálfu sjer, og ósanngjarnt, einkum frá þeirra sjónarmiði, er ætla, að kaffitollurinn lendi einkum á þeim, sem mest verzla með fisk og lýsi. Jeg fyrir mitt leyti álít óheppilegt að hafa útflutningsgjald á fiski, og gagnstætt þeim meginreglum, er gilda eiga í tollmálum, þar eð þetta gjald hvílir á þeim vörum, sem komast eiga á markaðinn. En það er aðgætandi, að þetta er ekki nema í orði kveðnu svo. Í reynslunni er það vottað og viðurkennt, að útflutningsgjaldið hvíli á verzluninni, en eigi á þessum tollskyldu vörum. Kaupmenn draga ekki af verðinu á fiski og lýsi fyrir útflutningsgjaldinu, heldur leggja það á útlendar vörur yfir höfuð, svo sveitamenn greiða þetta gjald alveg eins mikið og sjálfir sjávarbændurnir. Þess vegna hefir nefndin lagt til, að láta þetta gjald standa að svo komnu.

En nú kann einhver að segja: þetta kann allt að vera satt og rjett, en þessi tími er illa valinn og óhentugur, því kaffi er nú svo dýrt, að varla er á bætandi. En jeg segi nei; þessi tími er einmitt vel valinn, og það af þeirri orsök, að kaffið er svo dýrt. Því þegar það lækkar í verði, finna menn ekki svo mjög til tollsins og gleyma honum fyr, heldur en ef hann væri lagður á þegar kaffi er í lágu verði; þá mundi honum kennt um alla verðhækkunina, þegar það stigi upp; t. d. ef tollur þessi hefði verið lagður á í fyrra eða 1885, þá mundu menn hafa sagt í vetur, þegar kaffið steig upp: »þetta er allt tollinum að kenna«.

Það eru 2 atriði, er nefndin mun athuga og umbæta til 3. umr., ef þess sýnist þörf. Annað er það, að bæta við ákvörðun um skipsforða, eins og gjört er í öðrum tolllögum, og hitt, að setja ef til vill undir toll sýróp o. fl. þess konar.

Þetta mætti athuga til 3. umr., því jeg vona, að allir veiti þessu máli þá viðurkenningu, að leyfa því að komast svo langt.

Fel jeg það svo h. þingdm. til rannsóknar og rækilegrar yfirvegunar, og happasælla úrslita fyrir þing og þjóð, í bráð og lengd.

(Þegar hjer var komið, hafði fundur staðið í 3 stundir, og var þá fundi frestað til kl. 6 e. m.).

Tuttugasti og annar fundur, mánudag 25. júlí kl. 6 e. m.

Frumv. til laga um aðflutningsgjald af kaffi, o. fl. (37, 132); framh. 2. umr.

Jón Þórarinsson: Jeg er viss um að h. flutningsmenn mæla að margra skapi, er þeir leggja það til, að afnuminn sje ábúðar- og lausafjárskattur; en um leið þarf

eitthvert ráð til að bæta landssjóði þennan tekjumissi, og í þessu frumv. er farið fram á, að gera það með því, að leggja toll á kaffi, sykur o. s. frv. Það hefir áður verið svo mikið talað um, hvort þetta mundi vera heppilegt eða ekki, og er óþarft að endurtaka það. Lausafjár og ábúðarskatturinn er óvinsæll, af því hann kemur misjafnt niður; en ef menn aftaka ósanngjarnt gjald, þá eiga menn ekki að leggja aptur á ósanngjarnt gjald, en það held jeg sje óhætt að fullyrða að kaffitollurinn sje; það er ekki nema nokkur hluti manna, sem nauðsynlega þarf að hafa kaffi; þeir sem mjólkina hafa, geta verið án þess, en við sjó er það nauðsynlegt, þar sem engin mjólk er. Það hefir verið sagt að kaffi væri mjög misbrúkað, en það er margt fleira sem misbrúka má, t. d. óáfenga drykki, sem nefndin hefir fellt úr í nefndarálitinu; og jeg veit ekki hvort kaffi er brúkað svo mikið, að það sje til að veikja heilsuna; um það getur t. d. h. þm. Rvk. (J. Jónassen) betur borið en jeg. Jeg er óánægður með, að nefndin skuli hafa sleppt gosdrykkjunum úr frumv. *(Árni Jónsson:* Þeir verða teknir inn í sjerstakt frumv.). Það gleður mig að heyra það, því að það væri undarleg mótsögn, að vilja ekki hafa toll á slíkri óþarfavöru, sem gosdrykkir eru, en leggja það til um leið, að tollur sje lagður á nauðsynjavöru, þó að það sje nauðsynjavara að eins fyrir nokkurn hluta landsmanna. Úr okkar kjördæmi eru komin mótmæli fram móti þessum kaffitolli, þó þau hafi enn eigi legið frammi, og jeg held jeg megi fullyrða, að í því kjördæmi sjeu menn ekki eins samhuga um neitt mál—nema ef vera skyldi stjórnarskrármálið—eins og um það, að tollur verði ekki lagður á kaffi. Jeg finn því skyldu mína að mæla fastlega á móti þessum tolli. Jeg er heldur engan veginn sannfærður um, að landssjóður með þessu fái tekjumissi sinn bættan; jeg held miklu fremur, að kaffikaupin, einkum í sjóplássunum, við hækkun verðsins mundi minnka svo, að landssjóður fengi ekki skaða sinn bættan. Sumstaðar er frumv. þetta óheppilega eða ógreinilega orðað, t. d. í 4. gr., en það mætti sjálfsagt laga það. Það, sem jeg fyrir mitt leyti hafði mest á móti frumv., var það, að gosdrykkjunum var sleppt, en jeg sætti mig stórum mun betur við það, eptir að jeg hefi heyrt, að von væri á sjerstöku frumv. um það efni.

Að síðustu vil jeg geta þess, að mjer þykir tollurinn allt of hár, því í staðinn fyrir 5 aura má reiða sig á að kaupmaðurinn leggur 2 sinnum 5 aura á hvert pd., því hann leggur auðvitað nokkuð á fyrir gjaldheimtunni.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg get vel verið samdóma h. nefnd um sumt í þessu frumv., þótt eigi geti jeg verið með henni í öllu; þannig álít jeg eins og h. nefnd mjög æskilegt að losast við ábúðar- og lausafjárskatt og útflutningsgjald af fiski og lýsi, og hefði jeg því viljað að 8. gr. hefði staðið fyrst en eigi síðast í frumv. Ábúðar- og lausafjárskatturinn hefir nú verið gefinn mönnum upp að hálfu leyti svo árum skiptir, og mundi því verða mjög óvinsælt, ef nú væri farið að heimta hann allan; þar við bætist og, að skattur þessi er ekki sem rjettastur, því jarðamatið er víða óbrúkandi, og opt er framtal manna fremur óáreiðanlegt og lauslega tíundað hjá sumum. En hvað á að koma í staðinn fyrir þenna skatt? H. nefnd hefir stungið upp á að leggja toll á kaffið, og h. framsögumaður (Árni J.) hefir komið með margar ástæður fyrir þeim tolli, en samt sem áður hefi honum þó eigi tekizt að sannfæra mig um, að tollur þessi sje rjettlátur og heppilegur. Jeg skal taka það fram, að við það að verða laus við ábúðar- og lausafjárskatt er þungum og ekki sem rjettlátustum skatti ljett af mönnum, og allir njóta góðs af því, og sveitabóndinn í fyllri mæli en sjávarbónd-

inn, en það sem í staðinn kemur, lendir meir á sjávarbóndanum en landbóndanum, því að kaffið er mjólk þeirra, sem við sjóinn búa. Jeg hef það eptir einum hinum álitlegasta efnafræðing vorra tíma, að kaffið sje því nauðsynlegra sem fæðan er óbreyttari, og eins og menn vita, hefir fæða sjávarbóndans sjaldan verið lakari og óbrotnari en nú á þessum harðærisárum. Menn verða líka að þakka það kaffinu, að ýmsir sjúkdómar hafa farið minnkandi, sem áður voru mjög tíðir við sjóinn, eins og t. d. skyrbjúgur og holdsveiki.

Þess ber og að gæta, að ef 5 aur. tollur yrði lagður á hvert kaffipund, þá yrði afleiðingin sú, að kaffið yrði ekki 5 heldur 10 til 15 aur. dýrara en áður, því að kaupmenn þurfa þó eitthvað í aðra hönd fyrir toll þann, sem þeim er gjört að skyldu að greiða fyrir fram og eru vanir að taka meira en tollurinn nemur. Og getur það borgað sig fyrir hina fátæku að lifa, ef það eina sælgæti, sem þeir hafa, skyldi verða frá þeim tekið, einkum þegar þetta sælgæti er líka hollt fyrir líf og heilsu þeirra?

Viðvíkjandi því, sem h. framsögumaður (Á. J.) sagði, að það hefðu ekki komið neinar kvartanir frá Gullbr. og Kjósarsýslu út af tolli á kaffi, þá skal jeg leyfa mjer að geta þess, að á þingmálafundi, sem vjer fulltrúar Gullbringu- og Kjósarsýslu hjeldum með kjósendum okkar, lýstu þeir því yfir, að þeir vildu allra sízt að tollur yrði lagður á kaffi. Nokkuð öðru máli er að gegna um toll á sykri, þó að reyndar sje töluvert meira af sykri í mjólk sveitabóndans en ýsu sjáfarbóndans. Hvað 3. tölulið frumv. snertir, þá er jeg h. nefnd þakklátur fyrir, að hún hefir strykað hann út úr frumvarpinu, því að jeg hefði álitið það eitt hið mesta óhappaverk, sem framið hefði verið í tollmálum, hefði sá liður náð fram að ganga, svo að lagt hefði verið 20 aura gjald á hvert pund af útlendu smjöri, því að afleiðingin af því hefði náttúrlega orðið sú, að allt íslenzkt smjör, sem verzlað hefði verið með, hefði orðið ójetandi, þar sem það þó einmitt ætti að verða sem bezt og vandaðast, til þess að hægt væri að senda það til útlanda; jeg vona því, að þessi 3. töluliður rísi aldrei upp aptur, og gleðst yfir því, að h. nefnd hefir vitkazt og sjeð sig um hönd. Hinn 4. tölulið frumv. fellur mjer bezt í geð, og væri h. nefnd alvara að fella hann út úr frumv., þá mundi jeg taka hann upp og mæla fram með honum. — En nú getur verið, að hin h. nefnd vilji vita, hvaða toll jeg vilji láta koma í staðinn fyrir ábúðar- og lausafjárskattinn, og skal jeg svara henni því, að jeg sje ekkert því til fyrirstöðu, að lagt sje útflutningsgjald á ull og aðra landvöru, því að eins og sjávarbóndinn þolir umkvörtunarlaust útflutningsgjald af fiski og lýsi, þannig ímynda jeg mjer og, að landbændurnir mundu eigi kvarta, þótt lagt yrði útflutningsgjald á landvöruna. Jeg skal einnig nefna útflutningsgjald af sauðum, því að sauðasalan út úr landinu hefir farið svo í vöxt hin síðustu árin, að segja má, að hún sje orðin hneixlanlega mikil; sjávarbóndinn veit ekki, hvernig bragðið er af bezta þorski; og um landbóndann er sama máli að gegna: hann veit heldur ekki lengur hvernig bezta sauðakjöt er á bragðið. — Ennfremur mætti nefna útflutningsgjald af hrossum, sem menn ginnast til að ala upp, landi og lýð til tjóns, til að selja þau svo aptur fyrir tiltölulega mjög lítið verð. Hjer við mætti og ennfremur bæta í gamni eða alvöru útflutningsgjaldi af þessu tvífætta, sem verið er að flytja til Ameríku; því að ef megnið af þeim, sem eitthvað ættu, skyldu fara út úr landinu til Vesturheims, þá væru þeir, sem eptir yrðu, líklega ekki of sælir, þó að tekið væri 10—20 kr. útflutningsgjald af hverjum manni. — Jeg hef gefið h. nefnd þessar bendingar, af því að mjer virðist hún hafa tekið það óheppilega ráð, að af-

nema reyndar ópakknæmilegan skatt, en setja þó aptur ópakknæmilegan toll á landsmenn í staðinn. Að síðustu skal jeg geta þess, að jeg hefði ekkert á móti því, að lagður væri tollur á hampinn, því að það er sorglegt að vita, að hver hamplokkur skuli nú vera unninn erlendis og menn skuli vera hættir að spinna í hrognkelsanetin sín. Vildi h. nefnd leggja háan (t. d. 50 aura) toll á hvert pund af netagarni, þá skyldi jeg vera henni mjög þakklátur, því að eitt af tvennu hlyti að verða: annaðhvort yrði keyptur hampurinn ódunninn, eða landsjóður græddi stórfje. Móti því að leggja toll á ljerept er það eitt, að þá yrði, ef til vill, nauðsynlegt, að setja tollgæzlumenn, en það viljum vjer varast sem lengst. En jeg er ekki viss um, að þess þyrfti, ef tollurinn væri lagður á eptir pundatali.

Þorsteinn Jónsson: Jeg er nefndinni samdóma um, að rjett sje að leggja ekki á nýja skatta nema einhverjum eldri sköttum eða álögum sje ljett af. Jeg er einnig nefndinni samdóma um, að halda útflutningsgjaldinu af fiski og lýsi, sem rennur greitt í landssjóð, en leggst eigi á framleiðurnar, þar sem kaupmaðurinn leggur það á verzlun sína, eins og t. d. aukaútsvar og annan verzlunarkostnað. Ábúðar- og lausafjárskatturinn er máske nokkuð þungbært og óvinsælt gjald, og mjer er það kunnugt, að sýslumönnum er opt ervitt að innheimta hann og gjaldendum að greiða; þótt jeg nú reyndar sje þeirrar skoðunar, að beinir skattar sjeu í rauninni rjettari en óbeinir. Tekjuskattur embættismanna er einnig óeðlilegur; það er í rauninni sama sem jeg segði við vinnumanninn: »Þú fær 50 kr. í kaup hjá mjer, en jeg borga þjer ekki nema 49 kr.; hitt þarf jeg að brúka til einhvers fyrirtækis«. Þessi skattur eltir að eins þá menn, sem hafa árleg föst laun, t. d. embættismenn og verzlunarstjóra; hjá öðrum, t. d. kaupmönnum, er hann mjög stopull og óáreiðanlegur; jeg hefi verið í skattanefnd, og þekki því til þessa; þegar kaupmaðurinn segir: »Jeg hefi engar tekjur haft árið sem leið, og á engan atvinnuskatt að borga«, þá er ómögulegt, — þrátt fyrir öll fyrirmæli og leiðbeiningar í erindisbrjefi skattanefnda —, að sanna hið gagnstæða.

En nú get jeg ekki fylgt h. nefnd lengra. Í staðinn fyrir ábúðar- og lausafjárskattinn vill hún láta leggja toll á kaffi og sykur. Jeg get ekki annað sjeð, en að hjer sje tekinn skattur af sveitabændunum og lagður á sjávarbændurna, því sveitabændurnir geta verið án kaffis, en einmitt sjávarbændurnir ekki, því að kaffið er mjólk sjávarbændanna, eins og h. varafors. (Þ. Böðv.) tók fram. Hefði nefndin farið fram á, að leggja útflutningstoll á landvöru, í stað ábúðar- og lausafjárskatts, þá hefði jeg getað verið með. Tollurinn kemur hjer mest niður á hinum fátæku, sjerstaklega fátækum sjávarbændum og þurrabúðarmönnum. Viðurværi þeirra er opt mjög illt, og þeir hafa opt ekki annað en þuran fisk, og kannske þurt brauð, og þá er kaffið þeirra aðalvökvun og eina hressing. Það hefir verið spurt um það, hvort næring væri í kaffinu; það kann að vísu eigi að vera mikil næring í því; en hitt er víst, að það seinkar fyrir skiptingu efnanna í líkamanum, og aptrar þannig sliti líkamans, og er á þennan hátt óbeinlínis næringarmeðal, og hressingarmeðal er það ágætt, enda er það eina hressing sjávarbændanna, sem varla geta kaffilausir lifað. Kaffibrúkunin kann að hafa verið óþarflega mikil, en hún mun nú fara minnkandi, síðan kaffið hækkaði svo mjög í verði, og er þá hætt við, að tollurinn verði eigi fjarskamikill. Sumir kaupmenn hafa einnig í fyrra haust, meðan kaffið var svo ódýrt, byrgt sig upp til tveggja ára, svo tollurinn 1888 yrði víst ekki mikill.

Hvað sykurinn snertir, þá er hann

beinlínis næringarefni, og jeg veit til, að fátæklingar hjer við sjóinn hafa meðal annars notað hann í feitmetis stað, og er jeg eins á móti tolli á honum. Hið eina, sem hefði getað verið spurning um að tolla, er kaffibætirinn, en þó álít jeg það eigi tilvinnandi.

Annar galli er það á þessu frumv., að það eykur svo mjög á toll-eptirlitið, svo það verður miklu erviðara en það er; það er hægra að svíkjast undan tolli með kaffi, heldur en með vín eða tóbak, en ekki sýnist mjer æskilegt að setja hjer upp kostnaðarsamt toll-eptirlit, því sú þykir reynsla þess hafa orðið erlendis, að það gleypi mikinn hluta þess, sem inn heimtist í tollum.

Það hefir verið sagt, að mótmæli gegn þessum tolli hafi ekki komið alstaðar frá, t. d. ekki úr Vestmannaeyjum, en það get jeg sagt með vissu fyrir kjósenda minna hönd, að þeir mundu miklu heldur vilja allan ábúðar- og lausafjárskattinn, heldur en að hafa nokkurn toll á kaffi.

Viðvíkjandi smjörinu er jeg alveg samdóma h. varafors. (Þ. Böðv.), og get skrifað undir hvert orð, er hann sagði um það.

Jeg held að nefndin gæti bætt frumv. til 3. umr., og því er jeg ekki eindregið á móti því, að það gangi lengra.

Framsögumaður (Árni Jónsson): Það hafa nú þrír—ef jeg mætti svo að orði kveða — sjómanna-þingmenn risið upp á móti þessu frumv., og það kom mjer ekki á óvart; jeg bjóst nú aldrei við, að þetta frv. mundi verða samþykkt orðalaust, allra sízt hvað Vestmanneyinga snertir; þeir vilja optast sjá um sig, eru enda afskekktir og sjerstakir hvað búnaðarhætti snertir.

Mótmæli þau, er komið hafa fram, eru flest þau sömu, er jeg bjóst við, og hafði þess vegna svarað fyrirfram.

Þar sem 2. þm. KG. (Jón Þór.) sagði, að það væri vilji kjósenda sinna, að tollur yrði ekki lagður á kaffi, þá var ómögulegt að vita það, þar eð engin skýrsla hefir legið fyrir þinginu eða neinar fundargerðir hjer að lútandi úr þessu kjördæmi, og lýsir það litlum áhuga þeirra bæði á þessu og öðrum málum. Bæði þessi þm. (Jón Þór.) og h. þm. Vestm. (Þorst. J.) voru hræddir um, að landssjóður mundi bíða skaða af þessum skiptum; en jeg tók það fram í dag, að á því er engin hætta; lausafjárskatturinn fer minnkandi og líklega ábúðarskatturinn líka, eða hver ætli borgi ábúðarskatt af jörðum, sem eru komnar í eyði, og eru að leggjast í eyði? Og ef þetta gjald er ósanngjarnt, þá er rjett að afnema það, og það þó menn ekki þá í svipinn hafi annað gjald til að leggja á í staðinn, er vegi algerlega upp á móti því. En sem sagt, er það eigi svo hjer.

H. þm. Vestm. (Þorst. J.) áleit beina skatta í rauninni rjettlátari en óbeina, en þetta get jeg ekki skilið; það vantaði allar sannanir fyrir því, og að minnsta kosti eru þeir eigi taldir frjálslegri; þegar t. d. um munaðarvöru er að ræða, þá er maðurinn sjálfráður og getur skammtað sjer, hve mikið hann vill neyta hennar; en ef menn tíunda fje sitt á vorin, þá mega menn á næsta manntalsþingi gjalda af því tíund, þó það sje þá flest eða allt dautt, og hann hafi litinn eða engan arð af því haft. Hann sagði enn fremur, að gjaldið kæmi miklu þyngra niður á hinum fátæku en hinum ríku, en fyrir því færði hann ekki hinar minnstu sannanir, enda er það alveg óskiljanlegt, nema ef þeir eru þeim mun eyðslusamari en hinir; þá get jeg skilið það, en annars ekki. Hann sagði enn fremur, að í kaffinu væri eiginlega ekkert næringarefni, og var það ágæt upplýsing frá honum, lækningafróðum manni; en þar sem hann sagði, að kaffið tálmaði skiptingu efnanna í líkamanum, þá veit jeg ekki, hversu heppilegt það kann að vera; og þó kannske skyrbjúgur og holdsveiki

sjeu sjaldgæfari nú en áður, þá er líklegt, að aðrir sjúkdómar sjeu af kaffisins völdum komnir í þeirra stað; og þar sem því hefir verið haldið fram, að kaffið væri styrkjandi og hressandi, þá vita menn þó, að það er svo bezt, að það sje í hófi; annars veldur það opt, einkum hjá börnum og kvennfólki, hjartveiki, taugaveiklun og tannpínu. Og þegar svo leitað er læknisins ráða, þá bannar hann sjúklingnum að drekka kaffi.

Jeg tók það skýrt fram í dag, að áburðar- og lausafjárskatturinn væri að meðaltali 51 þúsund krónur á ári, en þessi tollur 53 þúsund kr., svo hann gerir meira en vega upp á móti.

Ef það er rjett, sem þm. Vestm. (Þorst. J.) sagði, að kaupmenn hefðu byrgt sig upp til 2 ára, meðan kaffið var svo ódýrt, þá væri það ekki mannúðlegt, að selja það kaffi nú á krónu, sem þeir nýlega gátu selt á 50 aur., og nota sjer þannig neyð annara.

Þá kem jeg til h. varaforseta (Þ. Böðv.), og vil jeg benda honum á mann, sem svo greinilega hefir svarað ræðu hans áðan, og það er einmitt sjálfur h. varaforseti (Þór. Böðv.) í hitt eð fyrra í þessu sama máli. Nú sagði hann, að 5 aura tollurinn mundi hjá kaupmanninum verða 10—15 aurar. 1885 sagði hann: »Sú ástæða« — nefnilega að kaupmaðurinn þurfi að leggja á fram yfir tollinn —, »sú ástæða er, að minni hyggju, heldur ekki á rökum byggð, því að fyrst og fremst er ekki hægt með neinni vissu að spá neinu um það, hvernig kaupmenn muni taka þennan toll«. Og seinna: »Kaupmenn þurfa ekki að láta kaffitollinn hvíla á þeim, sem kaffið kaupir«. Áðan sagði hann, að þetta væri til að ljetta á sveitabændunum, en þyngja á fátæklingunum við sjóinn; en 1885 sagði hann: »En skyldu þá allir vera fátækir, sem drekka kaffi og brúka tóbak? Þess konar ástæður« — nefnilega, að þessi tollur leggist á fátæklingana eina — »eru varla svaraverðar«. Þá sagði hann enn fremur: »Jeg held, að ekki sje skaði skeður, þótt löggjafarvaldið gæfi almenningi bending um, að kaffibrúkun, jafnvel við sjó, verður að vera hóflega mikil, og má ekki vera stjórnlaus«. (Sbr. Alþt. 1885 B. dálki 1205). Þegar jeg las í gærkveldi þessa ræðu h. varaforseta (Þ. Böðv.), sem hann hjelt 1885 í þessu sama máli, þá dáðist jeg að henni, og óskaði, að mjer tækist eins vel og viturlega að mæla fyrir málinu í dag, og færa sannanir fyrir því, eins og h. varaforseta þá. Og ef h. varaforseti (Þ. Böðv.) vildi snöggvast lesa þessa ræðu sína yfir, þá mundi hann sjá, að þar með er öllu því glöggt og greinilega svarað, sem hann tók fram á móti málinu í ræðu sinni áðan.

Þar sem hann tók fram, að hann vildi leggja toll á unninn hamp, er jeg alls ekki á móti því, og er honum þakklátur fyrir þá bendingu.

Viðvíkjandi tolli á gosdrykkjum mun síðar koma fram sjerstakt frumv.; það hefir dregizt hingað til, enda er gott, að hafa þegar áður heyrt meiningu manna um það efni.

Jeg ætla svo ekki að fara fleirum orðum um málið að þessu sinni.

Jónas Jónassen: Jeg er sannfærður um, að ef menn fara að leggja toll á kaffi, þá verður enginn tollur eins óvinsæll eins og kaffitollur. Það er tvennt hjer, sem jeg einkum legg áherzlu á; það er fyrst og fremst tollumsjónin, og hitt er, að kaffið er nauðsynjavara. Jeg hygg, að það sje mjög svo ísjárvert fyrir þingið, að leggja toll á aðfluttar vörur, meðan tollumsjón vor ekki er á hærra stigi, en hún er nú; þetta gæti leitt til síðaspillingar. Ef tolla ætti kaffi eða sykur, þá er það alveg ómögulegt fyrir lögreglustjórann, að hafa nægilegt eptirlit með, að tolllögunum væri hlýtt, hvað þessar vörutegundir snertir. Kaffi og sykur kemur hingað frá Englandi, t. a. m. með Camoens, svo að segja með

hverri ferð, en skipstjórinn hefir alls enga tollskrá; hvernig ætti svo lögreglustjórinn hjer að fara að? Ef lögreglustjórinn segði við skipstjórann, sem vildi eða ætlaði að fara af stað: »Þú verður að bíða til morguns, jeg verð að sjá um tollgreiðsluna«, þá heimtar skipstjóri ef til vill 30 pund sterl. fyrir hvern sólarhring, sem hann er tafinn; en það er fljótt auðsjeð, að þetta gæti ekki gengið svona til lengdar. Það er því alveg nauðsynlegt, að tollumsjón vor komist í betra horf en hún nú er, áður en vjer förum að hugsa til þess, að leggja toll bæði á kaffi og sykur.

Hitt atriðið er það, að kaffið er hrein og bein nauðsynjavara. Líti menn inn í hreysi fátæklinganna, þá geta menn fengið að sjá, að þeir hafa ekki annað að lifa á en soðningu, og er það ljett fæða, þegar til lengdar lætur, en með henni er kaffi alveg nauðsynlegt, því það er mikil næring í því; menn geta haft það í matar stað; mann svengir síður, er maður drekkur kaffi, og þannig getur maður sparað mat með því. Vatnsgraut hafa fátæklingar ekki einu sinni ráð á hafa að staðaldri. Það var tekið hjer fram á þingi 1885 af kunnugum manni, að kaffi væri alveg nauðsynlegt fyrir fátæklingana, því þeir hefðu það svo að segja í matar stað; ef menn kæmu inn í hýbýli þeirra, þá gætu menn sjeð, að kaffiketillinn svo að segja færi ekki af eldinum.

Jeg er samdóma háttv. varaforseta (Þ. Böðv.) um, að kaffibrúkunin mikið hefir hjálpað til, að draga úr skyrbjúg, sem er vondur og tíður sjúkdómur hjá mönnum við sjávarsíðuna. Það er búið að taka það fram, að þessi tollur leggst mjög ójafnt og ósanngjarnt á, því það er auðsætt, að iðnaðarmenn, fátæklingar og fólk við sjóinn, sem ekki hefir mjólk, verða harðast leiknir með tollinum á því. Þó nú tollurinn kæmist á, þá mundi kaffi eigi að síður verða brúkað, og það enda af sveitabændum, sem hafa mjólkina.

Jeg skal ekki lengja umræðurnar frekar, því nóg mun vera komið, en einungis geta þess, að jeg er nefndinni mjög þakklátur fyrir það, að hún hefir dregið 3. tölul. út.

Benidikt Sveinsson: Jeg vil þegar lýsa yfir því, að jeg er nefndinni mjög þakklátur fyrir, að hún hefir beint þessu máli í rjetta aðalátt. Nefndin hefir haft um að fjalla stórt og mikið «princip». Hjer ræðir sem sje um þá miklu spurning, hvort beinir skattar eða óbeinir eigi betur við ásigkomulag lands og þjóðar. Eg hefi á undanfarandi þingum, eins og þingtíðindin sýna, optar en einu sinni tekið það fram, að það væri ómögulegt, að gefa neina algildandi eða undantekningarlausa reglu eða lögmál um það, hvort rjettara væri, að viðhafa bein gjöld til landssjóðs, skatta, eða óbein gjöld, tolla. Eg hefi þótzt taka það skýrt fram, og fært ljós rök fyrir því, að úrlausn þessarar spurningar, sem hefir í sjer fólgið eitt af mestu velferðarmálum landsins, væri sjer í lagi komin undir hlutfallinu milli framfærslunnar og neyzlunnar í landinu, milli «Produktion» og «Consumtion», í sambandi við hugsunarhátt þjóðarinnar, eður landsmanna, skoðaða sem gjaldendur til landssjóðs. Hjer er í mesta máta um pólitiska og hagfræðislega spurningu að ræða, og einnig um það, hvað er pólitiskt rjettast gagnvart gjaldendum. Þegar sú skoðun er að ryðja sjer til rúms, — og svo er það án alls efa nú meðal þorra þjóðarinnar að minnsta kosti, — að gjaldendur heldur óska að greiða gjöld sín með tollum, þá er, að mínu áliti, alls enginn efi á því, að þingið eigi að haga sjer eptir því; það er sannarlega hart, að neyða menn til að greiða gjöld sín á annan hátt, en manni fellur ljúfast; eða er það ekki

hart, að heimta með valdi þá borgun úr vinstri vasanum, sem jeg góðfúslega vil borga úr þeim hægri?

Eg er þannig alveg samdóma því aðalprincipi eða meginsetningu nefndarinnar, að innleiða hjer á landi tolla fyrir bein gjöld eða skatta. Þá er og annað atriði í þessu máli, sem jeg vildi drepa á. Nefndin vill náttúrlega sem sagt afnema áhúðar- og lausafjárskatt, og hún kemst einnig að þeirri alveg rjettu niðurstöðu, að ekki sje rjett að leggja toll á útfluttar vörur, svo sem fisk og lýsi, heldur á þær aðfluttu. Þetta er nú í ástæðum nefndarinnar. Það mætti þykja og væri mikil furða, að menn skyldu vilja halda útflutningsgjaldi á íslenzkum vörum; öllum má þó vera kunnugt, að framfærsluöfl landsins eru í mesta barndómi og að innlendar vörur standa í mjög lágu verði á erlendum mörkuðum. Á hinn bóginn vita allir, að frá útlöndum streyma hingað til lands alls konar óþarfar og ónauðsynlegar vörur, sem landið mætti vel vera án, en sem menn fikjast svo í, að til vandræða og vansæmdar horfir fyrir fátæka þjóð; jeg vil tiltaka klæðnaðinn; ullin okkar og fatnaður úr henni er miklu traustara og haldbetra en þetta útlenzka glys, sem flyzt hingað til landsins, að eg ekki tali um þá vörn, sem klæðnaðurinn á að gefa oss fyrir kuldanum og stormunum, sem eru aðalóvinir vorir.

I þessum almennu setningum fylgist jeg með nefndinni, og það held jeg hver og einn verði að gjöra; en jeg get ekki neitað því, að þegar hingað er komið málinu, eða þegar nefndin fer að beita sínum eigin rjettu reglum, að þá liggur það í augum uppi, að hún verður ósamkvæm sjálfri sjer, þar sem hún ekki vill afnema útflutningsgjaldið af fiski og lýsi, og þar að auki gjörir hún rangt á töfaldan hátt. Nefndin hefir ekki gætt þess, að þetta útflutningsgjald er komið í staðinn fyrir spítalagjaldið gamla og átti að vera, eins og sjest á umræðunum um það mál fyrrum á alþingi, jafnvægisgjald á sjávarmanninum móti ábúðar- og lausafjárskattinum. Svo er í annan stað þess að gæta, að þegar menn vilja leggja toll á kaffi, þá leggja menn með því að halda útflutningsgjaldinu á fiski og lýsi töfaldan toll á sjávarbóndann, og hann kemur þannig til að bera tvöfalda byrði móts við sveitabóndann; en þetta er ekki aðeins ósanngjart, heldur bersýnilega ranglátt. Jeg stend því fast á því, að 8. gr. í frumvarpinu, sem nefndin átti að segja álit sitt um, hefir mikla yfirburði fram yfir niðurstöðu nefndarinnar hvað þetta atriði snertir, og gef eg henni því óhikað atkvæði mitt. Hinn háttv. varaforseti og h. þingm. Rvík. (J. Jónassen) hafa báðir tekið það fram, að það væri óhæfa að tolla kaffið, vegna þess það væri svo nauðsynlegt fyrir sjávarmanninn, sveitabóndanum gjörði það minna til, af því hann hefir mjólkina. En af hverju hefir hann mjólk? Af því hann hefir grasið. En má jeg spyrja, er það þá almennt og undantekningarlaust lögmál, að hægra sje fyrir sveitamanninn að rækta tún sín en fyrir sjáfarbóndann að gjöra það? Jeg svara hiklaust nei. Það er þvert á móti öðrugra víða hvar fyrir sveitamanninn en sjáfarmanninn. Tún þurfa víða hvar alls ekki að vera minni við sjó en til sveita, þó þau sjeu það, en það er mönnunum sjálfum að kenna hvívetna þar sem land liggur að sjó, er rækta má eða gjöra tún úr. Það er sómi fyrir Reykjavík, að geta sýnt það, að það er hægðarleikur að rækta út tún við sjóinn, fullt eins vel og upp til sveita, nema betur sje. Þeir, sem við sjóinn eru, hugsa almennt mest eða helzt eingöngu um að flytja í land fiskafla, en gæta þess ekki, að þeir þurfa ekki að láta túnræktina sitja svo á hakanum, sem þeir gjöra, og af þessu og engu öðru eru þeir graslausir og mjólkurlausir. Sveitamaðurinn hefir ekki annað túnræktarefni, en

áburðinn undan skepnunum, en hann þrýtur; en sjávarmaðurinn hefi óþrjótandi ræktarefni í þangi og þara, sem sjórinn ber upp í höndurnar á honum fyrir ekki neitt, enda vita og allir, hversu ágætt grasræktarmeðal grútur og slor er, en hvorttveggja er samfara sjávaraflanum. Af þessu má ljóslega sjá, að þegar menn eru einlægt að tala um og klifa á því, hve nauðsynlegt kaffið sje fyrir sjávarbóndann, þá gæta menn ekki að því, að þeir ættu heldur að tala um vana en nauðsyn, eða rjettara sagt þá óvenjunnar hlekki, sem knýja menn til að neyta þess langt fram úr hófi. Meira að segja: það er vafasamt, hvort nauðsynlegra sje að brúka kaffi við sjó en til sveita, og nenntu menn almennt og eindregið að brúka hendurnar við sjóinn, eins og til sveita, og notuðu hverja stund, sem unnið verður og eigi á sjó farið, og hagnýttu menn sjer grasræktarmeðulin þar til að rækta tún sín, þá yrði kaffibrúkun alls ekki nauðsynlegri við sjó en upp í sveit. Jeg segi þetta sannarlega ekki af því, að jeg haldi meira með sveitar- en sjáfarbændum; hvorirtveggja eru mjer kærir, og jafnkærir.

Út af því sem háttv. þm. Vestm. (Þorst. Jónss.) tók fram um kaffitollinn, skal jeg geta þess, að kaupmenn hjer hafa einmitt sagt mjer, að þeir í síðustu lög mundu hækka verðið á kaffinu að mun, þó það yrði tollað, vegna þess, að kaffið væri svo eptirsókt vara. Jeg geng út frá því, að kaffitollurinn einungis verði til þess, að menn kaupi minna af því, og að hann þannig verði meðal til þess að hindra ónauðsynlega kaffibrúkun, án þess hann hindri brúkun þess í hófi, og með þessu móti verður kaffitollurinn, eins og hann og allir tollar ættu sem mest að vera, sjálfrátt gjald, sem hver og einn getur umflúið, ef hann vill. Jeg er samdóma þeim, sem vilja, að 4. töluliður gangi úr með því skilyrði, að hann komi fram í sjerstökum lögum; þar á móti vil jeg ekki, eins og nefndin vill, hlífa útlenda smjörinu við tolli, því það eyðir og rýrir framleiðslu og verð á íslenzku smjöri, og mun þar að auki geta verið óholt og skaðlegt fyrir heilsuna, eins og það er tilbúið, eða getur verið það.

Sveinn Eiríksson: Jeg skal eigi lengja mikið umræðurnar, því þess þarf eigi við, því háttv. varfors. (Þ. Böðv.) hefir svo greinilega og skilmerkilega tekið fram mest af því sem jeg vildi segja. Jeg er þakklátur hinni háttvirtu nefnd fyrir, að vilja afnema hina beinu skatta, áburðar- og lausafjárskattinn, því það eru bæði óvinsæl gjöld og ósanngjörn, og jeg er viss um, að hver sveitabóndi kvartar mest undan þess konar gjöldum; því það er eigi heldur eins erfitt að greiða neitt gjald eins og þetta, því þótt það sje heimilt og rjett að lögum, að láta lifandi fje upp í gjöldin, þá væri það sannarlega hart fyrir sýslumanninn, að taka við tómum lifandi fjenaði og þurfa að koma honum í peninga, en þetta væri það einasta, sem bóndinn gæti gjört þegar hann ekki hefir peninga til, því svoleiðis gripi hefir hann optast til, ef hann annars hefir nokkuð til. En viðvíkjandi tollinum, þá vildi jeg leyfa mjer að taka fátt eitt fram um 1. gr. Það er auðvitað að sveitabóndinn gæti verið án þess að drekka kaffi, en það getur þó verið óþægilegt fyrir hann, að verða ætíð að neita sjer um það. Þótt bóndi hafi margan fjenað, getur þó staðið svo á í þann og þann svipinn, að hann hafi ekki mjólk, og það er virkilega hart að banna sveitabóndanum, sem ekkert er upp á aðra kominn, að drekka kaffi. En svo að maður sleppi sveitabóndanum, þá er alveg ófært, að tolla kaffið í tilliti til sjáfarbóndans, því útflutningsgjald af fiski og lýsi leggst svo þungt á hann, eins og á sveitabóndann, ef tolla ætti ull; það mundi þó ekki verða vinsælt. Aptur álít jeg, eins og hinn háttvirti varaforseti

tók fram, að leggja mætti toll á alla tvífætlinga, sem flytjast út úr landinu, en þá yrði auðvitað að leggja 5—10 kr. á smástykki, en 10—20 kr. á stórstykki; en þetta má þó hin h. þingd. vita að mjer er ekki neitt kappsmál. En að leggja útflutningsgjald á sauðfje og hross, sýnist mjer eigi heppilegt, þó það væri auðvitað heppilegra að leggja á hross heldur en sauðfje svo sem eina krónu á stykkið, en með hvorugu vildi jeg samt vera. Hvað sykri viðvíkur, þá er hann engu síður nauðsynlegur en kaffið og engu síður ógeðfelt að tolla hann heldur en það; því þegar menn hættu að brúka kaffi, þá færu menn að brúka tevatn eða jafnvel tómt vatn, og þá er mikið gott að geta haft sykur. En þegar um útlenda smjörið er að ræða, þá vildi jeg miklu fremur segja og skrifa tollinn 40 heldur en 20 aura; því þótt jeg engu síður en h. 2. þm. Eyf. (Benid. Sv.) geti sagt, að jeg sje eigi efnafræðingur, þá hef jeg þó heyrt eptir efnafræðingum, að það væri óhollt, og víst er um það, að það spillir fyrir framför í íslenzkri smjörverkun. Hvað 4. tölulið viðvíkur, þá skal jeg ekki fjölyrða um hann, einkum þar sem von er á lagfæringu á honum, en mjer virðist, að Good-Templarinn geti engu síður goldið af sínum drykkjum en óreglumaðurinn af sínum. Það ætti þó að vera hlutfallslega meira gjaldþol reglumannsins heldur en óreglumannsins.

Grímur Thomsen: Mjer finnst það næsta eðlilegt, að h. flutningsm. (Á. J.) og h. nefnd hafi hugsað sjer að bæta úr þeim reikningshalla, sem orðinn er á tekjum og útgjöldum landssjóðs, og jeg er sannfærður um, að hver þingm. hugsar sjer að reyna að finna einhvern nýjan tekjustofn fyrir landssjóð, og sjer í lagi er jeg sannfærður um, að h. nefnd vill reyna til þessa, einkum þar sem tveir af nefndarmönnum eru í fjárlaganefndinni, og vita manna bezt, hvernig tekjur landssjóðs standa. En þegar til þess kemur, hvort heppilegt væri að afnema ábúðar- og lausafjárskattinn, en leggja í þess stað aptur toll á kaffi, þá get jeg eigi verið h. nefnd samdóma. Jeg skyldi með ánægju vera með kaffitollinum, ef það útvegaði landssjóði nýjan og nauðsynlegan tekjustofn.

Jeg er samdóma h. þm. Rvk. (J. Jónass.) um það, að tollur af kaffi mundi koma þyngra niður á fátæklingum, heldur en ábúðar- og lausafjárskatturinn; en þó lagður væri 5 aura tollur á kaffið og 2 aura á sykurinn, þá get jeg eigi álitið, að menn mundu hætta að drekka kaffi. Mjer er nokkuð kunnugt um það. Jeg þekki fátæk heimili, sem hafa það fyrir stöðuga reglu, að drekka þrisvar eða fjórum sinnum kaffi á dag, og það getur ekki verið nauðsynlegt, að drekka svo mikið kaffi, heldur hlýtur það miklu fremur að vera heilsuspillir að því, og að því leyti er jeg eigi á móti kaffitollinum, ef að þingd. vildi ganga inn á hann sem nýja tekjugrein, til þess, að bæta úr þeim tekjuhalla, sem nú er á orðinn, en mjer er eigi kunnugt að neinar tillögur hafi komið til þess, og því virðist mjer eigi rjett að afnema strax þessa tekjugrein, nefnil. ábúðar- og lausafjárskattinn. En jeg vildi líka benda á tvennt eða þrennt, sem athugavert er við þetta frumv. Þegar búið er að tolla svona mikið, þá verður tollumsjónin mjög erfið, og eptirlit með vörum, sem koma frá Englandi, Hamborg og víðar, verður ómögulegt, því tollskrár þær, sem koma frá Englandi, eru annaðhvort mjög ófullkomnar eða alls engar, en jeg held að Camoens komi hjer aldrei svo, að hann flytji eigi meira eða minna af kaffi og sykri. Það, sem hefir gert, að svo hægt hefir verið að hafa eptirlit með brennivínstollinum, er, að nákvæmar tollsskrár hafa komið frá tollstjórninni í Danmörku til tollstjórnarinnar hjer, en slíkar tollskrár fylgja eigi með Camoens. Í 3. gr. stendur, að kostnað þann, sem leiðir af því að

rannsaka vörurnar, skuli *skipstjóri* eða móttökumaður gjalda, ef skýrslurnar eru rangar, en landssjóður ella. Nú vita menn, að þegar menn kyrsetja gufuskip, þá getur það kostað mörg pund sterl., og sannist nú að skýrslurnar sjeu rjettar, þá verður landssjóður að greiða allan kostnaðinn, og þá líka kyrsetninguna, og getur það numið fleiri þúsundum króna. Viðvíkjandi 5. gr. er það athugavert, að tollsvik geta leynzt svo, að þau komist eigi upp fyr en 3 vikum til mánuði síðar en vörurnar hafa komið og kaupmaður er búinn að greiða tollinn; hvað gagnar þá við það, sem landssjóður hefir í vörunum? Hann getur þó eigi haldið vörunum allan þann tíma; en þess konar tollsvik koma mjög opt fyrir. Jeg vissi til í Danmörku, að einn hafði látið 50 pund af kaffi inn í kornsekk, og þannig má geyma mörg lísipund svo, að erfitt sje að komast fyrir það. Mjer þætti því æskilegt að finna aðra tekjugrein; en eins og nú stendur, vildi jeg, að nefndinni gæti komið saman um, að breyta 3. og 5. gr., og að afnema eigi ábúðar- og lausafjárskattinn fyr en við 3. umr., eptir að fjárlaganefndin hefir komið fram með fjárlagafrumv. og maður sjer, hvernig hagur landsins stendur, og ætla jeg þá, með þessu skilyrði, að gefa frumv. atkv. til 3. umr.

Sigurður Jensson: Mjer þykir harla leitt að geta ekki fylgt h. nefnd alla leið; jeg skal játa, að það lítur mjög girnilega út, að taka af beinu skattana: ábúðar- og lausafjárskattinn og tekjuskatt af atvinnu, og breyta þeim í tolla. Það er mjög girnilegt, að breyta öllum beinum sköttum í toll á munaðarvöru. En það verður ekki eins girnilegt í mínum augum, þegar aðgætt er, hve allt eptirlit á innflutningi á tollskyldum vörum er ófullkomið, og hve auðvelt er að svíkjast undan að greiða tollana.

Jeg minnist þess nú, sem kom fram við umr. um tóbakstoll, að þótt tóbaksbrúkun, eða að minnsta kosti vindlabrúkun, fari sívaxandi, þá hækkar tollupphæðin af þessari vöru svo sem ekki neitt, og bendir það mjög til tollsvika, og er þar þó að ræða einungis um 25 aura toll af hverju 100 vindla. Vjer getum, hvað tolla snertir, að eins byggt á æru og samvizku gjaldenda — vjer fáum því tollinn hjá þeim, sem eru ærlegir og samvizkusamir, en því hærri sem tollarnir verða, því meiri gróðavegur er það fyrir þá óærlegu og samvizkulausu, að svíkjast undan tollinum. Þess vegna er hæpið að byggja mjög á tolltekjum. En nú er aptur spurning um, hvort vjer erum ekki neyddir til að leggja á einhvern toll umfram það, sem er, til þess ekki að þurfa að hækka ábúðar- og lausafjárskattinn frá því, sem hefir verið síðustu árin, því að það er ógjörandi. Þar á móti álít jeg enga ástæðu til að aftaka þessa skatta með öllu, og því síður til að aftaka tekjuskatt af atvinnu. Jeg fyrir mitt leyti vil halda ½ lausafjár- og áhúðarskattinum, og öllum tekjuskattinum af atvinnu, en leggja svo dálítinn toll á kaffi, ef það sýnir sig, að nauðsyn er á tekjuhækkun fyrir landssjóð, þegar vjer fáum að sjá yfirlit yfir fjárhaginn.

Þorlákur Guðmundsson: Það vildi svo óheppilega til, að jeg gat ekki fyllilega orðið samdóma meðnefndarmönnum mínum í þessu máli, og það var með veikum mætti, að jeg fylgdi þeim gegnum frumv. þetta; jeg vildi gjarnan auka tekjur landssjóðs, en er efablandinn í því, að tollurinn geri það undir þeim kringumstæðum, sem nú eru; mjer finnst nokkuð varúðarvert að róta um öllum skattalögum landsins, eins og ástandið er í landinu tvísýnt.

Jeg get verið h. varaforseta samþykkur í því, að rjettast væri að tolla þær vörur, sem draga úr iðnaði og dugnaði í landinu sjálfu, t. d. hampvarning og vefnaðarvarning, því ull vor flyzt við lágu verði út úr landinu, og er hún þó miklu

betri og hagfelldari til fata hjer á landi, en þau klæði, sem inn í landið eru flutt og keypt fyrir mikið fje. Kaffitollurinn eykur ekki dugnaðinn í landinu, en hann kemur hart niður á fátæku fólki, eigi einungis við sjóinn, eins og bent hefir verið á, heldur einnig í sveitum líka. Það eru hvergi nærri allir sveitamenn, sem hafa mjólk á öllum ársins tímum, sízt á vetrum, en þá hafa þeir þó í mörgu vosi að velkjast fremur en sjómenn, því þeir verða dag eptir dag og viku eptir viku að vera úti í illviðrum við skepnuhirðingu, þegar sjómennirnir mega sitja inni óhraktir í húsum sínum, því þó þeir einnig verði ástundum að líða mikið vos, er það jafnan skammvinnara í illviðrum.

Verði það gert erfiðara, en nú er, fyrir almenning, að geta keypt sjer kaffi, þá fer sannarlega að minnka um það, sem menn hjer á Íslandi geta fengið til að gera sjer lífið þægilegra með, því þetta má nú heita hið eina sælgæti manna hjá almenningi; það bætir einnig ónotalega og óholla fæðu, einkum þurmeti og þess háttar. Þó svo sje, að allt of mikil kaffinautn kunni að eiga sjer sumstaðar stað, þá er það í sjálfu sjer engin ástæða til að setja toll á það, því opt hafa menn víst etið sig of sadda á graut eða brauði, og kemur mönnum þó eigi til hugar að tolla kornið. Salti eyða menn víst óparflega miklu stundum hjer við sjóinn, og mundi þó ekki þykja ráðlegt að tolla það.

Í stuttu máli: það mundi verða óhægt og eiga illa við, að skammta mönnum hvern spón og bita með tollum, og þá er jeg líka hræddur um, að eptirlitið færi að verða æði-örðugt.

Ólafur Pálsson: Það er búið að taka flest það fram, sem jeg vildi segja, en jeg ætla samt að gera grein fyrir skoðun minni á þessu máli með fáum orðum.

Í 1. lið vildi jeg alls ekki hafa kaffið nefnt, heldur að eins export og annan kaffibætir, sem betur ætti við að kalla kaffispillir.

Nefndin hefir fellt 3. og 4. tölul. burt í áliti sínu, en jeg vil hvorugt missa; jeg held það væri alveg óhætt að tolla þetta útlenda smjör, sem svo er kallað, því fyrst og fremst er það ekki smjör, þó það sje kallað svo, og þar næst gerir það vort innlenda ófalsaða smjör alveg óútgengilegt, en dregur stórfje út úr landinu.

Það hefir verið sagt, að sveitamenn þyrftu ekki kaffi; en jeg held það sje öðru nær; í *mínu kjördæmi* þekki jeg marga, sem ekki smakka mjólk næstum hálfan veturinn, eins og segir sig sjálft, því margir búandi menn hafa ekki nema eina og tvær kýr handa 6—10 manns, og hafa heldur ekki kaffi, af því svo langt er í kaupstað.

En jeg ætla ekki að fara lengra út í þetta mál, en vonast eptir breytingu á frumv. til 3. umr.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg held h. flutningsm. (Á. J.) hefði ekki orðið eins glaður og hann var, þegar hann var að lesa upp úr ræðu minni áðan, ef hann hefði verið á þingi þegar hún var haldin, en hann var þar ekki, og því gladdist hann svo mjög. Þegar jeg hjelt þessa ræðu, lá fyrir frumv., sem kom frá efri deild; tóku menn svo ómjúkum höndum á flutningsmönnum þess, að við sjálft lá, að þeim væri neitað um allt vit og sanngirni; reyndi jeg því að mæla þeim og frumv. nokkra bót, og til þess lutu þau orð mín, sem h. flutningsm. (Á. J.) las upp áðan, og bera þau það með sjer, að þau voru töluð að eins þeim til varnar sem málið höfðu flutt í efri deild, og voru, of hart dæmdir, og get jeg ekki fundið, að þau standi í neinni skarpri mótsögn við orð mín í dag. Því þó jeg hefði spurt, hvort allir, sem drykkju kaffi, væru fátækir, þá finn jeg enga ástæðu til að forðast þá spurningu enn í dag; eins ætla jeg mig

aldrei að hafa andmælt því, að hóf væri bezt í kaffidrykkju eins og hvar annarstaðar. Jeg lagði að eins til, að frumv. fengi að ganga til 2. umr., og hafði jeg þá í hyggju, að breyta því, en það kom ekki til þess, heldur var það fellt. Og þetta sama frumv. vekja flutningsmenn nú upp aptur í hinni sömu deild, sem felldi það.

Ef tollur er settur á kaffi, munu fátæklingar alls ekki geta keypt það, þegar það annars er í háu verði; annars skal jeg ekki prátta meira um þetta, þótt jeg sje nú eindreginn á móti frumv. þessu.

H. þm. Eyf. (B. Sv.) vildi láta auka túnrækt við sjóinn; það væri náttúrlega ágætt; en ætli kaffitollurinn geri það? Ef þingm. færi að búa við sjó, mundi hann finna, að það er erfitt, enda ómögulegt, að hafa annað eins kúabú við sjó í hlutfalli við fólkstölu, eins og í sveitum; ber margt til þess; meðal annars má geta þess, að hjer verður að gefa kúm inni nærri allan ársbringinn.

Hvað útlenda smjörinu viðvíkur, vil jeg alls ekki láta tolla það, því afleiðingin mundi að eins verða sú, að menn yrðu að kaupa enn verra smjör við hærra verði, því meðan útlendingar kunna betur að búa til smjör úr tólg og ýmsu öðru, en vjer úr rjóma, þá munu menn jafnan kaupa útlent smjör.

Þó kaupmenn jafni útflutningsgjaldi af fiski og lýsi á verzlun sína, þá hafa þeir annan sið með útlenda vöru; þannig hækka þeir verð á brennivíni og tóbaki og öllum þeim aðfluttum vörum, sem tollskyldar eru, og eins mundi víst verða með kaffið.

Þorvaldur Bjarnarson: Jeg er að mestu samþykkur nefndinni í þessu máli; jeg vil fyrir hvern mun afnema ábúðar- og lausafjárskattinn, þennan óvinsæla og torheimta skatt, sem bæði er óviss fyrir landssjóð og ójafnaðarfullur fyrir gjaldendur, og sem eingöngu er kominn undir sannsögli búenda, er þykir lítt reynt í

í því efni; jeg er viss um, að menn í mínu kjördæmi ekki eru verri en annarstaðar í því efni, en allúggvænt er mjer um framtal manna þar, og svo mun annarstaðar vera, þó mjer sje eigi jafnvel kunnugt. En mjer er líka illa við alla tolla á útfluttri vöru, því þeir miða til að drepa niður áhuga manna á því, að hafa aflögum, í stað þess að hvetja menn til þess og umbuna mönnum fyrir það; það væri nær að þakka mönnum slíkt, en að ofþyngja þeim svo með tollum, að þeir hefðu ekkert til, heldur yrðu aumingjar og slóðar, eins og þeir eru nú, eða verri.

En 3. og 4. lið vil jeg ekki missa úr frumv.; mjer finnst miklu nær að tolla það líka en að rembast við að setja tóll á það, sem fæst í landinu sjálfu.

Jeg skal samt játa, að kaffitollur er ekki góður, sízt fyrir sjómenn, en samt er jeg ekki svo mjög á móti honum fyrir mitt leyti; hann mætti gjarnan ná fram að ganga. En jeg vil ekkert útflutningsgjald hafa fremur á fiski og lýsi en öðru, því það er til að drepa niður fjör, keppni og áhuga, en ágætt meðal til að fæða af sjer leti, ómennsku, hugsunarleysi og amlóðaskap, þegar vakað er yfir hverju því, sem menn hafa aflögum fyrir framsýni, dugnað og sparsemi, til þess að tolla það.

Það er ljósastur vottur um, að landsstjórnin sjálf hefir fundið ástæðu til að viðurkenna það opinberlega á alþingi, hve tíundarsvikin, sem svo margt hefir verið skrifað og skráð um, væru gífurleg, og sannar það enn fremur, hve óhafandi gjaldstofn það er fyrir öllum opinberum gjöldum.

Forseti: Umræður þessar eru orðnar all-langar, og 8 h. þingm. hafa óskað þess, að þeim sje hætt.

Framsögumaður (Árni Jónsson): Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að mjer þykir miður við eiga, að slíta umræðum í miðjum klíðum, þegar um nauðsynjamál

er að ræða. Við sitjum ekki hjer á þingi til þess að hugsa um það, sem okkur sjálfum þykir þægilegast, heldur til þess að ræða um *þarfir* og *óskir þjóðarinnar*, og þess vegna þykir mjer illa fara, ef þingm. er varnað máls í eins mikilsverðu máli og þetta er.

Forseti: Jeg skal leyfa mjer að bera það undir þingdm., hvort umr. skuli haldið áfram eða ekki.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. að halda umr. áfram.

Gunnar Halldórsson: Það er nú búið að taka flest fram í þessu máli; en jeg ætla samt að mæla nokkur orð, sem ekki skulu taka langan tíma. Það sem verst er að þessu frumv. er það, hve þungt það kemur niður á, jeg vil ekki segja sjávarbændum og þurrabúðarfólki, sem það þó óneitanlega gerir, heldur sjómönnum. Jeg held þeim sje þó sannarlega ekki of gott, þó þeim sje ekki gert örðugra fyrir að eiga kost á að fá sjer svo sem 4—6, segjum 8 kaffibolla á dag, þegar þeir nú opt fá ekki að sofa eða hvíla sig nema svo sem 2—3 tíma úr sólarhringnum, og þegar svo þar við bætist, að verið er að hækka svo toll á brennivíni, að þeim er varla hægt að fá sjer í staupinu. Hvað ættu þeir annars að hafa sjer til hressingar í öllu sínu volki og vosi? Sveitamönnum er þó miklu minni vorkunn, og er þó full-illt fyrir þá, eins og hver maður getur sjeð.

Jeg veit hreint ekki, hvernig sjómenn ættu að komast af, án þess að hafa eitthvað sjer til hressingar; jeg segi fyrir mig: jeg hefi lifað margan þann dag, sem jeg hefi drukkið 8 kaffibolla á dag og hefir mjer fundizt jeg hafa gott af þeim öllum, og mjer finnst jeg sem sjómaður geta borið um þetta mál. Það er ekki hægt að setja mönnum takmörk um það, hve opt menn hita sjer á katli, þegar menn njóta bæði svefns og matar óreglulega.

Jeg er alveg á móti öllum kaffitolli, en er aptur á móti fús á að afnema ábúðar- og lausafjárskattinn, ef h. þingd. sýnist það geta látið sig gera, jafnvel þó jeg hafi ekki í mínu kjördæmi heyrt minnstu óánægju með hann, og finn því ekki minnstu ástæðu til að taka upp kaffitoll í staðinn.

Framsögumaður (Árni Jónsson): Jeg get svarað fljótlega og í stuttu máli h. 2. þm. Ísf. (G. H.). Jeg er alveg hissa hvað hann og sumir aðrir eru eptirtektalausir, eða jeg veit ekki hvað jeg á að kalla það? Það lítur svo út, sem hann hafi alls eigi tekið eptir eða gefið gaum að þeim fundarskýrslum, sem legið hafa á lestrarsalnum. Því hefir h. þm. ekki veitt því betri eptirtekt, sem jeg í dag las upp einmitt eptir þessum sömu fundarskýrslum? Jeg sagði þá, að í ellefu fundarskýrslum er það tekið fram, að bændur sjeu óánægðir með ábúðar- og lausafjárskattinn, og æski þess, að honum sje annaðhvort ljett af, ellegar hann sje gjörsamlega afnuminn. Hve mikið sem h. 2. þm. Ísf. (G. H.) blessar kaffið, þá hygg jeg þó, að þær guðaveigar geti orðið oss of dýrkeyptar. Nú mun kaffi til jafnaðar ekki drukkið optar en 2—3 sinnum á dag, og þó munu hin árlegu kaffi- og sykurkaup nema nær 800,000 kr. virði, en h. þm. (G. H) vildi gjarna, að sjómenn gætu átt kost á að drekka kaffið 6 sinnum á dag, og eptir því sem kaffinautn hefir farið vaxandi hin síðari ár, þá er sízt fyrir að synja, að hann fái ekki að eins ósk sína uppfyllta, heldur miklu meir; það er ekki ólíklegt, að eptir nokkur ár geti annar þm. komið fram, sem óski, að sjómenn megi verða þeirrar sælu aðnjótandi, að geta drukkið kaffi átta sinnum, tíu sinnum eða tólf sinnum á dag. En þá er í fyrsta lagi spurningin, hvort að þjóð vor muni vera svo efnum búin, að hún þoli að kasta út svo miklu fje fyrir kaffi, og í öðru lagi: voru ekki sjómenn á fyrri árum, þegar kaffinautn var miklu minni en nú, já þegar þess var alls eigi neytt, eins rjettir á beinum og hávaxnir og sjómenn nú, og það þótt þeir drekki

kaffi 4—6 sinnum á dag? Og það mun óhætt að segja, að enginn hafi þurft að bera þeim bleyðiorð á bak fyrir það, að þeir sæktu ekki sjó með dugnaði og drengskap, þótt kaffilausir væru. Jeg ímynda mjer, að h. þm. sjálfur hafi ekki alizt upp við það, að drekka kaffi 4—6 sinnum á dag, og er hann þó hávaxinn og hraustlegur. En má vera, að nú sje sú öld upp runnin, að kaffi þurfi til að örva karlmennsku, og víst er um það, að nú er sú öld upprunnin, að tannpína og taugaveiklan sýnist ætla að fara að verða eins fylgispök þorra manna, eins og mjólkin móðurbrjóstunum. Ætli að kaffið eigi ekki góðan eða slæman þátt í þessu? Það er furða, að menn skuli segja, að ekki sje hægt að drekka kaffi lengur, ef 5 aura tollur er lagður á það. Ef menn viðhafa sparsemi og hyggni og hagsýni, þá er víst ekki loku skotið fyrir, að hægt sje að hita sjer í bollanum.

H. þm. Rvík (J. J.) talaði mikið um, hve nauðsynlegt kaffið væri fátæklingum, af því að þeir hefðu svo ónóga og óholla fæðu. En honum gleymdist að gefa upplýsingar um, hve mikið af hollri og góðri fæðu þeir mundu geta fengið fyrir þá peninga, sem þeir leggja út fyrir kaffi. 1885 sagði h. varaforseti (Þ. Böðv.), að »þörf væri á að takmarka kaffibrúkunina og benda mönnum á að kaupa kröptugan og nærandi mat«. Þetta er alveg satt. Og hvað mikið af skuldasúpunni, sem menn eru sokknir í, og hvað mikið af hallærislánunum mun ekki stafa af kaffikaupunum? Ætli Gullbringu- og Kjósarsýsla hafi ekki varið töluverðu af þessu 20,000 kr. láni sínu til kaffikaupa? Það þykir mjer harla merkilegt, að þingm. skuli segja, að dugnaður aukist með kaffidrykkju. Það er máske dugnaðarmerki, að menn sitja svo og svo lengi inni, og bíða eptir kaffi, áður en þeir ganga til verka sinna? Jeg held að menn geti alveg eins ræktað grasbletti, þótt þeir takmarki kaffikaupin; meira að segja: þá hafa þeir enn meiri hvöt til þess en ella. Ef sjómönnunum þykir þessi tollur of tilfinnanlegur fyrir sig, þá væri það hvöt fyrir þá, að græða út túnblettinn við sjóinn, og afla sjer þannig mjólkurinnar í stað kaffisins, og það held jeg yrði eins hollt og notadrjúgt fyrir þá.

Satt að segja fann jeg ekkert merkilegt í ræðu h. þm. Aust.-Skaptf. (Sv. Eir.), nema það eitt, að hann var að tala um einhverja »tvífætlinga« og vildi tolla þá. Jeg hefði kunnað betur við, að hann hefði sagt skýrt og skorinort það, sem hlýtur að hafa búið undir niðri hjá honum: að hann vildi fara að leggja toll á menn, eða koma upp prælaverzlun aptur; honum hefir líklega þótt skaði, að hún skyldi af numin. Og það furðar mig stórum, að h. varaforseti skyldi taka í sama strenginn, hann, sem talar þó svo mikið um mannfrelsi og safnaðarrjettindi; hann hlýtur að hafa komið með þetta í gamni. Jeg get varla trúað því, að þessum h. þingdm. hafi verið alvara með annað eins, því þá ætti hjer að fara að taka hið sama upp og Haraldur hárfagri gjörði: beita kúgun við bændur. Vjer munum, hvernig fór á dögum Haraldar: bændur kusu heldur að láta óðul sín og flýja land, en búa undir harðstjórn hans, og ef bændur sjá, að þingmenn þeirra ganga svona langt aptur á bak, að vilja leggja þessi manngjöld á þá, sem vilja flýja óstjórnina og leita sjer annara betri og frjálsari bústaða, þá er jeg illa svikinn, og þá vil jeg segja, að okkar búandmönnum sje illa í ætt skotið, ef þeir taka ekki sama kost og forfeður þeirra, og hafa enn þann hug og dug, að yfirgefa óðul sín og ættarland, og flýja fyrir þessum nýju Haröldum.

H. þm. Borgf. (Gr. Th.) tók vel í málið, og mun nefndin taka bendingar hans til íhugunar. Að eins skal jeg geta þess að

þótt nú kynni að koma fram dálítill tekjuhalli, þá er jeg gagngjört á móti því, að leggja nýja skatta á almenning í þessu ári, nema svo sje, að öðru sje af ljett. Jeg vil heldur að vjer bíðum í von um betri tíma, og reynum, þegar þeir koma, að vinna hallann upp.

H. þm. Barðstr. (S. J.) var helzt móti frv. fyrir þá sök, að tollgæzlan mundi verða svo örðug; en jeg held hann hafi gjört ofmikið úr þeim örðugleikum. Það er auðvitað, að skip, sem ekki koma frá Danmörku, eru ekki skyld til að hafa tollskrár; en jeg hygg, að hægt yrði að fá dönsku konsúlana til að styðja að því, að svo yrði.

Hjer er líka nokkurs að gæta: að sýslumenn og hreppstjórar hafa ekki svo sterka hvöt til að hafa strangt eptirlit með, að framtal sje talið til skattgjalds hjá bændum; þeir fá ekkert innheimtugjald af þeim sköttum, en af tollunum fá þeir innheimtugjald, og væri það hvöt fyrir þá að líta vel eptir tollunum, jafnframt og þeir mundu verða mjög fegnir að losast við að heimta inn ábúðar- og lausafjárskattinn. Jeg held líka að menn gjöri kaupmenn miklu verri en þeir eru; að minnsta kosti hefi jeg ekkert heyrt kvartað yfir tollsvikum af þeirra hálfu.

H. þm. V.-Skaptf. (Ó. P.) kom með ágætt dæmi mínu máli til stuðnings; hann sagði að menn til sveita væru tímum saman mjólkurlausir, og þessir menn lifa án þess að drekka kaffi að mun.

H. varaforseti var að reyna að skýra orð sín öðru vísi, er hann talaði í hitt eð fyrra, en þau standa í bókinni; en hann átti bágt með það, enda eru þau of ljós til til þess, að verða skilin á annan veg en sem ágæt varnarræða fyrir máli voru, og bið jeg menn að íhuga þessa ræðu hans vandlega við hentugleika. Hann sagði þá, að stefna þessa frumv. væri sú, að »ljetta á dugnaðarmanninum, en koma byrðinni yfir á eyðslumanninn. Með þessu frumv. rýra menn ekki framkvæmdirnar í landinu sjálfu, heldur leggja menn taum á óþarfa eyðslusemi« (Alþt. 1885 B. 1206. d.).

Þessi orð og alla ræðuna óska jeg að þm. vildu íhuga, áður en þeir fella þetta frumv.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. nefndarinnar við 1. gr. 1. tölul. samþ. með 15 atkv.;

1. liður í 1. gr. frv. með áorðnum breyt. samþ. með 15 atkv.
2. liður í 1. gr. frv. samþ. með 13 atkv. gegn 5.
3. liður í 1. gr. frv. felldur með 12 atkv. gegn 5.
4. liður í 1. gr. samþ. með 13 atkv. gegn 3.

1. gr. frv. með áorðnum breyt. samþ. með 13 atkv. gegn 6.

Breyt.till. nefndarinnar við 2. gr. samþ. með 16 atkv.

2. gr. frv. með áorðnum breyt. samþ. með 13 atkv.

3. gr. frv. samþ. með 15 : 4 atkv.
4. — — — — 16 — —
5. — — — — 16 : 1 —
6. — — — — 15 — —
7. — — — — 15 — —

Breyt.till. nefndarinnar við 8. gr. felld með 12 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

já:	*nei:*
Árni Jónsson,	Jón Þórarinsson,
Eiríkur Briem,	Páll Ólafsson,
Jón Jónsson,	Benedikt Sveinsson,
Lárus Halldórsson,	Grímur Thomsen,
Ólafur Briem,	Gunnar Halldórsson,
Þórarinn Böðvarsson,	Jónas Jónassen,
Þorlákur Guðmundss.,	Ólafur Pálsson,
Þorleifur Jónsson,	Páll Briem,
Þorsteinn Jónsson,	Sigurður Jensson,

já:	*nei:*
Þorvarður Kjerúlf.	Sigurður Stefánsson,
	Sveinn Eiríksson,
	Þorvaldur Bjarnarson.

8. gr. frv. samþ. óbreytt með 15 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 18 atkv.

Tuttugasti og þriðji fundur, þriðjudag 26. júlí, kl. 12.

Forseti skýrði frá, að til sín væri komin beiðni um uppjöf á vöxtum og afborgun af láni Lundarbrekkukirkju.

Frumv. til laga um breyting á lögum um gjald af brennivíni 7. nóv. 1876 (151); 3. umr.

Framsögumaður (Árni Jónsson): Þar eð mál þetta var svo ýtarlega rætt við 2. umr., og síðan hefir engin breytingartillaga fram komið við það, þá finn jeg eigi ástæðu til að fjölyrða um það, en óska að eins, að h. deild vilji samþykkja frumv. eins og það liggur fyrir.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 21 atkv., og síðan afgr. til Ed.

Frumv. til laga um breyting á lögum um aðflutningsgjald á tóbaki 11. febr. 1876 (167); 3. umr.

Framsögumaður (Árni Jónsson): Um þetta frumv. finn jeg því síður ástæðu til að ræða, sem það hefir mætt eindreginni velvild hjá h. þingd. hingað til. Jeg vil því að eins óska, að það verði samþykkt með öllum atkvæðum.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj., og afgr. síðan til Ed.

Frumv. til laga um forðabúr og heyásetning (81); 3. umr.

Framsögumaður (Páll Briem): Mál þetta hefir verið svo ýtarlega rætt hjer í deildinni við 2. umr., að jeg ímynda mjer, að allir hafi fullkomlega glöggvað sig á því, svo að jeg finn eigi ástæðu til að fara um það fleiri orðum, en óska að eins, að h. þingd. samþ. frumv.

Sigurður Stefánsson: H. framsögum. þessa frumv. (P. Br.) sagði, að mál þetta hefði verið svo ýtarlega rætt hjer um daginn í deildinni, að það mundi eigi þurfa frekari útskýringar við, og jeg get vel skilið, að hann gefi eigi um að heyra fleiri mótbárur frá mjer eða öðrum, þar sem hann um daginn kallaði alla andmælendur þessa frumv. vitlausa. *(Forseti:* Ekki rjett). Jú, hann sagði það, enda tók h. forseti fram í fyrir honum.

Hvað þetta frumv. snertir, þá get jeg ómögulega annað sagt, en að mjer finnst það vera óþarft og gagnslaust, þó að það máske ekki kunni að gera almenningi skaða, þótt það verði að lögum. Hjer er farið fram á, að gefa vissum mönnum vald til að setja á hjá bændum og hafa eptirlit með skepnuhirðingu þeirra. Þetta eptirlit nær náttúrlega ekki einungis yfir lítinn tíma, heldur hlýtur það að ná yfir allan veturinn, því að opt getur lítill tími riðið baggamuninn fyrir bóndanum, að hann verði heylaus. Það er þess vegna ekki nóg, að heyásetningsmennirnir ferðist um á haustin, heldur verða þeir að vera á ferðinni allan veturinn, þar sem bæði veðráttufarið er breytilegt, og beitin misjöfn, og verða þeir þannig fjárhirðingarmenn fyrir allan hreppinn; en þetta vil jeg ímynda mjer að geti orðið æði kostnaðarsamt.

Í frumv. er bæði talað um heyásetningsmenn og heyforðabúr, en jeg verð að gera þá athugasemd, að annaðhvort eru heyforðabúrin ónauðsynleg, eða heyásetningsmennirnir; beri menn það traust til heyásetningsmannanna, að þeir setji svo vel á heyin, að enginn verði heylaus, og gangi um eins og grenjandi ljón, sje þeim eigi hlýtt, til hvers eru þá heyforðabúrin? Jeg gæti skilið, að heyforðabúr yrðu stofnuð þar sem ekki væru heyásetningsmenn, en ella væru forðabúrin eigi til annars, en að

safna heyi til að láta það fúna niður í jörðinni. En hvers vegna kemur h. nefnd eigi með uppástungu um matásetningsmenn í sveitunum. Það er þó engu síður áríðandi, að verja mennina fyrir hungursdauða en fjenaðinn, því að ef það er ábyrgðarhluti að drepa skepnur úr hor, sem enginn neitar, þá er hitt þó eigi minni ábyrgðarhluti, að drepa menn úr hor, svo að mjer finnst, að frá nefndarinnar sjónarmiði sje mikil ástæða til, að koma fram með þessa uppástungu, og það því fremur, sem allt hallæri stafar opt eins mikið af matarleysi sem heyleysi.

Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta, en vona að eins, að nafnakallsnefndin (!) sjái svo um, að það verði við haft nafnakall. Geri hún það!

Jeg gef glaður atkvæði mitt á móti frumvarpinu.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg hefi áður getið þess, að mjer líkaði frumv. þetta eigi alls kostar vel, því að það gengi heldur nærri frelsi einstaklingsins og gæti þess vegna verið viðsjárvert. Af þeim h. þingdm., sem talað hafa á móti frumv. þessu, hefir h. 2. þm. Eyf. (Ben. Sv.) verið orðskarpastur; en mjer fannst hann eigi fara rjett með málið, þar sem hann var að berjast á móti ástæðum nefndarinnar í nefndarálitinu, í staðinn fyrir að taka sjálfar greinir frumvarpsins fyrir. Verði frv. að lögum, þá verður það með öllum gr. sínum að lögum, en eigi nefndarálitið.

Jeg hefi áður sagt, að mál þetta væri eitt hið mesta velferðarmál landsins, og segi það enn. Jeg hefi búið í þremur fjórðungum landsins, og hefi þó aldrei sjeð nokkurn bónda búa illa, sem hefir haft það fyrir fasta reglu, að vera heyjabóndi, og sá, sem kæmi í veg fyrir heyþrot og horfelli hjá Íslendingum, mundi vinna meira þarfaverk fyrir land og lýð, en vjer, þó vjer gæfum svo tugum eða hundruðum þúsunda króna skipti til búnaðarskóla og búnaðarfjelaga. Af því að þetta mál er svo mikilsvarðandi velferðarmál, þá lýsi jeg því yfir, að jeg mun greiða atkvæði með frumv., ef ske kynni, að það gæti orðið að einhverjum notum.

Jeg hafði reyndar allt af vonað, að annaðhvort mjer eða nefndinni mundi takast að finna einhverjar áhvarðanir, sem gerðu frumv. aðgengilegra, en það hefir hvorugum okkar tekizt; enda sje jeg eigi, að það sje eins mikill voði og sumir halda, þó að sýslunefndunum sje gefin heimild til að semja samþykkt um að setja á hjá mönnum, því að þar með er þó ekki sagt, að þeim sje skipað að svipta sveitarmenn frelsi síni, og þó að sumir haldi, að frumvarp þetta verði aldrei annað en pappírs-gagn, þá er jeg samt eigi viss um, að svo verði, því að hugsanlegt er, að hreppsnefndirnar síðar meir noti þetta vald, sem þeim er heimilað í frumv., til að ógna þeim með, sem eigi hlýða góðum ráðum og setja á bersýnilegan voðann.

Jeg álít því eigi ómögulegt, að frumv., þrátt fyrir þá annmarka, sem á því eru, geti kannske komið að verulegu liði, og hindrað syndsamlegan og skaðlegan horfelli á skepnum, og þess vegna mun jeg gefa því atkvæði mitt.

Þorlákur Guðmundsson: Það hafa orðið allharðar umræður um þetta mál. Jeg hefi setið og hlýtt á ræður andmælanda málsins, og jeg er jafnvel ekki með öllu jafngóður í vinstri hlustinni af hljómnum af ræðu míns velæruverðuga sessunautar; jeg hefði ekki viljað lifa á þeim tímum, sem menn voru leystir við kórdyr, og hann hefði átt að leysa mig; jeg er hræddur um, að hann hefði veifað hart lögmálsvipunni. Menn hafa kallað frumv. ónauðsynlegt, ónýtt og jafnvel skaðlegt. Jeg get polað það, að menn kalli frumv. ónýtt, en hitt fellur mjer ver, að það sje skaðlegt kallað, og jeg hefði kunnað betur við, að sá geistlegi herra, sem hjá mjer situr (Sig. St.), hefði prjedikað um þau rangindi, sem saklausar skepnurnar stundum verða að þola af

manna völdum, heldur en að úthúða frv. þessu, og jeg held, að það sje eins hægt fyrir oss, sem höldum svörum uppi fyrir því, að benda á það gagn, sem af því kann að leiða, eins og þá, að sýna ógagnið. Andmælendurnir segja, að frelsi manna sje skert með frumvarpi þessu, en jeg þekki ekki meira ófrelsi en það, að brenna sínar eigin eigur og mega svo ganga að vasa annara og heimta af þeim fje eptir geðþótta.

Og jeg verð að taka undir með h. varaforseta (Þór. Böðv.), að jeg þekki ekkert dæmi til þess, að heybyrgðir og volæði hafi orðið samferða.

Göngum aptur í sögu þjóðarinnar, og lítum yfir volæði liðinna alda; vjer höfum sannar sögur af þeirri eyðileggingu, sem heyþrot og horfellir á öllum öldum hafa valdið þessu landi. Hrafnaflóki drap fyrstur úr hor, og hann var einmitt þá Vestfirðingur (svo að þeir hafa dæmið fyrir sjer og drepa víst ekki úr hor þar). Og hvernig er nú ástatt eptir 1013 ára reynslu? Drepa menn enn úr hor, þrátt fyrir kenningu prestanna og prjedikanir þeirra í 887 ár, frá því að fyrst var sungin messa á alþingi, þegar kristni var lögtekin árið 1000? Nei, prestunum mun eigi takast að sannfæra lýðinn um rjettindi skepnanna, og menntunin mun eigi heldur fá mikið að gert á skömmum tíma til að útrýma horfelli á Íslandi. Getur verið, að »þjóðviljanum« takist það þar vestra, ef hann drepst þá eigi sjálfur úr hor.

Jeg skal ekki fara mörgum orðum um hina skörpu ræðu h. 2. þm. Eyf. (Ben. Sv.) á móti frumv., en jeg verð að eins að segja honum það, að jeg hefi nú síðan 1875 haft þá æru hjer á þingi, að hlýða á hann; hann hefir opt talað skýrt og skörulega og opt sannfært mig, en þó hefi jeg stundum eigi getað látið sannfærast af orðum hans, og aldrei síður en þá, þegar hann hefir talað sem hæst og sem lengst. Jeg tala ekki í neinum æsingi, þó að jeg segi honum, að hann hefir skotið margri lagaör um sína daga; sumar hafa gengið í jörðu niður undir fætur manna, sumar yfir höfuð mönnum, en fáar hafa gengið í gegn um augun og út um hnakkann á þeim, sem þær voru ætlaðar.

Sigurður Stefánsson: Jeg hefi fengið orð fyrir það hjá h. 1. þm. Árn. (þ. G.), að vera of snarporður, en jeg verð nú að játa, að mjer er dauðillt í því eyranu, sem að sessunaut mínum (Þorl. Guðm.) veit.

Jeg stend upp að eins til að lýsa yfir því, að jeg get ekki þolað, að mjer sje borið á brýn, að jeg horfi með köldu blóði á kvalafullan hordauða skepnanna.

En jeg ímynda mjer, að h. meðmælendur þessa frumv. viti, að lög eru til móti horfelli; hitt mun þeim einnig kunnugt, að þessum lögum er og verður sjaldan beitt, einmitt af því þau eptir hlutarins eðli eru og verða kraptlaus í framkvæmdinni, og það mun þetta frv. líka verða, þótt það verði að lögum. Þetta frv. er einmitt í kaþólskum stíl; það leyfir rannsóknarrjett í hverjum hreppi á Íslandi, þar sem það heimilar mönnum að fara inn á heimili annara og misbjóða atvinnufrelsi þeirra. Jeg get farið vel með skepnur mínar án heyásetningsmanna, og drepi jeg úr hor, þá má klaga mig eptir horfellislögunum. En fyrirfram hefir enginn rjett til að taka fram fyrir hendurnar á mjer og ráðast þannig á mitt persónulega frelsi og spilla atvinnu minni og brjóta á mjer stjórnarlög landsins.

Benidikt Sveinsson: Jeg skal tala svo lágt, sem jeg get, til þess að stytta eigi sæludrauma h. 1. þm. Árn. (Þorl. Guðm.); honum finnst víst, að hann hafi himinn höndum tekið með þessu fádæma forðabúri og frelsissnauða frumvarpi sínu til að lækna eitt af þjóðmeinum landsins; en jeg er þó hræddur um, að hann vakni af vondum draum, þegar frv. kemur aptur frá h. Ed.

Framsögumaður (Páll Briem): Jeg hefi áður tekið fram hin helztu atriði í máli þessu, og skal því ekki vera langorður í þetta skipti.

Jeg vil að eins benda h. 1. þm. Ísf. (Sig. St.) á þá mótsögn, sem mjer virðist hann vera kominn í við sjálfan sig, þar sem hann í öðru orðinu lætur frv. svipta sig persónulegu frelsi, og skoðar það sem hegningarlög; en í hinu orðinu talar um frumv. sem væri það aðeins tómt pappírsgagn.

En hvað því viðvíkur, er hinn sami h. þm. sagði um heyásetningsmennina, og gjald það, sem þar með legðist á almenning, þá virðist mjer hann gera almenningi getsakir; almenningur er ekki svo heimskur, sem hann hyggur, og jeg ber eins gott traust til hans, þegar um sveitamálefni er að ræða, eins og til h. alþingismanna, sem opt eigi þekkja hvað við á. Þetta frumv., sem hjer er um ræða, hefir alls eigi inni að halda nokkur valdboðin lög, heldur að eins heimildarlög fyrir menn í sveitum til að setja sjer sjálfir gildandi ákvæði, og er með því móti ef til vill fundið ráð til að koma í veg fyrir svívirðilegan og skaðlegan horfelli.

Jónas Jónassen: Mjer virðist h. nefnd eiga miklar þakkir skilið fyrir það, að hún hefir hreyft þessu máli, og jeg get alls eigi skilið, hvers vegna sumir h. þm. leggja svo harðan dóm á frumvarpið, þó að kannske eitthvað megi að því finna; jeg hefði kunnað betur við, að h. deild hefði öll lagzt á eitt til að laga frumv. og breyta því sem betur mátti fara, því að engum getur dulizt, að hjer er um mjög þýðingarmikið mál að ræða; og hvernig sem sumum kann að líka þetta frumv., þá er þó svo mikið víst, að það aldrei getur gert skaða. Látum reynsluna skera úr því.

Jeg verð að lýsa því yfir, eins og h. varaforseti (Þór. Böðv.), að jeg greiði atkvæði með frumv., því að jeg veit, að tilgangurinn er hinn bezti, og vona að gagnið verði nokkurt, og geri það að eins eitthvert gagn, þá er jeg ánægður, því að það er brýn skylda h. deildar, að gera allt, sem hún getur, til að koma í veg fyrir hina skammarlegu og skaðlegu meðferð á skepnunum.

Ólafur Briem: Það er vel farið, að mál þetta nú hefir fengið betri byr hjá h. deild en um daginn. Flestir munu viðurkenna, að aðalhugsunin, sem liggur til grundvallar fyrir frumv., er sú, að bæta skepnuhöld manna, og koma í veg fyrir fjárfelli af fóðurskorti. En hjer fer sem optar, að menn greinir á um meðulin til að koma tilganginum fram. Nefndin hafði valið þann veg, sem þingið hefir áður farið í þeim málum, sem ervitt er að setja almenn lög fyrir, þar sem hún hafði haft sjer til fyrirmyndar lög um fiskiveiðasamþykktir. Þessi lög viðurkenna allir að hafi gefizt mjög vel; reyndar hafa þau stundum valdið ágreiningi, en um leið hafa þau einnig vakið áhuga hjá mönnum til að ráða bót á ýmsum vandkvæðum, og víða tekizt. Vel getur verið, að þetta frumv. verði ekki eins happasælt, þegar til framkvæmdanna kemur; en mjer finnst samt ekki heppilegt að fella það, því að þótt menn vantreysti árangrinum af einhverjum lögum, sem miða til þess að ráða bót á einhverju meini, þá er eigi rjett að fella þau, ef að eins er mögulegt, að þau geti orðið að liði; reynsla undanfarinna ára sýnir og ljóslega, að ástæður þær, sem komið hafa fram móti frumv., eru eigi á rökum byggðar, því að sýslunefndirnar hafa optlega, bæði eptir áskorun amtmanns og af sjálfsdáðum, brýnt fyrir mönnum, að setja hæfilega á hey sín, og samið reglugjörðir því viðvíkjandi, og efast jeg því eigi um, að þær sýslur að minnsta kosti, sem áður hafa gert þetta ótilkvaddar, verði fegnar þessu frumv.

Menn hafa sagt, að hjer sje gengið of nærri atvinnufrelsi manna; en bæði er það,

að almenningsheillin verður að metast meira en sjálfræði einstaklingsins, og svo get jeg eigi heldur sjeð, þegar jeg lít á hin einstöku atriði frumv., að nokkurt þeirra taki fram fyrir hendurnar á mönnum eða skerði frelsi þeirra. *(Ben. Sv.:* Svo?). Nei, alls eigi. Þeir, sem hafa haldið því fram, hafa orðið að fara út fyrir frumvarpið til þess að finna ástæður fyrir þeim áburði. Jeg veit sannarlega eigi, hvað það er í frumv., sem hefir komið sumum h. þm. á þessa skoðun, nema ef vera skyldi það, að heyásetningsmenn hafa vald til að setja á hjá mönnum. En er þá vald til að setja á hjá mönnum hið sama sem vald til að skera niður hjá þeim? Það væri gaman að sjá dóm frá h. 2. þm. Eyf. (Ben. Sv.), sem kæmist að þeirri niðurstöðu. Það er undarlegt, að menn skuli koma með þess konar ástæður sem grýlu móti frumv. En nú getur verið, að sumir segi, að heyásetningsmennirnir sjeu alveg þýðingarlausir, ef þeir ekki hafa vald til að skera af heyjum; en á það get jeg ekki heldur fallizt; því að jeg veit dæmi til, að heyásetningsmenn hafa stundum komið til bænda, og þeir hafa gert sjer alls konar rangar hugmyndir um, hvað valda mundi komu þeirra, t. d. að þeir mundu vilja koma upp um þá tíundarsvikum o. s. frv., en þetta hefir opt jafnað sig, og bændur haft gott af ráðum þeirra. Menn verða sem sje að treysta því, að skynsamlegar fortölur geti einnig ráðið nokkru og ekki þurfi að beita tómu lagavaldinu alstaðar.

Sumir segja, að þingið sleppi svo miklu valdi úr höndum sjer með því að gefa sveitarstjórnunum þessa heimild, en þessum mönnum vil jeg aptur benda á lögin um fiskiveiðasamþykktir; þar var eins að farið og notaður sá vegur, sem jeg tel mjög heppilegan, að löggjafarvaldið veitti sveitarstjórnunum vald til samþykkta um þau málefni, sem það eigi getur fullkomlega skipað fyrir um, innan þeirra takmarka, sem mjer finnast fullkomlega tryggjandi.

ATKVÆÐAGR.: Eptir ósk 6 þingm. var viðhaft nafnakall, og sögðu

já:	*nei:*
Jón Þórarinsson	Ben. Sveinsson
Páll Ólafsson	Lárus Halldórsson
Árni Jónsson	Ólafur Pálsson
Eir. Briem	Sig. Jensson
Gr. Thomsen.	Sig. Stefánson
Gunnar Halldórsson	Sveinn Eiríksson
Jón Jónsson	Þorv. Bjarnarson.
Jónas Jónassen	
Ólafur Briem	
Páll Briem	
Þórarinn Böðvarsson	
Þorl. Guðmundsson	
Þorleifur Jónsson	
Þorst. Jónsson.	
Þorvarður Kjerúlf.	

Var frv. þannig samþ. með 15:7 atkv. og síðan sent Ed.

Frumv. til laga um vegi (20, 104); 2. umræða.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Við 1. umr tók jeg fram stefnu og tilgang frumv., eins og jeg hugði nauðsynlegt vera, og skal því ekki eyða tíma til þess, að taka neitt það upp aptur, sem jeg þá nefndi, en að eins geta þess sem fyr, að mjer virðist áríðandi að tylgja fastri stefnu í þessu máli, eins og reyndar öllum öðrum, en þó ef til vill fremur í þessu, en mörgum öðrum. Við frumv. þetta hafa engar breytingar verið gjörðar, nema þær, sem nefndin hefir gjört, og eru þær þó fæstar mjög mikilvægar.

Við 1. kafla hefir nefndin gjört þær breytingar, sem nú skal greina:

1. við 2. gr., að á eptir orðunum «aukapóstvegir . . . aukapóstar fara» bætist við: sem og vegir í kaupstaði og almenn fiskiver; gjörði nefndin þenna viðauka til þess, að

koma einnig þessum vegum undir tölu aukapóstvega. Við 3. gr. er gjörð sú breyting, að yfirumsjón sú, er landsh. átti að hafa samkvæmt frumv., var fengin amtsráðum og landsh. Að taka amtsráð hjer inn í, þótti bæði rjett og nauðsynlegt, sökum þess, að einatt getur verið að ræða um vegi, er liggja á sýslumótum. Enn fremur var sú breyting gjörð á 3. gr., að landsh. skyldi ráðstafa vegabótum á fjallvegum eptir tillögu vegfræðings og amtsráðs, í stað þess að gjöra það eptir tillögu alþingis, eins og frumvarpið gjörir ráð fyrir.

Við þennan kafla eru engar fleiri verulegar breytingar, en að eins nokkrar orðabreytingar; en hvað þessum breytingum nefndarinnar viðvíkur, virðist mjer að þær allar sjeu til bóta; einkum virðist nauðsyn til bera að taka kaupstaðavegi og vegi í fiskiver inn undir aukapóstvegina, því þessir vegir falla ekki alstaðar saman, þó það ætti bezt við að þeir gjörðu það, þar sem því verður við komið.

Við annan kaflann, um aðalpóstvegi, eru engar breytingar, nema að þeirri ákvörðun er sleppt, að álit vegamatsmanna skuli borið undir alþingi; þótti nefndinni ekki ástæða til að bera þetta sjerstaklega undir alþingi, því það heyrði hvort sem væri undir verkahring þess, eins og hver önnur opinber störf, enda var þessi breyting í samræmi við breytingar þær, er gjörðar voru á 1. kafla.

Við 3. kafla eru engar verulegar breytingar, og við 4. kafla þær einar, að sleppt er úr honum þeim fyrirmælum, að hafa skuli fyrir reglu að gjöra fjallvegi aðeins færa; þótti sú setning óþörf.

Um 5. kafla hefir áður verið farið nokkrum orðum; en af því hann í öllu verulegu er óbreyttur og engar breytingartillögur frá þingmönnum hafa komið, þá finn jeg eigi ástæðu til að fara neitt út í hann að sinni, en vil þó að eins geta þess, að byrði sú, sem mönnum virðist þar lögð á herðar, er ekki svo þung, sem hún í fyrstu kann að virðast, því ekki er ætlazt til, að menn ráðist í nein stórvirki, heldur vinni að þessu smátt og smátt, og mun það þá varla verða mjög tilfinnanlegt, einkum þegar mönnum er gefinn kostur á að vinna vegagjaldið af sjer.

Við 6. kafla, um almenn ákvæði, hafa verið gjörðar af nefndinni þær breytingar, að engi var tekið inn undir yrkt land, svo eigi skyldi því verða spillt, enda þótt það eigi almennt sje skoðað sem yrkt land. Við 25. gr. hefir verið gjörð línun á um það, hvern mælikvarða skyldi hafa við úttekt vega, og leggur nefndin til, að sleppa skuli setningunni: «og hún verið álitin svo af hendi leyst, sem lög þessi til greina»; þótti þessa ekki þurfa, því matsmenn mundu hafa nægilegt eptirlit samt, og gættu þess við úttekt sína, hvort vegurinn eigi væri vel af hendi leystur

Hvað 27. gr. snertir, ræður nefndin til að heimfæra brot gegn lögum þessum til 296. gr. í hegningarlögunum, í staðinn fyrir 297 gr., eins og gjört er í frumv., og mun það eiga betur við.

Skal jeg svo ekki fara fleirum orðum um málið að sinni, en vænti enn sem fyrri góðra undirtekta hjá h. þingd., og vænti þess, að málið fái að ganga til 3. umr.; þykist jeg þess jafnframt fullviss, að öllum muni þykja breytingar nefndarinnar fremur til bóta.

Landshöfðingi: Jeg hef fátt að athuga við frumv.; því bæði hafa flutningsmenn sjálfir auðsjáanlega íhugað frumv. vandlega, áður en þeir lögðu það fyrir þingið, og svo hefir nefndin einnig athugað það vandlega og breytt því víðast hvar, þar sem sjerstök ástæða var til.

Samt ætla jeg að benda á fáein atriði.

Það er einna helzt 7. gr., sem mjer finnst athugaverð, því það er hæpin ákvörðun, að vegir skuli ætíð vera 6 álna breiðir og hafa eigi meiri halla en 3—4

þumlunga á alin; það getur opt komið fyrir, að mjög torvelt sje að fullnægja þessari ákvörðun; hvað breiddina snertir, skal jeg aðeins benda á hinn alkunna Kattarhrygg, og líkt kann víðar að geta staðið á, svo mjög erfitt væri að fullnægja þessu, en vegurinn gæti þó engu að síður verið að fullum notum, þótt hann væri nokkru mjórri. Eins getur stundum staðið á með hallann. Eins er ekki alstaðar þörf á að gjöra skurði fram með veginum, t. d. á Hellisheiði; þetta og annað eins á að vera komið undir áliti vegfræðings, en ekki bundið laga-ákvæði; því þegar þessar reglur ekki gilda, verður annaðhvort að brjóta lögin, eða breyta þeim.

Mjer er ekki vel ljóst, hvernig skilja skal 8. gr.; jeg veit ekki hvaða fyrirkomulag nefndin hefir hugsað sjer á ferjum þessum; ætlast nefndin til, að allar lögferjur sjeu afteknar, eða að þessar nýju ferjur sjeu á aðalpóstvegum einum?

Enn fremur stendur í 8 gr., að fje skuli lána úr landssjóði. En hverjum á að lána það? Og hvað kemur ábyrgð á láninu sýslusjóðunum við? Sem sagt: jeg skil ekki þessa grein og vildi því óska, að nefndinni þóknaðist að orða hana ljósara, svo glöggt sæist, hvað hún meinar með henni.

Í 9. gr. er gjört ráð fyrir, að sýslunefndir velji verkamenn til vegabóta á aðalpóstvegum, en mjer þykir það óhagfelldara en að oddviti sýslunefndarinnar gjöri það; slíkt gengur miklu greiðlegar, ef einn maður hefir það á hendi en ef heil nefnd fjallar um það.

Samkvæmt 15. gr. má aðeins gjalda verkamönnum ½ kaupið jafnóðum, en hitt ekki fyr en að loknu verki; þetta virðist mjer illa til fallið, og menn mundu varla fást til þessarar vinnu með því móti, enda er það einnig ósanngjarnt, því verkamennirnir geta enga ábyrgð haft á veginum; þeir geta að eins gjört eins og fyrir þá er lagt. Miklu fremur gæti þetta átt við um verkstjórann; því hann á að ábyrgjast allt verkið; en verkamenn ættu sjálfsagt að fá öll sín laun jafnóðum, nema svo væri, að verkstjóri tæki starfið að sjer fyrir ákveðið verð, og gyldi sjálfur verkamönnum og stæðist allan kostnað; þá ætti vel við að greiða honum að eins helming kaupsins fyrir fram; en við því þarf ekki að búast hjer, allra sízt opt.

Allar þessar bendingar vildi jeg óska að nefndin íhugaði til 3. umr., ef vera kynni að hún fyndi ástæðu til að taka þær til greina.

Jón Þórarinsson: Við flutningsm. frv. þessa megum vera h. landsh. þakklátir fyrir það, hve vel hann tekur undir það, og einnig fyrir þær bendingar, er hann gaf okkur um ýms atriði.

Hvað 7. gr. snertir, þótti mjer nefndin eigi hafa breytt henni til bóta, þar sem hún færir minnstu breidd aðalpóstvega úr 5 álnum upp í 6; en um hallann vil jeg geta þess, að við höfðum það fyrir augum, er við sömdum frv., að hjeðan af skyldu allir aðalpóstvegir vera gjörðir á þann hátt, að þá mætti nota fyrir vagnvegi, en þá má ekki vera meiri halli en þetta.

Hæstv. landsh. tók það fram, að skurði þyrfti eigi meðfram vegum, nema í mýrum og votlendi; en jeg verð að vera á þeirri skoðun, að þeir sjeu víðar nauðsynlegir. Þeir eru nefnilega opt nauðsynlegir til þess, að veita vatni frá sjálfum veginum, að það renni ekki eptir honum eða yfir hann.

Að öðru leyti verð jeg að vera hæstv. landsh. samdóma um það, að þessi ákvæði þurfi í rauninni ekki að binda með lögum; því að gera má ráð fyrir, að engum nema vegfróðum manni verði hjer eptir falið að sjá um vegagjörðir, og er opt nauðsynlegt, að hann hafi óbundnar hendur, svo að hann geti vikið frá þeim reglum um vegagjörðir, sem menn annars vildu fylgja.

Ferjurnar höfðum við hugsað okkur að ættu að vera stærri og öflugri en nú eru, svo þær gætu komið að mestu leyti í staðinn fyrir brýr. Eflaust væri heppilegra, að sýslunefndaroddviti rjeði menn til vegabóta en sýslunefndin í heild sinni; því bezt fer á, að einn kunnugur maður gjöri það.

Hæstv. landsh. tók fram, að óheppilegt væri, að vinnumenn við vegagjörðir fengju kaup sitt ekki jafnóðum. Þegar við settum þessa ákvörðun í frv., vakti það fyrir okkur, að rjettast væri, að gjaldið fyrir veginn væri ekki greitt að fullu fyr en vegurinn væri tekinn út og talinn löglega af hendi leystur, en jeg játa fúslega, að það er ekki heppileg ákvörðun. Ábyrgðin á vegagjörðinni ætti að öllu leyti að hvíla á verkstjóranum, vegfróðum manni, sem verkið er falið.

Framsögum. (Þórarinn Böðvarsson): Það gladdi mig mikið að heyra undirtektir hæstv. landsh. undir þetta mál, og er jeg honum mjög þakklátur fyrir bendingar hans, sem jeg álít að sjeu flestar eða allar til bóta, og mun jeg bera þær undir meðnefndarmenn mína, sem jeg vona að líka fallist á þær. Jeg er alveg sampykkur hæstv. landsh. bæði að því er snertir breidd veganna og hallann, enda hefir nefndin í áliti sínu bætt við: »að jafnaði«. Viðvíkjandi skurðunum skal jeg í viðbót við það, sem þegar er tekið fram, láta þá skoðun mína í ljósi, að jeg vildi helzt mega óska, að það lægi undir úrskurð hæstv. landsh., eptir tillögum verkstjóra, hvar skurði skyldi hafa meðfram vegunum og hvar ekki. Viðvíkjandi ferjunum, sjerstaklega lögferjunum, skal jeg taka það fram, að jeg vil helzt að allar ónýtar ferjur væru afnumdar, og allar ár væru brúaðar, en þar eð það er auðvitað, að fje vantar til slíks, þá vil jeg láta sem fyrst brúa allar smærri ár, en hafa á stóránum ferjur, sem æskilegast væri að gætu hjer um bil jafngilt brúm. Í frumv. stóð að landssjóður skyldi kosta brýrnar, en þeir, sem brúanna beiddust, skyldu kosta alla mannhjálp við byggingu þeirra; en nefndin stakk upp á, að landssjóður lánaði fje til brúnna; en þá spurði hæstv. landsh., hverjum þetta fje væri lánað; þessu get jeg svarað því, að jeg hafði helzt hugsað mjer, að hlutaðeigandi sýslunefnd eða sýslunefndir fengju fjeð lánað; einnig finnst mjer, að einstakur maður, t. d. ferjumaðurinn, gæti fengið það, ef hann gæti sett veð fyrir því. Viðvíkjandi því, að ráða menn til vinnu þeirrar, er hjer getur um, er jeg á sama máli og hæstv. landsh., að rjettara sje að setja þar »oddviti sýslunefndarinnar«, í staðinn fyrir sýslunefndin; eðlilegast fyndist mjer, að sýslufjelagið gengi fyrir með að leggja menn til, hver í sinni sýslu.

Athugasemd hæstv. landsh. við 25. gr. er að mínu áliti alveg rjett, og mun hún verða tekin til greina; jeg vona svo, að h. þingd. sampykki frv., þó þessir smá-agnúar sjeu á því, með þeirri vissu, að nefndin mun taka til nákvæmrar íhugunar allar bendingar hæstv. landsh., sem og aðrar bendingar, er fram kynnu að koma frá h. þm.

Árni Jónsson: Jeg get ekki verið alveg samdóma h. nefnd um það, að hjer sje um verulega rjettarbót að ræða. Tilgangurinn með frumv. hefir sjálfsagt verið hinn bezti; en jeg hafði búizt við, að nefndin mundi breyta því meira og bæta það, en hún hefir gjört. Jeg þarf ekki að fara lengra en til 1. gr., þar sem talað er um skiptinguna á vegunum; hún er að mínu áliti alls ekki heppilegri en hún er nú; jeg álít alls ekki heppilegt, að binda vegina við það, að þeir sjeu aukapóstvegir, því þetta »aukapóstvegir« grípur alls eigi yfir það, sem nú er kallað sýsluvegir; nú er það gildandi regla: »Sýsluveg skal leggja um hverja sýslu, þar sem fjölfarnast er«, en aukapóstvegir liggja alls eigi ætíð þar um, sem fjölfarnast er; þar að auki

breytast þeir opt við það t. d., að brjefhirðingastaður er fluttur, en það er aptur undir póststjórninni komið, hverja menn hún fær fyrir brjefhirðingamenn; því að það er eðlilegt, að hún verður að velja til þess þá, sem þar til eru hæfir og áreiðanlegir, og má því eigi binda sig við bæjarnafnið, heldur öllu fremur ábúandann, og færa þá heldur brjefhirðingastaðinn til, ef svo stendur á, þótt dálitlu muni á leiðinni. Mjer finnst heldur ekki þurfa sjerstök lög um fjárframlag úr landssjóði til vega á aðalpóstleiðum, þar eð það getur staðið í fjárlögunum.

Enn fráleitari finnast mjer ákvarðanirnar um bæjavegi og kirkjuvegi; það sem nú er kallað hreppavegur, er sá tíðfarnasti vegur um hreppinn þveran eða endilangan, en um hitt getur risið margvíslegur ágreiningur, og þegar tala er um veg milli hreppa, getur vel svo farið, að hvorugur vilji neitt að honum hlynna; og svo verði sá vegur algerlega út undan, sem er alls eigi heppilegt. Allir vilja helzt sinn hag, og álíta þann veg fjölfarnastan, sem næst þeim liggur; bæjavegirnir verða þannig engin heild, heldur allir í pörtum, og eins margir og bæirnir eru, eða jafnvel fleiri.

Tilgangurinn með þessu frv. er í raun og veru góður, og væri mjög æskilegt, að vegir vorir og vegagjörð kæmust í betra horf, en nú á sjer stað; en það sem mestum hindrunum veldur, er, að minni ætlun, ekki óhagkvæm skipting á vegunum nú sem stendur, heldur peningaleysi; það vantar fje til þess, að koma á gagngjörðum og góðum vegabótum; þar á strandar allt. Árferðið er heldur ekki svo glæsilegt nú, að vert sje að þyngja á mönnum í þessu tilliti, því að nokkru eykur þetta frv. á peningaútgjöld bænda, þar sem yfir höfuð er hert á því, að greiða allt sýsluvega- og hreppsvegagjald í peningum, og það meiri upphæð en nú er.

Fimmti kaflinn er ísjárverður og athugaverður, og get jeg ekki álitið, að hann muni verða til mikilla bóta.

Mjer datt hjer um bil sama í hug og hæstv. landsh. viðvíkjandi ferjunum, að þar finnst mjer lítil trygging í aðra hönd fyrir landssjóðinn, og skil jeg varla í, að h. þm. Borgf. (Gr. Th.), sem opt er svo tryggur vörður landssjóðsins, geti verið þessu meðmæltur. Ferjutollurinn ætti helzt að vera svo hár, að ferjurnar gætu borið sig sjálfar, enda munu sýslunefndirnar víst ekki kæra sig mikið um að ábyrgjast þær. Jeg vil helzt halda landssjóði alveg lausum við slíka böggla enn sem komið er.

Í 18. gr. stendur: »Heimilt er og hreppsnefndum að greiða úr hreppssjóði sjerstök gjöld til bæjavega-vinnu, svo sem til brúargjörða og umsjónarmanns, ef hið ákveðna gjald vinnst eigi til þess, sem nauðsynlegt er«. Þessi ákvæði eru ærið rúm; hreppsnefndin getur álitið svo eða svo mikið »nauðsynlegt«, og lagt á meira gjald en menn eru færir um að gjalda.

Jeg get líka ómögulega verið h. nefnd samdóma um breyt.till. við 25. gr., þar sem talað er um matsgjörðina, að það sje nóg að eins, að matsgjörðin hafi fram farið, því nefndin ræður til að þetta sje fellt aptan af: »og hún verið álitin svo af hendi leyst, sem lög þessi tilgreina«; en þessu vil jeg ómögulega sleppa; verkstjórinn getur eptir þessu heimtað borgunina strax og matsgjörð hefir fram farið, hvort sem vegagjörðin hefir verið álitin lögformleg eða ekki.

Það ákvæði, að greiða að eins helming borgunar jafnóðum og unnið er, finnst mjer heppilegt, ef vegagjörðin er tekin upp á samning; þá hefir verkstjórinn ábyrgð á vinnunni, ræður menn og geldur þeim sitt kaup; en ef vinnan er að eins upp á daglaun, þá álít jeg miklu sanngjarnara, að verkamenn fái laun sín öll útborguð jafnóðum og unnið er.

Þar sem h. nefnd leggur til, að byggja vegina »eptir áliti vegfróðra manna«, þá þyrfti það að ganga á undan þessu frv., að koma okkur upp vegfróðum mönnum, því þeir eru eigi til nú sem stendur.

Þorlákur Guðmundsson: Við 1. umr. þessa máls minntist jeg á það, að mjer þætti 5. kaflinn sjerstaklega ísjárverður. Mjer dettur ekki hug að efast um góðan tilgang flutningsmanna, nje neita því, að margt gott finnist í frumv. þessu; en einmitt af því, hvað þetta mál er stórt og mikið velferðarmál, þess athugaverðara er það. Mjer er ekki vel ljóst, hvernig allir vegir geti komizt undir ákvæði frumv. Undir hverja tegund vega telur maður t. d. veginn til Geysis? Það er ekki aðalpóstvegur, ekki aukapóstvegur, og ekki fjallvegur, nema Mosfellsheiði, og það er spurning, hvort hann getur heyrt undir nokkurn veg eptir þessu frumv. Aukapóstvegir eru sumir fjölfarnir, og sumir ekki; þannig þekki jeg til í Árnessýslu, að sumir aukapóstvegir, sem liggja frá Haungerði, eru mjög sjaldfarnir; þess vegna finnst mjer ekki heppilegt að binda þetta við aukapóstvegi, ef þeir vegir skyldu sumstaðar ekki mikið vera notaðir af öðrum en aukapóstunum.

Jeg er á sama máli og h. varaforseti (Þór. Böðv.) um það, að æskilegt væri að sem flestar ár yrðu brúaðar; en meðan því verður ekki við komið, vil jeg ekki blanda landssjóði neitt þar við, enda hlyti þar að vera gætt margra skilyrða, svo að honum væri engin hætta búin af skorti á nægum tryggingum.

Hvað ferjunum viðvíkur, þá er jeg hræddur um, að ef sýslufjelögin tækju að sjer að standa straum af þeim, þá gæti svo farið, að þau hefðu engan hag af því, heldur þvert á móti.

Jeg er samdóma h. þm. Mýr. (Á. J.), að 5. kaflinn sje mjög ísjárverður, sjerstaklega með tilliti til þess, að gjaldið, sem í sjálfu sjer er ekki hærra en það, sem nú er greitt, skiptist út um allan hreppinn, og getur valdið miklum ágreiningi, þar sem bæjavegir erualstaðar; hin aðferðin er miklu betri, sem nú er höfð, að taka á ári hverju fyrir dálítinn kafla og gera vel við hann. Ef hreppsnefndarmennirnir væru eigingjarnir, þá mundu þeir sjá um, að helzt væri hlynnt að vegum kring um þá; en ef þeir á hinn bóginn eru gungur og meinleysingjar, þá gætu aðrir hreppsbúar, sem ráðríkir væru, dregið fjeð og vegavinnuna til sín, svo af þessu leiddi, að fjölförnustu vegirnir kannske yrðu út undan, að minnsta kosti fyrst um sinn.

Þessir annmarkar á frumv. gera það, að jeg á illt með að gefa því atkvæði mitt, nema bæjavegir og kirkjuvegir væru teknir inn undir hreppavegi, og uppástungur hreppsnefnda um aðgerð á þeimi lægi undir samþykki sýslunefnda.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg skal fyrst leyfa mjer að fara nokkrum orðum út af ræðu h. þm. Mýr. (Á. J.). Hann bar reyndar nú sem optar svo mikið á borð, að jeg er ekki alráðinn í, hvað jeg á að hirða af öllum þeim ósköpum.

Þegar h. þm. (Á. J.) segir, að engin rjettarbót sje fólgin í þessu frumv., þá skil jeg ekki, hvernig hann getur látið sjer slíkt um munn fara. Jeg verð þá helzt að álíta, að hann annaðhvort ekki hafi kynnt sjer frumv. til hlítar, eða þá að hann skilji ekki, hvað um er að ræða. Hann ætti þó að sjá, að í þessu frumv. eru gefnar þær meginreglur fyrir vegagjörðum, sem ekki eru áður til í löggjöfinni, en sem eru alveg nauðsynlegar, ef vegagjörð á nokkru sinni að verða í nokkru lagi á landi voru. Þau eldri lög, er vjer höfum, eru alveg laus við allar meginreglur.

Hann efaðist um, að þetta frumv., þótt það yrði að lögum, næði tilgangi sínum. Jú, jeg segi, að lögin nái strax tilgangi sínum, þegar t. d. aðalpóstvegir eru gerðir svo, að þeir verði nýtir og þannig gerðir,

að þeir geti orðið vagnvegir, sem landsmenn gætu verið þekktir að láta útlendinga sjá og fara um. Hver sá vegaspotti, sem lagður verður í þessa átt, sýnir, að lögin ná tilgangi sínum.

H. þm. (Á. J.) fann að »skipting« veganna í frumv.; en það, sem hann sagði á móti henni, álít jeg, að hann hafi ekki sannað heppilega, og því get jeg ekki verið að hrekja það. Mín skoðun er, að aðal-póstvegir eigi að sitja í fyrirrúmi fyrir öllum öðrum vegagjörðum og vegabótum; þá á að gera bezt og varanlegast úr garði; og ef samgöngurnar eru ekki það, sem vjer eigum að meta mest, þá skil jeg ekkert í, hvað h. þm. Mýr. vill láta meta mest.

H. þm. (Á. J.) talaði um, að vegirnir ættu að vera ein samanhangandi heild. Jeg hefi ekkert á móti því, og veit heldur ekki betur en að frumv. ætlist til þess. En jeg veit ekki í, hverju tilliti »sýsluvegir« er betra nafn en »aukapóstvegir«, sem svo er útlistað í frumv., að sjeu þeir vegir, sem aukapóstar fara, og vegir í kaupstaði og fiskiver. Hvað eru sýsluvegir, þar sem aðalpóstvegir ganga gegn um sýsluna?

H. sami þm. hafði það á móti 5. kaflanum, um bæjavegi og kirkjuvegi, að vegirnir væru þar engin samanhangandi heild; en þetta er þvert á móti. Í frumv. er hjer ákveðið það sama, sem var tekið fram um hreppavegi í hinum eldri vegalögum.

Þar sem hinn h. sami þm. (Á. J.) og 1. þm. Árn. (Þorl. Guðm.) sögðu, að ekki þyrfti nema einn veg eptir hreppnun, þá vil jeg spyrja: Þurfa menn aldrei að fara bæja milli eða til kirkju? Þarf þá ekki nema einn veg yfir þveran hreppinn?

Þá var það tekið fram, að ágreiningur gæti orðið milli hreppanna út af vegagerðum eptir þessu frumv.; það get jeg ómögulega skilið, því að hvernig sem á stendur, þá leggur hver hreppur sína vegi að sínum takmörkum, og þar tekur þá nágranna-hreppurinn við.

Að því er snertir bendingar h. þm. (Þ. G.) um ferjurnar, sem 8. gr. ákveður að setja skuli á allar stór-ár, þá er það sjálfsagt, að jeg vil fúslega taka öllum góðum bendingum í þá átt, og setja um þær nákvæmari ákvarðanir.

H. 1. þm. Árn. (Þorl. Guðm.) þóttist þekkja aukapóstvegi, sem ekki væru fjölfarnir. Hver segir, að leggja eigi þá vegi, sem hjer ræðir um, þar sem lítil umferð er? Það er sýslunefndin, sem á að ákveða, hvar hagkvæmast er að leggja vegina fyrir hjeraðið. — Hann hjelt, að þetta fyrirkomulag mundi leiða til þess, að hinir ráðríku mundu ávallt geta ráðið, hvar aukavegir eru lagðir; en jeg hefi stutta ástæðu á móti þessari mótbáru, og hún er sú, að það er sjálfsagt að gera vegina þar, sem þeir eru fjölfarnastnir.

Yfir höfuð skal jeg enn einu sinni taka það fram, að nefndin mun fúslega taka öllum góðum og þarflegum breytingum.— Mjer dettur ekki í hug að gera, hvorki frumv. nje nefndarálitið, að neinu kappsmáli. Þetta er jafn-mikilvægt, eins og það er alvarlegt mál, og nefndinni dettur ekki í hug, að hún hafi fundið það eitt, sem óhugsandi er að standi til bóta. Það, sem mjer er um að gera, er það, að þau vegalög, sem þingið sendir frá sjer á sínum tíma, verði til bóta, og til að efla samgöngurnar í landinu.

Sigurður Stefánsson: Jeg er eins og aðrir þakklátur h. flutningsmönnum þessa frumv. og h. nefnd, sem haft hefir málið til meðferðar.

Jeg álít, að frumv. geti orðið til mikils gagns, ef það verður að lögum; en jeg vil þó leyfa mjer að gera við það nokkrar athugasemdir, sem jeg álít nauðsynlegar.

Í 1. gr. segir: »Vegir í landinu eru: aðalpóstvegir, aukapóstvegir, fjallvegir og bæja- og kirkjuvegir«. Við þessa upptaln-

ingu hefi jeg sjerstaklega það að athuga, að nafnið »aukapóstvegir« uppfyllir ekki hugmyndina, sem liggur til grundvallar fyrir nafninu; með öðrum orðum: nafnið nær ekki yfir allt það, sem á að heyra undir það. Það er mikið rjett, að nafnið sjálft gerir í rauninni ekkert til, en allt er undir því komið, að það svari vel til þess, sem undir það á að heyra. Eins og kunnugt er, eru aukapóstferðirnar á sífeldu reiki, og af þeirri ástæðu álít jeg miður heppilegt, að breyta um nafnið og nefna þá vegi aukapóstvegi, sem hingað til hafa verið nefndir sýsluvegir, og sem þegar hafa náð nokkurri festu, bæði í hugsun landsbúa og í framkvæmd þeirra í vegagjörðum. Jeg er samdóma h. flutningsm., að rjett sje að skipta vegunum og gera aðgreiningu á milli þeirra; en mjer líkar sem sagt nöfnin ekki, sem vegunum eru gefin. Ákvörðun 5. gr., að landssjóður skuli kosta aðalpóstvegina, álít jeg heppilega, og þá á alþingi líka að hafa atkvæði um, hvar þeir skuli lagðir.

Jeg felli mig því vel við 2. kafla frumv., þegar hinar góðu og þarflegu bendingar hæstv. landsh. eru teknar til greina. Þó er jeg í nokkrum efa um, hvort ákvæði þessa kafla, að því er snertir ferjurnar, sjeu sem heppilegust. Jeg óttast nefnilega, að meðferðin á og eptirlitið með ferjunum verði ekki sem bezt, ef hið opinbera á að hafa aðalumsjónina. Jeg er hræddur um, að kunni að fara líkt með þær, eins og kirkjur landssjóðsins, þótt ólíku sje saman að jafna. — Jeg kann sem sagt ekki við nafnið »aukapóstvegir«, og álít rjettara, að halda hinu gamla nafni »sýsluvegir«, einkum ef breyting nefndarinnar fær framgang, að með aukapóstvegum skuli taldir vegir í almenn fiskiver og kaupstaði, því þá fullnægir nafnið alls ekki hugmyndinni.

Þegar til 5. kaflans kemur, þá efast jeg mest um, að ákvarðanir hans sjeu heppilegar, og þar álít jeg líka, að nefndin hafi ekki breytt til bóta. Jeg álít, að löggjafarvaldið eigi sem minnst afskipti að hafa af sýsluvegum, bæjavegum og kirkjuvegum. Þessir vegir snerta sveitirnar; þær kosta þá sjálfar og þær eiga því að hafa allan veg og vanda af þeim. Þar á móti er það sjálfsagt, að löggjafarvaldið hafi sem mest afskipti af aðalpóstvegunum, þar sem svo er ákveðið í frumv., að þeir skuli kostaðir af landsjóði.

17. gr. segir meðal annars: »Það er skylda hreppsbúa í hverjum hreppi, að gera vegi og viðhalda vegum í hreppnum, bæja á milli og til kirkju, þar sem eigi eru póstvegir«. Þessi ákvörðun finnst mjer óglögg, og getur hún að mínu áliti leitt til þess, að hver vilji hugsa sem mest um veginn við sinn bæ, án tillits til, hvað sveitinni í heild sinni er haganlegast og fyrir beztu.

Hvað sem þessu annars líður að öðru leyti, vil jeg gera mitt til að frumv. þetta nái fram að ganga, og vona jeg þá, að h. flutningsm. og h. nefnd taki athugasemdir hæstv. landsh. til greina, og aðrar þær bendingar, sem fram hafa komið, og horfa frv. til bóta.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg get verið h. 1. þm. Ísf. (Sig. St.) þakklátur fyrir ræðu hans yfir höfuð að tala, og hans góðu undirtektir undir málið. Ýmsar af bendingum hans voru sjálfsagt á góðum rökum byggðar; en þó get jeg ekki fallizt á, að þær hafi allar verið nauðsynlegar. Hann talaði um nöfn veganna í frumv., og þótti nafnið »aukapóstvegir« ekki sem heppilegast, þar sem það ekki innibindi í sjer alla, sem undir það ætti að heyra eptir frumv. Jeg skal nú ekki fara út í deilu um nöfn í þessu máli; en jeg verð að segja, að það, sem vakti fyrir okkur flutningsmönnum, er við sömdum þetta frumv., það var, að slá því föstu, að póstgöngurnar yrðu sem greiðastar í landinu. Þetta fellur sjálfsagt ekki ætíð saman við þarfir

hjeraðsbúa, og hjelt h. þm., að sýslunefndirnar mundu jafnan ráða til, að póstvegir yrðu lagðir þar, sem hjeraðsbúum yrði haganlegast. En aðalreglan á að vera sú, að setja fasta vegi, þar sem þeir helzt geta orðið til þess að bæta samgöngurnar, og sjeu það ekki aðal-póstvegir og auka-póstvegir, sem bæta samgöngurnar, þá veit jeg ekki hvaða vegir gera það.

H. 1. þm. Ísf. (Sig. St.) hafði ýmislegt að athuga við 5. kafla frumv. »um bæjavegi og kirkjuvegi«; en jeg ætla, að hann sjái fleiri misfellur á þessum kafla en í raun og veru eru á honum, því í raun og veru eru ákvæði þessa kafla hin sömu og í hinum eldri vegalögum, tilsk. 15. marz 1861, og hjer er allt eins ljóst eins og þar, en með færri orðum. Orðin í tilskipuninni eru miklu fleiri en hjer, en þau eru ógreinilegri. En breytingin er fólgin í því, að hjer er ákveðið að leggja skuli vegi bæja á milli og til kirkna. — Þessu ákvæði ætla jeg að eigi hafi verið óþarft að bæta við. Það er mjer kunnugt af eigin reynslu, einkum þaðan, sem jeg hefi verið prestur. En, sem sagt, jeg er fús til að taka allar bendingar til íhugunar með h. meðnefndarmönnum mínum, og jeg er fús til að kveðja alla þá til fundar með nefndinni, sem hafa eitthvað gott og þarflegt að leggja fram til þessa máls, sem jeg álít svo mikið undir komið að verði sem bezt úr garði gert. Sjerstaklega mun mjer ljúft að taka til greina bendingar hæstv. landsh., sem yfir höfuð voru á hinum beztu rökum byggðar, t. d. þar sem hann benti á, að skýrari ákvæði þyrfti um ferjur á alþóstvegum, og þar sem hann spurði, hvort lögferjur skyldi af taka.

Að svo mæltu óska jeg, að h. þingd. samþykki frumv. og breytingar nefndarinnar við það, í von um, að því, sem breyta þarf, verði breytt til 3. umr.

Árni Jónsson: Jeg skal að eins gera stutta athugasemd við það, sem h. framsögum. (Þór. Böðv.) mælti til mín í ræðu sinni.

Jeg sagði aldrei, að það sje *engin* rjettarbót fólgin í þessu frumv., heldur hitt: að jeg geti ekki verið samdóma h. nefnd um það, að það sje verulega *hagfeld rjettarbót*, og það mun sannast á sínum tíma, hvort svo er, ef frumv. verður ekki breytt. Jeg sagði ekki heldur, að jeg vildi engar endurbætur á vegum og samgöngum, en jeg sagði, að jeg gæti ekki gefið þessu frumv. atkv. mitt, eins og það lægi fyrir. Annars var h. framsögum. að setja ýmislegt saman og gefa það út fyrir mín orð. Jeg vil helzt hafa mig afsakaðan fyrir slíkum tilbúningi.

Þá furðar mig stórlega á því, að h. varaforseti (Þ. Böðv.) skuli segja, að það sje *„ekkert nafn rjett* í hinum eldri vegalögum, þar eigi hreppstjóri og sýslumaður að gera allt«. Hann þekkir þó víst lögin nr. 19 15. okt. 1875, því að hann leggur hjer til í frumv., að fella þau úr gildi. Eptir þeim eiga einmitt *sýslunefndir* og *hreppsnefndir* að sjá um vegagjörð á sýsluvegum og hreppavegum.

Þá sagði hann, að jeg hefði ekki álitið vegaskiptinguna heppilega, en jeg hefði ekki sannað það; en til þess svara jeg því, að hann er ekki sjálfur búinn að sanna hið gagnstæða, nfl. að sú skipting, sem hann heldur fram, sje heppileg eða heppilegri en þessi skipting.

H. framsögum. sagði enn fremur, að því fje, sem hingað til hefði verið varið til vegabóta og vegagjörða, hefði ekki verið vel varið; en má jeg spyrja: hvaða trygging er fyrir því eptir þessu frumv., að vegabótapeningum verði betur varið, þegar þetta frumv. er orðið að lögum? Jú, það kann að vera að því leyti, sem það gengur til aðalpóstvega; en jeg sje ekki að þetta frumv. gefi neina trygging fyrir því, að fje, sem ganga á til aukapóstvega, verði betur varið en áður; því

þegar bæja- og kirkjuvegirnir eru engin samanhangandi heild, þá getur hver bóndi dregið sinn vegarspottann heim til sín o. s. frv. Jeg skal benda á eitt dæmi því til skýringar, að aukapóstvegir falli eigi ætíð saman við alfaravegi eða þjóðbrautir. Eins og h. þingm. er kunnugt, er beðið um aukapóst frá Hesti um Reykholt að Gilsbakka; en svo kemur póstafgreiðslumaðurinn í Arnarholti og segir, að þessi beiðni komi í bága við þann gang, sem póstsendingarnar verði að ganga; og að þessi aukapóstleið verði að liggja frá Arnarholti um Reykholt að Gilsbakka. Mundi það nú vera heppilegt að leggja alfaraveg eptir þessari leið? Líkt þessu mætti finna mörg dæmi, er sýna, að *aukapóstvegir* eru engu heppilegri ákvörðun en *sýsluvegir*.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg ætlaði alls ekki að standa aptur upp í máli þessu, en mjer finnst að h. þm. Mýr. (Á. J.) hafi neytt mig til þess, en jeg ætla samt ekki að svara honum öðru en því, sem haft er eptir Otto v. Bismarck: »Mjer er ánægja að því, ef einhver segir að jeg hafi aðra meiningu en í fyrra«; og þó ekki hæfi að jafna hjer saman mönnum, þá er hitt víst, að ekki er jeg neitt hræddur þó þingm. beri mjer það á brýn, að jeg hafi einhvern tíma verið á öðru máli en jeg er nú.

Mjer virtist þingm. taka mjög illa upp fyrir mjer, að jeg hefi breytt um nöfn, en jeg ætla, að eigi beri að deila út úr því; það sem jeg álít kost á þessu frumv. er það, að í því er fylgt föstum meginreglum, og það er einmitt þetta, sem gefur því gildi; án þess væri það einskisvert.

Þegar þingm. segir, að þetta frumv. hafi ekkert fram yfir hin eldri lög, þá verð jeg að álíta, að það sje af því, að hann hafi ekki reynt að kynna sjer það til hlítar, eða ekki getað það.

Annars er jeg eins fús að taka vel meintum bendingum frá þm. Mýr. (Á. J.) eins og hverjum öðrum, ef hann vill annaðhvort koma með breyt.till., eða bera sig saman við samnefndarmenn mína.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg gleymdi áðan að gera dálitla athugasemd við 5. kafla. Jeg hefði kunnað betur við, að ein setning í 17. gr. væri öðruvísi orðuð; þar stendur: »Skyldur er hver búandi að greiða hreppsnefndinni í hverjum kreppi 1 kr. 50 a. fyrir hvern verkfæran karlmann, sem hann hefur haft á heimili sínu til næsta hjúaskildaga á undan, og er 20—60 ára gamall, fyrir lok hvers fardaga-árs«. Meiningin er auðsjáanlega sú, að hann á að hafa greitt hreppsnefndinni þessa 1 kr. 50 a. fyrir lok hvers fardagaárs, en þessi orð hefðu heldur átt að standa fyr í setningunni. Annars ætti það að vera aðalreglan, að bændur ynnu af sjer þetta gjald, en yrðu að borga það, ef þeir ekki hefðu hirt um að neyta rjettar síns til að vinna það af sjer.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg ætla stuttlega að benda á, að þetta getur varla misskilizt; er jeg hræddur um, að h. þm. Árn. (Þorl. G.) hafi litið fljótlega á þetta; en ef hann vill, er honum innan handar að bera sig saman við nefndina um þetta, eða gera breytingartillögu.

ATKVÆÐAGR.:

1. 1. gr. frumv. samþ. með 17 atkv.
2. Breyt.till. nefndarinnar við 3. gr. samþ. með 16 atkv.
3. 2. gr. frumv. með áorðinni breytingu samþ. með 17 atkv.
4. 1. breyt.till. nefndar. við 2. gr. samþ. með 18 atkv.
5. 2. breyt.till. nefndar. við 3. gr. samþ. án atkvæðagr.
6. 3. breyt.till. nefndar. við 3. gr. samþ. án atkvæðagr.
7. 4. breyt.till. nefndar. við 3. gr. samþ. með 19 atkv.

8. 5. breyt.till. nefndar. við 3. gr. samþ. með 18 atkv.
9. 3. gr. frumv. með áorðnum breytingum samþ. með 17 atkv.
10. 4. gr. frumv. samþ. með 20 atkv.
11. Breyt.till. nefndarinnar við 5. gr. samþ. með 20 atkv.
12. 5. gr. frumv. með áorðinni breytingu samþ. með 20 atkv.
13. Breyt.till. nefndarinnar við 6. gr. samþ. með 20 atkv.
14. 6. gr. frumv. með áorðinni breytingu samþ. með 20 atkv.
15. 1. breyt.till. nefndar. við 7. gr. samþ. með 12 atkv. gegn 7.
16. 2. breyt.till. nefndar. við 7. gr. samþ. með 17 atkv.
17. 7. gr. frumv. með áorðnum breytingum samþ. með 16 atkv.
18. 1. breyt.till. nefndar. við 8. gr. samþ. með 14 atkv. gegn 4.
19. 2. breyt.till. nefndar. við 8. gr. samþ. án atkvæðagr.
20. 3. breyt.till. nefndar. við 8. gr. samþ. með 18 atkv.
21. 8. gr. frumv. með áorðnum breytingum samþ. með 16 atkv.
22. Breyt.till. nefndarinnar við 9. gr. samþ. með 16 atkv.
23. 9. gr. frumv. með áorðinni breytingu samþ. með 16 atkv.
24. Breyt.till. nefndar. við 10. gr. samþ. með 16 atkv.
25. 10. gr. frumv. með áorðinni breytingu samþ. með 17 atkv.
26. Breyt.till. nefndar. við 11. gr. samþ. með 18 atkv.
27. 11. gr. frumv. með áorðinni breytingu samþ. með 19 atkv.
28. 1. breyt.till. nefndar. við 12 gr. samþ. með 15 atkv.
29. 2. breyt.till. nefndar. við 12. gr. samþ. með 15 atkv.
30. 12. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 16 atkv.
31. 13. gr. samþ. með 20 atkv.
32. Breyt.till. nefndar. við 14. gr. samþ. með 20 atkv.
33. 14. gr. frumv. með áorðinni breytingu samþ. með 14 atkv.
34. 15. gr. frumv. samþ. með 20 atkv.
35. Breyt.till. nefndar. við 16. gr. samþ. með 15 atkv.
36. 16. gr. frumv. með áorðinni breytingu samþ. með 18 atkv.
37. 17. gr. frumv. samþ. með 16 atkv.
38. Breyt.till. nefndar. við 18. gr. samþ. með 12 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkvæðagr., og sögðu

já:	*nei:*
Jón Þórarinsson,	Árni Jónsson,
Páll Ólafsson,	Gunnar Halldórsson,
Benidikt Sveinsson,	Lárus Halldórsson,
Eiríkur Briem,	Ólafur Briem,
Grímur Thomsen,	Ólafur Pálsson,
Jón Jónsson,	Sigurður Jensson,
Jónas Jónassen,	Sveinn Eiríksson,
Páll Briem,	Þorl. Guðmundsson,
Sigurður Stefánsson,	Þorv. Bjarnarson,
Þórarinn Böðvarsson,	Þorvarður Kjerulf.
Þorleifur Jónsson,	
Þorsteinn Jónsson.	

39. 18 gr. með áorðinni breytingu samþ. með 16 atkv.
40. Breyt.till. nefnd. við 19. gr. samþ. með 18 atkv.
41. 19. gr. með áorðinni breytingu samþ. með 18 atkv.
42. Breyt.till. nefnd. við 20. gr. samþ. með 16 atkv.
43. 20. gr. með áorðinni breytingu samþ. með 17 atkv.
44. 21. gr. samþ. með 18 atkv.
45. 22. — — — 19 —
46. 23. — — — 20 —
47. 1. breyt.till. nefnd. við 24. gr. samþ. með 20 atkv.
48. 2. breyt.till. nefnd. við 24. gr. samþ. með 20 atkv.

49. 24. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 20 atkr.
50. Breyt.till. nefnd. við 25. gr. samþ. með 17 atkv.
51. 25. gr. með áorðinni breyt. samþ. með 18 atkv.
52. 26. gr. samþ. með 20 atkv.
53. Breyt.till. nefnd. við 27. gr. samþ. með 17 atkv.
54. 27. gr. með áorðinni breytingu samþ. með 20 atkv.
55. 28. gr. samþ. með 20 atkv.
56. 29. — — — 18 —
57. 30. — — — 18 —

Málinu vísað til 3. umr. með 21 atkv.

Frumvarp til laga um veiting og sölu áfengra drykkja (C. 115, 146); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Jeg skal ekki fara mörgum orðum um málið að þessu sinni; en jeg vona að h. þingdeild kannist við hinn góða tilgang frumv., sem einkum kemur fram í þessu þrennu:

1., að stemma stigu fyrir staupagjöfum og smáveitingum í verzlunarbúðum, og þó ákvæði sjeu þegar áður til um þetta efni, þá er víst engin vanþörf á að taka þau upp í þetta frumv.

2., að sporna við því, að námsmenn á skólum þeim, sem kostaðir eru af landsins fje, neyti um of áfengra drykkja og beri á baki sínu það óorð, sem er ópolandi fyrir þjóðina og hinn uppvaxandi menntalýð; og

3., að gera mönnum erfiðara fyrir eptir en áður að fá vínveitingaleyfi; eins og menn vita, er það nú amtmaður einn, sem slíkt leyfi veitir; það fer því um leyfið mikið eptir því, hvernig hann er skapi farinn; sumir kunna að vera of fúsir á að veita slíkt leyfi, en aptur aðrir tregir um of.

Þetta þrennt sameinar sig í þeim aðaltilgangi að sporna við ofmikilli nautn áfengra drykkja í landinu, sem jeg vona að allir viðurkeuni að sje einkar-nauðsynlegt og samboðið krófum tímans og því framfaraskeiði, sem vjer þykjumst keppa að. Jeg vona því, að h. þingd. leyfi frumv. að ganga til 2. umr., svo hinar einstöku greinir þess verði teknar til umræðu eins og þörf krefur.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 20 atkv.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1886 og 1887 (C. bls. 68 og nr. 144); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Jeg finn ekki ástæðu til á þessu stigi málsins að fara um það neinum orðum, en óska að eins, að því verði vísað til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Tillaga til þingsályktunar um umsjón og fjárhald landssjóðskirkna (93); ein umræða.

Framsögumaður (Árni Jónsson): Eins og kunnugt er, er þessi tillaga komin fram eptir bendingu hæstv. landsh. við umræður um álit nefndarinnar í málinu um, að umsjón og fjárhald Flateyjarkirkju yrði fengið söfnuðinum í hendur. Hann benti þá á, að heppilegast væri að landsstjórninni væri enn þá gefin heimild til að leita samkomulags við hlutaðeigandi söfnuði um að taka að sjer umsjón og fjárhald landsjóðskirkna; nefndin var þeirrar skoðunar, að æskilegt væri að landssjóður gæti losazt við þessar kirkjur, þar sem þær væru fremur landssjóðnum til byrði en til bóta. Frá mörgum söfnuðum er svarið enn þá óákveðið, þar eð lögmætir fundir höfðu ekki verið haldnir.

Önnur tillagan hjer um bil samhljóða þessari var samþykkt hjer í deildinni 1885, og því geng jeg að því sem vísu,

að h. þingd. samþykki þessa tillögu, og ætla jeg svo ekki að fara fleirum orðum um hana.

ATKVÆÐAGR.: Tillagan samþ. með 21 atkv. og síðan send Ed.

Tuttugasti og fjórði fundur, miðvikudaginn 27. júlí.

Forseti gat þess, að til sín væri komin frá stiptsyfirvöldunum beiðni um uppgjöf árgjalds af Vallnaprestakalli.

Frumv. til laga sem hefir að geyma nokkur ákvæði um veð (83, 153); 2. umræða.

Árni Jónsson: Jeg skal tala mjög stutt í þetta sinn. Jeg ætla að eins að benda h. þingdm. á breyt.till., sem vjer höfum leyft oss að koma með viðvíkjandi fyrirsögn frumv. Í breyt.till. er farið fram á að fyrirsögn frumv. verði breytt. Í staðinn fyrir að hafa fyrirsögnina eins og í frumv. Ed: «Frumvarp til laga, sem «hefir að geyma nokkur ákvæði um veð» er ráðið til að hafa hana þannig: «Frumv. «til laga um veð». Þetta fannst okkur heppilegra. Það mætti sjálfsagt færa það fram móti þessari breytingu, að fyrirsögnin væri ákveðnari eins og hún er í frumv., en mjer finnst það ekki vega upp á móti því, að fyrirsögnin í breyt.till. er styttri og liðlegri, og hjer gildir gamla reglan: a potiore fit denominatio. Það er líka kunnugt, að fyrirsögnin var enn öðru vísi í stjórnarfrumv. og finnst mjer hún nú í frumv. Ed. ekki vera neitt ákveðnari eða liðugri, nema síður sje, en hin upphaflega fyrirsögn stjórnarfrumv. Þá finnst mjer líka eitthvað óviðfeldið við orðið «hefir» í fyrirsögn frumv.; jeg kynni betur við að hafa fleirtöluna «hafa». Þetta er líklega komið af einhverri vangá, því að það getur naumast verið rjett mál, að segja: frumv. til laga, sem hefir að geyma o. s. frv., heldur: «frumv. til laga, sem «hafa o. s. frv.». En lagamennirnir geta nú bezt skorið úr, hver fyrirsögnin muni vera heppilegust.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg verð að segja fyrir mitt leyti, að jeg er vel ánægður með frumv. þetta eins og það kom frá h. Ed., og eins þó fyrirsögninni ekki verði breytt. Mjer þætti leiðinlegt, ef þessi deild færi að breyta frumv. eins og fyrir hjegóma sakir, þar sem það í öllum greinum er vel úr garði gjört. Jeg get ekki álitið, að fyrirsögnin sje í nokkru tilliti óviðfeldin, og vildi helzt að frumv. yrði samþykkt alveg óbreytt.

Landshöfðingi: Jeg sje ekkert á móti því, að fyrirsögn frumv. verði breytt samkvæmt þeirri breyt.till., sem hjer liggur fyrir. Jeg er sannfærður um, að h. Ed. muni ekki firtast við þó frumv. verði breytt í svo ómerkilegu atriði. Það er satt, sem h. þm. Mýr. (Á. J.) tók fram; það er við óaðgætni komið inn í fyrirsögnina eintalan «hefir» í staðinn fyrir fleirtöluna «hafa». Jeg sje því síður neitt á móti því, að fyrirsögnin verði að eins: «Frumv. til laga um veð», sem jeg einmitt hefi sjálfur sjeð alveg eins fyrirsögn fyrir norskum lögum um líkt efni; þessi norsku lög heita «Lov om Pantsætning»; jeg man eptir því, að jeg varð harla feginn þegar jeg sá þessa fyrirsögn, því jeg ætlaði að kynna mjer hina norsku löggjöf um þetta efni. En von mín brást að mestu, því þegar til kom, voru norsku lögin með þessari fyrirsögn að eins fáar greinar og innihjeldu enn færri ákvarðanir um veð, en þetta frumv.

En það er sjerstaklega eitt atriði í þessu frumv., sem jeg vildi leiða athygli h. þingdm. að; það er ákveðið í annari málsgrein 4. gr., þar sem stendur: «Enginn má, eptir að lög þessi öðlast gildi, «setja að sjálfsvörzluveði safn af munum, «sem eru samkynja o. s. frv.»

Í efri deild var vakinn efi um, að almenningur mundi skilja, hvað meint

væri með «safn af munum», og sömuleiðis hefi jeg heyrt einstöku þingmenn úr þessari deild efast um, að þessi orð mundu almennt verða skilin. Jeg verð líka að vera á því, að almenningur, ef til vill, muni ekki skilja hvað hjer sje meint; en h. Ed. treysti sjer ekki til að orða þetta ákvæði skýrar og jeg treysti mjer heldur ekki til þess. Jeg ímynda mjer samt, að umræðurnar í Ed. um þetta mál hafi skýrt þetta atriði svo, að ekki sje hægt að villast á því, ef menn kynna sjer þær. «Safn af munum» er það, sem í Rómarjetti er kallað «universitas rerum» og á dönsku »Tings-Indbegreb». Það er t. d. bókasafn, vörubyrgðir o. s. frv., og, eins og altítt er hjá oss: skipastóll, búsgögn o. fl. Það er þá eptir þessu bannað að veðsetja «skipastól» sinn eða «bókasafn», nema því að eins að talin sjeu upp öll skip og bátar út af fyrir sig, eða taldar upp allar bækur og bindi.

Þegar þetta er þannig tekið fram undir umræðum málsins, þá ímynda jeg mjer, að almenningur skilji strax, hvað meint er með orðunum: safn af munum, og að menn geti þannig varað sig á að veðsetja eða taka í veð slík «söfn», án þess til sje tekið og upp talið hvert einstakt í safninu.

Grímur Thomsen: Jeg er þakklátur hæstv. landsh. fyrir skýringu hans á þessu atriði. Jeg verð að játa, að jeg hafði ekki skilið þetta ákvæði 4. gr, og jeg ímynda mjer, að þeir geti verið fleiri, sem ekki skilja það. Hæstv. landsh. nefndi til dæmis «bókasafn». Ef einn maður vill veðsetja bókasafn, þá verður hann að láta fylgja nákvæma skrá yfir bækurnar í safninu, og þannig getur hann þá veðsett allt safnið, með því að telja upp hverja einstaka bók í safninu. Það kemur opt fyrir, að menn við sjó vilja veðsetja skipastól sinn, og þá geta þeir það með því að telja upp hverja ferju í skipastólnum. Eptir þessu getur maður þá veðsett allt safnið, ef hann gefur greinilegar skýrslur um hvert einstakt í safninu. *(Landsh.:* Jeg hef tekið þetta fram!). Mikið rjett, en jeg tek það fram líka, til þess að það verði enn augljósara, hvernig þetta á að skilja, því að ákvæði greinarinnar sjálfrar er engan veginn svo glöggt og ljóst, sem það þyrfti að vera.

Landshöfðingi: Það er mikill munur á því, hvort jeg veðset bókasafn eða skipastól í einni heild, eða jeg veðset hverja einstaka bók eða hverja einstaka ferju út af fyrir sig í heildinni. Jeg get veðsett «bókasafn» mitt í dag, en þegar að því kemur að borga á skuldina, t. a. m. eptir 10 ár, og veðið verður tekið af mjer, þá er ekki víst, að það «bókasafn», sem jeg á þá, sje það sama «bókasafn», sem jeg veðsetti; það geta verið farnar úr því bækur, sem upphaflega voru í því, og aðrar bækur aptur komnar í það, sem jeg upphaflega átti ekki í eigu minni. Sama er að segja ef jeg vetset «skipastól», þá verður það allt af «skipastóll», þó að jeg hafi misst eða höggvið upp einhverja ferju á veðtímabilinu, sem upphaflega var í skipastólnum. En ef jeg tel upp lið fyrir lið það, sem undir heildina heyrir og veðset eignina þannig, get jeg ekki fargað neinu af eigninni án þess að svíkja sjálfan mig og aðra.

Árni Jónsson: Jeg vona að breyttill. við fyrirsögn frumv. verði samþykkt af h. þingd., og það því fremur, sem hæstv. landsh. hefir gefið henni svo góð meðmæli. Jeg vona að h. Ed. sjái, að breyttill. miðar til þess að bæta en ekki breyta, og muni hún því eigi taka það óstinnt upp, þótt frumv. komi til hennar aptur

ATKVÆÐAGR. (83, 153): Allar greinar frv. (1.—8.) samþ. hver um sig í einu hljóði.

Breyt.till. (153) samþ. með 18 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Frumvarp til laga með nokkrum ákvæðum um þeginn sveitarstyrk m. m. (109, 152, 154); 2 umr.

Jón Jónsson: Frumv. þetta fjekk góð meðmæli við 1 umr. Það munu flestir h. þingdm. vera á því, að þetta frumv. miði til að bæta úr því, sem sönn þörf er á að bæta úr, því, sem telja má eitt af aðalmeinum þjóðfjelagsins, líkt og horfelli á skepnum. Jeg er og á sama máli, að lög eins og þessi mundu geta orðið til töluverðs gagns. Jeg og nokkrir aðrir h. þm. höfum þó leyft oss að koma með nokkrar breyt.till. við frumv., og vona jeg, að þær fari ekki í þá átt, að spilla fyrir málinu eða koma í veg fyrir, að það geti orðið að lögum, heldur miklu fremur til að bæta frumv. að nokkru.

Jeg skal svo leyfa mjer að fara nokkrum orðum um þessar breyt.till., en fyrst verð jeg að biðja menn að leiðrjetta hjá sjer eina villu í tillögunum. Þar stendur, að 4. breyting eigi við »7. gr.«, en á að vera »6. gr.«

1. breyt.till. við 3. gr. ætla jeg ekki að útlista, en lýsa yfir því, að vjer tökum þá breytingu aptur.

2. breyt.till. við 4. gr. er lítil og meinlaus. Í frumv. stendur: »Ef það sannast fyrir amtmanni, að maður o. s. frv.« en vjer leggjum til að þetta orðist þannig: Sannist það fyrir amtmanni, að sá o. s. frv. Oss virtist fullt eins liðlegt, að orða greinina þannig. Meiningin verður auðvitað hin sama.

3. breyt.till. vor er við sömu grein, og hefir h. varaforseti (Þ. Böðv.) einnig komið með breyt.till. við sama efni í greininni. Báðar þessar breyt.till. fara í sömu átt, þá, að lagfæra málið á frumv., en ekki til þess að breyta efninu. En hvað því viðvíkur, hvor breyt.till. er rjettari, þá álít jeg alveg sama, hverja breytinguna deildin tekur; en þó finnst mjer niðurlagið á breyt.till. okkar vera dálítið ákveðnara, en það er hjá h. varaforseta. Hann segir, að úrskurðurinn skuli birtur á varnarþingi þurfamannsins«, en vjer segjum: »á varnarþingi þess, sem fjárráðum er sviptur«. Jeg vona í öllu falli, að önnurhvor breyt.till. verði samþ.

4. breyt.till. við 6. gr. er efnisbreyting, og var lítið eitt minnzt á það atriði við 1. umr. málsins. H. Ed. hefir breytt stjórnarfrumv. í því ákvæði, sem hjer ræðir um, en við höfum stungið upp á að ákvæði stjórnarfrumv. verði tekið upp aptur. Það hefir sjálfsagt verið rætt töluvert um þessa breytingu á stjórnarfrumv. í Ed., en jeg hefi ekki haft tækifæri til að kynna mjer ástæðurnar fyrir breytingunni.

Eptir frumv. Ed. á að þröngva óhlýðnum þurfamönnum til hlýðni með sektum eða fangelsi. Þetta álít jeg ekki heppilegt, því jeg ætla að það yrði ærið kostnaðarsamt fyrir sveitarsjóðinn, ef flytja ætti alla óhlýðna þurfamenn opt langar leiðir í fangelsi og láta þá sitja þar. Jeg held sveitarstjórnirnar mundu í lengstu lög hlífa sjer við að bera sig upp undan þurfamönnum, ef ekki er leyfilegt að ákveða þeim aðra refsing, en þessa, enda er þessi hegning í sjálfri sjer næsta lítil, og margur þurfamaður mundi skoða hana sem einstakasta ábata fyrir sig. Þegar aptur um »líkamlega refsing« er að ræða, eins og við stingum upp á, þá er hún svo einstaklega kostnaðarlítil og fyrirhafnarlítil, en á hinn bóginn almennt álitin einhver hin svívirðilegasta hegning, og aðhaldið verður þá sannarlega því meir, sem hegningin fyrir óhlýðnina er svívirðilegri. Jeg ímynda mjer helzt, að aldrei þyrfti að beita þessari hegningu. Þurfamennirnir hefðu allt af hitann í haldinu, þegar þessi hegning vofði yfir. Skal jeg svo ekki fara fleirum orðum um þessa breyt till. að sinni, en geta þess, að 5. breyt.till. er við fyrirsögn frumv. Við viljum að fyrirsögnin orðist þannig: »Frumvarp til laga um sveitarstyrk og fúlgu«, en hjer er hún svona: »Frumvarp til laga með nokkrum

ákvæðum um þeginn sveitarstyrk m. m.« Það má færa líka ástæðu fyrir þessari breytingu, eins og þeirri, sem gjörð var við fyrirsögn frumv. þess, sem síðast var rætt um. Fyrirsögn okkar er styttri, og jeg vil segja skemmtilegri, en táknar í raun-inni það sama sem fyrirsögn h. Ed. Allar greinar frumv., að undantekinni einni, ræða um sveitarstyrk, og við það á fyrirsögnin »um sveitarstyrk«. Aðeins ein grein ræðir um annað, nefnilega rjettindi sveitastjórna gagnvart mönnum, sem ómaga eiga fram að færa, þótt þeir hafi ekki þegið sveitarstyrk. Jeg hefi skilið svo að þetta »m. m.« í fyrirsögn frv. bendi til þeirra ákvæða í frumv., sem skylda mann til að sjá um, að vandamenn hans verði ekki sveitarfjelaginu til þyngsla, ef hann fer af landi brott, og því höfum við stungið upp á að setja: »og fúlgu«, í staðinn fyrir »m. m.« Þótti oss þetta fullt eins viðkunnanlegt og fallegt. »Fúlga« þýðir, eins og menn vita, í fornum lögum sama sem framfæri ómaga. Skal jeg til sönnunar vísa til »Skýringa yfir fornyrði lögbókar« eptir Pál Vídalín, og er þar aptur og aptur vísað til ýmsra bálka í »Grágás« og víðar.

Grímur Thomsen: Jeg sje h. þm. N.-Þing. (J. Jónsson) og nokkrir fleiri h. þm. hafa stungið upp á því, að setja aptur inn í frumv. ákvæði, sem upphaflega stóðu í frumv. stjórnarinnar, en h. Ed. hafði breytt. Í 6. gr. stjórnarfrumv. var ákveðið, að þröngva mætti óhlýðnum þurfamanni til hlýðni með fjársekt og líkamlegri refsing, en þessari hegning var breytt af h. Ed. í sektir eða fangelsi, og virðist mjer þessi breyting h. Ed. hafa verið til bóta; en þar af sjest, að mjer muni ekki falla það vel, að nú skuli vera stungið upp á, að taka ákvæði stjórnarfrumv. í þessu atriði aptur inn í frumv. Jeg verð að segja, að mig furðar stórlega á því, að þingmenn í Nd. skuli vilja taka upp þesskonar refsingu, sem er fyrir löngu komin út úr lögunum og rjettarmeðvitund þjóðarinnar. Það er satt, að reglugjörð 8. jan. 1834 er í gildi líka í þessu efni, en þessari ákvörðun hennar hefir í mörg ár ekki verið beitt. Jeg veit heldur ekki betur, en að það sje nefnd í h. Ed., sem hefir til meðferðar að íhuga fátækrareglugjörðina 8. jan. 1834, og er vonandi, að hún gleymi ekki þessu atriði. Jeg vildi líka óska þess, að h. þingd. samþykkti ekki þessa breyt.till., en ljeti frumv. Ed. haldast óbreytt í þessu efni. H. flutningsm. till. hljóta sjálfir að sjá, að þessi refsing er á móti rjettarmeðvitund þjóðarinnar. Að öðru leyti virðast mjer breyt.till. þær, sem fram hafa komið, á góðum rökum byggðar, en sumar þeirra eru að eins orðabreytingar.

Páll Briem: Jeg vil með fáum orðum minnast á breyt.till. við 6. gr., um að breyta »fangelsi« í »líkamlega refsingu«. Þessari breytingu er jeg alveg mótfallinn, af því að »líkamleg refsing« er komin út úr rjettarmeðvitund þjóðarinnar. Í staðinn fyrir að leggja þeim, sem fyrir slíku verður, refsinguna út til svívirðingar, munu menn nú á tímum öllu fremur vorkenna þeim, sem fyrir slíkri refsingu verður, fyrir ekki stærra brot en óhlýðni við sveitarstjórnina.

Það var allt annað, þegar menn voru hýddir fyrir þjófnað. Þeir, sem sömdu þessa breyt.till. í þeim tilgangi, að hafa hegninguna sem svívirðilegasta, hafa víst haft fyrir augum þá fyrirlitningu, sem þeir komust í, sem hýddir voru fyrir þjófnað. Þessi refsing mundi nú á tímum hafa mjög litla þýðingu. Yfir höfuð álít jeg, að engar af þeim refsingum, sem nefndar eru í 6. gr. og breyt.till. með, hafi neina þýðingu gagnvart þessum mönnum, sem hjer er um að ræða, því þó þurfamenn standi upp í hárinu á sveitarstjórunum, þá vinna þeir það ekki til, að vera að senda til sýslumanns og láta hann rannsaka málið og leggja svo hátíðlega úrskurð

á, hvað gjöra skuli. Það mun ekki þykja tilvinnandi, að dæma slíka menn í fangelsi og flytja þá, opt með miklum kostnaði, í fangahúsið. Sektir duga heldur ekki; því af þurfamanni er enga peninga að hafa, svo það gjörir þess vegna í rauninni lítið til, hver refsing er, en af því hýðingar eru komnar úr rjettarmeðvitund þjóðarinnar, þá er jeg því mótfallinn, að þær verði teknar inn í íslenzk lög.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg er h. Ed. og stjórninni mjög þakklátur fyrir frumv. þetta, því að það er rækilega íhugað og veruleg rjettarbót í þeim efnum, sem einna mest eru landinu til tjóns og niðurdreps.

Við 1. umr. þessa máls gat jeg þess, að mjer þætti vanta í frv. ákvörðun um forsorgun óskilgetinna barna, en vildi þó eigi koma með þar að lútandi breytingu, þar sem það gæti orðið frv. til falls, enda sje jeg ekkert því til fyrirstöðu, að gefin verði sjerstök lög um það efni. Breytingartill. mín við 4. gr. frv. er að eins lítilfjörleg orðabreyting, svo að jeg get ekki ímyndað mjer að frv. þurfi að ganga aptur til Ed. þótt hún verði samþ. Breyt.till. þessi er fram komin, af því að jeg vissi eigi af breyt.till. hinna, sem gengur alveg í sömu átt; hefði jeg þekkt hana, þá mundi jeg aldrei hafa slegizt við þá út af svo litlu, en tekið mína aptur. Öðru máli er að gegna um hinar aðrar breyt.till. h. 4 þingmanna; með þær er jeg ekki ánægður, því að jeg vildi helzt óska, eins og h. þm. Borgf. (Gr. Th.), að frv. yrði samþykkt óbreytt, eins og það kom frá h. efri deild. Lögin 8. jan. 1834 hafa nú staðið í 53 ár, en jeg er sannfærður um, að þeim ákvæðum, að refsa þurfalingum líkamlega, hefir aldrei verið beitt; jeg hefi að minnsta kosti þekkt marga óhlýðna sveitarlimi, en engan sem hafi fengið á þeim ákvæðum að kenna. Jeg veit það vel, að það er skoðað sem mesta hneysa að vera hýddur þjófur, en mestu munar, hvort maður er hýddur fyrir þjófnað eða fyrir óhlýðni, og svo getur farið, að sá sem hýddur verður fyrir óhlýðni, verði fyrir minni óvirðingu en hreppsnefndirnar og sýslumaður, sem eiga að sjá um hýðinguna; því að óvirðingin fer eptir brotinu, sem framið er, og alþýða sem veit að sínum vegg er hætt þegar náungans brennur, mun fús til að taka upp þykkjuna fyrir þann, sem refsað er. Jeg veit að minnsta kosti dæmi til, að kona, sem hegnt hafði verið fyrir óleyfilega sambúð við karlmann, giptist engu að síður dánumanni í sveit sinni og varð að lokum kaupmannsfrú. Hvað fyrirsögn h. 4 þm. snertir, þá gjöri jeg hana eigi að kappsmáli, hún er reyndar styttri en hin, en eigi svo ljós, sem jeg vildi óska.

Jón Jónsson: Það hafa þegar orðið nokkrar umræður um mál þetta; þrír h. þingm. hafa látið álit sitt í ljósi og allir verið á sama máli um það, að breyt.till. vor við 6. gr. væri óheppileg. H. þm. Borgf. (Gr. Th.) gat þess og í ræðu sinni, að líkamleg refsing væri bæði horfin úr lögum vorum og rjettarmeðvitund þjóðarinnar, og h. þm. Snæf. (P. Br.) var á sama máli; en þetta er ekki rjett, því að líkamleg refsing er bæði ákveðin í lögum 8. jan. 1834 og í hegningarlögunum. En hvað rjettarmeðvitund þjóðarinnar snertir, þá held jeg það sje nokkur vandi að skýra frá meiningu hennar í þessu máli, og undarlegt þykir mjer, að stjórnin skyldi einmitt hafa ákveðið þessa refsingu, ef hún stríðir á móti rjettarmeðvitundinni. H. þm. Snæf. (P. Br.) hjelt, að eigi mundi verða hægt að beita líkamlegri refsingu, en jeg hygg, að þessi refsing muni þó verða töluvert handhægri en sektir og fangelsi, því að fje hafa þurfamenn eigi, og hitt mun umsvifamikið, að fara að senda þá í fangelsi, hvar sem þeir eru á landinu. Hvað því við víkur, sem h. 1.

þm. G.-K. (Þór. Böðv.) sagði, að hann vissi eigi til, að lögum 8. jan. 1834 hefði nokkru sinni verið beitt, og hefði hann þó þekkt margan óhlýðinn þurfamann, þá getur vel verið, að svo sje, en hitt sem hann gat um, að óvirðingin lenti máske meiri á sveitarstjórninni en þrjótnum, má ómögulega fæla sveitarstjórnina frá að fara eptir lögunum, því það mundi leiða til óstjórnar; honum þótti enn fremur fyrirsögnin ekki nógu ákveðin; en um það finnst mjer lengi mega tala bæði með og mót, því það vita allir, að þá er um meiningu einstakra orða eða setninga er að ræða, þá finnst einum þessi skilningur rjettur og öðrum hinn, og verður reyndar aldrei úr því skorið til fulls. En þar sem hann óskaði, að frumv. yrði samþ. eins og það nú liggur fyrir frá efri deild, þá get jeg þó eigi skilið, að hann vilji sína eigin breytingartill. feiga.

Jeg er enn á sömu skoðun sem áður, og óska að h. þingd. þampykki breyt.till. vorar, og þó einkanlega breyt.till. við 6. grein. Jeg skal líka taka það fram, að hin líkamlega refsing stóð í hinu upphaflega frumv. stjórnarinnar og hæstv. landshöfðingi mælti með henni, þegar málið var til umr. í efri deild, svo að líklegt er, að frumv. fremur fái staðfestingu, ef þetta ákvæði er látið standa.

Grímur Thomsen: Jeg skal ekki gera þeim h. þingm., sem komið hafa fram með breytingartill. við 6. gr., nokkrar getsakir; þeir hafa eigi gert þetta af ófrjálslyndi, heldur sökum þess, að þeir hafa ímyndað sjer, að hægra væri og fljótara að beita líkamlegri refsingu en sektum og fangelsi. En menn verða vandlega að gæta þess, að þeir eigi innleiði þá hegningu, sem horfin er úr rjettarmeðvitund þjóðarinnar. Tökum dæmið af forfeðrum vorum, því að hjá þeim var sá siður, að það ákvæði, sem eigi var lesið upp á alþingi og gleymt hafði verið í 3 ár, var horfið úr lögum. H. þm. N.-Þing. (Jón J.) hefir verið svo fundvís að finna í lögum leyfða líkamlega refsingu við unglinga yngri en 15 ára (*Jón Jónsson:* 18 ára); en þar með álít jeg eigi sannað, að rjett sje, að setja þau ákvæði inn í hegningarlögin, sem gera það svívirðilegra að vera þurfamaður en þjófur eða annar sakamaður; og álíti h. þingm. þetta sanngjarnt, þá bið jeg guð að forða þurfamönnum frá að vera í nánd við þá.

Jeg er því, eins og jeg hefi áður sagt, á því, að rjettast sje að samþykkja frumv. óbreytt, eins og það kom frá efri deild.

Jónas Jónassen: Mjer finnst breyt.till. h. þingm. við 6. gr. bæta frumv., því að sektir hafa ekkert að þýða gagnvart þurfamönnum; það er, hvort sem er, ekkert fje af þeim að hafa, og að beita fangelsi við þá hefir ærinn kostnað í för með sjer. Aptur á móti er líkamleg refsing miklu handhægari, ef að eins væri mögulegt að fá nokkurn mann til að hýða og mönnum ekki þætti jafnvel svívirðilegra að hýða en vera hýddir. Jeg skal ekki þrátta við menn um það, hvort svívirðilegra sje, að hýða þrjóta eða setja þá í fangelsi, heldur að eins geta þess, að jeg álít líkamlega refsingu miklu betri og affarasælli á þess konar menn en sektir og fangelsi. Jeg hefi einu sinni verið við hýðingu hjá duglegum bæjarfógeta í Reykjavík, og sú hýðing var bæði dugleg og hafði góðan árangur. Jeg vil því óska, að h. þingd. samþykki breyt.till.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg get ekki betur sjeð, en að fangelsi sje hægt að beita með góðum árangri, bæði í kaupstöðum og hjer í Reykjavík, og jeg vil segja, að því verði jafnvel betur við komið, en hýðingunni, því hýðingin er algjörlega horfin úr rjettarmeðvitund þjóðarinnar, svo að þeir, sem hýða, verða fyrir meiri óvirðingu en þeir, sem hýddir eru.

Árni Jónsson: Jeg vil leiðrjetta þann misskilning, sem komið hefir fram hjá h. þm. Borgf. (Gr. Th.), þar sem hann hjelt

að menn væru með hýðingunni sökum þess, að hún væri umsvifaminni og handhægari en fangelsi og sektir. Meiningin er alls eigi sú, heldur að gefa sveitarstjórninni meira vald yfir þurfamönnunum, svo að hún eigi hægt með að sjá um, að sá fjárstyrkur, er hún veitir þeim, eigi verði vanbrúkaður, og geti kennt þeim að nota sína krapta, svo að þeir hætti að liggja upp á öðrum. Þessi breytingartillaga er því fram komin til þess, að tryggja sveitarstjórninni vald til að fram fylgja því, sem er í lögunum. Því að öll líkindi eru til, að þurfamennirnir muni hafa hita af hýðingunni, þó að reyndar eigi sje hægt að segja fyrir fram, hvern árangur hún muni hafa. Sú mótbára hefir og komið fram hjá h. þm. Borgf. (Gr. Th.) á móti breytingartill., að líkamleg refsing sje of hörð og stríði á móti rjettarmeðvitund þjóðarinnar. Nú er miskunnsemin meiri hjá h. þingm. en þegar um hallærislánabeiðendur er að ræða, og meiri en jeg gat við búizt, því hjer er alls ekki farið fram á að hýða þá þurfamenn, sem eru þægir og ljúfir, heldur að eins hina *þverbrotnu, þrjózkufullu* og *óhlýðnu*. Menn segja, að enginn fáist til að hýða, en það finnst mjer talað alveg út í vindinn, og engin ástæða til að fella breytingartill. þess vegna.

Að endingu vil jeg geta þess, að breytingartill. fer eigi fram á annað en það, sem stóð í hinu upphaflega frumv. stjórnarinnar; hæstv. landsh. hefir sýnt við umræðurnar í efri deild, að hann er henni meðmæltur, og sama er að segja um lögfræðinga efri deildar, svo að jeg vona að h. þingd. eigi gefi ástæðu til, að frumv. verði synjað staðfestingar með því að fella þessa breytingartillögu.

Benidikt Sveinsson: Hjer er spurningin sú, hvort breyt.till., sem fram hefir komið við 6. gr. frumv., standi í samræmi við rjettarmeðvitund þjóðarinnar. Jeg verð að játa, að mjer virðist tal sumra h. þm. nú þessu viðvíkjandi æði-kynlegt, þegar jeg ber það saman við umræðurnar um hegningarlögin 1867. Þá voru allir sannfærðir um, að líkamleg refsing væri eigi einungis gagnstæð rjettarmeðvitund Íslendinga, heldur einnig svívirðileg og svo ósamboðin mannlegum rjettindum, að hún gæti talizt sannnefnd óhæfa. Þá vildu fulltrúar þjóðarinnar kosta ærnu fje til að koma upp hegningarhúsum af þeirri ástæðu, að líkamleg refsing væri óhafandi, og þá var stjórninni brýnlað um, að hún ljeti hýðingar halda sjer hjer sem marghataðan sögulegt brennimerki á Íslendingum í hegningarlöggjöfunni; hinn þáverandi stiptamtmaður Hilmar sál. Finsen var bæði þinginu og landsyfirrjettinum, sem málið var sent til álita, alveg samdóma um, að líkamleg refsing væri óhafandi og hlyti að leggjast niður, ef Íslendingar vildu komast í tölu menntaðra þjóða. En hvað er *nú* talað? Eru það eigi kynlegar raddir, sem nú heyrast?

Jeg er algjörlega samdóma h. þm. Borgf. (Gr. Th.) og h. þm. Rvk. (J. Jónass.) um, að það mun verða erfitt, jeg vil segja ómögulegt, að fá jafnvel böðul til þess, að harðýðgisanda og heiptarhug uppástungumanna, sem þeir vilja koma inn í hreppsnefndirnar, verði svalað á veslings-þurfamönnunum. Meira að segja: margur mun sá verða, er kenni svo í brjósti um þá, að hann segi sem svo: það er miklu nær að hýða sveitarstjórnina sjálfa.

Jeg er, eins og h. þingm. vita, eigi vanur að fljetta sögur inn í þingræður mínar, en nú verð jeg að breyta þeim hætti og segja sögu, sem jeg man frá ungdæmi mínu, máli mínu til sönnunar:

Tveir menn voru einu sinni að rífast og annar þeirra varð brátt reiður og tók að brýxla hinum um allt sem hann gat illt upp hugsað, en gat þó aldrei tekizt að gera hinn reiðan, fyr en hann sagði,

að hann hefði verið það eina mannhrak í Vestur-Skaptafellssýslu, sem hefði gefið sig fram til að leggja hönd að því að hýða ógipta stúlku; þá varð hinn fyrst reiður. Þetta þótti honum sárara, en öll önnur upphugsanlega smánar- og bríxlyrði, og svo byrjuðu áflogin.

Þetta sýnir ljóslega, hve svívirðileg athöfn mönnum hjer á landi þykir hýðingin vera, sjerstaklega þegar hún kemur niður á kvennmönnum. Og hvað græðir svo sveitarstjórnin á að hýða þurfamenn, eða á hún að gera það *einungis* í hefndarskyni? Hver borgar kostnaðinn sem af því leiðir, að leita um allar sveitir að höðli? H. þm. N.-Þing. (Jón J.) áleit hýðingunna mjög heppilega; jeg get ómögulega skilið, hvernig hann fer að segja slíkt: hann hefir að minnsta kosti ekki sett sig í þess spor, sem *hýddur er*, því að fyrir hann er þó hýðingin sannarlega eigi heppileg. Jeg álít það öldungis óforsvaranlegt, ef h. þingd. samþykkir þessa breytingartill., og jeg er viss um, að stjórnin yrði hissa, ef hún sæi þess konar óbótalög koma frá alþingi 1887. Mjer býður svo við þessari breytingartillögu, að mjer er næst að ganga út úr þingsalnum þegar farið verður að greiða atkæði um hana; svo bitnrt særir hún og meiðir mannúðar- og rjettlætistilfinning *mína*.

Landshöfðingi: Jeg lýsi því yfir, að jeg er samþykkur breytingum þeim, sem h. 4 þingm. hafa komið fram með, að undanskilinni breytingartill. við 3. gr. frumv., sem þeir hafa tekið aptur. Það hafa komið fram ýms mótmæli mót 6. gr. stjórnarfrumv., en stjórnin áleit sem svo, að líkamleg refsing væri hin eina »praktiska« refsing, sem hægt væri að beita gegn þurfamönnum. Jeg skal játa, að hægt sje að beita fangelsi gagnvart þurfamönnum í kaupstöðum, en í sveitum er það mjög erfitt, og sama máli er að gegna um fjársektir á hendur þeim, því að hjá þurfamönnum er sjaldnast um auðugan garð að gresja; fjársektir og fangelsi eru jafn-óhagkvæmar og ónýtar refsingar, þegar um þurfamenn er að ræða, og þess vegna hefir stjórnin valið hina líkamlegu refsingu. Hugsum oss einhvern þrjót austur í Öræfum í Skaptafellssýslu dæmdan í fangelsi og sendan til Reykjavíkur fyrir óhlýðni við sveitarstjórnina: hver borgar svo kostnaðinn af ferð hans? Líklega hans sveitarsjóður, svo að refsingin kæmi eigi niður á þurfamanninum, — sem sæti hjer sæll og ánægður og kæmi svo forframaður aptur heim í átthaga sína, — heldur á hans eigin sveit. Samþykki h. þingd. að sleppa ákvæðinu um líkamlega refsingu úr 6. gr., þá verður 5. gr. alveg þýðingarlaus, og lögin öll ónýtt vopn í höndum sveitarstjórnarinnar, og þess vegna hefir stjórnin álitið nauðsynlegt að ákveða líkamlega refsingu, til að tryggja það, að lögunum yrði hlýtt, en sjálfsagt eigi af því, að hún haldi fram líkamlegum refsingum yfir höfuð, eða henni sje neitt kappsmál, hver refsingin er valin.

Ólafur Pálsson: Jeg get ómögulega aðhyllzt frumv. með þessari breytingu, sem gerð hefir verið við 6. gr., því hýðingar eru með öllu úreltar, bæði úr lögum og rjettarmeðvitund manna; má sjá að svo er á því, að nú kemur það varla fyrir, að hrísla sje borin á barn, auk heldur nokkrum detti í hug, að gera það við fullorðna. Jeg er alveg hlessa á því, að nokkur þm. skuli koma með þessa tillögu; og víst munu hreppsnefndir geta eða ættu að minnsta kosti að geta haft hemil á þurfamönnum, án þess að flengja þá.

Frumv. sjálfu er jeg samþykkur, því þó sumstaðar sje langt til fangelsis, þá mun þó lengra til hýðingar, því fáir eða engir munu verða til að fremja hana.

Jeg þykist ekki þurfa að tala á móti þessu frumv. meira, því þó þessir h. flutningsmenn kæmu með þessa breytingu, vona jeg hún falli þeim til sóma.

Það er satt, að torvelt er að fást við

suma sveitarþurfamenn, en þetta eru þau neyðarúrræði, sem alls ekki er grípandi til, allra sízt þegar litlar líkur eru til, að hægt væri að framfylgja því, því jeg ímynda mjer, að enginn fáist til að hýða, og hvað þýðir hún þá?

Árni Jónsson: Þm. V.-Skaptf. (Ó. P.) er bæði »hlessa og hissa« á því, að nokkur skuli hafa komið með þessa breytingartillögu, sjer í lagi þar hann ekki veit til að í mörg ár hafi verið borin hrísla á barn. Það var helzt að heyra á honum, sem þetta mundi auka svo mikið hrísrif í Vestur-Skaptafellssýslu, að þar yrði ekki við vært; en jeg held hann þurfi ekki að óttast það, því ákvæði þessi munu fremur verða til aðhalds en iðkunar, og til þess, að lög þessi geti haft einhverja þýðingu gagnvart þeim, sem sýna óhlýðni við þau.

En til orða h. 2. þm. Eyf. (B. Sv.), er hann sagði, að það hefði orðið að byggja hjer hegningarhús, til þess Íslendingar yrðu taldir meðal menntaðra þjóða — til þeirra orða liggja þau svör, að þá er menning vor mjög á fallanda fæti, því hegningarhúsin fækka, en fjölga ekki—sem einu gildir. Það væri merkileg fjarstæða, ef það ætti eingöngu að miða menntun þjóðanna við slíkar ákvarðanir. Skoðanir þjóðanna eru mjög ólíkar, hvað hegningarlög snertir: þannig hengja Englendingar enn í dag þjófana, og mun þó enginn bregða þeim um menningarskort.

Það getur vel verið, að margur óski sveitarstjórnunum hýðingar, en jeg tel það enga ástæðu á móti þessu. Það er svo alkunnugt, hve sveitastjórnir eru óvinsælar, engu síður þær betri en þær lakari, og að þær fá litlu til vegar komið meðan þær ekki hafa meira vald en nú, og tilgangur þessarar breytingar er, að veita þeim vald til að beita þeirri refsingu, sem auðið er að koma fram, og sem líklegust er til þess, að þær geti framfylgt því valdi, sem þeim er veitt með lögum þessum, og sem ella verður þýðingarlítið, þegar við þverbrotna þurfamenn er að eiga.

Það er ekki til neins að tala um heill, heiður og framför þjóðar vorrar, ef ómenni og dáðlausir letingjar skulu hjer eptir, sem hingað til, geta refsingarlaust legið upp á þeim, sem einhver dugur og framtaksemi er í, og sveitarstjórnir geta ekki heldur komið neinn verulegu til vegar í þessu efni, nema þær hafi einhverju bitru vopni að beita.

Sveinn Eiríksson: Jeg verð að segja það, að jeg varð alveg hissa á, að nokkur maður skyldi geta fengið það af sjer, að koma með annað eins og þetta: en mest varð jeg hissa á því, að slíkt skyldi koma af ungum andlegum vörum: jeg hefði heldur getað búizt við því af einhverjum eldgömlum, úreltum hreppstjóravörum.

Dæmi til hýðingar finnast, nú á síðari tímum, ekki einu sinni í húsaganum, hvað þá annarsstaðar: eða þó þau kunni að finnast, sýna þau sig ekki til annars en ills: það er miklu áhrifameira að vísa krökkum í skammakrókinn, sem svo er kallað, og flengingar hafa jafnan orðið fremur til þess, að ala þrjózku og þverúð í börnunum, og ef reynslan hefir sýnt, að börn versna við þær, hvernig skyldu þær þá geta haft betrandi áhrif á fullorða?

Svívirðing hýðingarinnar mundi eingöngu koma niður á »böðlinum«, en ekki á þeim, sem flengdur væri; yrði árangurinn því allur annar en til er ætlazt.

Skal jeg svo ekki fjölyrða þetta mál, en læt að eins þá von í ljósi, að þingd. hafni þessari breyt.till.

Þorvaldur Bjarnarson: Frumv. þetta gerir ráð fyrir, að þurfamenn óhlýðnist fátækrastjórninni, enda eru þess nóg dæmi, að svo gera margir; en jeg ætla, að ervitt muni að setja þeim þá refsingu, hvort heldur með fangelsi eða öðru, sem dugir til að koma í veg fyrir það; en það er auðvitað, að óhlýðni kemur af því, að ó-

hlýðni er mögulegt; aðalatriðið er því að gera óhlýðnina ómögulega; en möguleg er hún af því, að þurfamenn geta hlaupið frá einum til annars; það þyrfti að koma í veg fyrir, að þeir ættu innhlaup hjá öðrum, ef þeir færu úr þeim stað, sem hreppsnefnd eða hreppstjóri segði þeim að vinna; ætti því að banna að hýsa þá, ef þeir hlypist á brott úr vinnu sinni; þessi refsing mundi duga betur en flest annað. Fangelsi er víða torvelt að koma við, nema með ærnum kostnaði; flengingar dettur engum í hug að brúka við eldra fólk en 16 ára, og varla við svo gamalt. En eitthvað þarf að gera, sem kemur í veg fyrir óhlýðni; ella mun enn fara sem farið hefir hingað til.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg ætla að benda þeim 4 þm., sem hafa gert breytingartillögu við frumv., á það, að þó fyrirsögnin hjá þeim sje styttri, þá hefir hún þann ókost, sem opt fylgir stuttleikanum, að hún er óljós; mjer fyndist betra að hún væri þá svona: Frumv. til laga um þeginn sveitarstyrk og ómagaframfærslu, því það væri enn ljósara, og engu óviðkunnanlegra; en jeg fyrir mitt leyti er full-ánægður með fyrirsögnina eins og hún er.

Um 6. gr. er úr vöndu að ráða, en mjer finnst þó að ákvæði frumv. þar eigi vel við; að vísu er það erfitt og kostnaðarsamt, að ná til hegningarhúsanna, en jeg held, að ekki beri nauðsyn til þess, því sýslumenn og jafnvel hreppstjórar ættu að geta haft þessa menn í varðhaldi hjá sjer, eins og þegar sýslumenn halda sakamönnum í gæzluvarðhaldi, stundum jafnvel nokkuð langan tíma.

Hýðingar ætla jeg að sjeu »demoraliserandi«, þ. e. niðurlægi hugsunarhátt manna, og allt þess háttar ætti nákvæmlega að varast, einkum í löggjöf landsins. Hýðingar eru leyfðar í reglugjörð 8. janúar 1834, en þeim hefir aldrei verið beitt, og sýnir það ljóslega, að slíkt stríðir á móti rjettarmeðvitund manna, því ella mundi því hafa verið fylgt. Þetta frumv. tekur ekki heldur fram, að þessi tilskipun skuli úr lögum numin, og getur því hver sem vill neytt hennar. *(Landsh.:* Það er sjálfsagt að hún verður afmunin, ef frv. verður að lögum). Þess er ekki getið í frumv. Þá kemur og annað til greina, að enginn sýslumaður veit nú, *hvernig* á að hýða. Það er horfið bæði úr lögunum og rjettarmeðvitund manna.

Jeg er þess vegna, eins og áður, mótfallinn þessari breytingu og vil helzt, að frumv. sje samþ. eins og það kom frá efri deild.

Benidikt Sveinsson: Jeg ætla að eins að leiðrjetta þá missögn hjá h. þm. Mýr. (Á. J.), að jeg hafi sagt, að rjett væri að hýða sveitarstjórnirnar sjálfar; jeg sagði að eins, að hýðingar væru svo svívirðilegar og viðbjóðslegar, og að menn mundu segja, að rjett væri að láta hýðinguna koma niður á sveitarstjórninni fyrir athæfi hennar.

Þm. V.-Skaptf. (Ó. P.) gerði þá rjettu athugasemd, að hætt væri að flengja börn; hvernig mundi þeim þá verða við, er aldrei hefðu orðið fyrir slíku, ef farið væri að beita því við þá fullorðna? Mundi það vekja hjá þeim virðingu og ást á sveitarstjórninni? Jeg held ekki. Þetta er því sálarfræðislega rangt og ögfugt, ef tilgangurinn á að vera sá, að koma í veg fyrir óhlýðni.

En þó það væri játað, að rjettarmeðvitund manna þyldi þetta, og það yrði framkvæmt, þá mundi tilganginum samt ekki náð, því þá gæti sómatilfinningin verið svo sljó, að menn kærðu sig ekkert um þessa refsingu; en fangelsi heptir frelsi manna, og jeg hefi það álit á Íslendingum, að það sje þeim full-tilfinnanlegt, en hrísið er óhæfa, sem getur af sjer óhæfu í þjóðarmeðvitundinni. Það er almennt talin ærin skömm, að hafa komizt undir manna hendur, og það er hið versta brennimark, sem auðið að setja á nokkurn mann

hjer á landi, að hann hafi »komizt undir manna hönd«.

Þetta brennimark fær hver sá, sem kemst í hegningarhúsið.

Þegar jeg sagði, að stjórnin mundi verða »hissa«, ef slík lög kæmu frá þinginu, þá meinti jeg þar með, að hana mundi furða á rjettarmeðvitund vorri; en það var ekkert tiltökumál, þótt hún setti það í frumv., úr því þessi ákvæði stóðu í gildandi lögum, en hún hefir sjálfsagt ætlazt til að það yrði numið burt af alþingi; jeg er því h. efri deild þakklátur fyrir, að hún numdi þetta hneiksli burt, og sannarlega mundi það sæma hinni neðri deild afar-illa, að taka það upp aptur.

Jeg áskil mjer rjett til að koma með breytingu á 6. gr. til 3. umr. í þá átt, sem þm. Rangv. (Þorv. B.) stakk upp á, svo að sektir einnig næðu til þeirra, er hýsa eða halda í vist óhlýðna þurfamenn, og með því stæla þá upp til mótþróa gegn fátækrastjórninni. Slíkt ákvæði álít jeg alveg rjett og á fullkomustu rökum byggt.

Páll Briem: Jeg hefi hugsað mjer að koma með breyt.till. í líka átt og h. þm. Eyf. (Ben. Sv.) og þm. Rangv. (Þorv. B.) tóku fram, og vona jeg að það verði ekki til að spilla fyrir frumv.; slíkt ákvæði er alveg samkvæmt því, sem fornmenn höfðu í Grágás; þar var þurfamönnum gert ómögulegt að hlaupa burtu, en heima máttu þeir gjalda óhlýðni sinnar, ef til vill í mataræðinu.

ATKVÆÐAGR. (109, 152, 154): Frv. 1.—3. gr. samþ. hver um sig í e. hlj.; fyrri breyt.till. (154) við 4. gr. samþ. í e. hlj.

Síðari breyt.till. við 4. gr. samþ. með 20 atkv.

4. gr. frv. með áorðnum breyt. samþ. með 21 atkv.

5. gr. frv. samþ. í e. hlj.

Breyt.till. við 6. gr. felld með 13:7 atkv.

6. gr. samþ. með 16 atkv.

7. gr. samþ. í e. hlj.

8. — — - - —

Breyt.till. við fyrirsögn samþ. með 13 atkv.

Breyt.till. þ. Böðv. (152) tekin aptur.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 atkv.

Frumv. til laga um síldveiði fjelaga í landhelgi (108); 2. umr.

Grímur Thomsen: Þetta frumv., sem hjer liggur fyrir, má heita gamall kunningi okkar hjer á þingi; það hefir tvisvar verið áður til meðferðar á þessu þingi; þingið hefir breytt því tvisvar, og tvisvar hefir stjórnin synjað staðfestingar. Nú er þetta frumv. í 3. sinn komið einmitt frá stjórninni; en á stjórnarfrumv. hefir h. Ed. gert breytingar, sem sjálfsagt að miklu leyti bæta frumv.; en af því þingið áður ekki hefir getað breytt þessu frumv. svo, að það yrði aðgengilegt fyrir stjórnina, þá finnst mjer þýðingarlaust að samþykkja þetta frumv., nú, þar sem það er breytt frá því, sem stjórnin lagði fyrir þingið, nema hæstv. landsh. lýsti því yfir, hvort þetta frumv., eins og það er nú, að hans áliti muni ná staðfestingu; jeg veit það vel, að hann getur ekki sagt um þetta með vissu, en jeg læt mjer nægja, ef hann vill heita því, að hann skuli alvarlega leggja með, að þetta frumv. nái staðfestingu, og styðja það; þá mun jeg greiða atkv. með því, annars ekki, því jeg álít það alveg þýðingarlaust.

Landshöfðingi: Jeg skal gjarnan verða við ósk h. þm. Borgf. (Gr. Th.) og lýsa því yfir, hvað jeg muni leggja til við stjórnina þessu frumv. viðvíkjandi.

Þess er fyrst að geta, að þetta frumv. er að eins um síldveiði, og er það ætlunarverk þessa frumv., að gera þeim, sem annars er óleyfilegt að fiska á bátum inni á fjörðum, heimilt að fiska þar síld, og að þetta leyfi sje bundið þeim takmörkunum, sem h. Ed. tiltekur; á móti því hefi jeg

alls ekki neitt, og mun því leggja með þessu frumv. við stjórnina, í því formi, sem það nú er; en nú sem stendur er þetta mál ekki þýðingarmikið, þar eð síldveiðin er svo lítil; en það gæti seinna orðið þýðingarmeira, ef síldveiðin skyldi aukast aptur.

Jeg tek það upp aptur, að jeg mun mæla fram með þessu frumv. við stjórnina, án þess jeg fyrir það beri hina minnstu ábyrgð á því, að það nái staðfestingu H. H. konungsins.

ATKVÆÐAGR.:
1. gr. samþ. í e. hlj.
2. — — - - —
3. — — - - —
Frv. vísað í e. hlj. til 3. umr.

Frumv. til laga um að nema úr gildi lög 16. desbr. 1885, er banna niðurskurð á hákarli í sjó milli Geirólfsgnúps og Skagatáar (99); 2. umr.

Flutningsmaður (Páll Ólafsson): Ef menn bera lögin frá 16. des. 1885 saman við landsyfirrjettardóm þann, sem genginn er fyrir brot gegn lögum þessum, þá munu menn fljótt komast að raun um, hvað það er, sem að hjeraðsbúum mínum kreppir í þessu máli, og hvers vegna þeir óska lög þessi numin úr gildi. Eptir dóminum er allt undir því komið, hvar í sýslunni maður býr, hvort maður býr utarlega eða innarlega. Þeir, sem búa utarlega, geta róið út fyrir takmarkalínuna, eins og hún er skilin í dóminum; þeir eru þá óbundnir af lögunum, og geta, þó fáir sjeu, ef þeir vilja, setið yfir veiði allra hinna.

Að menn hafa heldur farið fram á, að þessi umræddu lög væru alveg numin úr gildi, en að þeim yrði breytt, kemur til af því, að svo margir agnúar virtust vera á því 1885, að lögin yrðu þannig úr garði gerð, að full trygging fengist fyrir því, að hagsmunum þeirra væri borgið, og sömu agnúarnir eiga sjer víst enn stað.— Jeg hefi því ekki getað sjeð annað ráðlegra en að reyna að fá lögin numin úr gildi, svo þessu máli verði á sem haganlegastan hátt ráðið til lykta með samþykktum.

Jeg skal geta þess, að hjeraðsdómarinn í Strandasýslu hafði annan og að mörgum virðist eðlilegri skilning á lögum þessum en landsyfirrjetturinn, og hefði því helzt verið umtalsmál að breyta lögunum í sömu stefnu og sá dómur fór, en málaleitun mín um, að afnema lögin, styðst ekki sízt við það, að hjeraðsdómarinn, sem þenna dóm kvað upp, var því meðmæltari, að lögin yrðu afnumin, en að þeim yrði breytt í þá átt, því þó svo yrði gert, mun hann ekki hafa álitið hagsmunum sýslubúa sinna svo borgið, sem þörf væri á.

Jeg vona svo að h. deild gefi þessu frv. atkvæði sitt.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 19 atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 19 atkv.

Frumv. til laga um bátfiski á fjörðum (141); 1. umr.

Grímur Thomsen: Hjer á sjer hið sama stað, eins og um frumv. til laga um síldveiði fjelaga í landhelgi; þetta mál hefir tvisvar áður verið fyrir þinginu, og í bæði skiptin verið breytt, og nú í 3. sinn hefir h. Ed. breytt stjórnarfrumv. að nokkrum mun.

Það hefir verið skoðun þingsins, að með lögum 1787 væri bátfiski á fjörðum heimilað íbúum landsins einum; þetta var skoðun þingsins 1883 og 1885; þetta álítur stjórnin ekki; hún álítur, að heimild til bátfiskis á fjörðum landsins nái til allra danskra þegna.

Jeg skal nú ekki deila um skilning tjeðra laga frá 1787, en allir geta ímyndað sjer, hvað sá góði Íslandsvinur Jón Eiríksson muni hafa meint, er hann samdi þessi lög, hvort það hafi ekki verið hans mark og mið að vernda atvinnuvegi landsins *fyrir landsmenn sjálfa;* og þessum skilningi hefir þingið 1883 og 1885 hald-

ið fram, og jeg álít það skyldu þingsins nú 1887, að halda hinum sama skilningi fram. H. Ed. hefir þó hjer vikið talsvert frá skoðun þingsins áður á þessu máli, og jeg efast um, hvort hjer er ekki farið heldur langt í því að slaka til fyrir stjórninni,— jeg segist efast um það — ; sjerstaklega þegar vjer gætum að allri aðferð ráðherrans viðvíkjandi atvinnuvegum landsins og atvinnuvegafrelsi landsmanna, þá undrar mig það stórlega, að álit amtmannsins á Færeyjum og dómur skipstjórans á danska herskipinu hjer við land skuli vera *þyngri* á metaskálum stjórnarinnar í Kaupmannahöfn en *eindreginn og tvítekinn úrskurður alþingis í þessu máli;* og ráðherrann endar rökleiðslu sínu á því, að amtmaðurinn í Færeyjum óski, að þessi lög verði ekki staðfest, og að skipstjórinn á danska herskipinu segi, að allir firðir Íslands sjeu svo fullir af fiski, að nógur fiskur sje þar handa hverjum, sem hafa vill; en má jeg þá spyrja—og jeg vildi óska að þessi orðbærust til h. ráðherra — : hvað kemur oss þetta við? Oss kemur ekki hið minnsta við, hvað færeyskur amtmaður eða einhver danskur skipherra segir um atvinnuvegi vora.

Jeg hefi hjer fyrir mjer tvö brjef frá ráðgjafanum fyrir Ísland til landshöfðingja, 4. maí 1882; fyrra brjefið er um framkvæmd á Færeyjum á íslenzkum dómi og amtmannsúrskurðum, er innifalin væri í því, að ná inn frá formönnum færeyskra fiskiskipa sektum, er þeir höfðu orðið fyrir af því að þeir neituðu að gefa sig undir toll- og sóttvarnar-eptirlit sýslumanns áður en þeir byrjuðu að fiska á fjörðum Suður-Múlasýslu, og þar hafði þessi aukarjettar-dómur verið dæmdur. Þegar svo ráðherra Íslands á, sem ráðherra Færeyja, að fara að sjá um, að sektirnar náist inn, þá segir hann: »Lögin virðast ekki gefa heimild til, að krefjast af formönnum fiskiskipa, að þeir, að eins af því, að þeir ætla sjer að stunda fiskiveiðar í landhelgi, komi, áður en þeir byrja fiskið, við á löggiltu kauptúni, til þess að gefa sig undir toll- og sóttvarnareptirlit«. Og svo endar hann brjefið á því: »Eptir því, sem þannig er innt, hefir eigi ástæða þótt til vera, að bjóða stjórnarvöldum á Færeyjum að ná inn sektunum«. Með öðrum orðum: hann gerir sig að æðra dómi.

Og í síðara brjefinu, út af spítalagjaldi af færeyskum fiskiskipum, stendur þessi regla, sem jeg verð að álíta að sje almenn regla: ».... og með því það, hvað öðru líður, ekki virðist ráðgjafanum hentugt, að leita úrlausnar dómstólanna í öðrum ríkishlutum um skilning íslenzkra laga, hefir ekki þótt ástæða til að gera meira í þessu máli«. Hjer finnst mjer vera nokkurs konar ritningargrein fyrir því, að ráðgjafinn ætlist til, að fullnaðarúrskurður íslenzkra mála eptir íslenzkum lögum ætti helzt að fara fram í landinu sjálfu, en ekki í öðrum ríkishlutum.

Jeg hefði kannske getað hugsað mjer, að h. þm. Eyf. (B. Sv.) gæti orðið matur úr þessu.

Jeg ætla svo ekki að fjölyrða meira um þetta mál að sinni, en verð að skora á hæstv. landsh., líkt og áðan, að skýra frá, hvort hann muni mæla með þessu frumv. eða ekki, eins og það nú er lagað.

Landshöfðingi: Jeg skal ekki þreytast að svara áskorunum h. þm. Borgf. (Gr. Th.), og skal jeg þá geta þess, að, eins og þetta frumv. liggur fyrir, þá er jeg því mjög meðmæltur, og álít, ef það verður að lögum, þá sje í þessu efni allt fengið, sem óskað hefur verið, þó þetta frumv. að forminu til sje dálítið öðruvísi en þau frumv., sem áður hafa legið fyrir þinginu um þetta mál; hjer þarf fremur að líta á, hvað er «praktiskt», en á formið. Ef h. þing nú hjeldi fram alveg sömu stefnu í þessu máli sem 1883 og 1885, þá mundu afleiðingarnar af því verða þær sömu sem

þá, en með frumv. eins og það er nú álít jeg mikið fengið, og vona að h. þingd. samþykki það þannig.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frumv. til laga um aðför (125); 1. umræða.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frumv. til laga um sölu þjóðjarða (160, 169,); 3. umr.

Framsögumaður (Þorlákur Guðmundsson): Jeg hef ekki mikið að segja um þetta mál að svo stöddu, en skal að eins geta þess, að eptir að fundur var settur kom breyttill., og er það eflaust á valdi þingdm., hvort hana skal taka til greina eða ekki.

Forseti: Jeg ætla að vekja athygli þingdm. á því, að það eru 2 frumv. um þjóðjarðasölu fyrir þingdeildinni, annað um sölu þjóðjarða yfir höfuð, en hitt er um sölu nokkurra einstakra þjóðjarða, og það er það, sem hjer er til umr. Ennfremur er það komið undir samþykki deildarinnar, hvort breytingartill. þær, sem 1. þm. Árn. (Þorl. G.) gat um, og sem eru við 12. og 13. lið 1. gr. frumv., skulu teknar til greina.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. að taka breytingartill. til greina.

Sveinn Eiríksson: Eins og þingdm. er kunnugt, kom jeg með breytingartill. við 12. og 13. lið í 1. gr. frumv. til 2. umr., en deildin feldi þær; þess vegna höfum vjer 6 þm. komið með aðrar breytingartill. við sömu liði frumvarpsins, til þessarar umr., og vona jeg að þeim verði betur tekið en hinum fyrri, því vjer höfum nú farið meðalveg og sett verð þessara jarða 950 kr. Ástæður fyrir þessari tillögu eru þær sömu, sem eg færði fyrir hinni fyrri breytingartill. minni, en jeg ætla að leyfa mjer að taka það upp aptur, að þetta verð, sem umboðsmaður hefir sett á jarðirnar, er miðað við leigur og landsskuld af nefndum jörðum, án þess haft sje tillit til þess að þær hafa gengið úr sjer síðan leigumálinn var gjörður, og hann er því ekki lengur sá rjetti mælikvarði. Fyrir þessu eru til skjöl og skilríki, enn fremur þær munnlegn upplýsingar, er jeg sem kunnugur maður hef gefið, og ætti það að mega sín meira en álit umboðsmanns í augum deildarinnar. 2. þingm. Rangv. (Þorv. B.) gat þess við 2. umr., að þessar jarðir væru álitnar þær beztu í þeirri sýslu, en þetta er sprottið af misskilningi eða vanþekkingu, því þessu er alls eigi svo varið. Í sinni sveit er Hemra, því síður Borgarfellið, engan veginn beztu jarðirnar, því þar eru alls 14 jarðir; þar af eru átta betri en Hemra og að eins 4 kot eigi betri eða lítið eitt lakari; líkt er um hina jörðina. Þau ummæli og getsakir þær, er lesa mátti í eyðunum milli orðanna hjá 2. þm. Árn., að jeg sje ofkunnugur þessum jörðum til þess að geta metið þær, ætti jeg að leiða hjá mjer sem ekki svara verðar, því annaðhvort er engin meining í þeim, eða þá sú ein, sem ekki er svaraverð.

Þessi breytingartill. setur verðið of hátt, en jeg aðhyllist hana af því, að mjer þykir þessi lækkun betri en engin, og jeg vona því að h. þingdeild samþykki hana.

Þorvaldur Bjarnarson: 12. liður 1. gr. í frumv. er jörðin Hemra, sú jörð, er sagt er að ábúandinn í Hlíð, faðir h. þm. A. Skapt. (Sv. E.), hafi haft á meir en $1\frac{1}{2}$ hundrað sauða, og þótti honum mjög slæmt, er hann ekki gat notað hana lengur; hef jeg og jafnan heyrt hennar getið sem einhverrar hinnar beztu jarðar í því byggðarlagi, bæði til afrásar og skurðar; kostnaður til heyja er þar mjög lítill, en hagbeit hin bezta, þegar til jarðar nær; er þar þá aldrei hætt við horfellir.

Hina jörðina hef jeg jafnan heyrt talda henni líka að gæðum.

Jeg er hræddur um, að ef þessar jarðir seljast ekki fyrir 1100 kr., þá muni þær alls ekki seljast og kannske ekki einu sinni byggjast. Jeg vildi vera sem sanngjarnastur með verð á þessum jörðum, eins og öðrum, enda eru ábúendur þeirra góðir kunningjar mínir, svo jeg hef enga ástæðu til að vera ósanngjarn við þá, en hins vegar hamlar það mjer eigi frá að fylgja sannfæringu minni í þessu máli.

Framsögum. (Þorl. Guðmundsson:) Jeg hef nú fátt frekara að segja, enda gjöri jeg þetta ekki að neinu kappsmáli, en jeg og samnefndarmenn mínir reyndum að meta þessar jarðir eins sanngjarnlega og oss var auðið, eptir þeim skilríkjum, sem fyrir lágu, en oss þóttu engin skilríki vísari til eptirsjónar en skýrslur umboðsmanns, og orð hans hjer á þingi; það varð víst öllum ljóst við 2. umr. Það verð, sem þm. A.- Skapt. (Sv. E.) stakk fyrst upp á við 2. umræðu, var einmitt það, sem sjálfir ábúendur þessara jarða virtu þær, og getur það naumast álitizt áreiðanlegra en hitt.

Því sem þm. A.- Skapt. (Sv. E.) síðast í ræðu sinni hreytti úr sjer, ætla jeg ekki að tefja mig á að svara, því jeg er ekki 2. þingmaður Árnesinga.

Sveinn Eiríksson: Það sem þingm. Rangv. (Þorv. B.) sagði um fjáreign föður míns á Hemru, er að vísu satt, en það sannar engan veginn að jörðin sje eins góð eins og hann vill álykta af því. Faðir minn hafði þar að eins fje á vetrum, þar var því haldið til beitar og mokað ofan af fyrir því með ærinni fyrirhöfn, en síðan hefir skógnum sem beitin var mest fólgin í farið svo mjög aptur, að hann, eins og jeg áður hef tekið fram, er meir en ½ lakari nú en þá, og þetta er umboðsmanni jafn kunnugt sem mjer eða ætti að minnsta kosti að vera það. Mjer dettur ekki í hug að efast um, að h. nefnd hafi virt þessar jarðir eins sanngjarnlega og hún gat, en hún er þeim ekki svo kunnug, að hún hafi getað gjört það rjett.

Þó jeg hafi álitið jarðir þessar ekki meira virði en ábúendur þeirra, þá kom það ekki af því, að jeg bæri mig saman við þá, heldur er það sprottið af beztu sannfæringu og vottur um kunnugleika minn, og ætti því fremur að takast til greina.

Jeg vona að þingd. og enda nefndin sjálf taki þessa breytingartill. til greina, og ætli hvorki mjer nje neinum öðrum, að hann hjer segi á þingmannabekkjunum vísvitandi það sem er ósatt.

Ólafur Pálsson: Jeg hef við 2. umr. tekið flest fram, er jeg hef að segja í þessu máli, og mjer þykir þessi síðari breytingartill. betri en hin fyrri.

Jeg veit vel, að Hemru hefir farið mikið aptur á seinni árum, eins og báðum nokkuð, en slægjulaus er hún ekki með öllu, því lítill slægjublettur gekk undir hana frá Flögunni fyrir nokkrum árum, sem reyndar gengur af sjer, eins og jeg hef tekið fram; það kann og að vera, að þær sjeu í hæsta lagi metnar, eptir því sem þær eru nú, eins og jeg hef tekið fram, því um þessar mundir er allt laust og fast í lágu verði, en peningar torfengnir hvervetna; en þrátt fyrir það virðist mjer ábúendurnir ekki útilokaðir frá kaupunum, því bæði verður gjört yfirmat á jörðunum, og svo eru önnur lög um þjóðjarðasölu á leiðinni í gegnum þingið, og ef þau ná framgangi og staðfestingu, þá gefst ábúendum þessara jarða sem öðrum kostur á að kaupa ábýli sín, en eins og jeg tók fram við 2. umr., þá játa jeg enn, að jarðir þessar, og eins ⅓ úr Hvolnum, virti jeg svo hátt, sem mjer gat dottið til hugar, að samsvaraði því gjaldi, sem þær mundu

enn byggjast fyrir, og mjer yfir höfuð er ekkert á móti, þó hin heiðraða þingdeild lækki þær í verði svo sem henni þóknast.

Þórarinn Böðvarsson: Umboðsmaðurinn hefir eins og h. nefnd metið jarðirnar á 1100 krónur, en þeir sem óska að fá jarðirnar keyptar bjóða að eins 800 krónur; mjer getur nú ekki skilizt þetta, að setja hærra verð á jarðirnar, en í þær hefir verið boðið, öðruvísi en svo, að landssjóður vilji ekki selja jarðirnar; sýslunefndin hefir samþykkt 800 krónur, og það er þó einmitt sýslunefndin, sem á að ráða mestu um sölu þjóðjarða eptir frumv. mikla, enda ímynda jeg mjer að sýslunefndin sje hjer kunnugri en h. nefnd. (*Þorl. Guðm.:* En umboðsmaður?). Hann hefir lítið að segja; hann er «dauður» eptir ákvæðum frumv. mikla. Jeg vil svo mæla með því að breytingartill. verði samþykkt.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (169) við 1. gr. 12 lið felld með 12:6 atkv.

Breyt.till. við 13 lið felld með 12:6 atkvæðum.

Frumv. óbreytt samþ. með 18 atkv.

Sent til Ed.

Tuttugasti og fimmti fundur, fimmtudag 28. júlí kl. 12.

Frumvarp til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands (41, 138); 2. umr.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Á þessu stigi málsins liggur þá fyrir að ræða um hinar sjerstöku greinir frv. þessa og skal jeg þegar í stað snúa mjer að því.

Við 1. umr. máls þessa tók hæstv. landsh. það fram, að frumv. þetta væri í ýmsu verulegu breytt frá því stjórnarskipunarlagafrv., er alþingi samþykkti 1885 og 86, og að þessar breytingar væru þannig, að þær gerðu frumv. óaðgengilegra í augum stjórnarinnar; þetta ætla jeg að hafa fyrir augum, um leið og jeg fer nokkrum orðum um hverja breytingu út af fyrir sig.

Fyrsta breytingin er þá við 2. gr.; hún er innifalin í því, að í 7. lið er skotið inn orðinu »siglingar«, er úr hafði fallið, þegar frv. var samið. Menn muna, að það kom fram í umr. um málið á alþ. í fyrra, frá hálfu andmælenda, að þetta væri mikill galli; sjer í lagi lagði landsh. áherzlu á það, og sagði það væri breyting á stöðulögunum. Að vísu leiddi jeg ljós rök fyrir þeirri skoðun minni, að þessi úrfelling gerði hvorki til nje frá, og á því máli er jeg enn; en engu að síður áleit bæði jeg og nefndin í heild sinni, að rjettast væri að fyrirbyggja þessa mótbáru hæstv. landsh., svo hún gengi úr sögunni.

Við 2. málsgrein sömu gr. er og gjörð orðabreyting, til þess að gjöra hana enn þá ápekkari stöðulögunum að orðunum til, eða til að præða þau sem nákvæmast. Allir geta nú sjeð, að þær breytingar, sem gjörðar eru við þessa gr. frumv., geta ómögulega verið óaðgengilegri í augum stjórnarinnar, heldur en gr. eins og hún var í frv., heldur hljóta þær þvert á móti að gera það aðgengilegra.

Við 6. gr. er sú ein breyting gjörð, að þar er skotið inn orðunum »landsstjóri skal vinna eið að stjórnarskránni«; þetta var einnig talinn galli á stjórnarskránni í fyrra; mjer virtist það reyndar auðsjáanlega gjöra lítið til, en áleit þó eins heppilegt að bæta því inn í. Í öllu falli má um það segja: sjaldan er góð vísa of opt kveðin. En hvernig ætti að standa á því, að þetta gjörir frv. óaðgengilegra?

Úr 7. gr. er fellt orðið »alla«, og er það ekki annað en lítilfjörleg orðabreyting; meiningin er öll hin sama.

Við 10. gr. kemur sú breyting, sem í fljótu bragði kann að sýnast allmikil, því úr henni er á þremur stöðum sleppt orðunum »konungur eða«. En þetta geta ekki þeir talið galla, sem hvergi vildu hafa »konungur eða« í hinu eldra frumvarpi; þeir hljóta

að vera nefndinni samdóma um það, að hjer sje breytt til bóta. Ekki er heldur auðið að segja, að þetta sje óaðgengilegra fyrir stjórnina, því hún hefir gengið alveg þegjandi framhjá þessu atriði, eins og öðru því, sem andmælendur hinnar endurskoðuðu stjórnarskrár voru að finna sjer til um einstök ákvæði hennar. Það er því hrein ráðgáta; og hver sem segir eitthvað um það, hann spáir út í bláinn.

Ef menn vildu annars fara að gjöra sjer í hugarlund, hvort þetta muni vera óaðgengilegra fyrir stjórnina, þá verðum vjer að gæta þess, hver munur eiginlega sje á þessu í framkvæmdinni. Munurinn er að eins sá, að í öðru tilfellinu getur konungur veitt embættin persónulega með eigin hendi, en í hinu lætur hann annan mann, landsstjórann, gjöra það í sínu nafni, eða gefur honum umboð sitt til þess, það er að segja almennt umboð, án þess það þurfi að endurnýjast í hvert skipti. Einhver kann nú að segja, að þetta skerði veldi eða einkarjettindi (prærogativa) konungs, en jeg segi nei, það verður að miða þetta við það, hvernig slíkt tekur sig út í augum þjóðarinnar og í reyndinni. Hvervetna þar sem þingbundin konungsstjórn er mun vera svo álitið, að það sje í rauninni ekki konungur sem mest ráði um það, hver embættin fái, heldur einmitt stjórnin. Hjer á landi kveður svo rammt að þessu, að jafnvel í hinum fjarlægustu byggðarlögum landsins heyrist talað um það, að ráðgjafinn, ekki konungur, sje búinn í huganum að veita hinum eða þessum þetta eða hitt embætti, og það áður en það er orðið kunnugt, að embættið sje laust. Nærri má nú getu hvað slíkt »prærogativum« hefir að þýða í augum þjóðarinnar, eða meðal almennings, eða hvaða skerf það getur lagt til þess, að auka þá tignarhugsun, sem tengir sig við nafn konungsins. Það er svo langt frá því, að mjer sje auðið að sjá, að þessi breyting skerði í neinu tignarvald konungs, að hún miklu fremur miðar til þess, að varðveita það hreint og ómeingað í augum þjóðarinnar. Hjer við bætist það, að konungur eptir atvikum aldrei getur neytt þessara einkarjettinda eptir persónulegri þekkingu. Menn vita, að embætti eiga eingöngu að veitast eptir hæfilegleikum sækenda og engu öðru; þess vegna verður konungur jafnan að styðjast við tillögur þess, sem kunnugur er, þegar um embættaveiting hjer á landi er að ræða, því sökum fjarlægðar er honum eigi auðið að hafa þá þekking á mönnum hjer, sem þyrfti. Í flestum tilfellum mundi hann því fara eptir till. landsstjóra, og þannig strangt tekið ekki neyta síns prærogativs; að minnsta kosti væri engin trygging fyrir því, að konungur en eigi landsstjóri veitti embættin í reyndinni eða rjeði því í sjálfu sjer, hver embættin fengi.

Jeg verð þess vegna að álíta, að hjer sje engan veginn gengið of nærri prærogativum konungs, og að þessi breyting geti því ekki gjört frv. óaðgengilegra í augum stjórnarinnar.

Breyting sú, sem er á 17. gr., er fólgin í því, að reistar eru rammari skorður við því, að stjórnin geti ófyrirsynju látið gefa út bráðabyrgðarlög; er ákveðið, að þegar gefin hafa verið út slík lög, þá skuli þau falla úr gildi nema næsta alþingi á eptir samþykki þau.

Menn verða að fyrirgefa, þótt vjer lítum hornauga til nágranna vorra og frænda í Danmörku, og þótt vjer viljum fyrir fram forðast þau sker, sem þeir hafa svo hrapparlega strandað á; að öðru leyti stendur þessi breyting í nánu sambandi við breytinguna á 33. gr.: »Engan skatt má á leggja nje breyta o. s. frv.«

Við 19. gr. er sú ein breyting gjörð, að orðunum: »nje fyrir önnur brot, sem landsdómur hefir dæmt þá fyrir«, er skotið inn í, og stendur það aptur í sambandi við 9. gr.

Í 20. gr. er bætt inn í orðunum: »Stytta má tímabil þetta með lögum«, og er ekki mikið við þá breyting að athuga.

Það eru víst mjög deildar meiningar um það, hvort hentugt sje að hafa kjörtíma þingmanna eins langan eins og nú er, og er það því vel til fallið, að með þessu ákvæði er gjört mögulegt að stytta hann, án þess að gera stjórnarskrárbreytingu. Í öllu falli er það víst, að þessi breyting getur hvorki gjört til nje frá í augum stjórnarinnar.

Úr 22. gr. er staflið b sleppt, nema orðinu »embættismenn«, því hin eptirfylgjandi orð, sem eru nákvæmari útlistun, virðast alveg óþörf og miður vel viðeigandi, enda er það ljóst, að þessi breyting stendur í eðlilegu sambandi við breytinguna á 10. gr. Orðið embættismaður þýðir allt hið sama á báðum stöðunum. Önnur breyting við þessa gr. er sú, að síðustu málsgrein hennar er skotið aptur í 23. gr., og ennfremur svo kveðið á, að veita megi konum einnig kjörgengi til alþingis með lögum. Sumum kann að þykja, sem nóg hefði verið komið, að ætla konum kosningarrjett til alþingis, eins og gjört var í frv. 1885 og 1886;en bæði er það,að samkvæmnin mælir með þessari útvíkkun á rjettindum kvennmannsins, og svo getur það með tímanum farið svo, að mikið mæli með því í sjálfu sjer, að veita konum kjörgengi, t. d. þegar þær nú fara að verða stúdentar eða kandídatar í ýmsum vísindagreinum. Í öllu falli geta þeir, sem eru mótfallnir því, að konan öðlist slík politisk rjettindi, huggað sig við það, að þetta er einasta heimild til að veita slíkan rjett án sjerstakrar stjórnarskrárbreytingar, ef löggjafarvaldinu svo sýnist seinna meir. Virðist þetta því alls eigi geta haft nein skaðleg áhrif á framgang frumv.

Úr 29. gr. er fellt það skilyrði fyrir þingsetu embættismanna, að þeir skuli skyldir til að sjá um, að embættum þeirra sje þjónað á þann hátt, »sem stjórninni þykir nægja«. Vjer flutningsmenn frumv. álitum í fyrstu rjett, að láta koma í staðinn fyrir þessi orð: »upp á eigin ábyrgð«, en nefndin komst til þeirrar niðurstöðu, að rjettast væri að sleppa þessum orðum líka, því þau eiga ekki við, og halda að eins hinni almennu reglu um það, að embættismennirnir væri skyldir til að annast um, að embættisstörfum þeirra yrði gegnt án kostnaðar fyrir landssjóðinn.

H. þingdm. er víst í fersku minni, að allharðar umræður spunnust ekki alls fyrir löngu hjer í deildinni út úr þingsetubanni sýslumanna, og er óþarfi að fara nákvæmlega út í þá sálma aptur; en þess skal jeg þó geta, að þetta umræðuefni gaf fullkomnustu hvöt og ástæðu til að álíta, að nauðsynlegt væri fyrir eptirtímann, að reisa skorður við því, að stjórnin gæti eptir sínum geðþótta sett óþarflega ströng skilyrði fyrir þingsetu embættismanna yfir höfuð.

Jeg hlýddi með athygli á ræður hæstv. landsh. og h. þm. Snæf. um þingsetubann sýslumanna, og mjer var eigi auðið að komast að annari niðurstöðu en þeirri, að það væri eigi um skör fram, þótt komið væri í veg fyrir, að stjórnarskráin yrði skilin á þá leið, sem hæstv. landsh. skildi hana í þessu atriði um daginn. Orð hinnar núgildandi stjórnarskrár 31. gr. eru alveg ljós og ótvíræð. Þar stendur: »alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæring sína, og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum. Embættismenn þeir, sem kosnir eru til alþingis, þurfa *ekki* leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna«. Þetta er nú auðsjáanlega sú grundvallarlega ákvörðun, sem gjörir það alveg ótvírætt og vafalaust, að embættismenn hafa allan hinn sama þingseturjett, sem aðrir þingmenn. Það er hraparlegur misskilningur, að halda, að þeir hafi að eins rjett til að láta kjósa sig. Nei, embættismönnum, sem kosnir eru til þings, er jafn heimilt og öðrum þingmönnum að fara til þings

og að sitja á þingi, að hugsa álykta og tala eptir sinni sannfæringu, eins og hverjum öðrum þingm. Þetta eru skýlaus fyrirmæli stjórnarskrárinnar sjálfrar. En það skiptir allt öðru máli, að auðvitað er, að fyrir embættismenn, eins og aðra, geta komið þau atvik, er gjöra þeim ómögulegt að neyta þessa rjettar síns; að eg ekki tali um veikindi, sem alla geta hindrað, þá getur jafnvel ófyrirsjeð búsýsla og margt fleira hamlað bóndanum frá að neyta þingseturjettar síns, og á líkan eða sams konar hátt getur það komið fyrir, að embættisannir hamli embættismanninum frá að sitja á þingi, og af hans sjerstöku stöðu og skyldu gagnvart hinu opinbera flýtur það auðvitað, að hann verður að sjá um, að embættisstörfum sínum sje gegnt, það er að segja, gegnt á löglegan hátt án kostnaðar fyrir landssjóð, en annað eða meira er alls engin heimild til að heimta af honum, og þetta löglega fer alls ekki eptir geðþekknisáliti háyfirvaldsins, heldur því, sem í sjálfu sjer er löglegt, og eptir öllum atvikum nauðsynlegt.

Hæstv. landsh. var í þessu máli hreinn og beinn, eins og hann er vanur, og sagði að hann mundi ekki hafa leyft embættismönnum þingsetu með sömu skilyrðum og hingað til hefðu verið látin nægja, en jeg ætla auðsætt, að þessi skoðun hans sje ekki rjett. Landstjórnin á ekki með, eptir stjórnarskránni rjett skildri, að koma hjer »subjectivt« fram, heldur »objectivt«, þ. e. láta fasta venju ráða, þá eðlilegu venju, sem hingað til hefir verið fylgt, og aldrei hefir komið að meini, þá venju, að dómarar fái dómara í sinn stað, ef eða þegar dómstarfi fyrir fellur, læknar lækna og prestar presta o. s. frv.

Jeg vona því, að þessi breyting verði saklaus í augum hæst. landsh. Viðvíkjandi þingseturjetti embættismanna á nefnilega alveg sama regla að gilda, eins og þegar þeir ferðast sjer til heilsubótar, gamans, eða í öðrum erindum. Það virðist jafnvel miklu fremur eiga að hliðra til við embættismanninn, þegar hann er fulltrúi þjóðarinnar, og kosinn af þjóðinni til að starfa að hagsæld hennar og nauðsynjamálum. Jeg vil þess vegna vona, að hæstv. landsh. taki ekki hart á þessari breytingu.

Við 32. gr. er því bætt, að ekki megi skerða þann hluta viðlagasjóðs, er ákveðinn sje með lögum; þetta á að veita tryggingu fyrir því, að jafnan sje viss hluti af viðlagasjóði, sem eigi má skerða, og koma í veg fyrir þá freistni fyrir stjórnina, að grípa til hans um skör fram og gagnstætt fjárveitingarjetti þingsins, enda stendur þetta í nánu sambandi við trygginguna gegn ófyrirsynju bráðabyrgðarfjárlögum. Virðist því ómögulegt að hafa neitt á móti þessari ákvörðun.

Í 33. gr. er bannað að innheimta nokkra skatta eða tolla fyr en alþingi hafi gefið út fjárlög fyrir það fjárhagstímabil, og þau hafa verið staðfest, og stendur þetta í svo ljósu sambandi við 17. gr. og 32. gr., að það þarf ekki frekari útlistunar við. Það hefir verið fundið að hinni endurskoðuðu stjórnarskrá, að hún girði ekki nógu vel og rammlega fyrir það, að stjórnin geti gefið út bráðabyrgðafjárlög, en jeg ætla, að sú mótbára muni nú hljóta að hverfa.

Vjer viljum alls ekki með öllu gjöra stjórninni ómögulegt undir öllum kringumstæðum, að gefa út bráðabyrgðarfjárlög, því svo getur að borið, að það sje nauðsynlegt, ef unnt á að vera að halda stjórnarskipuninni á lögmætri rás hvað landsstjórnina snertir, og vjer viljum ekki stofna til þeirra vandræða, að stjórnin annaðhvort hljóti að brjóta stjórnarskrána eða láta allt reka í reiðileysi um gjörvallt stjórnarfar landsins.

Breytingin við 49. gr. og við bráðabyrgðarákvörðunina eru að eins orðabreytingar, til þess að gjöra þessi ákvæði að orðunum til samkvæmari stöðulögunum. Menn muna, að hæstv. landsh. sagði í

í fyrra, að þessi ákvæði í hinni endurskoðuðu stjórnarskrá færu í bága við stöðulögin; svo jeg þykist mega eiga víst, að þessar breytingar verði til þess, að bæta fyrir frumv. í augum landshöfðingja og stjórnarinnar, en ekki til að spilla fyrir því.

Hinar aðrar breytingar á hinni endurskoðuðu stjórnarskrá eru að eins lítilfjörlegar orðabreytingar, er jeg ekki skal fjölyrða um að svo stöddu; en jeg ítreka það enn þá einu sinni, að mjer er ómögulegt að sjá eður skynja, að þetta frumv. geti með nokkrum sennilegum rökum gjört hina endurskoðuðu stjórnarskrá frá 1885 og 86 í einu eða neinu óaðgengilegri fyrir stjórnina, því, eins og stendur í nefndarálitinu, eru engar eiginlegar efnisbreytingar í því gjörðar, heldur miða helztu breytingarnar að eins til að skýra aðalákvarðanir hinnar endurskoðuðu stjórnarskrár, og gera þær ljósari og ákveðnari. Jeg verð að leggja áherzlu á það, að stjórnin hefir aldrei fundið neitt að hinni endurskoðuðu stjórnarskrá, hvað þau ákvæði snertir, er hjer ræðir um; nei, hún hefir ekki látið eitt orð til sín heyra í þessu máli annað en það sem stendur í auglýsingunni 2. nóv. 1885, það nefnilega, að hún gengi of nærri alríkissambandinu; en stjórnin hefir aldrei kvartað yfir því, að hún væri óaðgengileg í hinum einstöku greinum. Jeg tek það upp aptur, að jeg legg áherzlu á það, því jeg verð að ætla að stjórnin hefði fundið að henni, ef hún hefði getað fundið henni nokkuð til foráttu hvað innihald hinna einstöku greina snertir. Má þetta ljósast ráða af því, að þegar lögum frá alþ. hefir verið neitað staðfestingar, þá hefir ráðgjafinn jafnan verið vanur, eigi að eins að hafa á móti lögunum í heild sinni, eður að »principinu« til, heldur einnig lagt áherzlu á þá annmarka, sem honum hafa virzt vera á hinum einstöku greinum og ákvörðunum, enda geta allir verði sannfærðir um, að hann mundi ekki hafa brugðið af þessum vana sínum með hina endurskoðuðu stjórnarskrá, hefði hann fundið nokkra galla á henni frá þessari hlið. Ráðgjafinn hefði víst ekki farið að yfirgefa þá reglu, er rekja má gegn um öll Stjórnartíðindin hvar sem leitað er, reglu, sem liggur eins og rauður þráður gegn um allar hinar mörgu lagasynjanir stjórnarinnar. Þetta eina mál er undantekning í þessu tilliti.

Þetta útilykur allan ótta fyrir torfærum frá þessari hlið, en jeg ætla eigi að fara fleiri orðum um þetta mál að svo stöddu, en að eins geyma mjer rjett til að svara mótbárum þeim, er kunna að koma fram gegn frumv.

Landshöfðingi: Jeg tók það fram þegar við 1. umr. þessa máls, að það hlyti að vera öllum þingmönnum og jafnvel h. flutningsmönnum kunnugt og ljóst, að þetta frumv. mundi ekki geta náð staðfesting H. Hátignar konungsins, og að mjer þætti það því óskiljanlegra, að þeir nú skyldu koma fram með þetta frumv., sem það virtist alls ekki vera eindreginn vilji þjóðarinnar, að þetta frumv. yrði samþ. nú. Út af þessum orðum mínum leiddi h. framsögumaður (Ben. Sv.) þá ályktun, að nú mundi ekkert annað því til fyrirstöðu, að staðfesting þessa frumv. gæti náðzt, en að eindreginn þjóðvilja vantaði; þessi ályktun h. framsögumanns (B. Sv.) er óheimil og alveg »ólógisk«, eins og hann sjálfur mun verða fyrstur manna til að játa.

Jeg sagði líka um daginn, að þetta frumv. væri óaðgengilegra fyrir stjórnina en frumv. frá 1885 og 1886; þetta er kannske að því leyti ekki alveg rjett, að þegar eitt frumv. er með öllu óaðgengilegt, þá er varla um neitt annað frumv. að tala, sem sje óaðgengilegra. Þær breytingar, sem hafa verið gerðar á 10., 17., 29. og 33. gr. í þessu frumv., miða þó fremur til þess að gera frumv. óaðgengilegra en áður; en aptur hafa 2 eða 3

agnúar verið teknir burtu úr því, og jeg verð að vera h. flutningsmönnum og nefndinni þakklátur fyrir það, að þeir hafa þó að svo miklu leyti tekið tillit til orða minna í þessu máli 1886, að þeir hafa gert breytingu á 2. gr. og 49. gr. og »ákvæðum um stundarsakir«; jeg tók þá reyndar fleira fram, sem þeim hefir ekki þótt ástæða til að taka til greina; en jeg má heldur ekki ætlast til of mikils.

Með því að þetta er 2. umræða málsins, skal jeg leyfa mjer að taka fram að eins fáein atriði, sem gera frumv. með öllu óaðgengilegt fyrir stjórnina, því ef jeg ætlaði að telja upp allt það, sem gerir frv. þetta óaðgengilegt, alla þá agnúa, sem á því eru, þá mundi hvorki jeg endast til þess, og ekki heldur þolinmæði h. þingdeildar.

Það var tekið fram í konungl. auglýs. 2. nóv. 1885, sem einn af aðalgöllunum á því stjórnarskipunarlagafrumv., er þingið 1885 samþykkti, að í frumv. væru ákvæði tekin upp úr stöðulögunum 2. jan. 1871, án þess að vitnað væri til þessara laga sem heimildar; þetta hefir h. nefnd ekki viljað taka til greina í þetta sinn; en það liggur þó hjer um bil í augum uppi, að slíkt er ekki þýðingarlítið. Ef maður les 71. gr. í þessu frumv., sem samsvarar 61. gr. í hinni gildandi stjórnarskrá, þá sjest, að eptir henni má bæði á reglulegu alþingi og auka-alþingi bera upp frumv., hvort heldur er til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, undantekningarlaust, og þá líka frumv. til breytingar á t. d. 2. gr. Hvernig á að skilja þetta? Það er þó marg-viðurkennt, og það einna skýrast og skorinorðast af h. framsögum. (B. Sv.) sjálfum, að löggjafarvald Íslands eða alþingi og H. H. konungurinn geta enga breytingu gert á stöðulögum, og þá heldur ekki á 2. gr. stjórnarskrárinnar. Þá er í þessu sú mótsögn, að í 71. gr. stendur að heimilt sje að bera upp frumv. til breytingar á hverri grein stjórnarskrárinnar, sem er, og þó verður 2. grein ekki breytt nema með samþykki ríkisþingsins. Ef staðið hefði í 2. gr.: »samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. jan. 1871 3. gr. eru hin sjerstaklegu málefni Íslands þessi« o. s. frv., þá hefði þessi ósamkvæmni horfið, og þá hefði 71. gr. getað vel samrýmzt við 2. gr., því þá hefði 2. gr. sjálf borið með sjer, að hún væri tekin upp úr öðrum lögum, sem faktiskt ekki verður breytt af hinu íslenzka löggjafarvaldi.

Jeg gat þess við umræðu þessa máls í fyrra, að stór eyða væri í frumv., þar sem vantaði alveg ákvæði um kosningar til efri deildar, og áleit jeg að slík almenn ákvörðun væri nauðsynleg í hverri stjórnarskrá, ákvörðun, sem jafnvel mætti kjósa eptir, ef þyrfti; með því að þessi ákvæði vantaði, gæti það leitt til þess, að kosningarlögin yrðu því til hindrunar, að stjórnarskráin næði staðfestingu, eða að minnsta kosti, að hún kæmi til framkvæmdar. — Þetta var að eins spá, en sú spá rættist bráðlega; þegar kosningarlögin komu fram, voru þau þannig úr garði gerð, að ómögulegt var, að þau gætu náð staðfestingu; þau komust — reyndar með litlum atkvæðamun — í gegn um neðri deild, og gallarnir á þeim lágu í augum uppi. Og þó stjórnin hefði staðfest stjórnarskrána frá 1886, þá hefði hún þó ekki getað staðfest kosningarlögin frá 1886, og því hefði stjórnarskráin ekki getað komið til framkvæmdar vegna þess, að engin ákvæði voru í henni um, hvernig ætti að kjósa til efri deildar.

En þetta er nú meira viðvíkjandi forminu á þessu frumv. en efni þess; en h. þingd. mundi ekki endast til að hlusta á mig, ef jeg færi að telja upp alla þá galla, sem eru á frumv. þessu að efninu til.

Jeg ætla því viðvíkjandi efninu að eins að taka eina grein til nákvæmrar íhugunar, og ekki að seilast um hurð til loku,

heldur taka það sem næst er, og benda á fátt eitt viðvíkjandi 1. gr.

Þar stendur: »Í öllum þeim málefnum, sem varða Ísland sjerstaklega, hefir landið löggjöf sína, dómsvald og stjórn út af fyrir sig, á þann hátt, að löggjafarvaldið er hjá konungi og alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendum«.

Þessi grein er alveg rangt orðuð þannig, eptir því, sem á eptir fer; í stað þess hefði þar átt að standa: »löggjafarvaldið er hjá konungi eða landsstjóra og alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá landsstjóra, og dómsvaldið hjá dómendum«. — Jeg skal fyrst minnast á framkvæmdarvaldið. Í hverju er nú framkvæmdarvaldið helzt fólgið? Í fyrsta lagi í því, að sjá um, að lögunum sje fullnægt. Hver gerir það eptir 16. gr.? Landsstjórinn, en ekki konungur. Í öðru lagi að veita ýms embætti. Hver gerir það eptir 10. gr.? Landsstjóri, en ekki konungur. Í þriðja lagi að stefna saman alþingi, rjúfa alþingi og fresta fundum þess. Hver gerir það samkvæmt 11., 12. og 13. gr.? Landsstjóri, og alls ekki konungur. Enda stendur það í 3. gr.: »Konungur hefir hið æðsta vald o. s. frv. og lætur landsstjóra, sem hefir aðsetur sitt í landinu, framkvæma það«. Konungur hefir valdið, en má ekki framkvæma það. Hvar er þá framkvæmdarvaldið? Það er hjá landsstjóra, og alls ekki hjá konungi. Jeg get búizt við, að mjer verði svarað því, að í 6. gr. standi: »Landsstjóri hefir í umboði konungs hið æðsta vald« o. s. frv. En þetta umboð er nokkuð einkennilegt; hjer ræður sá, sem umboðið veitir, engu um það, hvort hann vill veita umboðið eða ekki; það er stjórnlagalega ákveðið, að hann skuli hafa umboðsmann; hann ræður því heldur ekki, hvernig umboðinu skuli vera varið, heldur ræður stjórnarskráin því: »svo sem mælt er fyrir í stjórnarskrá þessari«. Konungur getur því engu ráðið um víðáttu umboðs þessa, heldur ákveður stjórnarskráin það. Og í þriðja lagi er það vanalegt, að sá, sem umboð hefir á hendi, beri ábyrgð fyrir þeim, sem umboð hefir veitt. Er nokkur slík ábyrgð hjer? Nei; landsstjórinn hefir alls enga ábyrgð fyrir konungi. Í fyrsta frumv., sem var borið upp 1885, stóð það ákvæði, að landsstjórinn skyldi hafa ábyrgð fyrir konungi; en það ákvæði er hjer numið í burtu, svo hann er gagnvart konungi ábyrgðarlaus. Jeg get ef til vill búizt við, að mjer verði líka svarað því, að konungur hafi töglin og hagldirnar, þar sem hann eptir 6. gr. »skipar landsstjóra og víkur honum frá völdum«. En þessu verð jeg að svara því, að ef það sýnir, að framkvæmdarvaldið sje hjá konungi, að hann getur skipað þann mann, sem hefir framkvæmdarvaldið á hendi, þá er það rangt, að segja, að dómsvaldið sje hjá dómendunum, því eptir því verður dómsvaldið hjá landsstjóranum, af því það er hann, sem skipar dómendurna í embætti. »Konungur getur vikið landsstjóranum frá völdum«. En hvernig verður það, þegar til framkvæmdanna kemur? Ef það er rjett að ákvæðið um, að konungur geti vikið landsstjóra frá, sanni, að framkvæmdarvaldið sje hjá konungi, þá ætti hann að geta vikið landsstjóranum allt af frá, þegar hann hefir gert eitthvað, sem konungi ekki líkar, eða gert eitthvað, sem hann hefir beinlínis bannað. Setjum svo, að landsstjóri hafi samþykkt einhver lög, sem konungi ekki líka. Til þess að konungur geti vikið landsstjóra frá, þarf einn ráðgjafi eða fleiri að skrifa undir afsetninguna með honum; þessi ráðgjafi eða þessir ráðgjafar, sem skrifa undir með konungi, geri jeg ráð fyrir að sjeu sömu ráðgjafarnir, sem landsstjóri tekur sjer samkvæmt 7. gr. — Nú þætti mjer skrítið, ef nokkur af þeim ráðgjöfum, sem hafa með landsstjóranum skrifað undir það stjórnararstarf, sem ætti að valda afsetningu landsstjórans, skyldi með konungi skrifa undir afsetningu hans.

Jeg get varla skilið, að nokkur ráðgjafi mundi verða sá »bavían«, að skrifa undir slíka afsetningu, allra sízt þegar hann veit af neðri deild alþingis að baki sjer með ábyrgðarlögin í höndunum, sem við þekkjum frá í fyrra — því ráðgjafinn ber ábyrgð af þeirri stjórnarráðstöfun, sem hann hefir skrifað undir með landsstjóra — og að neðri deildin muni kæra sig fyrir landsdómi, þar sem efri deild þingsins ræður lögum og lofum, fyrir að hafa ráðið til þess, sem miðar til að skerða sjálfstæði landsins, og landsdómur síðan dæma sig samkvæmt ábyrgðarlögunum óhæfan til þess framvegis að hafa nokkurt embætti á hendi. Það er því hrein og bein mótsögn í þessum orðum, að framkvæmdarvaldið sje hjá konungi, ef maður ber það saman við aðrar greinar frv.

Í annan stað stendur, að löggjafarvaldið sje hjá konungi og alþingi í sameiningu. Þetta er líka rangt orðað. Það stendur í 16. gr., að undirskript konungs eða landsstjóra þurfi til þess að veita ályktunum alþingis lagagildi. Hvernig verður þetta í framkvæmdinni? Alþingi samþykkir eitthvert frumv.; landsstjóri er hjer viðstaddur og honum eru þegar send lögin; ráðgjafarnir ráða honum til að staðfesta þau þegar í stað, og hann gerir það; það kemur ekki til konungs kasta; það þarf ekki nein af ályktunum alþingis að koma konungi fyrir sjónir, fyr en landsstjóri er búinn að staðfesta hana, og þótt hann sje búinn að banna landsstjóranum að staðfesta einhver lög, þá gerir það ekkert til, þar sem konungur hefir ekkert meðal til að framfylgja því banni sínu. — Konungur verður eptir þessu frumv. ekkert annað en skuggi; landsstjórinn verður allt; og að segja, að landsstjóri framkvæmi valdið í umboði konungs, verður hjer alveg hið sama sem að segja, að fjárráðamaður barns eða manns, sem er gerður ómyndugur, breyti svo eða svo í umboði barnsins.

Að ætlast til þess, að konungur skrifi undir önnur eins lög og þetta frumv. er, er sama sem að heimta, að konungur geri sjálfan sig ómyndugan með því að selja sitt vald í hendur þeim manni, sem hann svo ekki hefir sjálfur neitt vald yfir, og sem er ábyrgðarlaus gagnvart honum.

Þetta, sem jeg þegar hefi tekið fram, skal vera nóg að þessu sinni. Sú mótsögn, sem 1. gr. stendur í við aðrar greinar frumv., er nóg til þess að gera það allsendis ómögulegt, að konungur nokkru sinni skrifi nafn sitt undir þessi lög.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Jeg hef nú, eins og h. þingdeildarm. hafa heyrt, ærið mörgu að svara í ræðu hæstv. landshöfðingja. og ætla jeg að reyna að rekja þráðinn í því, svo stuttlega sem jeg get.

Hæstv. landsh. tók það fyrst fram, að hann hefði þegar við 1. umr. sagt, að þetta frumv. mundi aldrei ná staðfestingu konungs. Hvernig getur hann sagt þetta? Hefir hann nokkurt umboð frá stjórninni — að jeg ekki segi frá konungi — til þess að gefa slíka yfirlýsingu? Jeg ímynda mjer, að hvorki hann nje jeg geti neitt sagt um það nú, hvort þetta frumv. muni verða staðfest eða ekki; það geta verið svo mörg atvik, sem því valda, að slíkt er ómögulegt að segja; slíkt verður aldrei nema spádómur hæstv. landsh. En þá ætla jeg að gjörast spámaður líka, og spá í alveg öfuga átt. Jeg álít, að það sje nærri því að taka fram fyrir hendurnar á hans hátign konunginum, sem býr í 300 mílna fjarlægð, að taka það sem gefið faktum, að hann muni aldrei staðfesta þessi stjórnarskipunarlög; jeg verð því að mótmæla þessu hátíðlega, sem alveg ástæðulausum spádómi hæstv. landsh.

Þá sagði hann, að jeg hefði dregið ranga

ályktun út af orðum sínum viðvíkjandi þjóðviljanum um daginn; ályktun mín var þó öldungis rjett, en hæstv. landsh. hefir kannske ekki tekið vel eptir orðum mínum; jeg sagði, að þar sem hann virtist leggja svo mikla áherzlu á það nú, að þjóðarviljinn væri hjer ekki með þessu frumvarpi, þá mundi þjóðviljinn, ef hann sýndi sig eindreginn og óskiptur með því, verða kröptugt meðal til þess eða hvöt fyrir stjórnina, að þetta mál næði fram að ganga. (*Landsh.*: Jeg fór eptir referati í Ísafold). Jeg er ekki skyldugur til að lesa Ísafold, enda hef jeg ekki lesið hana enn þá. En nú ætla jeg líka að fara að spá, að þjóðviljinn, allur þjóðviljinn á Íslandi, sje nú með þessu frumv.; jeg meina hinn fasta, grundvallaða þjóðarvilja, en ekki þennan lausa þjóðvilja, þennan lausa alþýðuþyt, sem bryddir á hjá einstöku mönnum og sem sumstaðar lýsir sjer á mannfundum, t. d. í mínu kjördæmi; en jeg hika mjer ekki við, að láta það sjást í alþingistíðindunum, að jeg lýsi yfir því, að jeg gæti rifið ávarpsbeiðni kjósenda minna, Eyfirðinga, sundur í þúsund stykki fyrir augum þeirra, þótt þeir væru komnir í einn hóp hjer í þingsalnum, því hún er byggð á helberum misskilingi; sú skoðun þeirra er sprottin af blaðagrein einni, sem draga mátti út úr þá kynja-bernsku, að stjórnarmáli voru væri eins vel borgið, þó konungi væri að eins sent ávarp frá þinginu um stjórnarskipunarmálið, — frá þinginu, sem ekki hefir einu sinni heimild til að senda konungi ávarp í heild sinn um nokkurt mál, — og það sem jeg segi um þjóðviljann, mun jeg ef jeg lifi lengi, geta alveg sannfært hinn hæstv. landsh. um að jeg hermi rjett. Hann verður að gæta að því, að þó jeg standi neðar og lægra en hann í embættisstiganum, þá stend jeg þeim mun nær hjarta þjóðarinnar en hæstv. landsh., og hann mun einnig í þessu efni áður en lagt um líður sannfærast um, að jeg hef á rjettu að standa.

Hæstv. landsh. fann margt athugavert við þetta frumv. Jeg hafði nærri því ánægju að heyra og sjá, hve skörpum hugsunarvopnum hann beitti á þetta veslings frumv., en jeg vona að allir geti sjeð, að því hafi þó alls ekki blætt. Hann talaði mikið um galla á 2. gr., samanborinni við 71. grein. Í 71. gr. stendur, að hvort heldur á aukaþingi eða á reglulegu alþingi megi bera upp frumv. til breytinga á stjórnarskrá þessari, og þá líka á 2. gr. hennar. Því ekki það? En innan vissra takmarka, og þau takmörk eru í sjálfri 2. gr. Sjerhver heilvita maður getur sjeð, að það þarf ekki að vitna til stöðulaganna í þessu tilliti; innihald stöðulaganna er í 2. gr. engu síður fyrir það, þó orðið «stöðulög» sje þar ekki nefnt, og með því er hið eðlilega samband, nefnilega milli 2. og 71. gr., fastsett og fengið. Í 2. gr. stendur: «Meðan Ísland, o. s. frv. En á hinn bóginn tekur það heldur engan þátt á meðan í löggjafarvaldinu um almenn ríkismál». Hjer er varnaglinu sleginn; og þessi grein yrði engu innihaldsmeiri eða þýðingarmeiri fyrir það, þó í henni stæði: «samanber stöðulögin 2. jan. 1871». Hjer er því alls engin mótsögn eða misklíð á milli þessara tveggja greina.

Hvað snertir kosningar til efri deildar í 21. grein, þá skal jeg kannast við, að hæstv. landsh. var þessari grein mótmæltur í fyrra, en jeg gat ekki fundið og heldur ekki nefndin, að ástæður hæstv. landsh. væru á neinum svo gildum rökum byggðar, að endilega þyrfti fyrir það að breyta þessari grein; í stjórnarskránni þarf ekki annað en þá «fundamental-division» milli skipunar efri og neðri deildar, sem er í þessari gr. «Í efri deild sitja 12 menn, er kosnir skulu um allt land. Í neðri deild sitja 24 þingmenn, kosnir í kjördæmum». Meira en þetta þarf ekki og á ekki að standa

í stjórnarskránni. Hinn hæstv. landsh. hefði einmitt átt að láta sjer það vel líka að þetta átkvæði í 21. gr. er svo almennt og elastiskt, að í kosningarlögunum sjálfum er auðvelt sakir þess að taka allt tillit til mótbára hans og aðfinninga.

Það er því svo langt frá því, að þetta sje galli á frumv. þessu, að það er kostur — stór kostur — á því, því nú er hægt að haga ákvörðunum kosningarlaganna alveg eptir tillögum hæstv. landsh. Og ef stjórnin staðfesti þessa stjórnarskrá og þó hún frá formlegu sjónarmiði ekki sæi sjer fært að staðfesta kosningarlögin, þá vil jeg segja, að hún sje skyldug til að gefa út bráðabyrgðakosningarlög, svo stjórnarskráin í þessu efni geti komið til framkvæmda, og hjer er þá hin önnur óræk ástæða fyrir því, að vefenging hins hæstv. landsh. er á röngum rökum byggð.

Þar sem hæstv. landsh. ennfremur talaði um, að atkvæðagreiðslan um kosningarlögin í fyrra í neðri deild hefði verið dauf, og atkvæðamunurinn lítill, þá er slíkt ekkert óeðlilegt, þó frumv. það sje ekki samþykkt í einu hljóði, sem hæstv. landsh. leggur sig í alla framkróka til að rífa niður; það var einmitt þetta, sem gjörði það, að ágreiningurinn varð um málið, en það var þó samþykkt með ríflum meiri hluta atkvæða, og hefði hæstv. landsh. haft þá alla á móti frumv. sem samþykktu það í fyrra, þá skal jeg ábyrgjast, að hann hefði ekki kvartað yfir því, að frumv. hefði ekki verið fellt með nægum atkvæðafjölda. En á þetta legg jeg nú litla áherzlu.

Þá kemur fyrsta gr. frumv., sem hæstv. landshöfðingi fór svo mörgum orðum um þar stendur: «Í öllum þeim málum, sem varða Ísland sjerstaklega, hefir landið löggjöf sína, dómsvald og stjórn út af fyrir sig, á þann hátt, að löggjafarvaldið er hjá konungi og alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendum». Hjer er að mínu áliti mjög gífurlegur mismunur á milli hinnar rjettu meiningar í þessum orðum og skilnings hæstv. landsh. á þeim.

Greinin er alveg rjett orðuð, og konungur og alþingi eru alveg rjett greint hvort frá öðru í þessari grein. Það er sem sje hin æðsta «fundamental»- ákvörðun, eða grundvallarákvörðun stjórnarskipunarlaganna, að konungur hefir það vald, löggjafarvaldið, í sameiningu við alþingi, en framkvæmdarvaldið einn í höndum sjer, sem greinin ákveður. «Statsretligt» getur hinn hæstv. landshöfðingi víst ekki á móti þessu haft; en annað mál er það, að þessi grein verður að skiljast í samræmi við hinar fylgjandi greinar frumvarpsins og þær við hana, og að, ef þetta væri skilið allt út af fyrir sig og sundurlaust, eins og hæstv. landsh. gjörði, þá yrði landsstjóri og allt nema konungurinn sjálfur alveg óhugsanlegt. En jeg ætla að taka það fram enn einu sinni, þó það sje alveg óþarft, að hvorki orðin nje hugsunin í þessu frumv. er sú, að rýra í neinu vald eða tign hans hátignar konungsins, heldur þvert á móti að efla það og styrkja, svo hann geti stjórnað Íslandi samkvæmt eðlilegum krðfum þjóðarinnar og nauðsyn tímans; og í samkvæmni við þetta er 1. gr. orðuð; enda blasir þetta svo ljóslega við hverjum þeim, sem les frumv. hlutdrægnislaust, að um það þarf ekki að eyða neinu orði.

Ef hæstv. landsh. viðvíkjandi umboði landsstjórans eður sambandi hans við konung að eins vill beita þeim setningum, sem í eðli sínu eru «privatretlige», þá skal jeg játa, að þetta umboð hrekkur honum ekki til; en jeg vil leyfa mjer, að benda honum á, að það samband eða umboð, sem hjer ræðir um, á ekki og má ekki skoðast öðru vísi en frá stjórnskipulagalegu sjónarmiði, og á því svæði veit hæstv. landsh. mjög vel, eins og jeg, að gilda nokkuð aðrar reglur.

Hæstv. landsh. ætlaði að klemma nefnd-

ina í þá mótsögn við sjálfa sig, að það væri samkvæmt ályktun hennar á öðrum stað, að dómsvaldið væri hjá landstjóranum, af því hann skipar dómendur í embætti. En má jeg þá spyrja: hvernig er þessu varið eptir hinni gildandi stjórnarskrá? Stendur í henni, að dómsvaldið sje hjá konungi, af því að konungur nú skipar dómendur í embætti? Nei, alls ekki. Að skipa dómara í embætti er allt annað en að dæma; það sjer þó hæstv. landshöfðingi.

Þar sem hæstv. landsh. sagði, að eptir þessu frumv. væri konungur ekkert annað en skuggi, þar sem hann seldi vald sitt í hendur þeim landsstjóra, sem hann svo á eptir hefði ekkert vald yfir, þá vil jeg þó minna hann á, að það stendur í 6. gr: — «og víkur honum frá völdum»; er það nú ekkert vald —?; og þar sem hann ennfremur sagði, að konungur með því að undirskrifa þessi stjórnarlög gjörði sig sjálfan ómyndugan, þá get jeg ekki kallað þetta annað en hártogun og helberan misskilning, enda mætti segja sama um öll stjórnarskipunarlög um víða veröld. Nei, þvert á móti; skugginn færist einmitt af hans hátign við þetta frumv.; konungurinn færist nær gegnum sinn «repræsentant» sem býr í landinu sjálfu. Jeg vona að hæstv. landsh. sjái, að hann má ekki ætlast til þess, að nokkur maður álíti að þetta sje á eins miklum rökum byggt hjá honum, eins og út leit fyrir í fyrstu að honum kunni sjálfum að virðast.

En ef hæstv. landsh. leggur áherzlu á það, að þetta frumv. er að nokkru breytt frá því frumv., sem alþingi samþykkti 1885 og 1886, þá væri gaman að heyra yfirlýsingu hans eða heityrði um það, hvort nokkur meiri von mundi vera til að frumv. næði staðfestingu konungs, ef það kæmi fram óbreytt eins og það var 1885 og 1886; þá fyrst gæti verið spurning um, hvort vjer mundum leggja mikla þýðingu í þessar breytingar, eða halda þeim fram, þótt þær sjeu reyndar allar til að bæta frumv. Að öðrum kosti verð jeg að meta þessa aðfinningu hins hæstv. landshöfðingja alveg þýðingarlausa.

Ólafur Briem: Jeg verð að játa, að jeg er einn í þeirra tölu, sem helzt hefði viljað, að þessu máli hefði ekki verið hreift á þessu þingi. Jeg var einn af þeim 9, sem óskuðu þess, að málið yrði ekki borið fram. Orsökin til þess, að jeg ekki vildi, að málið yrði tekið fyrir, var sú, að jeg bjóst við, að það mundi leiða til þess, að þingið yrði rofið, og að stefnt yrði til aukaþings, sem að öllum líkindum yrði árangurslaust. Jeg verð að telja það óheppilegt, að fá slíkt aukaþing, ekki að eins kostnaðarins vegna, heldur líka vegna þeirra krapta, sem við það eyddust frá öðrum þýðingarmiklum störfum. Hins vegar var það mín meining, að þó málinu ekki yrði hreift nú í frumvarpsformi, þá mætti beina þeirri áskorun til stjórnarinnar, að leggja fyrir næsta þing frumv. til stjórnarskipunarlaga. Þetta fannst mjer vera vegur til samkomulags við stjórnina. En eptir undirtektum fulltrúa stjórnarinnar hjer á þinginu, hæstv. landshöfðingja, þykist jeg nú sjá fram á, að það sje lítil von til samkomulags á þennan hátt. Enda ætti það ekki að vera minni hvöt fyrir stjórnina, að slaka til í þessu máli, ef þingið nú kæmist að þeirri niðurstöðu, að halda málinu í sama horfi sem á undanförnum þingum, því menn skyldu ekki ímynda sjer, að stjórnin hlakkaði yfir því, að fátækt land yrði að leggja svo mikið í sölurnar og hafa svo mikinn kostnað, sem hlyti að leiða af einlægum aukaþingum annaðhvort ár. Hæstv. landsh. lagði mikla áherzlu á þá sundrung, er ætti sjer stað meðal þingmanna í þessu máli; en eigi að síður tel jeg víst, að þó nokkur ágreiningur kunni að hafa verið um aðferðina til að framfylgja því, þá sjeu þingmenn enn sem fyrri einhuga í aðalefni málsins. Og þá finnst mjer ekkert eðlilegra, en að

meðan stjórnin kemur fram sem fullkominn andstæðingur í þessu máli, þá álíti allir þjóðkjörnir þingmenn skyldu sína að skipa sjer í þjetta fylking í baráttunni fyrir sjálfsforræði landsins.

Mig minnir að h. þm. Borgf. (Gr. Th.) við 1. umr. málsins vildi gerast sættamiðill í þessu máli. Jeg veit ekki, hvort hann situr í sáttanefnd, en þó svo væri, þá vildi jeg ekki eiga mál mitt í hans höndum, því eptir því sem honum fórust orð, skildist mjer ekki betur, en hann ætlaðist til, að þingið eitt slakaði til, en stjórnin mætti og gæti staðið blýföst sín megin.

Hverjar svo sem afleiðingarnar verða af þessu stríði, sem að líkindum er byrjað en ekki endað, þá heyrir það ekki oss til, að dæma um það, því þetta, eins og allt annað, heyrir undir dómstól eptirtíðarinnar, sem allir verða að beygja knje fyrir.

Að því er snertir sjerstaklega það stjórnarskipunarlagafrumv., sem nú liggur fyrir, þá skal jeg geta þess, að mjer líkar það ekki í öllum greinum. Það eru sjer í lagi nokkur ákvæði, sem tekin eru upp í frumv., en jafnframt svo fyrir mælt, að þeim megi breyta með nýjum lögum. Þetta kann jeg ekki við. Jeg vil láta taka lögin strax fram, eins og þau eiga að vera.

10. gr. er um embættaskipun, og er aðalreglan eptir frumv., að landsstjóri víki mönnum úr embætti, en í frumv. eru þó undanskildir dómendur, og svo má með lögum undanskilja fleiri embættismannaflokka. Svona óákveðna ákvörðun vil jeg ekki hafa í lögunum, heldur að tekið sje skýlaust fram, hverjir embættismannaflokkar skuli undanskildir.

Þá er í 20. gr. frumv. talað um tölu þingmanna og kjörtíma, og sagt, að þessu megi breyta með lögum

Um tölu þingmanna getur ef til vill verið nokkur ágreiningur, og sumir vilja ef til vill hafa þá fleiri en nú; en jeg fyrir mitt leyti álít engan skaða skeðan, þótt þeir væru færri, en ákveðið er. Eins og menn munu vita, er ekki svo lítil eptirsókn meðal þingmanna eptir að komast í nefndir, en það fá færri en vilja. Margir þingmenn þykjast þannig ekki geta fengið tækifæri til að starfa á þingi, eins og þeir vildu.

Að því er snertir kjörtímann, þá vil jeg helzt, að kosið sje til hvers þings. Það hlyti að verða til þess, að vekja áhuga landsmanna á málefnum landsins, og hins vegar fengi þeir þá fljótt tækifæri til að losa sig við þá þingmenn, sem ekki eru að þeirra skapi eða lítt nýtir í löggjafarstörfum.

Þá hefði jeg líka viljað, að stjórnarskráin kvæði skýrt á, að konur skyldu hafa kosningarrjett að minnsta kosti, og jafnvel kjörgengi líka; en þessu má sjálfsagt kippa í lag með nýjum lögum.

Þá líkar mjer ekki sem bezt 37. og 42. grein, sem eru um það, hvað útheimtist til að þingdeildirnar geti gert ályktun um málin. Reglan er sú, að minnst tveir þriðjungar þingmanna verða að vera á fundi og greiða atkvæði, til þess að ályktun verði gerð. Mjer finnst það nokkuð óeðlilegt, að þó einn þriðjungur þingmanna gangi af fundi, þá skuli hinir tveir þriðjungar þingmanna, sem eptir eru, enga fullnaðarályktun geta gert, jafnvel þó þeir sjeu allir á eitt mál sáttir, og greiði atkvæði í einu hljóði. Með þessari ákvörðun finnst mjer minni hlutanum gefið meira vald í hendur en honum ber með rjettu, og vil jeg sjerstaklega skjóta því til h. nefndar, að koma lögun á þetta atriði til 3. umr.

Þorlákur Guðmundsson: Frá hvaða sjónarmiði sem þetta mál er skoðað, hvort heldur frá sjónarmiði hinna einstöku eða landsmanna yfir höfuð annars vegar, og sjónarmiði stjórnarinnar hins vegar, þá má engan furða á því, þótt þetta mál

hafi komið inn á þingið, úr því svo er, að stjórnarskráin 5. janúar 1874, 61. gr., gefur alþingi heimild til að ræða og samþykkja breytingar á þessari gildandi stjórnarskrá. Þau ákvæði stjórnarskrárinnar eru ekki heldur en önnur sett til þess að vera þýðingarlaus og dauður bókstafur. Það má ætíð búast við, að fram komi uppástungur til breytinga á hverri grein stjórnarskrárinnar, og að þessar breytingar verði samþykktar af alþingi eptir því, sem það finnur ástæðu til. Það virðist sem svo, að stjórnin hefði jafnan átt að vera við því búin; en eptir því sem hingað til hefir fram komið frá stjórnarinnar hendi gagnvart þeim stjórnarskrárbreytingum, sem alþingi hefir samþykkt, virðist svo, sem stjórnin haldi, að hún hafi ekki neina skyldu á hendi, sem leiddi til miðlunar. — Alþingi hefir enn eigi fengið annað svar frá stjórninni upp á aðgerðir þess í stjórnarskrármálinu, en það, sem felst í auglýsingunni 2. nóv. 1885 og brjefi ráðgjafans 15. okt. f. á. Í báðum þessum brjefum kunngjörir ráðgjafinn alþingi og hinni íslenzku þjóð, að H. H. konungurinn geti ekki staðfest stjórnarskrárbreytingar þingsins 1885 og 1886. Jeg verð að segja fyrir mitt leyti, að jeg saknaði þess mikillega, að H. H. skyldi ekki þóknast að senda þessu þingi neinn boðskap, því það hefir æfinlega glatt mig að sjá boðskap frá H. H. konunginum að undanförnu. Jeg verð því að segja, að stjórnin hafi tekið dauflega og stirðlega í þetta mál, þar sem jeg þó verð að álíta, að það hefði verið skylda hennar, að mæta þinginu, ef ekki á miðri leið, þá að minnsta kosti að nokkru leyti. Þrátt fyrir þetta hefi jeg nú þá skoðun, þá föstu sannfæringu, að rjett sje að láta málið nú bíða, og að heppilegast hefði verið, að flytja ekki málið inn inn á þing í þetta sinn, án þess þó að gefa eina hársbreidd eptir af þeim rjetti, sem þingið hefir til þess að samþykkja breytingar á stjórnarskránni þegar hentugur tími er til. Jeg þóttist sjá, að ástæða væri til að komast hjá aukaþingi næsta ár og þeim kostnaði, sem þar af leiddi, því vjer getum fengið nóg aukaþing samt, og eptir að jeg hafði borið málið upp fyrir kjósendum mínum í vor, styrktist jeg í þessari sannfæringu minni. Jeg hefi nú gert grein fyrir mínu áliti á málinu, eins og nú stendur, og lýst yfir, hver sje vilji kjósenda minna, og jeg ætlast til að jeg og kjósendur mínir berum ábyrgðina af aðgjörðum mínum í málinu að þessu sinni, hvorir með öðrum. Þetta segi jeg hreinskilnislega, því jeg álít, að hjer eigi, ekki síður en annarstaðar, að tala og greiða atkvæði af hreinskilni. — Breytingar þær, sem gerðar hafa verið á hinni endurskoðuðu stjórnarskrá frá 1886, álít jeg flestar til bóta, og er að því leyti með þessu stjórnarskrárfrumv., eins og jeg var með hinum fyrri.

Jeg geri ráð fyrir, að enginn komi með þær skýringar á þessu máli, eptir að þessari umræðu er lokið, sem breyti minni sannfæringu, og lýsi jeg því þess vegna yfir, að jeg mun greiða atkvæði með hinum einstöku greinum þessa stjórnarskrárfrumvarps; en svo fer jeg ekki lengra.

Sigurður Jensson: Jeg skal lýsa því hreinskilnislega yfir, að jeg er óánægður með, að sjá, í hvert horf þetta mál skuli vera komið. Þingið situr hjer ár eptir ár og ræðir og samþykkir þetta áríðandi mál, en stjórnin heldur áfram að gera að engu tillögur þingsins. Þingið hefir rjett til að ræða og samþykkja þær breytingar á stjórnarskránni, sem það vill, og svo opt sem það vill, en hins vegar þykist stjórnin hafa sama rjett til að virða einkis tillögur og vilja þingsins. Þetta gengur og getur gengið ár eptir ár, og þingið og stjórnin geta kennt hvort öðru um allan þann tíma og kostnað, sem fer til ónýtis. Þingið getur ásakað stjórnina fyrir það, að hún ekki vill sinna þessu máli, sem þarf að fá framgang og er aðal-velferðarmál

landsins. Stjórnin hefir þá afsökun, að hún hefir aldrei gefið þinginu neitt loforð eða skuldbundið sig til að ganga að stjórnarskrárbreytingu, heldur hefir hún lýst yfir, að hún vilji alls engar breytingar á stjórnarskránni. En nú er það aðgætandi, að þingið er svo sett, að það veit aldrei fyrir víst fyr en eptir á, hver er vilji stjórnarinnar í neinu máli, jafnvel ekki í hinum minnst-varðandi málum. Þó ekki sje um annað að ræða, en löggilding á einu kauptúni, þá veit þingið ekki, um leið og það ræðir málið, hver úrslit það muni fá hjá stjórninni. Seinast í gær, þegar ræða var um bátfiski á fjörðum og síldveiði fjelaga í landhelgi, lýsti hæstv. landshöfðingi yfir því, eptir áskorun h. þm. Borgf. (Gr. Th.), að hann mundi mæla með því við stjórnina, að þau frumv. yrði að lögum, eins og þau komu frá efri deildinni, en hann lagði áherzlu á, að hann gæti ekki ábyrgzt — ekki sagt með vissu, hvort stjórnin gengi inn á sínar tillögur eða ekki. Svona er nú ástatt, jafnvel í smá-málum. Hálfu ári eptir að þingmenn eru komnir heim til sín af þingi, fá þeir opt fyrst að vita, að það var eitthvert atriði í lögunum, sem þeir voru að undirbúa og samþykkja, sem stjórnin gat ekki gengið að, og þess vegna ekki staðfest lögin. I mörgum slíkum málum gæti það vel komið fyrir, að allur ágreiningur hefði horfið milli þings og stjórnar, ef þingið hefði getað fengið að vita vilja stjórnarinnar, og heyrt ástæður hennar, meðan á umræðum málsins stóð; en eins og nú hagar til, verður málið að bíða til næsta þings. Það er ekki von að vel fari, þegar í undirbúningi málanna vantar alla samvinnu við þann hluta löggjafarvaldsins, sem bezt á að geta talað með, hvað framkvæmd laganna snertir.

Jeg veit, að hæstv. landsh. á mikinn og góðan þátt í undirbúningi laganna með þinginu, en hann segir sjálfur, að hann geti enga vissu gefið fyrir því, hver sje vilji stjórnarinnar í hverju einstöku máli; hann leggur sjálfur áherzlu á það, að hann einungis geti lofað, að mæla með einhverju máli við stjórnina, en að hann geti ekki ábyrgzt, að þetta og þetta frumv. verði að lögum. Hjer er þá, þegar á allt er litið, ástandið líkt og á ráðgjafarþingunum með konungsfulltrúanum gamla. En vjer þurfum að fá þá stjórn, sem getur samið við þingið, svo þingið þurfi ekki að geta sjer neins til um skoðanir hennar og vilja. Allt þetta sýnir, að mikil, já brýn þörf er, að fá fram breytingar á hinni gildandi stjórnarskrá, og hversu svo sem sumir menn leyfa sjer að narrast og skopast að þjóðviljanum hjer á landi, þá verður því aldrei neitað með sanni, að það er vilji allra eða allflestra, sem nokkuð hugsa um málið, að vjer eigum að fá sem fyrst breyting á stjórnarfyrirkomulaginu. Það er engin ósamkvæmni í því, að koma með og samþykkja stjórnarskrárfrumv. 1885, og síðan annað með nokkrum breytingum 1887, og segja, að það sje vilji þjóðarinnar, að fá þá stjórnarskrá, sem um er verið að ræða í hvert skiptið. Það sem þjóðin vill — og það öll þjóðin — það er að fá stjórn, sem í raun og veru getur stjórnað landinu, og tekið þátt í löggjöf þess, og þá stjórn, sem hefir ábyrgð á gjörðum sínum og á vanrækt sinni. Þjóðin vill ekki þess konar stjórn, sem segir, þegar um virkilega ábyrgð er að ræða — eins og nú í Fensmarksmálinu —: »hjer er ekkert hægt að gjöra, því að það er enginn, sem hefir ábyrgð á þessari vanrækt«, heldur er það þjóðvilji, að stjórnin beri ábyrgð fyrir þinginu. En um hitt geta verið mismunandi skoðanir, hvort stjórnarskráin á að vera í 60 eða 70 greinum, og um hin einstöku ákvæði þessara greina. Í því efni verður ekki talað um neinn fastan og eindreginn þjóðvilja.

Um það þarf enginn að efast, að það er

vilji þjóðarinnar, að fá stjórnarskrárástandinu breytt. En hitt er ekki undarlegt, þótt margir verði ópolinmóðir yfir því, hvernig það gengur að fá þennan vilja, og yfir því, hvernig stjórnin gjörir langvarandi og kostnaðarsaman undirbúning málsins gagnslausan með því að halda sjer frá öllum afskiptum af málinu, og það er þá heldur ekki undarlegt, þótt menn spyrji, hvort ekki sje annar vegur til samkomulags við stjórnina, en sá, sem þingið hefir hingað til farið.

Á þeim undirbúningsfundi undir alþingi, sem haldinn var í mínu kjördæmi, og þar voru saman komnir margir merkustu menn hjeraðsins, þar datt engum í hug að hætta ætti við að fá endurbætur á hinu núverandi stjórnarfyrirkomulagi; en það kom til tals, hvort ekki væri hægt að fara annan veg, sem væri kostnaðarminni fyrir landið, og hvort ekki væri til önnur aðferð, sem leitt gæti til samkomulags milli þings og stjórnar, en sú, að samþykkja á þessu þingi stjórnarskrárfrumvarp, sem engin líkindi væru til að næði staðfestingu konungs.

Þegar jeg kom til þings í sumar, var jeg ekki vonlaus um, að slíkur vegur gæti verið til, og jeg vildi að allir þingmenn yfirveguðu það nákvæmlega, hvort allir aðrir vegir væru ómögulegir, áður en þeir veldu þennan veg, sem nú hefir verið valinn í þessu máli; en þessu gat jeg ekki fengið framgengt, eins og jeg vildi, og þar sem hæstv. landsh. við 1. umr. þessa máls talaði um tvídrægni í þinginu í þessu máli, þá átti hún, hvað mig snertir, sjer ekki stað í öðru en því, að mig skildi á við flutningsmenn frumv. um þetta atriði. Jeg skal játa, að sú von mín brást, að geta fengið aðra þingmenn til að ræða og íhuga þetta utanþings, hvort ekki væri neitt ráð til samkomulags við stjórnina; en úr því sem komið er, álít jeg það engan skaða, þó málið sje nú komið fram í þessu formi, og ef einhver sjer enn eitthvert ráð til að leiða málið til lykta á annan hátt, en að samþykkja þetta frv., þá mætti víst enn taka það ráð, ef mönnum svo sýndist.

Hæstv. landsh. sagði, að þetta frumv. væri enn óaðgengilegra fyrir stjórnina, en frumv. 1886; en oss vantar að vita, hvaða og hvernig lagað stjórnarskipunarlagafrv. er aðgengilegt fyrir stjórnina, og væri það skylda þingsins að taka allar bendingar hæstv. landsh. um það alvarlega til íhugunar. En ef hæstv. landsh. lýsir því yfir, að hann hafi ekki umboð til að ganga inn á neitt samkomulag við þingið í þessu máli, þá verðum við að eiga undir því, að samþykkja enn eitt stjórnarskipunarlagafumv., eins og oss kemur saman um, að hafa það lagað. Við eigum að gjöra allt til að leita samkomulags, en þegar þinginu er enginn vegur opinn í þá átt, þá verðum vjer að fara eins að í þessu máli, eins og vjer gjörum í hverju smámáli, að eiga undir, hvort stjórnin gengur að því eða ekki, og reyna hvernig gengur með þetta frumv., enda vona jeg, að stjórnin sjái fyr eða síðar, að það gengur ekki lengur að láta afskiptalaust þetta mál, sem varðar heill og hamingju heillar þjóðar, sem henni er skylt að láta sjer annt um.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Það gladdi mig sannarlega að heyra orð h. þm. Barðstr. (Sig. Jenss.) um þjóðviljann á Íslandi, því orð hans sýndu, að hann er mjer algjörlega samdóma um, hver og hvað hann sje. En þar sem hann var að tala um, að máske hefði mátt finna heppilegri veg til að koma stjórnarskrármáli voru áleiðis en þann, sem nú væri farinn, þá álít jeg, að hann hafi eigi íhugað stjórnarskipunarlögin nógu rækilega, því að eptir 61. gr. stjórnarskrárinnar er aukaþing sá eini mögulegi vegur til að fá stjórnarástandi voru breytt. Þótt stjórnin hefði nú komið með frv. til stjórnarskipunarlaga og þingið hefði samþykkt það

óbreytt, þá hefði þó engu að síður orðið að halda aukaþing að ári, og hefði svo þingið gjört breytingar á frv. stjórnarinnar, þá hefði aptur verið alveg óvíst, hvort stjórnin hefði gengið að þeim breytingum, sem þingið hefði gjört. Jeg man þá tíð, að þingið hvað eptir annað gjörði tilraun til að fá stjórnarskrármálinu framgengt, en stjórnin danska gat aldrei gengið að þeim kostum, sem þingið setti, og þingið ekki að þeim kostum, sem stjórnin setti, svo að málið lenti í einlægu þaufi fram og aptur milli þings og stjórnar, og er hugsanlegt, að raunin verði fyrst um sinn enn hin sama. En setti maður svo, að hin háttv. stjórn kæmi með frv. fyrir þingið, sem væri svo úr garði gjört, að þingið gæti samþykkt það óbreytt á reglulegu þingi og aukaþingi, þá mundi það náttúrlega verða staðfest, en á því sýnir hún engan vilja. Jeg get fullvissað hinn háttvirta þingmann um, að það er ekki til nokkurs hlutar fyrir hann nje aðra, að ætla sjer að finna upp ný ráð og nýjan veg, sem þræða skuli í þessu máli, því að 61. gr. stjórnarskrárinnar gjörir alla aðra vegi ómögulega en þann, sem farinn er og hún sjálf ákveður.

Sigurður Stefánsson: Eptir því, sem jeg hugsa meira um mál þetta og afstöðu þess bæði gagnvart stjórninni og þjóðinni, sannfærist jeg betur og betur um það, að hjer eigi menn að tala bæði í tíma og ótíma. Hvað þjóðviljann snertir, þá skal jeg ekki segja, hvort hann sje mikill eða lítill, en vona, að það sjáist síðar, að hann ekki á það skop skilið, sem hann hefir orðið fyrir hjá sumum.

Þegar jeg var kosinn til þings árið 1886 og heyrði álit kjósenda minna í máli þessu, þá skildi jeg þá svo, sem jeg ætti að fylgja málinu fastlega fram, eigi einungis 1886, heldur einnig framvegis, og gjöra allt sem jeg gæti til þess að því yrði framgengt, og hefði þessi skilningur minn á vilja kjósenda minna komið í minnsta bága við mína eigin sannfæring og skoðun á þessu máli, þá hefði jeg alls ekki með góðri samvizku getað tekið við kosningu minni, því að ef jeg svo síðar hefði snúizt móti málinu, þá hefði mátt bera mjer á brýn, að jeg hefði smeygt mjer inn á þing í skjóli stjórnarskrármálsins 1886, og blekkt kjósendur mína með loforðum, er jeg ekki ætlaði að enda. Jeg get ómögulega skilið, að þeir þingmenn og kjósendur, sem 1886 vildu, að mál þetta næði fram að ganga, skuli vera orðnir því fráhverfir 1887.

H. hæstv. landsh. gat þess í ræðu sinni, að það mundi eigi vera eindreginn þjóðarvilji, að málið væri tekið fyrir í ár, en jeg verð að leyfa mjer að segja hinum hæstv. landsh. það, að hann hefir lítið leyfi eða lítinn rjett til að tala um þjóðarviljann í þessu máli, og nota hann sem vopn á móti frv., þar sem stjórnin hefir sýnt, að hún einmitt hefir ekkert tillit til vilja almennings í þessu máli; þessi þjóðvilji, sem menn nú efast um, kom augljóslega fram við kosningar til alþingis 1886, og á alþingi 1886, en stjórnin hefir virt hann einskis.

H. varaforseti (Þór. Böðv.) sagði við 1. umr. þessa máls, að árið 1885 hefði verið öðruvísi ástatt en nú er, því þá hafi menn verið neyddir til að fylgja fram stjórnarskrármálinu. Gott og vel; jeg þykist þó viss um, að h. varaforseti hafi þó ekki verið málinu meðmæltur að eins til að fá kosningu. En hvað var það þá, sem neyddi hann til þess? Líklega þörf þjóðarinnar á betra og hagfeldara stjórnarfyrirkomulagi. En er máske ekki þörfin sú sama enn þann dag í dag? Er ísinn minni, harðindin minni, eða stjórnin betri? Nei, þörfin er engu minni nú árið 1887 en 1885; hún er meiri en nokkru sinni áður. Stjórnarskrármálið er að því leyti frábrugðið öðrum málum, að það útheimtir 2 þing til þess að geta orðið borið undir stað-

festingu konungsins; hjer er því alveg sama máli að gegna, sem um hvert annað mál, sem stjórnin hefir einu sinni synjað staðfestingar, eptir að alþingi hefir samþykkt það; en hefir þingið nokkru sinni látið áhugamál þjóðarinnar falla niður fyrir það, þó stjórnin hafi einu sinni synjað þeim staðfestingar? Neitun stjórnarinnar getur eigi haft nokkra þýðingu í þessu máli, nema því að eins, að þingið álíti það nú eigi nauðsynjamál, sem hún á tveimur síðustu þingum hefir nær því í einu hljóði talið lífsspursmál sitt. Jeg greiði því glaður atkv. með frv. fyrir guði og samvizku minni, því að jeg veit líka, að það er ekki alþingi Íslendinga eitt, sem ber ábyrgðina af nýju aukaþingi, heldur hin danska stjórn. Jeg veit, að sumir h. þingmenn horfa í kostnað þann, sem leiðir af nýju aukaþingi, eins og væri þeim peningum í sjóinn kastað, sem varið er til aukaþings; þetta finnst mjer mjög óviðkunnanlegt, og get jeg ekki sjeð, að það sje til að tryggja þjóðrjettindi vor eða að auka álit alþingis, að menn skuli skoða alþingi sem nokkurs konar landplágu, sem forðast eigi sem mest að auðið er, og jeg lýsi því hátíðlega yfir, að slík skoðun er alls ekki skoðun hinnar íslenzku þjóðar. Jeg veit meira að segja, að mikill hluti þjóðarinnar vildi helzt hafa þing á hverju ári, og því óskiljanlegra er það, að aukaþing skuli nú vera notað sem grýla á móti frumvarpinu. Þá eru harðindagrýlurnar; já, jeg veit það mikið vel, að vjer eigum að búa við eld og ís og allmikil harðindi, en vjer eigum líka að búa við ókunnuga erlenda stjórn, sem fyrirlítur rjettindi vor, og virðir oss ekki svars í vorum mestu áhugamálum. Harðindi og hallæri eru reyndar þungbær, en jeg beygi mig þó glaður undir þá voldugu hönd, sem þar ræður; um stjórnina í Danmörku er allt öðru máli að gegna; krjúpi jeg þar, þá krýp jeg nauðugur og krýp hátigninni, en stend á rjettinum. Mjer finnst það engin furða, þó að vjer óskum eptir meira sjálfsforræði, þar sem vjer stöndum gagnvart stjórn, sem lætur árum saman sólunda landsins fje, og segir svo eptir á, að hún hafi enga ábyrgð á því, þó að vjer missum fyrir handvömm hennar miklu meira fje en það, sem gengur til eins aukaþings; að búa undir slíkum kjörum, er sannarlegt ánauðarok og óbærilegt að standa rjettvana gegn þeirri stjórn, sem lítilsvirðir svo rjettindi vor og vanrækir skyldur sínar, og sje það því ekki brýn skylda vor, að ljetta af oss því oki, sem verra er en nokkurt harðæri, þá veit jeg sannarlega ekki, hvað fulltrúar Íslendinga telja skyldu sína.

Menn hafa komið með þá mótbáru móti frv., að stjórnin mundi aldrei samþykkja það. Getur vel verið, að sú stjórn, sem nú stendur við stýrið í Danmörku, samþykki það aldrei, en þessi stjórn er ekki eilíf; póstskipið getur komið í dag og með því sú fregn, að þessi stjórn sje eigi lengur til, og svo er ekki heldur alveg ómögulegt, að hún geti breytt skoðun sinni, eins og aðrir dauðlegir menn. Þetta er því engin gild ástæða til að fella málið, heldur einungis átylla fyrir þá, sem vilja láta málið hvíla sig. Jeg skal eigi fara út í hin einstöku atriði í ræðu hæstv. landsh., en að eins geta þess, að jeg get engan veginn skilið það hjá h. landshöfðingja, að hans hátign konungurinn gjöri sig ómyndugan, þó að hann staðfesti þetta frv., og stjórnin virðist heldur eigi vera á þeirri skoðun, því að hún hefði víst eigi farið að leysa upp þingið og stofna til nýrra kosninga, ef þingið 1885 hefði farið svo langt út fyrir þau takmörk, sem stjórnarskráin 1874 ákveður. Þessi mótbára er því ástæðulaus; stjórnin hefir með upplýsingu þingsins sýnt, að hún hefir talið stjórnarskrárbreytingu þingsins að öllu lögmæta. Ef h. stjórn vildi mæta oss á miðri leið, þá skyldi jeg verða síðastur manna til að hafna samkomulagi við hana, náttúrlega að óskertum landsrjettindum Ís-

lands, en svo mikið get jeg ekki brotið odd af oflæti mínu, að jeg fari að gjöra stjórninni þá ánægju, að hætta við þetta mál, meðan stjórnin eigi býður oss annað en blábert og ástæðulaust nei.

Menn hafa talað um að senda ávarp til hans hátignar konungsins, en þá aðferð tel jeg mjög óheppilega, því að bæði er það, eins og h. 2. þm. Eyf. (Ben. Sv.) sagði, að frv. frá 1886 er fallið niður, svo að það verður ekki framar gjört að lögum, þó það komi þúsund ávörp, og svo get jeg ekki ímyndað mjer, að svo veik aðferð, eins og að senda að eins ávarp til konungs, geti haft nokkur áhrif á stjórnina, því að eptir mínum skilningi á grundvallarlögum ríkisins ræður konungur hjer engu, heldur er vilji stjórnarinnar vilji konungsins í framkvæmdinni. H. þm. Barðstrend. (Sig. J,) sagðist vilja hafa samkomulag við fulltrúa stjórnarinnar. Það vil jeg líka, en vel að merkja við þann fulltrúa, sem eitthvert vald og einhverja ábyrgð hefir. Sá fulltrúi, sem stjórnin hefir hjer á þingi, getur ekki, þótt hann væri allur af vilja gjörður, samið við oss fyrir hennar hönd; hann er ábyrgðarlaus gagnvart þinginu og að eins einn veikur og vanmáttugur liður í umboðsstjórnarkeðju, sem er svo máttlaus, ókunnug og ósanngjörn við oss Íslendinga. Jeg álít því, að sá eini vegur, sem hægt er að fara, sje sá, að samþykkja þetta frv., náttúrlega með þeim breytingum, sem mönnum kynni að þykja nauðsynlegar; en hætti menn við málið nú, þá álít jeg að gengið sje þúsund sinnum lengra aptur á bak en áfram er komið.

Landshöfðingi: H. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.) sagði í ræðu sinni, að stjórnin hefði viðurkennt rjett þingsins til að gjöra það sem það gjörði 1885 með því að ráða H. H. konunginum til að uppleysa það og stofna til nýrra kosninga. En stjórnin hefir aldrei haft neitt á móti því, að þingið hefði rjett til að samþykkja breytingar á stjórnarskránni, en hún hefir á hinn bóginn alls eigi upplevst þingið af þeirri ástæðu, að hún væri að neinu leyti samþykk breytingum þeim, sem þingið gjörði, heldur af því, að það er skylda hennar eptir berum orðum stjórnarskrárinnar, að uppleysa þingið, jafnskjótt sem það hefir samþykkt breytingar á stjórnarskránni; jeg get ekki fengið annað út úr orðum h. þm. en að hann hafi verið að gefa stjórninni undir fótinn, að henni hefði verið innan handar að rjúfa stjórnarskrána, og get jeg ekki skilið, hvernig honum getur komið til hugar, að stjórnin mundi leyfa sjer slíkt.

Grímur Thomsen: Jeg vil alls eigi takast þann starfa á hendur, sem h. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) hefir ætlað mjer, að gjörast sáttasemjari milli þings og stjórnar í þessu máli, þó að reyndar þyrfti sátta við, því barátta þessi er byrjuð en eigi enduð, og óvíst hvar lenda muni, en hætt við að hjer fari sem í Hjaðningavígum, að það sem drepið verður, rísi jafnóðum upp aptur. Eins og jeg hef áður sagt, álít jeg frumv. þetta aðgengilegra en það í fyrra, og þeim agnúum, sem hæstv. landsh. fann á því, ímynda jeg mjer að hægt sje að breyta, nema sambandinu milli 1. og 2. gr. og 71. gr. Jeg vil benda h. framsögum. (Ben. Sv.) á eitt dæmi. Setjum nú svo, að Íslendingar einhvern tíma óskuðu, að samningar við aðrar þjóðir yrðu, að því leyti er þeir snerta Ísland, lagðir undir samþykki þingsins; þá yrði samt ómögulegt að fá því framgengt, því að það mál liggur fyrir utan hin sjerstöku málefni Íslands, sem talin eru upp í 2. gr., og hefði því verið betra að vitna til stöðulaganna. Sama er að segja um 34. gr., að þar hefði einnig verið nauðsynlegt að vitna til stöðulaganna. Þetta segi jeg ekki til að rýra frumv., heldur að eins til að sýna, að það getur enn batnað, eins og það hefir batnað síðan 1885; jeg er því á þeirri skoðun, að

frumv. ekki hlíði neinn skaða, þótt það hvíldi sig í 2 ár til. Hinn h. 1. þm Ísf. (Sig Stef.) talaði með miklu kappi fyrir málinu, eins og honum er lagið, en gat þó ekki bent á neinn veg til samkomulags við stjórnina.

Formælendur frumv. hafa bent oss á, að vjer höfum áður átt í 20 ára langri baráttu við hina dönsku stjórn fyrir rjettindum vorum, og unnið sigur að lokum. En þá var öðruvísi ástatt en nú er. Danir höfðu sjálfir fengið sjálfsforræði árið 1848 og var því óeðlilegt og ósanngjarnt, að hinir aðrir þegnar ríkisins eigi fengju að njóta hinna sömu rjettinda, sem þeir sjálfir höfðu, og áttum vjer þá í hugum og hjörtum Dana sjálfra og Danastjórnar svaramenn fyrir kröfum vorum og óskum; þar við bættist og, að vjer höfðum þá þann forvígismann fyrir málum vorum, sem vjer eigum nú engan slíkan. Nú álítur stjórnin aptur á móti stjórnarskrá þá, sem vjer höfum, góða og gilda, og mun finnast sumar þær breytingar, sem gjörðar hafa verið, fara allt of lángt. — Menn hafa minnzt á hinn margrædda þjóðvilja, og jeg skal ekki staðhæfa neitt um hann, heldur að eins geta þess, að jeg er í miklum vafa um, hvort þjóðin mundi verða með þessu frumv., ef það væri lagt fyrir hvert kjördæmi landsins og heimulega atkvæðagreiðslu, eins og á sjer stað í Schweitz. H. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.) fór nokkrum orðum um ávarps-aðferðina, sem hann hjelt að hefði lítinn árangur, og er jeg honum samdóma um, að ávarp er ekki sá vegur, sem bezt mundi að fara í þetta sinn. Hitt ætlaði jeg vera mundi miklu heppilegra, að sett væri milli- þinga- nefnd til að athuga málið og reyna að komast að einhverri miðurstöðu. Jeg sje það á andliti h. 1. þm. Isf., að hann hefir víst litla trú á þess konar nefnd og mun líklega hugsa sem svo, að í slíka nefnd mundi eigi verða öðrum skipað en mjer og mínum líkum; en það er engan veginn víst, að svo fari, því stundum hafa einmitt mótstöðumenn stjórnarinnar verið settir í þess konar nefndir; eða var máske ekki sjálfur Jón Sigurðsson í þeirri nefnd, sem kosin var hjer um árið til að athuga fjárhag landsins? og var hann þó enginn fylgifiskur stjórnarinnar. — Vilji h. þingd. ekki aðhyllast þessa aðferð, þá sje jeg engan veg, sem til sátta mundi leiða, og liggur þá ekki annað fyrir en að berja málið áfram upp á von og óvon.

Sigurður Stefánsson: Hæstv. landsh. hefir víst misskilið orð mín áðan. Jeg meinti að alþingi hefði rjett til að gjöra þær breytingar sem það vildi á stjórnarskránni, innan þeirra takmarka, sem sjálf stjórnarskráin og stöðulögin heimila, og út fyrir þessi takmörk hefði alþing eigi farið 1885, enda sæist það bezt á því, að stjórnin hefði álitið sjer skylt að leysa upp þingið. En mundi hún hafa verið að hafa fyrir því, ef þingið hefði farið svo langt út fyrir sinn verkahring, að það hefði gjört hans hátign konunginn ómyndugan, eins og hæstv. landshöfðingi sagði?

Þar sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) sagði, að jeg hefði ekki bent á neitt ráð til að koma málinu í betra horf, þá er það ekki rjett. Jeg benti á það eina ráð sem getur dugað, sem sje að halda áfram; þó að menn nú hættu, eins og sumir vilja, og hvíldu málið í 2 ár, þá er alls eigi sagt, að oss mundi ganga betur eptir þessi 2 ár en áður, heldur mundi það öllu fremur verða til þess að seinka málinu eigi einungis í 2 ár, heldur mörgum sinnum 2 ár. Á hinn bóginn höfum við engar skýrslur fyrir því, að þessi stjórn, sem nú er, sitji við stýrið í 2 ár, svo að málinu sje þess vegna ekki hreifandi; því að stjórnirnar geta orðið jafnmargar og mánuðurnir eru í þessum 2 árum, og vera kann að einhvern tíma í þessi 2 ár kæmi sú stjórn, sem miðla vildi málum, ef frumvarpið lægi fyrir, þó hún fyndi ekki

ástæðu að hreifa málinu að fyrra bragði; og þó að nú þessi stjórn sitji kyr í sessi sínum eins og áður, þá getur hún þó breytt skoðun sinni á málinu.

En hvað snertir millipinganefnd þá, sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) var að tala um, þá sá hann það rjett á andliti mínu, að jeg hef enga trú á þess konar nefndum; þær hafa sjaldan gjört gagn, og hin óheppilegustu lög, sem við höfum, eru sum frá hjartarótum þeirra komin.

Þorsteinn Jónsson: Jeg er einn af þeim þingmönnum, sem ekki vildi láta mál þetta koma inn á þing í frumvarpsformi að þessu sinni, og mun því eigi gefa frumvarpinu í heild sinni atkvæði mitt en jeg óska þó af alhug, að vjer gætum fengið endurbót á stjórnarskrá vorri, og jeg er viss um, að vjer allir óskum þess af hjarta, en það er einungis aðferðin, sem greinir á um. Menn finna glöggt til þess að gallar eru á stjórnarskrá vorri. Mönnum finnst að lagasynjunum vera nokkuð óþyrmilega beitt af stjórninni, en enga lagasynjun hefir mjer fundizt svo til um sem synjum laganna um fiskiveiðar í landhelgi, með því hjer var um annan aðalatvinnuveg landsins að ræða.

Stjórnarskrá vor er nú ekki orðin svo gömul; hún hefir enn ekki náð fermingaraldri; stjórnarskrá Dana varð þó 17—18 ára áður hún var endurskoðuð.

Flutningsm. stjórnarskrárinnar hafa gjört ýmsar breytingar við stjórnarskrána frá 1885, sem eflaust flestar eru til bóta, að minnsta kosti frá þingræðislegu sjónarmiði; má vera ef hún biði til 1889, að menn kynnu enn að finna nýjar endurbætur á henni. Vilji þjóðarinnar er hvergi nærri svo eindreginn með þessu máli sem 1885 og 1886; úr átta kjördæmum sem kjósa 10 þingmenn eru komnar áskoranir til þingsins um að halda stjórnarskránni áfram breyttri eða óbreyttri, þannig að aukaþing verði að ári; en frá 7 kjördæmum, er kjósa 12 menn á þing, eru áskoranir um aðeins að hreifa henni í ávarpsformi eða hreifa alls eigi við henni, og frá 6 kjördæmum, er kjósa 8 menn á þing, liggja alls engar fundargjörðir eða áskoranir fyrir þinginus að því mjer er kunnugt.

Tíminn er auk þess illa valinn, illa valinn í 3 tilliti; illa valinn með tilliti til hins almenna pólitiska ástands í Evrópu illa valinn með tilliti til stjórnarástandsins í Danmörku, og illa valinn með tilliti til hins núverandi efnahags og ástands landsbúa sjálfra.

Yfir Evrópu vofir geigvænleg styrjöld, þjóðirnar standa vígbúnar gagnvart hver annari, og eru komnar að gjaldþroti af hinum stórkostlega herbúnaði; það má segja, að allt sje þar í óvissu og á hverfandi hveli hvað framtíð þjóðanna snertir, en eigi má telja það ólíklegt, að þá er «Krösus fer næsta skipti yfir Halys, muni mikið ríki til grunna ganga».

Í Danmörku styrktust hægrimemm við þingrofin í vetur, þar sem þeim bættust 9 atkvæði, og þeir verða æ harðari í horn að taka við vinstrimenn, sem nú er sagt að sjeu farnir að semja við stjórnina; má því vænta að við oss verði líkt leikið, og stjórnin verði eigi bráðlát með að slaka til.

Í landi voru hefir hin síðustu árin verið mesta óáran, svo legið hefir við hallæri hvað eptir annað, og er von að það dragi nokkuð úr mönnum með að halda áfram stjónarbaráttu í sama horfi, sem áður, þar sem lítil sem engin von er um árangur.

Ef málinu verður haldið fram í frumvarpsformi, og það verður samþykkt af báðum deildum, er afleiðingin aukaþing að ári; þá þurfa að fara fram nýjar kosningar, og kosta þær landsbúa æðimikið; það eru býsna mörg dagsverk, sem þær kosta landsbúa. Jeg er nú hræddur um, að mörg aukaþing verði eigi vinsæl; jeg þykist þekkja landa mína svo vel, og með allri þeirri virðingu, sem jeg ber fyrir

aukaþinginu 1886, get jeg þó eigi metið það og afrek þess 20000 kr. virði.

Það hefir að vísu verið sagt, að þótt landssjóður tapi við aukaþingið, tapi landið ekki á aukaþingi, því peningarnir fari ekki út úr landinu; en jeg samþykki þá setningu engan veginn að öllu leyti, því fyrst er það, að nokkuð af peningunum fer þó út úr landinu, og eptir henni ætti ein sveit ekki að tapa þótt á sveitinni þyngdi, ef peningarnir yrðu innsveitis, en það held jeg varla sje viðurkennt. Jeg skoða hjer þing og stjórn sem tvo málsaðila, en þegar 2 málsaðilar ekki eru á eitt sáttir, er það sátt-vænlegast að báðir slaki til; þingið ætti því að skora á stjórnina að leggja stjórnarskrárfrumv. fyrir alþingi 1889; ef hún gerði það, þá vissi þingið, að hverjum kostum hún vildi ganga, og hefði það þá þegar nokkurn fastan grundvöll að byggja á í þessu máli.

Jeg er sannfærður um, að það væri þegar mikil framför, ef ráðgjafinn sæti á þingi, því þá hefðu þingmenn strax vissu um, hvað lögleitt yrði og hvað ekki.

Þó jeg sje flestum einstökum greinum í þessu frumv. samþykkur, get jeg af tjeðum ástæðum ekki gefið því atkvæði í heild sinni, þar sem jeg er sannfærður um, að það nái aldrei staðfestingu.

Jeg hefi nú lýst skoðun minni á þessu máli, og jeg krefst þess af fylgjendum þessa máls, að þeir beri sömu virðingu fyrir minni sannfæringu, sem jeg ber fyrir sannfæringu þeirra.

Jónas Jónassen: Þegar um það er að ræða, að breyta gersamlega stjórnarfyrirkomulagi landsins, þá er þetta mikið vandamál og þarf vel og vandlega að hugsa það á alla vegu; þegar byggja skal nýja byggingu, þarf að taka traustan grundvöll. Þegar gera skal breytingu á stjórnarskrá vorri, þurfum vjer að athuga allt vandlega, sem þar að lýtur; vjer megum ekki ráðast í slíkt, nema bráð nauðsyn beri til, og vjer sjeum búnir að koma oss niður á eitthvað fast, því ótækar eru einlægar breytingar eins og mjer virðist eiga sjer stað, þegar um stjórnarskrá vora er að ræða; h. nefnd hefir nú í þetta skipti komið enn fram með breytingar, og þótt sumar af þeim breytingum, sem nú eru komnar við hina endurskoðuðu stjórnarskrá, sjeu lítilvægar, eru þó sumar líka þýðingarmiklar, og skal jeg nefna t. d. breytinguna við 10. gr., þar sem úr eru felld orðin »konungur eða«, og landsstjóri látið halda sjer; hjer er »konungur« strykaður út. Er ekki neitt varið í þessa breytingu? Þetta mál er hvergi nærri full-hugsað enn þá; að minni ætlun, er nauðsynlegt að taka sjer lengri tíma til þess, enda álít jeg óheppilegan tíma til að kom með frumv. þetta nú; þingtími er nær hálfnaður, og ekki veitti af því, sem eptir er af honum, eingöngu til að ræða þetta mál; auk þess eru mörg mikilsvarðandi mál fyrir þinginu, er þurfa þess með, að allir leggist á eitt til að útkljá þau sem vandlegast. Jeg tel það því mjög óheppilegt, að h. flutningsm. skyldi fara að koma með þetta frumv. nú inn á þing. Málið verður til þess að koma af stað sundrungu, tvídrægni og áhugaleysi í hinum öðrum nauðsynjamálum vorum, og tel jeg þetta mikið illa farið.

Jeg skal ekki fara út í þá sálma, hvort stjórnarskrárbreyting er almennt áhugamál þjóðarinnar. Um þetta mun vera skiptar skoðanir. Mín persónulega skoðun er sú, að oss beri að reyna eptir fremsta megni að fá stjórnina sem mest inn í landið í öllum þeim málum, er Ísland sjerstaklega varða; en, eins og þetta frumv. nú er úr garði gert, get jeg með engu móti gefið því mitt atkvæði.

Jeg er alveg hissa, bæði á nefndarálitinu og ræðu þeirri, er framsögum. (B. Sv.) hjelt við 1. umr. þessa máls, þá er hann sagðist fullviss um það »að fjallkonan fríða mundi undir eins reisa höfuðið frá koddanum, þegar hún sæi, að synir hennar legðust á eitt til að ganga á hólm við öll

þau mein, er hana þjá«, því jeg er viss, jú, alveg viss um, að þessi mein læknast ekki með stjórnarsbrárbreytingu einni saman; hjer er sannarlega of mikið borið í; eða ætli allt, sem að oss amar, svo sem hafís, harðæri og sjerhvað annað, eigi eingöngu rót sína í stjórnarskrá vorri og göllum hennar? Jeg held nei!

Að flutningur manna hjeðan af landi til Vesturheims standi í nokkru sambandi við þá núgildandi stjórnarskrá, þver-neita jeg; það nær engri átt; en eitt skal jeg segja h. flutningsmanni, og það er það, að merkur handiðnamaður hjer sagði nýlega við mig: »Ef þjer haldið þessu stjórnarskrár-þrefi áfram á þessu þingi, þá munu menn flytjast af landi burt«; jeg get ekki með góðri samvizku greitt atkvæði með þessu frumv., eins og það hjer liggur fyrir; en eitt vil jeg taka fram: heiðruðu deildarmenn!, mjer er mjög illa við, að menn gjóti hornauga til mín fyrir þær sakir; jeg ann fósturjörð minni eins heitt og hver annar, sem hjer er inni í þessum sal, og jeg þoli ekki, að jeg sje skoðaður sem fjandmaður þjóðar minnar fyrir þá sök, að jeg greiði atkvæði eptir minni sannfæringu í þessu máli, þó svo vilji til, að hún ekki falli saman við sannfæringu meiri hlutans hjer á þingi.

Mig varðar ekkert um, hvað stjórnin vill eða ekki vill í þessu velferðarmáli; jeg greiði atkvæði að eins eptir minni lifandi sannfæringu um það, sem mjer finnst vera rjett.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg ætlaði að hika við, að biðja um orðið, af því jeg hjelt, að h. forseti mundi fara að slíta fundi; en þegar jeg sje, að hann hefir það ekki í hyggju, verð jeg að leyfa mjer að tala nokkur orð, áður en gengið verður til atkvæða.

Við 1. umr. þessa máls fór jeg nokkrum orðum um hina almennu hlið þess, og skal jeg ekki taka það upp aptur, sem jeg sagði þá. En þar sem talað hefir verið um, hvað gert var áður í stjórnarskipunarlagamálinu á ráðgjafarþingunum, og að oss beri nú að hefja stjórnarbaráttu á ný, þá skal jeg geta þess, að alla þá tíð, sem stjórnarbaráttan stóð yfir á hinum fyrri þingum, og Jón Sigurðsson var höfuðmaðurinn á þinginu, þá var það að eins 4 sinnum, að þingið samþykkti stjórnarskipunarfrumv., og í hvert skipti kom það frá stjórninni. En nú verður ekkert byggt á vilja stjórnarinnar, og það verður ekki heldur fyr en frumv. til stjórnarskipunarlaga kemur frá stjórninni sjálfri.

Jeg segi ekki, að jeg vilji engar breytingar á stjórnarskránni; en jeg segi, að ekki eigi að samþykkja þetta stjórnarskipunarlagafrumvarp nú.

Þegar jeg lít á þetta stjórnarskipunarlagafrumv., þá sje jeg strax, að því hefir verið breytt frá því sem það var 1885 og 1886. Að hve miklu leyti því hefir verið breytt til bóta, skal jeg ekki gera að umtalsefni mínu nú; en það get jeg sagt strax, að því hefir ekki verið breytt þar, sem helzt þurfti að breyta því. Jeg vil í því tilliti nefna 21. gr., sem sumum mun þó hafa þótt óhafandi í frumv. þingsins 1885. Jeg vildi þá láta semja ný kosningarlög til efri deildar, ef hinir konungkjörnu ekki ættu að hafa setu í deildinni. Þetta tel jeg svo stórkostlegan galla á frumv., að jeg get ekki greitt atkvæði með því, að minnsta kosti að því, er snertir þessa grein.

Jeg skal ekki taka upp það, sem hæstv. landsh. sagði um ákvæði 2. gr., samanborin við ákvæði 71. gr., og enn fremur um 10. gr. Jeg held jeg hafi sagt við hann, að mjer hefði ekki þótt hann fara vel með þessar greinar; en jeg treysti mjer samt ekki til að mótmæla því, sem hann sagði. Sjálfir sjáum vjer, að öll þörf er að breyta ýmsum ákvæðum frumvarpsins; en jeg er samdóma h. þm. Rvík. (J. Jónassen) um,

að ekki muni margir treysta sjer til að breyta svo frumv., að það geti ekki nokkurn tíma orðið betra. Ef jeg mætti taka upp uppástungu h. þm. Borgf. (Gr. Th.), um að skora á stjórnina um að setja nefnd milli þinga til að íhuga þetta mál, þá áliti jeg heppilegast, að setja nefnd úr okkar flokki, úr þinginu, til að íhugaþað til næsta þings eða lengur,—til að endurskoða frumv. þetta, sem enn hefir verulega galla.

H. þm. Barðstr. (Sig. Jensson) sagði það, sem fleirum býr í brjósti, að halda yrði áfram, unz undan yrði látið. En þá datt mjer í hug hið forna hreysti-yrði: »Skipið er nýtt, en skerið er hró, og skal því undan láta«. Hinir yngri menn eru eðlilega fjörmeiri og djarfari til framsóknar, en hinir eldri; en þó jeg sje gamall, þá er ekki víst nema einhver yrði hugdeigari en jeg, að sigla á skerið, ef jeg væri viss um, að það ljeti undan; en jeg er ekki viss um, að skerið láti undan.

H. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.) var þungorður til þeirra, sem voru með frumv. 1885 og 1886, en sem ekki verða með því nú, 1887. En þó jeg væri með málinu 1885 og 1886, þá get jeg ekki verið með því nú. Hann vildi segja, að jeg hlyti að verða með því nú; en frá mínu sjónarmiði er það alls ekki sjálfsagt. Það var allt öðru máli að gegna þá, því það var þá beinlínis skylda okkar, að taka málið fyrir. Við höfðum sjálfir sett okkur fyrir, að endurskoða stjórnarskrána 1883, og þá þurfti ekki að spyrja um neinn þjóðvilja. Þegar svo var, gat jeg, eins og aðrir, ekki annað gert, en það sem jeg gat, til að koma endurskoðuninni í sem bezt horf, eptir því, sem vjer gátum sjeð í þann svipinn. En hvorki jeg nje aðrir gátum vitað, hvað menn um aldur og æfi gætu verið sáttir með, og sumt var jeg ekki, alls ekki, ánægður með, þó jeg gæti ekki sjeð annað heppilegra. Vildi jeg á sínum tíma ekki hafna því, að þingið fengi löggjafarvald og forræði fjár síns, þótt ýmsu væri áfátt, og hversu sorglega sem h. 1. þm. Ísf. lýsti ástandinu undir hinni núgildandi stjórnarskrá, þá verð jeg þó að segja, að hún er ekki óbrúkandi, ef við höfum þrek og dugnað til að brúka hana rjett.

Hafi h. 1. þm. Ísf. verið að brigzla mjer með því, að jeg hafi verið með hinni endurskoðuðu stjórnarskrá 1885 og 1886, til þess að ná kosningu á ný til alþingis, þá er það vitanlegt, að jeg hefi aldrei, hvorki fyr nje síðar tranað mjer fram til kosninga, og í fyrsta sinn, sem jeg var kosinn til þings, var jeg ekki á kjörfundi og hafði ekki lofað að taka við kosningu, enda færðist jeg undan að taka við kosningu, þótt jeg ljeti til leiðast, þegar kjósendur höfðu sýnt mjer þetta traust.

H. sama þm. þótti það, sem von var, hart, ef menn skoðuðu alþingi sem »landplágu«, en því miður mun á stundum þurfa að halda svörum uppi fyrir því, að þingið sje ekki »landplága«. Jeg hefi að minnsta kosti opt og einatt orðið að halda svörum uppi fyrir því, að engum peningum væri betur varið, en þeim, sem gengju til þess.

H. þm. Eyf. og framsögumaður þessa máls sagði, að ekki væri önnur aðferð til, til þess að fá fram endurskoðaða stjórnarskrá, en að samþykkja stjórnarskrárfrumvarp það, sem hjer liggur fyrir; en það er einmitt það, sem gerir, að jeg get ekki fylgt h. þm. lengur, svo fullkomlega sem jeg verð að játa, að jeg hafi bezta vilja til þess. Nú byrjar stjórnarbaráttan eða ekki, og eigi jeg nú að byrja baráttuna, get jeg aldrei hætt. En jeg vil fresta henni, svo að málstaður vor skemmist ekki í neinu.

H. 1. þm. Ísf. (Sig. St.) sagðist fyrir »guði og samvizku sinni« geta gefið þessu máli atkvæði sitt, og jeg veit, að hann segir þetta frá hjarta sínu; en jeg segi eins glaður og öruggur »nei« við þessu frumv., og þykist með þessu mínu orði gera þjóð

minni eins þarft verk og hann með sínu »já«.

Tuttugasti og sjötti fundur, fimmtudag 28. júlí kl. 6 e. h.

Frv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands (41,138); framh. 2. umr.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Mestum hluta af þeim augnablikum, sem liðin eru síðan forseti frestaði umræðu þessa máls, hefi jeg varið til að finna kjarnann í mótbárum þeim, sem komið hafa fram gegn frv. þessu, sjer í lagi frá þrem andmælendum þess, h. varaforseta (Þ. Böðv.), þm. Reykvíkinga (J. J.) og þm. Vestm. (Þ. J.), og niðurstaðan hefir orðið sú fyrir mjer, að þeir sjeu allir nefndinni samdóma um það, að gagngjörðar breytingar á hinni núverandi stjórnarskrá sjeu allshendis nauðsynlegar. Að vísu þótti h. varaforseta (Þ. Böðv.) hin núverandi stjórnarskrá góð, ef vjer kynnum með að fara. En jeg fæ ekki skilið, hvað hann meinar með slíkum orðum; dettur mjer sízt í hug að leggja áherzlu á þau, svo mikil fjarmæli sem þau eru. En aptur held jeg mjer þess fastara til hins, — því það talaði hann og ályktaði öldungis rjett — að breyting á stjórnarskránni sje öldungis nauðsynleg; og þarf jeg þá að eins að brýna fyrir honum, að þessi nauðsynlega breyting, sem hann játar og viðurkennir, er einmitt fólgin í stjórnarskrárfrumvarpi því, sem hjer ræðir um. Það var að eins eitt atriði, sem hann tók fram að sjer líkaði ekki í þessu frv.: sem sje skipun efri deildar, eða kosningarnar til hennar; en eins og jeg tók fram gagnvart andmælum h. hæstv. landsh., þá eru ákvæðin um kosningarnar svo víðtæk, að þau gefa hið æskilegasta ráðrúm til að haga kosningunum eins og haganlegast þykir og heillavænlegast, en rígbinda menn alls ekki við að haga þeim eins og gjört er í kosningarlagafrumvarpinu 1886. Jeg bið menn því, og sjerstaklega andmælendurna vel að gæta þess, og gleyma því nú ekki aptur, að öllum kemur saman um, að breytingar á stjórnarskipuninni sjeu nauðsynlegar, og að þessar breytingar sjeu einmitt að finna í því frv., sem hjer liggur fyrir. Þetta tvennt er aðalatriði málsins. Jeg get að öðru leyti tekið það fram, að hinir háttvirtu andmælendur lýstu yfir skoðun sinni í þessu efni á ýmsan hátt. H. þm. Rvík. (J. J.) sagði t. a. m. í nafni kjósenda sinna, að hann óskaði, að stjórnin gæti orðið sem mest innlend. H. þm. Vestm. (Þorst. J.) sagðist líka álíta þetta æskilegt í sjálfu sjer. Í aðalatriðunum eru þeir því báðir alveg samdóma nefndinni. Þegar menn nú ganga út frá þessu, þá er líka náttúrlegt, að þeir sjeu samdóma nefndinni um, að halda málinu áfram, því að það er ólíklegt, að nokkur haldi því fram, að breyting sje nauðsynleg, án þess þó að vilja fá þessari nauðsynlegu breyting framgengt. Hitt er alveg óskiljanlegt, að þeir hafi lifandi tilfinning fyrir þörf á breyting og vilji þó halda öllu í sama horfinu. »Það er svo bágt að standa í stað», segir skáldið, —»og mönnunum miðar—annaðhvort aptur á bak—ellegar nokkuð á leið». Ekkert stendur í stað, allt er á hreyfing og allt hreyfist annaðhvort aptur á bak eða áfram; þetta er hið algilda »fysiska» lögmál, og hin politiska hreyfing er alveg sömu lögum háð og hver önnur hreyfing. Mjer er því ómögulegt að skilja í því, að það, að standa í stað, sje sama sem að halda áfram, eða í stuttu máli: jeg skil ekki þessa kyrrðarkenning hinna háttvirtu þingmanna; jeg skil ekki, að það sje hið sama að leggja stjórnbótamál Íslands á hylluna og að halda því áfram á stjórnskipulegan hátt; jeg skil ekki, hvernig læknir gæti sagt við mann: »lifðu», en við hjarta hans: »stattu kyrrt», því lífið heimtar hreyfing, sífellda

hreyfing hjartans. Hinir háttvirtu þingmenn hljóta þannig að vera mjer alveg samdóma, ekki að eins um það, að breytingin sje nauðsynleg, heldur einnig, að jafn-nauðsynlegt sje að halda breytingarviðleitninni áfram, því annars fer hún aptur á leið. Hjer getur því spurningin að eins verið um það, hvernig vjer eigum að halda áfram; en það er auðsjeð, að þau atriði liggja eiginlega fyrir utan verksvið eða umræðuefni vort við þessa umræðu málsins, því að við 2. umr. er sjerstaklega að ræða um hin einstöku atriði málsins og hinar einstöku greinar frv. Það, sem h. þm. hafa látið í ljósi um þau atriði, sem sjerstaklega liggja undir þessa umræðu, sýnir ljóslega, að þeir hafa ekkert sjerlegt að athuga við hin sjerstöku atriði málsins. Þegar nú þessir heiðruðu herrar eigi að síður lýsa yfir því, að nú eigum vjer að fella málið og leggja það á hylluna, þá er það auðsjeð, að þeir hafa keyrt sig sjálfa í dróma og römmustu mótsögn, enda mun það verða eptir bæði af mjer og öðrum, að finna í ræðum þeirra hinn minnsta snefil af skynsamlegum rökum fyrir slíkri kenningu. Hver, sem fer að gjöra sjer grein fyrir henni, hlýtur jafnskjótt að reka sig á mótsagnirnar. H. þm. Vestm. (Þ. J.) sagði t. a. m., að það hefði verið óheppilegt, að þetta mál hefði nú komið inn á þing; það kæmi til leiðar sundrung og eyddi tíma þingsins. Þetta skil jeg ekki; en það skil jeg, að nauðsynin á því, að fá þessu allsherjarmáli framgengt, eigi og hljóti þvert á móti að knýja oss til að halda saman og vinna saman einhuga bæði í því og öðrum nauðsynjamálum lands og þjóðar. Ekkert band ætti að vera eða getur verið eins sterkt, eins innilegt, eins tryggt til að tengja saman syni landsins til bróðurlegs samheldis og eindrægni, eins og hin vafalausa og viðurkennda nauðsyn á að breyta allsherjar-stjórnarlögum þess. H. þm. Rvík. (J. J.) hneikslaðist á því, að jeg sagði, að »fjallkonan fríða mundi reisa höfuðið frá koddanum í því augnabliki, þegar hún sæi, að synir hennar með eindrægni og ráðsnild, með karlmennsku og innilegum bróðurhug og með trausti til gjafarans allra góðra hluta risu upp til að ganga á hólm við öll þau mein, andleg og líkamleg, sem þjá hina íslenzku þjóð». Jeg veit, að h. þm. er læknir og það góður læknir, og jeg vil spyrja hann, hvort hann þekkir annað betra »recept«, sem hann vilji gefa »fjallkonunni fríðu» til að rísa upp af koddanum, en það, að fulltrúar þjóðarinnar leggist á eitt með fúsum vilja, einbeittum og alvarlegum áhuga, að bæta hag hennar á allan hátt. Jeg veit ekki —það skal jeg fúslega játa — betra meðal en þetta; bendi hann á annað, ef hann þekkir það. En ef þetta er bezta meðalið, hví skyldum vjer þá ekki beita því? Það snertir hvern og einn af oss út af fyrir sig og oss alla til samans. Það er óslítandi eining í málinu sjálfu; og hví skyldi þá ekki vera óslítandi eining meðal vor, sem um málið fjöllum? H. varaforseti (Þ. Böðv.) sagði, að þessar einlægu breytingar væru ískyggilegar; en með hverjum rökum og rjetti getur hann kallað þær breytingar, sem gjörðar eru einu sinni á frumvarpinu frá 1885 og 1886, einlægar breytingar? Það er satt, sem h. þm. Ísf. (S. St.) tók fram, að hjer liggur fyrir frv., sem að eins einu sinni hefir verið samþykkt og nú er tekið upp aptur, því að frv. var ekki samþykkt til fullnaðar fyr en 1886, og þá, eins og allir vita, alveg breytingalaust. Það er allt svo einungis um breyting að ræða á þessu eina frv., þegar það var nú tekið upp aptur, og hefir verið gjörð til þess að ná sem mestu og beztu samkomulagi um það, að reyna að ná væntanlegu samþykki alþingis samkvæmt 61. gr. stjórnarskrárinnar og staðfesting hans hátignar konungsins á því. Þetta er þó allt annað en einlægar breytingar. Og jeg vona að minnsta kosti, að h. varafor-

seti (Þ. Böðv.) játi, að hann hefir sjálfur mælt með öðruvísi tíðum breytingum í máli, sem hann hefir sjálfur fjallað um, sjálfsagt með vandvirkni og samvizkusemi; jeg þarf ekki að nefna það mál; hann veit við hvað jeg á. Það ætti því ekki að vera ástæða fyrir hann að vera á móti málinu fyrir þá sök, að því er breytt til bóta í fáeinum atriðum, án nokkurrar grundvallarbreytingar. H. varaforseti mun líka vera mjer samdóma um það, að þótt vjer biðum enn 1—2—3, 4, 5, 6 ár, eða hvað lengi sem vera skyldi, þá sje ekki meiri trygging fyrir, að þeir, sem um málið fjalla þá, þegar tími hins hæstv. varaforseta væri loksins kominn, ekki kynni að breyta því. Hann veit þó líklega og viðurkennir, að manneðlinu og tímanum er svo háttað, að þau horfa og eru hneigð til stöðugra breytinga. Jeg get nefnt Danmörk, Noreg, Svíþjóð og fleiri þjóðir; engin þeirra hefir búið til þau stjórnskipunarlög, sem ekki hafi verið breytt fyr eða síðar. Jeg er alveg viss um, að h. varaforseti (Þ. Böðv.) leggur ekki mikla þýðing í þessa mótbáru sína, því það veit jeg, að hann vill varast, að hún verði áliti hans fyrir stjórnspeki og mannþekkingu að fótakefli. Hann sagði líka, að endurskoðun stjórnarskrárinnar hefði verið nauðsynleg 1885 og 1886, sökum þess, sem fram hefði farið 1873.

H. varaforseti (Þ. Böðv.) nefndi þingvallafundinn; en hann var að eins privatfundur; það var að vísu alveg satt, að áhugi manna lýsti sjer í því, að á hann komu menn úr fjarlægum hjeruðum, og tóku sig upp að heiman á óhentugum tíma frá áríðandi störfum langar og örðugar leiðir; en þó var þessi þingvallafundur ólíkum mun þýðingarminni, sem sönnun fyrir áhuga þjóðarinnar í stjórnarskrármálinu, en alþingi 1886. H. varaforseti verður þó að játa mjer því, að meira er varið í hina konunglegu auglýsing 2. nóv. 1885, þar sem sjálfur konungur og stjórnin skorar á þjóðina að lýsa yfir því, hvort hann vilji senda þá fulltrúa til alþingis, sem halda vilji áfram frv. 1885 óbreyttu. Jeg segi fyrir mig, að jeg áleit mig eptir 1873 miklu minna bundinn en nú til að halda gallhart fram stjórnarskrárbreytingunni, og svo hlýtur hver þingmaður að segja, sem nokkra hugmynd hefir um skyldurspor sín á þinginu og eðli þessa allsherjarmáls. Jeg játa það, að jeg er kappsmaður; mjer þykir enginn vansi að þessari játningu, hvort sem jeg gjöri hana í þessu máli, eða öðrum minni velferðarmálum þjóðar minnar; en þó efast jeg um, að á þingi 1886 hafi stjórnarskrármálið verið mjer meira kappsmál, en h. varaforseta (Þ. Böðv.); jeg vil láta hann njóta þessa sannmælis; minna má það ekki vera, þar sem jeg veit, að við liggur virðing hans og vinsæld, sem hann á skilið — sem jeg óska, að hann eigi sem bezt skilið — bæði lífs og liðinn.

Jeg sje, að umræðurnar ætla að verða nokkuð langar um þetta mál, og vil jeg því ekki tefja fyrir öðrum h. þm. að láta álit sitt í ljós í þessu máli, og skal jeg því ekki fara um það fleiri orðum að þessu sinni.

Grímur Thomsen: Eitt virðist ljóst, hvernig sem menn virða þetta mál fyrir sjer, að samkomulag þarf að nást við stjórnina, ef þetta mál á fram að ganga, og annað það, að þjóðin sjálf ekki breytist. Þetta tvennt er öldungis nauðsynlegt fyrir þingið, og án þess getur það ekki verið. Það hefir nú þegar komið í ljós vottur þess, að þjóðin sýnir ekki hinn sama áhuga á þessu máli, sem 1885 og 1886. Og sje þessi vottur sannlega fyrir hendi, getur þingið ekki haldið þessu máli til streytu.

Jeg vil leyfa mjer að gera dálitla athugasemd við það, sem h. þm. Ísf. (S. St.) sagði. Hann skoðaði það sem viðurkenningu frá stjórninni á rjetti þingsins í því, sem farið væri fram á í hinu nýja stjórnarskrárfrv., að hún rauf þingið 1886

og ljet nýjar kosningar fram fara. Þetta vildi h. þm. (S. St.) fremur skoða sem viðurkenning stjórnarinnar á rjetti vorum heldur en skyldu hennar samkvæmt stjórnarskránni. En jeg vil benda h. þm. á, hvert þessi hans skilningur getur leitt, einkum nú, þegar svo skarpur lagaskilningur er við hafður. Stjórnarskrá vor segir, að alþingi skuli koma saman annaðhvort ár. Hvernig færi nú, ef stjórnin segði: alþingi veit, að frv. til stjórnarskipunarlaga, eins og þetta er, sem nú liggur fyrir þinginu, getur stjórnin aldrei samþykkt; að halda því fram, er því ónauðsynleg festa, og leikurinn hlýtur að vera gerður til þess að fá aukaþing annaðhvort ár og reglulegt þing annaðhvort ár. Þennan leik vil jeg ekki leyfa þinginu framvegis; jeg legg málið á hylluna. Jeg segi ekki, að þetta verði, en þetta er mögulegt, og nokkuð þessu líkt hefir átt sjer stað annarstaðar, sem jeg ekki skal nefna.

H. frasmögum. (B. Sv.) talaði um dæmi annara þjóða. Jeg vil leyfa mjer að minna á Holland. Þar hefir stjórnarskrárbreyting verið á prjónunum í nærfellt 20 ár. Í 10 ár lögðu þeir málið á hylluna, og hvíldu það þangað til sú stjórn kom til valda, sem vildi sinna kröfum þeirra, og nú hafa þeir fengið máli sínu framgengt. Saga þeirra getur verið lærdómsrík einnig fyrir oss, og það þess heldur, sem Hollendingar hafa reynzt eins lægnir á að koma ár sinni fyrir borð, eins og Íslendingar.

Árni Jónsson: Mjer datt í hug, þegar h. þm. Borgf. (Gr. Th.) var að halda sína skörpu ræðu og sagði, að þjóðin mundi þreytast fljótt, nokkur orð eptir eitt af vorum góðu skáldum:

„Táp og fjör og friskir menn
finnast hjer á landi enn,
þjettir á velli og þjettir í lund,
þrautgóðir á raunastund“.

(Gr. Th.: Bara það reynist). Nú vona jeg einmitt, að það reynist satt að vera, og að skáldið hafi þar sannara að mæla, en spádómur þm. Borgf.: að það reynist enn, að hjer sje »táp og fjör og friskir menn«, sem sjeu »þjettir á velli og þjettir í lund, og þrautgóðir á raunastund«.

Hjer er staðurinn; því ef vjer viljum hag þjóðar vorrar og viðurkennum rjettindi hennar og æskjum þess, að hún fái rjettindin, frelsið, heill og hagsæld — þá eigum vjer að vera þrautgóðir á raunastundinni, og standa þá sem fastast og þjettast fyrir, og hika þá ekki fremur en áður við að halda fram frelsi hennar og rjettindum, þörfum og þjóðkröfum. Nú er svo að heyra, sem allir þm. sjeu á einu máli um það, að þjóðin haldi eigi fram öðru í þessu mikilvæga máli, en eðlilegum kröfum, og þeim rjettindum, sem æskilegt sje að hún öðlist sem fyrst. En þá er spurningin einungis um, hvort það eigi að halda málinu fram í þessu formi eða öðru, hvort heppilegra sje fyrir málefnið sjálft og hvort betur verði tekið til greina, eða hvoru stjórnin svarar fremur, þessari aðferð, eða ávörpum. En voru eigi ávörp send hjer frá þinginu 1885, glæsilega rituð og gulli dregin, og hvaða svar hefir komið? *(Landsh.:* Konungsauglýsingin). Konungsauglýsingin 2. nóv. 1885 var hörð og köld, eins og steinninn. Þjóðin getur eigi unað við slík svör, og væntir annara betri, eðlilegri og sanngjarnari, og hún þreytist eigi, svo lengi sem hún metur frelsi og rjettindi, farsæld sína og framfarir, á annan mælikvarða en í krónutali. Mjer finnst það vera djarfmannlegra, að halda áfram ótrauður, og vera þrautgóður á raunastundinni, heldur en hitt, að þegja, og því vil jeg fylgja þeirri stefnu.

Hvað hinni konunglegu auglýsingu viðvíkur, þá get jeg ekki tekið þær ástæður til greina, sem hún ber fyrir; enda h. þm. Borgf. (Gr. Th.) þóttist eigi geta tekið þær til greina í fyrra, og það er ómögulegt fyrir nokkurn, að álíta, að þær sjeu

samkvæmar hinni núgildandi stjórnarskrá, og almennum hugsunarreglum, enda þótt hann sje stjórnarskrárbreytingunni mótfallinn.

En þá kemur nú önnur grýlan, frá stjórnarinnar hendi og þeim, sem hennar máli fylgja: að þetta sje svo mikill kostnaður; en má jeg benda á annað dæmi, sem sýnir, að stjórnin sjálf hugsar eigi um að spara fyrir okkur. Hún hefir hafnað þeim þm., sem hún hafði áður hjer á þingi, og búsettir voru hjer í Reykjavík, en tekið aðra langt utan af landi, og með því kastað út fleiri hundruðum króna. Þetta er eigi meint til mannanna sjálfra, heldur til stefnu og anda h. stjórnar.

Það mun hafa verið h. þm. Árnes. (Þorl. G.), sem gat þess, hve sjer hefði komið það óvænt og ókunnuglega fyrir, að ekkert orð hefði komið frá stjórninni nú í þingbyrjun, en landshöfðingja einungis gefið vald til þess að setja þingið.

Mjer finnst það einnig bæði fálegt og sorglegt, mjer finnst það lýsa því, að okkar fátæka þjóð sje svo lítils metin og lítilsigld, að hún sje eigi viðtalsverð, þegar hún fer að ympra á þjóðrjettindum og sjálfsforræði. Jeg varð var við það, þegar jeg var meðal erlendra þjóða, að margir hjeldu sem svo, að þessi eyja væri eins og Grænland; hjer byggju að vísu mannlegar verur, en oss vantaði skynsemi og hvatki annað til þess í raun og veru að geta talizt með mönnum, til þess að geta talað um og átt heimting á mannlegum rjettindum, eins og aðrir menn, er búa í hinum suðlægari, sólríkari löndum. Og viðskipti stjórnarinnar við oss í þessu máli síðan í hitt eð fyrra virðast mjer lýsa því, að hún álíti, að hjer sje um svo lítið að gjöra, að því sje varla gaumur gefandi; þetta sje annaðhvort vanhugsaður barnaskapur, sem ekki sje svara verður, eða að rjettur hins sterkara eigi að gilda. Þetta allt hefir þau áhrif á mig, að mjer finnst að vjer verðum að sýna, að vjer finnum til þess, að vjer erum skyldugir að halda fram rjettindum og frelsi þessa lands, þessa okkar fósturlands, þótt að herði á ýmsa vegu.

Hinum einstöku mótbárum á móti þessu frv. hefir verið svarað af framsögum. og þarf þar litlu við að bæta.

H. þm. Borgf. (Gr. Th.) var að tala um Hjaðningavígin. En þau voru þó eigi endalaus, og hann má minnast þess, að eigi þurfti nema hugprúðan kappa til að höggva þau í sundur og ljetta vígunum af. Sama gæti orðið um þessa hríð, að henni ljetti af á einhvern hátt fljótara en varir.

H. þm. Vestm.ey. (Þ. J.) var líka að reyna að mæla á móti frv. og ljet spádómsgáfu sína skína enn sem fyrri. Um daginn spáði hann aptur í tímann, þegar hann var að búa til einhverja brúðkaupsveizlu í fjárlaganefndinni, sem honum þó líkaði ekki alls kostar. Hann hefir líklega unað því síður en vel, að honum skyldi ekki vera boðið; en nú spáði hann þó fram í tímann og tók það eptir Pythiu og Apollo, að þegar »Krösus færi yfir Halysfljót, þá mundi mikið ríki til grunna ganga«. En nú vil jeg eigi fara eins og Krösus, sem trúði hverju því orði, er guðinn í Delphi sagði, og rjeðist því á móti Cyros, en missti ríki sitt og komst nauðulega frá lífláti. Þegar hann síðan var kominn til virðinga hjá Cyros, sendi hann guðinum hlekki þá, er hann hafði borið, og ljet spyrja hann, hvort honum þætti eigi óvirðing að hafa ginnt sig svona. En guðinn svaraði því, að hann mætti sjálfum sjer um kenna, því hann hefði átt að spyrja að, hvors þeirra ríki, hans eða Cyrosar, mundi til grunna ganga. Þess vegna vil jeg leyfa mjer að spyrja h. þm. Vestm.ey., hvort ríkið Vestmannaeyjar eða Danmörk muni til grunna ganga, þegar þetta frumv. fer yfir hafið, hvort hann sje

hræddur um, að Vestmannaeyjar muni þá í sjó sökkva.

H. þm. Rvk. (J. J.) þóttist unna málinu af alhuga, en vildi þó ekkert sinna því, og byggði það á tveim mótbárum. Fyrst, að því hefði verið breytt. En þetta er mjög svo þýðingarlítil mótbára. Það er bara til þess að finna sjer eitthvað til, einhverjar viðbárur. Jeg er sannfærður um, að hann og þeir, sem þetta finna að frv., hefðu fundið eitthvað annað, einhverja snaga til að hengja hattinn sinn á, og ganga svo á móti frv., allt eins fyrir það, þótt það hefði komið fram óbreytt. Hitt var annað, að hann sagði það mundi tefja svo fyrir öðrum málum og draga um of hugann frá þeim. En jeg held það þyrfti eigi að vera, ef samvinnan er góð að öðru leyti; og jeg held h. þm. sje óhætt að treysta því, að þetta mál tefji eigi svo fyrir, að rjúpnafrv. hans komist eigi í gegn fyrir því.

H. varaforseti (Þ. Böðv.) misskildi víst h. 1. þm. Ísf. (S. St.). En af því framsögum. hefir svarað honum til þess, þá skal jeg ekki taka það upp aptur. En hann kvað »ástandið ekki óbrúkandi eins og það er«, og þá þykir honum það líklega ekki heldur óbrúkandi þótt 20 þús. kr. hafi farið forgörðum hjá stjórninni, sem maður veit ekkert hvar á að, leita að og nú bætast máske nokkur þúsund við, og svoleiðis getur það gengið áfram, þegar enginn veit, hvar ábyrgðarinnar er að leita.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Jeg ætla einungis að svara h. þm. Borgf. (Gr. Th.) fáu einu; það var eitt atriði í ræðu hans, sem lýsti því, að hann hafði misskilið h. 1. þm. Ísf. (Sig. St.), þar sem hann sagði, að þingm. Ísfirðinga hefði gefið stjórninni undir fótinn með því að uppleysa ekki þingið; þetta er hreinn og beinn misskilningur; en aptur á móti hygg jeg það engan misskilning hjá mjer, að h. þm. Borgf. (Gr. Th.) einmitt sjálfur með ræðu sinni hafi gefið stjórninni undir fótinn með það að leysa þingið ekki upp núna, ef þetta frumv. yrði samþykkt. Jeg er því mjög svo þakklátur hæstv. landsh. fyrir þá yfirlýsingu, sem hann gaf þinginu, að stjórnin væri *skyldug* til að leysa þingið upp. *(Landshöfðingi:* Það þarf eigi yfirlýsing). Má vera; en orð hæstv. landsh., — og það skaðar þó aldrei — komu fram einmitt í því formi. H. þm. Borgf. (Gr. Th.) tók dæmi af Holllendingum, sem — að mjer heyrðist hann segja — hefðu í 10 ár lagt stjórnarskrárbreytingarmál sitt á hylluna; jeg vil þá taka dæmi af Norðmönnum, sem eru bæði nær oss og skyldari; þeir hafa einmitt á seinni árum gert breyting á stjórnarskrá sinni miklu örðugri, til þess að allar breytingar á henni yrðu sem bezt hugsaðar og sem vandlegast úr garði gerðar gegnum fleiri þing; þeir eru því ekki, eins og hinn h. þm. er, hræddir við, þótt nokkur þing þurfi að koma saman áður en stjórnarskrárbreyting getur komizt á hjá þeim. Þeir leggja ekki málið á hylluna af hviklyndi og staðfestuleysi.

Þá var það mjög eptirtektavert í ræðu h. þm. Vestm. (Þorst. J.), er hann var að tala um þann kostnaðarauka, sem aukaþing bakaði *landinu*. En má jeg spyrja h. þingm.: álítur hann virkilega, að eins sje ástatt, þegar fulltrúar Íslendinga koma saman á alþingi, til þess, samkvæmt eindreginni ósk þeirra, að ræða um velferðarmál landsins, eins og þegar þurfamenn þiggja af sveit í Vestmannaeyjum, því af þeim dróg hann dæmið? Þessar og aðrar eins ástæður koma mjer til þeirrar sannfæringar, að ástæður h. þm. Vestm. (Þorst. Jónss.) gegn stjórnarskrárbreytingunni sjeu á ljettvægari rökum byggðar en ætla mætti þessum þingm. En ekki þar fyrir: sami heljar-misskilningurinn kom fram hjá sjálfum h. varaforseta (Þór. Böðv.). Mjer skildist hann segja, að hann hefði þurft að halda svörum uppi fyrir alþingi, líklega gagnvart kjósendum sínum. En sje

það nú, að kjósendur Gullbr.- og Kjósarsýslu hafi þá skoðun, að alþingi Íslendinga sje að álíta sem landplágu, og fulltrúar þjóðarinnar sem þurfamenn, og hafi þessi skoðun komið fram á kjörfundi þeirra 1887, þá er mjer skiljanlegur sá apturkippur í skoðunum kjósenda h. varafors. (Þór. Böðv.), sem hann einlægt er að bera fyrir sig, stefnu sinni í málinu til afsökunar. En eru þá þessir apturkipps- og tvímælamenn kjarninn úr kjósendum hans? Bágt er, *ef* svo væri! Eg veit það ofurvel, að hinar röngu skoðanir eiga hægra uppdráttar en þær rjettu, og sannleikanum mæta opt og tíðum þær mótspyrnur, sem valda því, að menn verða eins og blindir og leiðast inn á villigötur, en sjá ekki sannleikann, sem liggur á botninum. Þetta veit h. varaforseti, og hann veit líka, að þessi alþýðu-þytur er enginn mælikvarði til að dæma þjóðviljann eptir, heldur eigum vjer að byggja á þeim þjóðvilja, sem sýndi sig svo eindreginn 1886; jeg er líka sannfærður um, að þjóðviljinn er sterkari nú en þá; það er eðlilegt einkenni á þjóðviljanum, að hann vex við hverja mótspyrnu, já, hlýtur að vaxa við hana. Jeg vona, að þetta rætist hjer á þingi og sýni sig í því, að þetta stjórnarskrárfrumvarp verði að minnsta kosti samþykkt af h. þingd. með nægum atkvæðafjölda, þrátt fyrir allar mótspyrnur og vefengingar h. varaforseta og annara andmælenda.

Hitt ættu þeir að sjá, að það dugar ekki eingöngu að álasa stjórninni með vantraustinu, og gera henni getsakir um látlaus rangindi, og gefa henni með ósönnum skýrslum um þjóðviljann ástæðu til að virða að vettugi löggjafaratkvæði þingsins.

Þorvaldur Bjarnarson: Á almennum fundi í Rangárvallasýslu 27. júní þ. á., þar sem margir voru saman komnir úr öllum hreppum sýslunnar, var almennt skorað á okkur þingmenn kjördæmisins, að halda óruggt áfram á þessu þingi stjórnarbótarmálinu, sem við, eins og kunnugt er, vorum kosnir til að framfylgja 1886, og endurnýjuðu kjósendur okkar þá þessa áskorun. Að eins tóku þeir það fram, að við skyldum framfylgja stjórnarskránni með þeim breytingum eða viðauka, sem oss kynni að virðast hagfelldur. Þörfin á stjórnarbótinni tjáðu kjósendur okkar að hefði verið og væri því meiri *nú*, sem lengra væri komið tímanum, og samþykki enn ekki hefði fengizt, og þess utan hinni núgildandi stjórnarskrá og greinum eða ákvæðum í henni hefði verið beitt í allt aðra átt, en þjóð og þing hefði nokkurn tíma vænzt eða til ætlazt, og sem stórlega virtist að koma í bága við þjóð og þing í allsherjarmálum vorum, og stæði hún þess vegna enn þá fremur í vegi fyrir heillum lands og þjóðar.

Þær litlu breytingar, sem h. nefnd hefir gert á frumv. því, sem hjer ræðir um, hefir h. deild, og þar á meðal jafnvel andmælendur frumv., viðurkennt heppilegar og til bóta, og jeg einnig sannfærzt um, að svo sje; og hlýt jeg því óhikað að gefa frumv. atkvæði mitt með áorðnum breytingum.

Að leita samkomulags við stjórnina í þessu máli, virðist mjer næstum gjörræði, og því ekki á þingi hafandi; því slíkt væri líkt því, sem sakamaður kæmi fram fyrir rjettardómara til þess að biðja hann eða bjóða honum fje til að fella ranglátan dóm sjer í vil, og vita menn almennt, hvaða hegning við því liggur; því það er auðvitað, að sú stjórn, sem veit og viðurkennir sig að vera það »af guðs náð«, hlýtur að finna skyldu sína í því, að uppfylla þarfir þjóðar þeirrar í stjórnlagalegu tilliti, sem hún tjáist vera sett yfir. Það er því helg skylda þjóðarinnar, að lýsa fyrir stjórninni svo satt og rjett högum lands og þörfum þjóðar, sem hún veit

bezt og rjettast fyri dómi samvizku sinnar, og því samkvæmt beiðast staðfestingar nauðsynlegra laga, og hvorki svíkja sjálfa sig nje stjórnina í slíkum rjettarkröfum; og ekki síður hlýtur þá stjórnin »af guðs náð« að finna það helga og ómótmælanlega stjórnlagalega skyldu sína allramildilegast að fullnægja beiðninni, sem þannig grundvallast á sönnum þörfum lands og þjóðar. Og hvorki stjórn nje þjóð á með, að gera nokkuð með sátt eða samkomulagi, sem kynni augsýnilega að miða til annars en sannra heilla fyrir land og lýð. Mjer virðist heldur engin ástæða til að ætla, að stjórnin ekki vilji samþykkja lög þau, er hjer ræðir um; henni mun ekki hafa virzt þau nægilega ítarleg, samanborin við hag lands og þjóðar, og hefir viljað láta okkur sjálfa læra að bera þarfir vorar greinilegar og ítarlegar upp fyrir sjer, og mun hún nú efalaust finna, að svo sje gert í þessu frumv., með tilliti til breytinga þeirra, sem h. nefnd hefir gert við það.

Landshöfðingi: H. framsögum. (B. Sv.) tók það fram í ræðu sinni, að h. þm. Borgf. (Gr. Th.) hefði misskilið h. 1. þm. Ísf. (S. St.) og orð hans um þingrofið 1886; en jeg verð að segja h. framsögum., að hann hefir einnig gjört sig sekan í misskilningi á konunglegri augl. 2. nóv. 1885, þar sem hann álítur, að stjórnin hafi skorað á þjóðina, að segja álit sitt um stjórnarskrárfrv. 1885, því að engin þess konar áskorun hefir legið í uppleysing þingsins 1885; stjórnin gjörði einungis það, sem var skylda hennar að gjöra eptir fyrirmælum stjórnarskrárinnar, og það var ekki einu sinni nauðsynlegt að frumv. kæmi aptur til umræðu á næsta þingi, enda sýndi stjórnin berlega, að hún vildi ekki stuðla til þess að málinu yrði haldið áfram, þar sem hún ekki lagði frumv. fyrir þingið. Sumir hafa hneikslazt á því, að enginn konunglegur boðskapur skuli hafa komið til þingsins í ár sem svar upp á það, sem þingið samþykkti 1886, og get jeg ekki skilið, hvers vegna þeim þykir það svo óviðkunnanlegt. Það vaka víst fyrir þeim hinar konunglegu auglýsingar til alþingis, sem tíðkuðust meðan þingið var ráðgefandi að eins, en nú þykir ekki vera ástæða til að senda alþingi konunglegan boðskap, nema sem svar upp á ávörp frá þinginu. Árið 1886 samdi þingið ekkert þess konar ávarp, heldur samþykkti að eins hið sama frumv., sem það hafði samþykkt 1885 og þá leiðbeint til H. H. konungsins með ávörpum, en upp á þau ávörp hafði H. H. svarað með augl. sinni 2. nóv. 1885.

H. framsögum. og fleiri h. þm. hafa sagt, að það væri skylda stjórnarinnar, að mæta þinginu á miðri leið í þessu máli. En hvað meinar hann með því, að mæta þinginu á miðri leið? Eptir allri stefnu þingsins í þessu máli hlýtur hann að meina hið sama, sem h. 2. þm. Rangv. (Þorv. B.) sagði svo hreinskilnislega, sem sje, að það væri »gjörræði« af þinginu, að slaka til í neinu, en að það væri skylda stjórnarinnar að samþykkja frv. eins og það kemur frá þinginu alveg orðalaust, enda hefi jeg enga von um, að h. framsögum. eða þeir, sem honum fylgja, vilji slaka til við stjórnina í nokkru verulegu atriði, svo að tilraun til samkomulags frá stjórnarinnar hálfu hlyti að verða algjörlega þýðingarlaus.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg hefi áður minnzt lítið eitt á sögu þessa máls frá fyrri þingum og hver árangur hafi orðið af hinni löngu baráttu hins ógleymanlega Íslendings, Jóns heitins Sigurðssonar, fyrir frelsi voru og rjettindum. Jón Sigurðsson barðist á hverju þingi fyrir rjettindum þessarar þjóðar frá 1845 og þar til árið 1877, að hann gat eigi lengur, en allan þennan langa tíma voru að eins 4 frv. til nýrra stjórnarskipunarlaga lögð fyrir þingið og þessi frv. komu einmitt frá stjórninni sjálfri; hinn tímann voru jafnan að

eins send ávörp. Þessu rjeð Jón Sigurðsson, og efast jeg um, að hann mundi nú hafa eggjað menn til framgöngu. Jeg vildi óska, að menn vildu nú læra af honum liðnum, eins og meðan hann var á lífi; hann vann að fleiru en stjórnarskrármálinu, og gjörði allt sem í hans valdi stóð til að koma landinu upp, því að hann vissi það vel, að landið verður ekki farsælt fyrir stjórnarskrá eina. Þetta segi jeg ekki til að sneiða nokkurn mann, heldur einungis vegna þess, að það er skoðun mín. H. framsögum. (B. Sv.) er jeg mjög þakklátur fyrir þá kurteysi, sem hann hefir sýnt mjer, og það gladdi mig, að heyra hve höglega hann svaraði mótbárum mínum, þrátt fyrir þá lifandi sannfæringu, sem hann hefir í þessu máli. Hann sagði að jeg hefði kallað þá stjórnarskrá góða, sem vjer höfum, en jeg mun hafa sagt, eins og h. þm. Mýram. (Á. J.) tók fram, að hún væri brúkandi, ef vjer að eins hefðum nenningu og dug í oss til að nota hana rjettilega; en þar sem h. framsögum. segir, að nauðsynlegt sje að halda málinu áfram einmitt núna, þá get jeg ekki verið honum samdóma, því að jeg get ómögulega skilið, að vjer töpum nokkru, þótt vjer tökum oss hvíld og bíðum betri og hentugri tíma. Enginn lætur slá að vetrinum, nje róa, þótt gefi, þegar engan fisk er að fá; allir reyna að sæta tækifærinu, og leyndardómur hamingjunnar er í því fólginn, að nota tækifærið, en eigi að halda hverju máli áfram hvernig sem á stendur. H. framsögum. þykir jeg hafa tekið of djúpt í árinni um hinar sífelldu breytingar, sem verið væri að gera á frv. Getur verið, að jeg hafi oftalað, en breytingarnar eru þó orðnar svo margar, að menn eru eigi enn komnir að fastri niðurstöðu í málinu. Stjórnarskrármálið kom fyrst fyrir 1883, síðan var það tekið fyrir 1885 og því þá mikið breytt. Árið 1886 var það samþykkt óbreytt, eins og eðlilegt var; nú kemur það enn 1887 með talsverðum breytingum, og þó vantar enn þá ýmislegt í það, sem nauðsynlegt er. Jeg vil því fresta málinu, þar til menn eru búnir að hugsa sig svo vel um það, að þeir geti sagt, að nú vilji þeir eigi framar nokkrar breytingar á því gjöra.

Þar sem h. framsögum. sagði, að nú væri öllu meiri ástæða til að taka málið fyrir en 1885, þá get jeg ómögulega verið honum samdóma um, að svo sje; því að 1885 var jeg með í að taka málið fyrir, bæði af því, að jeg var til knúður af mínum eigin orðum 1873 og af þingvallafundinum, sem jeg get eigi kallað »privatfund«, eins og h. flutningsm., heldur almennan þjóðfund, og hafi þjóðviljinn eigi komið fram á þeim fundi, þá hefir hann heldur aldrei látið sjá sig. H. framsögum. líkti þjóðviljanum og almenningsálitinu við þyt; en hvað sem því nú líður, þá get jeg ekki látið hjá líða að geta þess, að jeg hefi heyrt marga segja og það víðar en í Gullbr.- og Kjósars., að þeir álitu það ekkert velferðarmál, þótt þing yrði haldið árlega. Menn verða að fyrirgefa alþýðu, þó að hún geti eigi skilið allar gjörðir þingsins og efist um árangurinn af sumum gjörðum þess. — H. þm. Mýr. (Á. J.) byrjaði ræðu sína á skáldaorðum um þjetta fylkingu og þjóð, sem aldrei ætti að gefast upp. *(Árni Jónss.:* Nei). En af því að jeg er hræddur um, að fylkingin ef til vill kunni að verða þunnskipuð og þjóðin muni gefast upp, þá vil jeg eigi halda áfram að sinni, meðan ástandið er erfiðara en nokkru sinni áður. Þetta er ekki minnsta ástæðan fyrir því, að jeg ekki vil nú leggja út í nýja stjórnarbaráttu, sem jeg mundi halda áfram, eins og jeg hefi áður sagt, meðan jeg lifi, þegar jeg einu sinni væri út í hana kominn. Jeg vildi heldur vera ráðgjafi og segja nei við stjórnarskránni, en Íslendingur og or-

sök í árangurslausum aukaþingum hvert árið eptir annað.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Það er dálítill misskilningur milli mín og hæstv. landshöfðingja út af hinni konunglegu auglýsingu 2. nóv. 1885; það er rjett, að þessi áskorun til þjóðarinnar frá stjórninni, að sýna og sanna með kosningum sínum, hvort henni væri alvara með að fá málinu framgengt, á hann hátt, sem frumvarpið 1885 einskorðaði, —það er rjett— segi jeg, — að hún verður ekki beinlínis lesin út úr auglýsingunni sjálfri; en hitt er jafn augljóst, að þýðing auglýsingarinnar, samanborin við 61 gr. hinnar gildandi stjórnarskrár, hlaut að innibinda í sjer þessa áskorun, og annað eða meira sagði jeg aldrei. Eða til hvers væri það annars að leysa upp alþingi og skora á þjóðina að kjósa sjer fulltrúa að nýju, ef ekki til þess að komast eptir, hver sannur og alvarlegur vilji hennar er viðvíkjandi þeirri stjórnarskrárbreyting, sem um er verið að ræða, og samþykkt hefir verið af alþingi? Þessi áskorun, sem talað hefir verið um, liggur því meira að segja beinlínis í anda og atkvæðum 61. greinar, en ekki í auglýsingunni 2. nóv. 1885 sjerstaklega.

Hæstv. landsh. sagði, að þar sem stjórnin ekki ætti von á neinni tilslökun frá þingsins hendi, þá væri þess ekki að vænta, að hún kæmi með neina tilslökun að því sinni. Þetta er óreynt. *(Landsh.:* En þetta frumv.!). Tilslökunin á að koma frá stjórninni, sem með auglýsingunni 2. nóv. 1885 hefir lýst yfir því, að hún gengi inn á engar breytingar á hinni núgildandi stjórnarskrá. Jeg vil biðja hinn hæstv. landshöfðingja og h. þingmenn, að ganga ekki fram hjá því athugalaust, sem er aðalmergur þessa máls, og allsherjarundirstaða þess, sem sje því, að frá því fyrirheitið um þjóðfund á Íslandi var gefið með opnu brjefi 23. sept. 1848 hefir Íslendingum aldrei af stjórninni verið gefið tækifæri til að yfirlýsa vilja sínum og krófum í landsstjórnarmáli Íslands á stjórnskipulegan hátt, sem bindandi væri fyr stjórnina, fyrr en, segi jeg, loksins með 61. gr. stjórnarskrárinnar. Það er öllum kunnugt, að efst á dagskrá hinna ráðgefandi alþinga var án afláts ósk og krafa um almennan þjóðfund, til þess að þjóðin gæti látið vilja sinn og landsrjettindakröfur sínar í ljósi, en þessu var aldrei fullnægt af hendi stjórnarinnar, sem þverskallaðist einn áratuginn eptir annan; það er 61. gr. stjórnarskrárinnar, sem gaf eða rjettara heimilaði Íslendingum þennan rjett til að kveða upp úr með það, hvernig þjóðin á Íslandi óskar eptir að stjórnarfyrirkomulagið skyldi vera í landsins sjerstöku málum, og hin endurskoðaða stjórnarskrá frá 1885 og 1886 er hið fyrsta orð, — jeg bið alla að taka vel eptir því —, hún er hið fyrsta orð af vörum hinnar íslenzku þjóðar gagnvart stjórninni í Danmörku í þessu tilliti, og þetta orð verður aldrei aptur tekið, meðan blóð rennur í æðum hennar; það er tómt mál fyrir stjórnina að hugsa til þess. Gætum nú þess, að sá eða þeir, sem ráða frá að samþykkja þetta frumv., vilja ómögulega segja þetta fyrsta orð nema einu sinni í framsóknarmáli sjálfstjórnar Ísland. Þeir hinir sömu hafa þó sagt *a*, að þeim virðist svo hetjumannlega; en vilja ómöguleg segja *b*. Þessar löngu og þreytandi ræður, sem andmælendur hafa hjer haldið um «að vjer með því að samþykkja frumv. þetta vildum byrja á svo og svo langri stjórnarbaráttu», eru bara eintóm gríla, og ekkert annað en hreint og beint hjegómatal. Vilji menn hugsa og ræða þetta mál alvarlega og huldulaust, þá ætti það að vera einmitt þessum mönnum ofur- skiljanlegt, að stjórnin hafi ráðið hans hátign frá að staðfesta hina endurskoðuðu stjórnarskrá frá 1886; þeir ættu að láta sjer það einhvern tíma skiljast, að það er bein afleiðing af þrekleysishugsun og hringl-

andastefnu þeirra sjálfra, að stjórnin hefir hugsað sem svo: «Látum oss sjá; ætli Íslendingum sje alvara með þetta mál, ætli þeir hætti ekki við þetta allt saman í miðju kafi, og vilji nú helzt leggja málið á hylluna, þar sem hafsinn og ótíðin kreppir svo mjög að þeim? Ætli þeir láti málið ekki hvíla sig þangað til betur lætur í ári hjá þeim?». Ef stjórnin hefði hugsað sem svo, þá er rjett spáð hjá h. varafors. (Þ. Böðv.). En þó stjórnin hefði hugsað sem svo, afvegaleidd af villukenningum andmælenda, þá er ekki hin minnsta átylla eða ástæða fyrir oss eða alþingi, eða þjóðina, til að ímynda sjer, að stjórnin vilji eða ætli sjer — eins og jeg hefi áður kveðið að orði — að tæma hina síðustu blóðdropa hinnar íslenzku þjóðar með árangurslausum aukaþingum; þessu og þvílíku verð jeg alveg að mótmæla fyrir stjórnarinnar hönd, úr því enginn vill verða til þess annar. En það getur hver heilvita maður sjeð, að þess meira hik, þess meiri tvíbenda sem lýsir sjer hjá þjóðinni, eða rjettara sagt hjá fulltrúum hennar í þessu máli, því meiri ástæða er til að ætla, að stjórnin taki ekki til greina kröfur hennar; og þetta gildir engu síður þetta alfullkomna frumv., sem h. varafors. (Þ. Böðv.) ætlar að vera búinn að semja og ígrunda, eptir hvað? 5—6 eða 10 ár? Já, eða hvaða ár það er, sem hann ætlar að vera búinn með það? Hinn háttvirti varaforseti má ganga að því vísu, að þá segir stjórnin: «1885 vildu Íslendingar fá stjórnarbót; 1886 vildu þeir það sama sem 1885; en 1887 lagði bæði þing og þjóð það mál algjört á hylluna, af því áhuga allan og alvöru vantaði, af því hún var þreklaus og staðfestulaus í því, að halda því fram. Nú er að vísu h. varafors. (Þ. B.) loksins búinn með sitt frumv.; en látum sjá: ætli hin íslenzka þjóð hafi nú tekið svo miklum stakkaskipum síðan 1887, að hún geti ekki enn fellt sig við að leggja mál þetta á hylluna gömlu, ef vjer að eins segjum eins og fyrri einu sinni nei; sje þessi þjóð sjálfri sjer lík, þá er öllu óhætt; látum oss leysa upp þingið og stofna til nýrra kosninga: vjer megum vera vissir um, að ef vjer segjum nei við frumv., þá leggja Íslendingar það á hylluna aptur».

Væri hin íslenzka þjóð svona — en því betur eru svona aðeins örfáar rolur meðal hennar, — þá mætti líkja henni við korktappa, sem maður kastar í fors eður iðustraum; hann sjest endur og sinnum, og hina stundina er hann í kafi; enda er það auðsætt, hve lítils danska stjórnin og hver stjórn, sem vera skyldi, hlýtur að virða þjóð, sem væri svo óstöðug og sjálfri sjer ósamkvæm, eins og andmælendur vilja láta Íslendinga vera. Og viðvíkjandi þessu ímyndaða kynja-frumvarpi háttvirta varaforseta, þá vil jeg enn fremur minna hann á það, að vjer hinir aðrir fulltrúar þjóðarinnar höfum að minnsta kosti alls enga heimild til að bíða og hugsa í 3, 5, 6 eða 10 ár um það, sem vjer áttum að vera búnir að hugsa fyrir löngu, í öllu falli áður en vjer buðum oss fram sem fulltrúa þjóðarinnar 1886.

Það gladdi mig, að h. varaforseti (Þór. Böðv.) virti mikils þjóðviljann 1885 á Þingvallafundinum; það var eins og hann áliti, að Þingvellir við Öxará væri hinn hentugasti staður til þess að sýna þjóðviljann á. Má vel vera. En Þingvellir eru til enn og aðgangurinn að staðnum fri og frjáls, og gæti þá svo farið, að við báðir, jeg og h. varaforseti, ættum eptir enn einu sinni að heyra og sjá þjóðviljann lýsa sjer á Þingvelli við Öxará! Þó þetta sje að eins spádómur, þá vildi jeg biðja h. varaforseta, að muna eptir honum, ef til kæmi, að hann rættist, áður en langt um líður.

Þar sem h. varafors. (Þór. Böðv.) sagði, að maður yrði að fyrirgefa þjóðinni, þó hún ekki strax skildi allar aðgjörðir þingsins, þá er þetta hverju orði sannara. Vilji

þjóðarinnar, sem er hin almenna uppspretta hinna pólitisku strauma, leitar upp á við, og á að hreinsast og skírast á leiðinni; hjer er öfugt hlutfall við vatnið, sem fellur niður á við eptir hinu »phys.« þungalögmáli, frá Lærri uppsprettu, þar sem vatnið er tært og ómeingað af óhreinindum þeim, sem á leið þess liggja. H. varaforseti (Þór. Böðv.) er nú kvaddur til að starfa að hreinsunarverki hinna pólitisku strauma á Íslandi, og það gerir hann fljótast og bezt með því, að kveða hátt og skýrt *já* við þessu frumv. En ef h. varaforseti segir *nei* við frumv., þá er það byggt á því, að hann veit ekki hvað hann gerir, og það er honum þó ekki annars svo mjög tamt.

Jeg ætla svo að skilja við þetta mál að þessu sinni, og býst við, að umræður sjeu nú þegar á enda.

ATKVÆÐAGR. (41, 138):

1. gr. samþ. í einu hljóði.
2. — — með 20 atkv.
3. — — — 20 —
4. — — — 21 —
5. — — — 21 —
6. — — — 20 —
7. — — — 20 —
8. — — — 20 —
9. — — — 20 —
10. — — — 18 —
11. — — — 21 —
12. — — — 21 —
13. — — — 21 —
14. — — — 20 —
15. — — — 20 —
16. — — — 21 —
17. — — — 20 —
18. — — — 20 —
19. — — — 20 —
20. — — — 20 —
21. — — — 20 —
22. — — — 20 —
23. — — — 20 —
24. — — — 21 —
25. — — — 21 —
26. gr. samþ. með 21 atkv.
27. — — — 21 —
28. — — — 21 —

Breyt.till. við 29. gr. samþ. með 17 atkv. gegn 2.

29. gr. þannig breytt samþ. með 20 atkv.
30. gr. samþ. með 21 atkv.
31. — — — 21 —
32. — — — 21 —
33. — — — 18 —
34. — — — 18 —
35. — — — 20 —
36. — — — 20 —
37. — — — 20 —
38. — — — 20 —
39. — — — 20 —
40. — — — 20 —
41. — — — 21 —
42. — — — 21 —
43. — — — 21 —
44. — — — 21 —
45. — — — 21 —
46. — — — 21 —
47. — — — 21 —
48. — — — 21 —
49. — — — 21 —
50. — — — 20 —
51. — — — 21 —
52. — — — 21 —
53. — — — 21 —
54. — — — 21 —
55. — — — 21 —
56. — — — 21 —
57. — — — 21 —
58. — — — 21 —
59. — — — 21 —
60. — — — 21 —
61. — — — 21 —
62. — — — 21 —
63. — — — 21 —

Breyt.till. við 64. gr. samþ. án atkv.gr.

64. gr. þannig breytt samþ. með 21 atkv.
65. gr. samþ. með 21 atkv.
66. — — — 21 —
67. — — — 21 —
68. — — — 21 —

69. gr. samþ. með 21 atkv.
70. — — — 19 —
71. — — — 19 —
72. — — — 20 —

Ákv. um stundarsakir samþ. með 19 atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 15 atkv. gegn 7, að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 6 þingm., og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson,	Jón Þórarinsson,
Árni Jónsson,	Eiríkur Briem,
Benidikt Sveinsson,	Grímur Thomsen,
Gunnar Halldórsson,	Jónas Jónassen,
Jón Jónsson,	Þórarinn Böðvarsson,
Lárus Halldórsson,	Þorl. Guðmundsson,
Ólafur Briem,	Þorsteinn Jónsson.
Ólafur Pálsson,	
Páll Briem,	
Sigurður Jensson,	
Sigurður Stefánsson,	
Sveinn Eiríksson,	
Þorv. Bjarnarson,	
Þorleifur Jónsson,	
Þorvarður Kjerulf.	

Frumvarp til laga um veiting og sölu áfengra drykkja (C. 115, 146); 2. umr.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Jeg finn ekki ástæðu til að tala neitt um þetta mál. Það fjekk svo góðar undirtektir hjer í þingd. við 1. umr., enda hafa komið til þingsins ekki færri en 39 bænarskrár, sem fara í sömu stefnu og frumv. Jeg vona að málinu verði því viðstöðulaust vísað til 3. umr.

ATKVÆÐAGR.:

1. gr. frumv. samþ. með 17 atkv.
2. — — — — 15 —
3. — — — — 16 —
4. — — — — 16 —
5. — — — — 13 —
6. — — — — 16 —
7. — — — — 15 —
8. — — — — 15 —
9. — — — — 14 —
10. — — — — 14 —
11. gr. frumv. samþ. með 16 atkv.
12. — — — — 15 —
13. — — — — 14 —

Frumv. vísað til 3. umr. með 17 atkv.

Frumvarp til laga um styrktarsjóð handa alþýðufólki (C. 59, 136); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Þar sem þetta er 1. umr. málsins og því ekki leyfilegt að tala um einstök atriði þessi, finn jeg ekki ástæðu til að tala um það frekar. Óska jeg að eins, að frumv. verði vísað til 2. umr., og mun þá gefast tækifæri til að tala nákvæmar um málið.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frumvarp til laga um húsmenn eða þurrabúðarmenn (C. 103); 1. umr.

Flutningsmaður (Þorlákur Guðmundsson): Mál þetta er búið að liggja lengi frammi, svo h. þingdm. munu vera búnir að kynna sjer efni þess og ástæður. En með því þetta er 1. umr., þá er ekki leyfilegt að tala nákvæmar um einstök ákvæði frumv., og læt jeg mjer því nægja að óska þess, að því verði vísað til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frumvarp til laga um skipting Barðastrandarsýslu í tvö sýslufjelög (C. 162); 1. umr.

Flutningsmaður (Sigurður Jensson): Jeg vona, að ekki þurfi að mæla margt með frumv. þessu; það er eptir áskorun forseta amtsráðsins, að jeg hefi komið með þetta mál inn á þingið. Sýslubúum hefir lengi verið þetta áhugamál, og hefir það verið í undirbúningi síðan 1882; en sökum torveldra samgangna hafa fundir sýslunefndarinnar eigi getað orðið nógu fjölsóttir og málið ekki orðið leitt til lykta fyr en nú. Þetta sýnir bezt, hver þörf er

á, að skipta sýslunni í 2 sýslufjelög. Jeg vona, að þetta mál mæti engri fyrirstöðu hjer í deildinni.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Tillaga til þingsályktunar um hallærislán og hallærislánabeiðslur (137); hvernig ræða skuli.

Forseti: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á, að till. sje rædd í tveimur umr., og jafngilda þær þá 2. og 3. umr. um lagafrumv.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. í einu hljóði að ræða till. í tveimur umr.

Tuttugasti og sjöundi fundur, föstudag 29. júlí kl. 12.

Frumvarp til laga um veð (C. 180); 3. umr.

Þorvaldur Bjarnarson: Áður en gengið er til atkvæða um frumv. það, sem hjer liggur fyrir, vil jeg lýsa yfir því, að jeg get ekki gefið því atkv. mitt, eins og það er, því jeg get ekki sjeð, að það leiði til farsældar fyrir land og lýð. Þannig tiltekur 7. gr. t. d. svo stuttan frest, að það er ómögulegt fyrir veðhafa að athafna sig, ef hann er mjög fjarri. Sömuleiðis sje jeg ekki glöggt, hvað meint er með »þingi«. Sama er að segja um 8. gr. frumv. *(Forseti:* Við þessa umr. málsins á ekki við að fara út í einstakar greinir frumv.). Jeg verð þá yfir höfuð að lýsa því yfir, að jeg get ekki samþýðzt þetta frumv., og vona að það falli, því að það er betur svo búið en ver.

Ólafur Pálsson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að sett verði 3 manna nefnd í málið.

ATKVÆÐAGR.: Nefndaruppástungan felld með 11 atkv. gegn 8. Frumv. samþ. með 16 samhljóða atkv., og síðan endursent Ed.

Frumvarp til laga um síldveiðar fjelaga í landhelgi (108, 184); 3. umr.

Jón Þórarinsson: Oss, sem komið höfum með breytingartillöguna (184) við 3. gr., þótti óviðkunnanlegt, hvernig byrjun greinarinnar var orðuð, og höfum því ráðið til að setja: »með brot gegn lögum þessum skal fara«, í stað orðanna: »fyrir brot gegn lögum þessum skal sækja«.

Það er, að minni ætlan, auðsætt, að þessi breyting er til batnaðar, og vona jeg því, að h. þingd. samþykki hana.

ATKVÆÐAGR.: Breytingartill. samþ. með 18 atkv. Frumv. sjálft með áorðinni breytingu samþ. með 20 atkv., og síðan sent aptur efri deild.

Frumvarp til laga um sölu þjóðjarða (150, 190); 3. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Það hafa komið fram 2 breytingartill. (190) við frumv. þetta, eptir bendingum hæstv. landshöfðingja.

Hin fyrri breytingartillaga er þess efnis, að amtsráð meti jarðirnar eptir tillögum sýslunefndanna, þar sem áður var svo ráð fyrir gert, að sýslunefndirnar skyldu meta þær og amtsráðið samþykkja matið. Nefndin var reyndar í nokkrum vafa um, hvort þetta væri heppilegt, sökum þess, að sýslunefndirnar eru bæði fjölskipaðri og vanalega kunnugri jörðunum en amtsráðin, en áleit þó, að amtsráðin mundu optast nær fara eptir tillögum sýslunefndarinnar, og mundi því koma í sama stað niður, þótt þau fengju þetta vald.

Hin breytingartillagan fer fram á, að bæta nýrri grein við frumv., er skýri frá, hvernig leiguliði sá, sem vill fá ábúðarjörð sína keypta, skuli haga sjer til að koma fram beiðni sinni. Nefndin hafði í fyrstu hugsað sjer, að landshöfðingi, sem eptir frumv. á að gera nauðsynlegar ráðstafanir um sölu þjóðjarða, gæfi út sjertaka auglýsingu um þetta atriði; en það

getur þó ekki spillt, að taka upp í frumv. nánari ákvörðun hjer að lútandi.

ATKVÆÐAGR.:

1. breyt.till. nefndarinnar við fyrri málsgrein 2. gr. frv. samþ. með 20 atkv.
2. breyt.till. nefnd. við 2. gr. frv. samþ. án atkvæðagr.
3. breyt.till. nefnd. við 2. gr. frv. samþ. með 18 atkv.
4. breyt.till. nefnd. (ný grein) samþ. í einu hljóði.

Frumv. með áorðnum breytingum samþ. með 21 atkv. og sent efri deild.

Frv. til laga um að afnema lög 16. desbr. 1885, er banna niðurskurð á hákarli í sjó milli Geirólfsgnúps og Skagatáar (99); 3. umr.

Flutningsmaður (Páll Ólafsson): Jeg finn ekki ástæðu til að mæla með þessu máli nú við 3. umr., þar sem það hefir fengið svo góðar undirtektir, þegar það var fyrir til 2. umr. Jeg ber það traust til h. þingd., að hún láti hjeraðsmenn mína fá vilja sinn í þessu máli, sem jeg tel þeim mesta nauðsynjamál, einkum þar eð eigi er hægt að sjá, að það geti orðið nokkrum öðrum til meins.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 20 atkv. og sent efri deild.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1886 og 1887 (C. bls. 68 og nr. 144); 2. umr.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Í frv. stjórnarinnar er farið fram á tvær fjárveitingar: til viðauka við prestaskólahúsið og til eptirlauna handa prestsekkjunni í Vestmannaeyjum.

Nefndin leggur á móti hinni fyrnefndu fjárveitingu, af þeim ástæðum, sem teknar eru fram í nefndarálitinu. Prestaskólahúsið er orðið nær því 90 ára gamalt, og þykir því viðsjárvert, að fara að bæta við það nýjum viðauka, en ekki sjeu líkur til jafnmargra á skólann að ári sem síðastliðið ár; en einkum og sjer í lagi leggur nefndin móti þessu af því, að hjer sje ekki nema til einnar nætur tjaldað, því prestaskólinn þurfi hvort sem er bráðum að fá nýtt hús.

Aptur á móti vill nefndin leggja það til, að hin fjárveitingin verði samþykkt. Svo stóð á tekjum prestsins í Vestmannaeyjum, að presturinn fjekk vissan hlut af hverju skipi; þetta skipsgjald var síðan af tekið, en landssjóður tók upp á sig að borga, en við prestaskiptin var tekið af brauðinu yfir 800 kr. Nú þótti nefndinni ekki rjettlátt, að prestsekkjan missti nokkurs í við þessa rýrnun, eins og ekki heldur er siður að láta prestsekkjur njóta góðs af, þótt eitthvert brauð batni eptir að menn þeirra eru dauðir.

Hvað endurbyggingu kirkjunnar í Bjarnarnesi snertir, þá áleit nefndin sanngjarnt, að veita þær 545 kr., sem byggingarreikningurinn hefir farið fram úr þeim 3500kr., sem veittar voru. Stjórnin hafði í fyrstu farið fram á, að kirkjunni væru veittar 5000 kr., en þingið 1885 færði styrkinn niður um 1500 kr. En þessi upphæð var eigi nægileg, þótt reikningarnir sýni, að eigi hefir verið lagt of mikið í kostnaðinn; sjerstaklega mun flutningsgjaldið á við til kirkjunnar frá Seyðisfirði til Hornafjarðar hafa valdið því, sem kostnaðurinn fór fram úr 3500 kr., því að Norðmaður sá, sem fenginn var til að flytja viðinn, var mjög kaupdýr.

Landshöfðingi: Jeg er h. nefnd þakklátur fyrir, hve vel hún hefir tekið í þetta frv. En þó tel jeg það skaða, að hún eigi hefir viljað ráða til að veita 1000 kr. til viðbótar við prestaskólahúsið. Eins og nú á stendur, er öllu til skila haldið, að þar sje nóg rúm fyrir 20 nemendur, en nú eru nær 30 nemendum á skólanum, og má því nærri geta, að þrengslin eru mikil, þar sem kennslunni er svo hagað, að

nemendur verða opt að sitja allir í einu í sömu kennslustofunni. Mjer finnst það heldur ekki nægileg mótbára, að húsið sje orðið gamalt, því að, eins og menn vita, eru elztu húsin hjer í bænum opt bezt viðuð og jafnvel bezt smíðuð. En úr því h. framsögum. (E. Br.), sem sjálfur er kennari við prestaskólann, getur sætt sig við þrengslin á kennslustofunni, þá á ekki við, að jeg sje að mögla út af þeim.

Hvað Bjarnarneskirkju snertir, er jeg nefndinni þakklátur fyrir tillögur hennar, og vona, að engum blandist hugur um, að þessum fjárstyrk til hennar sje ekki eytt í óþarfa; flutningsgjaldið á viðnum frá Seyðisfirði á Hornafjarðarós var auðvitað mjög hátt, en þar var ekki hægt öðruvísi að að fara, svo að prófasturinn var neyddur til að taka boði Norðmanns þess, sem flutti viðinn.

Jeg vona því, að h. þingd. samþykki þessa fjárveitingu.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Jeg skal geta þess, út af orðum hæstv. landsh., að þegar maður er framsögumaður í einhverju máli, þá verður maður að tilfæra ástæður og skoðanir nefndarinnar; en það er eigi þar með sagt, að maður sje sjálfur samdóma því, sem ofan á hefir orðið í nefndinni, um eitt eða annað einstakt atriði. Mjer finnst það því nokkuð fljótt ályktað af hæstv. landsh., að jeg fyrir mitt leyti álíti fjárveitingu þessa óþarfa, og þá enn fremur, að jeg, sem kennari, álíti nægilegt húsrúmið í prestaskólahúsinu. Því fer svo fjarri, að það sje meining mín, að jeg er jafnvel hræddur um, að húsrúmið verði ekki svo sem það þyrfti að vera, þótt breytingin sje gjörð.

Jónas Jónassen: Jeg er samdóma hæstv. landsh. um það, að það sje mjög óheppilegt, að neita þessari fjárveiting til viðgjörðar á prestaskólahúsinu. Jeg veit, að lærisveinarnir kvarta undan að þurfa að sitja í loptlitlu herbergi allan daginn, og hvað því viðvíkur, að húsið sje orðið gamalt, og þess vegna ekki upp á það kostandi, þá verð jeg að segja, að húsið er gott og vel viðað, svo að vel mundi vera viðunandi, að nota það enn í nokkur ár, ef við það væri bætt. Menn hafa komið með þá mótbáru, að ef farið væri að byggja við húsið, þá yrði að setja stoðir í húsið, og mundu þær verða til óprýðis; en mjer finnst engin óprýði að fallegum járnsúlum. Vjer verðum að gjöra skólahúsin svo þægileg, að kennarar og lærisveinar eigi þurfi að kvíða fyrir að fara í tímana. Jeg veit, að bæði kennurum og lærisveinum prestaskólans er þetta mikið áhugamál, því að kolasýruloptið verður svo mikið, þegar allir lærisveinar eru saman komnir í þessari litlu kennslustofu, að jeg er viss um, að mörgum yrði illt, ef þeir kæmu inn þangað eptir tímana. Jeg álít því ekki rjett að horfa í þessar 1000 kr. eða minna, því líklega kostar viðbótin ekki einu sinni 1000 kr. Menn hafa sagt, að engar líkur sjeu til, að lærisveinarnir verði jafnmargir eptirleiðis sem í vetur, en jeg get þó ekki skilið, að þeim fækki að mun, þar sem einlægt fjölgar á latínuskólanum. Jeg vil því sterklega mæla fram með fjárveitingunni, og vona, að h. þingd. ekki horfi í nokkur hundruð króna, því aðgjörðin getur ómögulega kostað meira.

Páll Briem: Jeg skal játa, að það er mjög leiðinlegt, ef svo er, sem h. þm. Rvík. (J. Jónassen) segir, að ólifandi sje inni í kennslustofum prestaskólans; en þrátt fyrir það get jeg með engu móti gengið inn á, að veita fje úr landssjóði til að stækka húsið. Jeg vildi heldur, að reynt væri að bæta úr þessum vandkvæðum á annan hátt. Því þegar ræða er um að verja fje úr landssjóði til að bæta þetta hús, sem kann að vera vel byggt í fyrstu, en er hins vegar hið elzta hús í bænum, þá finnst mjer það vera eins og að setja nýja bót á gamlan belg. Auk þess liggur hús þetta betur við fyrir verzlun en fyrir vís-

indaiðkanir, og áður langt líður mun reka að því, að landið þurfi að eignast nýtt hús, og væri þá leiðinlegt, að vera nýbúinn að verja þessu fje til ónýtis.

Það hefir verið tekið fram, að mjög margir, allt að 30 stúdentar, hafi gengið á prestaskólann síðastliðin tvö ár; en nú eru öll líkindi til, að aðsóknin að skólanum fari nú að minnka aptur, með því nú eru mjög fá prestsembætti orðin laus. En skyldi svo fara, að eins margir eða fleiri sæktu skólann næsta eða næstu árin hjer á eptir, þá finnst mjer, að heppilegra væri, að viðkomendur leituðu samkomulags við þingið á annan hátt. Mig minnir ekki betur, en að það hafi komið til tals einu sinni, þegar rætt var um lagaskólastofnunina, að kennsla í lögfræði mundi geta farið fram hjer í herbergjum alþingis; og vildi jeg gjarnan minnast á, hvort ótiltækilegt mundi vera, að fara fram á slíkt; og ef ólíft yrði í skólanum, þar sem hann er nú, þá ímynda jeg mjer líka, að auðvelt mundi að leigja hús annarsstaðar í bænum þann vetur, sem aðsóknin að skólanum yrði svo mikil.

Að bæta við þetta hús, finnst mjer, sem sagt, vera eins og að setja nýja bót á gamlan belg, og kynni jeg því betur við, að leitað væri annara úrræða.

Sigurður Stefánsson: Það var sjálfsagt ekki meining nefndarinnar, að aldrei ætti að stækka prestaskólahúsið; en nefndin áleit ekki bráð-nauðsynlegt að gera það nú, einkum af þeim ástæðum, sem h. framsögum. (E. Briem) og þm. Sæf. (P. Briem) hafa tekið fram, og jeg skal bæta því við, að jeg sje ekki, að þessi fjárveiting gæti komið að bráðum notum fyrir næsta skólaár, því að varla verður viðbótin við húsið búin til næsta hausts. En eins og h. framsögum. og þm. Snæf. tóku fram, er aðal-ástæðan sú, að húsið er orðið gamalt, og jeg veit að hæstv. landsh. og þm. Rvík. (J. Jónassen) muni þekkja, hvernig fer, þegar farið er að rífa þessi gömlu hús; því þó þau sýnist all-stæðileg að utan, þá kemur fúinn og rotnunin fram, þegar innar kemur. Jeg álít ekki ráðlegt, að fara að káka við þetta hús, því, eins og h. þm. Snæf. tók fram, verður, ef til vill, innan skamms þörf á öðru stærra húsi í aðrar þarfir landsins, og mætti þá nota slíkt hús einnig sem kennsluhús.

Jeg held líka, að tala nemenda á prestaskólanum fari lækkandi hjer eptir, því þau fáu brauð, sem enn eru laus, munu ganga út í haust, þegar svo margir útskrifast af prestaskólanum. Aðsóknin hefir sjálfsagt verið svona mikil að prestaskólanum þessi árin af því, að stúdentar hafa sjeð, að þeir með því að ganga þann veginn mundu helzt geta fengið embætti. En því færri sem nemendurnir verða, því minna húsrúm geta menn gert sig ánægða með. Það er svo fjarlægt því, að jeg sjái, að þessi fjárveiting geti orðið að verulegum notum.

Landshöfðingi: Jeg skal geta þess viðvíkjandi þeim úrræðum, sem þm. Snæf. (P. Briem) benti á til að útvega prestaskólanum annað og stærra húsrúm, að þetta kom einmitt til tals í fyrra haust. Það var gerð tilraun til að útvega skólanum stærra hús, en það var hvergi fáanlegt svo stórt, að allir nemendur kæmust þar fyrir. Auk þess voru heldur engir peningar til, sem heimilt var að verja til að borga með leigu fyrir slíkt hús. Það kom einnig til tals, hvort ekki mundi tiltækilegt, að fá húsrúm hjer í alþingishúsinu; og var í því tilliti snúið sjer til forsetanna og mín, en hvorki þeir nje jeg álitu, að við gætum leyft það. Það hefði þá líka þurft að setja upp ofn eða ofna, en það hefði verið til að óprýða herbergin, auk þess sem þá gat orðið hætta fyrir eldi, og hvað lítil sem hættan gat sýnzt, þá vildum við ekki bera ábyrgðina af því. Þá var það afráðið eptir samráði milli forstöðumanns prestaskólans,

stiptsyfirvaldanna og mín, að biðja alþingi um fje til að stækka húsið.

Við fengum smið til að skoða húsið, og áleit hann það nógu traust til, að við það yrði bætt. Bauðst hann svo til að gera viðbótina, ef veiting fengist fyrir fje því, sem til þess þyrfti, og lofaði að hafa húsið albúið til hausts, 1. október, ef fjeð yrði veitt t. a. m. í ágústmánuði. Ef því fjeð yrði veitt nú, þá þyrfti ekki að kvíða því, að húsið yrði ekki albúið í tæka tíð. Áætlað var, að viðbótin kostaði um 1000 kr., en ef fara ætti að leigja annað hús, þá mundi 1 þúsund krónur ekki hrökkva í mörg ár. Svo þó að viðaukinn við húsið aldrei yrði notaður nema fá ár, þá yrði þó ódýrara að byggja hann, en leigja hús í jafnlangan tíma. En sem sagt, slíkt hús hefir ekki fengizt leigt, og jeg efast um, að það fáist.

Það kynni nú samt að vera, að það mætti kúldast við þetta hús enn nokkur ár, sjer í lagi, ef á fjárlögunum eða þessum fjáraukalögum yrði veitt nokkurt fje til að breyta því fyrirkomulagi, sem nú er á húsinu.

Í austurenda hússins er nefnilega lítið herbergi, sem ekki er notað til neins. Ef til vill mætti sameina þetta litla herbergi við aðal-kennslustofuna, með því að taka burt skilrúmin, sem mynda forstofuna. Götudyrnar yrði þá að taka burt og forstofan að sameinast við þessi tvö herbergi; en aptur mætti þá setja dyr á austurenda hússins. Þessi breyting gæti aldrei kostað mikið, en húsrúmið gæti þá orðið stærra en það er nú. Jeg væri þakklátur nefndinni, ef hún vildi skoða húsið og álíta, hvort þetta væri tiltækilegt, og ef henni svo sýndist, þá að stinga upp á einhverri fjárveitingu til þessa til 3. umr. um þessi fjáraukalög.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Jeg efast ekki um, að nefndin vilji taka bendingar landsh. til greina, og skoða prestaskólahúsið og hyggja að, hversu þeim lízt á þessa till. hans um að breyta til um herbergjaskipun í prestaskólahúsinu, og mun hún þá, ef henni sýnist svo, gera uppástungu hjer að lútandi til 3. umr.

Sveinn Eiríksson: Jeg er h. nefnd allri, og sjerstaklega þm. Snæf. (P. Briem) þakklátur fyrir, að hann ekki hefir lagt til, að veita þessar 1000 kr. til að gera við prestaskólahúsið, því það yrði sannarlega eins og h. þm. Snæf. tók fram: að sletta nýrri bót á gamlan belg. Jeg ímynda mjer, að prestaskólahúsið sje nú líkt því, sem það var þegar jeg þekkti til þess nú fyrir 13 árum, nema hvað það eflaust hefir hrörnað nokkuð, eins og vonlegt er; ætla jeg því mjög misráðið, að kosta fje til viðgerðar á því.

Öðru máli væri að gegna, ef farið væri fram á að byggja nýtt hús, þó það kynni að kosta 24 þúsund kr., og þó það kostaði meira, því þá væri meiri von um gagn af byggingunni.

Þar að auki er jeg sannfærður um, að nú fara nemendur á prestaskólanum að fækka, og virðist því ekki svo bráð-nauðsynlegt að stækka hann, úr því sem hann nú er. Innan skamms verða ef til vill öll brauð á landinu veitt, og þá munu færri ganga á prestaskólann, því þá er horfin sú hvöt, er almennt hefir komið mönnum til þess að ganga á hann, nefnilega viss embættavon, í sambandi við styttri og ódýrari námstíma en tíðkast á öðrum skólum. Jeg segi fyrir mig: jeg gekk á prestaskólann af því, að jeg var fátækur og gat hvorki gengið á læknaskólann, þó hann væri hjer í Reykjavík, nje siglt til að lesa lög; eins hygg jeg því sje og hafi verið varið fyrir æði-mörgum; en þegar menn ekki lengur geta búizt við að fá brauð fyr en seint og síðar meir, hætta menn náttúrlega að ganga eins margir á prestaskólann eins og verið hefir undanfarin ár.

Jeg er viss um, að sú framför er komin í þjóð vora, að hinir ungu mennta-

menn hennar kunna að velja þá götu, sem við á. Jeg er þess vegna alveg samdóma nefndinni viðvíkjandi tillögu hennar um þennan lið frv.

En jeg sje heldur enga ástæðu til að bæta neinu við til byggingar Bjarnarnesskirkju; það, sem einu sinni var veitt, á að láta duga, nema einhver sjerstakleg knýjandi ástæða mæli með því. Kostnaðinn af Seyðisfirði með timbrið til Hornafjarðar má ekki reikna að eins kirkjunni, ef skipið hefir haft annað í förinni en kirkjuviðinn, sem jeg hygg muni verið hafa.

ATKVÆÐAGR.:

1. breyt.till. nefnarinnar samþ. með 17 atkv.
2. — — — í e. hlj.
3. — — — - - —
4. — — — án atkvgr.

Frumv. með áorðnum breytingum samþ. og vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um bátfiski á fjörðum (141, 194); 2. umr.

Forseti: Við þetta frumv. hefir komið breytingartill., nr. 194, en hún kom ekki fyr en nú á fundinum; er það því komið undir samþykki deildarinnar, hvort hún skal tekin til greina eða ekki.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. í. e. h., að taka breyt.till. til greina.

Sigurður Stefánsson: Við 2 þm. höfum komið með breytingartill. við 2. gr. í frumv., af því okkur virtust ákvæði greinarinnar, eins og hún er í frumv., geta orðið mjög óhagfelld sumstaðar.

Þar sem svo hagar til, eins og t. d. við Ísafjörð, að menn úr mörgum hreppum sækja að vissum veiðistöðvum og gera út skip sín þangað, þá gæti svo farið, að margir yrðu að gjalda tvöfalt aukaútsvar, ef frumv. yrði að lögum, því samkvæmt ákvæðum þess yrðu þeir að gjalda aukaútsvar í þeim hrepp, sem þeir stunduðu fiskiveiðar í; en það er óvíst, að hreppsnefndin þar, sem þeir eiga heima, yrði svo sanngjörn, að gæta þess í nokkru, þegar hún setti þessum mönnum aukaútsvar, en það væri þó auðsjáanlega ósanngjarnt, að setja þeim aukaútsvar á tveimur stöðum, já, ef til vill á 3 eða 4, því opt er það, að sami útvegsbóndi á skip í fleiri en einni veiðistöð.

En ef nokkurt tillit ætti að hafa til þessa, mundi það kosta ærnar skriptir og umsvif fyrir sveitarstjórnirnar, sem jeg álít engan veginn heppilegt.

En að leggja aukaútsvar á sama mann í mörgum stöðum, er í hæsta lagi ósanngjarnt, því opt getur staðið svo á, að sjávarútvegur sje næstum hans eina atvinna.

Auk þess er mjer ekki vel ljóst, hvað orðið »aðkomumaður« á að þýða í frumv., hvort heldur alla utansveitarmenn, og það þá sje meiningin, að leggja aukaútsvar á hásetana, eða það á einungis að tákna skipeigendur, og virðist það eðlilegra.

Jeg vil því beiðast skýringar á þessu frá h. landsh.; jeg tók ekki eptir þessu fyr en eptir að við gerðum breytingartill. okkar; annars mundum við einnig hafa lagt það til, að orða þetta ljósara.

Jeg greiði ekki annari gr. mitt atkvæði, því mjer þykir hún leggja of mikið haft á atvinnufrelsi landsmanna í fiskiveiðum; þess vegna vona jeg einnig, að h. þingd. samþykki breytingartill. okkar.

Landshöfðingi: Jeg er h. þm. Ísf. (S. St.) samdóma um það, að byrjun 2. gr.: »Nú stundar aðkomumaður o. s. frv.« sje nokkuð óljóst orðuð, en meiningin er sú, eins og líka má sjá af nefndaráliti efri deildar, að með orðinu »aðkomumaður« er meintur sá, sem fyrir útvegnum stendur; en jeg álít, að heppilegra gæti verið, að orða þetta greinilegar til 3. umr.

Hvað snertir breyt.till. h. 1. þm. Ísf. (S. St.), þá er jeg henni heldur meðmæltur, en get þó þess, að það er ekki neitt nýtt í því, þó útsvar sje lagt á menn í í öðrum hreppi, sem þó verða að svara

fullu útsvari heima hjá sjer; þannig hefir opt verið suður í Garði og fleiri veiðistöðum þar í grennd lagt á Reykvíkinga og Seltirninga ekki beinlínis útsvar, heldur nokkurs konar þóknun til hreppsins; þetta gjald hefir þótt ósanngjarnt, og því álít jeg það gott, að þau ákvæði komi inn í þessi lög, sem sýna þeim, að slíkt sje þeim óheimilt.

Þorsteinn Jónsson: Mjer datt í fyrstunni hið sama í hug sem h. 1. þm. Ísf. (S. St.), að óljóst væri hvað lægi í orðinu »aðkomumaður« í byrjun 2. gr., og þá kom mjer til hugar, að ef með því væri meintir hásetarnir á hverju skipi, að þá mundi sveitarstjórnin varla þakka fyrir að fara að jafna niður á mörg hundruð manna, eins og átt gæti sjer stað, þar sem stórar veiðistöður er. Sömuleiðis finnst mjer þessi orð »hæfilegt útsvar í samanburði við innsveitarmenn« gætu haft þær afleiðingar, að sveitarstjórnirnar yrðu kannske miður sanngjarnar við utanhreppsmenn, sem þær lítið þekkja, svo þetta gjald gæti orðið of tilfinnanlegt, þar sem nú margir skipseigendur að auki verða að borga skipsuppsátursgjald, sem einnig er tilfinnanlegt. Eg ætla því, að mesta þörf væri á að orða 2. gr. frv. á annan veg, enda þótt breyt.till. sú, sem hjer liggur fyrir, kunni að bæta nokkuð úr skák.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg verð að álíta, að breyt.till. þessi hafi við mikið að styðjast, því víða stendur svo á, að ef þessi lög öðluðust gildi, þá gerðu þau—jeg vil nærri segja—meira illt en gott; þetta útsvar verður aldrei sanngjarnt, hvorki í samanburði við efni og ástæður gjaldanda, nje með tilliti til tímans, sem hann dvelur í veiðistöðinni; hreppsnefndin þar getur verið mjög ókunnug um efni og ástæður gjaldanda, og eptir því á þó útsvarið að fara, og svo bætist ofan á allt þetta útsvar hans í sínum eigin hreppi, og þar er meðal annars lagt á það, sem hann hefir aflað í veiðistöðinni og goldið útsvar af þar; þetta verður því verra, ef sami maðurinn skyldi hafa útveg víðar. Hæstv. landsh. tók fram, að slíkt hefði opt átt sjer stað hjer, að Seltirningar og aðrir hefðu orðið að gjalda þóknun til hreppsins suður í veiðistöðum, þar sem þeir hefðu róið; þetta hefir vakið mikla óánægju og stundum orðið svo tilfinnanlegt, að það hefir gjört mönnum ómögulegt að stunda fiskiveiðar. Þar sem sveitarnefndin í útvegsplássinu er kunnug efnum og ástæðum þeirra, sem þar búa, en ókunnug efnum og ástæðum aðkomumanna, þá finnst mjer óviðkunnanleg þessi ákvörðun í 2. gr.: »í samanburði við innsveitismenn eða bæjarbúa«.

Jeg gef breyt.till. hiklaust atkvæði mitt.

Landshöfðingi: Jeg skal enn fremur geta þess, að það er ekki nýtt, að leggja skatt á atvinnuveg manns, þó sá maður eigi þar alls ekki heima, sem atvinnan er rekin. Þannig er t. d. með allar fastar verzlanir; þótt eigendur þeirra sjeu búsettir erlendis, þá er lagt útsvar á þær hjer, og þar er ekki mikið miðað við efni og ástæður eigandans—, jeg segi þetta með tilliti til ræðu h. varaforseta (Þ. Böðv.)—, heldur við ágóða verzlunarinnar það ár á þeim stað, sem útsvarið er lagt á. Eins stendur hjer á; þegar bóndi hefir útveg í öðru fiskiveri, þá verður útsvarið þar lagt á hann, ekki eptir efnum hans og ástæðum yfir höfuð, heldur eptir þeim afla, sem hann hefir fengið þar. Í þessu efni lýsa sjer því engin vandkvæði á frv., því sveitarnefndin veit hjer um bil hluta-hæðina, eins hjá utanhreppsmönnum eins og innsveitismönnum, og með þessum orðum: »í samanburði við innsveitismenn« er meint, að sveitarnefndin leggi jafnmiklar prósentur á jafnháan gjaldstofn.

Sigurður Stefánsson: Um leið og jeg þakka hæstv. landsh. fyrir undirtektir hans undir breyt.till. okkar, skal jeg viðvíkjandi því, sem hann tók fram, að vana-

legt væri hjer syðra, að t. d. Seltirningar yrðu að gjalda nokkurs konar þóknun til hreppsins í þeim veiðistöðum, sem þeir hefðu útveg sinn, geta þess, að við Ísafjarðardjúp er þessu varið nokkuð á annan veg. Hjer mun það vera vani, að þeir, sem fara suður í veiðistöður til róðra, njóta þar aðhlynningar, og gjöra þar að sumu leyti nokkurn átroðning. En við Ísafjarðardjúp eiga skipseigendur sjálfir búðirnar, þær standa opt langt frá bæjum og njóta menn því engrar aðhlynningar, en þeir, sem þar búa, hafa talsvert gagn af útvegnum að því leyti, að þeir fá opt mikið sjófang, og geta alið á því skepnur sínar. Aðalatvinnuvegur bænda þar eru fiskiveiðar svo að segja árið um kring, og þau efni, sem útsvarið verður lagt á, eru opt ekki annað en aflinn; ef því útsvarið í veiðistöðinni er lagt á aflann þar í samanburði við innsveitismenn, og sá gjaldstofn, sem útsvarið er lagt á, þar sem útvegsmaðurinn á heima, er lítið eða ekkert annað en einmitt þessi sami afli, þá verður útsvarið tvöfalt, og allir sjá, að það er ósanngjarnt, og ekki er allt af að gera ráð fyrir, að sveitarstjórnin, þar sem útvegsbóndinn á heima, taki nægilegt eða jafnvel nokkurt tillit til þess, að útsvar hefir verið lagt á hann annarsstaðar.

Ólafur Pálsson: Jeg var alveg hissa hvað h. þm. Vestm.ey. (Þ. J.) var miskunnsamur við þessar breyt. till.; því hvað ætli Vestmannaeyingar gætu ekki grætt við 2. gr. frv., eins og hún er nú? Þar ganga um vetrarvertíðina líkast nær 20 skipa frá meginlandinu, og gæti það verið þungt útsvar af þeim, auk þess sem lagt er á efni og ástæður sömu manna í sveit þeirra, þar sem að auki eru borgaðar 7 kr. fyrir hvern áttæring og 6 kr. fyrir hvern sexæring, sem róið er þaðan, fyrir skipsuppsátur svo kallað. Svo jeg álít, að 2. gr. frv., eins og hún er nú, sje svo úr garði gjörð, að hún geti ómögulega staðizt, en breyt.till. gef jeg atkv. mitt.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg mundi mikið vel eptir því, sem hæstv. landsh. tók fram, að útsvar er lagt á fastar verzlanir, þó eigendur þeirra búi annarsstaðar, en hjer hefði mjer þótt nær að taka til samanburðar lausakaupmenn, sem aldrei gjalda útsvar, þótt þeir reki atvinnu með verzlun í hreppi eður kaupstað. Jeg hefi líka þekkt áður fyrri einn stórkaupmann, sem átti fasta verzlun í sveitinni og áleit samt með öllu ólöglegt, að hann ætti að gjalda útsvar, og skrifaði landshöfðingja þessu viðvíkjandi. Jeg tek það fram aptur, að þetta gjald verður allt af að handahófi, þar eð sveitarstjórnina vantar kunnugleika á efnum og ástæðum gjaldanda, en á efnin og ástæðurnar á útsvarið að leggjast.

ATKVÆÐAGR. (141, 194): 1. gr. frv. samþ. með 20 atkv. Breyt.till. (194) við 2. gr. samþ. með 18 atkv. — 2. gr. með áorðnum breytingum samþykkt með 19 atkv.

Frumv. með áorðnum breyt. samþ. og vísað til 3. umræðu með 21 atkv.

Frumvarp til laga um aðför (125); 2. umr.

Grímur Thomsen: Jeg sem ólögfróður maður vil leyfa mjer að beiðast skýringar hinna lögfróðu manna í þessari deild á fáeinum atriðum í þessu máli.

Jeg bið h. þingmenn að gæta að síðustu málsgrein í 20. gr.; þar stendur: »Ef reiðupeningar eru fyrir, borgar fógeti dómhafa þá umsvifalaust upp í skuldina«. Ef menn vildu nú bera hjer saman við síðustu málsgrein 36. gr., sem hljóðar svo: »Ef þörf gjörist, getur fógeti og leitað á dómfellda sjálfum, ef ástæða er til að ætla, að hann hafi fjármuni á sjer geymda«. Og enn er hið þriðja, sem jeg vil leiða athygli að, og það er 24. grein,—sem auðvitað er á eptir 20. gr.—; hún hyrjar þannig: »Dómfelldi eða sá, sem er við aðförina fyrir hans hönd, á rjett á að segja til þeirra

muna, er fjárnámi skuli taka, og getur dómhafi eigi haft á móti því, svo framarlega að þessir munir sjeu að mati eður á liti fógetavottanna hæfileg trygging fyrir skuld þeirri, er ná skal inn«. Nú gjöri jeg ráð fyrir, að tilgangur laganna sje hinn mannúðlegasti, en hjer er, þó sem endrarnær, nokkuð komið undir þeim manni, sem heldur á lögunum í höndum sjer. Og nú vil jeg því spyrja, hvort harður og ómildur—jeg vil ekki segja gjörráður—fógeti, ef hann hefði einhvern grun um, að hinn dómfelldi mundi geyma á sjer reiðupeninga, hvort hann þá ekki mundi fara eptir 20. gr. samanborinni við 36. gr., og »umsvifalaust«—eins og stendur í 20. gr.—láta leita á dómfellda? Mildur og mannúðlegur dómari mundi auðvitað fara eptir 24. gr.; en jeg vil spyrja, hvort það sje ekki mest undir embættismanninum komið hvorn veginn hann velur? Þetta orð »umsvifalaust« finnst mjer mjög óheppilegt, og að leita umsvifalaust á dómfellda, hvort hann hafi ekki peninga á sjer geymda, það er harka, sem er alveg gagnstæð anda vorra tíma.

Jeg er fullviss um, að hinn lögfróði h. 2. þm. Eyf. (B. Sv.) er manna fúsastur á að gefa mjer upplýsingu um þetta atriði.

Benidikt Sveinsson: Mín meining er, að embættismaðurinn verði að fara eptir reglum laganna bókstaflega, og eins og þær liggja fyrir, enda þótt þær kunni að þykja nokkuð harðar. Jeg játa, að slík harka er ópekkt hjer á landi, og jeg efast um, að hún komi sjer vel.

Landshöfðingi: Jafnvel þótt jeg sje þess fullviss, að h. þm. Borgf. (Gr. Th.) muni hafa fengið fullnægjandi upplýsingar þessu viðvíkjandi þaðan, sem hann óskaði að fá þær, þá ætla jeg þó að leyfa mjer að fara nokkrum orðum um þetta atriði.

Það er föst regla, sem allt af er fylgt við aðför, að gefa dómfellda kost á að vísa fyrst á einhverja muni til lúkningar skuld sinni, og á meðan er ekki um nein þvingunarmeðul að ræða, en ef engir slíkir munir finnast, þá fyrst og fyr ekki getur komið til tals að leita á honum; og ekki get jeg skilið, að slíkt sje gagnstætt hugsunarhætti þjóðarinnar eða anda nútímans; eða ætti skuldaþrjóturinn, sem maður veit að hefir á sjer peninga, að sleppa fyrir það, að peningarnir sjeu svo friðhelgir, af því þeir eru í vasa hans?

Jeg álít, að það væri mikið til að spilla frv., að nema þessa ákvörðun í burtu. Þetta getur heldur aldrei verið mjög hart fyrir dómfellda, því undan skyldunni að borga getur hann ekki skotið sjer, þar sem hún hvílir á honum eptir dómi eða sætt.

Grímur Thomsen: Það fór sem mig varði, að 2 lögfræðingar hafa svarað þessu á þann hátt, sem hver sanngjarn og mannúðlegur fógeti mundi svara því; en mjer datt í hug maður, sem nú er dáinn og vakti þá hugsun hjá mjer, að vera kynni, að harður fógeti freistaðist til að fara eptir 20. gr. og leita á skuldaseggjum »umsvifalaust», eins og í gr. stendur; í öllu falli vona jeg, að h. landsh. sjái, að þetta er ekki heppilega orðað; það ætti betur við, að fyrirmælin í 20. gr. stæðu á eptir fyrirmælunum í 24. gr.; þá væri síður hætt við, að þetta yrði misskilið. Jeg efast ekki um, að skilningur landsh. sje rjettur,, en jeg held að orðin og niðurskipunin geti valdið misferlum í einstökum kringumstæðum; vil jeg þess vegna stinga upp á nefnd í málið.

Landshöfðingi: Jeg skal geta þess, að niðurskipunin í frv. er alveg rjett, því í 20., 21. og 22. gr. er talið upp, hvað það sje, sem fjárnám verði gjört í, og þar er fyrst nefnt lausafje, fasteign og útistandandi skuldir, og síðan peningar, en í 23. og 24. gr. er talað um, hvaða aðferð skuli hafa við fjárnámið. Og að því er snertir orðið »umsvifalaust», sem virtist hneiksla svo mjög h. þm. Borgf., þá er það sett í

mótsetningu við »til sölu við uppboð» í fyrstu málsgrein 20. gr., því peningana má borga beina leið til dómhafa. Jeg er viss um, að enginn fógeti er svo harður og illur, að hann færi að leita á mönnum, sem hafa nóg lausafje fram að leggja til fjárnámsins, enda væri það alveg á móti ákvæðum þessa frv., og, ef nokkur væri sá, að hann dirfðist að gjöra slíkt, mundi hann fá þá ráðningu fyrir æðri dómstólum, að hann ljeti sjer aldrei framar til hugar koma að gjöra slíkt.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. með 12 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Benedikt Sveinsson.	Jón Þórarinsson.
Grímur Thomsen	Páll Ólafsson.
Gunnar Halldórsson.	Árni Jónsson.
Jón Jónsson.	Eiríkur Briem.
Sigurður Jensson.	Jónas Jónassen.
Sigurður Stefánsson.	Lárus Halldórsson.
Sveinn Eiríksson.	Ólafur Briem.
Þorl. Guðmundsson.	Ólafur Pálsson.
Þorleifur Jónsson.	Páll Briem.
Þorsteinn Jónsson.	Þórarinn Böðvarsson.
Þorvaldur Bjarnarson.	
Þorvarður Kjerulf.	

Síðan var 3 manna nefnd samþ. Þessir hlutu kosningu:

Benedikt Sveinsson með 17 atkv.
Grímur Thomsen — 16 —
Páll Briem . . — 14 —

Tuttugasti og áttundi fundur, laugardag 30. júlí kl. 12.

Frv. til laga um vegi (171, 198); 3. umr.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Áður en jeg fer út í hinar einstöku greinar frv., vil jeg leyfa mjer að benda mönnum á eina ritvillu í breytingartillögunni við 7. gr. frv. Þar stendur: »skal til barmanna», en á að vera: »skal gjöra vegina».

Breytingartill. þær, sem komið hafa frá nefndinni, sýna, að hún hefir tekið nær því allt það til greina, sem fram kom við 2. umr. þessa máls hjer í deildinni; því að hún vildi gjöra allt sem í hennar valdi stóð til að ná samkomulagi við h. þingd. um þetta mikilsvarðandi málefni. Breytingartillögur þessar eru svo ljósar, að þær munu vart þurfa skýringa, og margar þeirra eru að eins orðabreytingar; nefndin hjelt, að h. þingd. vildi heldur, að vegirnir væru nefndir sýsluvegir og hreppavegir, en aukapóstvegir og bæja- og kirkjuvegir, og hefir hún því orðað 1. og 2. gr. samkvæmt þessu, því að henni þótti ljósara, að taka greinarnar upp og orða þær að nýju, en að fara að koma með margar breyt.till. við þær.

Við 3. gr. frv. hefir nefndin stungið upp á lítilvægri orðabreyting, þar sem hún ræður til, að »og» á eptir »landshöfðingi» falli burt.

Á 7. gr. hefir orðið sú breyting, að bætt hefir verið við orðin »vegir á aðalpóstleiðum skulu», orðunum: »þar sem því verður við komið», til takmörkunar, því að stundum getur svo á staðið, að eigi sje hægt að fullnægja ákvæðinu um breidd veganna; síðari hluti greinarinnar leggur nefndin til að falli burt úr frv., frá orðinu »skal» og til enda gr.

Á 8. gr. frv. hefir orðið sú breyting, að í staðinn fyrir »ábyrgð sýslunefnda» komi: »fulltryggu veði», og er sú breyting fram komin eptir bendingum hæstv. landsh.

Við 9. gr. hefir nefndin einnig komið fram með viðauka í þá átt, sem menn óskuðu eptir við 2. umr., sem sje, að sýslunefndum sje heimilt að fela oddvita, eða öðrum, sem í sýslunefnd situr, á hendur, að ráða verkmenn til vegagjörða á aðalpóstleiðum.

17. gr. er orðuð að nýju, enda er þar

og efnisbreyting, þar sem ákveðið er, að vinnan skuli vera aðalregla, en gjaldið undantekning. Þessa breyting tel jeg eigi vera til bóta, hvað vegina sjálfa snertir, en jeg hef þó eigi viljað vera á móti henni, bæði sökum þess, að mjer heyrðist margir vera henni hlynntir hjer í deildinni, og svo einkum vegna þess, að ástandið er nú svo bágborið í landinu, að menn geta naumast risið undir nýju peningagjaldi, enda þótt jeg ímyndi mjer, að menn mundu vinna bæði meira og betur að vegagjörðum, ef peningagjaldið væri haft. En vitaskuld er, að mikið er undir því komið, hvernig hreppsnefndirnar haga vinnunni.

Við 18. gr. hefir nefndin ráðið til að komi: »vegir um hreppinn langir og torfærir», í stað orðanna: »vegur bæja milli langur og torfær», og er það nauðsynleg afleiðing af þeim breytingum, sem gjörðar hafa verið á 1. og 2. gr. frv.

Enn fremur ræður nefndin til að bæta nýrri grein inn í frv. á eptir 26. gr. þess, sökum þess, að síðari hluti 7. gr. hefir verið felldur burt; þegar við sömdum frv., álitum við rjett vera, að hafa í lögum einhver ákvæði um það, hvernig vegir yfir höfuð skyldu vera gjörðir, og í tilskipuninni 1861 eru nokkur ákvæði þar að lútandi; en þess konar ákvæði eiga þó fremur heima í sjerstökum reglugjörðum en lögum, og hefir því nefndin ráðið til, að landshöfðingi semdi reglugjörð um það eptir áliti verkfróðra manna.

Nefndin hefir þannig tekið allt það til greina, sem deildar meiningar voru um, þegar frv. þetta var fyrir til 2. umr., og vonast jeg því til, að h. þingd. láti frv. ná fram að ganga án verulegra mótmæla og breytinga.

Sigurður Stefánsson: Eins og jeg tók fram við 2. umr. þessa máls, þótti mjer frv. svo úr garði gjört, að jeg gæti eigi verið því samþykkur, nema því yrði breytt. En nú hefir h. nefnd gjört þær breytingar við frv., sem jeg óskaði eptir, og tel jeg nú frv. miklu betra og fullkomnara en áður.

H. framsögumaður (Þór. Böðv.) tók það fram, að hann hefði heldur viljað, að gjaldið hefði verið aðalregla og vinnan undantekning, og skal jeg játa, að það hefði ef til vill verið betra fyrir hreppsnefndirnar, því að þá hefði komið meiri festa og samanhengi í vegagjörðirnar, en eins og nú á stendur, veitir almenningi mjög örðugt að láta af hendi öll opinber gjöld, og sjerstaklega peninga, svo að jeg er hræddur um, að reglan mundi í raun inni verða undantekning, þótt ákvæðið hefði verið látið halda sjer, og þess vegna mælti jeg mjög fram með breytingunni við nefndina. Við 2. umr. lýsti jeg því yfir, að jeg áliti frv. töluverða rjettarbót, sjerstaklega 2. kafla þess, þó að það að öðru leyti sje reyndar í mörgu tilliti mjög svipað hinum núgildandi lögum, en tók um leið fram þá agnúa, sem mjer þóttu á því vera. Þessir agnúar eru nú horfnir, og gef jeg því frv. óhikað atkvæði mitt.

Árni Jónsson: Þegar jeg við 2. umr. þessa máls lýsti yfir því, að mjer þætti frv. þetta óaðgengilegt fyrir margra hluta sakir, eins og það þá lá fyrir, komst h. framsögum. (Þ. Böðv.) svo hnittilega og kennimannlega að orði, eins og honum er lagið, »að jeg hefði þá, eins og optar, borið svo mikið á borð, að hann væri ekki alráðinn í, hvað hann ætti að hirða af öllum þessum ósköpum». *(Þórarinn Böðvarsson:* Ekki ósköp). Þannig er það skrifað. Jeg er því glaður yfir því, að h. framsögum. og h. nefnd hafa þó »hirt» nær því allar mínar mótbárur, bæði það, sem jeg sagði um skipting veganna, og um agnúana á gjaldinu, sem jeg áleit mönnum mundi verða miklum mun örðugra að greiða í peningum en vinnu. Þessu hefir h. nefnd breytt á þann hátt, sem jeg óskaði og benti á, að mundi betur fara og

verða happasælla, og finnst mjer nú ekkert verulega viðsjárvert í frv., nema ef vera skyldi ákvæðið í 8. gr. um lán úr landssjóði til ferjanna, þótt eigi sje það nú jafn-hættulegt sem áður, þar sem nefndin hefir ráðið til, að í stað orðanna; »gegn ábyrgð sýslunefnda», komi: »gegn fulltryggu veði». Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta, en að eins benda á, að æskilegt væri að breyta orðunum: aukapóstvegagjald, bæjavegagjald, o.s.frv. í sýsluvegagjald og hreppavegagjald, úr því búið er að breyta veganöfnunum. En þetta ímynda jeg mjer að mætti laga við prentunina, svo frv. geti komið sem lögulegast til h. efri deildar. Að endingu vil jeg lýsa því yfir, að jeg er nú miklu ánægðari með frv. en áður, því nú hefir það fengið enn betri endurbót en áður hjá nefndinni.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Þar sem h. þm. Ísf. (Sig. Stef.), sem annars er máli þessu hlynntur, tók það fram, að frumv. þetta væri mjög svipað hinum núgildandi lögum, þá skal jeg ekki fara að deila um það við hann, hvað sje nýtt í því og hvað gamalt; en vona að eins, að reynslan sýni, að það sem nýtt er í því verði til bóta. Jeg ætla ekki að fara að ofl lofa hið upphaflega frumv., þó að jeg ætli, að í því sjeu meginreglur, sem muni koma að miklum notum, ef þeim er ekki raskað og lögin verða staðfest. Jeg tek t. d. um breidd veganna og halla, og yfir höfuð að gjöra vegina eptir fastri reglu. Vegalög vor hafa til þessa verið helzt til laus við meginreglur, og fyrir þá sök er orðið sem orðið er, að miklu fje er eytt til lítils gagns. Og hvað gjaldinu viðvíkur handa verkstjóra, þá hefir reynslan sýnt og sannað, að hreppsnefndirnar hafa átt mjög örðugt með að fá nokkurn duglegan umsjónarmannn við vegavinnu, þar sem allir hafa þótzt gjöra skyldu sína, ef þeir að eins hafa sent vinnandi menn til vegagjörða, án tillits til þess, hvort þeir voru verkinu vanir eða höfðu vit á því eða eigi. Jeg held, að h. 1. þm. Ísf. (S. Stef.) hafi eigi heyrt það sem jeg sagði áðan, að frá veganna hálfu væru það apturför, að afnema gjaldið og setja vinnuna í staðinn, því að jeg er sannfærður um, að, ef gjaldið væri haft, mundu menn vinna bæði meira og betur að vegagjörðum en ella. En þrátt fyrir það er jeg þó með breytingartillögunni, af þeim ástæðum, sem jeg hef áður um getið.

Háttv. þm. Mýr. (Á. J.) sagði, að mjer hefði við 2. umr. þessa máls þótt hann bera svo mikið á borð fyrir mig, að jeg hefði ekki sagzt vita, hvað jeg ætti að hirða af öllum þeim ósköpum. Þetta orð «ósköp» held jeg að jeg hafi ekki haft; jeg mun hafa sagt að hann hefði borið heldur mikið á borð fyrir mig; skrifurum getur opt, þótt góðir sjeu, orðið það á, að taka sterkara orð í stað þess veikara. H. þm. Mýr. (Á. J.) var glaður yfir því, að frumv. hefði verið breytt í þá átt, sem hann benti á, enda tók nefndin náttúrlega tillit til orða hans, sem annara, því að hún vissi, að honum gekk gott eitt til þess, sem hann sagði; en þar sem honum fannst 8. gr. fremur viðsjárverð, þá verð jeg að minna hann á, að landssjóður hefir kostað miklu fje til að gjöra landið greitt yfirferðar, en nær því ekkert til að gjöra ár vorar færar; í öðrum löndum, t. d. Englandi, er eigi ótítt að veita vaxtalaus lán til slíkra hluta um skemmri eða lengri tíma, svo að jeg get ekki skilið, að hjer sje of djúpt tekið í árinni, þótt farið sje fram á 5 ára lán með hálfum lagavöxtum.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta meira, en óska og vona, að h. þingd. samþykki frumv. með þeim breytingum, sem á því eru orðnar.

Sigurður Jensson: Það er að eins eitt atriði, sem jeg vildi taka fram, viðvíkj-

andi kostnaðinum til aukapóstvega. Í 12. gr. frumv. stendur, að hvert hreppstjelag skuli greiða kr. 1,50 fyrir hvern verkfæran mann í hreppnum, og skuli það fje takast af hreppssjóði; hjer finnst mjer vanta ákvæði um það, hvernig jafna skuli niður þessu gjaldi innanhrepps, hvort meiningin er, að jafna því niður á hreppsbúa eptir sömu reglum og aukaútsvarið, eins og gjört er eptir tilsk. 15. marz 1861, eða hvort hreppsnefndin getur heimtað þetta gjald kr. 1,50 af hverjum verkfærum manni í hreppnum.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg held þm. Barðstr. (Sig. J.) hafi sjezt yfir, þegar hann las greinina, því jeg vil ekki segja að hann hafi gleymt henni; jeg held greinin sjálf svari bezt spurningum hans, og ætla jeg því að lesa orð hennar; þar stendur: «upphæðina skal greiða sýslumanni á næsta manntalsþingi, og færist hún hreppnum til útgjalda í reikningi þess árs». Það er satt, að úr er sleppt því ákvæði eldri laga, að gjaldinu skuli jafnað niður eptir efnum og ástæðum, en að eins sagt, að hreppurinn skuli borga. Eptir eldri lögum átti sýslunefndin að heimta fjeð af hreppsnefndunum; þær áttu að borga það, en jafna síðan gjaldinu niður eptir efnum og ástæðum. Jeg hef aldrei getað sjeð, að þessi niðurjöfnunar- fyrirmæli hefðu minnstu þýðingu, því það er sjálfsagt, að öll gjöld hreppsbúa, nema tíundin, jafnast niður eptir efnum og ástæðum, og þá eins þetta. Jeg vona, að þm. við nákvæmari yfirvegun sjái, að hjer er ekkert sjerlega athugavert, og verði mjer því ásáttur um greinina.

Sigurður Jensson: Þetta er þó ekki svo þýðingarlaust, af því að aukaútsvarið er víðast hvar ekki goldið í peningum, en þetta gjald skal ávallt greiðast í peningum. Eg get ekki skilið þessa grein öðruvísi, en að þar vanti beinlínis ákvæði um, hvernig leggja skuli á gjaldið innanhrepps, og verður það þá undir hreppsnefndunum komið, á hvern hátt þær leggja gjaldið á hreppsbúa.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg held þetta geti varla valdið misskilningi; sumar hreppsnefndir jafna þessu niður með öðru aukaútsvari, en sumar leggja á menn sjerstakt gjald, líka miðað við efni og ástæður, eða í sama hlutfalli og aukaútsvörum; það getur ekki verið meiningin að vinnumenn greiði þetta, heldur húsbændur, eins og annan skatt, sem á búendum hvílir, en þar á móti sjálfsagt húsmenn og lausamenn.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Þó jeg verði að ætla, að þingm. Barðst. (Sig. Jens.) hafi lesið 12. gr., hlýt jeg að efast um, að hann hafi lesið hana rjett, því ef hann hefði gjört það, verð jeg að halda að hann hefði skilið hana.

Satt er það, að aukaútsvar er ekki goldið í peningum; en hver segir að þetta gjald endilega skuli greiðast í peningum?; jeg veit dæmi til, að hreppsnefndir hafa heimtað þetta gjald í peningum, en hafa orðið að láta sjer lynda, já, og þakkað fyrir, að fá það í öðru en peningum. Að hver og einn greiði þetta gjald sjerstaklega, getur ekki hugsazt, samkvæmt því sem greinin er stýluð; það á að takast af hreppssjóði, og færist síðan til útgjalda næsta ár. Jeg held allir hljóti að játa, að þessi fyrirmæli sjeu allt eins góð og þau, sem um þetta efni eru í eldri lögum, og að þau fyrirmæli, sem þar eru, sjeu þýðingarlaus og aflögð í framkvæmdinni.

ATKVÆÐAGR.:

Breyt.till. nefndar. við 1. gr. samþ. með 21 atkv.

Breyt.till. nefndar. við 2. gr. samþ. með 21 atkv.

Breyt.till. nefndar. við 3. gr. samþ. án atkvæðagreiðslu.

Breyt.till. nefndar. við 7. gr. samþ. með 20 atkv.

Breyt.till. nefndar. við 7. gr. samþ. með 20 atkv.

Breyt.till nefndar. við 8. gr. samþ. með 20 atkv.

Breyt.till. nefndar. við 9. gr samþ. með 20 atkv.

Breyt.till. nefndar. við 17. gr. samþ. með 21 atkv.

Breyt.till. nefndar. við 18. gr. samþ. án atkvæðagreiðslu.

Breyt.till. nefndar. við 26. gr. samþ. með 21 atkv.

Frumv. með áorðnum breytingum samþ. með 17 atkv. og síðan sent efri deild.

Frumv. til laga um sveitarstyrk og fúlgu (182, 192); 3. umr.

Benidikt Sveinsson: Við 2. umr. var mikið talað um 6. gr. frumv. þessa, svo jeg ætla, að óþarfi sje, að fara mörgum orðum um þessa breytingartill. (192), enda vona jeg að menn sjái, að refsing sú, sem tiltekin er í henni, sje bæði eðlilegri, en sú er áður var farið fram á, og hafi í sjer fólgna mun meiri tryggingu gegn óhlýðni við fátækrastjórnina, og komi mun betur í veg fyrir, að mönnum haldist uppi að stæla þrjózka þurfamenn til óhlýðni, en þessi flenginga- svívirða, sem svo mikið var rætt um fyrir skemmstu í þessu máli hjer í deildinni. Jeg vona því, að deildin samþykki þessa breytingartill. mótmælalaust.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er ekki samþykkur þessari breytingartill. og held jeg, að hún yrði, ekki síður en sú líkamega refsing, óframkvæmanleg og ekki vinsæl og kæmi í bága við rjettarmeðvitund þjóðarinnar. Vjer Íslendingar höfum jafnan fengið mikið hrós fyrir gestrisni, og mundi það því mælast illa fyrir, að skylda menn til að úthýsa þurfamönnum, þó óhlýðnir sjeu, og leggja hjer við þungar sekir, þar sem þó hegningarlögin eru á aðra hönd, ef einhverjum verður að tjóni.

Benidikt Sveinsson: Jeg sje það glöggt, að 1. þm. Árn. (Þorl. G.) misskilur þetta mál frá rótum, þar sem hann sagði, að þessi fyrirmæli mundu koma í bága við rjettarmeðvitund þjóðarinnar. Það þarf meira en að nefna þetta orð, það þarf að skilja það; jeg skal játa, að þetta kann að koma í bága við skoðun sumra manna; jeg skal játa, að það er siður þeirra, að vorkenna slóðum og óhlýðnismönnum, ef það kemur fyrir, að þeir eiga að fá sín makleg málagjöld. En þetta er ekki rjettarmeðvitund, heldur skortur á rjettarmeðvitund, eða með öðrum orðum þjóðlöstur, sem vjer ættum að gjöra allt vort til að útrýma. Hver maður á hægt með að sjá, hversu ranglátt, hversu ótilhlýðilegt og hversu skaðlegt það er, að þurfamenn að ósekju geti hlaupið brott úr þeirri vist eða vinnu, er hreppsnefndin hefir ráðstafað þeim í, — svo þeir geti ljett byrði sveitarinnar — og stuðla til þess, að hver, sem vill, megi halda þá, og meira að segja geti að ósekju stælt þá upp til mótþróa og óhlýðni. Jeg hefi fyrir skemmstu þekkt þurfamann, sem vildi taka saman við unga ekkju, og heimtaði fjenað, kýr, hesta og kindur hjá hreppsnefndinni, til búskapar, en er hún ekki vildi veita honum þetta, sem hefði verið sama sem að fleygja peningum í sjóinn, þá fór hann á brott úr sýslunni, og jeg vildi ekki óska 1. þm. Árn. (Þorl. G.) að fá þann mann í sinn hrepp.

Fornmenn voru kænni en vjer í sveitarstjórn; þeir gjörðu sveitlæga brotthlaupsmenn friðlausa, gjörðu þeim undankomu ómöguliga. Vjer ættum að breyta eptir þeim í þessu, að svo miklu leyti sem mannúðarandi tímans leyfir, og gjöra þurfamönnum sem torveldast eða helzt ómögulegt að óhlýðnast sveitarstjórninni; vjer ættum að reyna að koma því inn í rjettarmeðvitnnd þjóðarinnar, hve ótilhlýðilegt það sje, að styrkja slíka menn til þrjózku, kenna mönnum að skoða það sem óhæfu gegn þjóðfjelaginu, sem þann ósið, er alls

eigi sje þolandi meðal þeirra manna, er menntaðir og sjálfstæðir vilja heita.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg var áður þessu máli fylgjandi, og þætti mjer því mjög illt, ef skotið væri þeim fleyg inn í frumv., sem gerði það óhafandi. En þessi breytingartill. gerir frumv. alveg óbrúkandi í mínum augum; jeg var á móti líkamlegri refsingu, en ekki þykir mjer þetta aðgengilegra; en þegar um líkamlega refsingu er að ræða, þá eru víst margir, sem ekki vita, hvernig á að fremja hana á fullorðnu fólki, en hjer veit hver og einn, hvað hann á að gera, annaðhvort að úthýsa þurfamanninum og eiga á hættu að verða sekur eptir hegningarlögunum, eða borga 100 kr. Ef svo bæri undir, að maðurinn yrði úti, — og það getur auðveldlega orðið, hvernig sem á stendur, — þá er það fyrir dyrum, að þola þá refsingu sem hegningarlögin ákveða, ef mönnum er úthýst, svo þeir bíða bana af. Jeg er viss um, að þeir menn eru til, sem heldur vilja borga 100 kr., en úthýsa mönnum í vondu veðri á vetrardag; en sumir kynnu að tefla á tvær hættur með það, hvort maðurinn yrði úti, en ljeti sjer mest annt um það, hvernig þeir gætu komizt hjá 100 kr. sektinni.

Benidikt Sveinsson: Jeg sje, að h. varafors. (Þór. Böðv.) alveg misskilur hjer orðið »að hýsa«; það þýðir að *taka í vist*, en ekki að lofa manni að vera nætur sakir, þegar nauðsyn krefur. Þegar hann athugar þetta, vona jeg hann hafi ekki á móti breytingartill. vorri.

Páll Briem: Jeg verð að segja, að mjer komu óvart þessi mótmæli, sem nokkrir h. þingm. hafa hafið gegn viðaukatillögu þessari, og jeg verð að segja, að eptir því, sem jeg hugsa betur um þetta atriði, og jeg hefi þegar hugsað mikið um það, þá sannfærist jeg betur og betur um, að þessi mótmæli eru byggð á misskilningi.

Það hefir verið tekið fram, að eptir að þessi viðaukatillaga væri orðin að lögum, gæti enginn lofað manni að vera eina nótt, nema eiga það á hættu, að verða að borga 100 kr. í sekt. En það er auðskilið, að orðið »hýsa« er hjer haft um að taka menn um lengri tíma í hús sín, og getur auðvitað alls ekki átt við þann mann, sem á að hafa þurfamanninn fyrir hjú sitt, heldur um aðra, sem skjóta skjólshúsi yfir óhlýðna þurfamenn, og hjálpa þeim þannig til að standa uppi í hárinu á hreppsnefndum. Það getur heldur ekki verið meiningin, að banna að hýsa þurfamann, sem ber að dyrum annars manns í hríðarveðri, með því að í almennum hegningarlögum er beinlínis lögð hegning við að úthýsa mönnum í illviðri.

Þar sem h. varaforseti (Þór. Böðv.) sagði, að eigi væri annar kostur, en annaðhvort að reka þurfamanninn frá bæ sínum, eða borga 100 kr., þá er það heldur ekki rjett athugað, því að í viðaukatill. stendur, að sá, sem hýsir þurfamann, sem honum er kunnugt um að óhlýðnast skipun hreppsnefndar, eða þiggur verk af honum, skal sekur um »allt að« 100 kr. Eptir þessu eru þá 100 kr. sú hæsta sekt, sem maður getur orðið dæmdur í fyrir þessa yfirtroðslu; en sektin getur auðvitað í mörgum tilfellum orðið mjög lítil, og, þegar miklar málsbætur eru, svo að segja engin, eða alls engin. Þó sá, sem stælir þurfamann upp til að óhlýðnast hreppsnefnd, og gerir það sem hann getur til að styðja hinn óhlýðna þurfamann móti hreppsnefndinni, fái 100 kr. sekt, þá er það ekki mikið. Það getur vel verið, að ekki sje það komið inn í meðvitund þingmanna, að styðja sveitarstjórnirnar í viðleitni þeirra í að halda góðri reglu í sveitunum, og jeg skal játa, að meðal almennings gildir ekki lítið þetta, sem Danir kalla »öl- og brauðs-miskunnsemi«. Menn taka iðulega málstað skuldaþrjóta, umrenninga og sveitarómaga, en gæta ekki

að hinum háskalegu afleiðingum af þessari miskunnsemi.

Í fornlögum vorum, sem vjer dáumst svo mjög að fyrir það, hvað þau eru fögur og hafa átt vel við hag og ástand landsins, er svo ákveðið, að ef maður hýsir þurfamann eða piggur verk af honum, þá varðar það skóggang og er fimmtardómssök, og ef maður stældi þurfamann upp til óhlýðni, var það álitið hinn versti glæpur. Af þessu vona jeg að mönnum verði ljóst, að 100 kr. er ekki mikil sekt fyrir slíkt brot, sem hjer er um að ræða.

Grímur Thomsen: Jeg vil að eins leyfa mjer að spyrja mig fyrir um skilninginn á ákvæði þessarar viðaukatill. Gæti maður þá hugsað sjer dæmi í því verklega, og sjeð af því, hvort viðaukatill. er heppileg eða ekki. Jeg set, að þurfamaður, sem óhlýðnazt hefir hreppsnefnd, hverfi úr hreppnum um sumartímann og fari austur á Seyðisfjörð, eins og altítt er að menn gera hjer á nesjunum á sumrin. Hann kemur þar til útvegsbónda og býður honum þjónustu sína; útvegsbóndinn tekur við honum, og frjettir svo seint og síðar meir, að þessi maður sje óskilamaður. Þá er að koma þurfamanninum heim aptur í sinn hrepp, og vildi jeg þá spyrja: hver á að kosta þurfamanninn aptur til baka? Kannske það sje meiningin, að leggja þá svo háa sekt á útvegsbóndann fyrir austan, sem reyndar hjelt að allt væri í bezta lagi, að hreppurinn verði skaðlaus?

Jeg held yfir höfuð, að viðaukatillaga þessi sje ekki sem heppilegust. Jeg vildi að stæði í henni: »Hýsi maður í sama hreppi þurfamann« o. s. frv. Útvegsbóndinn fyrir austan veit ekkert um óhlýðni og stroku manns þess, sem til hans kemur, og hlýtur því að dæmast alveg sýkn, þó hann taki manninn í sína þjónustu. Jeg er því hræddur um, að viðaukatill. verði ekki sem heppilegust í því verklega, og verði hún samþykkt nú hjer í deildinni, væri nauðsynlegt að ráðin yrði bót á ákvæðum hennar í h. Ed.

Jónas Jónassen: Jeg get ómögulega fellt mig við þessa viðaukatill. Jeg er sannfærður um, að margir eða flestir, jafnvel sýslumennirnir sjálfir, mundu heldur borga nokkra sekt, en úthýsa manni, enda óhlýðnum þurfamanni, t. d. í vondu veðri; því jeg skil »að hýsa« sama sem að lofa einum að vera nætur sakir.

H. þm. Snæf. (P. Br.) talaði um »öl- og brauðs-miskunnsemi«, og óskaði að hún útrýmdist sem fyrst; en jeg verð að vera á öðru máli; jeg vil heldur, að hún haldizt við, en að kannske eitthvað verra komi í hennar stað; harkan við þurfamennina getur líka orðið of mikil.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg játa, að þessi svo nefnda »öl- og brauðs miskunnsemi« sje mikil hjá oss, eða öllu fremur það, sem jeg vil kalla skálkasjól; en þessi viðaukatill. finnst mjer ganga of langt, og ekki heldur vera orðuð nógu ljóst; það vanta ákvarðanir t. d., ef vont veður er, og tímatakmark, t. d. að ekki megi hýsa þrem nóttum lengur, eins og jeg ætla að nú sje í lögum um þá menn, sem eru passalausir umrenningar.

Páll Briem: Það var aðalmótbára h. þm. Borgf. (Gr. Th.), að hann skildi ekki, hver ætti að borga flutning þurfamannsins til baka í því dæmi sem hann tók. Jeg get vel ímyndað mjer, að þurfamaðurinn hafi unnið sjer eitthvað inn þar austur frá, og geti því borgað þennan kostnað sjálfur, og ef hann er heilfættur, þá getur hann gengið til baka, og á þeirri leið er öllum leyfilegt að hýsa hann, því þá er hann einmitt að hlýðnast boði yfirboðara sinna.

Það er ómögulegt að það sje meiningin hjer, að úthýsa skuli mönnum, þó vont veður sje; skyldi slíkt vera samkvæmt vilja hreppsnefndanna? Nei; og þessi lög yrðu eins og önnur lög að skiljast í samanburði

við önnur lög, t. d. hegningarlögin, og vera takmörkuð af þeim. Jeg skyldi einmitt hafa komið fram með þessa breytingartill., hefði jeg ekki þekkt, hve mikil hin svokallaða »öl- og brauðs miskunnsemi« er hjá mönnum, og hve marga talsmenn hún á. En jeg bið menn vel að gæta að því, að þessi breyt.till. er ekki stíluð móti þurfamönnunum, heldur móti þeim, sem stæla óhlýðna þurfamenn upp til óhlýðni við sína sveitarstjórn. Eptir því sem meiri málsbætur eru fyrir hendi, eptir því verður sektin minni, en þó hún í verstu tilfellum geti orðið 100 kr., þá finnst mjer það alls ekki neitt of hart.

Sigurður Stefánsson: Jeg hefi ávallt verið og er þeirrar skoðunar, að óhlýðni við yfirvald eigi að sæta þungri refsingu. En orðið »hýsa« er, eptir þeirri málvenju, sem jeg þekki, ekki ávallt sama sem »að lofa að vera«. *(Nokkrir:* Jú!). Það kann að mega toga það út úr orðinu, en algeng málvenja er það ekki nú orðið. Ef í Ed. væri bætt inn í einhverri tíma-ákvörðun, t. d. að ekki mætti hýsa lengur en viku eða hálfan mánuð, þá ímynda jeg mjer, að flestir eða allir gætu gengið inn á þessa breytingartillögu; hún stæði þá og líka í samræmi við það, sem mig minnir að standi í Grágás um þetta efni.

Viðvíkjandi h. þm. Borgf. (Gr. Th.), ætla jeg að eins að taka það fram, að þann, sem hefir óhlýðnazt skipun yfirvalds síns, skoða jeg sem sakamann, sem þá er fluttur samkvæmt opinberri skipun.

Þórarinn Böðvarsson: Mjer er mjög nauðugt að láta slíkt frumv. og þetta fara hjeðan úr deildinni og til h. Ed., því jeg efast um að það verði nokkurn tíma lagað svo, að það verði brúkandi.

Jón Þórarinsson: Jeg held að þessu mætti bjarga við, ef t. d. orðunum »að nauðsynjalausu« væri bætt inn í eptir orðið »hýsa«, og engin hætta get jeg sjeð að sje við, að breytingartill. þessi sje samþykkt. Jeg geng út frá því sem vísu, að ef h. Ed. leggur hinn vanalega skilning í orðið »hýsa«, sama sem að lofa að vera, lofa að koma inn í sín hús, sbr. mótsetninguna »að úthýsa«, þá muni hún breyta þessu ákvæði til þess að gera það ótvírætt með því, að bæta inn í orðunum »að nauðsynjalausu«. Annars tel jeg það ekki nauðsynlegt, til þess að rjettur skilningur verði lagður í greinina.

Ólafur Pálsson: Í Skaptafellssýslu er er orðið »hýsa«, eins og líka »úthýsa«, brúkað í þeirri merkingu, að lofa einhverjum að vera, þó ekki sje nema eina einustu nótt. Og jeg gef frumv. atkv. mitt.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. samþ. með 12 atkv. gegn 5. Frumvarpið með áorðinni breytingu samþ. með 19 atkv., og síðan endursent efri deild.

Frumvarp til laga um veiting og sölu áfengra drykkja (115, 146); 3. umr.

Gunnar Halldórsson: Þetta frumv. hefir hingað til allt af fengið, sem maður kallar, góðan byr hjer í deildinni, en mjer finnst það ekki eiga þennan góða byr skilið. Tilgangurinn á víst að vera sá, að minnka ofdrykkju, með því að gera mönnum örðugra fyrir með að eignast þessa áfengu drykki, sem frumv. nefnir; en þessir 3 pelar, sem nú verður það minnsta, sem fæst keypt, er einmitt það, sem hver verulegur dykkjumaður hefði beðið um hvort sem var, og þetta er því að nokkuru leyti að gera þeim að skapi. En sumir, sem annars mundu hafa keypt minna, verða eptir þessu neyddir til, að fara á veitingahúsin; en þó veitingahús kann ske kunni að vera nauðsynleg, þá get jeg ekki álitið neina þörf til þess, að með lögum sjeu búin til handa þeim nein slík hlunnindi.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Ástæður h 2. þm. Ísf. (G. H.) eru eigi á slíkum rökum byggðar, að þær geti

orðið þröskuldur fyrir þessu frumv. Tilgangur frumv. er, eins og jeg tók svo glöggt fram við 2. umr. þessa máls, einkum þrenns konar: 1., að minnka ofdrykkju, einkum staupasölu og staupagjafir hjá kaupmönnum; 2., að gera mönnum erviðara fyrir en áður með að fá veitinga- og vínsöluleyfi; og 3., að koma í veg fyrir, að námsmenn á opinberum skólum eyði fje sínu til áfengra drykkja. Tilgangurinn er mjög lofsverður, enda er jeg alveg viss um, að h. deild samþykkir frumv.

Sigurður Stefánsson: Jeg hefi verið með þessu frumv. hingað til, og verð líklega enn, ekki af því, að mjer finnist þetta nein veruleg rjettarbót, allra sízt hvað sveitirnar snertir, heldur af því jeg álít frumv. meinlaust, þótt það sje gagnslítið; frumv. er auðsjáanlega miðað við kaupstaðina og komið frá hinum svonefndu hofgæðingum, sem hafa tekið sjer það fyrir hendur, að upp ala æskulýðinn í brennivínsleysi og góðum siðum, sjerstaklega hjer í borginni, og vil jeg leyfa þeim það, og gefa þeim tilefni til að sýna sinn siðferðislega dugnað, með aðstoð löggjafarvaldsins.

Þórarinn Böðvarsson: H. 2. þm. Ísf. (G. H.) sá engan kost á þessu frumv., og báðir h. þingm. Ísf. (S. St. og G. H.) hafa mælt á móti því; en kostir þess eru þó margir og stórir. Ísfirðingar láta sjer ekki nægja minna en 3 pela í einu, og þess vegna gerir sú ákvörðun laganna þeim ekkert til; en við hjer gerum okkur ánægða með 1 pela eða ½ pela, sem við getum sníkt við búðarborðið. *(S. Stef.:* Yfirvöldin?). Slíkt hefir opt verið kært, en þar er ekki gott við að gera; ákvarðanir laganna eru óljósar, segja yfirvöldin, og ákvæðin óljós og vafasöm, enda eru þau einu ákvæði, sem til eru, orðin mjög gömul. Jeg vil líka taka það fram, að þó mest þörf sje á þessum lögum í kaupstöðunum, þá er það ekki eingöngu vegna kaupstaðarbúanna sjálfra, heldur og vegna allra þeirra, sem þangað koma utan af landinu, og af þeim mundu fleiri verða fullir, ef þeir fengju keyptan 1 pela, heldur en ef þeir fengju ekki minna en 3 pela. Jeg er því frumv. meðmæltur, enda þó jeg finni kannske nokkra smágalla á því.

Sigurður Stefánsson: Þetta frumv. er gott fyrir okkur prestana, og því ættum við, ef við værum eigingjarnir, að samþykkja það okkar vegna; því að eptir frumv. þarf hver ungur maður að fá hjá okkur skírnarattest, ef hann vill fá sjer í staupinu. Þetta frumv. hefir mjög litla þýðingu fyrir landið, en í kaupstöðunum er það vatn á veitingahúsanna mylnu.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Jeg skal taka það fram, gagnvart hinum h. 1. þm. Ísf. (S. St.), að þetta frumvarp hefir einnig mikla þýðingu fyrir sveitirnar, að því leyti sem það gerir mönnum miklu erviðara fyrir með að fá leyfi til veitinga og vínsölu en áður hefir verið. Vjer höfum hjer á lestrarsalnum sjeð ávörp í þessa átt frá fjöldamörgum hjeruðum á landinu, og væri merkilegt, ef þessar sveitir ljetu sjer svo annt um kaupstaðina, að þær gerðu þetta einungis þeirra vegna. En jeg er h. þm. (S. St.) samdóma um það, að árangur þessara laga verði þó mestur í kaupstöðunum; en það skiptir allt öðru máli.

Þorsteinn Jónsson: Jeg ætlaði að koma með breytingartillögu við frumv., þegar það var fyrir til 2. umr., en hætti við það af því, að umræðurnar voru orðnar svo langar um stjórnarskrármálið, og menn því þreyttir, svo að jeg hjelt, að það mundi verða til ónýtis.

Mjer virðist frumv. þetta svo úr garði gert, að árangurinn af því muni í mörgum tilfellum verða öfugur við tilgang þess; þannig gæti t. d. fátækur sjúklingur eigi

fengið ½ flösku af víni, eptir læknisráði, ef frumv. þetta yrði að lögum; hann neyddist til að taka heila flösku. Yfir höfuð mundi margur, sem áður hefir látið sjer nægja, að taka ½ flösku í kaupstaðnum, nú taka helmingi meira en áður, en fæstir mundu minnka við sig vínkaup, því að það eru til ótal vegir til að fara kring um frumv.; þannig geta t. d. þeir, sem eigi hafa efni á að kaupa 3 pela af víni, slegið sjer saman tveir eða fleiri í eina heilflösku.

Ókeypis staupagjafir eru bannaðar í frv. í sölubúðum og í vöruhúsunum; í kring um þetta bann má einnig fara; kaupmaðurinn þarf ekki annað en taka þá, sem hann vill gefa í staupinu, inn á kontórinn sinn, eða fara með þá út á götuna, því að þangað ná ekki ákvæði frumv. Svo eru þessi orð: »og önnur ókeypis vínveiting«; mjer eru nú þessi ákvæði ekki vel ljós, en víst er um það, að ókeypis ölveiting er ekki bönnuð, því að vín er eigi sama sem öl.

Enn fremur er sekt sú, sem frumv. setur, allt of há og í engu skaplegu hlutfalli við brotið, þar sem það fer fram á að svipta menn verzlunarrjetti sínum.

Hvað ávörp þau snertir, sem komið hafa frá ýmsum hjeruðum landsins, þá get jeg ekki sjeð, að þau lýsi nokkrum almennum þjóðarvilja í þessu efni, því að þau eru þannig til komin, að Good-Templarar hafa sent eyðublöð út um landið, látið sína menn »agitera« í fólki og fengið á þann hátt ýmsa til að skrifa undir ávörpin, sem annars eigi mundu hafa hreyft þessu máli.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Jeg hefi fengið skýrslu, sem bezt sýnir, hvílíka nauðsyn menn telja það, að fá lög, eins og þau, sem hjer er stungið upp á. Úr Árnessýslu hafa komið 6 skýrslur með 97 nöfnum; úr Suður-Múlasýslu 3 skýrslur með 89 nöfnum; úr Norður-Múlasýslu 2 skýrslur með 41 nafni; úr Snæfellsnessýslu 3 skýrslur með 38 undirskriptum; úr Dalasýslu 4 skýrslur með 27 undirskriptum; úr Kjósar- og Gullbringusýslu 4 skýrslur með 82 undirskriptum; úr Reykjavík 8 skýrslur með 151 nafni undir; úr Mýrasýslu eru komnar skýrslur með 28 undirskriptum; af Akureyri skýrslur með 19 undirskriptum; úr Eyjafjarðarsýslu skýrslur með 103 mönnum undir; úr Borgarfjarðarsýslu eru komnar skýrslur með 44 undirskriptum, og enn eru fleiri skýrslur komnar. Alls standa undir öllum skýrslum, sem komnar eru til þingsins um þetta efni, nöfn 853 manna.

Þetta virðist benda á, að það sje almennur vilji manna og ósk, að vínsala og vínveitingar verði takmarkaðar, og mundi óhætt að fullyrða, að ef þeir, sem halda því fram, að það sje til þjóðvilji á Íslandi, sem beinist á móti endurskoðun stjórnarskrárinnar, hefðu svona háa tölu að vitna til, þá yrði þeim víst matur úr henni.

Lárus Halldórsson: Jeg hjelt, að jeg mundi ekki þurfa að mæla með þessu frv. Málinu hefir verið vel tekið hingað til; það hefir verið samþykkt mótmælalaust við tvær umræður; en nú heyrast að minnsta kosti hálfgerðar mótbárur móti því. Jeg treysti því samt sem áður, að mestur hluti h. þingdm. muni enn vera á sömu skoðun og áður um nauðsyn þessa máls, og muni því gefa því atkvæði sitt einnig nú við 3. umr., enda áliti jeg það sorglegt, ef það næði ekki fram að ganga eða gæti ekki orðið að lögum.

Yfir höfuð verð jeg að taka fram við þetta tækifæri, að mjer þykir það mjög sorglegt, hve fá mál ná fram að ganga á þessu þingi; það er eins og það sje einhver tviskinnungur í þinginu, eða að hver deildin keppist eptir, að spilla málum hinnar. Þannig samþykkti þessi deild fyrir skemmstu frumv. um toll af áfengum drykkjum, og eptir því, sem »stemningin« er í því máli í Ed., ber jeg kvíðboga fyrir forlögum þess þar í deildinni.

Þetta mál, sem hjer liggur nú fyrir,

um veiting og sölu áfengra drykkja, er komið frá h. Ed., og nú rísa menn upp hjer og mæla á móti því sem ónauðsynlegu, og þó er svo, eins og h. framsögum. (B Sv.) sagði, að ef menn gætu »documenterað« þjóðviljann á Íslandi í öðru máli eins augljóslega og hann lýsir sjer í þessu máli, þá myndu menn þykjast góðir.

H. þm. Vestm. (Þorst. J.) sagði, að það væri ekki þjóðin, sem vildi hafa þetta fram, heldur væru það Good-Templarar, sem væru að »agitera« fyrir því um allt land. En jeg skal taka það fram, að á þeim bænarskrám, sem jeg hafði meðferðis, eru engir Good-Templarar, því að þeir eru, enn sem komið er, eigi til í mínu kjördæmi; en reyndar eru þar aðrir bindindismenn, og hafa auðvitað nokkrir af þeim skrifað undir þær áskoranir, sem jeg hafði meðferðis úr mínu kjördæmi til þingsins; en þar eru líka undirskrifaðir margir, sem ekki eru bindindismenn.

Það, sem farið er fram á í þessum áskorunum, er þetta: að tollur á vínföngum verði hækkaður; að kaupmönnum verði stranglega bannað að selja eða veita vín í smáskömmtum; að tiltekin verði nákvæmari skilyrði, en hingað til, fyrir leyfi til að veita og selja áfenga drykki, svo ekki geti, eins og nú, hver knæpan risið upp við hliðina á annari.

Jeg kalla það sorglegt, ef það væri ekki almennur þjóðarvilji að takmarka nautn áfengra dykkja, svo að hin yngri kynslóð geti alizt upp við guðsótta og góða siði, í stað þess að drabba inni á veitingahúsum. En einn aðal-kosturinn við þetta frv. er það, að eptir að það er orðið að lögum, getur enginn orðið veitingamaður, nema með samþykki sveitarmanna eða bæjarbúa. Þetta, í sambandi við önnur ákvæði frv., og einkum við framhaldandi starfsemi bindindisfjelaganna, miðar til þess, að gera mönnum sem örðugast fyrir að verða veitingamenn, sem líka er rjett, þar sem óhætt má segja, að hjer sje að ræða um hina lúalegustu og svívirðilegustu atvinnu, sem kristinn maður getur lagt fyrir sig.

Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta mál, en treysti því, að það verði samþykkt hjer í deildinni nú eins og áður; því jeg vona, að hver sá, sem lætur sjer annt um, að guðsótti, góðir siðir og þjóðlegur þroski eflist í landinu, hljóti að greiða atkvæði með þessu máli.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 15 samhljóða atkvæð um, og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi*

Tillaga til þingsál. um Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðssjarðir (178); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr., og var það samþ.

Tuttugasti og níundi fundur, mánudag 1. ág., á hád.

Fjarverandi 1. þm. Árn. (Þ. Guðm.), sem hafði fengið leyfi hjá forseta til þess.

Frumv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands (197); 3. umr.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Mál þetta liggur nú í síðasta sinn fyrir til umræðu hjer í deildinni, áður en til atkvæða er gengið. Þetta augnablik, þegar gera skal út um afdrif svo mikils varðandi máls, hlýtur að vera frá mínu og allra hinna háttvirtu þingmanna sjónarmiði, svo merkilegt, að jeg verð að biðja h. þingd. að hafa dálitla þolinmæði, og hlýða enn einu sinni á orð mín í máli þessu.

Jeg vil reyna að gera málið ljósara, en það er enn þá orðið; hvort mjer heppnast, það, veit jeg ekki.

Jeg hefi áður, við 2. umr. þessa máls, svarað mótbárum hæstv. landsh. að efninu

til, og get því vísað til þess, sem jeg þá sagði; jeg vil að eins bæta því við, að maður verður að hafa það hugfast, að það, sem landsstjórinn gerir í nafni og umboði H. H. konungsins, er að álíta sem það væri gert af honum sjálfum, eða eins og latneska orðtakið segir: »ipse facit quod per alium facit«, því þetta gerir allar mótbárur, sem menn vilja byggja á því, að landsstjóraskipunin rýri vald og tign konungsins, að einberum hjegóma. — Hæstv. landsh. tók eigi að síður sjerstaklega fram eitt atriði: um stöðu landsstjórans gagnvart konunginum, og skildi hana svo, sem landsstjóri hefði eigi nægilega ábyrgð gagnvart H. H. konunginum, þrátt fyrir orð frumv., sem segja, að konungurinn bæði skipi landsstjóra og víki honum frá völdum. Hann kom með dæmi, sem átti að sýna, að konunginum væri ómögulegt að víkja landsstjóranum frá; en þetta er hreinn og beinn misskilningur hjá hæstv. landsh.; hann fór mjög hörðum og óþægilegum orðum um þetta hlutfall milli landsstjóra og konungs, þar sem hann tók dæmi af ómyndugum manni eða barni, og fjárhaldsmanni, sem því væri settur. Hvernig getur nú slík kenning átt við vjer? — Jeg er hræddur um, að hún mundi þykja mjög kynleg, og að einhver mundi brosa, ef hún kæmi fram í enska parlamentinu í umræðum um nýlendustjórn Englendinga, eða stöðu Englandsdrottningar gagnvart landsstjórum hennar í nýlendunum. Menn hljóta að sjá, að hjer er farið mörgum fetum lengra en rjett er og tali tekur, til að hnekkja aðalgrundvelli stjórnarskipunarlagafrumvarpsins, því hvernig skyldi valdi konungs geta verið nokkur hætta búin, þótt ekki sje tekin inn í frumv. sjerstök ákvörðun um það, að landsstjóri skuli hafa ábyrgð gagnvart honum, sem segir sig alveg sjálft? Vilji menn nú gera sjer grein fyrir tilfellunum, sem bæði landsh. og aðrir hljóta að geta sett sjer fyrir sjónir, þá verður málið ofur-ljóst og öll vandræði útilokuð.

Setjum þá fyrst það tilfelli, — og þetta tilfelli er það almenna og eðlilega aðaltilfelli, og það ætti að vera aðalatriðið í augum vorum, og vort aðalumhugsunarefni, — að landstjóri með ráðgjöfum sínum eða stjórn og alþingi að hinu leytinu sjeu í góðu samkomulagi og æskilegri samvinnu, með öðrum orðum: starfi og stjórni samkvæmt anda stjórnarskrárinnar; já, má jeg þá spyrja hinn hæstv. landsh., hver er þá, þegar svo er, hugsanleg ástæða fyrir konunginn að víkja landstjóranum frá eður gjöra ábyrgð gildandi gegn honum? Sjá menn virkilega ekki, að þessi samvinna og samræmi milli stjórnar og þings getur ómögulega verið konunginum ógeðfeld eða móti skapi? Sjá menn ekki, að hún er einmitt aðalkjarninn, aðalgrundvöllurinn, aðalhugsjónin í allri sannri »konstitutionel« stjórn og stjórnarskipun? Og hvernig er þá mögulegt, segi jeg enn og æ, að færa rök fyrir, að konungurinn, sem sjálfur hefir lagt grundvöllinn til þessarar samvinnu, og sjálfur veit bezt, hverja þýðingu hún hefir fyrir þjóð og stjórn, og sjálfur hefir unnið eið að stjórnarskránni til að tryggja hana sem bezt, hvernig er það hugsanlegt, að hann muni vilja fara að beita tignarvaldi sínu til að gjöra breyting á þessu ástandi, og raska friði á framsókn þjóðar og stjórnar með því að víkja slíkum landstjóra frá völdum? Nei, þess konar grýlur virði jeg að vettugi; þær eru sannarlega óskiljanlegt, óhugsanlegt málefni, sem engum ætti að koma til hugar; því þær fela í sjer meðal annars óhæfilegar og óleyfilegar getsakir til konungsins.

En setjum oss nú fyrir sjónir annað tilfelli, það, að landstjórinn gengi bæði á móti stjórn sinni, þingi og þjóð, og á þann hátt einnig skapaði misklíð og mótsetningu milli konungs og þjóðar; þá spyr jeg:

mundi þá konunginn vanta ráðgjafa til að skrifa undir afsetning þess landstjóra, sem svo færi að ráði sínu? Nei; verum þess fullvissir, að allir ráðgjafarnir og hver í sínu lagi mundu þakka guði fyrir að mega skrifa undir afsetning hans það fyrsta, sem orðið gæti!

En nú getur og þriðja tilfellið borið að höndum: að landstjóri og ráðgjafar standi í sameiningu á móti þingi og þjóð, og þar sýnist vandinn í fljótu bragði meiri; en úr þeim vanda er hans hátign konungurinn kallaður til að ráða. Konungurinn skipar þá nýjan landstjóra og hann aptur nýja ráðgjafa, og þessir nýju ráðgjafar, sem rjetta við landsstjórnina, skrifa undir afsetningu hins gamla landsstjóra; þetta hygg jeg að sje allur vandinn, sem hinn hæstv. landsh. vill gjöra svo mikið úr.

Jeg get annars verið þakklátur hinum hæstv. landsh. fyrir það, að hann benti á þetta atriði; því það hefir, ef til vill, eigi verið öllum eins ljóst, eins og jeg vona að það sje nú, að það er eigi unnt að finna neina sanna mótbáru gegn stjórnarskipunarlagafrumvarpinu frá þessari hlið málsins. Jeg skal játa það hreinskilnislega, að 1885 kom þetta atriði um ábyrgð landsstjóra gagnvart konungi til umræðu; en sú varð niðurstaðan, að mönnum þótti það allshendis óþarft, að setja þess konar sjerstakt ákvæði inn í frv., og álitu, að það segði sig sjálft og væri innifalið í því, að konungurinn gæti vikið landsstjóranum frá völdum, og það því væri nægilegt til að tryggja »prærogativ» konungsins í þessu tilliti.

Annað atriði í ræðu hæstv. landsh. var mjög þýðingarmikið, þar sem hann var að tala um samkomulagið milli alþingis og hinnar núverandi stjórnar í þessu máli, og finn jeg mjer því skylt að reyna að gera það atriði svo ljóst fyrir mönnum, sem mjer er unnt. Hæstv. landsh. sagði, að menn gætu eigi ætlazt til að stjórnin sýndi tilslökun, meðan þingið ekki slakaði til í neinu. Þessi athugasemd er mjög eðlileg frá sjónarmiði hæstv. landsh.; en menn mega víst ekki misskilja hana á þann hátt, að landsh. finni hvöt hjá sjer eða hafi vald til að semja við þingið fyrir stjórnarinnar hönd, því að það vald hefir hann sjálfsagt ekki, úr því hann ekki hefir gert þinginu neina tilkynningu í þá átt, heldur verða þessi orð hans að skiljast sem eins konar bending til þingsins um það, að það fari svo langt í kröfum sínum, að stjórnin, eins og hann lítur á málið, eigi hafi ástæðu til að leita samkomulags við alþingi, með öðrum orðum: landshöfðinginn lítur svo á málið, að það sje alþingi, sem á að slaka til, en stjórnin ekki.

En nú vil jeg þá spyrja: Hvernig horfir stjórnarskrármálið nú við frá stjórnarinnar og þingsins hálfu? Þetta verður öllum að vera ljóst, ef samkomulag á að geta komizt á milli þings og stjórnar. Hver er staða málsins frá þjóðarinnar hálfu, hver er aðalkjarninn í kröfu þings og þjóðar? Hann er sá, að þingið og þjóðin heimtar og krefst, að stjórn allra hinna sjerstöku málefna, sem upp eru talin í 2. gr. frv., verði færð inn í landið sjálft, og að þessi stjórn beri fullkomna »konstitutionel» ábyrgð gjörða sinna fyrir íslenzku þingi og íslenzkum landsdómi. Þetta er það, sem hjer er um að ræða, hvort stjórnin eigi að vera á Íslandi eða ekki, hvort stjórnin eigi að vera fullkomin stjórn eða ekki, hvort hún eigi að vera ábyrgðarlaus eða með fullri ábyrgð. Um tilslökun frá þessu og engu öðru er hjer að ræða; og drögum í drottins nafni alls engar dulur á þessa kröfu vora, sem einnig má innibinda í þeim orðum, að landsstjórn vor sje al-íslenzk og óháð hinu almenna löggjafarvaldi í hinum sjerstöku málefnum Íslands. Um það eina getur verið nokkur vafi, hvar takmörkin sjeu, nákvæmlega vegin og einskorðuð, milli hinna almennu og sjerstöku mála, hvað heyrir undir

hið almenna löggjafarvald og hvað undir alþingi sjerstaklega.

Skoðum nú hina hlið málsins og gætum að, hver takmörkin sjeu eptir hinni núgildandi stjórnarskrá. Eins og nú stendur, er stjórn allra hinna sjerstöku málefna Íslands háð hinu almenna löggjafarvaldi og úrslitum málanna í ríkisráði Dana; öll sjerstakleg ábyrgð er ómöguleg, og allar stjórnarathafnir, stjórnskipulega skilið, fara fram í Danmörku; þannig er ástandið, og þetta er og hefir verið ófrávíkjanleg krafa og lögmál stjórnarinnar. Allir hljóta að sjá, að hjer er um skarpar mótsetningar að ræða, og tilslökunin þannig löguð, að eigi er um annað að tala en það, að stjórn hinna sjerstaklegu málefna sje annaðhvort háð eða ekki háð hinu almenna löggjafarvaldi og ríkisráði Dana. Þessar mótsetningar eru eins skarpar og glöggar, sem mótsetningin milli birtu og myrkurs, milli já og nei, lífs og dauða, og þegar nú tilslökunin frá þingsins hálfu ætti að ganga í þessa átt, þá er það sama sem að stjórnin heimtaði, að þjóðin beiti banaspjóti á móti sjálfri sjer, afneiti sjálfri sjer og lífstilveru sinni. Jeg tek þetta fram, ekki til að gera hæstv. landsh. það ljóst, heldur til þess að sýna honum, að mjer sje það ljóst, að þess konar tilslökun sje ómögulegt að heimta af hinni íslenzku þjóð, og að hún mundi fremja sjálfsmorð, ef hún uppfyllti slíka kröfu. Jeg skal játa, að jeg get vel skilið, þótt örðugt sje að fá stjórnina til að slaka til, allt svo lengi sem hún skoðar þetta mál frá sínu alveg ranga og öfuga sjónarmiði, og heldur því fram með eins miklu kappi og einstrengingsskap, eins og hún hefir sýnt með auglýsingunni 2. nóv. 1885, sem hæstv. landsh. hefir svo margvitnað til. Jeg skal að öðru leyti geta þess, að það er alveg ástæðulaust og rangt, sem sagt hefir verið, að alþingi hafi ekki sýnt tilslökunarsemi eða verið ófúst til samkomulags við stjórnina í stjórnarskipunarmáli Íslands, og jeg finn mig knúðan til að halda hlífðarskildi fyrir alþingi í þessu efni með því, að rifja það upp með sem fæstum orðum, sem fram hefir farið fyr og síðar í máli þessu. Jeg man svo langt og allir hljóta að muna svo langt — að menn taki ekki lengra til — að árið 1867 var sá ráðgjafi í Danmörku, sem hafði allan vilja á að koma samkomulagi á milli stjórnarinnar og Íslendinga í þessu máli; honum var alvara, og sú alvara skein út úr frv. því, sem lagt var fyrir þingið, út úr orðum hins þáverandi konungsfulltrúa, Hilmars sál. Finsens, og mörgu öðru, og þinginu var einnig alvara, að mæta stjórninni á miðri leið. En hvernig fór? Ekkert samkomulag komst á, og konungsfulltrúinn fjekk jafnvel ákúrur hjá stjórninni fyrir að hafa gengið of langt í sáttatilraunum sínum við þingið; þá sem optar stóð þessi gamla flækja og kredda föst um það hjá stjórninni, að engin sönn stjórnskipuleg mótsetning skyldi vera milli hinna sjerstöku mála Íslands og hinna almennu ríkismála, sem illur þrándur í götu fyrir öllu samkomulagi. Stjórnin og ábyrgðarleysið átti endilega að þurfa að vera í Kaupmannahöfn, hvorttveggja óaðgreinanlegt frá ríkisráði Dana. Þing eptir þing var svo verið að laga frv. frá 1867, smíða ný frumvörp, og reyna til að gera þau aðgengileg fyrir báða málsaðila, en allar tilraunir mistókust, og einlægt strandaði á sama skerinu, tilslökunarleysi stjórnarinnar sjálfrar. Hvernig er þá hægt að segja, að alþingi hafi verið ófúst til sátta og samkomulags, þar sem það hafði hvað ofan í annað reynt að reka endahnútinn á málið með nýjum uppástungum og tilslökunum, þótt það jafnan misheppnaðist, af því stjórnin sat einlægt við sinn keip? Þegar nú var komið í þetta óefni og stjórnin orðin úrkulavonar um, að hún og alþingi mundu fá leitt þetta mál til lykta, þá lagði hún málið fyrir ríkisþingið, og afleiðingin af því voru stöðulögin 2. jan. 1871; þetta er öllum kunnugt, og mundi

verða það enn kunnugra, ef þeir kynntu sjer ríkistíðindin um það mál til hlítar. Og hver varð svo niðurstaðan? Sú, að ríkisdagurinn leysti þann hnút, sem einlægt hafði haldið málinu í dróma. Menn geta haft svo mikið, sem menn vilja, móti forminu á þessum lögum, að því leyti, sem þau ekki voru lögð undir samþykktaratkvæði alþingis; en að efninu til hafa stöðulögin 2. jan. 1871 — það er að segja rjett lesin og rjett skilin — leyst hnútinn á þann hátt, sem vjer megum vel við una; því eins og þetta frv. til stjórnarskipunarlaga sýnir og sannar, og allar umræðurnar um það mál nú og fyrri, þá getum vjer fengið öllum þörfum vorum og kröfum fullnægt, án þess að komast í bága við stöðulögin, þar sem þau beinlínis heimila oss fullkomna sjálfstjórn í öllum hinum sjerstaklegu málefnum Íslands, sem talin eru upp í 2. gr. laganna. Af þessum lögum leiddi nú aptur, eins og vjer allir vitum, stjórnarskrána 5. jan. 1874; en hvers vegna varð henni framgengt? Hverjum var það að þakka, að hún komst loksins á? Engu öðru en tilslökun alþingis 1873, þar sem það gaf stjórninni heimild til þess til vara, að semja stjórnarskrá fyrir Ísland til bráðabyrgða, allt svo vel að merkja: stjórnarskrá, sem mátti og átti að endurskoðast eptir 3 alþingi eða 6 ára tímabil; því ekkert orð verður með rökum í þá átt sagt, að alþingi hafi á annan hátt en þennan gefið eptir af kröfum sínum og skýlausa rjetti til fullkominnar sjálfstjórnar. Hjer kom því tilslökunin frá Íslendinga hálfu þessu máli á það stig, sem það er komið, og þessu ætti stjórnin sízt að gleyma eða fulltrúi hennar á sjálfu alþingi.

En nú er þá aptur að líta á stjórnarinnar hluta í málinu, og þá spyr jeg: eru þau skilyrði tekin til greina 5. jan. 1874, sem fylgdu tilslökun alþingis 1873? Eða hefir jafnvel stjórnarskránni, eins ófullkomin eins og hún er og fjarlæg þessum skilyrðum, verið beitt eins vel og mögulegt hefði verið, og eins og alþingi og þjóð gat geðjazt? Jeg segi nei, þvert nei við hvorutveggju þessu, og þetta, einmitt þetta er undirrótin til þessara nýju tilrauna, til þessarar nýju framsóknar, að koma málinu loksins í rjett horf og halda áfram á þeim rekspöl, sem aldrei hefir verið og aldrei verður yfirgefinn, meðan Ísland er ofan sævar, þeim rekspöl, sem endar á fullkominni innlendri sjálfstjórn Íslands í öllum þess sjerstaklegu málum; þetta, sem jeg nú sagði, og sem stjórnin sjálf er völd að, það var, að þingið fór fyrst að hreifa málinu 1881 samkvæmt fyrirvaranum 1873, en þá þræddi þingið vel að merkja stjórnarskrána svo sem framast var unnt; það mátti svo að orði kveða, að það ljeti sjer lynda, að lypta málum að eins upp á grafarbarminn; niður í henni mátti það ekki lengur liggja; og hvað gerði svo stjórnin? Hún steinþagði, og fulltrúi hennar ljet ekkert frá sjer heyra á alþingi, hvorki til nje frá, hvorki með nje móti; þess vegna ber og stjórnin hjer sem optar, sökina og alla ábyrgðina. Árið 1883 sýndi þingið hina sömu viðleitni; en hjer fór sem áður, að málið fjekk engar undirtektir hjá stjórninni fyrir munn fulltrúa hennar á alþingi; það sætir nú, að mínu áliti, fádæmum, að stjórnin skuli ekki geta látið sjer skiljast, að þessar tilraunir til endilegrar skipunar á þessu máli voru byggðar á grundvelli stjórnarskrárinnar til samkomulags við hana, langt fram yfir það, sem alþingi fór fram á í aðaluppástungu sinni 1873, og að þeim eigi var haldið til hins ýtrasta, einmitt fyrir sakir þess, að þær fengu engan byr hjá henni eða fulltrúa hennar á alþingi, heldur leit svo út, sem alþingi talaði við steininn. En svo kom Þingvallafundurinn árið 1885, og þá bergmáluðu enn á ný á Þingvelli við Öxará þessar sömu raddir frá hinni íslenzku þjóð í einum anda, sem áður höfðu heyrzt, um gagngjörða nýja stjórnar-

skrá; það var þessi þjóðfundur, sem heimtaði og krafðist meira en alþingi 1881 og 1883 hafði farið fram á, og sem stjórnin ljet sem hún ekki heyrði nje sæi; það var þessi þjóðfundur, sem gaf alþingi nokkurs konar þegjandi snoppung fyrir, að samkomulagstilraunir þess 1881 og 1883 hefðu verið mikils til of linar. Það gleður mig sannarlega, að þetta er sá fundur, sem h. varaforseti (Þ. Böðv.) leggur svo mikla áherzlu á; þetta er sá þjóðvilji, sem hann talar svo mikið um, og ber svo mikla virðingu fyrir, þótt það komi öfugt við aðferð hans nú.

Svona víkur nú málinu við, og jeg vona, að enginn, sem þekkir sögu þess, og rjett vill dæma, geti neitað, að Íslendingar hafi fyrr og seinna gengið svo langt til samkomulags á móts við stjórnina, sem mögulegt hefir verið, að óskertum rjetti og virðingu þjóðarinnar, og að það er einmitt stjórnin, sem hefir sýnt tregðu og tilslökunarleysi frá upphafi til enda í þessu máli, en alls ekki alþingi. Hæstv. landsh. talaði, að mjer virtist, í þá átt, að málið væri komið í bobba, hnúturinn sje óleysanlegur, og enginn vegur til samkomulags við stjórnina; en jeg segi nei; leiðin er opin og augljós til að leysa úr þessum vandræðum, og stjórnarskráin og stöðulögin vísa bæði mjer og honum á hana. Jeg skal reyndar játa það, að þessi alríkishnútur, sem stjórnin skapar sjer úr stöðulögunum alveg ástæðulaust, er reyndar slæmur rembihnútur, eins og hengingaról hins íslenzka þjóðernis; en jeg þekki annan hnút, eða rjettara sagt pólitiskt band milli Íslands og Danmerkur, og það band felst einmitt í 2. gr. stöðulaganna og þessu stjórnarskipunarlagafrumvarpi, sem er þeim alveg samhljóða, þar sem þessi orð standa: »Meðan Ísland hefir ekki fulltrúa á ríkisþinginu, en það er komið bæði undir hinu sjerstaka löggjafarvaldi landsins, konungi og alþingi, og löggjafarvaldi ríkisins, leggur landið ekkert til almennra ríkisþarfa. En á hinn bógin tekur það heldur engan þátt á meðan í löggjafarvaldinu um almenn ríkismál«. Í þessum orðum liggur hin rjetta leið til samkomulags, og ef stjórnin í Kaupmannahöfn vildi víkja inn á þessa leið, og bjóða Íslendingum að taka þátt í hinum almennu ríkismálum, þá væri komið hið rjetta band, í staðinn fyrir það ranga band, sem nú er; hjer er einmitt bæði stjórninni og alþingi sýndur vegurinn til að mynda á stjórnskipulegan hátt nýtt samband milli Íslands og Danmerkur, eptir því, sem stöðulögin benda á. En hjer er eigi um þetta að ræða. Hjer er að eins á það að líta, að frumv. það, sem hjer liggur fyrir, fer eigi fram á annað, en sannarlegt bróðurlegt band, jafnrjettissamband við Dani, og þegnlega hollustu við H. H. konunginn. Og þetta samband, hvort heldur sem það hefir sín upptök hjá stjórninni eða alþingi, er hið sæmilegasta, því að það er lagað til þess, að auka sæmd og veg konungsins og hinnar dönsku þjóðar jöfnum höndum; sæmd hennar mundi sannarlega ekki minnka við það, þótt Íslendingum væri gefið tækifæri og hvöt til, að efla þá krapta, sem fólgnir eru í landinu og hjá þjóðinni. Orðstír Dana í hinum menntaða heimi mundi eigi rýrna, þótt það orð legðist á þá, að þeir gætu hrósað sjer af af því, að hin fátæka sögupjóð Norðurlanda, Íslendingar, gæti litið ófeimnum augum upp á auðugri og fjölmennari þjóðir. En um þetta skal jeg nú ekki fjölyrða frekar. Hverjar vonir, sem vjer megum gera oss um það, að mál þetta taki þessa stefnu bráðlega, þá skulum vjer gleðja oss við það, að þessi hugsjón liggur í lögmáli tímans, og þótt hún ekki uppfyllist meðan vjer erum á lífi, þá mun hún þó síðar rætast; kynslóðirnar eru sem báruslag á vatninu: öldurnar rísa, brotna og hverfa aptur, en vatnið heldur áfram að vinna með sínu afli, hreyfingum og þunga.

Jeg hefi nú lokið því, sem jeg einkum vildi taka fram viðvíkjandi mótbárum hæstv. landsh. Jeg vona, að hvorki hann nje aðrir láti málið sjálft gjalda þess, þótt mjer hafi mistekizt að útlista það og stefnu þá og skoðun, sem liggur í frumv. og breytingum meiri hlutans.

Þegar jeg nú því næst sný mjer að þeirri hlið málsins, sem sjerílagi snertir hina háttvirtu þjóðfulltrúa, þá get jeg eigi annað en farið nokkrum orðum um atkvæðagreiðslu þeirra í máli þessu nú, á þessum fáu dögum síðan mál þetta var borið upp í hinni háttvirtu þingdeild. Þessi atkvæðagreiðsla er sannarlega merkileg, og mun seinna verða mikið um hana hugsað, ritað og rætt. Þjóðin mun sízt gleyma því, að þetta er atkvæðagreiðsla fulltrúa Íslendinga um stjórnarskrármálið 1887, sem náttúrlega verður borin saman við atkvæðagreiðslu þeirra um sama mál 1886; því að þjóðin er húsbóndinn, sem gætir að því, hvað verkamenn hennar vinna. En hvað er þá merkilegt við þessa atkvæðagreiðslu? Það, að hún er bæði sorgleg og gleðileg; gleðileg vegna þess, að þar sem margir áður höfðu látizt vera í óvissu um það, hvort málið mundi hafa framgang á þessu þingi, þá var því svo vel tekið af þingmönnum hjer í deildinni, þegar það kom til fyrstu umræðu, að uppástungan um að nefnd yrði sett í það var samþykkt með 20 atkvæðum.

Nefndin vann þvínæst í mestu eindrægni að málinu, og eptir að það hafði verið rætt og grein gjörð fyrir aðalgrundvelli og ákvæðum frumvarpsins í heild sinni, gekk málið til 2. umræðu með ágætum byr og í bezta samkomulagi. Við 2. umr. málsins fjekk frumv. að vísu að kenna á skörpum vopnum úr hendi hæstv. landsh ;. en þrátt fyrir það voru þó allar hinir einsföku greinar þess samþykktar með eindregnum atkvæðamun (19—20 atkv.) og allt frumv. samþykkt nær því í einu hljóði; en þegar svo gengið er til atkvæða um málið til 3. umr., þá kemur þessi merkilega atkvæðagreiðsla, að 15 segja já við frumvarpinu, en 7 nei; hjer brestur bræðrabandið; hjer sofnar hinn fyrri samtaka vilji deildarinnar, að halda málinu áfram á reglulegan og lögskipaðan hátt. Þetta er það, sem jeg kalla sorglegt við atkvæðagreiðslu hinna háttvirtu fulltrúa. Margur kann máske að furða sig á því, að mjer skuli þykja þetta svo merkilegt, því að þess konar atkvæðagreiðsla sje þó eigi mjög óvanaleg hjer í deildinni; en fleirum en mjer mun þykja þessi atkvæðagreiðsla sjerstaklega kynleg, þegar um það frumv. er að ræða, sem pólitisk tilvera og líf þjóðar vorrar er undir komið. Mundu menn geta furðað sig á því, þó hin íslenzka þjóð fengi hjartslátt, er hún sjer svart á hvítu, að slík atkræðagreiðsla hefir farið fram hjá þeim fulltrúum sínum, sem hún útvaldi árið 1886 til að framfylgja með fullri eindrægni og drengskap stjórnarskrármálinu. En hamingjunni sje lof, að þessi hjartsláttur væri þó að nokkru leyti ástæðulaus, eða ástæðuminni, en útlit er fyrir í fyrstu. Menn gleðji sig við það, að sú deyfð, sá þokudrungi og andlega farg, sem hvíldi yfir þingdeildar-mönnum í máli þessu í byrjun þingsins, hvarf og ljetti af við þessa atkvæðagreiðslu; það kom eins og skýjarof svo, að sá í heiðan himininn, en álitlegur, já bjargfastur meiri hluti kom fram úr skúmaskotinu og þokumökknum. Jeg segi bjargfastur meiri hluti, því að enginn klettur er sterkari en sá sannleikur, sem meiri hlutinn styðst við í þessu máli. Vjer erum að vísu komnir á 11. stund í þessu máli; en á 11. stundu höfum vjer þó enn tíma til að gjöra oss ljóst, hvað valdið hafi ágreiningnum og hvað burtrýma eigi sundrungunni meðal vor, og vjer eigum að gjöra oss það svo ljóst, að minni hlutinn hverfi nú við þá síðustu atkvæðagreiðslu,

í þessu máli og samlagi sig aptur meiri hlutanum. Menn munu spyrja, hver ástæða hafi verið til, að þingdeildin, sem áður var öll á sama máli, skyldi klofna við 2. umr., þannig, að 15 þingmenn vildu láta málið ganga til 3. umr., en 7 láta staðar numið. Jeg spyr svo, þjóðin, stjórnin, og landshöfðinginn spyr svo: allt þetta spyr, hvað þessu hafi valdið; og seinna mun — þess megum vjer vera fullvissir — allur hinn menntaði heimur spyrja að hinu sama. Þjóðin spyr, hvað hafi komið minni hlutanum til að greiða þannig atkvæði; minni hlutinn svarar sjálfsagt: þjóðviljinn. En hvaða þjóðvilji? Mundi það ekki vera sá falski þjóðvilji, sem ætlaði að glíma við þjóðviljann 1886, en beið svo algjörlegan ósigur hvarvetna, er hann reyndi að láta á sjer bera? Mundi nú þessi draugur vera kominn aptur á sjónarsviðið? Má vera. Svo mikið er víst, að hinn sanni þjóðvilji hefir haldið sjer rólegum heima og ekki beitt neinum fortölum eða meðölum til að sýna mátt sinn og megin, sem hann áleit vel borgið í brjósti og hjartà fulltrúa sinna. En sleppum öllum líkingum. Yfir höfuð þekki jeg ekki annan þjóðvilja í máli þessu en þann, sem meiri hlutinn fylgir sem óhultri leiðarstjörnu í þessu máli, og hann getur að eins verið einn. Eða mundu 15 kjördæmi hafa einn þjóðvilja, og 7 kjördæmi annan? Það er þó og verður ómögulegt; landið er eitt, þjóðin ein og þjóðviljinn þar af leiðandi líka einn; reyndar getur vel verið, að það hafi verið laus og ástæðulaus skoðun hinna 7 kjördæma, að hreyfa ekki þessu máli á þessu þingi, en þegar þessir 7 háttv. herrar eru búnir að sjá, að sá vilji, sem á slíku er byggður, hvorki er nje getur verið þjóðvilji, þá vona jeg, að þeir hverfi frá honum og gangi undir merki hins sanna þjóðvilja. Jeg skora á þá, að gæta þess á þessu alvarlega augnabliki, að þjóðviljinn er enginn þytur, ekkert alþýðumas og laust hjal, enginn laus og hringlandi meiningamunur; það er t. d. enginn þjóðvilji, sem maður stundum heyrir, að þingið sje ómagi, að embættismenn sjeu hálaunaðir landsómagar, að hollast mundi vera fyrir land og þjóð að skammta þeim sem allra mest úr hnefa o. s. frv.; jeg og þessir háttv. 14 þingmenn, sem myndum meiri hlutann í stjórnarskipunarmálinu í neðri deild alþingis, höfum allt aðra skoðun á þjóðviljanum en svo, að hann sje marklaus þytur og lausungarmál vanhugsandi manna. Þá munu minnihlutamenn bera það í bætifláka fyrir sig, að þeir vilji hlífa þjóðinni við nýjum aukaþingskostnaði og tala mikið um, að sparnaður sje nú svo afar-nauðsynlegur sökum árferðisins; en jeg kalla það að eins sorglegan vott um gjörsamlegan skort á pólitiskum þroska hjá þessum herrum, ef þeir geta eigi gjört sjer það skiljanlegt, að aukaþing er hvorki hættulegt nje ísjárvert fyrir landið nje landssjóð; þá gætu þeir sagt, og hlytu að segja, að t. a. m. Good-Templarafjelagið væri enn þá meiri háskagripur fyrir landssjóð, því það fjelag banar ofdrykkjunni og landssjóður tapar að sama skapi, sem ofdrykkjan minnkar; og skyldi þessi rýrnun ofdrykkjunnar t. a. m. valda 20,000 kr. árlegu tapi fyrir landssjóð í tollmissi af öli, víni og áfengum drykkjum, þá væri það landssjóði helmingi hættulegra en aukaþing annaðhvort ár, sem þó aldrei getur kostað það sem helmingnum nemur af þessu fje árlega, — jeg segi landssjóði, en ekki þjóðinni, því peningarnir taka aðra og gagnlegri rás, þar sem svo er ráð fyrir að gjöra, að þeim sje varið til að efla starfsemi, atorku og reglusemi í landinu. En allt hið sama er að segja um kostnaðinn til aukaþings; það fje gengur ekki út úr landinu, heldur í þarfir þess og er því sannarlega ekki tapað fje fyrir landið, heldur er því þvert á móti varið á tvöfaldan hátt til gagns fyrir land og lýð; eða sitjum vjer máske ekki til annars á auka-

þingi en til að eyða 18 þúsund kr.? Sje svo, þá er bezt að fara lengra og afnema ekki einungis aukaþingin, heldur einnig hin reglulegu. Nei! þjóðin verður að minnsta kosti ekki 1 eyri fátækari, þótt aukaþing sje haldið; peningunum er að eins varið á annan hátt en ella mundi; land og þjóð er jafnrjett eptir sem áður; og þeir, sem ekki geta skilið þetta eru pólitiskt ómyndugir menn og alls óhæfir til þess, að fjalla um löggjafarmál og til að fara með fjárhag landsins; hjer er einmitt um stórkostlegasta gagn og þjóðarávinning að ræða; því hvað er gagnlegt fyrir þjóðina, ef eigi það, að hún berjist fyrir sinni pólítisku lífstilveru, ekki annaðhvort ár, heldur hvert eitt og einasta ár, mánuð, dag og stund, unz sjálfstæði hennar og landsstjórnarrjettindi eru fulltryggð fyrir aldna og óborna? Af þessum ástæðum vona jeg að minni hlutanum skiljist, að honum tjáir ekki að byggja misskilning sinn á þjóðviljanum eða fátækt landssjóðsins eða þjóðarinnar, og að honum er óhætt að hverfa frá honum fyrir þessar sakir.

Þá mun hinn háttv. minni hluti enn fremur byggja skoðun sína, ef hún annars er nokkur, á vantrausti til stjórnarinnar. En gætir minni hlutinn að því, hve varúðarvert það er fyrir hann, að láta þess konar orð sífellt klingja og dynja hjer á alþingi, að þjóðfulltrúarnir ekki treysti stjórninni til sannleikans viðurkenningar eða neins góðs, að allar tilraunir og ályktanir þeirra sem löggjafa sjeu ekki til nokkurs hlutar, að *nei* stjórnarinnar sje eins og blint »fatum« eða ósigrandi forlaganauðsyn, eins og dauðinn sjálfur? En hver er þá hin beina og eðlilega afleiðing af þessari vanvirðandi skoðun á stjórninni og hinu löggefandi alþingi? Þeir, sem þannig tala og hugsa, efla einmitt og skapa ástæðuna fyrir vantrausti; það er eins og þessir menn ekki skynji, að stjórnin er til fyrir land og þjóð, en land og þjóð ekki fyrir stjórnina. Þetta veit stjórnin sjálf mjög vel, og því fastar sem þing og þjóð stendur á rjetti sínum og þörfum, því meiri ástæða er fyrir stjórnina að hliðra til og láta eptir kröfum þings og þjóðar. En af þessu leiðir beinlínis, að stjórnin hlýtur að virða að vettugi þá þjóð og það þing, sem hún sjer að engan vilja hefir, engan rásfastan vilja, engar kröfur nema á vörunum, eptir því, sem veður og vindur stendur. Eða hvað segjum vjer um þann mann, sem er eitt í dag og annað á morgun, sem engan fastan vilja sýnir? Hvað segjum vjer um þann sjómann, sem rær á sjó út, en snýr strax heim á leið, af því að hann er hræddur um, að hann engan afla fái, eða gola kunni þegar á daginn líður; leggst svo upp í rúm sitt og vill heldur deyja úr sulti og seyru, en sýna hugdirfð og atorku, hugrekki og áræði til að bjarga sjer og sínum? Á alþingi nú að fara svona að, á það að vera viljalaust og máttlaust, alvörulaust og hringlandi í baráttu sinni við stjórnina? á það að gugna og leggja sjálfstjórnarmál Íslands á hylluna, jafnskjótt sem stjórnin segir einu sinni eða tvisvar *nei* við framgangi þess? Nei, því að á þann hátt er ómögulegt að þoka málinu áfram; með því móti leggjum vjer þjóð vora, eins og í voru valdur stendur, í gröfina. En því meiri atorku og festu sem þingið sýnir, því meiri ástæðu og skyldu hefir stjórnin til að láta eptir kröfum þess; og enn krefst jeg þess af minni hlutanum, að hann láti sjer skiljast, að með þessu einu móti verður það gert landshöfðingja, sjálfum fulltrúa stjórnarinnar hjer á þingi, mögulegt, að sýna stjórninni og brýna fyrir henni, að hjer sje ekki um ástæðulausan þráa eða alþýðuhjal að ræða, heldur um fastan og einbeittan þjóðarvilja.

Og hvernig heldur hinn háttv. minni

hluti loksins, að aðferð sú, sem hann fer fram á í þessu máli, muni taka sig út í augum þeirra menntaðra þjóða, sem eru oss og málstað vorum meðmæltar? Hvernig heldur minni hlutinn að það líti út í augum þeirra, þegar það berst út um allan hinn menntaða heim í erlendum blöðum, að Íslendingar hafi hætt við stjórnarbaráttu sína svona í miðju kafi; mundi þá ekki slokkna eða þó dofna sá vonarneisti, sem ljósengill tímans, að jeg svo kalla, hefir varpað á sjálfstjórnarframsókn vora vestan og sunnan um haf, ef þetta mál væri nú lagt á hylluna í ein 10—20 ár, og hver veit hvað lengi? Minni hlutinn getur máske sagt, að það hafi ekki neina beina þýðingu fyrir málið; en þess meiri er hin óbeina þýðing, sem það hefir, að hægt verði að segja, að Íslendingar, þessi gamla, fátæka söguþjóð, berjist ódeigt og ötult fyrir frelsi sínu í fullu samræmi við hinar stærri menntuðu þjóðir, og að baráttan, sem hjer er háð, sje ein kvísl af þeim mikla frelsis- og sjálfsstjórnarstraumi hins menntaða heims, sem þannig eigi talsmenn, þó fáir sjeu, með einlægum og einbeittum vilja á alþingi Íslendinga.

Jeg vona hinum háttv. herrum sje það ljóst orðið, hafi það eigi áður verið, að það er þjóðin, sem hefir kvatt oss og kallað til að framfylgja þessu máli með drengilegri einurð og festu, og að vjer því sjeum skyldugir til að sýna óslítanlega samheldni í því, svo að vjer getum meðal annars sagt, að vjer styrkjum hæstv. landshöfðingja í væntanlegri viðleitni hans og aðstoð til samkomulags við stjórnina, en gerum honum hana ekki örðugri en nauðsyn krefur.

Jeg vona, að þeir háttv. herrar sjái, að það er ekkert ómælanlegt djúp staðfest milli meiri og minni hlutans, heldur að eins ein hársbreidd, sem allir ættu að fá yfir stigið, þegar um velferð lands og þjóðar, sóma hennar og orðstír um allan heim er að ræða; jeg vona, að sá »genius« eða verndarengill, sem jafnan hefir hingað til fylgt alþingi Íslendinga í þessu máli, hverfi eigi frá oss í þessu áríðandi augnabliki!

Gleymum ekki þessu: Landið er eitt, þjóðin ein og óskipt, og fulltrúadeild Íslendinga, neðri deild, er ein. Sýnum þá með atkvæðum vorum, að vjer vinnum að þessu þýðingarmesta velferðarmáli í fullkominni einingu og bræðrahug.

Landshöfðingi: Úr því að engar breytingartill. eru komnar fram við þetta frumv. til þessarar umræðu, álít jeg, að allar frekari umræður um málið hafi lítið að þýða. Að minnsta kosti geri jeg mjer enga von um, að jeg mundi geta sannfært neinn h. þingm., þó jeg færi enn að rekja allt það, sem gerir þetta frumv. óaðgengilegt fyrir stjórnina, því jeg geng út frá því sem vísu, að allir h. þingdm. hafi þegar áður en þeir komu inn í salinn fastráðið, hvernig þeir ætluðu að greiða atkvæði í þessu máli, og jafnvel ekki einu sinni h. framsögum. (B. Sv.) mun með allri sinni mælsku og öllu sínu kappi takast að breyta skoðun og atkvæði eins einasta þingdm.

Jeg skyldi heldur ekki hafa tekið til máls í þetta sinn, ef h. framsögum. (B. Sv.) hefði ekki vikið að því, sem jeg sagði við 2. umr. þessa máls. Hann vildi sanna, að það hefði ekki verið rjett, sem jeg sagði um framkvæmdarvaldið og sambandið milli konungs og landsstjóra, eptir þessu stjórnarskipunarlagafrumv. Jeg gat ekki fremur nú en áður sannfærzt af orðum hans um, að landsstjóri væri umboðsmaður konungs, því það er ekki konungur, sem veitir landsstjóranum umboðið, heldur er það ákveðið í stjórnarskránni sjálfri eptir þessu stjórnarskipunarlagafrumv., að landsstjóri skuli vera umboðsmaður konungs.

H. framsögum. (B. Sv.) vitnaði til hinna ensku nýlenda, og sagði, að framkvæmdarvaldinu væri eins skipað þar eins og

hjer væri farið fram á í frumv.; en þessu neita jeg alveg. Í engum þeim nýlendugrundvallarlögum, sem jeg þekki til, er það tekið fram, að landsstjórinn framkvæmi allt hið umboðslega vald í umboði konungs, heldur stendur í þeim öllum, að drottningin hafi framkvæmdarvaldið. Það stendur alls ekki, að neinn annar hafi framkvæmdina fyrir hennar hönd. Landsstjórinn er skipaður og honum er vikið frá af drottningunni eptir ályktun ríkisráðsins enska. En til þess að konungur geti vikið landsstjóra frá eptir þessu frv., þarf hann undirskript einhvers ráðgjafans. Hann vildi samt sem áður sanna, að konungi veitti hægt að víkja landsstjóranum frá, og hann gekk út frá því, að þingið væri fullkomið, landsstjórinn væri fullkominn og ráðgjafarnir væru fullkomnir, og þess vegna gæti það aldrei komið til, að það þyrfti að víkja landsstjóranum frá. En einmitt af því, að allt þetta er ófullkomið, þingið er ófullkomið, landsstjórinn er ófullkominn og ráðgjafarnir eru ófullkomnir, þá gæti þeim orðið eitthvert glappaskotið á, og t. d. samþykkt lög, sem konungur ekki vildi eða gæti látið staðfesta. Jeg skal nefna eitt dæmi, sem h. framsögum. (B. Sv.) þó máske ekki vill taka tillit til. Í 1. gr. stöðulaganna segir: »Ísland er óaðskiljanlegur hluti Danaveldis«. Ef nú þinginu skyldi verða það á, að samþykkja lög, sem kæmu í bága við þessa grein, ráðgjafinn rjeði landsstjóranum að staðfesta þau og landsstjórinn gerði það, þá gæti konungur þó ekki vikið landsstjóranum frá fyrir þetta. Frumv. heimilar konungi ekkert annað vald, en að skipa landsstjóra, og svo það, sem hann má gera eptir 19. gr., þ. e. náða menn og gefa ráðgjöfum upp sakir með samþykki neðri deildar.

Þetta, að allt vald sje þannig dregið úr höndum konungs, það getur stjórnin ekki gengið inn á, og því hefir hún lýst yfir í auglýsingunni 2. nóv. 1885. Þegar nú er verið að tala um samkomulag í þessu máli milli stjórnarinnar og alþingis, þá ber þetta stjórnarskipunarlagafrumv., sem hjer liggur fyrir, vott um, að alþingi vill ekkert samkomulag hafa; því að þetta frumv. fer lengra en ekki styttra en frumv. 1886 í því að draga valdið frá konunginum.

Annars tók h. framsögum. (B. Sv.) svo margt fram og talaði svo háfleygum orðum, að jeg gat ekki fylgt honum. Ræða hans var eins og »fyrværkeri« eða flugeldur, sem blossar upp allt í einu og deyr eins fljótt út. Maður er búinn að gleyma því, sem á undan er komið, óðara en hann kemur með eitthvert nýtt atriði. En — sem sagt — jeg álít ekki til neins að hafa langar umræður um þetta mál framar, því engar umræður munu framar breyta þeirri sannfæringu, sem h. þingdm. þegar hafa slegið fastri í þessu máli.

Sigurður Jensson: Jeg er ekki viss um, að h. framsögum. (B. Sv.) hafi skilið fullkomlega orð mín við 2. umr. þessa máls; hann svaraði athugasemdum mínum á þá leið, að engin aðferð væri möguleg í þessu máli nema sú, sem nú væri farin, og rjeð mjer til að kynna mjer 61. gr. hinnar gildandi stjórnarskrár.

Jeg þykist þekkja 61. gr. stjórnarskrárinnar og skilja hana. Jeg veit, að það er 61. gr., sem gefur alþingi vald til að neyða stjórnina til að leysa upp þingið og stofna til nýrra kosninga, með því að það samþykkir nú breytingar á stjórnarskránni. Þingið hefir vald til að neyða stjórnina til þessa, hvort sem stjórnin vill nokkra breytingu á stjórnarskránni eða ekki; en lengra nær vald alþingis ekki. Stjórnin getur gert allt verk þingsins að engu, með því að breytingin nái ekki staðfestingu konungs. Stjórnin getur því ekki hindrað, að allur undirbúningurinn undir stjórnarskrárbreytingu fari fram af þingsins hálfu, en hún getur hindrað, að stjórnarskrárbreytingin fái framgang. Þess vegna segi

jeg, að það sje áríðandi, þegar þingið tekur málið fyrir, að það fái að vita á hinu fyrra ári undirbúningsins, hvort og að hve miklu leyti stjórnin vill sinna málinu; úr því það er á endanum á stjórnarinnar valdi, að gera allan undirbúninginn gagnslausan, þá er það augljóst, hve áríðandi það er þinginu þegar í byrjun, að þekkja til fulls, að hve miklu leyti stjórnin vill ganga að breytingunni, og hvaða atriði það eru í breytingunni, sem einkum muni verða því til fyrirstöðu, að hún nái staðfestingu. Jeg skil 61. gr. stjórnarskrárinnar svo, að síðara þingið, eða aukaþingið, sje einkum sett vegna þjóðarinnar sjálfrar, til þess að það sje víst, að engin breyting á stjórnarskránni nái fram að ganga án vilja þjóðarinnar. Setjum svo, að þingið væri einhvern tíma skipað að mestu apturhaldsmönnum, og að þetta þing samþykkti breytingu á stjórnarskránni í ófrjálslega stefnu, og setjum svo, að stjórnin aðhylltist breytinguna, þá sjáum vjer, hve ákvæði 61. gr. eru eðlileg, sem bjóða nýjar kosningar og nýskipað þing, sem verður að samþykkja breytinguna, áður en hún verður lög.

Af þessu sjest, að aukaþingið, eða síðara þingið, er til þess, að vernda rjett þjóðarinnar, að hún ekki móti vilja sínum verði svipt rjettindum sínum. Það getur líka *hugsazt*, þegar ræða er um breytingu á stjórnarskránni, að stjórnin sje treg til samkomulags á fyrra ári undirbúningsins, en beygi sig aptur fyrir vilja þjóðarinnar, sem kemur fram síðara árið. Vjer höfum nú samt ekki átt því láni að fagna, að stjórnin hafi virt vilja þjóðarinnar, eins og hann lýsir sjer gegnum þingið, því hún hefir sagt einu sinni »nei« móti tvöföldu »jái« frá þjóðinni, og vjer erum allir hræddir um, að hún svari hinu sama aptur, þó stjórnarskrárfrumv. verði enn samþykkt á tveimur þingum.

Það er þess vegna, af því mjer blöskrar, að láta fátæka þjóð kosta aptur og aptur dýran og árangurslausan undirbúning þessa máls — þess vegna hefi jeg vakið máls á því, hvort ekki væri mögulegt, að stjórnin og þingið nú á þessu stigi málsins gætu komið hvort á móti öðru; hvort vjer gætum ekki nú á þessu þingi komið oss saman við fulltrúa stjórnarinnar um breytingu á stjórnarskránni, svo að næsta þing gæti komið saman í von um, að árangur yrði af starfi þess. Það væri munur fyrir þá, sem hjer eiga að sitja næsta ár — það væri ólíkt fyrir þá, að starfa í von um árangur, eða að koma saman hjer um bil fullvissir um, að allt, sem þeir gera, verði til ónýtis.

Vjer þurfum að vita skýlaust, hver er vilji og skoðun stjórnarinnar í þessu máli, hvort hann er enn sá sami, sem hún ljet í ljósi í kgl. auglýsingunni 2. nóv. 1885 með þessum orðum:

»Í vorri konunglegu auglýsingu til Íslendinga 14. febr. 1874 ljetum vjer í ljósi, að vjer álitum, að með stjórnarskránni um hin sjerstaklegu málefni Íslands, 5. jan. 1874, væri stjórnarskipunarmál þess að fullu og öllu til lykta leitt, og tókum vjer einnig fram, að tekið sje með lögum þessum það tillit til þeirra óska, er komið höfðu fram af hálfu Íslands, sem frekast má verða, og samrýmzt getur hinni gildandi stjórnarskipun ríkisins«.

Vjer þurfum að vita, hvort það er enn skoðun stjórnarinnar, að stjórnarskipunarmál vort sje að fullu og öllu til lykta leitt, eða hvort stjórnin muni nú tilleiðanleg til að ganga inn á einhverjar breytingar á stjórnarskránni. Vill stjórnin t. a. m. ganga að þeirri breytingu á stjórnarfyrirkomulaginu, að skipaður verði sjerstakur ráðgjafi fyrir Ísland, sem mæti hjer á þingi og hafi virkilega ábyrgð á, ekki einungis að stjórnarskránni sje fylgt, heldur á því, að landsstjórnin fari fram lögum samkvæmt. Stjórninni hlýtur að vera illa við, að þurfa að rjúfa þingið hvað eptir annað og kalla saman nýtt þing til

að ræða stjórnarskrárbreytingu, sem hún sjálf ekki vill aðhyllast — stjórnin hlýtur að sjá í, að fje landsins eyðist svo til einkis, en þá væri það rjettast af henni að gera enda á þessu, með því að veita oss það, sem hún verður að játa, að vjer höfum rjett til að fá. Henni finnst við ganga óskynsamlega langt í kröfum okkar; en vill hún þá uppfylla þær kröfur frá vorri hálfu, sem hún verður að kalla skynsamlegar?

Vjer krefjumst þess, að ekki sjeu lengur 300 mílur millum stjórnar og þings og þjóðar — svo langt á milli, að stjórnin getur ekki vitað neitt um, hvað hjer gerist eða hvernig hjer hagar til, enda segir ráðgjafinn sjálfur í svari sínu upp á tillögu þingsins í Fensmarksmálinu í fyrra: »Ráðgjafinn getur ekkert verulegt eptirlit haft í þessu máli«.

Jeg vildi beina þeirri spurningu að hæstv. landsh., hvort skoðun stjórnarinnar er enn hin sama og sú, er lýsir sjer í kgl. auglýsingunni 2. nóvbr. 1885, eða hvort stjórnin mundi nú tilleiðanleg til að ganga að nokkrum breytingum á stjórnarskránni, og þá að hverjum breytingum? Jeg hefði helzt óskað, að h. nefnd hefði í þessu máli ráðfært sig við fulltrúa stjórnarinnar, og reynt, hvort ekkert samkomulag mundi mögulegt. En jeg vona, að hæstv. landsh. eins svari þessari fyrirspurn, þó hún komi frá einstökum þingmanni, því að hann hlýtur líka að óska, að það standi ljóst fyrir öllum, hve langt eða hve skammt er á milli vilja þings og stjórnar í þessu máli.

Landshöfðingi: Jeg þykist hafa tekið það ljóslega fram áður, að með auglýsingunni 2. nóv. 1885 hafi konungur lýst því yfir, að hann geti ekki gengið inn á það stjórnarfyrirkomulag, sem ákveðið er í stjórnarskipunarlagafrumv. þingsins 1885 og 1886, og þá er því síður að hugsa, að konungur nokkru sinni staðfesti það, sem hjer er farið fram á, þar sem hjer er gengið enn nær veldi konungs, en áður. Þetta þykist jeg hafa brýnt fyrir h. þingdm. nógsamlega, optar en einu sinni.

Mjer skildist h. þm. Barðstr. (Sig. Jensson) helzt óska, að fá sjerstakan ráðgjafa fyrir Ísland, sem mætti hjer á þinginu í hvert skipti. Jeg skal strax svara honum því, að þessu má vel koma fyrir án breytinga á stjórnarskránni. Það stendur beinlínis í 2. gr. hinnar gildandi stjórnarskrár:

»Konungur hefir hið æðsta vald yfir öllum hinum sjerstaklegu málefnum Íslands, með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur ráðgjafann fyrir Ísland framkvæma það«.

Hjer af sjest, að það er skýlaust ákveðið, að það skuli vera sjerstakur ráðgjafi fyrir Ísland, og þarf því ekki að breyta stjórnarskránni til að fá þessu framgengt.

Í 3. gr. stjórnarskrárinnar er enn fremur sagt, að ráðgjafinn hafi ábyrgð á því, að stjórnarskránni sje fylgt, og svo er sagt, að þessi ábyrgð verði ákveðin með lögum.

Ef það væri nú einlægur vilji þingsins, að fara ekki lengra en þetta, þá get jeg ímyndað mjer, að það mundi ekki mæta algerðri fyrirstöðu frá stjórnarinnar hálfu.

En um þetta frumv. getur mjer aldrei blandazt hugur, að það muni aldrei ná staðfestingu konungs. Það er líka aðgætandi, að það fer í »radikalari« stefnu, en sjálf grundvallarlög Dana, og hvernig er það hugsanlegt, að nokkur stjórn geti nokkru sinni undirskrifað »radikalari« stjórnarskipunarlög, en þau, sem heimalandið sjálft lifir undir?

Þegar alþingi þá vill berja fram sömu stefnuna ár eptir ár, þá leiðir það ekki til annars, en að vjer fáum þing ár eptir ár, og allt af situr við hið sama.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Viðvíkjandi þeim athugasemdum, sem hæstv. landsh. gerði við samanburð minn á stjórnarfyrirkomulaginu í ensku nýlend-

unum, og því stjórnarfyrirkomulagi, sem hjer er farið fram á, skal jeg geta þess, að það, sem jeg sagði um þetta atriði, tók jeg fram með almennum orðum.

Hjer er alls ekki um það málefni að ræða, sem óhugsanlegt eða óframkvæmanlegt sje, nema því að eins, að ein einasta einskorðuð skipun sje á því gerð. Þess vegna hlýtur hæstv. landsh. þá líka að skiljast það, að þegar ræðir um það, hvernig ábyrgð landsstjórans sje skipuð gagnvart konunginum, í þessu stjórnarskipunarlagafrumv., þá eru lög nýlendanna auðvitað engin alger eða bindandi allsherjar-mælikvarði, enda tók jeg dæmið af nýlendum Englendinga ekki til annars, en að sýna, að orð hæstv. landsh. um sambandið milli konungs og landsstjóra væru bersýnileg fjarmæli. Það kom mjer alls ekki til hugar, að halda fram nýlendu-fyrirkomulagi á stjórnarlögum Íslendinga, enda hefir Ísland aldrei nein nýlenda verið frá Danmörku, svo þessar athugasemdir eiga alls ekki við, sem landshöfðinginn gerði í þessu tilliti.

Þar sem hæstv. landsh. gat sjer til um öll hugsanleg og óhugsanleg tilfelli, þar sem stjórnin og þingið gætu gert glappaskot, þá dettur mjer ekki í hug, að leggja neina áherzlu á það, eða svara því ýtarlega, því jeg hefi ekki neina skynsamlega ástæðu til að hugsa mjer, að alþingi samþykki lög, sem væru á móti stjórnarskránni; þvert á móti verður maður að gera ráð fyrir því, svo framarlega sem maður ekki vill ganga of nærri lögmálum heilbrigðrar skynsemi, að konungur, þing og þjóð fari eptir þeim lögum, sem konungur og þing hafa sett í sameiningu.

Að þetta stjórnarskipunarlagafrv. gangi nokkrum verulegum mun lengra en frv. það, sem þingið samþykkti 1885 og 1886, það get jeg, eins og jeg hefi áður sagt, ekki gengið inn á eða fundið neina skynsamlega ástæðu fyrir, þó landsh. haldi því fram. Þetta frumv. gengur ekki í raun rjettri hænufeti lengra, en frumv. 1886.— Að þetta frumv. eða þau stjórnarskipunarlög, sem hjer er farið fram á, sje »radikalara« en grundvallarlög Dana, upp á það get jeg svarað bæði já og nei. — Jeg hefi haft þá æru að lesa grundvallarlög Dana, og líka »fortolkning« yfir þessi lög, og jeg verð að segja, að sjeu þau rjett skilin og notuð, þá hafa þau í sjer fólgna sömu tryggingu fyrir Dani, sem þessi stjórnarskipunarlög mundu hafa fyrir oss. En annað mál er það, þó það hafi mátt teygja grundvallarlög Dana eins og hrátt skinn, eins og þau eru orðuð í ýmsum áríðandi greinum, enda hefir það eigi verið sparað. Sá galli er þessu frumv. óviðkomandi, því honum er útrýmt með skýlausum ákvæðum. Og mjer finnst það þvert á móti mætti vera meðmæli með þessu stjórnarskipunarlagafrv., bæði hjá stjórninni, þjóðinni og þinginu, og hæstv. landsh. sjálfum, að þessi ákvæði eru skýrari og ótvíræðari, en tilsvarandi ákvæði grundvallarlaga Dana; því þess betur sem girt er fyrir allan misskilning á lögunum, því betra fyrir stjórnina sjálfa, sem er skyldug til að lifa eptir þeim. Það skyldi gleðja mig, ef allir yrðu að viðurkenna, að alþingi hefði samið glöggari og ótvíræðari stjórnarskipunarlög fyrir Íslendinga, en grundvallarlögin frá 1849 eru fyrir Dani.

Skal jeg svo ekki orðlengja meira um þetta atriði, en þá er líka auðsjáanlega tómt mál, að ætla sjer að fara að hártoga frv. þetta.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. landsh. sagði, að það mætti breyta stjórnarfyrirkomulagi voru, án þess að breyta stjórnarskránni, þá skal jeg taka það fram, að orð hæstv. landsh. um þetta atriði voru svo almenn og óákveðin, enda í sjálfu sjer svo óskiljanleg, að það verður ekkert á þeim byggt. Jeg er samdóma honum um það, að það er hugsanlegt, að skipa megi sjerstakan ráðgjafa fyrir Ísland í Danmörku, svona rjett með orðunum eða á pappírnum, og að hann mætti hjer á alþingi. En til

þess að nokkuð væri unnið við þetta fyrirkomulag, þá yrði þessi sjerstaki ráðgjafi að vera alveg óháður ríkisráði Dana, og hafa ábyrgð fyrir íslenzkum landsdómi. — En vill nú hæstv. landsh. segja það í fullri alvöru, að þetta sje mögulegt, án þess að breyta stjórnarskránni?; það væri fýsilegt að heyra. Þetta verða menn að gera sjer ljóst. Vjer höfum sjerstakan ráðgjafa að nafninu til, en jeg efast mikið um, að hann geti gert nokkuð verulegt meira fyrir oss, þótt hann mætti hjer á alþingi, en landshöfðingi nú getur gert, allt svo lengi sem þessi ráðgjafi er bundinn ríkisráðinu. En sjeu samt sem áður hjer á þessu svæði úrræði til samkomulags, þá er vonandi, að það komi inn á næsta þing tilboð frá stjórninni í þá átt; og ef stjórnin kemur með frumvarp til breytinga á stjórnarfyrirkomulaginu, sem þingið og þjóðin getur verið ánægð með, þá yrði það víst þegið. En jeg fyrir mitt leyti álít slíkt ómögulegt; því jeg vil spyrja: hvað skyldi valda því, að stjórnin hefir aldrei enn rjett fram svo mikið sem litla fingurinn til þess, að koma þeim lögum á, sem hæstv. landsh. segir að stjórnarskráin heimili. Það skyldi sem sagt gleðja mig, ef stjórnin gæti komið með þær uppástungur til breytinga á hinu núverandi stjórnarfyrirkomulagi, sem þjóðin og þingið gæti verið ánægt með. En því láni mun ekki verða að fagna, því að menn munu allt af reka sig á hina sömu agnúa, sem menn hingað til hafa mætt, og þessir agnúar munu snerta ekki konunginn sjálfan, heldur flækju hinna sjerstaklegu Íslandsmála við hið almenna löggjafarvald, því ráðgjafi Íslands er, sem sagt, ekki nema nafnið tómt. Hann hefir svo að segja ekkert vald; hann hefir í rauninni ekki eitt atkvæði, heldur í mesta lagi hálft atkvæði eða brot úr atkvæði sem ráðgjafi Íslands; og hann getur ekki losað sig við þann stjórnarskipunarlega dróma, sem lagður er á meðferð sjerstakra íslenzkra mála í ríkisráðinu.

Sigurður Jensson: Jeg verð að láta það í ljósi, að mjer finnst líkt og framsögumanni (Ben. Sv.) svar landsh. nokkuð óljóst og óákveðið; en í svo áríðandi máli, sem þetta er, ber nauðsyn til, að þingið og fulltrúi stjórnarinnar skilji hvort annað. Hann sagði, að ekki þyrfti stjórnarskrárbreytingu til þess, að ráðgjafinn mætti hjer á þinginu; en það er ekki nóg, að hann sitji hjer á þingi; þingið þarf að geta komið fram fullri stjórnlagalegri ábyrgð á hendur honum, og til *þess* þarf víst stjórnarskrárbreytingu. En af því að öllum hlýtur að vera auðsætt, hve áríðandi það er, að þingið og fulltrúi stjórnarinnar skilji fullkomlega hvort annað á þessu stigi málsins, þá vil jeg skjóta því til nefndarinnar, hvort henni virðist ekki ástæða til að fá forseta til að fresta umræðunni, svo nefndin geti borið sig saman við landsh., og fengið fulla vissu fyrir, hvort nokkur vegur er til samkomulags við stjórnina eða ekki. Jeg álít það skyldu nefndarinnar, að gera allt, sem í hennar valdi stendur, til þess, að samkomulag komizt á, og að athuga nákvæmlega allar bendingar hæstv. landsh. um, hvað helzt muni standa því í vegi, að stjórnin aðhyllist frv. þetta.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg er reyndar sannfærður um, að enginn af þingdm. snýst af orðum mínum í þessu máli, eins og jeg er líka viss um, að enginn hefir snúizt af hinni löngu og snjöllu ræðu framsögumanns (Ben. Sv.), en samt ætla jeg að leyfa mjer að mæla nokkrum orðum.

H. framsögum. (B. Sv.) tók margt fram í ræðu sinni, mjer liggur við að segja of margt; hann fór mörgum orðum um misskilning okkar á milli; en um eitt erum við þó báðir samdóma, eitt viljum við báðir; við viljum báðir hafa innlenda stjórn, sem mest innlenda stjórn; já, jeg tek það

skarpt fram, jeg vil ekki að neitt það mál fari út úr landinu, sem hægt er að útkljá innanlands. En að koma stjórninni inn í landið, það er vandinn, það er hnúturinn, sem þarf að leysa; það er »gordiski« hnútur, ef svo má að orði komast, og sá gamli »gordiski« hnútur var aldrei leystur; hann var höggvinn. Það er fjarlægð konungsins, sem gerir þennan vanda. Stjórnarskrárnefndin 1885 reyndi að leysa þennan hnút, og gerði það á þann hátt, sem er í frumvarpi því, sem hún samdi. — Jeg hafði sett mjer það fyrir 1873, að endurskoða stjórnarskrá vora, þá stjórnarskrá, sem vjer þá báðum um; jeg vildi um fram allt fá breytt því ástandi, sem þá var og fá stjórnarskrá, þó hún væri eins og þá var framboðið. Jeg áleit mig skyldugan til þess, og þetta gerði jeg 1885, eins og mjer var þá unnt; jeg átti þá minn þátt í því, að endurskoða hana og gera hana svo vel úr garði, sem oss þá var hægt; jeg vil ekki þar með segja, að hún hafi orðið svo góð, sem hún þurfti að vera; jeg vil ekki einu sinni segja, að jeg hafi verið ánægður með hana, og sízt, að jeg hafi álitið, að hún aldrei þyrfti endurbótar við.

Í þetta sinn hefi jeg engin áhrif haft á breytingar þær, sem eru fram komnar við hina endurskoðuðu stjórnarskrá frá 1885—1886; mjer hefir verið gefið frí frá þeim starfa, og jeg trana mjer ekki fram, þar sem mjer er of aukið. Við, h. framsögum. og jeg, höfum ætíð setið báðir í öllum stjórnarskrárnefndum, utan einu sinni; ætíð, þegar við vorum saman, komst stjórnarskráin út úr þinginu, en í það eina sinn, sem við ekki vorum þar báðir, komst hún það ekki. Nú kemur þetta fyrir í öðru sinni, og »omen accipio«: mig grunar, að nú muni eins fara. 1886 gerðum við það eitt, er við áttum að gera; það hefi jeg opt sagt, og segi það enn.

En ef vjer nú samþykkjum stjórnarskrárbreytingu, þá byrjum vjer með því stjórnarbaráttu, sem jeg óttast, að verði oss til óhamingju.

Framsögum. (B. Sv.) fór mörgum orðum um það bræðralag, sem fyrst hefði verið í máli þessu; skárra var það nú bræðralagið; jeg vildi helzt, að hann hefði ekki minnzt á það; en fyrst hann ekki gat stillt sig um það, skal jeg lýsa því bræðrabandi, sem þá tengdi þingmenn saman: 9 sögðu framsögumanni, að þeir ekki vildu, að stjórnarskráin kæmi inn á þing að þessu sinni, og sá 10. var einnig á sömu skoðun. Og samt drífur framsögumaður stjórnarskrána inn á þingið, og neyðir menn þannig til að greiða atkv. móti því, sem manni er sárnauðugt að greiða atkvæði á móti, enda þótt kringumstæðurnar knýi menn til þess. Mjer virtist hann færa minnihlutanum það til brigzlyrða, að hann hefði gefið frumv. atkvæði til 2. umr., og síðan við hana samþykkt frumvarpsins einstöku greinir; en jeg sje enga ósamkvæmni í þessu; jeg segi fyrir mig, úr því málið var komið til umræðu, vildi jeg gjarnan að það kæmi til 2. umr., svo flytjendum gæfist kostur á að láta það taka þeim bótum, sem auðið yrði, án þess jeg vænti nokkurs árangurs; hinum einstöku greinum gaf jeg atkvæði, þar sem jeg var þeim samþykkur, nú eins og 1885, og finn jeg ekkert athugavert við það.

Þá talaði hann um sparnað þann, er minni hlutinn vill við hafa, og kvað það fje, sem til aukaþings eyddist, ekki fara út úr landinu; svo má segja um allt, sem eytt er innanlands til engra nota; en því er illa eytt, einkum hjá oss, þar sem skortur er á fje, en ærið margt þarf umbóta. Jeg fyrir mitt leyti legg mikla áherzlu á kostnaðinn, af því vjer erum í þeirri fjeþröng, sem vjer nú erum, og þó framsögum. (B. Sv.) dragi þá ályktun af aukaþings-tregðu manna; að beinast lægi við, að hafa ekkert þing, þá nær slíkt engu lagi; með sama hætti mætti mætti bregða þeim, er ekki horfa í aukaþing, um, að þeir vildu

hafa þing á ári hverju hjeðan af, já, meira að segja allt árið um kring.

Þá brá hann minnihlutanum um ótilhlýðilegt traust á stjórninni; en jeg skal játa, að mjer ferst þar miklu ver en honum; jeg get ómögulega treyst stjórninni eins vel og hann virðist gjöra, því þeim, sem sagt hefir einusinni eða tvisvar þvert nei, treysti jeg engan veginn til að segja já, allra sízt ef nei-ið hefir við talsverð rök að styðjast. Honum fórust svo orð, að slæmt væri, ef þjóðin hjeldi þessu máli fram af eintómum þráa, en hún gjörir það heldur ekki; frá mörgum kjördæmum hafa þegar legið frammi fyrir þingm. fundarályktanir, sem ráða frá að taka stjórnarskrármálið fyrir á þessu þingi, og nú dreg jeg upp úr skúffu minni fundarályktun úr Gullbr.- og Kjósars. *(Margar raddir:* Með 7 undirskriptum!!!), sem jeg reyndar ætlaði að hlífast við að leiða í ljós. En þó það væri illt, ef þjóðin hjeldi þessu máli fram með þráa, þá væri hitt þó verra, ef einstakir menn gjörðu það. Gætum þess: kjósendur verða að borga gildið.

Framsögumaður (B. Sv.) fór mörgum orðum um, hve skaðleg áhrif það hefði fyrir álit vort í augum hinna stærri þjóða, ef vjer ljetum þetta mál niður falla; en jeg skal segja honum það, að jeg gef ekki mikið fyrir álit annara þjóða í þessu máli; sagan sýnir oss, að orð og till., já loforð hinna stærri þjóða duga næsta lítið. Höfðu ekki bæði Frakkar og Englendingar lofað Dönum því, að aldrei skyldi Sljesvík undan þeim ganga? Hvernig fór? Dettur nokkrum í hug, að allt sje útkljáð milli Prússa og Frakka, þó nú hafi staðið friður með þeim í 16 ár? Getum vjer ekki lært af þeirra dæmi, að geymt er ekki gleymt? Getum vjer ekki sannfærzt um það, að rjettur vor er eins óskertur, þótt vjer bíðum betri tíma? Jeg held að h. framsögum. hafi síðast skilið við mig með þessum orðum heilagrar ritningar: »biðjið og mun yður gefast«; hann valdi sannarlega ekki af verri endanum, þar sem þessi orð eru ein þau huggunarfyllstu, sem höf. trúar vorrar hefir kennt oss, en vel að merkja: ekki til að brúka þau svona. Þau snerta samband vort við hann, sem er konungur konunganna. En getur hann ætlazt til þess, að þessi fyrirheit uppfyllist, ef vjer göngum fyrir hnje hans hátignar konungsins og biðjum, segjandi: gefið mjer að tarna, sem þjer hafið á höfðinu? Nei, það getur framsögum. ómögulega ætlazt til.

Þessi orð eiga við drottinn einn og engan annan, og sjeu þau rjett skilin, hvetja þau mann til að gjöra allt sem í hans valdi stendur til að öðlast hið umbeðna; en þau hafa líka aðra þýðingu, nefnil. þá, að kenna oss þolinmæði og nægjusemi, þó oss veitist ekki það, sem vjer biðjum um. Eptir því ættum vjer að gjöra oss ánægða með það, sem vjer höfum, þó vjer hjeldum áfram að biðja ár eptir ár og fengjum aldrei neitt. En þetta hefir víst ekki verið meining framsögum., þegar hann tók sjer þessi orð í munn. En fyrst hann nú á annað borð hefir leitt mig inn í »hina helgu bók«, hvar jeg jafnan kann vel við mig, þá ætla jeg að minna hann á önnur orð, sem þar standa og sem hljóða þannig: »sá trúaði er ekki bráðlátur«. Af því að jeg hefi óbifanlega trú á framtíð Íslands, þá er jeg ekki bráðlátur í þessu máli og vil ekki steypa þjóð minni í vandræði fyrir bráðlætis sakir.

Má jeg annars minna h. framsögum. (B. Sv.) á einn fyrirrennara hans, fullkominn föðurlandsvin og ágætismann einn hinn mesta, sem sagan hefir að geyma, hann Móses; hann, sem leiddi þjóð sína út úr þrældómi og ánauð, hann var ekki bráðlátur. Ef jeg treysti framsögum. til að gjöra 10 slík undur, sem Móses gjörði, þá mundi jeg vera til með að fylgja honum, en jeg treysti honum ekki til þess,

þrátt fyrir hans góða vilja og fögru og snjöllu orð. En jeg vil biðja þenna þjóðskörung að fara að dæmi Mósesar í því, að leiða oss út í 40 ár eða ótiltekinn tíma í eyðimerkurvist og fullkomna oss þar, eins og Móses fullkomnaði sína þjóð í eyðimörkinni, fullkomna oss til nýrrar stjórnarbaráttu, svo vjer getum þolað hana, þótt hún verði hörð; nóg er hjer að vinna fyrir oss, nóg er að berjast við; jörðin er illa eða alls ekki ræktuð, sjórinn kring um strendur landsins er fullur af fiski, en vjer höfum ekki orku til að ná honum; vegir vorir eru ófærir, iðnaður sem enginn eða í mestu bernsku.

Þetta og því um líkt eru þeir Ammónítar, Amalekítar etc, sem gefa oss nóg að vinna í 40 ár, já, miklu lengur. En jeg ætla enn þá að minna hann á góð og gömul orð; það eru þessi: »hægt er hverjum að stofna í hættu og vandaspil«; því sje nú byrjað á nýrri stjórnarbaráttu, þá er þjóðinni þar með stofnað í mikið vandaspil, sem óvíst er hversu úr ræðst; það er hægt að falla niður, en erfitt að komast upp aptur; þetta ættu menn jafnan að hafa hugfast. Sagan er full af dæmum, er sýna oss, að fyrsta fótmálið er jafnan hið þýðingarmesta; hún sýnir oss, að opt hefir hlotizt illt af því, að menn ekki hafa slakað til fyr en í ótíma. Sú þjóð, sem vjer nú erum, ekki að deila, heldur að semja við, má þekkja þetta, og vjer ættum að láta oss hennar dæmi að varnaði verða.

Það sem jeg sjerstaklega vil biðja h. framsögum. um, er það, að láta hjer nú staðar numið að sinni og verja kröptum sínum og fjöri til að efla innanlands framfarir hjá oss, og hefja þjóðina upp úr því efnaleysis-volæði, sem hún nú er í, og þegar það væri gjört, þá, en fyr ekki, mun oss sigurs auðið.

Aldrei hefi jeg heyrt getið um þann bardaga, þar sem allslaus fótgöngumaður hafi borið sigur úr býtum fyrir vel tygjuðum riddara.

Er ástand vort nú svo, er þessi tími svo valinn, að oss muni sigurs auðið? Jeg segi nei; vjer munum bíða ósigur, svo framarlega sem flutningsm. ekki taka frv. aptur nú þegar. Jeg vona, að þeir, sem voru mjer samdóma um það, að frumv. ætti aldrei að komast inn í deildina að sinni, þeir vona jeg að verði mjer samdóma um það, að það eigi ekki að fara hjer út úr deildinni sem frv. sent efri deild; jeg fæ ekki sjeð, að málið sje neitt betur komið, þó það sofni út af í efri deildinni, sem mig uggir að verða muni.

Sigurður Stefánsson: Mjer skildist það á svari hæstv. landsh., sem reyndar var nokkuð óákveðið, að ráðgjafinn mundi geta fengizt til að mæta á þingi, án þess stjórnarskrárbreyting þyrfti til þess; þetta finnst mjer líka mega byggja á stjórnarskránni sjálfri. Vjer skulum skoða 1. gr. stjórnarskrárinnar: »Í öllum þeim málum, sem varða Ísland sjerstaklega, hefir landið löggjöf sína, dómsvald og stjórn út af fyrir sig«. Ef maður hefði þetta eitt í höndunum og ekkert annað, þá mundi maður ekki ætla, að stjórn Íslands sæti suður í Danmörku, 300 mílur í burtu frá Íslandi, heldur þvert á móti, að stjórnin í Íslands sjerstöku málum væri á Íslandi; en í framkvæmdinni hefir þetta farið allt á annan veg; þó stjórnarskráin sjálf virðist benda glögglega á, að stjórnin eigi að vera innlend, og í Íslands sjerstöku málum laus við alríkisstjórnina, og þótt eptir henni megi gera ráð fyrir, að ráðgjafi Íslands sje annað og meira en brot úr dönskum dómsmálaráðgjafa, þá erum vjer ekki einu hænufeti nær þessu nú en áður en vjer fengum stjórnarskrána frá 5. jan. 1874. En má jeg spyrja: er fullkomin konstitutionel trygging fyrir rjettindum Íslands fengin fyrir það, þótt ráðgjafinn mætti hjer á þinginu, þegar

hann, eptir því sem fulltrúi stjórnarinnar hefir áður tekið fram hjer á þinginu, samkvæmt alríkiseiningunni hlýtur að sitja í ríkisráði Dana? Hvaða verulegt gagn er þá að því, þó hann kæmi, og mætti hjer á þingi? Mjer er líka alveg óljóst, hvort hann sem ráðgjafi má fara svo lengi í burtu. En þótt nú þetta ráðgjafa-nafn eða ráðgjafabrot mætti hjer á þingi og segði sinn vilja, þá hefði slíkt opt enga eða litla þýðingu, úr því að hann er bundinn við ríkisráð Dana og hefir þar sem Íslands ráðgjafi ekki, fremur en dómsmálaráðgjafinn, nema eitt atkvæði gegn öllum hinum. Ríkisráðið ræður eptir sem áður öllum úrslitum íslenzkra mála. Hjer er því alls engin trygging fyrir, að stjórn vor fari vel fram, meðan ráðgjafi Íslands sem slíkur er einn liður í ríkisráðinu.

Í öðru lagi er það engu auðveldara að koma ábyrgð fram á hendur ráðgjafanum, þótt hann mæti á þinginu, þar sem varnarþing hans er ríkisrjettur Dana; en öðru máli væri að gegna, ef stjórnin vildi láta oss fá sjerstakan íslenzkan ráðgjafa, sem ekki væri háður ríkisráði Dana; en stjórnin hefir nú slegið því föstu um sinn, að ríkisráðið sje sameiginlegt einnig í Íslands sjerstöku málum, enda þótt það standi ekki í stjórnarskránni, og því er, á meðan svona stendur, engin trygging fyrir »konstitutionel« stjórn og ráðgjafaábyrgð. Þótt því hæstv. landsh. vildi lofa oss ráðgjafa, sem eigi hefði önnur störf á hendi, en úrlausn vorra sjerstöku mála, og sem væri óháður stjórninni og ríkisráði Dana, þá getur hann það alls ekki, nema hann nú hafi fengið til þess sjerstakt umboð frá stjórninni, þar sem hún þá hefir farið út fyrir þau takmörk, sem hún áður hefir sett; vildi stjórnin lofa þessu, þá væri sannarlega opnaður vegur til samkomulags, því að með því væri fengið eitt af aðalatriðunum, sem frv. fer fram á, en jeg efast mikillega um, að stjórnin hafi gefið hæstv. landsh. slíkt umboð, enda væri það á móti því, sem hún hefir áður slegið föstu.

Jafnvel þó h. varaforseti (Þór. Böðv.) sje mælskur og sjerstaklega bifliufróður maður, þá var mjer þó farið að dauðleiðast að heyra til hans áðan. Hans kenning er þetta, að bíða og bíða, og að geymt sje ekki gleymt. En hve nær er klukkan orðin nógu margt fyrir h. varaforseta til að byrja aptur? Og hvaða trygging höfum vjer fyrir því, að þetta gangi betur síðar? Og þar sem h. varaforseti nefndi Móses, þá gat hann varla komið með óheppilegra dæmi. Þeir menn, sem af kjarkleysi eða öðru verra vilja hætta í miðju kafi og hvíla sig, af því vegurinn sje ógreiðfær, ættu allra sízt að vitna til Mósesar; hann vildi sannarlega ekki leggja árar í bát og hann ljet engan dag svo líða, að hann ekki gerði eitt eða annað til að leiða Ísrael áleiðis, en ekki aptur á bak; því með því hefir þá h. varaforseti sannað allt annað, en hann vildi sannað hafa. Og þar sem h. varaforseti (Þ. Böðv.) segir, að við sjeum nú að byrja stjórnarbaráttu, þá má hann ekki gera sjer í hugarlund, að nokkur maður, sem hefir haft augu og eyru opin í þessu máli, trúi slíku. Við byrjuðum stjórnarbaráttuna 1885, en 1887 gjörum við annaðhvort að halda áfram eða hætta.

Páll Briem: H. varaforseti (Þ. Böðv.) sagði, að hið fyrsta fótmál væri hið alvarlegasta; en þetta hefði hann heldur átt að segja og hugleiða, þegar þingið steig hið fyrsta fótmál í þessu máli; en hjer er ekki að tala um fyrsta fótmál, heldur annað eða þriðja fótmál, og þegar hið fyrsta fótmál er stigið, þá eru menn skyldugir til að halda áfram.

H. þm. Borgf. G. Th.) vitnaði til Hollendinga, þegar þetta mál var til 2. umr.; en þetta dæmi er mjög óheppilegt, ef hann með því hefir viljað fá menn til að bíða við, því það hefir kannske engin þjóð barizt af eins miklu kappi fyrir frelsi sínu,

lagt eins mikið fje í sölurnar, og offrað eins mörgum blóðdropum, eins og einmitt þeir. Þegar vjer erum að berjast fyrir sjálfsforræði voru, þá er ekki heppilegt að benda oss á þær þjóðir, sem gjöra uppreistir gegn konungi sínum. Og ekki er það heldur heppilegt, að taka Móses sem dæmi upp á ekki bráðlátan mann; því í fyrsta sinni, sem getið er um, að honum hafi verið sýnd mótstaða, þá drap hann mann. H. varaforseti vill þó víst ekki með þessu benda okkur til manndrápa? Þar sem hann ber okkur á brýn, að við sjeum bráðlátir, þá verð jeg að minna hann á, hve langur tími er liðinn, síðan við byrjuðum stjórnarbaráttuna við Dani; fyrst hann benti á Móses, þá er bezt að reyna að feta í hans spor, og halda út í 40 ár, eins og hann, og ef maður telur frá Þjóðfundinum 1851, þá á h. varaforseti ekki eptir nema 3—4 ár, til þess að fylla þessa sömu áratölu, og svo vona jeg, að hann með okkur komist inn í hið fyrirheitna land.

Það er hægt að ögra mönnum með því, að skipa þeim að gjöra sem mest til að koma landi sínu upp; en hvað megnar hver einstakur maður í því efni? Vinnumaðurinn á heimilinu getur ekki mikið gert til að koma heimilinu áfram sem bezt, ef húsbóndinn gerir ekkert sjálfur til þess: þess vegna vil jeg fá sem fyrst innlenda stjórn, því þá fáum við fyrst foringja, sem tekur að sjer þau mál, sem landið varðar mestu, og gengur í broddi fylkingar til að vinna landinu sem mest gagn.

H. þm. Barðstr. (Sig. J.) talaði ljóst og greinilega um, hve örðug væri samvinnan milli þingsins og stjórnarinnar, og þegar allt þingið á svona erfitt með að vinna að framförum þjóðarinnar, hvað eiga þá þessi hótunar- og ögrunaryrði að þýða, að mönnum sje nær að vinna að framförum landsins, en að berjast fyrir innlendri stjórn?

Jeg kem að því aptur, sem h. varaforseti (Þ. B.) sagði, að hið fyrsta fótmál væri hið mest áríðandi; hann var víst með, þegar þessi stjórnarbarátta var hafin; hann mætti á Þingvallafundi og á þingi 1885, og fylgdi fast fram þessu máli, en sá maður var útilokaður, sem þá ekki vildi fram fylgja innlendri stjórn, þrátt fyrir þann ákafa, sem lýsti sjer hjá svo mörgum um það leyti. Og nú er h. varaforseti algert á móti þessu máli. Þessi framkoma hans er mjer alveg óskiljanleg; jeg veit ekki hvort aðrir skilja hana.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Jeg hef fáu að svara í ræðu h. varafors. (Þ. B.), en eitt í ræðu hans hneikslaði mig. Hann sagðist ekki vilja gefa tvo aura fyrir meining stærri þjóða í þessu máli. Þetta heyrði jeg ekki betur en h. varaforseti segði; en jeg vildi hans vegna vona, að mjer hefði misheyrzt. Vissi jeg það, að honum þótti vænt um aurana; en þessu hefði jeg ekki trúað. Jeg get ekki skilið, að h. varaforseti (Þ. B.) vilji láta það sjást eptir sig í alþtíð., að það sje hans meining, að neðri deild alþingis eigi að virða að vettugi álit hinna stærri þjóða og hins menntaða heims í þessu máli, en beygja sig undir þennan — jeg vildi segja . . . nei óekta eða falska — 7 manna þjóðvilja í Gullbringusýslu, sem gengur þvert ofan í hinn sanna þjóðvilja í Gullbringusýslu 1885 og 1886, og sjálfsagt eins nú. Jeg skal láta hann vita það, að jeg hef talað við marga merka menn úr Gullbringusýslu einmitt um þetta mál, og innan sólarhrings gæti jeg sýnt honum meir en 7 manna álit úr Gullbringusýslu í þessu máli, sem alveg hnekkir hinum svonefnda þjóðvilja hans.

Þá kemur kenning h. varaforseta (Þ. B.) um »bænina«. Góður klerkur er hann og biflíufróður er hann, en þessi kenning hans held jeg að sje alls ekki heppileg. Ef jeg hef ekki misskilið hann, þá skildi jeg þetta sem skens, að hjer væri gengið svo langt, að konungur væri beðinn um kórónuna af höfði sjer. Man h. varaforseti eptir Kópavogsfundinum forðum?

(*Þórarinn Böðvarsson:* Já). Gott. Sá konungur, sem þá lifði, vildi bera kórónu Íslands og leitaði eptir samþykki þjóðarinnar á Íslandi til þess. Og vjer óskum þess allir, jeg engu síður, en h. varaforseti, að konungur vor beri kórónu sína með sem mestri tign og sæmd, en það skeður bezt með því, að hann beri hana þannig, að samboðið sje óskum, þörfum og landsrjettindum þjóðar vorrar.

Jeg tók mjer ekki nærri fyrir mitt leyti samlíkinguna við Móses, einmitt af því, að h. varaforseti tók Móses til samanburðar; því allir sjá, að sá samanburður var í mesta máta hlægilegur. H. varaforseti verður að gæta að því, að hann hóf mig ekki upp til Mósesar, nei, hann dró Móses sáluga niður til mín; hann hefir þannig svo greinilega »fornermað» Móses sál. í gröf sinni, og hann getur ekki, hvað feginn sem hann vill, komið sjer hjá að hafa gert það. Jeg get að öðru leyti haft þá ánægju, að fræða varaforseta um það, að Móses var svona lengi á leiðinni, eða í 40 ár, fyrir sakir kjarkleysis og staðfestuleysis þjóðar sinnar, allt svo einmitt fyrir sakir þeirra hinna sömu þjóðlasta, sem varaforseti lætur ráða tillögum sínum í þessu máli, af helberum misskilningi og vanþekkingu á hinum sanna þjóðvilja á Íslandi. Jeg held, að Gyðingaþjóðin hafi því átt eitthvað sammerkt við h. varaforseta (Þ. B.). Hann hefir sjálfsagt heyrt annan mann nefndan, sem sagði: »Jeg sleppi þjer ekki fyr en þú blessar mig«. Þessi orð væru miklu betur fallin að taka hjer til dæmis, ef það á annað borð ætti við.

Jeg vil að öðru leyti ráða h. varaforseta og hans sinnum til að berjast ekki með þeim vopnum, sem þeir eigi fá valdið, og allar slíkar umræður um málið eru ekki til að upplýsa það hið minnsta eða beina því í rjett horf, heldur þvert á móti til að villa sjónir fyrir mönnum, og gera sinn eigin málstað hlægilegan. En tilvitnunum til biflíunnar og öðrum þvílíkum mótbárum í þessu máli, sem á engu eru byggðar, ætla jeg ekki að svara framvegis, hvort sem þær svo koma frá h. varafors. eða frá öðrum h. þingmönnum.

Lárus Halldórsson: Jeg hefði setið kyrr og ekki staðið upp í þessu máli, hefði jeg ekki fundið mig knúðan til þess, að lýsa óánægju minni yfir því, að mjer virðist menn hjer gera allt of mikið að því, að tilfæra setningar úr guðs orði í umræðum sínum um þetta mál og vera að yrðast á út af bæninni og henda á lopti hjer í þingsalnum hin dýrmætu fyrirheit, sem frelsari vor hefir tengt við áminningar sínar um að biðja. Bænin er hinn dýrmætasti, helgasti rjettur vor allra, og mjer virðist óviðurkvæmilegt, að vera að blanda henni inn í þessar umræður,—að draga líkingar af bæninni til guðs yfir á þras milli þings og stjórnar. Hvað á bænin skylt við þetta mál? Ekkert annað en það, að vjer ættum allir, — því bænin er mannsins persónulegur rjettur — að biðja konung konunganna að leiða oss í allan sannleika í þessu máli.

Jeg ætla svo með fáum orðum að minnast á afstöðu mína frá þessu máli, svo jeg verði ekki misskilinn af h. þingdeild, af kjósendum mínum og af þjóðinni í heild sinni; jeg er ekki eins hrifinn og heitur fyrir þessu máli, eins og sumir aðrir; jeg er ekki eins trúaður á öll þau undur í framförum lands og þjóðar, ef þetta blað nær löggildingu, eins og h. framsögum. (B. Sv.). Hann segir: Ef við fáum þessa stjórnarbót, þá fleygir landinu áfram í öllu tilliti; en ef við fáum hana ekki, þá getur okkur í engu farið fram. Þessu get jeg ekki verið samdóma. En einu vil jeg standa blýfast á, eins fast og h. framsögum., og það er það, að vor fátæka, fámenna og afskekkta þjóð hafi eðlilegan, sjálfsagðan rjett til fullkominnar sjálfstjórnar, og að stjórnarskrá sú, sem vjer nú höfum, fullnægi eigi þeim kröfum, er vjer samkvæmt þessum rjetti getum gjört. Þetta er hinn

sanni þjóðvilji, og í þessu eru allir samdóma; þetta tók h. þm. Barðstr. (S. J.) svo greinilega og glöggt fram við 2. umr., og þetta hefir h. framsögum. (B. Sv.) svo opt tekið fram, og þar er jeg alveg þeim samdóma, að þjóðin er ein og þjóðviljinn einn, byggður á þörf þjóðarinnar og nauðsyn, sem aptur byggist á afstöðu landsins og sjerstaklegu ásigkomulagi.

Enginn Íslendingur getur verið á öðru máli um þetta; jeg er viss um, að ekki einungis hinir þjóðkjörnu þingmenn, heldur einnig hinir konungkjörnu þingmenn og hæstv. landsh. eru með í þessum þjóðvilja. Það er stjórnin ein, ráðgjafastjórnin í Danmörku, sem ekki virðist viðurkenna þennan þjóðvilja eða þann rjett, er hann byggist á; henni finnst, að þessu máli sje nú ráðið til lykta um aldur og ævi með stjórnarskránni 5. jan. 1874, en »aldur og ævi» er langur tími, og stjórnarskráin of ófullkomin til að gilda um svo langan tíma; og ef þetta er í raun og veru meining stjórnarinnar, þá vona jeg að enginn Íslendingur skrifi undir þetta álit með henni.

H. framsögum. (B. Sv.) hefir mikið talað um minni hluta í þessu máli, sem alls ekki er til, og viljað stimpla þessa minni hluta menn sem apturhaldsmenn. En jeg held því fóstu, að hjer er enginn meiri hluti og enginn minni hluti; sannfæringin er ein um stjórnlegan rjett Íslendinga, en ágreiningurinn er að eins um það, hvernig honum skuli haldið fram. Jeg er ekki samdóma 1. þm. Ísf. (S. Stef.), að stjórnarbarátta hafi hafin verið 1885, heldur er jeg þar sömu skoðunar og h. varafors. (Þ. B.), að þá, 1885, gerði þingið ekki annað en það, sem það hafði ásett sjer að gera með varaatkvæðinu 1873. Þess vegna stendur allt öðruvísi á nú en 1885 og sjerstaklega 1886. Árið 1886 var ekkert annað að gera en það sem sjálfsagt var: að samþykkja frv. frá 1885; og það var það »program», sem þjóðin fjekk í hendur þeim þingmönnum, sem hún kaus 1886; og jeg mótmæli því fastlega, að þetta »program» hafi náð fyrir allan kosningartímann til 1892. Jeg mótmæli því algjört; en ef þetta »program» hefði náð til 1892, þá er 1) þjóðin vikin frá þessu »programmi»; það sýna áskoranirnar úr mörgum hlutum landsins; og 2) eru flutningsmennirnir viknir frá þessu »programmi», þar sem þeir nú hafa gert ýmsar breytingar í stað þess að binda sig við frv. frá 1886 óbreytt. *(Benedikt Sveinsson:* Misskilningur!). Jeg mótmæli því, að það sje misskilningur. Ef þetta frv. verður samþykkt nú, þá álít jeg það byrjun á stjórnarbaráttu; og hve löng skyldi hún verða? Þar um vil jeg engu spá, en eptir því sem h. framsögum. hafa farizt orð, virðist hann ætla, að við verðum allir komnir undir græna torfu, áður en hún endar, og þá getur hún orðið nokkuð löng. Að frv. frá 1885 var samþykkt 1886, var alls ekki bindandi fyrir framhald málsins.

En ef þetta frv. verður nú samþykkt, þá er maður búinn að segja *a*, og svo verður að segja *b* og svo *c*, og svo allt stafrofið á enda. Þess vegna var það mín sannfæring, þegar jeg kom til þings í sumar, að rjettast væri að málið væri alls ekki tekið fyrir á þessu þingi, og jeg var einn af þessum 9 — það er hætt að vera leyndarmál, því bæði h. landsh. og ýmsir þingmenn hafa talað um það —, sem skrifuðu áskorunina, að láta málið ekki koma fram á þessu þingi; en úr því málið var tekið fyrir, þá vildi jeg helzt að málið yrði rætt og íhugað sem rækilegast, ekki einungis hjer í deildinni, heldur einnig í efri deildinni, og af þeirri ástæðu hef jeg greitt atkv. með þessu máli, því jeg vil fyrir engan mun, að það falli hjer í deildinni. Hjer lágu fyrir þinginu þrjár aðferðir; hin fyrsta, að samþykkja frv. óbreytt; önnur, að hreifa málinu alls ekki; og hin þriðja sú, að ræða málið sem bezt og taka sem mest tillit til bendinga hæstv. landsh., og

sömuleiðis h. þm., og bíða að öðru leyti með málið til hentugri tíma.

En er nú ástandið í landinu hentugt? Væri hagur landsmanna glæsilegur, þá skyldi jeg ekki vera á móti aukaþingi eptir aukaþing. En er hann glæsilegur? Jeg skal sem minnst leggja út af »eldgömlu Ísafold», sem h. framsögum. kallar sjúkling, sem muni yngjast upp aptur við aukaþing annaðhvort ár, nje tala um »fjallkonuna fríðu», sem líka er lögzt í rúmið, en sem muni reisa höfuðið frá koddanum, ef vjer berjumst duglega fyrir þessu frv.

En jeg vil tala um hina íslenzku þjóð, þjóðina, sem á að leggja út fjeð til þessarar stjórnarbaráttu. Er hagur hennar, hagur þjóðarinnar, svo glæsilegur nú, að vjer getum vænzt þess, að hún standi örugg og einbeitt á bak við þingmenn sína — og án þess vill h. framsögum. víst ekki vera — þó aukaþing eptir aukaþing eptir orðum framsögum. sjálfs útsjúgi hennar síðasta blóðdropa? Jeg ber mikinn kvíðboga fyrir, að svo sje ekki. Það er ekki eingöngu hjer í þingsalnum, sem meiningar manna eru tvískiptar um þetta mál. Nei, það eru margir af þjóðinni — það dugar ekki að neita því; það er faktiskt —, sem álíta tímann óhentugan til að hefja stjórnarbaráttu. Sumir formælendur þessa stjórnarskrárfrumv. komast svo að orði, að vjer eigum að halda þessu máli fram »í tíma og ótíma», og það með því, að samþykkja stjórnarskrárfrumvörp jafnharðan og stjórnin sker þau niður. Þessi talsháttur: »í tíma og ótíma», kannast jeg ekki við að geti átt við nokkurn annan hlut en það eina nauðsynlega. Um allt annað gildir það, að sæta tækifæri. En ef jeg væri eins sannfærður og h. framsögum. (B. Sv.) um það, að ekki þurfi annað en að konungur skrifaði undir þetta blað til þess að »eldgamla Ísafold» yngist upp aptur, og »fjallkonan fríða» reisi höfuðið frá koddanum, og á hinn bóginn, að allar framfarir þjóðarinnar sjeu án þess ómögulegar, þá skyldi jeg þó vera með þessu frv. »í tíma og ótíma». En jeg álít, eins og nú stendur, hyggilegast, að búast til bardaga, vera einhuga, og reyna sem mest að lækna meinsemdir þjóðarinnar án stjórnarskrárbreytingar, hafa — eins og menn segja — vopnaðan frið; og svo skal jeg sannarlega vera með, þegar þjóðin er orðin svo efnum búin, að hún geti ár eptir ár staðið föst og óbifanleg. Og það væri vanþakklæti við hans hátign konunginn, að segja, að stjórnarskráin, sem fyrir fáum árum var kölluð »frelsisskrá í föðurhendi», sje með öllu óbrúkandi, og landinu geti alls ekki farið fram meðan hún er í gildi. Vjer höfum þó það, sem mest er í varið: fjárforræði. *(Benedikt Sveinsson:* Svo?). Jeg hef ekki greitt atkvæði með þessu máli af því, að jeg álíti æskilegt, að það komist fram á þessu þingi, heldur af því, að jeg vil, að það komist til Ed. og verði rætt þar líka. Þjóðin er nú sem stendur ekki vaxin því í efnalegu tilliti, að hefja þessa stjórnarbaráttu.

Jeg tek það fram aptur, að jeg var fyrst sannfærður um, að málið ætti nú ekki að koma inn á þing, en úr því það er komið inn á þing, þá vil jeg, að það sje rætt sem bezt í báðum deildum og tekið sem mest tillit til upplýsinga og bendinga h. þingmanna og sjer í lagi hæstv. landsh., og því er jeg með því, en alls ekki af því, að jeg vilji að það komist í gegn á þessu þingi.

Grímur Thomsen: Það er að eins lítil athugasemd, sem jeg vil leyfa mjer að gera við ræðu h. þm. Snæf. (P. Br.). Þegar jeg um daginn minntist á, að vjer ættum að taka oss til fyrirmyndar dæmi Hollendinga í stjórnarskipunarmálinu, þá virtist mjer hann skilja það svo, að jeg hefði átt við hið langvinna stríð þeirra

við Spánverja á dögum Filippusar 2., þegar Vilhjálmur þögli eða »þegjandi« var forvígismaður þeirra; en jeg fór ekki svo langt aptur í söguna. Það dæmi sem jeg hafði í huga er líkt því, sem nú stendur á fyrir oss. Fyrir 20—30 árum þóttu Hollendingum kosningarlög sín ekki nógu frjálsleg, og komu fram með frumv. um að breyta þeim. Sú stjórn, sem þá sat að völdum, var breytingunni mótfallin. Og hvað gera Hollendingar þá? Þeir biðu ekki að eins um 2 ár, heldur ljetu þeir málið hvíla sig í 10 ár, þangað til sú stjórn kom til valda, er málinu var hlynnt; þá notuðu þeir tækifærið og komu þá líka máli sínu fram. Þetta voru menn, sem kunnu að sigla, ekki að eins tveggja skauta byr, heldur líka beitisigling. En jeg sje, að sumir vilja hafa fyrir sjer annað dæmi; þeir þekkja sjálfsagt hinn svo kallaða »fljúgandi Hollending«, og vita, að hann siglir jafnt gegn straum og vindi; hið sama lítur út fyrir að þeir vilji gera; en munu þeir vera vissir um, að þeir hafi svo góðan farkost, að sú sigling lánist þeim?

Þórarinn Böðvarsson: Jeg vil að eins gera stutta athugasemd, til þess að leiðrjetta misskilning hjá h. framsögum. (B. Sv.); hann sagði, að jeg gerði gys að sjer með því að bera sig saman við Móses. Það var fjarri mjer að ætla að gera það; hann má vita það sjálfur, að eptir öllum atvikum muni jeg þar ekki fara í út fullan samanburð. Það er því ekki satt, sem hann sagði, að jeg hafi dregið Móses niður til sín. Í einu get jeg þó borið þá saman: annar maðurinn var í alla staði praktiskur, en hinn er það ekki eins. Það er víst óhætt að segja. *(Sig. St.:* Þetta er nóg um Móses.) Jeg skal láta þetta nægja; en mjer sárnaði þó að heyra, að h. 1. þm. Ísf. (S. St.), sem er klerkur, skuli vera svo langt frá að þekkja Móses, að hann skuli ætla, að Móses hafi þurft 40 ár til að flytja þjóð sína þá leið, sem aðrir þurftu ekki nema 40 daga til að fara. Mjer sárnar, segi jeg, að svo lítur út, sem hann þekki ekki, að Móses varði þessum langa tíma til að mennta þjóð sína, og gera hana hæfa til að taka og hagnýta sjer fyrirheitna landið. Jeg held, að hann sjálfur hefði ekki átt að nefna stórmenni þetta, sem hann ber svo lítið skynbragð á. En jeg vil álíta það fljótfærni af honum. En af Móses ættum vjer allir að læra, að nota alla krapta vora, berjast fyrir því með lífi og sál, að koma upp þjóð vorri og efla allar sannar framfarir hennar.

H. þm. Snæf. (P. Br.) sagði, að Móses hefði sjezt yfir að drepa mann; það gerði hann af heitri ættjarðarást. En honum sást yfir í öðru: hann sló á klettinn, og því sá hann ekki fyrirheitna landið. Jeg óska, að fæstum yrði það, að ljósta á steininn, o: slá höfðinu við steininn; jeg óttast, að allir þeir, sem það gera, sjái ekki hið fyrirheitna land sannarlegra þjóðþrifa.

Jeg er yfir höfuð samdóma h. 2. þm. S.-Múl. (L. H.), en þó skilur okkur í því, að hann kvaðst mundi greiða atkvæði með stjórnarskránni, en það mun jeg ekki gera. Jeg vil ekki bera ábyrgð á því, að hrinda málinu með atkvæði mínu út á þá braut, sem jeg álít óheppilega.

Jeg mótmæli umyrðum h. 1. þm. Eyf. (B. Sv.), að jeg hafi komið kjósendum mínum til að mæla á móti stjórnarskrárfrumv. Svo sem sjálfsagt var, bar jeg málið undir þá, og leitaði álits þeirra, því að það eru þeir, sem eiga að borga gildið, o: standa kostnaðinn af stjórnarbaráttu, aukaþingum og öðru fleiru; þeir ljetu það greinilega í ljósi, að þeir vildu ekki halda fram stjórnarskrármálinu á þessu þingi. Það er hægast að fara af stað; hitt er erviðara, að nema staðar, þegar einu sinni er byrjað á deilunni, og það er hundrað sinnum verra, að hætta við hana, þegar henni hefir verið fram fylgt á tveim eða þrem

þingum, heldur en að hafa aldrei hafið hana. Það kunna að hafa verið hörð orð, sem jeg við hafði um álit hinna stærri þjóða. En, má jeg spyrja: er það álit heillrar þjóðar, sem kemur fram í einhverju blaði frá einum einstökum manni? Úr því að h. framsögum. (B. Sv.) fór að tala um bænina, þá skal jeg segja honum það aptur, að eptir hans skilningi á bæninni á hún að kenna oss, að una við það, sem hin danska stjórn gerir.

Jeg ætla að flestum muni þykja umræðurnar vera orðnar nógu langar, og skal jeg því að eins bæta því við, að jeg segi ekki síður hiklaust nei nú en áður. Jeg læt það ekki fá á mig, hvernig um það verður dæmt. Jeg hefi áður þolinmóðlega borið ákúrur fyrir það, að jeg fór þann miðlunarveg, sem stuðlaði að því, að vjer fengum þá stjórnarskrá, sem vjer höfum nú. Jeg var annar þeirra manna, sem stýluðu vara-atkvæði það, er varð til þess, að vjer fengum stjórnarskrá. Mjer var álasað fyrir, að jeg vildi eigi lýsa yfir því, að stöðulögin væru ógild. Nú vill enginn af oss missa þau. Jeg skal eins rólegur bera álas manna nú. Jeg veit, að veður muni breytast og skoðanir muni breytast, og jeg fel framtíðinni að dæma framkomu mína nú, eins og fyrri; hún er eptir beztu vitund.

Að endingu skal jeg segja það enn, að sú stjórnarskrá, sem vjer höfum, er svo, að vjer getum vel unað við hana fyrst um sinn, ef að vjer að eins hagnýtum hana svo vel sem vjer getum.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Jeg er í miklum vanda staddur; jeg verð að álíta það mikið vandaverk, að gjöra ljósan þann misskilning, sem kom fram í ræðu h. 2. þm. S.-Múl. (L. Halld). Eg ætla þó að taka fram nokkur atriði, sem einmitt sýna ljóslega, að það er misskilningur einn, sem veldur því, hvað okkar skoðunum greinir á. Háttv. þm. (L. H.) tók það fram, að það væri misskilningur, að segja, að program það í stjórnarbótarmálinu, sem þjóðin fól fulltrúum sínum með kosningunni til alþingis 1886, varaði til 1892. En jeg segi: það program, sem þjóðin kaus þingmenn sína eptir 1886, varar sannarlega til 1892. Þetta geta menn bezt rekið sig úr skugga um með því að gæta þess, að árið 1886 var sjerstaklega kosið með tilliti til stjórnarskrár þeirrar, sem samþykkt var af þinginu 1885 eða árinu áður. Með kosningunum 1886 setur stjórnin þá spurningu fram fyrir þjóðina: Vill þjóðin kjósa þá fulltrúa til alþingis 1886, sem fyrir allan kjörtímann frá 1886—1892 framfylgja stjórnarskrárfrumv. því, er samþykkt var á alþingi 1885, óbreyttu eða ekki? Þetta er ótvíræður rjettur. Í þessu er jeg samdóma háttv. þm. (L. H). Nú vita allir, hvernig þjóðin svaraði þessari spurningu, og að hún kaus þá einu fulltrúa, sem halda vildu fram frumvarpinu frá 1885 óbreyttu á aukaþinginu 1886. En af þessu verður ekki leidd sú krafa frá þjóðarinnar hálfu til fulltrúanna, að þeir skyldu halda málinu fram alveg óbreyttu á alþingi 1887, heldur að eins, að þeir skyldu halda hinni endurskoðuðu stjórnarskrá fram og framfylgja henni breyttri eða óbreyttri allan kjörtímann út, ef þörf gjörðist, á sem þingskipulegastan og drengilegastan hátt samkvæmt 61. gr. hinnar gildandi stjórnarskrár 5. jan 1874. Ef það hefði verið meining þjóðarinnar með kosningunum 1886, að framfylgja skyldi frumv. óbreyttu á þingi 1886, en leggja það svo á hylluna, ef það ekki næði staðfestingu — ef það hefði verið meining þjóðarinnar, þá hefði kjósendurnir orðið að taka það berlega fram við fulltrúa sína. Mjer fyrir mitt leyti hefði þá ekki dottið í hug að taka á móti kosningunni. En hitt er satt, að frumv. frá 1885 varð að samþykkja breytingarlaust á alþingi 1886, en halda því

síðan fram breyttu eða óbreyttu eptir málsins eðlilegu rás. Sízt gat það verið meining eða vilji þjóðarinnar, að takmarka svo ætlunarverk alþingis í þessu langmesta áhuga- og velferðarmáli hennar og þar með gjöra því máli lægra undir höfði en öðrum landsmálum. Jeg vil taka dæmi, t. a. m. skattamál landsins. Ef þjóðin skyldi vera kvödd til þess, að kjósa fulltrúa sína til alþingis sjerstaklega með tilliti til þess máls, mundu menn þá mega gjöra ráð fyrir, að þjóðin segði svo sem svo við fulltrúa sína: þjer eigið að ræða og álykta um skattamálið á þessu þingi, en ef það frumvarp, sem þjer samþykkið, og jeg veit að mjer er að skapi, ekki fær staðfestingu konungs strax, þá eigið þjer að hætta og leggja málið uppá hylluna? Það er svo mikil mótsögn og fásinna í þessari kenningu, að það svo að segja má þreifa á henni með höndunum. Hún er nærri því líkamleg ófreskja. Nei, því meira áhugamál sem þetta mál var þjóðinni 1886, því meiri áhugi hlaut henni að vera það, að þessu máli væri haldið sleitulaust áfram, þrátt fyrir allar mótspyrnur frá stjórnarinnar hálfu, ekki að eins 1886 heldur og allan kjörtímann til 1892. Þetta sjer hver skynberandi maður.

Annað atriði, sem h. þm. (L. H.) sagði, var það, að með því að samþykkja þetta frumv. á alþingi nú, þá kæmumst vjer út í endalausa baráttu. Það er hreinn misskilningur, að vjer leggjum út í baráttu á ný, ef þingið samþykkir þetta frumv. Verði þetta frumv. til stjórnarskrárbreytingar samþykkt á alþingi 1887, þá er þjóðinni sjálfri innanhandar, er til aukaþingskosninganna kemur, að breyta prógramminu og fráfalla stjórnarbreytingunni; en jeg vil brýna það enn og æ fyrir hinum háttv. fulltrúum, að þjóðin ein, og enginn annar, getur breytt því, og það aðeins á þennan hátt, og engan annan. Ef þjóðviljinn breytist, þá velur þjóðin þá menn til þings, sem málið leggja á hylluna. Þá er stjórnin búin að sigra, en fyr ekki. Jeg horfi alveg rólegur fram á þann tíma, að sá apturkippur kemur í hina íslenzku þjóð. En það segi jeg: þingið er skyldugt til að taka ekki fram fyrir hendurnar á þjóðinni. Vjer erum skyldugir, margskyldugir til að láta þjóðina sjálfa skera úr og segja sinn vilja; annars brjótum vjer þann rjett og troðum undir fótum, sem henni er gefinn og henni er heimilaður í stjórnarskrá vorri 61. gr. En nú er þjóðin stjórnskipulega skilið mállaus og verður það þangað til hún er kvödd til að tala, með nýjum kosningum til alþingis 1888; þá fær hún að segja vilja sinn enn á ný, ef vjer ekki bregðumst undan merkjum hennar á þessu þingi, og þá er þessari ímynduðu endalausu baráttu lokið, ef hún vill leggja þetta mál á hylluna. Fari svo, þá skyldi jeg vera hinum háttv. þm. samdóma um, að vjer eigum að búa oss undir nýja baráttu, að vjer eigum að ala upp kynslóð, sem er hyggin, drenglynd, framtakssöm, skynsöm og skyldurækin; en þangað til þjóðinni hefir gefizt kostur á að lýsa vilja sínum, eins og jeg hef sagt, gripum vjer fram fyrir hendurnar bæði á þjóðinni og stjórninni með öllu öðru en því að samþykkja þetta stjórnarskipunarlagafrumvarp.

H. þm. (L. H.) minntist á ástand þjóðarinnar á þessum tímum sem mótbáru gegn framgangi þessa máls. En hinn háttv. þingmaður gætir ekki þess, að ekkert er svo auðvelt sem það, að sýna og sanna, að ástandið er meginástæðan fyrir framgangi og nauðsyn frumvarpsins; en jeg hef hingað til ætlað að sneiða hjá þessari ástæðu, til þess að hreifa ekki bitrum hugsunum og endurminningum í brjóstum þingmanna. En nú get jeg ekki með öllu gengið þegjandi fram hjá þessu allsherjaratriði. Hvernig lítur þá landið út nú? Getur maður annað en viðurkennt, að það sje varla gómstóran blett að finna í

landinu, sem er fullkomlega ræktaður, á borð við það, sem er í öðrum löndum, þar sem siðaðar þjóðir búa? Hvernig eru svo atvinnuvegirnir? Vjer getum ekki annað sagt, en þeir liggi í dauðadái til lands og sjáfar. Hvernig eru vegirnir og samgöngurnar í landinu? Næstum eins og hjá skrælingjum, að stuttum vegspottum undanteknum. Eru nokkrar handiðnir eða verksmiðjur að finna í þessu landi? Nei! Ullin og skinnin eru flutt til annara landa, eins og þau koma af skepnunum. En eigum vjer þá ekki til hugarhægðar að líta á það, hvernig peningastraumurinn gengur út úr landinu, gegnum verzlunina, og fyrir sakir þess fyrirkomulags, sem hefir verið á henni og er enn þann dag í dag? Hefir háttv. þingmaður (L. H.) má jeg spyrja gjört sjer nokkra minnstu grein fyrir því, hvílíkur peningastraumur sá er, sem hefir gengið út frá Íslandi gegnum verzlunina síðan 1792 til «dató», að jeg ekki fari lengra aptur í tímann? Jeg hef tekið það fram í öðru máli, að samkvæmt skýrslu frá tollkamrinu danska frá 1846 að mig minnir var ágóðinn af íslenzku verzluninni talinn 467000 rdl. eða nærri ein miljón krónur. Á þessu tímabili frá 1792 til «dató» má því að vísu lauslega áætla — ekki fögur áætlun! — að gengið hafi út úr landinu í hreinan verzlunarágóða ekki 50—80, heldur 80—100 miljónir króna minnst í lagt. Þó er hægt að sanna, að frumv. frá hinu ráðgefandi alþingi, sem miðaði til að tryggja landi og þjóð verzlunarágóðann, fjekk ekki á sínum tíma betri undirtektir hjá stjórninni en svo, að ekki væri ástæða til að taka það til greina, og svo var það mál lagt þegjandi á hylluna. En jeg vil nú spyrja: Hvert er það land í víðri veröld, er gæti staðizt aðra eins meðferð og þetta, að allur arður af verzluninni streymdi út úr landinu til ýmsra landa? Jeg vil sem sagt ekki einusinni minnast á hina svonefndu eldri verzlunareinokun; því það er alls ekki tilgangur minn, að vekja kala frá liðnum öldum til samþegna vorra og frænda Dana. Mjer er það nóg, að taka það fram, að vjer horfum á það alþing eptir alþing aðgjörðalausir, að peningastraumurinn fyrir sakir ópolandi verzlunarfyrirkomulags fer í ýmsar áttir út úr landinu. (*L. H.*: Menn geta sjálfir breytt peningastraumnum). Nei, alls ekki; h. þingm. getur ekki komið með neitt ráð, er gefi þessum orðum hans minnstu átyllu, nema það eina, að breyta verzlunarlöggjöf landsins. (*L. H.*: Pöntunarfjelög). Langt frá. Þau vinna í allt aðra átt, og tryggja landinu hvorki verzlunarstjett, verzlunanágóðann nje handiðnir. Jeg minnist á þetta í fám orðum til þess að sýna, að menn þurfa ekki að furða sig á því, þótt fátæktin sje mikil í landinu, en jafnframt til þess að sýna fram á, að fátæktin er afleiðing ástandsins, og ástandið aptur afleiðing stjórnarfyrirkomulagsins og stjórnarskipunarlaganna og annara gildandi laga fram á þenna dag. — Þetta stjórnarfyrirkomulag vill hinn háttv. þingmaður að viðhaldist.

Annað atriði, sem jeg vil minnast á, eru ferðirnar til Ameríku. Hverjar eru orsakir til þeirra? Jeg skal játa það, að það er ekki eingöngu hið stjórnskipulega ástand, sem veldur þeim, en hitt segi jeg: þær standa í nánu sambandi við það. Það er einmitt ein hin helzta orsök til þeirra. Maður, einn þingmaður, sem veit hvað hann segir í þeim efnum, hefir sagt mjer nýlega, að á að gizka 3% af öllum landsmönnum eða 2100 manns muni flytja til Vesturheims á þessu ári, og fara þó, eins og vjer vitum, færri en vilja. Setjum nú að þetta sje of hátt áætlað og drögum hjerumbil ¼ frá, eða látum það heita 1600 fullorðinna manna. Þessi 1600 manns borga þá bara í fargjald eintómt til Ameríku 20800 kr. Er nú þetta og annað eins ekki varhugavert? Slíkur straum-

úr út úr landinu gjörir það óbyggilegt; og setur það í auðn á fáum árum. Og því verður ekki neitað, að stjórnarfyrirkomulagið og stjórnarástandið, sem er, gjörir sitt til að teyma Íslendinga svona til Ameríku. Þessi straumur af fólki og fje, af merg og blóði Íslands til Ameríku — það er sannarlega langt um voðalegra en aukaþingskostnaður, sem menn hræðast svo mjög. Nefndin hefir að öðru leyti drepið á þetta í áliti sínu, og vil jeg biðja h. þm. (L. H.) að íhuga það betur, en út lítur fyrir, að hann hafi gjört, þó hann væri í nefndinni. Jeg játa það, að jeg er mjög á móti Ameríkuferðum og vil með öllu leyfilegu móti reyna til að hindra þær. Því sem jeg hefi sagt beini jeg ekki sjerstaklega móti h. 2. þm. S.-Múl. (L. H.), heldur tek jeg það fram til þess að hann og aðrir háttv. þm. athugi það nákvæmlega með sjálfum sjer.

Jeg vona að mönnum skiljist, að vjer, eins og jeg hef sagt, ekki sjeum að ástæðulausu að hefja neina endalausa stjórnarbaráttu fyrir Ísland með þessu stjórnarskipunarlagafrumvarpi, heldur fylgjum vjer því fram, sem skyldan býður oss, til þess að grípa ekki fram fyrir hendurnar á þjóð nje stjórn, svo hvorutveggja fái sem mesta og bezta hvöt til að hrinda landsstjórnarmáli voru í það horf, sem hænir menn að landinu, en fælir þá ekki burt úr því í aðrar heimsálfur. Það er mín innileg sannfæring, að þetta sje sú eina rjetta skoðun og stefna frá sjónarmiði þingmanna; og einmitt þeir, sem móti þessu frumv. mæla, ættu helzt að kjósa sjer, að nýjar kosningar færu fram, svo að þeir gætu sjeð, hvort þeirra spá um þjóðviljann á Íslandi rættist. Þetta er eina ráðið til þess, að hún gangi af dagskrá alþingis á stjórnskipulegan hátt, og það ætti að knýja oss alla saman til þess, að láta þetta mál fá framgang á þinginu. Það er fögur og rjett hugsun, að leyfa einnig háttv. efri deild að láta uppi atkvæði sitt um þetta mál, en h. Nd. má þó ekki gleyma því, að hún hefir sjálfstæða ábyrgð í þessu máli, og það er alls ekki rjett, að leiða getur að því, hver forlög þess verði í h. Ed. Sú þingdeild hefir líka sjálfstæða ábyrgð í málinu.

Jeg vil ekki búa mig til bardaga í þessu máli; jeg vil búa mig til samkomulags, er byggt sje á skynsamlegri eining stjórnar og þjóðar. Þetta er ekki bardagaefni, heldur starfsefni, sem hvorki þjóð nje stjórn getur skorazt undan að leggja sína krapta til og vinna að, þangað til bæði stjórn og þjóð fallast í fang í fullri einingu og fullu samkomulagi. Lífið allt er barátta og þess innsta eðli er baráttustarf; og til þessa starfs vildi jeg, sem er vanmáttugastur allra Íslendinga, verja mínum síðustu blóðdropum.

Lárus Halldórsson: Jeg ætla að eins að tala fá orð í þetta sinn; mjer dettur ekki í hug að reyna að mæla h. framsögumann (B. Sv.) málum; mælska hans er allt of mikil til þess. En jeg vil að eins taka fram, að jeg get ómögulega verið honum samdóma um þýðinguna í prógrammi vor þm. frá 1886, nje heldur um það, að ástandið í landinu sje stjórnarskrá vorri að kenna, svo að jafnvel grasið geti ekki vaxið án stjórnarskrárbreytingar, eins og lá í orðum hans um, að það væri varla fingurgómsstærð af ræktaðri jörð á landinu. Jeg get ekki heldur verið honum samdóma um það, að það sje að grípa fram fyrir hendurnar á þjóðinni, þótt þingið samþykki ekki að þessu sinni nýtt stjórnarskrárfrumvarp, þannig, að nýjar kosningar þurfi að fara fram, og aukaþing að koma saman.

Jeg get ekki kannazt við, að það sje rjett, þegar h. framsögum. segir, að þjóðin sje mállaus; jeg held þvert á móti, að hún geti á margan hátt látið vilja sinn í ljósi, og hún hefir nú gert það á fundum víðsvegar um landið. Þingmaðurinn getur líka fengið glöggva hugmynd um vilja kjósenda sinna, með því að tala við beztu og

skynsömustu menn heima í hjeraði, eins og jeg ímynda mjer, að allir þingmenn geri. Yfir höfuð get jeg alls eigi sjeð, að þjóðin geti ekki án þingrofa á ýmsan hátt látið skoðanir sínar og óskir í ljósi.

Síðast skal jeg geta þess, að eptir því sem h. framsögum. (B. Sv.) hafa farizt orð, þar sem hann eins og vill neyða menn til að greiða atkvæði móti sannfæringu sinni, og af því jeg hingað til hefi greitt atkvæði með máli þessu einungis af því, að jeg vil að það komist til Ed., þá ætla jeg nú við þessa síðustu umræðu að hneiksla h. framsögum. með að greiða atkvæði móti frv., með því að jeg sje líka, að það fær nógan atkvæðafjölda til að komast til Ed., þótt mitt atkvæði gangi frá. Geri jeg þetta svo að það sjáist, ekki einungis af orðum mínum, heldur einnig af atkvæði mínu, að jeg er á móti því, að málið gangi frá þinginu í frumvarpsformi í þetta sinn, þótt jeg af áðurgreindum ástæðum hingað til hafi greitt atkvæði með.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að leiðrjetta dálítið ræðu h. framsögumanns (B. Sv.). — Hann hjelt því svo fast fram, að við kosningarnar 1886 hefðu þingmenn fengið prógramm, sem þeir væru bundnir við til 1892, og að þeir gætu eigi losnað við það fyr, nema nýtt stjórnarskrárfrv. væri samþykkt, og því stofnað til nýrra kosninga. En jeg skal segja h. framsögumanni (B. Sv.), að það er annar vegur en aukaþing til þess að þjóðin fái að láta vilja sinn í ljósi með nýjum kosningum; það má með því að biðja konung að rjúfa þingið 1887, og stofna til nýrra kosninga til þingsins 1889. Þessi aðferð er miklu óvarlegri en sú, að samþykkja nú stjórnarskrána, og fá þar af leiðandi aukaþing næsta ár.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Jeg skil ekki meining hæstv. landsh. eða að hverju orð hans gátu miðað. Jeg reyndi þó að taka fram svo glöggt, sem jeg gat, að prógrammið 1886 hefði haft það tvennt í sjer fólgið: 1., að þm. skyldu framfylgja frumv. frá 1885 óbreyttu á þingi 1886; og 2., að þeir skyldu framfylgja málinu í sömu stefnu framvegis, þangað til sigur væri unninn eða þeir legðu niður umboð sitt.

Aðferð sú, sem hæstv. landsh. benti á, að biðja konung að rjúfa þingið, er alls ekki »constitutionel«, heldur er það hinn eini rjetti, löglegi stjórnskipulegi vegur, sem *vjer* göngum á; hitt væri að *hverfa* stjórnarskrármálinu alveg *út af* sínum *rjetta* rekspöl, ef þingið færi að senda ávarpsósk til konungs um þingrof og nýjar kosningar. Að mínu áliti tekur slíkt engu tali.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþykkt með 14 atkv. gegn 7, að viðhöfðu nafnakall eptir ósk 8 þingm., og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson	Jón Þórarinsson
Árni Jónsson	Eir. Briem
Ben. Sveinsson	Gr. Thomsen.
Gunnar Halldórsson	Jónas Jónassen
Jón Jónsson	Lárus Halldórsson
Ólafur Briem	Þórarinn Böðvarsson
Ólafur Pálsson	Þorst. Jónsson.
Páll Briem	
Sig. Jensson	
Sig. Stefánson	
Sveinn Eiríksson	
Þorleifur Jónsson	
Þorv. Bjarnarson	
Þorvarður Kjerúlf.	

Síðan var málið afgreitt til forseta efri deildar.

Frumv. til laga um bátfiski á fjörðum (204, 218); 3. umr.

Forseti: Hjer er komin breytingartill. (218), er jeg verð að bera undir samþykki deildarinnar, hvort takast skal til greina.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. í e. hljóði, að taka breyt.till. til greina.

Þorsteinn Jónsson: Við 2. umr. talaði jeg um, að koma með breytingartill. til

þess að taka af öll tvímæli um það, að það væri formaður, sem skyldi greiða útsvarið, og liggur nú hjer fyrir breytingartillaga frá frá oss 6 þingm. í þá átt. — Með orðinu formaður eigum vjer ekki einungis við formenn á opnum skipum, heldur einnig á þilskipum. Það er þannig formaðurinn, sem útsvarsgreiðslan liggur á, en hann á aptur auðvitað aðgang að hásetum sínum. Með þessari breytingartill. ætla jeg þannig girt fyrir allan misskilning í þessu efni.

Að öðru leyti fundum vjer eigi ástæðu nje sáum úrræði til að breyta greininni frekar, en ætlum hana nú svo orðaða, ef breytingartill. verður samþykkt, að h. deild sje nú óhætt að fallast á hana.

ATKVÆÐAGR.: Breytingartill. (218) samþ. með 17 atkv. Frumv. með áorðinni breyting samþ. með 17 atkv. og endursent Ed.

Þrítugasti fundur, þriðjudag 2. ágúst, á hád. — Fjarverandi 2. þm. Eyf. (Ben. Sveinsson) með leyfi forseta.

Frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1886 og 1887 (203, 214); 3. umr.

Landshöfðingi: Að jeg hefi ekki komið fram með þessa viðauka- og breytingartillögu, sem hjer liggur fyrir (214), fyr en nú, kemur til af því, að jeg hafði enga skipun frá stjórninni um að gera það, fyr en jeg fjekk hana núna með Romny.

Það mál er víst flestum kunnugt, að þegar lögin um aðra skipun læknahjeraða hjer á landi komu í gildi, kom upp ágreiningur um skilning á 3. gr. þeirra. Hún var skilin svo af stjórninni og þinginu, að þeir læknar, sem þá voru í embættum, skyldu ekki fá hærri laun síðar meir, en ákveðin voru í lögunum, þótt þeir kannske samkvæmt veitingarbrjefi sínu hefðu átt von á hærri launum seinna. Síðan komu fram umkvartanir um þetta frá læknum þeim, sem hlut áttu að máli, þing eptir þing, en þeim var ekki sinnt; loks leitaði einn af þessum læknum úrskurðar dómstólanna um rjett sinn til launahækkunar eptir læknalögunum, og nú er málið, eins og mönnum er kunnugt, útkljáð með hæstarjettardómi 15. nóv. 1886, þar sem lækninum var dæmd sú peningahæð, sem hann hafði krafizt.

Hæstirjettur skilur ákvæði 3. gr. í læknalögunum þannig, að læknar, eins eptir sem áður að lögin komu út, haldi óskertum aðgangi sínum til þeirrar launahækkunar, er þeir, eptir eldri launaákvörðunum, áttu von á að fá. Þetta mál snertir að eins einn af þessum læknum, en það er enginn vafi á, að lík mundu málsúrslitin verða með hina læknana, því málavextir eru hjer um bil hinir sömu, og ef þingið ekki vill veita þeim þessa fjárhæð á fjáraukalögunum eða fjárlögunum á þessu þingi, þá mun reka að því sama, að þeir vísi máli sínu til dómstólanna; en til þess að forðast þann kostnað, sem af því mundi leiða fyrir landssjóð, svo sem málskostnaða og greiðslu vaxta meðan á málinu stendur, vil jeg leggja það til, að þingdeildin samþykki þessar breytingar- og viðaukatillögur, sem jeg hefi leyft mjer að koma með.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Við 2. umr. þessa máls benti hæstv. landsh. á, hvort nefndinni eigi sýndist tiltækilegt, að ráða til, að breytingar væru gerðar á prestaskólahúsinu; nefndin hefir komið þar saman og skoðað húsið nákvæmlega, en ekki þótt tiltækilegt, að ráða til neinna breytinga.

En hvað viðvíkur viðaukatillögu hæstv. landsh., þá hefir nefndin íhugað það mál vel þegar við meðferð fjárlagafrumvarpsins, og talað um það við ýmsa löglærða menn, og komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki væri annars kostur, en að borga þessar upphæðir, til þess að forðast enn meiri kostnað og fyrirhöfn. Fyrir því vill nefndin leggja það til, að tillögurnar verði samþykktar.

Þórarinn Böðvarsson: Nefndin hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki væri tiltækilegt að stækka prestaskólahúsið; en á hinn bóginn var nefndin þeirrar skoðunar, að engin vissa væri fyrir því, að húsrúm prestaskólans yrði of lítið á næsta vetri; en ef svo yrði, þá var nefndin því meðmælt, að veitt yrði fje til þess, að leigt yrði nógu rúmgott herbergi út í bænum; hjer hefir nefndin ekki farið fram á neina fjárveitingu í þessu skyni, en hún mun koma með tillögu í þessa átt í fjárlögunum, og þar mun hún fara því fram, að verja megi allt að 200 kr. til að leigja stórt og rúmgott herbergi úti í bænum, sem nefndin hefir fulla vissu fyrir að er til, og sem getur rúmað mikið meira en 20—30 nemendur. Þessi ákvörðun þyrfti þá einnig að vera þannig löguð, að hún gæti gilt fyrir þann tíma af skólaárinu, sem heyrir til þessu fjárhagsári.

ATKVÆÐAGR.:

Breyt.till. landsh. 1. a samþ. með 19 atkv.
— — 1. b — — 19 —
— — 1. c — — 19 —
— — í heild — — 19 —

Frumv. í heild sinni með áorðnum breyt. samþ. með 15:1 atkv., og síðan sent Ed.

Frumv. til fjáraukalaga 1884 og 1885 (C bls. 66, og nr. 208); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Það er að eins ein breyting, sem nefndin hefir ráðið til á frumv., og því finn jeg ekki ástæðu til þess að fara fleirum orðum um málið nú við 1. umr. þess.

Sigurður Stefánsson: Jeg get ómögulega orðið nefndinni samferða, þar sem hún fer fram á að greiða svona mikið til laxveiða; þetta er mjög mikil umframbrúkun, og hjer liggja engar skýrslur fyrir, sem rjettlæta þessa fjárbrúkun umfram það, sem veitt var á fjárlögunum; nefndin hefir þó sjálfsagt beðið um slíkar skýrslur, og þá líklega ekki fengið þær. Það vantar því mikið á, að jeg geti gefið frv. atkv. mitt, eins og það liggur fyrir.

Sveinn Eiríksson: Það er ekki mikið, sem jeg ætlaði að segja, því h. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.) er búinn að taka það allt fram; jeg vildi að eins leyfa mjer að lýsa því yfir, að jeg er alveg á móti þessa frumv.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Jeg skal geta þess, að þetta atriði, sem h. 1. þm. Ísf. (Sig. St.) tók fram, heyrir fremur til 2. umr. um málið, en þó vil jeg láta þess getið, að skýrslu um þetta er að finna í athugasemd á fylgiskjali nr. 39 við landsreikninginn 1885; og hvað sem öðru líður, þá er það að minnsta kosti mjög ísjárvert fyrir þingið, að neita nú um þessa viðbót, þar sem það ávallt áður hefir verið mjög fúst á að styðja þessa atvinnugrein, nema því að eins, að það sannaðist, að þessu fje hefði verið varið alveg gagnstætt tilætlun þingsins, en það mun ekki vera, eins og hver getur sjeð, sem vill kynna sjer málið til hlítar.

Landshöfðingi: Jeg er á sama máli og h. framsögum. (Ól. Br.), að þetta atriði, þ. e. umframeyðslan á veitingunni til eflingar laxveiði og laxræktar, heyri fremur til 2. umr. en til 1. umr.; en fyrst það er komið til umtals, þá skal jeg geta þess, sem líka nefndinni og h. þingm. er vist vel kunnugt, að hinu veitta fje var varið eins og þingið 1883 hafði ætlazt til, sem sje sumpart til þess að kosta rannsóknarferð aðjunkts Feddersens hjer á landi sumarið 1884, og sumpart til þess, að útvega laxfróðan mann frá Svíaríki til þess að dvelja hjer vetrarlangt og gera tilraunir og segja mönnum til í verklegri laxrækt og laxaklaki. Hinn sænski laxfræðingur kom hingað til lands seint á sumri og fór hjeðan ekki fyr en sumarið eptir; hann þurfti að hafa sín daglaun; það var byggt hús á Reynivöllum til laxaklaks og mörg áhöld þurfti að kaupa til

þess. Enn fremur ferðaðist þessi laxfræðingur að Þingvöllum og vestur í Dalasýslu, og árangurinn bæði þar og á Reynivöllum hefir orðið talsvert mikill af veru þessa manns; laxaklakinu hefir verið haldið áfram á Reynivöllum og árlega verið klakið út um 40,000 af ungviði; sömuleiðis er starfað að laxaklaki í Dalasýslu undir umsjón manns, er lærði hjá hinum sænska laxfræðingi. Stjórnin hafði fulla ástæðu til að halda, að þingið væri mjög hlynnt þessu máli og vildi ekki hverfa frá því á miðri leið, og þar eð fjárveitingin reyndist ónóg bæði til þess að kosta rannsóknarferð aðjunkts Feddersens, en hún kostaði yfir 2500 kr., og til þess að gera tilraunir með verklegt laxaklak, en til þess voru þá afgangs einar 436 kr. 11 a., þá gat landsstjórninni ekki blandazt hugur um, að það mundi vera samkvæmt vilja þingsins og tilganginum með fjárveitingunni, að heldur væri brúkað fje það sem þyrfti um fram veitingu, til þess að tilraunin með laxaklakið yrði að verulegum notum, heldur en að hætt væri við allt í miðju kafi, og því kæmi landsstjórninni það mjög á óvart, ef þingið nú neitaði samþykkis til þessarar umframbrúkunar; ef legið hefði fyrir þinginu 1883 áætlun um kostnuð þann, sem leiddi af laxaklakinu, og þó um hærri fjárhæð hefði verið að ræða en þessa, þá getur hver maður ráðið það af umræðunum þá, að þingið mundi hafa veitt hverja þá upphæð, sem nauðsynleg hefði álitizt til þess augnamiðs.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frumvarp til laga um afnám 5. gr. í opnu brjefi 31. maí 1855, er lögleiðir á Íslandi lög 30. júní 1850 (191); 1. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Frv. þetta er reyndar komið frá reikningslaganefndinni, en hún samdi það eptir bendingum yfirskoðunarmanna landsreikningsins 1884. Þeir hafa tekið það fram, að sá rjettur, sem embættismönnum þeim, er hafa 2000 kr. laun eða minna, sje veittur með 5. gr. í opnu brjefi 31. maí 1855, hafi verið notaður um skör fram, og hins vegar geti það komið fyrir, að landssjóður bíði halla af þeim bráðabyrgðarlánum, sem samkvæmt þessu brjefi veitast embættismönnum. Að vísu hefir landshöfðingi sagt í svörum sínum upp á athugasemdir yfirskoðunarmanna, að stjórnin mundi ófús á að leggja frumv. fyrir þingið um afnám þessara ákvarðana, en með því öll ástæða virðist til að nema þessar ákvarðanir úr gildi, hefir reikningslaganefndin leyft sjer að koma með frumv. þetta.

Landshöfðingi: Jeg get ekki beinlínis kannazt við, að sá rjettur, sem landsstjórnin hefir eptir 5. gr. í opnu brjefi 31. maí 1855 til að veita embættismönnum bráðabyrgðarlán, hafi verið vanbrúkaður. Það er rjett: það hefir komið fyrir eitt tilfelli, þar sem landssjóður tapaði 40—50 kr. En fyrir þá embættismenn, sem hafa mest 2000 kr. í laun, er það mjög þægilegt, að geta fengið bráðabyrgðarlán til þess að geta komið sjer fyrir, t. d. ef þeir vilja byggja hús, auka bú sitt eða því um líkt. Jeg get ekki sjeð, að það geti verið nein hætta fyrir landssjóð, þó þessi heimild haldist. Jeg hefði þá kunnað betur við, að komið hefði fram frumv. um að takmarka leyfið, þannig t. d., að slík lán skyldu að eins veitt þeim, sem taka við embætti í fyrsta sinn, t. a. m. ungum kandídötum, sem venjulega eru orðnir skuldugir, þegar þeir fá embætti, og eiga því opt erfitt með að komast í veg.

Jeg skyldi ekki mæla á móti slíkri takmörgun á leyfi til að veita bráðabyrgðarlán; en jeg get ekki fallizt á frumv., sem, eins og þetta, vill aftaka leyfið með öllu.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Þar sem hæstv. landsh. sagði, að það gæti ver-

ið mjög þægilegt fyrir unga embættismenn, sem eigi hefðu sjálfir fje til að koma sjer fyrir, að geta átt greiðan aðgang að þessum bráðabyrgðarlánum, þá viðurkenni jeg að svo sje. En mjer finnst ekki fullkominn jöfnuður í því, að heimild þessi skuli annars vegar vera bundin við það, að embættismaðurinn taki laun sín úr landssjóði, og hins vegar við það, að laun hans sjeu mest 2000 kr.; því í fyrsta lagi er útilokaður frá þessum hlunnindum heill flokkur af embættismönnum, nefnil. prestastjettin, og í öðru lagi er spursmál um, hvort þeir embættismenn, sem hafa yfir 2000 kr. og upp að t. d. 3000 kr., ekki þyrftu eins að fá slík lán eins og hinir, sem lægri laun hafa. Jeg vil nefna t. d. sýslumenn, sem ekki hafa nema 2500 kr. í laun, og sem því tæpast munu hafa hærri tekjur en læknar hafa alls. Sýslumenn hafa miklu meiri kostnað í sínu embætti, t. d. skrifstofukostnað og hestahald, sem þeir ekki fá borgað sjerstaklega. Auk þess hafa þeir ábyrgð á peningum, sem hvílir þungt á mörgum þeirra. Það væri ef til vill fullt eins sanngjarnt, að þessir embættismenn yrðu aðnjótandi sömu hlunninda og hinir með að fá bráðabyrgðarlán úr landssjóði.

Sveinn Eiríksson: Jeg er þakklátur hæstv. landshöfðingja fyrir umhyggju hans fyrir hinum upprennandi ungu gæðingum í embættismannastjettinni, það er að segja hinni veraldlegu. En jeg er þó enn þakklátari h. framsögum. (Ól. Br.) fyrir allt það, sem hann tók fram í þessu máli. Menn vita, að á æskuárunum gera menn margt það, sem óþarfi var að gera, já, sem skaðlegt var að gera, og sem menn svo ekki þora að standa við, þegar menn koma út í heiminn. Það er satt, sem h. framsögum. sagði: það er mikill munur á launum presta annars vegar og launum sýslumanna og lækna hins vegar. Sýslumenn eru stórlaunaðir menn; en þeir hafa líka talsverð útgjöld. Læknar hafa mikil laun, og ef þeir eru nýtir menn og duganda, þá geta þeir haft töluverða praxis þar á ofan, sem gefur þeim mikla peninga. Þessir embættismenn, það er að segja sýslumenn og læknar, hafa þar á ofan mikil eptirlaun. En hvað fá prestarnir? Jú, viti menn! þeir fá einar 10 krónur í eptirlaun fyrir hvert embættisár, sem þeir þræla sjer út. Þetta kemur nú strangt tekið ekki málinu við; en það sem jeg vildi segja, er það, að jeg er h. framsögum. (Ól. Br.) fullkomlega samdóma, og gef þessu frumv. óhikað atkvæði mitt.

Grímur Thomsen: Það kann nú reyndar svo að vera, að yfirskoðunarmenn landsreikningsins 1884 hafi gefið tilefni til þessa frumv.; en ef menn vilja kynna sjer athugasemdir yfirskoðunarmannanna í þessu efni, þá munu menn sjá, að þeir fóru aldrei eins langt í tillögum sínum eins og hjer er farið. Það var aldrei þeirra meining, að ráða til að afnema þetta leyfi til að veita embættismönnum bráðabyrgðarlán, en þeir leyfðu sjer að vekja máls á því, hvort ekki væri rjett að takmarka þetta leyfi. Mjer virðist jafnvel nóg, ef umræðurnar um þetta mál nú á þinginu verða til þess, að vekja athygli landsstjórnarinnar á því, að rjett sje að takmarka þessi skyndilán til embættismanna sem mest. En að afnema 5. gr. í opnu brjefi 31. maí 1855 með öllu, álít jeg of hart að gengið, því það getur opt verið sanngjarnt, að hjálpa ungum mönnum, sem eru að taka við embætti, um lán til bráðabyrgða, og stundum getur það jafnvel verið alveg nauðsynlegt. Jeg ímynda mjer, sem sagt, að þessar umræður verði til þess, að landsstjórnin noti varlega og varlegar en áður þetta leyfi, og bindi lánveitinguna meiri tryggingu, en máske opt hefir átt sjer stað.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Jeg get ekki álitið það nauðsynlegt, að þessi

heimild til að veita vissum embættismönnum skyndilán, haldist. Það er að mínu álíti ekki meira fyrir þessa menn en svo marga aðra, að útvega sjer veð fyrir lánum, er þeir kynnu að þurfa. Það verða t. a. m. allir gjaldheimtumenn landssjóðsins að gera. Þeir verða meira að segja að útvega sjer fasteignir í veð fyrir því fje, sem þeir heimta inn fyrir landssjóðinn og eiga að standa skil á. Þeir hafa að vísu nokkuð hærri laun, en þessir embættismenn, sem hjer ræðir um, en það hlýtur líka að vera miklu örðugra fyrir þá að útvega sjer veð fyrir svo miklum upphæðum, en fyrir hina fyrir þessum litlu lánum.

Jónas Jónassen: Mjer finnst lítil ástæða vera til að afnema þetta leyfi, því að það mun hægt að sanna, að á 30—40 árum hafi landssjóður aldrei beðið neinn halla af því. Jeg tel það svo sem ekki neitt, þó að yfirskoðunarmennirnir, sem er svo tamt að láta sjer sjerstaklega umhugað um öll smá-atriði, hafi gert mikið úr því, að landssjóður tapaði einu sinni rúmum 60 kr. af skyndiláni til embættismanns. Þetta er hið eina tilfelli, sem menn þekkja, og jeg skil ekki, hvernig það á að geta orsakað, að menn fari nú að afnema þessi hlunnindi, sem 5. gr. í opnu brjefi 31. maí 1855 leyfir landsstjórninni að veita láglaunuðum embættismönnum. Jeg vil því mæla fastlega með því, að h. þingd. leyfi þessum ákvörðunum að standa eins eptir sem áður. En jeg get hins vegar vel fellt mig við það, sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) tók fram, að landsstjórninni verði gert að skyldu að heimta fulla trygging fyrir því, að lánið verði endurborgað landssjóði á vissum tíma. Landsstjórnin ætti að segja sem svo við lánbeiðandann: »Þú færð ekki lánið, nema þú gefir mjer fulla trygging fyrir endurborgun lánsins«. Svo strönga ætti landsstjórnin jafnvel að vera í kröfum sínum, og þá má óhætt segja, að engin hætta geti verið á ferðum, þó þetta leyfi haldist.

Grímur Thomsen: Jeg skal geta þess út af þeim orðum h. þm. Rvk. (J. Jónass.), að yfirskoðunarmennirnir láti sjer æfinlega svo annt um smá-atriði, að þessi athugagrein, sem bent hefir verið til við landsreikninginn 1884, er einmitt komin frá hæstv. landsh. sjálfum, sem þá var annar yfirskoðunarmaðurinn, og honum má þá vera það bezt kunnugt, að það var ekki meining yfirskoðunarmanna, að gefa tilefni til þess, að þetta leyfi yrði afnumið.

Landshöfðingi: Jeg skal taka það fram, að mjer finnst bending h. þm. Rvík. (J. Jónassen) góð, og verð þess, að hún yrði tekin til greina. Það mætti t. a. m. gjöra það að skilyrði fyrir lánveitingunni, að lánbeiðandi hafi tryggt líf sitt, að minnsta kosti fyrir þeirri upphæð, sem hann vill fá að láni, og ætt lántakandi þá að fá landsstjórninni í hendur lífsábyrgðarskírteini sitt.

Út af orðum h. framsögum. (Ól. Br.), að eins mikil ástæða gæti verið til að veita þeim embættismönnum skyndilán, sem hafa meira en 2000 kr., eða allt að 3000 kr. í laun, eins og þeim, sem að eins hafa 2000 kr. og minna, skal jeg taka það fram, að jeg álít það mikið rjett, að þeim, sem hafa hærri laun, gæti opt komið vel og jafnvel verið nauðsyn á að fá með greiðu móti lán til bráðabyrgða úr landssjóði, og jeg get, fyrir mitt leyti, ekkert sjeð á móti því, að landsstjórninni væri einnig heimilað, að veita þeim embættismönnum skyndilán, sem hafa í laun allt að 3000 kr. Þar af leiddi að vísu það, að lánin yrðu hærri, en ef landsstjórnin heimtar fulla trygging fyrir láninu, þá getur landssjóði aldrei orðið nein hætta búin. Það mætti til dæmis tryggja landssjóði endurborgun lánsins með því, að lántakanda væri gjört að skyldu að fá

landssjóðsgjaldinu í hendur lífsábyrgðarskírteini og annaðhvort láta hann borga premíuna fyrir fram, eða halda henni eptir í launum hans.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 19 atkv.

Frumvarp til laga um verzlun lausakaupmanna (183); 1. umr.

Árni Jónsson: Jeg sje, að enginn muni ætla að taka til máls, og þykir mjer þó mál þetta þess vert, að það sje athugað, þó ekki sje nema vegna sögu þess hjer á þinginu að undanförnu. Mál þetta átti merkilega sögu hjer á þinginu 1885. Þá gekk það hjer á milli deildanna hvað eptir annað. Það fjekk alls 12 umræður á þinginu, 7 í Ed., 4 í Nd. og 1 í sameinuðu þingi. Þetta bendir á, að eitthvað sje einkennilegt við málið, og að vert sje að gefa því gaum. Þegar vjer lítum á málið sjálft, þá var það upphaflega borið upp í Ed. og samþykkt þar eins og flutningsm. þar vildi hafa það. Síðan kom það til Nd. og var breytt þar í annað form, og svona gekk það hvað eptir annað milli deildanna, og hjelt hvor deildin um sig fast við sín ákvæði. Nú á þessu þingi var það aptur borið upp í Ed. í sama formi, sem sú deild samþykkti það í 1885, en hvernig sem því er nú varið, þá hefir nú svo við brugðið, að það hefir haft stakkaskipti undir umræðunum þar í deildinni, og kemur nú hingað í allt öðru sniði, en það var borið þar upp upphaflega; það kemur nú hingað frá h. Ed. öfugt við það snið, er það hafði þar í hitt eð fyrra, en miklu líkara hinu, sem það hafði þá hjer í deildinni. En í þessu formi var það fellt í sameinuðu þingi 1885, ef mig minnir rjett.

Þetta bendir á, að nauðsynlegt muni vera að athuga málið. Tilgangur frumv. var og er enn, að rýmka um rjett lausakaupmanna til að verzla hvar sem er við strendur landsins, eins þar sem ekki eru löggilt kauptún, og með því að koma í veg fyrir hinar sífelldu bænir til þingsins um löggilding á nýjum verzlunarstöðum. En nú kemur önnur spurning: Gjörir þetta frumv. ekki lausakaupmönnum svo örðugt að verzla hjer við land, að hæpið sje, hvort þeir vilja eða geta notað þann rjett, sem frumv. að öðru leyti veitir? Það mun hafa vakað fyrir þeim, sem voru á móti frumv. þannig löguðu, að gjöld þau, sem ákveðið er í frumv. að leggja á lausakaupmenn, væru svo þungbær, að fáir mundu sjá sjer fært að verzla hjer með þeim kjörum. Það má ekki fara út í einstök atriði málsins við þessa umræðu, en aðalatriðið, sem hjer er um að ræða, er í 1. gr., og virðast þar heldur þung gjöld lögð á þessa menn, til þess að frumv. geti náð tilgangi sínum, ef það verður að lögum. Jeg verð því fyrir mitt leyti að óska, að h. þingdm. kynni sjer þetta má vel, áður en þeir gefa því atkvæði sitt óbreyttu við 2. umr.

Þórarinn Böðvarsson: Frumv. það, sem hjer liggur fyrir, mun eiga að gera lausakaupmönnum hægra fyrir að verzla hjer við land. Jeg ætla nú samt, að lausakaupmenn hafi aldrei hingað til þurft að gjalda neitt fyrir að fá að verzla á höfnum hjer við land. Sje þessi ætlun mín rjett, þá er það auðsjeð, að það er ekki litlu erfiðara fyrir þá að verzla hjer eptir þessu frumv., þar sem ákveðið er, að þeir skuli gjalda 50 kr. á hverri höfn. Ef vjer hugsum oss t. d., að Norðmaður vilji verzla hjer með timbur, sem oss er mjög nauðsynleg vara, og hann nú selur nokkuð af farminum hjer í Reykjavík, fer svo hjeðan á Hafnarfjörð, Keflavík, Akranes, Brákarpoll og enda á Ísafjörð og borgar 50 kr. á hverri höfn, þá sjá allir, að það verður ærið þungt gjald. Yfir höfuð virðist það efasamt, hvort slík lög gætu orðið til þess, að efla verzlun lausakaupmanna hjer við land, sem þó hefir opt komið að góðum notum. En þó jeg nú

hafi það á móti þessu frumv., að gjaldið fyrir verzlunarleyfið er of hátt sett, og þó mjer virðist það ísjárverð ákvæði, að lausakaupmenn skuli mega verzla hvar sem þeir vilja, þá vil jeg þó ekki mæla á móti frumv. yfir höfuð, heldur mæla með því, að það fái að ganga til 2. umr. til þess að málið verði rækilega íhugað. Jeg vil sjerstaklega mæla með þessu af því, að jeg óttast fyrir, að þeir sjeu til, sem ekki einu sinni vilja að það gangi til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 19 atkv.

Frumv. til laga um menntun alþýðu (28, 186); frh. 1. umr.

Flutningsm. (Jón Þórarinsson): Jeg hefði óskað, að vjer, sem kosnir vorum af h. þingd. í nefnd til að athuga frv. það, sem hjer liggur fyrir til umræðu, hefðum getað orðið lengur samferða en raun varð á, þótt jeg á hinn bóginn viti ekki, hvort það er þessu máli til nokkurs hnekkis, að við verðum að skilja.

Þetta mál er nú orðið svo mikið áhugamál fyrir landsbúa, að kalla má að þingið eigi gjöri annað en taki undir með þeim, þar sem það fer að hreifa málinu. Spyrji maður, hvernig hægt sje að auka verulegar framfarir, þá er svarið hið sama hjá öllum, að hinn eini vegur til verulegra framfara sje sá, að efla menntun hjá alþýðu. Jafnvel í pólitisku tilliti er alþýðumenntunin nauðsynleg. Bændur vorir hafa ekki þá menntun til að bera, er samsvari hinu pólitiska frelsi þeirra; stjórnin í sveita- og hjeraðamálum er í höndum bænda, en hún útheimtir menntun og þekkingu, og sama er að segja um atvinnuvegi vora, sjáfarútveg eg landbúnað, að þekking er nauðsynleg til að geta rekið þá með fyrirhyggju og dugnaði; sumir kunna reyndar að segja, að þeir geti eigi sjeð, að þörf sje á nokkurri sjerstakri menntun til að róa til fiskjar eða slá gras, en þessi ástæða, sem svo opt hefir verið borin fram móti því að menntunin sje almennings eign, er löngu úrelt hjá öllum siðuðum þjóðum. Það er margreynt, að þess konar stofnanir bera mjög lítinn árangur, ef hina almennu alþýðumenntun vantar hjá landslýðnum; hún er sá grundvöllur, sem menn verða að byggja á hina sjerstöku skóla, og fyrst þegar alþýða er orðin nokkurn veginn menntuð, má búast við árangri af sjómannaskólum og búnaðarskólum.

Þetta frv. var samið í þeim tilgangi, að reyna að hrinda menntunarmálinu áfram; en þegar í byrjun, og það áður en málið kom til umræðu í deildinni, var því tekið með gífurmælum um kostnaðinn, sem það hefði í för með sjer, og sagði einn h. þm. að hann mundi verða um 200,000 kr. fyrir landssjóð. Jeg get nú reyndar ekki sjeð, hvernig hægt er að fá þá kostnaðarupphæð út úr frv., en vera kann að frv. hafi þó lagt heldur þungar byrðar á herðar landsmönnum, enda hefi jeg reynt að bæta úr þeim galla með því að gera minni kröfur, svo að jeg vona að frv. ekki verði fyrir þá sök fráfælandi fyrir þann, sem annars ann málinu.

Aðalstefna frv. er sú, að gera nokkuð meiri kröfur um menntun alþýðu en lög 9. jan. 1880 ákveða, og gjöra eptirlitið með kennslunni strangara en hingað til hefir verið; enn fremur að gera kennurunum hagra uppdráttar en áður, og yfir höfuð að tala gjöra þeim fært að afla sjer þeirrar menntunar í landinu, sem hverjum kennara er allsendis nauðsynleg. Að öðru leyti hefir þetta frv. ekki mjög margar nýungar að geyma, nema að í því er það ákveðið um kennslubækurnar, að þær verði út gefnar að tilhlutun hins opinbera og svo ódýrar, að almenningur eigi hægt með að afla sjer þeirra.

Jeg vík að því aptur, sem jeg sagði áðan, að mjer fellur það illa, að jeg og samnefndarmenn mínir höfum ekki getað orðið á eitt sáttir um þetta mál.

I nefndaráliti h. meiri hluta stendur, að frv. setji »einskorðaðar reglur« fyrir menntun alþýðu, en jeg get ekki kannazt við að frv. setji fleiri reglur, nje einskorðaðri, um menntun alþýðu, en þörf er á, ef hið opinbera á að hafa nokkur afskipti af, hvernig því fje er varið, sem það leggur til, og ef það á að geta sjeð um, að kennsla unglinga fari í nokkru lagi og að unglingum verði ekki beinlínis misboðið af vanþekking eða hirðuleysi þeirra, sem um kennsluna eiga að sjá.

Enn fremur hefir h. meiri hluti nefndarinnar tekið það fram, að reglurnar um tilhögun kennslunnar væru of einskorðaðar; en þetta veit jeg ekki við hvað styðst, því frv. leggur einmitt tilhögun kennslunnar í hendurnar á kennslunefndum í hreppum og hjeruðum, og þær hafa vítt verksvið í því tilliti.

Hin þriðja ástæða sem meiri hluti nefndarinnar færir móti frv. er sú, að það sje ekki sniðið eptir efnum og ástæðum landsbúa; þessa ástæðu hefi jeg tekið til greina með því að færa niður kröfurnar, og sú eina ástæða er heldur ekki nóg til að fella frv., því að þeir, sem þykir of mikið í kostnaðinn lagt, geta gert breytingar þar að lútandi við umræðurnar, enda er engra framfara von að þeim lögum, sem eru sniðin alveg eptir tízku tímans, sem binda sig við þá siði, eða ósiði, sem kunna að hafa smeygt sjer inn og orðið ríkjandi sem vani.

Enn fremur hefir meiri hluti nefndarinnar álitið það óheppilegt, að semja lög fyrir þá skóla, sem ekki eru til, og er jeg því alveg samdóma; en hjer er alls eigi um það að ræða; skólarnir eru til og fyrir þá eru lögin fyrst og fremst samin, en verða líka að gilda fyrir aðra skóla, sem seinna koma í líku formi, og þótt reyndar sjeu eigi til hjeraðaskólar með því nafni, þá eru þó til skólar, þótt fáir sjeu, sem eru mjög líkir þeim hjeraðaskólum, sem frv. gjörir ráð fyrir.

Enn er ein mótbára, sem h. meirihluti hefir komið fram með: að þótt frv. yrði að lögum, mundi það þó eigi hrinda alþýðumenntuninni áfram.

Í þessu get jeg ekki verið nefndinni samdóma, því að jeg ímynda mjer, að ef frv. næði fram að ganga, mundi það eiga góðan þátt í að efla menntun alþýðu; en jeg skal eigi að sinni fara fleiri orðum um frv., heldur að eins óska, að því verði vísað til 2. umr. Þá mun mönnum gefast kostur á að ræða það og gjöra þær breytingar, sem þeir álíta nauðsynlegar.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Jeg skal fyrir hönd meiri hluta nefndarinnar lýsa því yfir, að vjer erum öldungis samdóma háttv. minni hluta um það, að tilgangur frv. er góður, og að æskilegt hefði verið að semja góð og framkvæmileg lög um þetta efni.

En lengra gat öll nefndin ekki gengið óskipt og eindregin, því að þegar frumvarpið kom til sögunnar, þá skildi oss á.

Reyndar áleit meiri hlutinn meiri framfarir í menntun alþýðu mjög æskilegar og nauðsynlegar, en gat ekki skilið, að menntunin kæmist fremur áfram fyrir það, þótt settar væru ófrávíkjanlegar reglur fyrir allri alþýðumenntun í landinu; vjer álítum rjettast, að alþingi, eins og áður, styddi allar frjálsar tilraunir í þessa átt í hverju hjeraði, og að það mundi verða affarasælla en að semja lög, sem einmitt mundu gera menn hikandi, þegar þeir sæju, að þeir gætu ekki þegar í stað uppfyllt öll ákvæði þeirra og yrðu að gera undantekningar frá þeim; þess konar lög áleit meiri hlutinn mjög óheppilegt að semja, þar eð þau hlytu að verða mjög þýðingarlítil.

Jeg er samdóma háttv. þm. um það, að alþýðumenntuninni er mjög ábótavant, en engu að síður er þó töluverður áhugi vaknaður hjá mönnum víðsvegar um land á því máli, og sá áhugi mun halda áfram að vaxa, þótt alþingi nú ekki fari að semja lög um það, hvernig kennslunni

skuli haga, þessari kennslu, sem sumstaðar er rjett í þann veginn að byrja, sumstaðar óbyrjuð.

Hvað kostnaðinn snertir, sem frv. mundi hafa í för með sjer, þá skal jeg geta þess, að minni hlutinn hefir slakað til, því að hann sá, að frv. mundi verða allsendis óaðgengilegt fyrir landsmenn, ef hann væri látinn halda sjer óbreyttur.

En þar sem h. þm. (J. Þ.) sagði, að við hefðum talað gífuryrði um kostnaðinn, og sagt, að frv. mundi kosta landssjóð 200,000 kr., ef það yrði að lögum, þá mun þetta ekki vera rjett hermt; frv. hefði, eins og það var fyrst, eigi kostað landssjóð 200,000 kr., heldur landsmenn 2 eða jafnvel 300,000 kr., er til framkvæmdanna kom.

Ef jeg sæi, að frv. þetta gæti orðið að notum, og næg auðsuppspretta væri í landinu, þá skyldi jeg vera því meðmæltur, en þessu er ekki þannig varið, og þess vegna álít jeg mjög óheppilegt að samþykkja lög, sem ómögulegt er að framkvæma, því að þess konar lög hepta málið fremur en þau hrindi því áleiðis, og eru til ills eins.

Vjer höfum það álit á oss, að heimilismenntun vor sje betri en víða annarstaðar, og hún mun jafnan verða grundvöllurinn undir menntun hinnar íslenzku alþýðu, en að fara að reisa alþýðuskóla og setja reglur fyrir allri uppfræðingu er því að eins mögulegt, að hið opinbera komi móti landsmönnum með það fje, sem gerir þeim mögulegt að fylgja slíkum lögum, og hvaðan á að fá allt það fje? H. hæstv. deildarmönnum er kunnugt, að alþingi getur ómögulega vísað á allt það fje, sem nauðsynlegt er til að koma slíkum skólum á stofn; í öðrum löndum er öðru máli að gegna; þar er þvinguð skólaganga, en þar er líka nóg fje til að framkvæma hana með.

Grundvöllurinn undir öllu því fyrirkomulagi, sem frv. fer fram á, eru þessir 2 kennaraskólar, sem á að stofna og sem heita má að þegar sjeu til, að minnsta kosti annar þeirra. En hvernig er nú hagur þeirra skóla, sem vjer höfum? Þeir standa — jeg vil ekki segja tómir — en mjög þunnskipaðir, og þegar þeir, sem þó ættu að geta fram leitt alldugleg kennaraefni, standa svona nærri tómir, og menn eru óánægðir með að leggja fje til þeirra, þá efast jeg um, að rjett sje, að fara að reisa nýja skóla á rústum þeirra með ærnum kostnaði, þó þeir verði nefndir öðru nafni. Jeg skal játa, að oss þótti leiðinlegt að skilja við h. minni hluta í máli þessu, en sannfæring vor leyfði oss eigi að gera annað en það sem vjer gerðum; og vjer höfum þá von, að þótt frv. þetta ekki verði að lögum, þá muni þó alþingi eins eptir sem áður sýna örlæti sitt og styrkja eptir efnum allar frjálsar menntunartilraunir í landinu.

Flutningsmaður (Jón Þórarinsson): H. 1. þm. Ísf. (Sig. St.) sagði, að vjer hefðum skilið sökum þess, að jeg hefði álitið nauðsynlegt að hafa lög fyrir menntun alþýðu, en þeir ekki, og verð jeg að kannast við, að mjer þykir sómi en ekki vansæmd að hafa verið á þeirri skoðun; það er auðvitað mjög gott, að þingið styrki skólana jafnóðum og þeir koma upp, með tilhlýðilegum fjárstyrk, en það útilokar alls eigi, að nauðsynlegt sje að setja lög fyrir slíka skóla; eða ímyndar h. 1. þm. Isf. sjer, að aðrar þjóðir hafi samið lög fyrir alþýðuskóla að gamni sínu? Nei, þær hafa gert það af því, að þær hafa sjeð, að lögin voru nauðsynleg til að koma menntunarmálum sínum í rjett horf. Það er eigi heldur fullgild ástæða á móti lögunum, þótt eigi sje hægt að fram fylgja þeim í bráðina, eða á fyrsta ári, í hverju einstöku atriði, því að svo er um öll skólalög, sem eigi eru samin til bráð abyrgða heldur fyrir lengri tíma, að þau geta eigi orðið framkvæmd í öllum greinum sínum þegar í byrjun. Jeg get ekki he ldur sjeð

að þessi lög sjeu svo úr garði gjörð, að ómögulegt sje að framfylgja þeim með hjálp alþingis; mjer finnst það miklu fremur mjög auðvelt. H. framsögum. meiri hlutans (S. St.) sagði, að heimilismenntunin á Íslandi væri góð og undirstaða undir allri menntun alþýðu; það játa jeg, að heimilismenntunin sje undirstaða þjóðmenntunarinnar, en þar af leiðir ekki, að hún eigi geti batnað, og að bæta hana og styðja er einmitt aðaltilgangur þessa frv. Hann sagði enn fremur, að frv. væri kraptlaust og ónýtt án kennaraskóla, en sama get jeg og sagt um frv. h. meiri hluta, því að allar tilraunir til þess að auka menntun hljóta að verða árangurslausar, ef enginn er til að kenna, enginn til að veita menntunina. En þar sem hann sagði, að þeir skólar, sem til eru, ættu að vera færir um að mennta hæfa kennara, svo að eigi þyrfti til þess sjerstaka skóla, þá verð jeg að segja honum, að jeg hlýt að vera kunnugri öðrum þessara skóla en h. þm., þar sem jeg er forstöðumaður hans, og álít jeg pilta þaðan engan veginn færa um að takast á hendur barnakennslu, þótt duglegir sjeu og vel proskaðir, því að þeir hafa eigi fengið þá menntun, sem útheimtist til að geta staðið vel í þeirri stöðu, og sama er að segja um þá, sem á Möðruvallaskólann ganga. Allt annað mál er, þótt einstakir menn taki þá til að kenna börnum sínum—, af því að nú er ekki völ á öðrum betri. Jeg held annars að ágreiningurinn milli vor nefndarmanna hafi eigi verið svo mikill, að við getum ekki sameinað okkur við 2. umr., og þar sem h. framsögum. meiri hlutans sagði, að ísjárvert væri að fara að reisa nýjan skóla, meðan Möðruvallaskólinn væri eins og hann væri, þá verð jeg að benda honum á, að tilgangur frv. er einmitt að auka aðsókn að þeim skóla, og gera hann vinsælli með því að gera hann að kennaraskóla fyrir alþýðu; og hvað kostnaðinn snertir, þá vona jeg, að það fyrirkomulag, sem jeg fer fram á í breyt.till. minni, muni ekki auka heldur minnka talsvert kostnað landssjóðs til beggja skólanna. Þetta geta allir sjeð sjálfir, með því að líta á tölurnar, og vona jeg því, að menn láti frv. ganga til 2. umr., þegar þeir agnúar eru af því teknir, sem þeim þóttu ísjárverðastir.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Jeg ætla að eins að gera fáeinar athugasemdir áhrærandi orð flutningsm. (J. Þór.). Hann sagði, að jeg áliti þessi lög ónauðsynleg, og jeg játa, að jeg skoða öll þau lög ónauðsynleg, sem ekki geta orðið framkvæmd, og þá einnig þessi, að því leyti sem mjer virðast þau óframkvæmanleg. Þó slík lög, sem þessi, kunni að koma að góðu haldi í öðrum löndum, þá er allt öðru máli að gegna hjer, því hjá oss stendur svo sjerstaklega á, svo í þessu máli sem mörgum öðrum. Samgöngur og allt eptirlit með slíkum menntastofnunum er æði-mikið erfiðara hjer en í flestum öðrum löndum. Það er þess vegna allt öðru máli að gegna, þó þar sjeu sett mjög ákveðin og föst lög um þetta efni. Flutningsm. sagði, að mörg góð lög yrðu ekki fyllilega notuð í fyrstu; en jeg verð að segja honum, að jeg þekki engin slík lög; hann verður þess vegna að benda mjer á þau. Þar á móti ber þetta frv. það með sjer, að þó það yrði að lögum, þá mundi því ekki verða fylgt, t. d. þeim fyrirmælum þess, að enginn megi kennari vera, utan hann hafi gengið á kennaraskóla; þegar í byrjun verður að gera undantekningu frá þessu, af þeirri góðu og gildu ástæðu, að slíkir menn, sem frv. heimtar, eru ekki til. Hvað aðsókninni að Möðruvalla- og Flensborgarskólanum viðvíkur, þá efast jeg stórlega um, að hún fari vaxandi, þó þeir væri skírðir upp og nefndir kennaraskólar, en hitt er víst, að ef þeir skólar, sem nú eru til, ekki geta framleitt allgóða barnakennara og aðra þá menn, er menntandi áhrif

hafi á alþýðu vora, þá eru þeir alveg ónýtir. En ef þeir þar á móti veita nemendum sannarlega menntun, þá verða námsmenn, sem frá þeim dreifast út um landið, það súrdeig, sem gagnsýrir alla alþýðu vora, og það jafnvel hvort sem skólarnir eru kallaðir kennaraskólar eða eitthvað annað.

En endurskírnin ein mun ekki auka álit og vinsældir þessara skóla, þegar henni ekki fylgir nein von um álitlegri stöðu, og víst er það, að ekki er fyrir miklu meiru að gangast eptir þessu frv., eptir því sem til hagar hjer á landi, en verið hefir, því að þær krónur, sem frv. ákveður kennurunum, koma ekki í vasa þeirra, þó það verði að lögum, meðan landsmönnum er ómögulegt að greiða þær sökum fátæktar.

Páll Briem: Jeg segi fyrir mig, jeg er samdóma meiri hluta nefndarinnar í því, að lítt mögulegt væri að fram fylgja frv. þessu, ef það yrði að lögum. Þess vegna álít jeg rangt, að samþykkja það. Það eru einkum 3 atriði, sem jeg vil stuttlega drepa á: nefnilega kostnaðinn, kennsluskólana og kennslunefndirnar. Í öllu þessu virðist mjer frv. ekki vera lagað eptir því ástandi, sem nú er hjá oss, heldur vill það öllu fremur skapa nýtt ástand; en þegar skapa skal nýtt ástand, verður það að gerast með hinni mestu varkárni.

Kostnaðurinn er afarmikill, í samanburði við það, sem nú er; barnaskólar, sem þó þrífast allvel, hafa að eins 100—200 kr. styrk úr landssjóði, og þó sá kostnaður, sem frv. hefði í för með sjer, ekki væri allur tekinn úr landssjóði, þá kemur það í líkan stað niður, þegar það leggst á landsmenn.

Eins og nú hagar til, er alveg ófært, að binda kennaraembætti því skilyrði, að maður hafi gengið á vissa skóla; margir góðir kennarar hafa komið og geta framvegis komið bæði af prestaskólanum, latínuskólanum og Möðruvallaskólanum, sömuleiðis ýmsar góðar kennslukonur af kvennaskólum vorum; margir eru einnig taldir góðir barnakennarar, þó þeir sjeu alveg óskólagengnir og að eins sjálfmenntaðir, sem kallað er. Svo hafa hingað til verið margir af umgangskennurum vorum. Þess vegna álít jeg óhyggilegt, að binda þetta svo ströngum skilyrðum.

Þá eru kennslunefndirnar, sem frv. vill skapa. Það á að skapa nýjar nefndir, sem hafi umsjón með menntamálum samkvæmt frv., og hafa prestar og prófastar þar mikið að segja. Hingað til hafa hreppanefndir og sýslunefndir haft umsjón með menntamálum; hreppanefndir annast um barnaskóla og sýslunefndir um búnaðarskóla og kvennaskóla; þetta vil jeg láta haldast, því bæði finnst mjer sú tilhögun eðlilegust, og svo liggja öll viðskipti af landsstjórnarinnar hálfu miklu eðlilegar til þessara nefnda, en einhverra annara; þær eiga líka hægast með að annast um fjárframlög til skólanna, og þó aðrar nefndir hefðu umsjón með skólunum, mundu þessar samt sem áður þurfa að hafa ýmisleg afskipti af fjárhag skólanna. Því eins og landssjóður kostar hina æðri skóla, þannig munu hreppasjóðir kosta barnaskóla og sýslusjóðir alþýðuskóla, og eins og þingið ræður mestu um hina æðri skóla, eins eiga hreppanefndir að hafa umráð yfir barnaskólum, og sýslunefndir umsjón með búnaðarskólum, kvennaskólum o. s. frv.

Sveinn Eiríksson: Jeg hefi nú ekki margt að segja; en af því jeg býst við að allir falli í stafi, þegar jeg stend upp í menntamálinu, jeg, sem er svo að segja, af náttúrunnar völdum, hvað legu Skaptafellssýsln snertir, útilokaður frá allri menntun eða menntandi samgöngum, þá ætla jeg að mæla nokkur orð. Jeg er alveg samdóma h. þm. Ísf. (S. St.) um það, að heimilismenntunin er hjarta og kjarni allrar menntunar vorrar; en svo get jeg ekki verið honum lengur samferða. Því hvernig getur heimilismenntunin þó verið einhlít eða dugað, eins og enn er ástatt

hjer á landi hvað menntun alþýðu snertir? Það þarf endilega að koma eitthvað á eptir, svo hún ekki deyi og detti úr sögunni: aðrar stofnanir þurfa að taka við. En svo jeg komi nú til efnisins aptur, þá virðist mjer að næsta mikið djúp sje staðfest milli meiri og minni hlutans, en jeg ætla nú samt að reyna að synda yfir það djúp niður til minni hlutans.

Jeg hefi nú átt að heita menntaður maður; fyrst naut jeg menntunar í föðurhúsum og á öðru góðfrægu heimili; þaðan fór jeg svo nokkurn veginn undirbúinn til þess að geta notið kennslu á æðri stofnun. Jeg lenti því í lærða skólanum, sem menn þekkja, gekk þar í gegn eins og hver annar, en er þaðan var komið fór jeg aptur heim í hjerað, og æfðist svo mjög að þekkingu, jafnvel af sveitalífinu, að jeg öllu heldur gat komizt lengra áfram. Svo kom annað lífsspursmálið, og það var, að fá menntaðs manns nafn og komast í embætti, og þegar það var búið, þá átti jeg að fara að segja öðrum til. Þá fann jeg ljósast, að þó heimilismenntunin, eins og jeg áður hefi sagt, sje undirstaða allrar menntunar, þá nægir hún ekki eingöngu til þess, að geta komið fram sem góður kennari.

En þegar jeg nú kem til efnisins, þá ætla jeg ekki að fara út fyrir minn sjóndeildarhring; hann er ekki svo víður ummáls; menn gætu haldið, að hann nái ekki nema yfir Austur-Skaptafellssýslu, en jeg læt hann ná yfir Suðurland að eins; þar er heimilismenntunin sú fyrsta menntun, en það, sem þar á að koma á eptir, á að mínu áliti að vera skólar, eins og minni hlutinn vill hafa þá. Þetta vona jeg að meiri hlutinn taki til greina; hefi jeg svo ekki meira að segja að þessu sinni.

Jón Jónsson: Hvað ræðu h. þm. A.-Skaptf. (Sv. Eir.) snertir, finn jeg ekki ástæðu til að vera margorður, en jeg vil fara fáeinum orðum um málið sjálft, því það er nauðsynlegt mál og vert þess, að því sje nákvæmur gaumur gefinn.

Alþýðumenntun vor er að vísu skammt á veg komin, en hún er þó á allt öðru stigi en ýmislegt annað hjá oss, t. d. allar verklegar framfarir. Hún er þegar komin á svo hraða framför, að jeg ætla, að ekki sje við meiru að búast, ef með sanngirni er metið. Jeg ætla að halda mjer innan míns sjóndeildarhrings, eins og h. þm. A.-Skaptf. (Sv. Eir.) komst að orði, það er að segja, jeg ætla að eins að segja fyrir þann hluta landsins, er jeg þekki; þar er alþýðumenntun komin á þá framfara-rás, að ópolinmæði væri að heimta, að hún gengi hraðari skrefum, og jeg ætla, að sá mennta-áhugi sje vaknaður um allt land, að ekkert færi, sem býðst til menntunar, sje látið ónotað.

Jeg skal játa, að það er skylda þingsins, að greiða mönnum leið til mennta og menningar, og beina áhuga manna í rjetta stefnu; en jeg álít óþarft fyrir löggjafarvaldið, að beita heljartökum til að hrinda þessu mál áfram, eða gera nokkur sjerleg stökk eða spretti í þá átt, því alþýðumenntun fer jafnt og þjett áfram, eins og jeg hefi þegar sagt.

Hvað snertir einstök atriði í frumv. minni hlutans, þá getur eigi gefizt kostur á að fara út í þau á þessu stigi málsins, en jeg ætla að minnast á það, er mjer skildist h. flutningsm. (J. Þ.) halda fram, að allar menntatilraunir yrðu árangurslausar, ef ekki væru til menn, sem hefðu lært á skóla að kenna. *(Jón Þórarinsson:* Jeg sagði það ekki). Þá hefir mjer misskilizt. En jeg ætlaði að svara því svo, að mest sú alþýðumenntun, sem nú er til hjá oss, væri þannig fengin, að ekki hefðu skólalærðir menn kennt.

H. flutningsm. (J. Þ.) talaði um, að skólarnir, Möðruvallaskólinn og Flensborgarskólinn, gætu ekki fullnægt kennaraþörfinni. Hann talaði allt af um 2 skóla,

og svo hafa fleiri gert, en jeg tel eigi rjett að telja nema einn. Mjer virðist Flensborgarskólinn ekki geta talizt lögskipaður skóli; honum hefir aldrei verið skipað með lögum, og fje hefir ekki verið veitt til hans nema fyrir eitt fjárhagstímabil í senn, svo fjárveitingarvaldið getur hætt að veita fje til hans, hvenær sem vera skal. Að því leyti eykur það og hinn sjálfsagða kostnað landssjóðs, að gera hann að föstum lögskipuðum skóla. Svo kann að sýnast, sem þessir 2 skólar, Möðruvalla- og Flensborgarskólinn, ekki verði dýrari eptir frumv. minni hlutans, en þeir eru nú, því laun kennaranna á Möðruvöllum eru færð niður; en ef betur er að gáð, mun annað verða ofan á; fyrst og fremst hljóta þeir kennarar, sem nú eru við Möðruvallaskóla, að halda sínum ákveðnu launum, svo fyrst um sinn minnkar ekki kostnaðurinn við hann, og svo efast jeg um, að kennarar fáist að Möðruvallaskólanum fyrir þau laun, sem þeim eru ætluð í frumv.; kann vera, að kennararnir við Flensborgarskólann sætti sig við þau, af því þeir eru ekki betra vanir. — Kostnaður við hús og áhöld í Flensborg hlýtur að verða töluverður þegar fram í sækir, eptir þeirri reynslu, sem vjer höfum fengið um viðhald á húsum þeim og áhöldum, er landssjóður á að kosta.

Jeg sje ekki betur, en að heimilismenntúnin sje mikið á framfaravegi; margar stúlkur, sem lært hafa á kvennaskólum, eru góðir kennarar, og piltar frá Möðruvallaskólanum reynast almennt góðir barnakennarar, svo þegar piltar þessir og stúlkur eru orðin feður og mæður, munu þau geta kennt börnum sínum, svo að vel sje við unandi.

Jeg sje því ekki betur, en að vjer megum vera glaðir yfir þeirri stefnu og framför, sem alþýðumenntun vor er komin í, og að hún í samanburði við þann kostnað, sem hún hefir í för með sjer, muni vera heppileg og heillavænleg, þótt auðvitað verði langt þangað til öll alþýða hefir náð æskilegri menntun.

Flutningsmaður (Jón Þórarinsson): H. 1. þm. Ísf. (S. St.) sagði, að hjer væri öðru máli að gegna en í öðrum löndum, því eptirlit væri hjer svo miklu örðugra en annarstaðar. Jeg skal játa, að það er erfiðara, en víða annarsstaðar, en þó ekki erfiðara en alstaðar annarsstaðar; en þó svo sje, þá er það engin ástæða til að afsala sjer af hálfu hins opinbera öllu eptirliti og afskiptum af menntun landslýðsins.

H. þm. Snæf. (P. Br.) sagði, að ómögulegt væri að framfylgja frumv., en hann sannaði það ekki, reyndi ekki að færa minnstu líkur fyrir því. Hann sagði og, að kostnaðurinn yrði mjög mikill; það leitaðist hann við að styðja með rökum; enda ættu þessi atriði að geymast til 2. umr., og þá eiga menn kost á að koma fram með breyt.till. viðvíkjandi ýmsum greinum frumv.

Nú sem stendur virðist mjer sá eini verulegi ágreiningur milli meiri og minni hlutans vera í því innifalinn, að meiri hlutinn álítur vel mega nægja, þó kennarar hafi ekki fengið sjerstaka undirbúningsmenntun sem slíkir, en minni hlutinn heldur þessu fram sem ómissandi skilyrði fyrir öllum verulegum framförum í alþýðumenntun vorri, og álítur, að þá fyrst komist hún í viðunanlegt horf, er til er sjerstök kennarastjett.

Það gladdi mig, að heyra lýsingu h. þm. N.-Þing. (J. J.) á alþýðumenntun í hans sveit, eða »innan hans sjóndeildarhrings«, og hefi jeg ekki annað um hana að segja en það, að jeg vildi óska, að vjer aðrir þingm. gætum sagt hið sama um alþýðumenntun í vorum kjördæmum; en því er miður, að jeg hygg, að ekki geti það allir.

Árni Jónsson: Jeg vil benda á, hvort það sje ekki á móti þingsköpunum, að þegar annar er framsögum. en flutningsm.,

þá fái framsögum. ekki að tala nema tvisvar; h. 1. þm. Ísf. (S. St.) er framsögum. nefndarinnar, og ætti því að minni hyggju að hafa rjett til að mæla svo opt, sem hann vill, samkv. 14. gr. þingskapanna.

Forseti: Þessu skal jeg strax svara. H. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) er flutningsm. þessa frumv., sem hjer er til umræðu, því það er hið upphaflega frumv., sem kom til deildarinnar. Frumv. meiri hluta nefndarinnar liggur ekki nú fyrir, og framsögumenn geta ekki verið 2 í einu og sama máli, en samt vil jeg ekki hafa á móti, að framsögum. meiri hlutans hafi rjett til að taka optar en tvisvar til máls, ef honum þykir þess þurfa.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Jeg vildi að eins gera stutta athugasemd. H. flutningsm. (J. Þ.) sagði, að ekki væri heppilegt að hið opinbera afsalaði sjer öllum rjetti til eptirlits með menntamálum. Það hefir mjer heldur aldrei dottið í hug að gera ætti; en ef vjer gáum að, hvernig þessu eptirliti nú er varið, þá mun auðsætt, að torvelt verður að koma því eptirliti við, sem frumv. gerir ráð fyrir, og þeim torveldleik veldur hið náttúrlega ásigkomulag lands vors, strjálbyggð og samgönguleysi.

Það dettur víst engum í hug, að gefa eigi út þau lög, sem afsala hinu opinbera öllum rjetti til afskipta og eptirlits með alþýðumenntun; en það þarf heldur engin lög til að heimila hinu opinbera þennan rjett; það á hann og hefir hann hvervetna þar sem opinbert fje er veitt til kennslustofnana í landinu, og má beita honum á þann hátt, sem bezt á við og hægt er.

Árni Jónsson: Ef svo er, að hjer sje að ræða um hið upphaflega frumv., þá er öðru máli að gegna; en ef ræða er um nefndarálitið, þá er h. 1. þm. Ísf. (S. St.) framsögum. nefndarinnar, og hefir samkv. 10. gr. þingskapanna framsögumannsrjett, þó annar sje flutningsm. málsins. Hjer á að vísu að ræða um málið yfir höfuð, en það er óhægt að ræða það án þess að minnast á meginatriði þess; jeg ætla því að leyfa mjer að drepa á tvö höfuðatriði, sem urðu því til fyrirstöðu, að meiri og minni hluti nefndarinnar gæti orðið samferða frumv. út. Þessi tvö meginatriði eru hjeraðaskólarnir og kennaraskólarnir.

Hjeraðaskólarnir komast ekki á fót nema með ærnum kostnaði fyrir landsmenn. Á alþingi 1881 var sett nefnd til að íhuga alþýðumenntamálið, eða skólamál landsins yfir höfuð. Var það eiginlega ekki fastákveðið, hve vítt verksvið hennar skyldi vera. Nefndin komst til þeirrar niðurstöðu, að hentast mundi, að skipta landinu í 14 umdæmi og stofna jafnmarga hjeraðaskóla. Þingið samþykkti þetta og veitti 1000 kr. til stofnunar hverjum þessum tilvonandi hjeraðaskóla. Þessu virtist nú haganlega fyrir komið; en hvernig fór? Þó þannig væri fje fram boðið til stofnunar skólanna, var hvergi gengið að þessu og enginn hjeraðsskóli er enn kominn á. Að eins einn slíkur skóli hefir verið á reiki í Suður-Þingeyjarsýslu, en hann hefir þó ekki hagnýtt sjer þessar 1000 kr., og sýnir það, að hann hefir ekki beinzt inn á þá leið, sem ætlað var að hjeraðaskólar mundu fara. Nú nýlega er hann kominn í fast horf, og skólahúsið hefir verið byggt, en hann hefir ekki bundið stofnun sína við þessar 1000 kr., því jeg held hann hafi ekki enn hvorki beðizt eptir eða fengið svo mikið fje árlega úr landssjóði.

Þar sem nú nefndin hafði þessa reynslu fyrir sjer, þá reynslu, að fjeð hafði verið boðið fram til stofnunar skólanna, en það þó komið fyrir ekki, þá hugði hún það næga sönnun fyrir því, að slíkir skólar mundu vart koma upp að svo vöxnu máli, hversu æskilegir og nauðsynlegir sem þeir annars væru. Og á hinn bóginn áleit hún ekki hentugt, að binda fyrirkomulag slíkra skóla eins föstum reglum og gert er í

frumv., því bæði gæti það gert örðugra fyrir með stofnun þeirra og fyrirkomulag, og veitti hins vegar enga verulega tryggingu fyrir þrifum þeirra.

Hvað kennsluskólana snertir, þá kunna þeir að vera góðir, en ef allir barnakennarar verða að hafa gengið á þá, þá er jeg hræddur um, að kennararnir verði fáir fyrst um sinn, þar eð þeir eiga að vera á skólunum 2—3 ár. En á þessu mætti bót ráða, ef að eins væri heimtað, að þeir tækju ákveðið próf. Jeg er hlynntur hugmyndinni um kennaraskóla; en þegar slíkur skóli er stofnaður, þá virðist mjer hentugast og sjálfsagt, að hann ætti að vera hjer í Reykjavík, í sambandi annaðhvort við lærða skólann eða barnaskólann. Hjer er slíkur skóli bezt settur; kringumstæðurnar benda til þess; hjer er hægra að fá kennara en annarsstaðar, einkum tímakennara, svo sneiða mætti hjá að hafa svo marga fasta kennara, sem þyrfti til að kenna allt sem kennt væri.

Lögin ein geta ekki kippt þessu máli í rjett horf; það er ekki nóg að skipa fyrir með lögum, að þessir eða hinir skólar *skuli vera*, og að þeim skuli hagað eptir þeim og þeim reglum; þessum skipunum verða að fylgja fjárframlög, svo hægt sje að fullnægja þeim reglum, sem settar eru.

Annars held jeg að varla verði skortur á kennurum, því margir ganga árlega á Möðruvallaskólann, og þeir sem þaðan koma þykja nýtir kennarar; en það, sem vantar til að nota þessa kennslukrapta, til að auka menninguna og menntunina, er — í þessu eins og svo mörgu öðru — ekki beinlínis lagaákvæðin, heldur — *fjelagsskapur* og *fjármagn*. Ef lögin heimta ákveðna skyldumenntun af hverju barni, hverjum húsföður, þá finnst mjer einnig eðlilegt og næst því, að skylt sje fyrir hið opinbera jafnframt að leggja fram ákveðna fjár-upphæð til kennslunnar fyrst um sinn, og þá fyrst væri mönnum gefin veruleg hvöt til að þiggja fyrirmæli laganna og bera þá byrði fúslega, sem þau leggja þeim á herðar.

Að sönnu kann einhver að segja, að það sje óeðlilgt að leggja fje úr landssjóði til uppfræðslu ungmenna, þar sem það sje eins og að taka úr öðrum vasanum og láta í hinn, með því bændur verði að greiða þeim mun meiri gjöld í landssjóðinn. En sá einn kostur er þó fyrir hendi, á meðan almenningur ekki er kominn í skilning um það, að alveg standi á sama fyrir menn, hvort slíkt gjald er tekið úr landssjóði eða þeir leggja það sjálfir fram.

En hitt er víst, að ef þeir fengi styrk úr landssjóði, þá mundu þeir verða fúsir á að taka sveitakennara og fræða börn sín. Og vildu menn eigi veita fje til þess úr landssjóði, þá virðist mjer þetta málefni svo mikilsvert, að það væri ekki ógjörningur að leggja á sjerstakan skatt í því augnamiði. Jeg efast um, að það sje meiri árangur af búnaðarskólagjaldinu, sem við þó borgum á hverju ári, heldur en ef annaðhvort því eða álíka gjaldi væri varið til þessa eptir vissum reglum og að verðungu.

Jón Jónsson: Jeg er hræddur um, að h. minni hluti (J. Þ.) hafi misskilið mig eða að jeg hafi eigi talað svo ljóst, sem þörf var á, þar sem hann segir, að jeg álíti menntunina svo fullkomna í mínu byggðarlagi; það var aldrei meining mín, heldur einungis, að hún væri á góðum vegi, og að hún hefði tekið miklum framförum á síðari árum; en hún mun þó líklega ekki vera betri þar, en í kring um þingmanninn sjálfan og skóla hans, og í hans kjördæmi eru tiltölulega flestir skólar á landinu, heldur mun hann gera of lítið úr menntunarframförum hjer syðra, því að það er stundum svo, að ef menn eru hrifnir af einhverju máli, þá finnst þeim framfarirnar ganga of seint, þótt aðrir játi, að þær sjeu á góðum vegi. Og

skyldi nú ekki einmitt þetta vera tilfellið með þingmanninn sjálfan, að hann geri minna úr framförunum í þessu máli, en rjett er, því að, eins og allir vita, hefir hann mikinn og lofsverðan áhuga á þessu máli.

H. þm. (J. Þ.) fann það eitt með öðru að nefndaráliti meiri hlutans, að þar er talað um, að frumv. setji of einsháttaðar reglur. Jeg verð að telja það galla á frv.; jeg vildi sem minnst hafa af þeim reglum, sem steypa mundi alla í hinu sama andlega móti. Kirkjan fylgir að vísu þeirri reglu, en með allri virðingu fyrir henni, verð jeg að efast um, að það sje heppilegt fyrir sjálfstæði og andlegan þroska.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg hafði ekki ætlað mjer að tala við þessa umræðu þessa máls, en umræðurnar hafa gengið í þá átt, að jeg get ekki látið hjá líða, að fara nokkrum orðum um málið.

Hvað er það, sem hjer er verið að tala um?

Um menntunarmál alþýðu; það mál, sem þingið í fyrra á heimulegum fundi kaus nefnd manna til að íhuga; það mál, sem ritað hefir verið um í hverju blaði landsins. Sú 5 manna nefnd, sem þingið kaus í fyrra í þetta mál, hefir starfað í kyrþey, en þó með miklum áhuga og nokkrum kostnaði, enda var þessum mönnum málið hið mesta áhugamál, og margir þeirra vel færir til að fjalla um það.

Þegar svo frumv. kemur frá nefndinni, þá rísa upp raddir hjer á þinginu, sem dæma þetta frumvarp ónýtt og óbrúkandi: en jeg vil vona, að það sje að eins minni hluti h. deildar, sem þannig mælir og hugsar.

Ástæður hafa þessir menn ekki komið með, hvers vegna ómögulegt sje að framkvæma frumv.; því er kastað fram ósönnuðu. *(Sig. Stef.:* Mótsönnun!). Mótsönnunar þarf ekki, þar sem engin sönnun er fram komin.

Menn hafa talað um, að skólahúsin sjeu óhæfileg og virðast því álíta betra að byggja húsin einhvern veginn, eins og verkast vill, heldur en eptir föstum reglum, þó þau fyrir það verði óbrúkandi, er tímar líða fram.

Jeg held, að h. þm. N.-Þing. (J. Jónsson) hafi látið sjer þau undrunarverðu orð um munn fara, að ekki væri rjett, að einskorða menntunina; þetta get jeg ómögulega skilið, því að jeg álít alla nauðsyn á, að einskorða menntun þeirra manna, sem eiga að verða barnakennarar og uppfræða landslýðinn.

Já, það er einmitt það nauðsynlegasta, að einskorða, að fastákveða, hvað læra skuli. Einmitt um þetta efni hefir verið barizt af mesta kappi hjá hinum stærstu og menntuðustu þjóðum, hver fræði væri mest menntandi fyrir sálu mannsins í öllu tilliti.

Jeg er hinni núverandi alþýðumenntun kunnugur. *(Sig. Stef.:* Ekki kunnugri en aðrir). Jú, einmitt kunnugri en aðrir, þar sem jeg um mörg ár hefi verið prófastur í hinu fjölmennasta prófastsdæmi landsins, og reynt fremur mörgum öðrum að kynna mjer og styðja að menntun alþýðu, og jeg verð að segja, að árangurinn hefir eigi orðið eins mikill og jeg hefði óskað, einmitt af því, að skorðurnar hafa vantað, og hver og einn hefir farið eptir eigin hugþótta.

H. þm. Ísf. (S. St.) þótti lítil bót í því, þótt skólar þeir, sem eru, væru skírðir af nýju; en, eins og h. minni hluti hefir tekið fram, er einmitt von um, að þessir skólar verði miklu betur sóttir, þegar þeir gæfu von um einhvern atvinnuveg, þótt lítill væri.

H. þm. Snæf. (P. Br.) þótti það mjög varúðarvert, að fara að skapa nýtt ástand í landinu, en jeg verð að játa, að mjer finnast þessi orð hans sjálf mjög varúðarverð, og þar sem hann sagði, að kennslunefndir væru nýjar, þá er það ekki rjett; kennslunefndir eru engar nýjungar í þeim hreppum, þar sem áhugi er vaknaður á

þessu máli, en hitt líka víst, að þær eru þar líka eiginlega í óleyfi og án lagaheimildar, og þess vegna geta menn skorazt undan að hlýða þeim. *(Sig. Stef.:* Þá er áhuginn ekki nógur). Áhuginn einn dugar ekki, heldur þarf líka lagaákvæði.

Og þar sem h. þm. Snæf. (P. Br.) sagði, að sýslunefndir og hreppsnefndir hefðu tekið málið að sjer, þá veit jeg vel, að svo er sumstaðar; en með hvaða rjetti?

Og þótt Flensborgarskólinn hafi verið viðurkenndur, þá sannar það ekkert í þessu efni. Það, sem hreppsnefndirnar hafa rjett til að annast um, er, að börnum sje kennt það, sem nauðsýnlegt er til fermingar, en það er að ein kristindómur og bóklestur; annað er það ekki. *(Sig. Stef.:* Jú). Jeg segi nei, og ber fyrir mig lögin og sjálfan biskupinn. Það er ekki og hefir aldrei verið skylda, að heimta meira til fermingar, en bóklestur og þekking á kristindómi. Með lögum 1880 um fræðslu í skript og reikningi er boðið að kenna skript og reikning þeim, sem lært geta, en að skilyrði fyrir fermingu er það alls ekki gert.

En er þá máske ónauðsynlegt að setja fastar reglur, svo að þær hreppsnefndir, sem vilja koma menntun í hreppnum áfram og í rjett horf, geti það án þess að rata í stríð við lögin?

Jeg verð að vona, eins og h. flutningsmaður frumvarpsins, að málið verði rækilega íhugað við 2. umræðu, og skal ekki trúa, að alþingi Íslendinga 1887 eigi vilji sinna þessu máli.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Allir hafa hingað til talað með hinni mestu rósemi og stillingu um þetta mál, og það vona jeg að h. varaforseti (þ. Böðv.) einnig geri, þótt áhugi hans á málinu sje næsta mikill. Hann sagði, að það, sem hefði verið haft á móti frumv., væri ástæðulaust, en gleymdi alveg að sanna að svo væri; enda er maður vanari að heyra kröptug orð en skarpar sannanir frá munni h. varaforseta.

En hvað snertir byggingarreglur h. varaforseta, þá get jeg ómögulega skilið, að alþýðumenntuninni fleygi mikið fram fyrir það, þótt skólar sjeu byggðir með ærnum kostnaði eptir einhverjum föstum kunstarinnar reglum, og yfir höfuð eru lög þau, sem hjer er farið fram á, ekki einungis gagnslaus og ónýt, heldur og meira að segja siðspillandi, eins og hver önnur lög, sem ómögulegt er að framfylgja, og jeg álít, að alþingi eigi ekki að gefa slík lög.

Mig furðar mjög á því, að h. varaforseti (þ. Böðv.) skuli bera blessaðan biskupinn fyrir skilningi sínum á lögum 9. jan. 1880, því að sá skilningur er, að mínu áliti, alveg rangur, enda álíta allir samvizkusamir prestar það vera skyldu sína, að sjá um, að börnin læri bæði skript og reikning, og þykir mjer það mjög kynlegt, að h. varaforseti skuli ekki hafa aflað sjer betri upplýsingar um það efni.

Ögranir varaforseta (þór. Böðv.) til þingdeildarinnar, ef frumvarpið fellur, læt jeg mjer í ljettu rúmi liggja, og hirði eigi um að koma með fleiri ástæður gagnvart ástæðuleysi hans.

Flutningsmaður (Jón Þórarinsson): Jeg heyri það á ræðu h. 1. þm. Ísf. (S. St.), að honum er talsvert farið að volgna undir uggum; en engar nýjar ástæður færði hann fyrir máli sínu.

Hann sagði, að hann gæti ekki skilið, að menntun alþýðu ykist mjög við það, þótt farið væri að »múra upp skólahús eptir kunstarinnar reglum«.

Jeg get nú ekki sjeð, að það komi málinu við; því að hjer er eigi um annað að tala, en að skólahús megi ekki svo gera, að þau sjeu spillandi fyrir heilsu barnsins, og að þar sem ný skólahús eru reist, að þau sjeu þá ekki byggð eins og hesthúskofar eða fjós.

Hann sagði líka, að þessi lög væru eigi einungis óþörf, heldur og siðspillandi. — Þessi ummæli eru þannig löguð, að jeg finn enga ástæðu til að svara þeim einu orði, meðan hann gerir ekki meira til að sanna þau, en hann hefir hingað til gert. Og jeg vona, að jeg við 2. umræðu geti bent h. þm. á ýms atriði í frumv., sem fremur mundu auka siðferðið en spilla því, enda væri hraparlegt, ef lög, sem eru samin með því aðal-augnamiði, að auka andlegan þroska og bæta gott siðferði —, ef þau, segi jeg, yrðu til þess, að spilla siðferði manna.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg mótmæli, að jeg hafi borið nokkuð upp á biskupinn, heldur hefi jeg að eins skýrt frá hans skoðun á málinu, sem jeg álít vera með öllu rjetta. *(Sig. Stef.:* Hún er röng). Þess konar mótmæli duga ekki, því að þessi skoðun er byggð á gildandi lögum; hitt annað læt jeg mjer í ljettu rúmi liggja, hvort h. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.) álítur mál mitt ástæðulaust eða ekki. En jeg vorkenni honum, að gera sig beran hjer í deildinni að vanþekkingu í því, sem honum ber að vita sem presti.

H. 2. þm. GK. (J. Þ.) hefir svarað hinum hörðu ummælum þingmannsins um frumvarpið, sem hann kallaði siðspillandi, svo rækilega, að jeg ætla ekki að fara út í það. Frumvarpið er einmitt samið til að bæta menntun og siði alþýðu, en ekki til að spilla þeim.

Og hvað það snertir, sem h. þm. (S. St.) sagði, að jeg hefði brúkað ögrunar- og hótunaryrði, þá mótmæli jeg því algjörlega; jeg sagðist að eins vona, að deildin samþykkti frv., og það segi jeg enn.

Lárus Halldórsson: Jeg skal ekki lengja þessar umræður mikið, en jeg verð að taka það fram, að því er kostnaðinn snertir við það fyrirkomulag, sem hjer er farið fram á, þá furðar mig mjög á því, að þess konar mótbárur skuli koma frá þeim þingmönnum, sem hafa látið í ljósi, að þeim ekki blæddi í augum, þótt aukaþing væri haldið eptir aukaþing. En jeg vil leyfa mjer að spyrja: hvað stoðar oss stjórnarbótin ein án menntunar?, og er það ekki fjarskaleg mótsögn, að vilja verja ærnu fje til að fá nýja stjórnarbót, en fara strax að tala um kostnað, þegar um menntun alþýðu er að ræða, sem einmitt er grundvöllurinn undir öllu frelsi?

Jeg get ekki heldur sjeð, að sá kostnaður, sem frumvarpið hefir í för með sjer, sje svo mikill, sem þessir menn segja, enda hafa þeir ekki heldur fært nein rök að því.

H. þm. Ísf. (Sig. St) kom með þá ástæðu á móti frumv., að það væri siðspillandi, og væri sú ástæða sönn, þá væri hún nægileg til þess, að enginn h. þingdeildarm. ætti að gefa því atkvæði; reyndar sagði hann þetta ekki beinlínis, en þó þannig, að ráða mátti af orðum hans, að hann meinti það, þar sem hann sagði, að það væri siðspillandi að gefa út lög, sem eigi væri hægt að framfylgja, og svo væri um þessi lög; en það væri undarlegt, ef ekki væri hægt að framfylgja þessu frv., ef það yrði að lögum, þar sem það þó ekki fer fram stórum annað en það, sem allt af er meira og meira að ryðja sjer til rúms af sjálfsdáðum. Og að bera því slíkt á borð fyrir h. deild, að lögin yrðu siðspillandi, til þess þarf meira hugrekki en jeg hefi yfir að ráða. Jeg er flutningsmönnum þessa máls mjög þakklátur fyrir frv., og vona, að það verði samþykkt, og einhver ráð finnist til að framkvæma það, ef h. þingi er þetta svo mikið áhugamál, sem mjer hefir áður heyrzt að það væri.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Jeg vona, að h. þm. S.-Múl. (L. H) verði á móti frumv. þessu, eptir því sambandi, sem ræður þess þm. standa í við atkvæðagreiðslu hans.

Hvað það snertir, sem hann sagði um

aukaþingskostnaðinn, þá get jeg ekki skilið það, og það ætlast víst enginn til, að vjer förum að halda aukaþing á hverju ári; honum hefir sjálfsagt orðið mismæli; hann hefir meint annaðhvort ár.

En þar sem hann segir, að menn hafi af sjálfsdáðum einmitt gengið í sömu átt og frumvarpið vill halda, þá er það einmitt hin sterkasta sönnun fyrir því, að lög þessi eru alveg óþörf, og að menntunarstraumur þjóðarinnar muni halda jafnsterklega áfram, þótt engin lög sjeu sett um þetta efni; svo að þessi orð h. þm. (L. H.) eru því ekki töluð með frv., heldur á móti því. Jeg hefi aldrei skilið lög svo, sem þau ættu að skapa nokkra sjerstaka stefnu, nema því að eins, að þeim fylgi einhver meðöl, sem hægt sje að breyta stefnunni með, en það gera þessi lög ekki, eins og jeg hefi áður sýnt og enginn hefir hrakið.

Árni Jónsson: H. varaforseti (Þ. B.) sagði, að hann tryði því ekki, að nokkur mundi greiða atkvæði á móti menntamálinu; en hjer er alls ekki um það að ræða, því að þótt þetta frumv. verði fellt, þá verður náttúrlega frumv. meiri hlutans tekið fyrir; hjer er því ekki um það að ræða, að fella menntamálið, þótt menn greiði atkvæði móti frumv. minni hlutans, heldur að eins um það, hvort menn fremur vilja aðhyllast, frumvarp meiri eða minni hlutans.

En hvað því viðvíkur, sem h. þm. S.-Múl. (L. H.) sagði, að nefndinni þætti frv. hafa of mikinn kostnað í för með sjer, þá verð jeg að geta þess, að kostnaðurinn var ekki sá eini agnúi, sem nefndin fann á frumv. þessu, eins og þegar hefir verið sýnt og sannað; og þar sem hann í gær vildi láta stjórnarskrármálið bíða þangað til efni og ástæður leyfðu að hreyfa því, þá get jeg ekki skilið, hvernig hann nú fer að álíta þann kostnað einskis virði, sem af þessu frumv. mundi leiða, ef hann á annað borð vill vera sjálfum sjer samkvæmur.

Lárus Halldórsson: Það eru að eins örfá orð, sem jeg vildi segja.

H. framsögumaður meiri hlutans vildi leiða það út úr orðum mínum, að það væri óþarfi, að gefa lög um þetta efni, þar sem jeg hefði sagt, að hjer væri farið fram á lítið annað en það, sem þegar væri farið að ryðja sjer til rúms af sjálfsdáðum. En h. framsögum. (Sig. Stef.) verður að gæta þess, í hvaða sambandi jeg mælti þetta, nefnilega í sambandi við orð hans sjálfs um, að lög þessi mundu reynast óframkvæmanleg og þar af leiðandi jafnvel síðum spillandi. Jeg gat ekki skilið, og get ekki skilið, að þau lög reynist óframkvæmanleg, sem innihalda lítið annað en það, sem þegar er farið að framkvæma allvíða.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. fellt frá 2. umr. með 11 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkvæðagreiðslu, og sögða

já:	*nei:*
Jón Þórarinsson,	Árni Jónsson,
Páll Ólafsson,	Grímur Thomsen,
Eiríkur Briem,	Jón Jónsson,
Gunnar Halldórsson,	Ólafur Briem,
Jónas Jónassen,	Ólafur Pálsson,
Lárus Halldórsson,	Páll Briem,
Sveinn Eiríksson,	Sigurður Jensson,
Þórarinn Böðvarsson,	Sigurður Stefánsson,
Þorleifur Jónsson,	Þorlákur Guðmundss.,
Þorsteinn Jónsson,	Þorvaldur Bjarnarson
	Þorvarður Kjerúlf.

Tillaga til þingsályktunar um hallærislán og hallærislánabeiðslur (137), fyrri umr.

Framsögumaður (Grímur Thomsen): Nefndinni virtist, þegar um hallærislán er að ræða, að taka eigi tillit til þriggja atriða: landssjóðs, eða þess sem veitir lán-

ið, lánþeganna, þeirra sem taka lánið, og annara eldri skuldunauta landssjóðs.

Þegar þá fyrst er litið til landssjóðs, þá er hverjum einum hægt að kynna sjer hag hans af fjárlagafrumvarpinu, og munu þá allir sjá, hversu lítil von er til, að hann geti látið úti hallærislán, þar sem hann ekkert hefir fram yfir daglegt eyðslufje.

Í árslok 1885 átti landssjóður í innritunarskírteinum 307,800 kr. En á fjárhagstímabilinu hefir verið brúkað af innskriptarskírteinum viðlagasjóðs 100,000 kr.; fyrir árið 1886 var tekjuhallinn 84,000 kr. og eptir 1887 má búast við 70,000 kr. tekjuhalla. Fjárlagafrumv. sem nú er fyrir þinginu gjörir ráð fyrir 34,000 kr. tekjuhalla, og í fjáraukalögum fyrir 1884—85 er veitt 7,600 kr., og í fjáraukalagafrv. fyrir 1886—1887 12,143 kr.

Af þessu sjest, að búið er að brúka sem svarar öllum innskriptarskírteinum viðlagasjóðs. Hvaðan á nú að taka fje til að uppfylla allar þær hallærislánabeiðslur, sem koma frá sýslufjelögum, og þær fjárbænir, sem koma frá einstökum mönnum? Jeg sje ekki að hjer sje í annað hús að venda, en að taka til þeirra skuldabrjefa með hálfs árs uppsagnarfresti, sem landssjóður á hjá öðrum. En jeg vil spyrja: er það ráðlegt að landssjóður eða vjer fyrir hans hönd segjum upp þessum skuldbrjefum, sem eru á vísum stöðum gegn nægilegu veði til þess að fleygja þeim út í bláinn til hallærislána? Skuldabrjef með hálfs árs uppsagnarfresti nema nú eptir fjárlagafrumv. 364,996 kr., og af þeim verður að taka ef veita á þessi hallærislán sem um er beðið og um kann að verða beðið. Slíkt væri ískyggilegt í mínum augum, og því vildi jeg leiða athygli h. þingdm. að þessu. Jeg sje engan annan veg til að fullnægja hallærislánabeiðslum, því aðra peninga getur landssjóður ekki átt frá árslokum 1887.

Þegar nú litið er til lánþeganna, þá er það að vísu regla, að þeir sem þiggja lánið, borgi það aptur. En þegar um hallærislán er að ræða, þá er það í rauninni svo, að þeir sem lánið fá og njóta góðs af, borga minnstan hluta af því sjálfir; en því minna sem þeir borga, því hærra útsvar lendir á eptirmönnum þeirra, sem í rauninni mega borga það, sem þeir, er á undan voru, hafa eytt.

Loksins sjer maður af fundarskýrslum þeim, er snerta hallærislánabeiðslurnar úr Húnavatns og Skagafjarðarsýslum, að að minnsta kosti nokkuð af hallærislánum þeim, er þessar sýslur biðja um, eiga að ganga til vesturfara. Jeg held að menn ættu að skoða hag þessara manna, sem flytja sig af landi burt; og það ástand, sem vesturfarar eru í bæði hjer áður en þeir yfirgefa landið, og eins í Ameríku, ef þeir komast þangað, ætti að vera sýslunefndum sterk hvöt til að brúka eigi hallærislán á þennan hátt. Jeg held því að þingið ætti yfir höfuð að fara mjög varlega í að veita hallærislán og sízt um langan tíma. Í nefndarálitinu er annars flest það tekið fram, sem nefndinni þótti einkum vert að athuga. Við 7. lið skal það sjerstaklega athugað, að það virðist ekki hafa verið almenn ósk sýslunefndarmanna í Húnavatnssýslu, að biðja um hallærislán fyrir þá sýslu, því á sýslunefndarfundinum mættu ekki fleiri en 7 nefndarmenn. Í Skagafirði þar á móti voru allir á fundi, og virðist það hafa verið samhljóða ósk sýslunefndarinnar þar, að biðja um lánið.

Einn h. sýslunefndarmaður í Húnavatnssýslu hefir auk þess skrifað mjer brjef, þar sem hann meðal annars kemst svo að orði:

»Veit jeg líka til, að mikið af þessu hallærisláni á að verja til þess, að flytja menn til Ameríku fyrir, og er það víst tæplega löglegt, að sveitarsjóðir taki hall-

ærislán til þess að flytja fólk af landi brott, enda að líkindum lítill búhnykkur, að firra sjálfum sjer vinnukrapti« o. s. frv.

Þá getur sami sýslunefndarmaður þess, að margir hinir efnaðri menn muni vera að hugsa um að flytja sig úr sýslunni til þess að losa sig við að bera byrðina, sem af lántökunni leiðir; og loks segir hann:

»Ber þess að gæta, að hið bága ástand er allt eins mikið eða meira komið af óhóflegri eyðslu bænda af kaffi og sykri og annari munaðarvöru á undanförnum árum, sem af fjártjóninu nú í vor«.

Þegar nefndin nú fjekk svona brjef einmitt frá sýslunefndarmanni í sýslu, þar sem beðið er um hallærislán, þá var henni ljóst, að ekki mætti taka allt bókstaflega, sem fram væri borið um nauðsyn hallærislána.

Viðvíkjandi 2. lið í þessari þingsályktunartill. skal jeg geta þess, að við flestar af lánbeiðslunum hefir samþykki sýslunefndar og amtsráðs fyrst komið eptir á; en að rjettu lagi ætti sýslunefndir og amtsráð að samþykkja fyrst lántökuna, enda er mikill munur á því, hvort samþykki þeirra er gefið fyrir fram eða fyrst eptir að oddvitinn er búinn að veita samþykki sitt, því þegar svo er komið, þá þykir sýslunefnd og eins amtsráðinu mikið fyrir að neita því eða gjöra það ónýtt, sem oddviti þeirra hefir sjálfur veitt samþykki sitt til.

Jeg býst nú við þeirri mótbáru á móti 2. lið tillögunnar, að formaður amtsráðs geti veitt samþykki sitt til lántöku sem annars milli funda; en eins og nefndarálitið bendir til, þarf samkvæmt 43. gr. sveitarstjórnarlaganna, samanborinni við 26. gr. sömu laga, samþykki amtsráðs í heild sinni til þess að lán verði tekin, sem skuldbinda sýslufjelögin um lengri tíma. Jeg veit það vel, að 58. gr. sveitarstjórnarlaganna segir, að amtmaður milli funda geti »einnig til bráðabyrgða gjört þær ráðstafanir, sem eigi má fresta til næsta fundar amtsráðsins«. En þessi ákvæði eru sett yfir höfuð um það, sem auðveldlega má breyta jafnskjótt sem amtsráðið kemur saman; en því er eigi svo varið með stórar lántökur, enda segja 26. og 43. gr. beinlínis, að samþykki sýslunefndarinnar og amtsráðs útheimtist til þess að taka lán handa sveitinni, sem nemi meiru eða sje fyrir lengri tíma, en að það verði borgað aptur fyrir lok næsta reikningsárs. Þessi ákvæði eru auðsjáanlega sjerstaklega sett viðvíkjandi lántökum. Ef sýslunefnd með samþykki amtmanns skyldi taka lán upp á sýsluna, og amtsráðið svo segja nei við ráðstöfun formanns síns, hvernig fer þá um lánið? Og mun því amtsráðið optast, til þess að firra formann sinn ábyrgð, veita það samþykki eptir á, sem það ella ekki mundi hafa veitt fyrirfram.

Viðvíkjandi 1. lið í tillögu nefndarinnar býst jeg við þeirri mótbáru, að þingið geti ekki ákveðið neitt um það, að kostnaðurinn við rannsóknina skuli greiddur fyrirfram úr jafnaðarsjóði amtsins; en auk þess, sem skyldugt ætti að vera, að borga slíkan kostnað af jafnaðarsjóði, þá get jeg ekki álitið að þessi ákvörðun komi í bága við lagaákvæði, sem eiga við útgjöld úr úr jafnaðarsjóði. Þá kann það að þykja ærið hart, að gjört er sýslufjelagi því, er lánsins beiðist, að skyldu, að endurborga jafnaðarsjóði amtsins síðar allan kostnaðinn. En þetta er að mínu áliti alveg rjett og sanngjarnt, því sannist það, að beðið sje um lánið að þarflausu, þá er ekkert sanngjarnara, en að þeir, sem slíkt gjöra, greiði allan kostnaðinn, sem af lánbeiðslunni leiðir, en fái þeir lánið, munar lítið um þann kostnað. Annars skal jeg játa, að það var ekki jeg, sem fann upp á þessu snjallræði, heldur er það komið fram af bendingu eins góðs nefndarmanns; það var hann, sem kom vitinu fyrir oss hina nefndarmennina í þessu tilliti.

Landshöfðingi: Jeg er nefndinni fyllilega samdóma um, að hallærislán eru ískyggileg, og hallærislánabeiðslur mjög erviðar viðfangs. Það væri sjálfsagt æskilegast, að hallærislán kæmu aldrei fyrir, og að umboðstjórnin hefði aldrei neitt með hallærislánbeiðslur að gera. En úr því að það er nú einu sinni svo, að ástand almennings er mjög bágt og hallæri sí og æ vofir yfir, þá geta menn æfinlega átt von á beiðslum um lán til að afstýra hinni yfirvofandi hættu, og það virðist eigi verða komizt hjá því, að taka slíkar beiðslur til greina að meira eða minna leyti.

Það er kunnugt, að sveitarstjórnarlögin gera sýslunefndum að skyldu, að vaka yfir því, að afstýra hallæri í sýslunni. Það er mikil ábyrgð, sem sýslunefndirnar hafa í þessu tilliti. Ef því sýslunefnd, eptir skýrslum hreppsnefnda og eigin þekkingu, hlýtur að bera kvíðboga fyrir því, að hallæri og hungursneyð komi upp í sýslunni innan skamms, þá segi jeg, að henni sje mikil vorkunn, þó hún leiti hjálpar í tíma og tryggi sig fyrir hinni yfirvofandi neyð, og þeirri ábyrgð, sem á henni hvílir, þegar slíkt ber að hendi.

Til þess nú að geta fullnægt þeirri skyldu, sem á þeim hvílir til að afstýra hungursneyð, hafa sýslunefndirnar engin önnur ráð, en að leita til landssjóðs. Jeg skal játa það með h. nefnd, að sýslunefndirnar geta opt verið of greiðar til, að biðja um lán, amtsráðin of fljót til að samþykkja þau, og landstjórnin of fljót til að veita þau; en það er opt ervitt, að sjá fyrirfram, hvort ástandið muni eptir á verða eins illt og útlit er fyrir, eða, að úr því muni rætast, þegar á líður. Þegar vorið er kalt og heyskapur illur að sumrinu til, og útlit fyrir skepnufelli á næsta vetri, þá er það ekki að undra, þótt menn óttist fyrir, að hallæri geti komið yfir sveitirnar, og það er þá að miklu leyti komið undir vetrinum, sem næst fer í hönd, hvort menn og skepnur halda lífi eða deyja úr hungri. Þessu þora sýslunefndir, sem von er, ekki að eiga undir, og því er það, að þær að sumrinu búa sig undir að mæta vetrinum með því, að fá peninga til að kaupa fyrir matbjörg og ná honum til sín úr kaupstöðum, því að það yrði of seint, að fara þá fyrst að biðja um lánið, þegar fólkið er farið að falla úr hungri.

Það, sem sjerstaklega mun hafa gefið tilefni til kosningar þeirrar nefndar, sem komið hefir með þessar tillögur, mun vera hallærislánbeiðslurnar úr Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu. Húnavatnssýsla biður um 14000 kr. hallærislán, og Skagafjarðarsýsla um 12000 kr. lán. Það er kunnugt, að það varð mikill skepnufellir á síðastliðnum vetri í báðum þessum sýslum. Þar fjellu bæði kýr, hestar og sauðfje, og það stórkostlega, svo það er eðlilegt, þótt hlutaðeigandi sýslunefndir hafi farið að hugsa um hallærið, sem kynni að verða næsta vetur, og hafa þær stuðzt við skýrslur úr öllum hreppum. Úr báðum sýslum eru komnar skýrslur úr öllum hreppum hverrar sýslu fyrir sig, og þó allir sýslunefndarmenn væru eigi á fundi í Húnavatnssýslu, þá hafa þó komið skýrslur til sýslumannsins úr öllum hreppum, sem lýsa því, að ástandið sje hið versta og útlitið ískyggilegt. Nú er spursmál um, hvort þingið vilji með ályktun koma í veg fyrir, að hallærislán geti fengizt, eða það vill styðja að því, að þau fáist, þegar nauðsyn ber til, eða þá í þriðja lagi, hvort það vill halda sjer fyrir utan öll afskipti af því, hvort lánið er veitt, en láta allt vera á ábyrgð sýslunefnda, amtsráðs og landstjórnar. Nefndin hefi nú, eptir þeim tillögum að dæma, sem fyrir liggja, stefnt að því, að gera mönnum mjög örðugt eða lítt mögulegt að fá hallærislán.

Fyrsta skilyrðið, sem nefndin vill að sett verði fyrir að hallærislán fáist úr

landssjóði, er það, að dómkvaddir menn sjeu látnir rannsaka ástandið í sýslunum. Ef nú ætti að fara að samþykkja þetta skyldi og landstjórnin að fara eptir því, þá væri það sama sem að neita beiðendunum um allt lán. Því fyrst þarf að fá dómkvadda menn til að rannsaka ástandið, en þeir verða víst opt eigi svo auðfengnir, því þeir eiga að vera úr sýslufjelagi, sem ekki er lánþegi. Til þess að rannsaka ástandið í Húnavatnssýslu yrði þá að sækja dómkvadda menn vestur í Ísafjarðarsýslu eða þá austur í Eyjafjarðarsýslu. Þegar svo er búið að kveðja þá í dómi til rannsóknarinnar, þá eiga þeir að leggja af stað, og þegar þeir loks eru komnir í sýslu þá, sem lánsins hefir beiðzt, þá eiga þeir, að minnsta kosti þegar lánsins er beiðst úr öllum hreppum, að koma í hvern hrepp og meira að segja á hvern bæ í sýslunni. Þetta allt verður ekki gjört á stuttum tíma. Svo er eptir að kalla saman sýslunefndarfund til að biðja um lánið, og amtsráðið til að samþykkja, og loks þingið til að veita það. Það er hætt við því, að þetta allt yrði ekki komið í kring svo snemma, að hægt yrði að panta matbjörg fyrir lánið fyrir veturinn. Hins vegar má líka spyrja: er nokkur trygging fyrir því, að þessir menn geti rannsakað ástandið í heilum sýslum eða sagt nokkuð víst um það, hvort nauðsynlegt sje að taka hallærislán eða ekki? Þeir geta farið inn í búr hjá bóndanum og sjeð, hvort þar er nokkur matbjörg, en þeir geta ekkert vitað um, hve margt fje bóndinn á, því þegar þeir byrja umreið sína, í ágúst eða fyrst í september, þá er allt fje enn á fjalli. Bóndinn fer víst ekki að telja það upp fyrir þeim. Meira að segja, það yrði aldrei neitt byggt einu sinni á rannsókninni heima á bænum, á matbjörg þeirri sem þar er, því þegar þeir byrja umreið sína, þá geta menn hæglega skotið því undan, sem þeir vilja, ef menn á annað borð vilja fá hallærislán. Jeg hefi enga trú á því, að þessir rannsóknarmenn geti gert verulegt gagn, jafnvel þótt þeir hafi þann stimpil, að vera »dómkvaddir«. Álit þessara manna mundi ekki verða áreiðanlegra, en skýrslur hreppsnefnda og sýslunefnda. Þetta 1. atriði nefndarinnar finnst mjer þannig hvorki praktiskt nje að öðru leyti aðgengilegt. Kostnaðurinn við að ríða heim á hvern bæ yrði ærið mikill, og þann kostnað á sýslufjelagið, sem lánsins beiðist, að greiða, hvort sem lánið fæst eða ekki; en eptir sveitarstjórnarlögunum getur engin heimild verið til að leggja slík gjöld á sýslusjóði. Að því er hin atriði tillögunnar snertir, þá hafa þau minna að þýða. 1. atriðið er kjarninn í öllu málinu.

Að formaður amtsráðs megi ekki veita samþykki til neinnar lántöku milli funda amtsráðsins, gæti opt komið sjer illa. Amtsráðið kemur vanalega ekki saman optar en einu sinni á ári, í júnímánuði, og getur auðveldlega hitzt svo á, að einmitt þá dagana lægi engin lánbeiðsla fyrir ráðinu. Það er auðvitað, að það má kalla saman amtsráðsfund svo opt sem vera skal, en það hefir kostnað í för með sjer.— Að oddviti sýslunefndar eigi megi veita samþykki til lántöku án samþykkis sýslunefndarinnar, er alveg óþarfi að taka fram, því til slíks er engin heimild í lögum. Oddviti sýslunefndar hefir ekki sama vald milli sýslunefndarfunda, eins og formaður amtsráðsins hefir milli amtsráðsfunda.

Á móti 4. tillögunni, sem segir, að skýrslur um það, hvernig hallærislánunum hafi verið varið, skuli lagðar fyrir þingið, hefi jeg ekkert að segja.

5. tillagan er alveg tilgangslaus, því vextir af lánum, sem stjórnin veitir, verða hvort sem er ekki gefnir eptir, nema fjárveitingarvaldið veiti heimild til þess.

6. og 7. tillagan stendur í sambandi við hina fyrstu.

Jeg skal játa, að jeg er ekki kunnugur

ástandinu i Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu nú sem stendur, nema af skýrslum þeim, sem fyrir liggja um það, svo jeg get ekki sagt það með vissu, hvort þingið muni baka sjer ábyrgð, sem hlyti að verða því óþægileg, með því að neita um þetta lán. Það eru aðrir, sem eru kunnugri ástandinu í þessum sýslum en jeg. En jeg segi fyrir mitt leyti, að þegar sýslunefnd biður um lán og lýsir yfir því í embættisnafni — því segja má, að hún gjöri það þannig — og segir það afdráttarlaust, að verði lán ekki veitt, þá sje ekki útlit fyrir annað en manndauða í sýslunni, þá get jeg ekki tekið upp á mig þá ábyrgð að neita um lánið, heldur finn það skyldu mína að verða við beiðninni og leita til stjórnarinnar um leyfi til að veita lánið.

Þegar því Húnavatns- og Skagafjarðarsýslur, sem eru tvær hinar efnuðustu sýslur á landinu, biðja um hallærislán, þá get jeg ekki tekið upp á mig ábyrgð á því, að neita þeim um lánið, nema þingið sje fyrirfram búið að lýsa því yfir, að það vilji ekkert hallærislán veita. Þó að Húnavatns og Skagafjarðarsýslur fái nú hið umbeðna lán upp á 10 ár, þá get jeg ekki hugsað mjer, að þær geti ekki verið búnar að borga það í tæka tíð. Ef þessar sýslur gætu ekki borgað þessi lán á 10 ára fresti, þá mun ástand landsins yfir höfuð að tala vera orðið svo aumt undir aldamótin, að ekki munaði mikið um, þó þetta fje tapaðist líka.

Eiríkur Briem: Það sem gaf mjer tilefni til að biðja svo fljótt um orðið, er einkum 7. tölul. í uppástungum h. nefndar. En nú hefir hæstv. landsh. talað svo rækilega og vel fyrir sýslum þessum, Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum, að jeg mundi ekki hafa beðið mjer hljóðs, ef jeg hefði ekki verið búinn að því áður.

Þar sem farið er fram á það í 1. tölul. í uppástungum h. nefndar og sem miðar sig við 7. tölul., að dómkvaddir menn skuli rannsaka ástand sýslnanna, þá sje jeg ekki, hvern tilgang slík rannsókn á að geta haft, þar sem kunnugt er að ástandið í vor sem leið, var knýjandi orsök til lánbeiðslunnar, því að nú í haust getur ekki verið eins hægt að ganga úr skugga um nauðsyn þá, sem var á síðasta vori til þess að fá lánið; þá áleit sýslunefndin að minnsta kosti í Húnavatnssýslu öldungis nauðsynlegt að taka á sig skuldbindingar fyrir hönd sýslufjelagsins til þess að gera ráðstafanir til að afstýra yfirvofandi hallæri á þann hátt, að hún skuldbatt sig til að borga lán, sem þá var tekið, á næsta hausti, í fullu trausti til þess, að hún fengi hallærislán samkvæmt þeim reglum, sem hingað til hefir fylgt verið við þær lánveitingar. Svona er ástatt með tölu-vert af því fje, sem hjer er um að ræða.

Þegar jeg fór norður í vor, vissi jeg til þess, að þá voru menn á ferð bæði suður á Brákarpoll og norður á Akureyri að sækja kornmat og aðrar nauðsynjar, og þær vörur fengust ekki nema gegn ábyrgð sýslunefndarinnar um áreiðanlega borgun í haust, og þessa ábyrgð tók sýslunefndin á sig í því trausti, að ekki mundi breytt verða skilyrðum þeim, er áður hafa sett verið fyrir hallærislánum.

Viðvíkjandi því, sem h. framsögum. (Gr. Th.) sagði, að sýslunefndarfundurinn hefði verið sóttur af svo fáum sýslunefndarmönnum, að spurning væri um, hvort ákvörðun sýslunefndarinnar væri góð og gild, þá skal jeg taka það fram, að um það leyti var svo slæmt veður eða færð, að það var mestu erfiðleikum bundið, að komast á sýslufund; en að menn sóttu fundinn samt sem áður svo margir, að lögmætur fundur varð, sýnir bezt, hve mikið kapp menn lögðu á, að fá þessu máli framgengt. Einmitt minn góði kunningi, sýslunefndarmaður sá, sem h. framsögum. (Gr. Th.) vitnaði til, sagði mjer, að hann hefði ekki farið á fundinn vegna

þess, að hann hefði ekki getað ímyndað sjer, að svo margir sýslunefndarmenn kæmu, að lögmætur fundur gæti orðið. En hvað hitt snertir, þá er það öldungis rjett, sem hæstv. landsh. tók fram, að sýslunefndarfundurinn hafði fyrir sjer skýrslur úr flestöllum hreppum sýslunnar, og honum var að öðru leyti vel kunnugt um ástandið í þeim hreppum, er reglulegar skýrslur eigi voru komnar frá.

Þar sem h. framsögum. (Gr. Th.) lagði svo mikla áherzlu á það, að menn fengju hallærislán til þess að verja því til vesturfara, þá getur vel verið, að maður, sem lánar matbjörg, t. d. korn úr kaupstað, og fær fyrir það peninga borgaða, verji þeim til að kaupa fje eða jörð af vesturförum, og meira að segja, mjer þykir ekkert undarlegt, þótt eitthvað kynni beinlínis að ganga til þess að styrkja familíur til Vesturheims, sem eiga þar frændur og vini, er óska eptir þeim og biðja þá að koma, en sem hjer geta eigi komizt hjá að vera öðrum til þyngsla. Jeg get ekki álitið það neitt háskalegt, þótt sumt af þessu fje kæmist í hendur þeirra manna, sem kynnu að brúka það á þennan hátt. Jeg vissi jafnvel til þess um einn hrepp, þar sem sveitarmenn styrktu menn, er ekki voru sjálfbjarga hjer, til Ameríku, en sem áttu þar börn og systkini, er ljetu vel af sjer og óskuðu eptir þeim. *(Grímur Thomsen:* Þeir eiga nú líka gott á Borðeyri). Það er nú einmitt eitt sýnishorn af því, hve gott menn eiga á Norðurlandi, þegar ís liggur fyrir landi og menn eru ráðalausir að fá nokkra björg. Jeg skal taka dæmi af þeim hrepp, sem jeg þekki bezt. Þar eru 22 búendur og helmingur þeirra, 11, eru annaðhvort á sveit eða geta svo sem ekkert borgað til sveitar, og nú bættust við þá 4 familíur í vor. Þessir 11 bjargálna bændur verða að bera allar byrðar hreppsins, og nú urðu einmitt þessir sömu menn fyrir stórtjóni í vor á fjenaði sínum, sem ekki stafaði af fyrirhyggjuleysi eða heyskorti, því jeg vissi til þess, að sumir þeirra að minnsta kosti áttu mikil hey eptir. Þegar nú þessir menn, er missa 1—200 fjár á þann hátt, sem ekki er hægt við að sporna, eiga að bera allar byrðar hreppsins, geta menn þá talið það undarlegt, þótt þeim detti í hug að styrkja þá til Ameríkuferða, sem þeim sjálfum er ljettir að, ef fara, og sem eiga vini og vandamenn þar, sem líður bærilega? Ef þeir ekki geta það, hvaða úrræði hafa þeir þá önnur, en fara sjálfir af landi burt?; get jeg ekki sjeð að þá sje borgnara, ef þeir, sem eru sveitanna stoð og stytta, taka sjálfir það ráð að flytja af landi burt til Ameríku, af því að þeir þykjast eigi geta risið undir byrðunum.

Jeg er ekki þar fyrir að mæla með því, að þurfamenn sjeu almennt styrktir til Ameríku. En svo getur staðið á, að það sje ekki nein ráðleysa að styrkja suma menn til brottferðar, hvort sem litið er til mannanna sjálfra, sem styrktir eru til ferðarinnar, eða til hinna, sem styrkja þá.

Það sem jeg einkum vildi leggja áherzlu á, var það, hve óheppilegt og ósanngjarnt það sje, að fara nú að binda hallærislánin þeim skilyrðum, sem sveitarfjelögin ekki gátu búizt við, þegar þau undirgengust að standa skil á því láni, sem fengið var til að afstýra voðanum; þess vegna óska jeg, að h. þingdeild greiði atkvæði móti þeim tölulið í uppástungum h. nefndar.

Framsögumaður (Grímur Thomsen): Það vill illa til, að hæstv. landshöfðingi hefir talað mest á móti þeirri tillögu nefndarinnar, sem hann sjálfur áleit þýðingarmesta. Hann talaði um, að skoðunargjörðin mundi verða næsta kostnaðarsöm. En jeg skal geta þess, að ekki er víst, að hún þurfi að framfara á hverjum bæ. Það sýnist ríkja sá vani eða öllu heldur óvani, að þegar ein sveit biður um hallærislán, þá koma aðrar á eptir. Það er ekki lengra síðan en í fyrra, að Seltjarnarneshreppur, sjálfsagt að eptirdæmi ann-

ara hreppa í sýslunni bað um hallærislán; að vísu var honum hreint og beint neitað um það, enda mun sú neitun hafa verið á góðum rökum byggð. Hæstv. landshöfðingja mun kunnugt um, að þau ár sem hann var amtmaður, hjelt hann 2—3 aukafundi. *(Landsh.:* Nei!). Jeg skal á morgun sanna hæstv. landshöfðingja, að í tíð Bergs sáluga Thorbergs og nú í tíð E. Th. Jónassens hafa aukafundir verið haldnir, enda er mjög auðvelt hjer í Suðuramtinu að koma á amtráðsfundi, eins og nú stendur, þegar ekki þarf um lengri veg að leita til amtráðsmannanna en austur á Eyrarbakka og suður að Bessastöðum. Það er því ekki á eins gildum rökum byggt, eins og jeg hefði búizt við af hæstv. landshöfðingja, að mjög erfitt sje að kalla saman amtsráðsfund.

Jeg bið h. 1. þm. Húnv. (E. B.) að veita því eptirtekt, með hverjum kjörum Húnavatnssýsla biður um lán; hún biður ekki um það með neinum öðrum kjörum, en að hún megi borga það á 28 árum með 6% á ári. Og ekki nóg með það: þeir vilja líka mega borga hið eldra lán sitt 6987 kr. með sömu kjörum. H. þm. (E. Br.) veit eigi, hvort þeir vilja lánið, ef það fæst ekki með þessum kostum; hjer liggur ekkert fyrir um það.

Hæstv. landshöfðingi hefir nú sagt, að Húnavatnssýslu verði ekki veitt lánið með þessum kostum, og þá getur vel verið, að hún vilji heldur fá það úr landsbankanum, því að eins og mönnum er kunnugt lánar hann einnig sýslufjelögum. Og í Húnavatnssýslu er svo margir efnamenn, að ef þeir leggjast á eitt, þá mun þeim auðvelt að bjóða fram veð gegn láni, svo að spurningin mun hjer helzt vera um það, hvort þeir vilji hjálpa sjer sjálfir eða flýja á náðir landssjóðs.

Þegar jeg sje, að Snæfellsnessýsla hefir ekki borgað neitt á síðasta fjárhagstímabili af hinu gamla láni sínu, 4806 kr. 14 aur., en í stað þess að borga fengið að láni árið 1886 2500 krónur og 1887 2200 kr., þá vil jeg spyrja h. framsögumann fjárlaganefndarinnar (E. Br.), hvernig fara muni, ef svona á að veita viðstöðulaust hallærislán, hvenær sem beðið er, en heimta þau ekki inn aptur? Jeg sje ekki önnur úrræði, en að landssjóður verði að segja upp lánum, sem trygg veð eru fyrir og vextir hafa skilvíslega verið borgaðir af, ef menn ætla að halda fram upptekn-um hætti með að snara út hallærislánum til sveita, sem að vísu þiggja lánin, en borga þau síður.

Jeg veit, að hæstv. landshöfðingi finnur til þess, hve erfitt er að fást við þessi hallærislán, og að hann hefir reynt að stöðva þau; en því meir furðar mig, að hann skuli álíta öll úrræði nefndarinnar vettugi verð.

Jeg segi það, að ef þingið finnur engin meðul til að stöðva þennan hallærislána-straum, þá óttast jeg að það fari að verða «tíðska», að biðja um hallærislán, og mig skyldi ekki furða á því, þótt efnaðar sýslur leituðu landssjóðs í þeim vændum.

Jeg ítreka það: hverri sýslu er hægt að fá lán úr landsbankanum; hún þarf ekki að leita hallærislána í landssjóð, en munurinn er sá, að í bankann verður að borga skilvíslega vexti 5% og afborganir, en af þingi og stjórn er vænt eptirgjafar á hallærislánum; þess vegna er svo ágætt, að leita til landssjóðs.

H. 1. þm. Húnv. (E. Br.) sagði, að tillögur nefndarinnar væru ósanngjarnar. Jeg skal játa það, að h. þm. (E. Br.) kunni að vera sanngjarn við kjósendur sína í þessu máli; en mun hann vera eins sanngjarn við landssjóð og við önnur hjeruð landsins, með því að halda fram lánbeiðslu hjeraðs síns?

Vjer verðum að gæta að, hvernig önnur hjeruð fara að ráði sínu.

Í Þingeyjarsýslu hefir tvisvar verið far-

ið fram á, að leita hallærisláns, en sýslufundur hefir neitað. Rjettur slíkra sýslufjelaga, sem vilja bjarga sjer í lengstu lög, er fyrir borð borinn, þegar önnur hjeruð með ljettúð og fljótfærni leita lána og eru studd til þess, að jeg ekki tali um að þeim er með þessu ráðlagi gefin hvöt til að lýsa sig sem fyrst ósjálfbjarga og verða sem fyrst ósjálfbjarga. Þetta bið jeg h. þm. Húnvetninga (E. Br.) að leggja sjer á hjarta.

Sem sagt: nefndin vildi ekki vera ósanngjörn; henni var að eins umhugað um að finna ráð til að stöðva þennan straum. En ef h. þingd. finnur önnur betri ráð, þá mun nefndin vera henni mjög þakklát fyrir það. Nefndinni var um það að gjöra, að líta ekki einungis á gagn hallærislánbeiðenda, heldur líka á gagn landssjóðs og þeirra, sem ekki þiggja lán.

Þórarinn Böðvarsson: Það eru nú þegar búið að tala svo mikið í þessu máli, að jeg hef lítið að segja, en það eru að eins fáar athugasemdir, sem jeg vildi gjöra bæði við nefndarálitið og tillögur nefndarinnar.

Hvað Gullbringu- og Kjósarsýslu viðvíkur, þá hefir verið sagt, að það hafi eigi verið leidd nægileg rök að því, að lánsins þyrfti nauðsynlega við. Það getur nú verið; því spurning getur verið um, hvað skuli kalla rök og hvað ekki, en það get jeg sagt, að sýslunefndinni þótti ástæða til að veita lánið og hreppsnefndirnar skrifuðu, að manndauði vofði yfir; en það er satt, að eigi voru dómkvaddir menn nefndir til þess að ferðast um sýsluna. Að Kjósar- og Gullbringusýsla hafi tekið 1500 kr. lán án samþykkis sýslunefndarinnar, er eigi rjett, því á fundi sýslunefndarinnar var það samþykkt, að Strandarhreppur tæki þessi lán; en hvað því viðvíkur, sem stendur hjer í nefndarálitinu, að lánið væri þó tekið fyrir lengri tíma en eitt ár, þá skal jeg geta þess, að sýslunefndin skoraði á hreppana, sem lánið tóku, að borga innan árs, og við alla hreppa var tekið fram af sýslunefndinni, að taka eigi lán nema þegar hungurdauði vofði yfir. Þar sem h. landsh. sagði, að það væri æskilegt að aldrei þyrfti að taka lán, þá get jeg ekki ætlað neina sýslunefnd, sem eigi af hjarta tæki undir með honum í því, en sýslunefndin hefir þá skyldu, að afstýra hungurdauða, og hvað á hún þá að gjöra?

Hungurdauði er hræðilegt ástand, en það er líka til annað hræðilegra ástand: vesöldin, þegar menn hafa engin ráð til þess að leita sjer atvinnu vegna eymdar og klæðleysis.

Jeg er því fullkomlega samþykkur, að þingið gefi sýslunefndum og hreppsnefndum áminningu um að grípa ekki til lántöku úr landssjóði fyr en í síðustu lög. Landssjóðsverðir eru að vísu skyldugir til þess að sjá um, að landssjóður missi eigi fje hjá sýslunefndum; en þá kemur sú spurning: á að meta það nokkuð, þó landsmenn falli hungurmorða? Jú, þegar sveitarfjelag er þannig ástatt, að það getur eigi varizt hungurdauða, þá er sýslunefndin skyldug til að sjá um, að það komi eigi fyrir, og það getur hún eigi öðruvísi en með því að fá lán úr landssjóði, og þegar til ábyrgðarinnar kemur á því láni, þá er hún reyndar á henni. Jeg skal eigi álasa nefndinni, þó að hún leitaði einhverra úrræða til þess að stemma stigu fyrir, að menn brúkuðu eigi lán þetta fyr en í síðustu lög. En þegar jeg kem til töluliðanna, þá þyki mjer 1. töluliður sjerstaklega athugaverður og varla til þess að brúka. Hinn háttv. framsögumaður sagði, að hinir dómkvöddu menn mundu eigi þurfa að koma á hvern bæ, en jeg álít að þeir verði að koma á hvern bæ og koma meira en snöggvast; þeir þurfa að kynna sjer allt sem mögulegt er að kynna sjer, já meira; en það er svo margt, sem ekki er hægt að kynna sjer; sjerstaklega er við sjó ómögulegt að segja, hvort hungurdauði vofir yfir, en sveita-

bóndanum er allt af hægt að segja að skera, á meðan hann á nokkrar skepnur, til þess að forðast hungur; en er þá eigi rjett að bjarga honum til þess að hann þurfi eigi að eyðileggja bjargræðisstofn sinn? En eins og jeg sagði, er ómögulegt nema jafnóðum í sjóplássum að segja, hvort hungurdauði vofir yfir; því það er svo mikið komið undir sjónum og kaupmönnunum. Hjá okkur er það sjórinn og kaupmennirnir, sem gjöra það mögulegt að lifa. Hvað kostnaðinum við þessa skoðunarferð viðvíkur, þá ætla jeg að hann mundi verða næsta þungbær. En ef nú þessir dómkvöddu menn segja og það með sanni, að engin þörf væri á hallærisláni, sýndist hinni háttv. nefnd þá eigi ástæða til að láta þann hrepp, sem ranglega hefir borið sig upp, um kostnaðinn. Því það sýnist sem sýslufjelagið geti eigi borið ábyrgð fyrir það, að einn hreppur hefði borið sig ranglega upp.

En það sem stendur í öðrum tölulið, að oddviti megi eigi mæla með láni án samþykkis sýslunefndarinnar allrar, ætla jeg að geti verið ísjárvert, og kostnaðarsamt getur það orðið, að þurfa ætíð að kalla saman sýslunefnd, hvernig sem á stendur. Í Kjósar- og Gullbringusýslu tókum við það ráð, að við gáfum oddvitanum leyfi til þess að samþykkja lánbeiðni, með því skilyrði, að manndauði vofði yfir.

3. tölulíður, að allar slíkar lánbænir skuli koma til alþingis, hefir mikið við að styðjast, þar sem alþingi hefir æðstu umsjón landssjóðs, og sízt ætti neinn að skorast undan að slíkar lánbænir kæmu til alþingis, og skýrslur um, hvernig hallærislánum er varið, ef hægt er. Hitt getur ekki átt sjer stað, að alþingi samþykki hverja lánbeiðslu; það getur verið, að það sje eigi svo hægt fyrir sveitarstjórnina að segja, til hvers hún brúkar þessa og þessa krónu; hún er skyldug til að verja láninu sem hagkvæmlegast fyrir hreppinn, og hvort hún tekur peningana til þess að borga útgjöld, sem peninga þarf við, og láti aptur matvæli í staðinn, held jeg að komi í sama stað niður, og eigi rjett að ásaka fyrir það, því að það er líka hún, ásamt sýslunefndinni, sem ber ábyrgð á lánbeiðslunni.

5. tölulið er jeg alveg samþykkur. Jeg álít helzta úrræðið til þess, að gefa sveitafjelögum aðhald til þess að biðja ei að óþörfu um hallærislán, sje, að þau viti, að enginn eyrir verði eptirgefinn, og þegar þau vissu það, þá mundu þau verða varkárari í lántökum.

6. tölulið í sambandi við 7. ætla jeg að sleppa, því Húnavatnssýsla á hjer tvo talsmenn, en það ætla jeg að skjátlast muni nefndinni ályktanirnar um heyskapinn, að minnsta kosti í Skagafjarðarsýslu, eptir því sem seinustu frjettir voru. Húnavatnssýslu get jeg ekki álitið enn svo stadda, að óhætt mundi eigi vera að lána henni þetta fje.

Jeg get því ekki hikað við, að gefa því atkvæði mitt, að sýslurnar fái þessi lán, til þess að þær gætu með því rjett við sinn bágkomna hag; en jeg skal heldur eigi hallmæla nefndinni, þó að hún vildi gjöra sem mest til þess að menn beiddu sem sjaldnast og sem minnst, því eyðileggjandi geta hallærislánin orðið, en menn verða líka að gá að því, að gjöra mönnum eigi alveg ómögulegt að nota þau, þó manndauði vofi yfir.

Ólafur Briem: Þegar jeg virði þetta nefndarálit fyrir mjer, þá sje jeg, að þar kennir ýmsra grasa.

Fyrst er þar sakaráburður á sýslumennina í Skagafjarðar- og Húnavatnssýslum, um að þeir hafi vanrækt að framfylgja gildandi lögum; en jeg vil benda h. nefnd eða framsögumanni hennar á það, að sýslumennirnir í greindum sýslum ekki muni taka þennan áburð nefndarinnar með þökk-

um. Þá kemur spádómur um tíðarfar fyrir norðan í sumar; en allt útlit er fyrir, að svo muni fara um þessa spá, sem fleiri úr þeirri átt, að hún ætli ekki að rætast.

Hvað viðvíkur niðurskurði fjárins í Húnavatnssýslu hjer um árið, þegar fjárkláðinn geysaði yfir, vil jeg geta þess, að þá var skotið saman fje í flestum ef ekki öllumsýslum í norður- og austuramtinu, til skaðabóta handa þeim, sem þar skáru niður.

Viðvíkjandi því, að brúka ekki lánið meðfram til þess, að koma mönnum á burt til Ameríku, þá get jeg borið það, að þó jeg væri staddur á sýslunefndarfundinum í Skagafirði, heyrði jeg ekki neitt fara fram á fundinum í þá átt. Eins verð jeg að rengja það, að sýslumaðurinn hafi haft það bak við eyrað, er hann bað um nokkuð af láninu í gulli; jeg sje heldur ekki, hvaða ástæðu hann hefði haft til þess, því seðla hefði allt að einu mátt nota í fargjald handa vesturförum.

Loksins gefur nefndin sýslufjelögunum ávísun á landsbankann, eða að þau geti fengið þar lán; en jeg hygg það væri þá betra að hafa vissu fyrir, að slík lán fengjust; að minnsta kosti er mjer kunnugt, að bændum úr Skagafirði hefir nýlega verið neitað um lán úr landsbankanum, enda þótt þeir hefðu fullkomið veð að bjóða, og hefi jeg enga vissu um, að sýslunefndunum mundi ganga betur að fá slík bankalán. Þá er og gefið í skyn, að sýslunefndin hafi sneitt fram hjá samþykki amtsráðsins til lántökunnar; en mjer er kunnugt, að sýslufundurinn var haldinn svo seint, að ómögulegt var að ná í samþykki amtsráðsfundarins, og því urðu menn að halda sjer til forseta amtsráðsins.

Jeg efast ekki um, að nefndin hafi haft góðan tilgang með niðurlagsatriðum sínum, en hins vegar eru ákvæði þeirra engan veginn heppileg.

Að því, er hina dómkvöddu menn snertir, þá get jeg ekki sjeð, eins og líka hæstv. landsh. tók fram, það gagn, sem yrði af starfa þeirra, því annaðhvort hlytu skoðunargerðir þeirra að fara fram áður en þörfin væri komin, eða þær færu fram svo seint, að tíminn yrði of naumur til að bæta úr þörfinni, auk þess sem jeg ber ekkert betra traust til slíkra manna en til hreppsnefnda og sýslunefnda, sem hljóta að vera kunnugastar ástandinu eins og það er.

Hvað 7. tölul. snertir, þá sje jeg ekki betur, en að sýslufjelögum þeim, sem þar eru nefnd, nefnilega Skagafjarðar og Húnavatnssýslum, sje gert ómögulegt að nota sjer lánið, svo framarlega sem slíkar skoðanir yrðu gerðar að skilyrði fyrir því, að lánið fengist. Það er svo langt frá því, að sýslunefnd Skagfirðinga hafi löngun til að fá þetta lán, að hún þvert á móti hefir orðið að láta mikið á móti sjer, þegar hún nú hefir beðizt eptir því; en það er nauðsynin, sem knýr hana til þess. Mjer er kunnugt, að sýslunefndin hefir optar en einu sinni hafnað bænum um hallærislán handa einstökum hreppum, af því hún áleit ekki slík lán nauðsynleg á þeirri tíð. En nú hefir hún álitið það skyldu sína, að sækja um lán til að afstýra yfirvofandi neyð, og ekki viljað taka upp á sig þann ábyrgðarhluta, að neita um það. Og get jeg ekki betur sjeð, en að ábyrgðin færist frá sýslunefndinni yfir á landsstjórnina, ef illa kann til að takast, og neitað hefir verið um lánið.

Eins og mönnum er kunnugt, hvílir sú skylda á sýslunefndinni, að gera ráðstafanir til að afstýra hallæri í sýslunni; en til þess hefir hún engin fjárráð, og yfir höfuð engan veg annan, en að leita láns úr landssjóði. Því að eptir sveitarstjórnarlögunum hefir sýslunefndin ekki vald til að jafna niður gjaldi á hreppana, nema til að standast árlegan kostnan, og getur því ekki safnað neinu í varasjóð að grípa til, þegar óvænta neyð ber að höndum. Jeg skal engan veginn segja, nema sýslunefndin

í Skagafjarðarsýslu hefði getað verið búin að safna slíkum sjóði, ef lögin hefðu heimilað það. Svo mikið er víst, að sýslan hefir varið miklu fje til ýmsra nytsamra fyrirtækja, lagt brýr yfir 5 ár, er kostað hafa yfir 6000 kr.; stofnað búnaðarskóla og kvennaskóla í sambandi við aðra sýslu o. fl. Það er að vísu til annar vegur, sem stundum er farinn, þegar einhver óhappatilfelli koma fyrir, sá, að safna frjálsum samskotum hjá þeim, sem betur vegnar. Og jeg verð að segja, að Skagfirðingar hafa ekki legið á liði sínu, þegar svo hefir borið undir. Þannig var fyrir nokkrum árum í Skagafirði safnað fje til hjálpar mönnum einmitt í þeirri sýslu, sem sagt hefir verið, og það með sanni, að gæti verið öðrum hjeruðum landsins til fyrirmyndar, sem sje Þingeyjarsýslu, eptir fjárfelli, sem þar varð, og líka til Seyðisfjarðar, þegar snjóflóðið kom þar fyrir skemmstu, og seinast nú í vetur til Vindhælishrepps eptir mannskaðann mikla. Jeg segi þetta alls ekki til að slá Skagfirðingum gullhamra, heldur til þess að hrinda af þeim því ámæli, er h. framsögumaður bar á þá, að þeir vildu varpa allri sinni áhyggju upp á landssjóðinn, en skeyttu lítið um að bjarga sjer eða öðrum.

Jeg virði að vísu hinn góða tilgang nefndarinnar; en eins og mjer virðast hinar einstöku tillögur hennar alls ekki heppilegar, svo verð jeg einnig að álíta, að hin mikla umhyggja, sem h. framsögumaður lætur hafa nú fyrir landssjóði, hefði átt að sýna sig fyr, að minnsta kosti áður en hann, sem einn í amtsráðinu, varð meðverkandi til þess, að Gullbringu- og Kjósarsýsla fengi 20000 króna hallærislán fyrir nokkrum árum. Enda get jeg ekki að því gert, að jeg ber lítið traust til þessarar miklu umhyggjusemi, þegar þess er gætt, að enginn núlifandi manna hefir bakað landssjóði eins mikil ópörf útgjöld eða eins mikinn tekjumissi ófyrirsynju, eins og einmitt h. framsögumaður. (Gr. Th.).

Þorleifur Jónsson: Jeg skal fúslega játa það með h. nefnd, að hallærislán eru mjög íhugunarverð; og sömuleiðis skal jeg játa það með h. nefnd, að æskilegt væri, að fastar reglur væru settar fyrir veiting hallærislána, en slíkar reglur eru ærið vandsamdar, og að þeirri raun hefir víst nefndin komizt við það, að semja þessar. —Þessar tillögur hafa mætt allmikilli mótstöðu. Jeg bjóst við, að h. framsögum. (Gr. Th.) mundi betur skýra einstök atriði, t. d. hversu margir hinir dómkvöddu menn eiga að vera, og í öðru lagi, hver skuli tiltaka það sýslufjelag, sem þeir eiga að vera úr, hvort heldur það skuli gera sýslufjelagið, sem biður um lánið, eða landsh., eða hver.

Þar sem í 2. tölul. er talað um sampykki sýslunefndarinnar í heild sinni, þá vil jeg spyrja, hvort með því sje meint, að allir sýslunefndarmenn skuli sampykkja lántökuna, eða hvort eigi nægi sami atkvæðafjöldi, sem heimtaður er yfir höfuð fyrir ályktunum sýslunefnda á lögmætum fundi. Þessu býst jeg við að fá öllu svarað hjá h. framsögum. (Gr. Th.).

Ef jeg fæ á því viðunanlegar skýringar, og jafnvel hvort sem er, mun jeg greiða atkvæði með öllum fyrstu 6 liðunum, sjerstaklega ef jeg ætti von á, að þeir yrðu lagaðir við síðari umræðu þessa máls.

En með 7. tölul. get jeg ómögulega verið, og það af ástæðum, sem þegar hafa verið teknar fram; þessi sýslufjelög hafa þegar á næstliðnu vori gert ýmsar ráðstafanir, sem byggðar voru á og studdar við þá venju, sem farið hefir verið eptir í því, að veita öðrum sýslufjelögum hallærislán, og að beita nú þessum nýju og ópekktu skilyrðum við þessar sýslur, er alveg sama sem að gera þeim ómögulegt að fá lánið, allra sízt í tíma.

H. framsögum. (Gr. Th.) tók það fram,

að lánbeiðnin úr Húnavatnssýslu væri ekki komin fram af vilja allra sýslunefndarmanna, og vitnaði í því tilliti til eins af sýslunefndarmönnunum, sem hann hafði fengið langt og fróðlegt skjal frá. Jeg skal játa það, að sýslunefndarmennirnir voru ekki allir á fundi; en hæstv. landsh. gaf upplýsingar viðvíkjandi því, að úr öllum hreppum sýslunnar væri nú komnar beiðnir um þetta lán, enda verð jeg að efast um, að þessum heiðraða sýslunefndarmanni hafi verið vel kunnugt um ástandið í sýslunni, þegar hann skrifaði þetta brjef sitt.

H. framsögum. (Gr. Th.) sagði enn fremur, að Húnavatnssýsla hefði farið þess á leit, að hún fengi þetta lán gegn 6% vöxtum og afborgun á 28 árum, og dró þar út af þá ályktun, að sýslunefndin mundi ekki neitt kæra sig um lánið, ef hún fengi það ekki með þessum kjörum; en jeg get aptur fullvissað h. þm. um það, að úr því að sýslan biður um þetta lán, og úr því að hún þarf lánið, þá þiggur hún það með þeim kjörum, sem hún fær það með, jafnvel þótt hún í beiðni sinni hafi farið fram á að fá það með öðrum betri kostum.

Þar sem h. nefnd vísar sýslunefndinni á landsbankann, þá skal jeg geta þess, að jeg sótti um daginn um 3200 kr. lán úr landsbankanum einmitt fyrir sýslunefnd Húnavatnssýslu, og gat engan eyri fengið, og jeg efast um, að bankinn í bráð sjái sjer fært, að verða við nokkurri stórri lánbeiðslu, því jeg hefi einmitt þessa dagana sótt um lán fyrir 3 menn, en bankastjórninn hefir eigi sagzt geta lánað neitt, fyr en hún sæi, hvernig skuldunautar bankans stæðu í skilum í haust, og þannig getur það dregizt nokkuð lengi, að fje verði fyrir hendi í bankanum.

Eiríkur Briem: H. framsögum. (Gr. Th.) tók það fram í síðari ræðu sinni, að Húnavatnssýsla hefði farið fram á að fá þetta lán gegn því að ávaxta það og afborga með 6% á 28 árum, og að óvíst væri, að hún mundi þiggja nokkurt lán með öðrum kjörum; jeg veit ekki á hve miklum rjetti hann byggir þessa ályktun, en jeg get kannske með meiri rjetti fullvissað hann um, að sýslan tekur lánið, þótt önnur skilyrði verði sett um borgun þess.

Jeg skildi orð hans svo, að hallærislána væri opt leitað um skör fram, og ef menn hefðu góðan vilja, þá mundu menn opt geta komið sjer hjá hallærislánum; einnig, að óskilsemi ætti sjer opt stað í greiðslu þessara hallærislána; en ef hann hefir viljað sveigja þessum orðum að Húnavatnssýslu, þá verð jeg í krðptugasta máta að mótmæla því, að nokkur óskilsemi hafi átt sjer stað í greiðslu hallærislána úr Húnavatnssýslu, þótt kannske hvergi hafi verið eins mikil ástæða til að einhver tregða ætti sjer stað, því 1883 fengu tveir fátækustu hrepparnir í sýslunni, Vindhælishreppur og Engihlíðarhreppur, nokkurt hallærislán, og fyrir þá peninga var keypt korn, og þetta korn, sem var geymt á Hólanesi, brann þar til ösku, og þennan hluta hallærislánsins, hvað þá annað, hafa Húnvetningar borgað upp í topp, eptir því sem tilskilið var. Árið 1885 kom hjer til þingsins beiðni um uppgjöf á nokkru af þessu láni, en fjárlaganefndin tók því þá svo fjarri, að jeg sá, að það var ekki til neins að bera málið upp á þinginu.

Það er því mjög illa gert, að sveigja því að Húnvetningum, að þeir muni sýna nokkra óskilsemi, hvað hallærislánin snertir.

H. framsögum. (Gr. Th.) sagði, að Húnvetningar væru víst svo efnaðir, að þeir gætu hjálpað sjer sjálfir; það er gott að heyra það, því þess meiri líkur eru til, að þeir geti borgað sitt hallærislán, og því óhættara er að lána þeim; en þar sem hann virtist ætla, að einhver önnur ráð hefðu verið möguleg fyrir þá, þá skal jeg

ekkert um það segja, en svo mikið er víst, að eptir því sem löggjafarvaldið og umboðsstjórnin höfðu farið að áður, þá gat sýslunefndin í Húnavatnssýslu átt fulla von á að fá hallærislán, þegar hún þurfti þess eins nauðsynlega og nú, og því tók hún í vor upp á sig skuldbindingar þær, sem nú hvíla á henni, sem hún verður að uppfylla, og sem hún kemst í auðsjáanleg vandræði með, ef henni verður gert ómögulegt að fá lánið.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg var svo óheppinn að lenda í þessari nefnd, og jeg stend miklu ver að vígi en aðrir í nefndinni, þar sem jeg er sýslunefndarmaður einmitt í því hjeraði, sem hvað mest hefir fengið af hallærislánum, og sá hreppur, sem jeg er í, og sem jeg er einnig hreppsnefndarmaður í, hefir líka beðið um hallærislán á síðastliðnu hausti, svo mjer veitir ekki af að standa upp til að gera grein fyrir skoðun minni á þessu máli, sem byggð er á margra ára reynslu; það er líka byggt á langri reynslu, að jeg hef skrifað undir þessar tillögur nefndarinnar, sem hjer liggja fyrir.

Jeg ætla nú ekki að rekja þessa reynslu út í æsar, þó jeg gæti.

Á fiskileysisárunum 1876—77 var í nokkrum sjávarhreppum sýslunnar tekið hallærislán — þá var jeg ekki kominn í sýslunefnd—; þá hafði sýslunefndin þá skoðun, enda kom síðar ströng skipun í þá átt, að öll sýslan ætti að taka þátt í að endurgjalda þetta lán; þetta var gert, reyndar með mikilli óánægju; sumir borguðu strax, sumir seinna, sumir aldrei, en sluppu þó hjá sektum. Þá var það skoðun sumra, sem lánið höfðu tekið, að öll sýslan ætti að borga, en eptir talsvert þras varð sú niðurstaðan, að þeir hreppar borguðu, sem lánið höfðu þegið. Bændurnir í Seltjarnarneshreppi eru nú ekki ríkari en annarstaðar; þó gerðu í byrjun þessa fiskileysis eða hallæris betri bændur þar það mannsbragð, að taka nokkra ómaga árlangt fyrir utan sitt útsvar, svo að álögurnar gengju ekki úr hófi, og ekki þyrfti að taka hallærislán; en þegar við sáum, að fiskileysið hjelt áfram, og afborganir hallærislána, sem aðrir hreppar sýslunnar höfðu tekið, hjengu yfir höfðum vorum, eins og þrungið þrumuský, þá vildi jeg ekki setja mig á móti, að minn hreppur tæki hallærislán líka; við höfum ekki beðið um þetta lán að nauðsynjalausu, og lofuðum við að gera nákvæma skilagrein fyrir brúkun þess, og ætla jeg, að enginn hreppur, sem hallærislán hefir beiðzt, hafa boðið slíkt. Þetta brjef okkar er orðið opinberað hjer á þinginu; það hefir verið sent hingað af formanni amtsráðsins, og h. framsögum. (Gr. Th.) hefir víst sjeð það.

Sýslunefndin er nú sannfærð um, að sumt af hallærislánum sýslunnar hefir eigi verið sem skynsamlegast brúkað; jeg vil í þessu tilliti sjerstaklega leggja áherzlu á Vatnsleysustrandarhrepp; og sú hugsun hefir víst ríkt hjá sumum þar, eptir brjefum að dæma, sem komið hafa til sýslunefndarinnar, að slíkt lán yrði seint eða aldrei borgað.

Það er þetta og fleira, sem hefir gefið mjer tilefni til þess, að mæla fram með því, að strangar skýrslur væru heimtaðar viðvíkjandi notkun lánanna, og að lánið verði ekki veitt utanhreppsmönnum, því þeir eiga að flytjast á sína sveit. Það er reynslan, sem gerir það, að jeg gat gengið inn á þessar tillögur, því jeg sá, að eitthvað varð að gera, og að þingið hlyti að gefa þessu gaum.

Það hefir mest verið talað um 1. tillöguna, og jeg skal játa, að hún er neyðarúrræði, en hjer er úr vöndu að ráða.

Hæstv. landsh. tók það fram, að það væri þýðingarlítið, að mennirnir væru dómkvaddir, og að kostnaðurinn við þessa skoðunargjörð þeirra mundi geta orðið ærið þungbær, og hann benti á, að menn mundu máske hafa undanbrögð og leyna mat eða efnum sínum, og að lánbeiðslur

mundu fremur koma á fyrra ári fjárhagstímabilsins, ef von væri á, að þær á síðari árinu lægju undir þingið; en ef vjer getum gert ráð fyrir prettum, þá er þess meiri þörf á að vara sig á stofnu tímans; en ef sýslufjelögin vita það, að slík skoðun fer fram á þeirra kostnað, þá koma þau síður til að biðja um hallærislán, fyr en í fulla hnefana, því fyr á það aldrei að eiga sjer stað. Það er virkilega ástæða til að takmarka svo sem auðið er aðgangin til hallærislánanna; það virðist líka allt ástand í landinu benda á það, að vjer eigum að vera vakandi en ekki sofandi. Ef enginn eyrir væri til í viðlagasjóði, og landið væri komið í skuld, svo stór lán þyrfti að taka, þá mundi þingið ekki geta annað gert en að leita láns hjá útlendum þjóðum—því hjer er ekki um neina auðmenn að ræða í landinu sjálfu,—og kannske veðsetja allt landið eða meira eða minna af fasteignum landsins.

Hvað snertir 7. tölul., þá er það að vísu hart undir þessum kringumstæðum, og ef skynsamlegar breytingar yrðu gerðar á þessum tölulið til 2. umr., þá mundi jeg greiða atkvæði með þeim.

Jeg verð að halda, að Húnavatnssýsla mundi hafa komizt af án þessa 7000 kr. láns, sem hún skuldar nú, og að hún hefði ekki tekið það lán, ef hún hefði vitað fyrir forlög sín nú, eða sem nú eru fram komin, og þetta sannar, að þar muni, ef til vill, hið sama hafa átt sjer stað, eins og líka í Kjósar- og Gullbringusýslu, og máske víðar, að lánin eru tekin og gjafirnar þegnar fyrir tímann, og þannig er tekinn bitinn frá munni þeirra, sem enn ver eru staddir; ef þetta hefði ekki verið gert, þá gæti nú, ef til vill, verið til dálítill sjóður af gjafapeningum, sem úr mætti hjálpa þeim, sem helzt þyrftu þess við. Það er hlutaðeigendum fyrir beztu, að hinnar mestu varkárni sje gætt í þessu efni.

Lárus Halldórsson: Jeg er sammála þeim h. þm., sem talað hafa í þessu máli, að þetta sje sannarlegt vandræðamál; þessi hallærislán eru orðin allt of tíð; það er beðið um þau stundum að því er virðist um skör fram, og þeim hefir, að minnsta kosti stundum, verið óhaganlega útbýtt; þetta hefir gefið tilefni til þess, að málið er komið inn á þingið, og nefndin hefir komið fram með tillögur þessar til þess að þessi hallærislán verði hjer eptir takmörkuð meir en verið hefir. En þótt þessu sje nú þannig varið, þá er vel aðgætandi, að það er mjög varúðarvert fyrir þingið, að gefa sig mikið inn í þetta mál. Hjer liggja auðsjáanlega fyrir tveir afvegir; annar sá, að aðgangurinn að lánunum sje of greiður, en hinn sá, að hann sje of torveldur, svo hallærislán ef til vill alls ekki geti fengizt, þó sannarleg neyð sje fyrir hendi, eða að minnsta kosti þá ekki fyr en um seinan. Það væri auðvitað æskilegast og bezt, að allir væru sjálfbjarga, en nú er það því miður ekki, og í stjórnarskrá vorri stendur, að sá maður, sem ekki geti sjeð fyrir sjer og sínum, skuli eiga rjett á að fá styrk úr almennum sjóði. Hver einstakur maður á aðgang að sínu sveitarfjelagi; en ef sveitarfjelagið ekki getur risið undir þeim byrðum, sem þannig leggjast á það, þá snýr sveitarfjelagið sjer til sýslunefndarinnar, og hvaða ráð er svo fyrir hendi fyrir sýslunefndina, ef einn eða fleiri hreppar verða þannig ósjálfbjarga og hungursneyð vofir yfir þeim, annað en að leita hallærisláns? Þar sem h. framsögum. (Gr. Th.) benti á, að sýslunefndirnar gætu snúið sjer til landsbankans, þannig, að efnaðir menn lánuðu jarðir sínar í veð fyrir láni, þá geta hvorki hreppsnefndir nje sýslunefndir með neinni skyldu heimtað slíkt af þeim. Það er æskilegt, að sýslunefndirnar sjeu varkárar í því að biðja um hallærislán, og rannsaki nákvæmlega ástandið í sýslunni áður en þær taka þetta ráð, en þær mega heldur ómögulega gleyma þeim mikla á-

byrgðarhluta, sem á þeim liggur. Jeg hef heyrt eina sögu af vesturlandi, úr Ísafjarðarsýslu; hreppsnefndin í einum hreppi skoraði á sýslunefndina að útvega hallærislán; sýslunefndin segir nei, og í þessari sömu sveit er sagt, að 30 menn hafi dáið úr hungri. Sje þessi saga sönn, þá sjest bezt, hvort ábyrgðarhluti sýslunefndanna ekki getur orðið þeim þungbær. Það er því að minni skoðun mjög hættulegt, að binda hendur landsstjórnarinnar svo ströngum skilyrðum, að hún geti ekki hjálpað hvað sem á liggur, fyr en kannske seint og síðar meir, því mannslífið, enda þó ekki sje nema eitt mannslíf, er meira vert en fáeinar krónur, og jafnvel þúsundir króna.

Það hefir verið talað svo mikið og greinilega um hinar einstöku tillögur, sjerstaklega af hæstv. landsh., að jeg hefi þar litlu við að bæta. Jeg skal að eins taka það fram viðvíkjandi þessum aðfengnu, dómkvöddu mönnum úr fjarlægu hjeraði, —því opt getur svo staðið á, að þeir geti ekki verið úr næstu sýslum—, að bæði verður sá kostnaður óhæfilega mikill og árangur skoðunarinnar, þar sem allsendis ókunnugir menn framkvæma hana, engu meiri,—ef ekki minni—, en ef hreppsnefndirnar og sýslunefndin gæfi þar um nákvæma skýrslu.

Hvað snertir 7. tölul., sem sje það, að sinna ekki lánbeiðslunum úr Húnavatns og Skagafjarðarsýslum, þá hefir hæstv. landsh. og fleiri sýnt, að slíkt getur varla komið til tals, og með allri virðingu fyrir þessum eina sýslunefndarmanni úr Húnavatnssýslu, þá get jeg ekki lagt svo mikið upp úr brjefi hans, og víst ekki heldur h. þingd., að tekið sje meira tillit til hans en allra hinna sýslunefndarmannanna, sem lánsins hafa beiðzt.

Jeg held h. framsögum. (Gr. Th.) hafi komizt svo að orði, að hællærislánin væru rangsleitni gegn þeim sýslufjelögum, sem reyndu í lengstu lög að komast af án þeirra. En þetta gildir ekki um annað en of auðveldan aðgang að hallærislánum, og sannar ekki, að það sje rjett, annaðhvort að aftaka lánin, eða binda þau þeim skilyrðum, sem reynzt gætu óframkvæmanleg í einstökum tilfellum. Það er auðvitað, að engin sýslunefnd á að biðja um hallærislán um skör fram, en jeg ætla, að jafnvel þau sýslufjelög, sem eru ófúsust til að biðja um lánin, muni þó vilja eiga aðgang að þeim, ef í nauðirnar rekur.

Að endingu get jeg ekki stillt mig um að taka undir með h. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.), að það væri ekki undarlegt, þó þetta mál og þessar tillögur væri mestmegnis sprottið af umhyggju h. framsögum. (Gr. Th.) fyrir því, að landssjóðurinn tapi sem minnstu; hann hefir ekki þingmanna sízt hvöt til þess að gæta hans vel, og heldur auka efni hans ef hægt er, með tollum og öðru, þegar litið er til hans góðu frammistöðu hjerna um árið í því, að svipta landssjóð lestagjaldinu, og þess tekjumissis, sem landssjóður hefir orðið fyrir, síðan þau lög komu út.

Sigurður Stefánsson: Jeg hefi nú um stund hlýtt á ræður manna í þessu máli, og hefir, sem öllum öðrum, virzt um sannarlegt vandræðamál að fjalla; jeg hefi jafnan álitið, og álít svo enn, að hallærislánin sjeu sönn landplága, og jeg álít að sú landplága ætli nú að fara að harðna, ef hafa skal stjórnarskrána til að heimila þau og helga.

En ætli það sje nú rjett, að 52. gr. stjórnarskrárinnar gefi heimild til hallærislána? Jeg fyrir mitt leyti skil þessa gr. svo, sem hún eigi við allt annað, og gefi enga heimild til að skoða landssjóðinn sem sveitarsjóð, eins og h. 2. þm. S.-M. (L. H.) gjörði.

Jeg held hún veiti að eins þeim, sem eigi geta sjeð fyrir sjer og sínum, rjett til styrks úr sveitarsjóði.

Hvað nefndarálitið snertir, þá hefir h. framsögum. svarað fyrir það að flestu leyti, og jeg held öllum komi saman um það, að tilgangurinn sje góður og lofsverður, sá tilgangur, að takmarka hallærislán og hallærislánabeiðslur.

Jeg er á því, að ekki hafi hungurdauði ætíð vofað yfir, þegar hallærislán hefir verið veitt, en það ætti alls ekki að veitast nema til að afstýra vissum hungurdauða. Jeg álít ekki hæfa, að veita lán til þess að koma fólki til Ameríku, enda ætti ekki að nefna slíkt lán hallærislán, heldur kalla það beinilínis útflutningalán, en hafa ekki hallæri að yfirskyni við lánbeiðsluna.

Eptir skjölum og skýrslum úr Húnavatnssýslu hefir ekki fallið þar helmingur sauðfjár, að einum 2 eða 3 hreppum undanskildum, en það er kunnugt, að hún hefir verið talin með fjárríkustu sýslum á landinu, og er því allmargt fje enn eptir, svo að engin ástæða er til að óttast, að hungurdauði vofi yfir. Úr Skagafirði eru skýrslurnar með öllu ónógar, því þær geta að eins þess, hve margt fje hafi fallið, en nefna ekki, hvað margt lifi eptir. Þess skal enn fremur getið, að það voru 3 hreppar í Húnavatnssýslu, sem nefndin hafði ekki skýrslur úr.

Varaforseti gat þess, að það væri stundum undir kaupmönnum komið, hvort menn hjeldu lífi eða ekki; jeg skal játa þetta satt að vera, en jeg hefi það einnig fyrir satt, að kaupmenn, sumir hverjir að minnsta kosti, sjeu þess engan veginn letjandi, að menn fái hallærislán; kaupmenn hafa stundum hvatt menn sem mest þeir máttu, til að fá hallærislán; og hafa þeir fráleitt gjört það af eintómri hjartagæzku við hina svöngu, heldur einnig með fram í þeirri von, að þeir þá mundu fremur fá eitthvað greitt af skuldum sínum.

Það er satt, að ekki er ætíð gott að sjá fyrir, hvort hallæri muni koma; t. d. bað Gullbr. og Kjósarsýsla um 20,000 kr. lán í fyrra til að afstýra hungurdauða, og h. varaforseti studdi það mál hjer á þingi, en enginn mun þó hafa fallið úr hor eða hungri í þessari sýslu, þó þetta lán ekki fengist.

Hallærislánin stafa ekki eingöngu af harðærinu á seinni árum, heldur af þeim forsmekk hallærisgjafa, sem menn fengu við samskotin frá útlöndum um árið. Þessi samskot voru gjörð í bezta tilgangi, en þau hafa orðið oss sannarleg hefndargjöf, því nú má heita að það sje síðan orðinn »móður«, að biðja landssjóð um hallærislán, jafnskjótt sem menn ekki hafa allsnægtir.

Jeg skal játa það, að tillögur nefndarinnar eru harðar, en hjer má segja »góðmennskan gildir ekki«; þó er jeg til með að slaka til um 7. lið, en hreint ekki annarsstaðar. Því væri lántaka þessum skilyrðum bundin, er jeg viss um að margir þeir, sem nú eru fljótir á sjer að biðja um hallærislán, yrðu seinni til þess. Jeg er viss um, að margir hefðu látið ógjört að biðja um hallærislán, ef þessi skilyrði hefðu verið höfð undanfarin ár, og jeg er líka viss um, að menn hefðu samt ekki dáið úr hungri. En nú hafa menn beðið um hallærislán í þeirri von, að fá fyrst lausn frá að greiða vexti, síðan afborgun, og kann ske á endanum sleppa við að borga nokkuð af láninu; já ef til vill allt. Því er líkt varið með hallærislánafeng eins og sveitarstyrk; sá sem hann hefir þegið, glatar venjulega sóma- og sjálfstæðistilfinningu sinni, þarfir hans vaxa eptir því, sem hjálpin er auðfengnari, og loks leggur hann árar í bát með öllu. Reynslan er þegar farin að sýna, að hallærislán hafa sömu verkun á þau sýslufjelög, er þau hafa fengið, eins og sveitarstyrkur hefir á einstaka menn.

En reynslan hefir einnig sýnt fleira athugavert; hún hefir sýnt, að hallærislánunum hefir verið varið allt annað en rjettilega; þess eru dæmi, að efnamennirnir

hafa lagt undir sig hallærispeningana, en skammtað svo aumingjunum eptir geðþótta með uppskrúfuðu verði, já sveitarnefndir hafa jafnvel brúkað þau til jarðakaupa og til að lána öðrum hreppum. Þegar þetta og annað eins kemur fyrir, þá er full ástæða til fyrir löggjafarvaldið og landstjórnina, að gjöra hallærislán svo torfengin sem frekast má. Þessi orð get jeg sannað hve nær sem vera vill, af skjölum sem jeg hef, en hirði eigi að lesa upp að sinni.

Þá þarf jeg að svara h. 2. þm. S.Múl. (L. H.) upp á þá makalausu sögu, sem hann kom með úr Ísafjarðarsýslu, og sem var aðalmergurinn í ræðu hans, sem annars var endurtekning á því, sem áður var búið að segja. Fyrst og fremst skal jeg lýsa því yfir, að jeg veit ekki til að nokkur maður hafi dáið úr hungri í Ísafjarðarsýslu á þessu ári. En hitt var satt, að þar bað einn hreppur um hallærislán, annaðhvort í marz eða apríl, en hann lagði ekki fram svo mikið sem gómstórt blað, til að skýra frá ástandinu eða orsökum til lánbeiðslunnar. Nú vil jeg spyrja: mundi h. 2. þm. S.-Múl. (L. H.) vilja greiða atkv. hjer á þingi með því, að þingið veitti hallærislán, þó eitt einasta sýslufjelag beiddi þess, án þess að gefa neinar skýrslur um ástandið? En þó verður þm. að játa, að eitt hreppsfjelag er líkt gagnvart sýslunefnd, sem eitt sýslufjelag gagnvart þinginu. Satt er það, að sýslunefndir hafa ábyrgð í þessu máli, en þær hafa ábyrgð í fleiru en einu tilliti; þær eiga að gæta þess, að menn ekki deyi úr hungri, það muna allir; en þær eiga líka að gæta þess, að sinna ekki ópörfum hallærislánabeiðslum. Mjer er það kunnugt sem sýslunefndarmanni, að Sljettuhreppur bað hjer um árið um hallærislán og fjekk það ekki, og leið öllum vel í honum þó svo færi, en mjer er það líka kunnugt, að þessi hreppur hefir hingað til verið einn hinn bezt standandi í sýslunni; lausir og liðugir menn þar hafa átt fje í sparisjóði, og margir bændur átt inni í kaupstað. Mjer er það líka kunnugt sem sýslunefndarmanni, að sýslunefndin hafði ekki fyrir sjer neinar hallærisskýrslur úr nefndum hreppi, en hún hafði fyrir sjer sveitarskýrslur úr honum, og þær sýndu allt annað en hallæri; þær sýndu að hæsta útsvar hafði þar verið 30—40 kr. á næstliðnu hausti á efnuðustu mönnunum.

Sumum kann að virðast, að sýslunefndum beri að hlaupa til og fá hallærislán jafnskjótt sem einhver hreppur kvartar, en sýslunefndin í Ísafjarðarsýslu skoðaði þetta á annan veg.

Og hvað sem h. 2. þm. S.-Múl. (L. H.) segir, ætla jeg að sýslunefnd Ísafjarðarsýslu muni hvorki þurfa að standa bleik nje rauð fyrir honum eða nokkrum öðrum, sakir aðgerða sinna í þessu máli.

Þau orð hans, að fólk hafi fallið úr hor í Ísafjarðarsýslu, fyrir aðgerðir sýslunefndarinnar, lýsi jeg hrein og bein ósannindi, og þm. hefir enga heimild til að sletta slíkum sögum hjer á þingi, sem beinlínis eru ærumeiðandi fyrir hlutaðeigendur.

Lárus Halldórsson: Jeg sal benda h. 1. þm. Isf. (S. St.) á það, að það er engin afsökun fyrir sýslunefndina, þó henni þætti ekki nægar skýrslur koma fram; hún átti sjálf að athuga ástandið og afla sjer skýrslna, því það er skylda hennar að gæta þess, að fólk falli ekki úr hor; en hvað söguna sjálfa snertir, þá hefi jeg hana eptir áreiðanlegum manni, sem jeg ekki rengi, enda mun þessu máli, ef til vill, verða hreift á öðrum stað.

Framsögumaður (Grímur Thomsen): Jeg skal játa það, að þingm. Húnavatns- og Skagafjarðarsýslna er vorkun, þó þeir tali máli kjördæma sinna, og jeg kannast við að þeir hafi góða og gilda ástæðu til þess að vilja vinna sýslum þessum í hag.

Jeg tek það ekki illa upp fyrir þingm. Skagfirðinga, þó hann sæti þessu lagi til að svala sjer persónulega á mjer; jeg ámínni hann einasta um það, að hlífa mjer ekki; jeg skal taka því öllu með rósemi og halda mjer við efnið, því það álít jeg rjettara. En af því enginn minnist á hag landssjóðs, ætla jeg að taka það fram, að útistandandi hallærislán eru um 73000 krónur. Á síðasta fjárhagstímabili hafa 37600 kr. af því verið vaxtalaus; um skilvísi á afborgunum er hreint ekki að tala. Og nú biður Vindhælishreppur um uppgjöf á hallærisláni, sem hann áður fjekk; bænarskráin liggur á lestrarsalnum; en h. 1. þm. Húnv. (E. Br.) segir þó, að Húnvetningar hafi borgað þetta lán upp í topp. Þetta kann sýslunefndin nú að hafa gert í bráðina, en auðsjeð er þó af bænarskránni, að Vindhælishreppur að minnsta kosti vildi helzt sleppa frá að greiða skuldina. En þar sem h. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) enn fremur ljet á sjer skilja, að ekki væri hægt að fá fje í bankanum, þá vil jeg benda honum á það, að ef bankinn er uppiskroppa, þá kann vera, að þurrð sje í landssjóði líka.

Jeg legg áherzlu á það, að ekki er sjáanlegt, að landssjóður hafi neina reiðupeninga til við árslok 1887. Auk þess liggja nú fyrir þinginu ýms áríðandi mál, sem útheimta fjárframlög úr landssjóði, t. d. brúamálið, lagaskólinn o. fl.; jeg veit ekki betur en að það sjeu áhugamál bæði þings og þjóðar; en hvaðan á að taka fje til að gera brýrnar, ef ausa skal þúsundum og aptur þúsundum út til hallærislána? Það er engu líkara, en að þingm. hugsi að eins um Húnavatns- og Skagafjarðarsýslur, en gleymi landssjóði gjörsamlega. Þingm. verða að fyrirgefa mjer, þó mjer þyki ekki góðir kostir, að landssjóður vegna hallærislána verði að segja upp þeim lánum, er vextir hafa goldizt skilvíslega af til þessa. Og auk þess verða þeir að gæta þess, að þó þetta ráð væri tekið, þá er ½ árs uppsagnarfrestur á lánunum, svo þetta fje kæmi of seint til að bæta úr þeirri þörf — ef þörf er —, sem hjer er um að ræða, því það yrði ekki fyr en seint á árinu 1888.

Loks ætla jeg með fáum orðum að verja tillögur nefndarinnar. Hún hefir haft fyrir sjer skýrslur, sem eru þannig lagaðar, að þegar maður les þær, þá getur manni ekki dulizt, hve fullkomlega óhæfir höfundar þeirra eru til að gefa skýrslur um ástandið í sínum hreppi.

Jeg ætla að leyfa mjer að lesa upp orð eins heiðarlegs hreppsnefndaroddvita í Snæfellsnessýslu; hann segir svo í skýrslu sinni:

»Hungurdauði er vís, nema við sje gert; en það er ómögulegt, nema með því að taka á lánskorninu; en það þori jeg ekki«.

Jeg vil biðja h. þingdm. að taka eptir þessu. Hinn sami segir enn fremur, að ómögulegt sje að geyma kornið og það verði heldur ekki flutt kostnaðarlaust. Enginn þurfalingur fæst til að flytja kornið án borgunar; er ekki þetta eptirtektavert? Er ekki nefndinni vorkunn, þó hún efist um, að mönnum sje trúandi til að gefa skýrslu úr sinni sveit, þegar hún sjer, að það heimili er talið bjargarlaust, sem 3 menn eru á, en 6 pottar af mjólk eru til á dag, og þar fyrir utan dálítið af korni, káli og ½ tunna af skyri?

En svo er annað, og það er þessi mikla hungursneyð, sem átti að vera í Strandarhreppi; en þó sagði amtsráð, að ekki væri um neina bersýnilega hungursneyð að ræða þar. Samt er beðið um 1500 kr. lán.

Í Strandarhreppi hefir hallærislánum sumpart verið varið til »bókakaupa« — það læt jeg nú allt vera —, sumu hefir verið varið til að lána Reykholtshreppi; en svo eru 307 kr. eptir; fyrir þeim er gerð svolátandi grein:

»Hvað viðvíkur þeim 307 kr., sem í

skýrslu hreppsnefndarinnar eru taldar ógreiddar í fardögum, þá ímynda jeg mjer, að það *lítilræði* hafi verið að mestu upp unnið til hjálpar bjargþrota heimilum«.

Höfundur skýrslunnar segist halda — hann veit það ekki —, að þetta, sem hann kallar *lítilræði*, hafi verið upp unnið. Þegar nú nefndin hafði slíkt og þvílíkt fyrir framan sig, er þá nokkur furða, þó hún treysti ekki sem bezt skýrslum lántakenda sjálfra?

Hvar er skýrsla um útsvar í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum? Ætli það hefði átt illa við, að leggja hana hjer fram? Jeg man þó, að í fyrra, þegar rætt var um lán til Gullbringu- og Kjósarsýslu, þá sagði h. 1. þm. Húnv. (E. Br.), að slíkar skýrslur ættu að koma fram; mætti því ætla, að hann nú hefði þær á reiðum höndum fyrir sitt kjördæmi.

Jeg skil ekkert í því, að jafndrengilegir menn, sem Húnvetningar og Skagfirðingar eru, skuli nú láta sjer jafn-slælega fara. Það er þó haft eptir þeim, að þeir hafi sagt: »Jú, harður er hann, en harðir taka við«. Hafa þeir nú gleymt þessum orðum? eða eru þeir nú eigi lengur svo harðir sem fyr?

Páll Briem: Jeg ætlaði ekki að tala í þessu máli, einkum vegna þess, að jeg bjóst við, að það kæmist til 2. umr.; en af því jeg er farinn að efast um það, þá ætla jeg að mæla nokkur orð.

Jeg virði vel þann tilgang, sem nefndin hefir haft með því, að vilja gera mönnum örðugt að fá hallærislán; en jafnframt virðist mjer, að þau skilyrði, sem nefndin setur, sjeu engan veginn heppileg; mjer finnst þau lýsa svo miklu vantrausti á mönnum, að þingið ómögulega geti látið slíkt frá sjer fara; ef dómkvaddir menn endilega ættu að rannsaka ástand manna, þá væri þó lagi nær, að það væru hinir valinkunnustu menn í sýslunni, heldur en að sækja þá til fjarlægrar sýslu með ærnum kostnaði.

H. framsögum. (Gr. Th.) hefir komið með ýmsa bitlinga viðvíkjandi Snæfellingum, t. d. að þeir væru fúsari til að biðja um lán en horga þau. Þeir hafa þó fengið um 10,000 kr. lán, en ekki standa nema 5000 eptir, svo einhvern tíma hafa þeir eitthvað borgað; en það, að þeir ekkert hafa borgað á þessu fjárhagstímabili, en neyðast til að biðja um lán bæði í fyrra og eins í ár, það bendir á, að þeir muni vera í bágindum nú sem steudur.

Þegar h. framsögum. (Gr. Th.) var að lesa upp úr skýrslum Snæfellinga, þá tók hann ekki af betri endanum; en skýrslur þessar sýna einmitt, að varúðarvert er að vera strangur í kröfum við Snæfellinga; en þó að hreppsnefndaroddvitinn ekki þyrði að taka til lánskornsins fyr en búið var að leyfa það, þá er það alls ekki tiltökumál.

En skýrslurnar sýna, að þar eru 30 heimili, sem enga matbjörg hafa, og ef jeg lít á eina þeirra, þá stendur þar: »3 börn, engin matbjörg«, og ef jeg lít á aðra, þá stendur þar: »4 börn, engin matbjörg« o. s. frv.

H. framsögum. (Gr. Th.) talaði um jarðeigendurna í Húnavatnssýslu; en hver er mestur jarðeigandi í Snæfellsnessýslu? Hver á þar flestar og beztar jarðir? Það er landssjóður, og hverjum stendur nær að hjálpa landsetunum, en sjálfum landsdrottninum?

Til mín kom að eins ein hallærislánbeiðsla úr Dalasýslu, en mjer datt ekki í hug að kveðja utanhreppsmenn til að gefa skýrslu um ástandið í hreppnum, sem lánsins beiddist, heldur trúði jeg hreppsbúum sjálfum fyrir því. Mjer finnst, að þingið gæti heimtað ítarlegar skýrslur um allt ástand lánbeiðenda, og þær væri líka hægt að láta í tje.

Fyrst þegar hallærislán voru veitt, var það nákvæmlega brýnt fyrir sýslunefndum, að sjá um, að menn ekki dæju úr hungri; ginntust margir þá til að taka meira lán

en nauðsynlegt var, ef til vill meðfram af því, að þeir hafa vonazt eptir að þeir þyrftu aldrei að borga það.

En nú eru menn komnir á aðra skoðun; nú vita menn, að uppgjöf fæst ekki á lánum, og fara því að hægja á sjer að taka til láns.

Nú er harðæri meira en á undanförnum árum, svo illa á við að þvertaka nú fyrir öll lán nema með svo hörðum skilyrðum, að lítt aðgengilegt sje; það væri betra að hrinda smámsaman í horfið.

Eins og h. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) tók fram, þarf að fara gætilega í að breyta þeim reglum, sem fylgt hefir verið um langan tíma.

Ein er sú bænarská, sem nefndin hefir ekki nefnt á nafn, en sem hún þó hlýtur að vita af.

Dalasýsla hefir beiðzt þess, að hún mætti vinna af sjer hallærislán sitt með vegagjörð í sýslunni.

Þetta væri alveg nauðsynlegt að veita, því ella mun Dalasýsla eiga ómögulegt með að greiða sitt lán.

Snæfellingar geta ómögulega goldið sitt lán nú, og ef ekkert er gert til að hjálpa þeim, þá má búast þar við hinum mestu vandræðum.

Það hefir verið tekið fram, að hart væri að ætlast til þess, að landssjóður legði fje til útflutningsgjalds fyrir gjaldþrota fólk; en það er líka sannarlega hart, ef beztu menn sveitarinnar sjá þau ein úrræði, að flýja burt, annaðhvort alveg af landi burt, eða til annara skárri sveita.

I Snæfellsnessýslu leikur mönnum mjög hugur á að komast af landi burt; hjer þarf einhverra umbóta við, og ástandið er mjög íhugunarvert, en jeg sje eigi, hvernig úr verður ráðið.

Framsögumaður (Grímur Thomsen): Jeg mundi ekki hafa lengt umræðurnar, ef h. þm. Snæf. (P. Br.) hefði ekki staðið upp; en jeg skal leyfa mjer að leiðrjetta að nokkru hjá honum það sem hann minntist á kornlánið. Það stóð svo á því, að keypt hafði verið korn fyrir nokkuð af því 2500 kr. láni, sem Snæfellsnessýsla hafði fengið 1886, en sýslumaður hafði bannað að snerta það, og þó er þetta hallærislán, og þó er sagt, að hungursneyði vofi yfir, og þó ber einn hreppsnefndaroddviti sig upp undan því, að ekki sje hægt að geyma kornið kostnaðarlaust fyrir sveitina. Þrátt fyrir allt þetta er kornið geymt, en fengnar 2200 kr. að láni af nýju. Hinn sami hreppsnefndaroddviti, sem jeg nefndi áðan, kvartar og yfir, að ekki sje hægt að flytja kornið til sín kostnaðarlaust. Svona er ástandið og svona eru skýrslurnar. Menn, sem hungursneyð þrýstir að, vilja ekki sækja korn um stuttan veg sjer til bjargar, nema þeir fái borgun fyrir að flytja það heim til sín.

Jeg skal leyfa mjer að spyrja h. þm. Snæf. (P. Br.), hvort hann hefði ekki haldið frjálsan Þórnesfund í vor, og hvort þar hefði ekki komið fram tveir menn, annar úr Eyrarsveit en hinn úr Breiðuvíkurhreppi, sem lýst hafi svo árangrinum af hallærislánunum, að þeir segðust iðrast þess, að þau hefðu nokkurn tíma verið tekin, og að sveitinni mundi ekki betur borgið eptir en áður? *(Páll Briem:* Jeg tók ekki eptir því). Það voru þá aðrir, sem heyrðu það. H. þingm. (P. Br.) játar sjálfur, að Dala og Snæfellsnessýsla geti ekki borgað lánin, og því vill hann láta þær vinna þau af sjer. Jeg skil ekki 52. grein stjórnarskrárinnar eins og h. 2. þm. S.-Múl. (L. H.), því að þó sá skilningur væri lagður í hana, að landssjóður ætti að styrkja þurfamenn landsins, þá væri það með gjöfum en ekki með lánum, og þá ætti að koma með gjafabænir til hans, en ekki með lánbeiðslur.

Skal jeg svo ekki fjölyrða meir um þetta mál, en fela það h. þingd. á vald.

Árni Jónsson: Jeg óska að gera stuttlega grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli, og skal jeg þá lýsa því yfir, að jeg er

nefndinni samdóma í öllu verulegu. Mjer þykir engu síður en öðrum hallærislánin leiðust allra lána, og jeg veit til þess, að þau hafa ekki ætíð komið niður á þeim einum, sem voru svo fjarskalega nauðlíðandi eða þurfandi fyrir þau, og sömuleiðis er jeg öðrum samdóma um það, að þau hafi víða verið brúkuð ver en vera skyldi; því væri það æskilegt, að þau yrðu takmörkuð sem allra mest. En allt um það get jeg þó ekki fellt mig við fyrstu tillögu nefndarinnar. Sá vegur, sem þar er bent á, er bæði langsóttur og erfiður til framkvæmda. Hallærislán ætti alls ekki að veita nema í einstökum tilfellum, þegar brýna nauðsyn ber til. En slík atvik geta, því miður, fyrir komið, að ekki sje annara ráða í að leita. En þá mun svo skjót þörf að bæta úr skortinum, að ekki er tími til að fara alla krókaleið nefndarinnar. Mjer dettur í hug annar greiðari vegur. Það munu optar vera að eins einstakir hreppar í sýslu, sem biðja um hallærislán, en ekki sýslan öll, og þá mundi mega fá menn úr hinum hreppum sýslunnar til að kynna sjer ástandið. Jeg sje eigi betur, en að þeim væri fullkomlega til þess trúandi, því að það mun optar vera svo, að þeir berjist á móti því eins og hægt er, að hinir hreppar sýslunnar fái hallærislán fyr en í fulla hnefana. Í öðru lagi ætti að heimta sem nákvæmastar skýrslur um allt ástand lánbeiðenda, áður en lán sje veitt. Þetta mundi ef til vill reynast allt eins heppilegt og að sækja skoðunarmenn í fjarlægar sýslur, en yrði að mun kostnaðarminna. Sömuleiðis vildi jeg, að hreppurinn, sem lánsins beiðist, greiddi kostnaðinn við skoðunargjörðina, en ekki allt sýslufjelagið. Það finnst mjer ósanngjarnt. Það eru ærið mörg dæmi er sýna, að menn mega vera varasamir við hallærislánaveitingar. Eins og betur fór, sýndi það sig, að ekki varð þörf á því hallærisláni, 20,000 kr., sem á síðasta þingi var beðið um handa Gullbringusýslu og talin brýnasta þörf á þá; og það mun ekki eins dæmi. Jeg ber það traust til landsstjórnarinnar, að hún framvegis gangi betur eptir hallærislánagreiðslum, og yfir höfuð hafi vakandi auga á hallærislánabænum.

Skal jeg svo ekki þreyta menn á lengri ræðu, af því fundurinn er orðinn svo langur, en vona að eins að það heppnist að koma með breytingartillögur til næstu umræðu, sem geti beint málinu í heppilegra horf, en fyrsta tillagan er, sem jeg þess vegna eigi get greitt atkvæði með.

ATKVÆÐAGR.: 1. tillaga nefndarinnar samþ. með 12 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkvæðagreiðsln, og sögðu

já:	*nei:*
Benidikt Sveinsson,	Jón Þórarinsson,
Grímur Thomsen,	Páll Ólafsson,
Gunnar Halldórsson,	Árni Jónsson,
Jón Jónsson,	Eiríkur Briem,
Jónas Jónassen,	Lárus Halldórsson,
Ólafur Pálsson,	Ólafur Briem,
Sigurður Stefánsson,	Páll Briem,
Sveinn Eiríksson,	Sigurður Jensson,
Þorl. Guðmundsson,	Þórarinn Böðvarsson,
Þorleifur Jónsson,	Þorsteinn Jónsson.
Þorv. Bjarnarson,	
Þorvarður Kjerulf.	

2. till. nefnd. samþ. með 14 atkv.
3. — — — — 15 —
4. — — — — 20 —
5. — — — — 15 —
6. — — — — 13 —
7. — — felld — 13 — gegn 6.

Tillögunni vísað til síðari umr. með 20 atkv.

Þrítugasti og fyrsti fundur, miðvikudag 3. ágúst á hád.

Frumvarp til fjárlaga fyrir 1888 og 1889 (C. bls. 1 og nr. 217, 223); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Allir h. þingm. hafa álit nefndarinnar fyrir sjer og sjá tillögur hennar, og af því þetta er 1. umr., ætla jeg ekki að fara fleirum orðum um það.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frumvarp til laga um styrktarsjóði handa alþýðufólki (59, 136); 2. umr.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Eins og menn sjá, hefir nefndin ráðið til nokkurra breytinga, sem reyndar eru fæstar verulegar efnisbreytingar; nefndin fjellst á þá aðalhugsun frumv., að leggja dálitið gjald á þá menn, sem sjaldan greiða nein önnur gjöld, en sem á hinn bóginn eru færir um að bera dálitið tillag, til þess að styðja að því, að ef þeir síðar í elli sinni skyldu verða ósjálfbjarga, að það þá lendi ekki allt á öðrum.

Þar sem farið var fram á það í 2. gr., að miða þetta gjald við kauphæð hvers einstaklings, þá þótti nefndinni það mjög vandhitt og umsvifamikið, því bæði eru mjög miklir erviðleikar á þessu, og svo er líka vandhæfið, hvað menn skilja við orðið »kaup«, hvort t. d. föt eru talin með í því, eða hjúið verður að afla sjer þeirra sjálft, því í þessu er misjafnri reglu fylgt í ýmsum pörtum landsins. Nefndin vildi því komast hjá þessu með því, að ákveða hæð gjaldsins, 1 kr. fyrir hvern karlmann og 30 a. fyrir hvern kvennmann, sem að mestu leyti samsvarar því, er stungið var upp á í frumv., en er miklu ákveðnara. Undan skildir eru þeir, sem ómaga hafa fram að færa á verkum sínum, því þeir eru ekki álitnir færir um, að bæta þessu gjaldi á sig; einnig má álíta, að þeir, sem ala börn upp, ali sjer upp styrktarmenn í ellinni; heilsulausir menn eru og undanþegnir, og þeir, sem tryggt hafa sjer fje til framfæris eptir 65 ára aldur, þá má byggja á því, að þeir ekki muni verða öðrum til byrði; en þegar óttast má, að þeir muni verða öðrum til þyngsla, þá er gjaldið lagt á þá. Þetta verður til þess, að glæða þá hugmynd hjá mönnum, að hverjum einum beri að leitast við, að vera sjálfbjarga, og ekki öðrum til þyngsla.

Fyrst gjaldið er fast ákveðið í 2. gr., þá fellur 3. gr. í burtu. Í 4. og 5. gr. eru engar verulegar breytingar; sömuleiðis ekki heldur í 6. gr.; að eins miða þessar breytingar til þess, að gera framkvæmd laganna auðveldari. Nefndinni virtist óhætt, að trúa hreppsnefndunum og bæjarstjórnunum fyrir að leggja fullnaðarúrskurð á það, hverjir sjeu rjett settir á gjaldendaskrá; þessi upphæð nemur hvort sem er svo litlu.

Við 7. gr. þótti nefndinni betra, að gera þá breytingu, að fjeð skyldi lagt í einhvern sjóð, sem ávaxtaði almannafje. Við síðari lið 7. gr. hefir nefndin einnig gert nokkra breytingu, sem henni virtist haganleg, þar sem það er nú þegar ákveðið, hvenær og hvernig sjóðirnir skuli verða notaðir. Með því að draga það eigi lengur en 10 ár, er fyrir því sjeð, að hver, sem nokkuð verður að gjalda til styrktarsjóðanna, getur og gert sjer von um, að fá seinna nokkurn styrk úr þeim. Við 8. gr. er orðabreyting, og sömuleiðis við 9. gr.

Jeg vona svo, að jeg þurfi ekki að fara fleiri orðum um þetta mál, og að það fái góðar undirtektir hjá h. þingdeild.

ATKVÆÐAGR.:

1. gr. óbreytt samþ. með 17. atkv.
   Breyt.till. nefnd. við 2. gr. samþ. með 21 atkv.
2. gr. frumv. þar með fallin.
   Breyt.till. við 3. gr. samþ. með 20 atkv.
3. gr. frumv. þar með fallin.
   Breyt.till. nefnd. við 4. gr. samþ. með 20 atkv.
4. gr. þannig breytt samþ. með 20 atkv.
   Breyt.till. nefnd. við 5. gr. samþ. með 20 atkv.

5. gr. þannig breytt samþ. með 20 atkv.
Breyt.till. nefnd. við 6. gr. samþ. með 20 atkv.
6. gr. frumv. þar með fallin.
Breyt.till. nefnd. við 7. gr. samþ. með 20 atkv.
7. gr. frumv. þannig breytt samþ. með 20 atkv.
Ný gr. nefnd. (8. gr.) samþ. með 19 atkv.
Breyt.till. við 8. gr. frumv. samþ. með 19 atkv.
8. gr. (nú 9. gr.) þannig breytt samþ. með 20 atkv.
Breyt.till. við 9. gr. frumv. samþ. með 20 atkv.
9. gr. (nú 10. gr.) þannig breytt samþ. með 19 atkv.
10. gr. frumv. (nú. 11. gr.) samþ. með 18 atkv.
Frumv. vísað til 3. umr. með 17 atkv.

Frumv. til laga um að skipta Barðastrandasýslu í 2 sýslufjelög (162); 2. umræða.

Flutningsmaður (Sigurður Jensson): Jeg hef áður lýst því yfir að jeg hef tekið við þessu máli af formanni amtsráðsins í vesturamtinu, og skjölin viðvíkjandi því, hvað sýslunefnd og amtsráð hafa lagt til þessa máls, getur hver þingmaður sem vill sjeð hjá mjer. Vona jeg svo að frumv. verði samþykkt að h. þingdeild.

ATKVÆÐAGR.:
1. gr. samþ. með 21 atkv.
2. — — — 20 —
3. — — — 19 —
4. — — — 19 —
Frumv. vísað til 3. umr. með 20 atkv.

Frumv. til laga um útflutningsgjald af rjúpu (101, 165); 2. umr.

Flutningsmaður (Jónas Jónassen): Jeg hef komið fram með eitt breyt.atkv. (165) við 2. gr. sem mjer þótti óheppilega orðuð.

Eins og jeg tók fram við 1. umr., þá er þetta mál ekki þýðingarlaust; ef menn athuga það, að fyrir nokkrum árum höfðu landsmenn 20—30 þúsund kr. hagnað af rjúpunni, þá sjá allir, að það er óskynsamlegt að eyða henni alveg, eins og líka allir hafa álitið, sem jeg hef átt tal við. Jeg vil heldur stemma stigu fyrir eyðileggingu rjúpunnar með því að leggja á hana útflutningstoll, því menn vinna þá ekki til að skjóta hana og fara með hana langar leiðir til Reykjavíkur til að fá fyrir hana 10—12—15 aura, þegar kaupmenn kaupa hana eigi til útflutnings. Jeg vildi heldur leggja útflutningsgjald á hana heldur en að friða hana alveg, og varna mönnum þannig að skjóta hana sjer til matar.

Tilgangurinn með frv. sjá allir, að er góður, og ef menn ekki sinna þessu máli nú, meðan tími er til, gera menn það varla síðar.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er málinu hlynntur, en mjer hefði þótt vænt um, ef h. flutningsm. (J. Jónassen) hefði komið fram með viðauka í þá átt, að á þessu tiltekna tímabili væru rjúpur hvorki seldar nje keyptar; því eins og frv. er nú, er það ekki nema hálfgjörð friðun. Þó þetta ákvæði væri, gætu menn eins skotið sjer til bjargar fyrir það; en ef frv. gengur fram í því formi, sem það nú er, er mjög hætt við, að sagt verði, að það sje gert fyrir Reykjavíkurbúa, svo að þeir fái gott matarkaup.

Flutningsmaður (Jónas Jónassen): Jeg tek þakklátlega á móti öllum góðum bendingum, ef þær að eins miða til þess, að koma í veg fyrir, að rjúpan sje eyðilögð alveg.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg ann rjúpunum alls góðs, því það eru meinlausir fuglar; en eitt vantar í þetta frv., og það

er ákvæði um, að ekki komi harður vetur. Afleiðingarnar geta orðið góðar, að rjúpunum fækkar ekki eins mikið, en aptur eru þetta ókostir fyrir veiðimanninn, því hann fær minna fyrir sínar rjúpur, og landssjóður græðir víst harla lítið.

Flutningsmaður (Jónas Jónassen): Jeg gat ekki vel skilið á ræðu h. varaforseta (Þ. B.), hvort hann er með frv. eða á móti því. En eitt er víst, að rjúpunum fjölgar, ef þetta frv. verður að lögum, því menn hætta að skjóta af því það borgar sig ekki, allra sízt úr fjarliggjandi sveitum, að skjóta rjúpur og senda þær hingað og fá mjög lítið fyrir þær, varla meira en skotið (púður og högl) kosta

Jón Þórarinsson: Jeg get ekki sjeð, að tilgangi h. flutningsm. verði náð með frv. svo gjörðu, sem er, að koma í veg fyrir, að rjúpu verði eytt um of á þessu tímabili, og vil jeg því til 3. umr. koma mjer saman við h. þm. um að skjóta inn í frv. því ákvæði, að rjúpur verði hvorki seldar nje keyptar á þessu tímabili, því þó þetta frv. verði að lögum, eins og það er, hætta menn alls ekki að skjóta rjúpur, heldur eiga þeir allt af víst, að þær verða keyptar hjer í Reykjavík, ekki fyrir 10–12 aura, heldur fyrir 25 aura hver; afleiðingin yrði því að eins sú, að Reykvíkingar ættu hægra með að fá sjer rjúpukjöt eptir en áður.

ATKVÆÐAGR.:

1. gr. samþ. með 15 : 2.

Breyt.till. við 2. gr. samþ. með 16 atkv.

2. gr. með áorðinni breyt. samþ. 15 atkv.

3. — samþ. 15 atkv.

4. — — 15 —

Frumv. vísað til 3. umr. með 17 atkv.

Frv. til laga um brúargjörð á Ölvesá (142, 165); 1. umr.

Grímur Thomsen: Jeg vil einusta spyrja, hvort það sje meining uppástungumanns og flutningsmanns hjer í deildinni, að þetta skuli að eins vera heimildarlög fyrir landsstjórnina til þess að framkvæma þessar ráðstafanir? Nú má ekki fara út í einstakar greinir, en hver, sem les frv., sjer, að með því er að eins veitt heimild til þessa starfa, en landsstjórninni engan veginn gjört að skyldu, að láta gjöra brúna.

Jeg vil þess vegna skjóta því til 1. þm. Árnesinga, hvort hann lætur sjer nægja, að þetta að eins verði heimildarlög.

Þórarinn Böðvarsson: Þetta er mjög mikilsvarðandi mál, og svo alvarlegt sem hitt málið var, þá er þetta þó miklu alvarlegra, en jeg skal þó ekki taka lengi orðið frá 1. þm. Árn. (Þ. Guðm.), svo hann geti svarað spurningu þm. Borgf.

Að eins skal jeg geta þess, að þetta mál er svo nauðsynlegt og alvarlegt, að næsta áríðandi er að taka hjer fasta meginreglu, er fylgja skuli bæði nú og endrarnær, þegar um það er að ræða, að verja stórfje af landssjóði til að brúa ár.

Ætíð þegar talað hefir verið um að brúa þessa á, hef jeg verið því meðmæltur, og svo mun enn vera. En jeg vil ekki gera þetta athugalaust, og fyrir þá sök vil jeg stinga upp á því, að nefnd sjett í málið; h. efri deild hefir sett netnd í lítilvægri mál, sem komið hafa hjeðan úr deildinni.

Jeg vil að nefnd sje sett í málið, ekki til að eyðileggja það, heldur til að íhuga það, og taka fasta meginreglu, er fylgt yrði síðan í líkum tilfellum.

Eptir lögum, sem afgreidd eru frá þessari deild og vonandi er að komist í gegn um efri deild, á landsstjórnin og landssjóður að taka að sjer alla aðalpóstvegi. En þegar um annað eins stórvirki er að ræða sem þetta, getur komið til álita, hvort ekki sje tilhlýðilegt, að ljett sje undir með landssjóði, svo kostnaðurinn lendi ekki allur á honum, eða að landssjóður fái kostnaðinn endurgoldinn að meira eða minna leyti.

Jeg leyfi mjer þess vegna aptur að stinga upp á nefnd, og tek það fram, að það er eigi í þeim tilgangi, að spilla fyrir málinu, heldur til að greiða fyrir því, og beina því á betri stefnu en það nú virðist vera á.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg skal strax taka það fram, að jeg er ekki flutningsmaður þessa frv., og það er auðvitað enginn sjerstaklega í þessari deild, þar sem málið er í þetta sinn komið hingað frá h. Ed. Engu að síður finn jeg mjer skylt að taka málið að mjer og styðja það eptir því sem jeg framast get hjer í deildinni. Það gleður mig, að málið hefir fengið svona góð afdrif í h. Ed., og jeg vona, að því verði ekki miður tekið hjer. En að því er snertir spurningu h. þm. Borgf. (Gr. Th.), er mjer virtist hann beina sjerstaklega að mjer, þá skal jeg, enda þótt jeg sje ekki upphafsmaður frv., taka það fram, að það er víst ekki af misgáningi, heldur af ásettu ráði, að hjer er stungið að eins upp á heimildarlögum, er hann svo kallaði, um þetta efni. Þess vegna stendur í frv.: til brúargjörðar á Ölvesá »má« verja þessari upphæð, sem frv. nefnir, og enn fremur segir: ráðgjafanum »veitist heimild« til að veita sýslnfjelögunum lán. Það er sem sje ekki alveg gefið, að fje sje til hjá landsstjórninni, hve nær sem menn beiðast þess, og hins vegar er ekki víst, að fje verði til hjá sýslufjelögum þessum, þegar til kemur. Með þessu vona jeg, að jeg hafi svarað h. þm. Borgf. (Gr. Th.), en að öðru leyti vona jeg, ef mál þetta kemst til 2. umr., að hæstv. landsh. muni skýra þetta svar mitt frá sjónarmiði stjórnarinnar. Jeg er þakklátur h. varaforseta (Þ. Böðv.) fyrir hans góðu undirtektir undir þetta mál fyr og síðar; en ekki get jeg þó farið að þakka honum fyrir, að hann stakk upp á nefnd í málinu, því jeg álít, að engin þörf sje á nefndarkosningu. Það er búið að ræða þetta mál svo mikið fyr og síðar hjer á þinginu, svo jeg ímynda mjer, að öllum sje orðið fullljóst, um hvað hjer sje að ræða, og ef menn vilja koma með einhverjar breytingar við frv., þá mun mega íhuga þær undir umræðunum. Að endingu vona jeg, að mál þetta fái góðan framgang einnig í þessari h. þingd., en að ekki fari svo eins og þegar lífið og dauðinn eiga í stríði hvort við annað, að dauðinn sigri og leggi lífið í gröfina, og þar með allar vonir lífsins.

ATKVÆÐAGr.: Nefnd felld með 12 atkv. gegn 9.

Frv. vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Till. til þingsál. um reikningsskil fyrir tekjum af Arnarstapa og Skógarstrandarumboði (196); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐVGR.:

Forseti stakk upp á einni umr., og var hún samþ.

— *Forseti:* Jeg verð að segja, að það datt ofan yfir mig, að engar umræður skyldu verða um fjárlagafrv. á þessu stigi málsins. Jeg ætla að það sje alveg nýtt, og liggur næst að álykta þar af, að þingd. áliti, að ekkert sje að frumv. eða áliti nefndarinnar að finna, og að ekki sje að búast við öðrum breytingum en þeim, sem nefndin hefir gjört. Mjer kemur því til hugar að spyrja þingdm. að, hvort nokkuð sje á móti því frá þeirra hálfu, ef hæstv. landsh. fyrir sitt leyti ekki hefir á móti því, að málið verði tekið upp á dagskrá á föstudaginn kemur til 2. umr.

Þórarinn Böðvarsson: Sem formaður í fjárlaganefndinni skal jeg geta þess, að nefndin ekki mun vera á móti því, að málið verði tekið fyrir þennan dag.

Grímur Thomsen: Ef málið verður tekið fyrir á föstudaginn, þá ímynda jeg mjer, að þingdm. hafi of stuttan tíma til undirbúnings.

Landshöfðingi: Ef mikið kemur fram

af breytingaratkvæðum á fimmtudaginn, þá ímynda jeg mjer, að það verði lítill tími til að kynna sjer þau til næsta dags.

Grímur Thomsen: Er forseta mjög á móti skapi að bíða með 2. umr. til laugardags?

Forseti: Það er, eins og menn vita, fjöldi mála, sem enn liggur fyrir deildinni óútkljáð, en sem mjer þykir miklu skipta að gætu orðið búin eða langt komin í þessari viku. Jeg vona, að h. þingdm. geri það, sem þeir geta, til að koma breytingaratkvæðum þeim, sem þeir ætla að gera við fjárlagafrv., á framfæri sem fyrst, svo ekki þurfi að draga málið lengur en brýnasta þörf er til.

Þrítugasti og annar fundur, fimmtudag 4. ágúst á hádegi.

Fjarverandi þm. Snæf. (P. Br.), sem var veikur.

Frumvarp til laga um aðflutningsgjald af kaffi o. fl. (164, 211, 212, 230); 3. umr.

Framsögumaður (Árni Jónsson): Þegar mál þetta var fyrir til 2. umr., urðu allllangar umr. um það, og endirinn varð sá, að menn gátu eigi orðið á eitt sáttir; en nú er nokkur tími um liðinn og vona jeg að sú bið hafi gjört menn fúsari til samkomulags, eða þá að minnsta kosti að menn sjeu búnir að hugsa sig svo vel um þetta mál, og hvernig þeir skuli greiða atkvæði í því, að eigi sje þörf á löngum umræðum.

Nefndin hefir íhugað málið enn á ný, ásamt mótbárum þeim, er komu fram gegn því. Hún telur það óheppilegt, að tekjuskattur af atvinnu skyldi vera felldur; einnig hefði hún óskað að útflutningsgjald af fiski og lýsi hefði verið látið halda sjer; því að þótt það gjald sje, eins og jeg tók fram um daginn, ekki eptir þeim meginreglum, sem æskilegast væri að fylgja í skattamálum, þá er hún samt hrædd um, að landssjóður ekki þoli að missa það, eins og nú á stendur, þar sem árferðið og ástandið er svo bágborið í landinu. Það er einnig margviðurkennt, að kaupmenn leggja ekki þetta gjald á hinar umræddu vörur, heldur jafna því niður eins og öðrum verzlunarkostnaði. Það má gera ráð fyrir, að landssjóður tapi hjer um bil 20 þúsund kr. árlega, ef útflutningsgjaldið af fiski og lýsi verður afnumið, og þess vegna hefir nefndin ráðið til að taka það aptur upp í frv., með því að fella burtu síðari hluta 8. gr.

Að öðru leyti hefir nefndin eigi breytt frv. í nokkru verulegu, en ræður h. þingd. til að samþykkja það, með þessum einum breytingum, því að þótt eitthvað kunni í því að vera athugavert, þá er líklegt, að h. efri deild athugi það og lagi í hendi sinni, ekki síður en önnur frumv., er koma hjeðan.

Eins og h. þm. sjá, og jeg tók fram áður, er líklegt að tekjur þær, sem frv. með breytingartillögu nefndarinnar mundi veita landssjóði, verði rúmar 50 þús. kr., þar sem aptur á móti ábúðar- og lausafjárskatturinn ekki er nema hjer um bil 48 þúsund kr., reiknað eptir 5 ára meðaltali, og fer hann þó heldur minnkandi; tollurinn er því nokkuð hærri, enda virðist oss fara vel á því, að svo sje.

Verði þar á móti breyt.till. h. 6 þm. samþykkt í deildinni, svo að 2. töluliður 1. gr. falli burt, þá munu tekjurnar rýrast—að því er mig minnir—um 20 þús. kr.; skyldi svo deildin þar að auki samþykkja breytingartill. hinna sömu h. 6 þm. við 8. gr., þá mundi frumv. koma mönnum svo fyrir sjónir, sem lagður væri nýr tollur á menn, án þess þó að nokkurri annari byrði væri af ljett, og er það eigi að eins ólögulegra, að senda frv. þannig upp í h. Ed., heldur er jeg einnig á móti því, að taka upp nýja tolla í þessu ári,

nema í sambandi við afnám annara skatta Jeg hefi reyndar heyrt að þessir 6 h. þm. ætlist til að ábúðar- og lausafjárskatturinn verði lækkaður um helming, en það á langt í land, og óvíst að h. Ed., sem hefir á móti tollum, muni fallast á að rýra þann skatt.

Að endingu skal jeg geta þess, að fram hefir komið breyt.till. frá öðrum 6 h. þm. viðvíkjandi reglum um tollstjórn og tollskrár, sem nefndinni ekki þótti ástæða til að taka upp í frv., þó að hún reyndar ekki geri það að neinu kappsmáli.

Jeg vil vona að h. þm. hafi kynnt sjer tillögur nefndarinnar og aðhyllist þær, en hvernig sem fer, væri æskilegt, að samkvæmni yrði í atkvæðagreiðslunni

Jeg skal svo eigi fara fleirum orðum um þetta mál að sinni; enda er jeg ekki »vel upplagður« til þess í dag.

Sigurður Stefánsson: Af því að jeg er einn af þeim 6 h. þm., sem komið hafa fram með breyt.till. nr. 211, finn jeg ástæðu til að fara um þær nokkrum orðum. Jeg er samdóma h. nefnd um það, að rjett sje að leggja toll á kaffið, því að það munu allir játa, að kaffibrúkunin gæti verið talsvert minni en hún er nú, landsmönnum að skaðlausu, og þótt lagður væri 5 aura tollur á pundið, þá get jeg ekki skilið, að nokkrum manni sje gert ómögulegt að kaupa kaffi, eins og sumir h. þm., er talað hafa í máli þessu, virðast ætla; getur verið, að kaffibrúkunin minnkaði lítið eitt, ef þessi tollur væri lagður á það, en með því væri enginn skaði skeður, og jeg get ekki sjeð að nokkur vörutegund sje jafnhentug til að útvega landssjóði nýjar tekjur, sem kaffið. En þótt jeg nú vilji tolla kaffið, þá get jeg samt ekki orðið h. nefnd samdóma um að afnema ábúðar- og lausafjárskattinn. Jeg skal lýsa því yfir, að mjer bæði sem þingmanni og fjárlaganefndarmanni þótti það næsta leiðinlegt, að taka á móti fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar með 33,000 kr. tekjuhalla, og því leiðinlegra þótti mjer, að nefndin varð að skila því aptur með litlu minni tekjuhalla; jeg tel það því sjerstaklega skyldu fjárlaganefndarinnar og svo þingsins alls, að reyna að finna einhver ráð til að koma í veg fyrir tekjuhalla þennan á næsta fjárhagstímabili.

Jeg veit að allir vona, að árferðið batni og með því fjárhagur landsins, en um það hefir enginn neina vissu; það getur batnað en það getur líka orðið það sama, og þá er fjárhag vorum illa borgið.

Þetta er mín skoðun á málinu, og þess vegna álít jeg kaffitollinn forsvaranlegan, þótt enginn skattur sje afnuminn; en þótt jeg og h. 5 þm. viljum láta 8. gr. frv. falla burt, þá er ekki þar með sagt, að vjer ekki viljum lækka ábúðar- og lausafjárskattinn, heldur þótti oss viðkunnanlegra að gera það með sjerstökum lögum; reyndar vil jeg ekki afnema allan ábúðar- og lausafjárskattinn, heldur að eins hálfan, því að landssjóður þolir ekki að hann sje allur afnuminn. Sumir kunna að segja að þetta frv. leggi of þungar byrðar á landsbúa, en þegar tollurinn kemur niður á eins vanbrúkaðri vöru og kaffið er, þá vona jeg að enginn þingm. þurfi að naga sig í handarbökin fyrir það, þótt hann gefi frumv. atkv. sitt, þegar eins stendur á og nú.

Grímur Thomsen: Athugasemd h. 1. þm. Ísf. (S. St.) um að ráða bót á reikningshallanum, gladdi mig, einkum af því að h. þm. er í fjárlaganefndinni. Jeg hafði búizt við, að h. nefnd benti á eitthvert annað meðal til að koma í veg fyrir tekjuhallann, en það sem stjórnarfrv. fer fram á, að fara að taka af arðberandi sjóð landsins, en þegar jeg nú hefi skoðað nefndarálitið, er jeg kominn að þeirri niðurstöðu, að nauðsynlegt sje að leggja nýja tolla á landsmenn, ekki til að losast við ábúðar- og lausafjárskattinn, heldur til að útvega landinu nýjar tekjur, og gef jeg því frv. óhikandi atkvæði mitt, ef breyt.-

till. þær, sem jeg og 6 aðrir h. þm. höfum komið með, verða samþykktar.

Breyt.till. við 3. gr. er þannig fram komin, að oss þótti ísjárvert að leggja lögbald á skip, sjerstaklega stór gufuskip, þótt eitthvað væri ónákvæmt í vöruskrám eða tollskrám, eða grunur væri á um tollsvik.

Enn fremur höfum vjer gert þá breyting á 5. gr., að orðin: »og sektunum« falli burt, því að hafi móttökumaður varanna borgað tollinn, þá hlýtur hann að hafa rjett til að ráða yfir þeim, þótt seinna kunni að komast upp, að eitthvað hafi verið rangt eða tollsvik hafi verið framin; því að það væri mjög ófrjálslegt að banna þeim, sem borgað hefði tollinn, að ráða yfir vörunum, þar sem opt geta liðið 4—6 vikur þar til búið er rannsaka tollsvikin. Það er og aðgætandi, að þær vörur, sem hjer er um að ræða, koma að miklu leyti frá Englandi (kaffi, kaffibætir og sykur) og Hamborg (»raffineraður« sykur); þaðan er ekki að búast við áreiðanlegum tollskrám, og verða menn því að fara eptir því, sem skipstjóri og sjerstaklega móttökumaður segir. Nefndin hefir farið eptir lögunum um brennivínstoll frá 1872, en þá voru »sjópassar« í gildi, sem nú eru afteknir, svo að eigi má eptir þeim fara. Það sem vjer verðum að reiða oss á, er því nærri eingöngu ákvæðið í 2. gr. frv., að móttökumaður segi rjett til upp á æru og samvizku.

Hvað snertir 8. gr., þá er jeg alveg samdóma þeim h. þm., sem vilja afnema orðin: »frá sama tíma« til enda greinarinnar, en vil þar á móti að hálfur ábúðar- og lausafjárskatturinn sje af tekinn með sjerstökum lögum, og ímynda mjer að þau lög mundu með hægu móti komast gegn um þingið.

Gunnar Halldórsson. Jeg er einn af þeim, sem skrifað hafa undir breyt.till. nr. 211, sem fer fram á að undanskilja allskonar sykur frá tollgjaldi, en þar fyrir er jeg þó ekki með kaffitollinum, sem jeg álít að naumast geti nokkurn tíma komið rjettlátlega niður á landsbúa, og allrasízt sýnist mjer hann vera svo jafnaðarfullur, að með honum eigi að auka tekjur landssjóðs, sem jeg þó álít að þyrfti, ef mögulegt væri á einhvern hátt, en það er þessi kaffitollur ekki, því að hann lendir þyngst á fátæklingunum, og þótt menn segi að kaffi sje ónauðsynleg vara, þá get jeg þó ekki skilið að svo sje fyrir sjáfarmanninn og þurrabúðarfólk, sem enga mjólk hefir, og þar hjá opt ónotalegt og óholt viðurværi.

Að því er snertir 8. gr. frv., þá er jeg alveg á sama máli og h. meðflutningsmaður minn (S. St.), að óheppilegt sje, og alls ekki tiltækilegt, að afnema með öllu ábúðar- og lausafjárskattinn, enda hefi jeg aldrei orðið þess var, að sá skattur hafi vakið nokkra sjerstaklega óánægju kringum mig, þar sem aptur á móti mörgum mundi vera mjög illa við toll á kaffi.

Jeg get ómögulega verið með nefndinni í því, að ábúðar- og lausafjárskatturinn hverfi, en útflutningsgjald af fiski og lýsi sje látið standa, því að það er enginn jöfnuður; ef svo væri þar á ofan lagður tollur á kaffi og sykur, þá get jeg ekki betur sjeð en sjómennirnir yrðu fyrir mjög miklum halla, því að öllum hlýtur að vera ljóst, að sjómenn verða að kaupa mest bæði af þess konar vörum, og öðrum, sem sjávarútvegsmenn ekki geta án verið, en þeir sem borga mestan ábúðar- og lausafjárskatt, alls ekki þurfa. Jeg get því ómögulega verið með breyt.till. nefndarinnar, sem gerir þetta upphaflega frumv. í mínum augum miklu óaðgengilegra.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að minna sjerstaklega á eitt atriði viðvíkjandi þessu máli. Þetta atriði hefir að vísu opt komið til tals hjer í deildinni, en að mínu áliti hefir eigi verið lögð nógu mikil áherzla á það. Það er tolleptirlitið, sem

opt er ervitt, en ekki sízt, þegar ræða er um toll af kaffi og sykri.

Í 3. gr. frumv. stendur, að lögreglustjóri skuli hafa nákvæmt eptirlit með því, hvort aðflutt sje meira af tollskyldum vörum, en tilgreint er á tollskránni eða vöruskránni; en eptir því, sem nú stendur á, er ómögulegt að lögreglustjóri geti haft neitt verulegt eptirlit með þessum tolli. Það er mikill munur á, að hafa eptirlit með tollgreiðslu af vínföngum og tóbaki, eða tolli af kaffi, sykri og óáfengum drykkjum. -- Af vínföngum er mest flutt hingað beint frá Danmörku, og sama er að segja um tóbak; en kaffi, sykur og óáfengir drykkir koma að miklu leyti nú, og mundi, ef tollur legðist á, koma að mestu frá öðrum löndum. Tryggingin fyrir vínfangatolli og tóbakstolli hefir maður í tollskránum, sem koma frá Danmörku; en tollskrár fylgja ekki með neinum tollskyldum vörum, sem koma til landsins, nema þeim, sem koma frá Danmörku. Þeim vörum, sem koma frá öðrum löndum, fylgja að eins hinar svo kölluðu vöruskrár, sem eigi eru þefnar út af öðrum en þeim, sem gerir skipið út eða sendir vörurnar.

Þegar vörurnar eru komnar í skipið, fer reiðarinn til konsúlsins með skrána, og svo skrifar konsúllinn á hana, að hún sje rjett, eða optast að eins, að hann hafi sjeð skrána. Konsúllinn getur auðvitað alls ekki ábyrgzt, að tollskyldar vörur sjeu rjett settar á skrána, því til þess yrði hann allt af að vera til staðar meðan verið er að hlaða skipið; en til þess hefir hann enga köllun.

Útgjörðamaðurinn getur þannig sent hvað, sem hann vill, og svo mikið, sem hann vil, af tollskyldum vörum, án þess að nokkurt eptirlit verði með því haft.

Eins og h. þm. Borgf. (Gr. Th.) tók fram, er ekki hægt að fá aðra trygging fyrir því, að allar tollskyldar vörum verði taldar, en þá, að móttökumaðurinn segi rjett til. En jeg þykist geta gengið út frá því sem sjálfsögðu, að h. þingdm. sjái, að menn geta ekki að fullu reitt sig á, að allir móttökumenn segi rjett frá þessum vörum. Menn munu segja, að tilsögn móttökumanna muni ekki verða óáreiðanlegri, en tíundarframtal manna sje nú. En þá vil jeg spyrja: þó að tíundarframtalið hafi leitt til síðaspillingar, er þá rjett, að leggja á nýja skatta, sem hljóta að leiða til enn víðtækari síðaspillingar? Hverjir græða svo á hinu ranga framtali? Sjálfsagt ekki aðrir en óráðvandir móttökumenn, sem vilja stela undan hinum tollskyldu vörum. Þeir borga margir hverjir lítinn eða engan toll af þessum vörum, en leggja samt sem áður á vörurnar það, sem tollinum svarar, eða freklega það, og það verða landsmenn svo að borga.

Jeg verð því að álíta mjög ísjárvert, að gera þetta frumv. að lögum, þar sem bæði er hægt að lauma undan tolli bæði kaffi og sykri, og á hinn bóginn mikil freisting til þess, eins og tekið var fram við 2. umr. málsins. Það hefir jafnvel þegar komið fram grunur um, að menn hafi dregið undan talsvert að tóbaki, enda er það líka hægt, þegar það kemur frá öðrum löndum en Danmörku. Sama mundi, sem sagt, verða um kaffi, og því álít jeg mjög ísjárvert að lögleiða þennan toll, og verði þessi tollur innleiddur, þá skal jeg taka það fram frá stjórnarinnar hálfu, að hún á þá heimting á, að þingið lögleiði tollstjórn; en sú tollstjórn mundi gleypa þetta tollgjald og meira til.

Jeg skal ekki tala mikið um breytingartillögur þær, sem fram eru komnar, en skal þó geta þess, að jeg sje enga ástæðu til að undanþiggja skipsforða af kaffi og sykri undan tollgreiðslu. Jeg álít því þessa nýju 4. gr. í breytingartillögum nefndarinnar þýðingarlausa og óska helzt að hún verði ekki samþykkt.

Jeg er er samþykkur þeim h. þm., sem hafa stungið upp á því, að 8. gr. falli

burt, nema orðin: »Lög þessi öðlast gildi 1. dag janúarm. 1888«.

Loks skal jeg taka fram, að jeg er sampykkur því, að ef það á annað borð verður ofan á að lögleiða þessa nýju tolla, þá eigi að eins að leggja þá á til þess að auka tekjur landssjóðs, en eigi til þess, að afnema hina beinu skatta og setja eingöngu óbeina skatta í staðinn; því það mundi reynast, að hinir óbeinu skattar verða óáreiðanlegri, en hinir beinu.

Jeg sje heldur ekki ástæðu til að afnema ábúðar- og lausafjárskattinn, því þó hann sje sagður óvinsæll, þá er hið sama sagt um alla skatta og tolla, og að minnsta kosti mundi kaffitollur ekki verða vinsælli.

Jónas Jónassen: Við 2. umr. tók jeg fram flest af því, sem jeg hafði á móti þessu frumv., og var jeg þá orðinn vondaufur um, að það mundi halda lífi. Það tórir þó enn; en nú, þegar jeg hefi heyrt ræðu hæstv. landsh., hefi jeg beztu vonir um, að það muni fara að styttast í fyrir því.

Hæstv. landsh. tók það fram, eins og jeg líka lagði sterka áherzlu á við 2. umr. þessa máls, að hjer vantaði alla tollumsjón, og þar af leiðir, að ekki getur komið til mála, að leggja toll á kaffi og aðrar þær vörutegundir, sem koma annarsstaðar að, en frá Danmörku.

Þegar frumv. þetta kom fyrst fram hjer í deildinni, þá var 1. gr. í 4 töluliðum, en síðan hafa þeir verið að týna tölunni. Fyrst fór smjörtollurinn, og síðan hefir verið stungið upp á, að fella sykurtollinn. — Jeg hefi verið að vona, að kaffitollurinn hyrfi líka, en það er nú ekki orðið enn. Það standa nú eptir 2 liðir af 4.

Mjer finnst ekki geta verið að tala um, að leggja toll á kaffi; það er beinlínis rangt, þar sem enginn tollur getur komið ósanngjarnar niður en einmitt þessi tollur. Það er viss flokkur manna, sem nauðsynlega þarf að brúka kaffi, og það nærri því eins og mat. Jeg sje, að h. þm. Mýr. (Á. J.) hristir höfuðið. Það er hægt fyrir hann og aðra sveitamenn, sem hafa nóg af mjólk, að vera án kaffi. Það er allt öðru máli að gegna með sjávarbóndann. Hann getur ekki án þess verið; og því leggst þessi tollur svo afar-þungt á hann. Jeg talaði nýlega við kaupmann hjer í bænum, og hann sagði, að ef við legðum 5 aura toll á kaffipundið, þá mundu kaupmenn selja það 10 aurum dýrara, en annars. Menn segja kannske, að 10 aurar sje ekki stórt, en fátæklingana munar mjög mikið um það. Jeg álít, að þurrabúðarmönnum verði gert sjerstaklega rangt til með þessum tolli, því kaffið er þeim að minnsta kosti nauðsynlegt, hvað sem menn segja; það er sú eina vökvun, sem menn hafa.

Það er óþarfi að fara fleirum orðum um þetta mál, því jeg vona fastlega, að það verði fellt, sjerstaklega af þeim ástæðum, sem hæstv. landsh. tók fram.

H. þm. Borgf. (Gr. Th.) sagði, að það væri nauðsynlegt að leggja á tolla til þess, að auka tekjur landssjóðs; en þá vil jeg spyrja: geta menn þá ekki lagt tolla á aðra vöru en einmitt þá, sem óvinsælast er að tolla? Það mætti þá eins tolla ljerept og þess konar. Þar yrði ekki verra að hafa eptirlit með þeim tolli en kaffitollinum.

Eins og jeg tók fram við 2. umr., er það fyrirsjáanlegt, að þessi tollur mundi leiða af sjer óendanleg tollsvik. Það leikur þegar sá grunur á, að menn sjeu farnir að draga undan vínfangatoll og tóbakstoll, og þá munu tollsvikin ekki fara minnkandi, þegar búið er að bæta við tolli af kaffi, sodavatni, kastalínu og því líku.

Sigurður Stefánsson: Jeg hefi nú allt aðrar vonir um afdrif þessa frumv., en h. þm. Rvík. (J. Jónassen). Jeg hefi beztu vonir um, að það fái að lifa.

H. 2. þm. Ísf. (G. H.) sagði, að kaffitollurinn væri ranglátur, af því að hann kæmi niður á fátæklingunum. Þessu skyldi

jeg játa, ef þeir væru eins margir, sem ómögulega geta verið án hinnar miklu kaffibrúkunar, eins og margir þingmenn virðast ætla. En jeg held, að menn hugleiði ekki vel hlutfallið á milli þeirra, sem lifa sjávarafla, og þeirra, sem lifa á landbúnaði hjer á landi. Jeg get að vísu ekki vitað, hvernig hlutfallið er einmitt nú, en eptir síðustu manntalsskýrslum lifðu af sjávarafla 1773 húsbændur; en alls með börnum og vinnufólki 8688 manns á öllu Íslandi, eða ekki nema $^1/_9$ partur allra landsbúa, og sem því kunna að þurfa einkum að hafa kaffi sjer til viðurværis. Jeg skal játa, að það væri mikið að leggja þennan toll á, ef þessir menn ómögulega gætu komizt af án þess kaffis, er þeir nú brúka, eða ef hann gerði mönnum ómögulegt að afla sjer þess. En það get jeg ómögulega sjeð, að tollurinn gerði, þó hann hækkaði kaffipundið, ekki um 5, heldur jafnvel um 10 aura, eins og þm. Rvík (J. Jónassen) sagði. Jeg er ekki hræddur um, að menn líði sáran sult, þó menn minnki kaffikaup sín um $^1/_5$ eða $^1/_{10}$. Jeg ímynda mjer, að við fengjum ekki fleiri hallærislánabeiðslur eptir en áður. Menn segja, að þessi tollur verði óvinsæll; en slíkt heyrist um alla skatta og tolla. Ábúðar- og lausafjárskatturinn er óvinsæll hjá sveitamanninum, tóbakstollurinn hjá tóbaksmanninum, tollur á fiski og lýsi hjá sjómanninum o. s. frv. Það eru allir skattar óvinsælir hjá einstökum mönnum; jeg álít, að þingið eigi að líta á tolla og skatta frá hinni almennu hlið málsins, í sambandi við, hvað landinu er fyrir beztu.

Jeg skal enn fremur taka það fram, að fjöldi sjómanna lifir ekki eingöngu af sjávarafla, heldur bæði af sjávarafla og landbúnaði. Þannig er t. d. um mig og h. 2. þm. Ísf (G. H.); við getum allt eins vel kallast sveitabændur eins og sjávarbændur, og jeg er ekki hræddur um, að það sæi neitt á okkur eða fólki okkar, þó við minnkuðum við okkur kaffi um $^1/_{10}$ part. —Það eru þá loksins ekki aðrir en þessir tómthúsmenn eða þurrabúðarmenn, sem kunna að verða hart úti, ef tollur verður lagður á kaffi. Það má ómögulega leggja toll á kaffi til að auka tekjur landssjóðs, vegna þessara fáu manna, sem flykzt hafa að sjónum, og lifa þar margir hverjir iðjulausir mestan hluta árs, bændum til þyngsla og niðurdreps. Þegar nú þessu er þannig varið, og einmitt hjer í deildinni er verið að semja lög, sem ganga út á að útrýma þessum þurrabúðarmönnum, þá verður ekki annað sagt, en að það reki hvað á annars horn, að mæla á móti þessum tolli vegna sjómannanna.

Þá skal jeg aptur taka það fram, að jeg álít að þessi tollur sje sjerstaklega nauðsynlegur til þess að auka tekjur landssjóðs, sem nú eru óðum að minnka. Nú er þegar búið að verja stórfje af viðlagasjóði, og ef ekki verða fundin ný ráð til að útvega landssjóði tekjur, er ekki annað sjáanlegt, en að að því reki, að grípa verði, ekki til parts af viðlagasjóði, heldur til hans alls, og segja upp lánum viðlagasjóðsins, sem eru í höndum áreiðanlegra manna móti góðu veði, og færi svo, að til þess óyndisúrræðis þyrfti að grípa, þá er mjer spurn, hvort landsmenn þá mundu betur viðtúnir nýjum tollálögum, en þeir þó nú eru. Jeg sje ekki betur, en að brýn nauðsyn sje til, að auka tekjur landssjóðs með nýjum tollum, svo ekki þurfi að grípa til þess óyndisúrræðis, að eyða viðlagasjóði. Það verður að líta á þetta frá landssjóðsins sjónarmiði, og þá sjest, hve æskilegt það er, að tekjur og útgjöld gæti jafnast. Eins og jeg vil ekki leggja meiri gjöld á landsbúa, en þarf til þess, að tekjur landssjóðs og nauðsynleg útgjöld geti staðizt á, eins vil jeg heldur ekki hlífast við að leggja á nýja skatta, þegar hætt er við, að lands-

sjóður geti ekki staðizt útgjöld, þó allur sparnaður sje viðhafður.

Mótbárur hæstv. landsh. gegn frumv., að hjer vanti allt tolleptirlit, eru sjálfsagt á góðum rökum byggðar; en jeg vil ekki, eins og h. þm. Rvík (J. Jónassen), væna kaupmannastjettina allrar ósvífni og svika í þessu efni. Jeg vil ekki ætla, að kaupmenn vorir sjeu yfir höfuð svo óvandaðir menn, eins og h. þm. virðist halda. Það er auðvitað, að það er misjafn sauður í mörgu fje, þar sem kaupmannastjettin er, eins og annarsstaðar; en jeg vil ekki ganga út frá því, að tollsvik verði almenn þó þessi tollur kæmist á; en færi svo með tímanum, þá er alþingi innan handar að gera einhverjar þær ákvarðanir, sem komið gætu í veg fyrir svikin framvegis. Jeg segi fyrir mitt leyti, að ef tollaðar væru allar þær innfluttar vörur, sem jeg álít að eigi að tolla, þá væri jeg ekki hræddur um, að það mundi ekki borga sig að hafa hjer meira tolleptirlit en nú er.

Ólafur Pálsson: Jeg stend upp einungis af því, að jeg ásamt nokkrum öðrum h. þm. hefi skrifað undir nokkrar breytingartillögur við þetta frumv.

Jeg hefi verið með í því, að fara fram á, að 2. tölul. 1. gr., um toll af sykri falli burt, og jeg skal geta þess, að jeg skal alls ekki harður á því, að tolla kaffið.

Þó jeg væri með því 1885, þá var það ekki meira en svo vilji minn, enda get jeg vel fundið, að sjávarmaðurinn hlýtur að eiga bágt með að þola þennan toll, samanborið við sveitarmanninn.

En þó jeg sje fremur á móti kaffitollinum, mun jeg þó greiða atkvæði með honum, svo framarlega sem samþykkt verður að afnema útflutningsgjald af fiski og lýsi, því þá vegur það hvað á móti öðru, það gjald, sem ljett verður af sjávarmanninum, og þessi nýi tollur, sem eggst þyngst á hann; en að öllu samanögðu mun jeg þó helzt greiða atkvæði mitt með frumv., því mjer finnst, eptir því sem liggur fyrir, að það verði að fara bezt, þó mjer líki það ekki í alla staði vel.

Grímur Thomsen: Þm. Rvík. (J. Jónassen) minnir mig á einn látinn heiðursmann, Dr. J. Hjaltalín; það var opt viðkvæðið hjá honum, að maður hefði sagt sjer það og það, og að hann hefði talað við mann.

Jeg trúi því ekki, að kaupmenn væru svo óhagsýnir, að hækka verðið á kaffinu um 10 aura, þó 5 aura tollur sje lagður á það, því það mundi verða þeim sjálfum mestur skaði.

Mjer er kunnugt, að þeir á seinni árum hafa haft þann sið, að láta ekki brennivín út í reikning, heldur selja það mestmegnis fyrir peninga með vægu verði. Það er því mjög líklegt, að þeir tækju upp sama siðinn með kaffið, ef tollur kæmist á það; mundu þeir þá enga ástæðu hafa til, að setja það upp um 10 aura fyrir 5 aura toll, þegar þeir fengju peninga fyrir það

Það er fært til andmæla gegn kaffitolli, að hann mundi svo óvinsæll; en jeg segi fyrir mig: jeg legg meiri áherzlu á nauðsyn hans en vinsældir; nú er hann nauðsynlegur fyrir fjárhag landsins, og þá skiptir mig engu, hvort hann er vinsæll eða ekki; jeg býst ekki við að kafna í vinsældum hvort sem er. Hvaða tollur skyldi verða vinsælli? Af innfluttum vörum er ekki að tala um að tolla neina nema kaffi. Það kynni að vera skoðunarmál, hvort leggja skyldi toll á útlendar vörur, svo sem sauðfje, hesta og kannske ull; en það er ekki um það að tala nú; ekkert slíkt liggur fyrir.

Landsh. talaði um, að tolleptirlitið mundi verða svo örðugt, að ógerandi væri, að leggja toll á kaffi; jeg skal játa, að það er hæpið, að tollgreiðsla yrði samvizkusamlega af hendi innt, ef kaffi skyldi tolla; en það er líka mjög óvíst, að allt sje sem hreinast með tóbakstollinn, eins og áður

hefir verið drepið á í umr. um þetta mál. Þó nú svo væri, að hægt væri að koma við tollsvikum, þá mundu þó aldrei verða svo mikil brögð að þeim, að ekki kæmi töluvert fje í landssjóð, ef kaffi væri tollað. Jeg álít alveg nauðsynlegt, að auka einhvern veginn tekjur landsins, og ef menn ekki finna annað betra ráð, mun jeg greiða atkvæði með þessu frv.

Þórarinn Böðvarsson: Það hefir verið mikið talað um þessa sjóðþurð, sem á að vera hjá oss, og um það, að nauðsynlega þurfi eitthvað til að jafna það upp, sem gjöldin nema meiru en tekjurnar á fjárlögunum, það er að segja hinum áætluðu fjárlögum. En jeg verð að segja það, að mjer þætti það ekkert stórilla farið, þó vjer ættum ekki meira í sjóði við lok þessa fjárhagstímabils, sem nú stendur yfir, en vjer áttum fyrir 4 árum, þá er hin síðustu harðindaár byrjuðu. Getum vjer þá vonað, að vjer förum aptur að safna, þegar í ári batnar. Ef það er meining manna, að heppilegast sje að safna fje í sjóð, þá hef jeg þá von, að það muni fljótt geta safnazt aptur; en jeg hef ávallt fylgt og fylgi enn þeirri meginreglu, að það fje, sem vel er varið, sje sá bezti sjóður, sem landið getur fengið. Jeg stóð upp til þess að benda á, að mjer þykir alls ekki óumflýjanlegt, að leggja nýja skatta á almenning; veit jeg það vel, að landssjóður er illa staddur; en ætli landsmenn, þeir sem tollana og skattana eiga að greiða, sjeu ekki ver staddir? Það er mjög ónærgætnislegt af þinginu, að leggja skatta á almenning í þessum árum, án þess að ljetta nokkru af í staðinn. Jeg verð því að vera alveg mótfallinn nokkrum tollum eða sköttum í ár, af þessum ástæðum. Jeg vil segja, að það sje varla forsvaranlegt af þingmönnum, að hrúga tollum og sköttum á landsmenn, einmitt þegar þeir eru í þeim mestu nauðum staddir, sem þeir hafa komizt í í mörg ár.

Tollurinn á sykri verður mjög óvinsæll; sykrið er hið eina sælgæti, sem fátæklingurinn hefur; í hörðu árunum neitar fátæklingurinn sjer stundum alveg um kaffi, en sykrið verður hann þá að brúka með ýmsu, sem hann hefir sjer í kaffi stað. Jeg verð af framangreindum ástæðum alveg mótfallinn þessu frv.

Framsögumaður (Árni Jónsson): Það hefir verið tekið fram, að þörf sje að auka tekjur landssjóðs, og sömuleiðis, að ekki sje sanngjarnt að leggja á nýja tolla án þess að ljetta nokkru af í staðinn, og þetta er einmitt það, sem við viljum fylgja fram með frv. þessu. Aðalmótbáran móti frv. kom frá hæstv. landsh. viðvíkjandi tolleptirlitinu, og það skal jeg játa, að er varhugavert atriði; hinar mótbárurnar hafa verið mjög svo ljettvægur, alveg sami söngurinn og við 2. umr. Þá fór ketillinn aldrei úr hlóðunum hjá h. þm. Reykvík. Nú segir hann, að kaffið sje nauðsynlegra en matur. En hann og þessir h. þm., sem þessu halda fram, gá ekki að því, að það er ekki einungis kaffieyðslan, sem veldur því, að margur má þess vegna án matarins vera, heldur veldur það einnig tímaeyðsla; því að það mun þó varla nóg, að láta ketilinn standa allt af á hlóðunum, heldur verður líka að gá að því, að það deyi ekki undir honum!

Þar sem hæstv. landsh. spurði, hvort það væri rjett að leggja tolla á, sem hljóti að leiða til siðaspillingar, þótt tíundarframtalið hafi leitt til siðaspillingar, þá er þar til að svara, að það er fyrst og fremst óvíst, hversu mikil tollsvik og siðaspilling mundi leiða af þessum tolli, og hitt er víst, að sú siðaspilling yrði þó aldrei eins viðtæk og áhrifaill fyrir okkar þjóð, eins og undandrátturinn á framtalinu; því bændurnir eru mun fleiri en kaupmennirnir, og hjá þeim, eins og kaupmönnunum, hefir sá bezt úr býtum, sem mest dregur undan.

Þar sem 2. þm. Ísf. (G. H.) lagði svo mikla áherzlu á, að þessi tollur lenti mest á hinum efnalitlu, þá get jeg ekki skilið það öðruvísi en svo, að þeir hljóti að vera eyðslusamari en aðrir. Þar sem h. varaforst. (Þ. B.) sagði, að sykur væri hið eina sælgæti, sem menn gætu haft, einkum fátæklingarnir, þá get jeg ekki verið honum samdóma um það, því yfir höfuð er það hverjum einum sælgæti, sem hann hefir vanið sig á. Tóbaksmaðurinn telur tóbakið sitt mesta sælgæti og vill það heldur en sykur, og svo er um fleira. Sumum þykir kaffið sælgæti, þótt það sje sykurlaust. Það er vaninn, sem ræður, því »habit is the second nature» (vaninn er mannsins annað eðli), eins og Englendingar segja, svo ef hann á að ráða og gefa reglurnar fyrir þörfunum og því, sem er nauðsynlegt, þá er ekki til neins að tala um skynsamlegar ástæður, og svo er það á valdi h. þm., hvað þeir gera við þetta frumv.

ATKVÆÐAGR.:

Breyt.till. 6 þm. við 1. gr. 2. tölul. (211) felld með 11 : 9 atkv.

Breyt.till. 7 þm. við 3. gr. (230) samþ. með 12 atkv.

Breyt.till. nefndarinnar um nýja gr. eptir 3. gr. (212) felld með 11 : 5 atkv.

Breyt.till. 7 þm. við 5. gr. (230) samþ. með 12 atkv.

Breyt.till. 6 þm. við 8. gr. (217) samþ. með 13 : 5 atkv.

Breyt.till. 6. þm. um fyrirsögn frv. samþ. án atkvæðagr.

Frv. með áorðnum breyt. fellt með 11 : 9 atkv.

Frv. til laga um aðför (125, 225, 232, 239); framh. 2. umr.

Framsögumaður (Grímur Thomsen): Eins og menn sjá, hefir nefndin gert litlar breytingar (225) á þessu frv. Orðið »umsvifalaust» hefir nefndin lagt til að falli burt; það er bæði alveg óþarft, og svarar heldur ekki vel til danska orðsins »umiddelbart».

Hvað síðari breyt.till. snertir, þá ætlaðist nefndin til, að hún yrði borin upp í tvennu lagi, til þess að þeir, sem kynni að þykja breyt.till. of frjálsleg, gætu fellt síðari lið hennar, þó þeir samþykktu fyrri liðinn. Nefndin hefir farið fram á, að aldrei megi leita á konum, og það er það eina, sem hæstv. landsh. vill sleppa burtu úr breyt.till. nefndarinnar. Slík leit á kvennfólki er með öllu bönnuð í Englandi og í Ameríku, nema konan sje sakfelld fyrir glæp; að karlmenn leiti á kvennfólki, er að mínu áliti svo ósiðsamlegt, að þótt vjer værum hinir einu, sem hefðum þetta ákvæði í lögum, þá ættum vjer ekki að hika við að samþykkja það fyrir það. Það er líka mikill munur, hvort sá kvennmaður, sem í hlut á, er t. d. ekkja, sem kannske af fátækt ekki hefir borgað einhverja skuld, eða það er einhver stúlka, sem kærð er fyrir einhvern glæp, t. d. þjófnað. Jeg skýt máli mínu til h. þingmanna, hvort þeim ekki finnst, að slíkar leitir sjeu ótilhlýðilegar, og meir að segja svívirðilegar. Jeg sje, að hæstv. landsh. brosir, en hann kemur hjer fram sem strangur lagamaður, en ekki sem sá, er ber fullkomna virðingu fyrir kvennþjóðinni, sem hann þó annars sjálfsagt gerir. Jeg hef nýlega lesið sögu um kvennmann á Englandi, sem hjet Cass, og sem á næturþeli varð fyrir slíkri meðferð; málið er þar orðið þingmál, og sá, sem skipað hafði leitina, búast menn við að verði fyrir hárri sekt.

Jeg vona svo, að hæstv. landsh. sjái, við hver rök þetta hefir að styðjast, og taki sína breyt.till. aptur.

Landshöfðingi: Það gleður mig, að h. nefnd hefir ekki fundið ástæðu til að breyta þessu frv. mikið.

Fyrri breyt.till. álít jeg mjög þýðingarlitla, en hefði kunnað betur við, úr því h. nefnd ekki kann við orðið »umsvifa-

laust», að hún þá hefði sett eitthvert annað orð í staðinn.

Síðari breyt.till. álít jeg óþarfa, og frv. til mikils spillis. Jeg vissi það ekki fyr en nú, — en jeg verð að trúa því, af því h. framsögum. (Gr. Th.) sagði það, — að það væri bannað á Englandi og í Bandafylkjunum, að leita á konum; en vill hann þá staðhæfa, að það sje einnig óleyfilegt, ef þær eru grunaðar um tollsvik? Og ef fógetinn hefir góðar og gildar ástæður til að halda eða jafnvel hefir vissu fyrir því, að kona hafi fjármuni á sjer geymda, t. d. ef hann sæi hana stinga á sig peningapyngju, eptir að hann er kominn inn í híbýli þau, þar sem gera á lögtakið, því má þá ekki hið sama ganga yfir hana, eins og yfir karlmann í sömu kringumstæðum? Jeg get gjarnan verið h. framsögum. (Gr. Th.) samdóma um, að óviðkunnanlegt sje, að karlmenn leiti á konkonum, en hjá því má líka vel komast hjer eins og erlendis; þar eru kvennmenn látnir gera það.

Þegar menn eru á annað borð að semja lög, þá á það víst fullt eins vel við, að menn sjeu lagamenn, eins og að menn sjeu mjög tilfinningasamir. Ef hugsa skal um hag annarshvors, þá liggur miklu nær að hugsa um þess hag, sem fjárnámsins krefst, sem hefir rjettinn sín megin, samkvæmt sætt eða dómi, heldur en um að hlífa sem mest hinum, sem fjárnámið er gert hjá, af því hann trássast við að fullnægja skuldbindingum sínum, og það virðist mjer h. netndarmenn gera.

Jeg get ekki gert það fyrir h. framsögum. (Gr. Th.), að taka aptur breyt.till. mína, enda er það óþarfi, fyrst hann hefir gert ráðstafanir til þess, að breyt.till. nefndarinnar verði borin upp í tvennu lagi.

Að síðustu skal jeg aptur taka það fram, að jeg álít, að frv. spillist mikið við það, ef þessu ákvæði er bætt inn í það.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er nefndinni mjög þakklátur fyrir breytingartill. hennar á frv. við 36. gr., sem setur þau ákvæði, að ekki megi leita á konum, því að gera leit á þeim, gengur að mínu áliti mjög nærri mannúðartilfinningunni og kemur í bága við velsæmis-meðvitund manna, að sínu leyti eins og líkamleg refsing, og um framkvæmd á leitinni mundi líklega fara líkt og um hýðingarnar, að fáir vildu verða til þess að leita, og þó úr þessu ætti að bæta með því, sem hæstv. landsh. benti á, með því að láta konur leita á konum, mundu þær víst ekki verða fúsar til þess. Setjum það dæmi, að hjer ætti ekkja í hlut, og hún ætti hring, sem maðurinn hefði á sinni tíð gefið henni, og hún hefði glófa á höndum, þá mætti draga af henni glófana og taka hringinn.

Sigurður Stefánsson: Jeg get ekki fallizt á breyt.till. nefndarinnar hvað leitina snertir, ekki af því að jeg sje eða vilji vera ósanngjarn eða mannúðarlítill við kvennfólkið; því bæði er það, að jeg ætla að þetta muni sjaldan koma fyrir, þegar við kvennfólk er að eiga, og svo vil jeg láta kvennfólk hafa jafnan rjett sem karla, og þá auðvitað gegna sömu skyldum; jeg álít þess vegna ekki neina ástæðu til að gera konum hærra undir höfði í öðru eins og þessu.

Ef konur væru undan teknar, gæti það einmitt orðið til þess, að karlmenn ættu einmitt hægra með að koma fje undan lögtaki, t. d. ef bóndi vildi skjóta peningum undan, þyrfti hann ekki annað en að fá konu sína til að stinga þeim í barm sinn; þá dygði ekki, þó fógeti vissi af þeim, hann mætti ekki leita á konunni; við þetta mundi bóndi sleppa.

Með allri virðingu fyrir konum og heiðri þeirra, finn jeg enga ástæðu til að gera þær undanþegnar þessum fyrirmælum frv.; framkvæmd leitarinnar þarf ekki að koma harðar niður á þeim að sínu leyti en körlum, því hægt er að láta konur leita á þeim.

Framsögumaður (Grímur Thomsen):

Dæmi það, sem landsh. tók, mun víst aldrei koma fyrir, því það er ómögulegt að ætla nokkra konu svo vitlausa, að hún stingi á sig fjepyngju fyrir augum fógeta, þegar hann ætlar að taka fjárnámi hjá henni; hún mundi víst vera búin að því áður. En gerum nú ráð fyrir, að á konum megi leita: ætli engin hætta sje á því, að það leyfi verði vanbrúkað til mannúðarleysis? Hvað segir h. landsh., ef þess eru dæmi, að trúlofunarhringur hafi verið slitinn af kvennmanni og silfurbelti hennar dregið úr barmi hennar?

Þm. Ísf. sagðist ekki vera með breyttill. nefndarinnar, af því hann vildi að karlmenn hefðu jafnrjetti við konur; þær eiga auðvitað að hafa tiltölulegt jafnrjetti, en rjettartakmörkin verða að vera lögð eptir nokkuð öðrum reglum fyrir konur en karla; það verður að taka tillit til þeirra sjerstaklega eðlis, hliðra í ýmsu til vegna kynferðismunar.

Sú aðferð, sem á vel við fyrir karlmenn, er opt svo ósamboðin konum, að það hvorki á nje má brúka hana við þær.

Landsh. sagði, að hinu sama væri beitt við konur sem karla, þegar um tollsvik væri að ræða, en tollþjónar leita hvergi á konum svo jeg viti til, nema á landamærunum milli Danmerkur og Þýzkalands og á landamærum Frakklands og Belgíu; í Englandi er það ekki gert, nema það hafi verið »telegraferað», að þær hefðu meðferðis tollskylda muni.

Ef landsh. veit betur, bið jeg hann benda mjer á það.

Loks vona jeg, að atkvæðagr. í þessu máli sýni, hverjir það eru, sem hafa líkar tilfinningar og jeg í þessu efni, og eins, hverjir líta jafn-lagalegum augum á það, sem h. landsh.

Landshöfðingi: Jeg ætla ekki að þrátta lengi um þetta málefni, en ætla að eins að minna þm. Borgf. (Gr. Th.) á það, sem hann sagði áðan við þm. Rvk., að orð hans minntu sig á dáinn mann, er opt hefði sagt þinginu smásögur; alveg sama varð h. þm. Borgf. nú á, þar sem hann kom með söguna um hana jómfrú Cass, sem jeg hef ekki þá ánægju að þekkja. Það er auðvitað hægt fyrir hann að biðja mig að færa dæmi því til sönnunar, að leitað sje á konum á Englandi; hann getur verið viss um, að jeg ekki hef þau á reiðum höndum, þó til væru; en eptir því sem hann sjálfur sagði, er það þó gert, ef »telegraferað» er, að þær hafi á sjer tollskylda muni, en í fyrri ræðu sinni sagði hann, að aldrei væri þar leitað á konum, nema þær væru sekar í glæp; þetta kemur ekki allt heim hvað við annað; enginn er sannur að sök um glæp, þó »telegraferað» sje um hann, að hann hafi meðferðis tollskyldar vörur, og um tollsvik getur enginn álitizt sekur, fyr en við leit hefir reynzt að hann leyni tollskyldum vörum til að komast hjá að greiða toll af þeim.

Ályktarorð h. þm. (Gr. Th.) virtust mjer fremur til þess að ögra þingm., heldur en til þess að færa sönnur á málið; það er hægur vandi að skírskota til tilfinninga manna, en það eru sjaldan þær, sem eiga að ráða ályktaratkvæði við lagasetningar.

Jónas Jónassen: Jeg er á sama máli og h. 1. þm. Ísf. (S. St.), að ekki sje nein ástæða til að gjöra konum hærra undir höfði í þessu efni en karlmönnum; það mun líklega koma fremur sjaldan fyrir, enda ekki verða gert nema sjerstök ástæða sje til, því lögin benda mönnum til þess að neyta þessa valds sparlega, því þau segja: »þegar þörf gjörist, getur fógeti látið leita«, og varla er gerandi ráð fyrir að fógeti sje neinn »ruddi«. Það getur líka opt komið sjer illa, að mega ekki leita á konum—jeg skil hjer orðið kona eins og þar stæði kvennmaður—t. d. ef svo stæði á, að fógeti ætti að taka lögtak hjá einhverri stelpu, en hún væri ósvífin og ljeti ekkert fram, en hann vissi eða hefði sterkan grun á, að hún hefði pen-

inga í vasa sínum. Hvernig ætti hann að fara að? Hann fengi náttúrlega ekki að gert, en stelpan slyppi fyrir ósvífni sína.

Jeg hefi mikla virðingu fyrir kvennfólki; en mjer er óskiljanlegt, hvernig menn geta ætlað, að það sje nokkrum kvennmanni ósamboðið, að t. a. m. annar kvennmaður leiti í vasa hennar, ef þörf gjörist. Jeg ætla að þær sjeu ekki allar svo sjerlega tilfinningarsamar; þeim yrði víst ekki sárillt við slíkar aðfarir.

Framsögumaður (Grímur Thomsen): Jeg skal að eins svara hæstv. landsh. því, að ef leitað er á konum í Englandi eða Ameríku, þá er það að eins eptir sjerstökum dómsúrskurði, og það er mikill munur á því eða þessu.

Árni Jónsson: Af því svo mikið var talað um tollsvikin í dag, þá datt mjer í hug, hvort hjer gæti ekki hugsazt þau undanbrögð, að karlmaður færi í kvennmannsföt, og gæti svo skotið sjer undan leitinni, ef hann væri hræddur um sig og á þyrfti að halda. Þess vegna held eg það sje heppilegast, að vera á móti þessari tillögu.

Sveinn Eiríksson: Mig furðar að vísu stórum á því, að h. þm. Rvk. (J. J.), þó hann sje læknir, skuli ekki vera eins nærgætinn við kvennfólkið í slíku tilfelli, sem hjer ræðir um, eins og við hinir ólæknisfróðu. Mjer fyrir mitt leyti finnst óhugsandi, að sómatilfinning nokkurs ærlegs manns, nema máske lækna, þoli það, að kona sje klædd úr öllum fötunum og leitað þannig á henni, án þess að hún áður hafi fyrirgjört mannorði sínu á nokkurn hátt, eður sönnun sje fyrir því, að hún hafi peninga á sjer; það er annað mál með karlmenn. Jeg fyrir mitt leyti álít, að konur ættu að vera rjetthærri en karlmenn, þegar til slíkrar rannsóknar kemur, enda munu þeir optar vera sekir í vanskilum á skuldalúkningum, heldur en þær. Sem sagt álít jeg, að eigi sæmi að leita á konum, fyr en gefin er óræk sönnun fyrir því, að þær sjeu sekar í fjár-undandrætti.

ATKVÆÐAGR.: 1.—19. gr. frv. (125) samþ. hver um sig með 19 atkv.

Breyt.till. nefndarinnar við 20. gr (225) felld með 11 : 7 atkv.

20. gr. samþ. óbreytt með 19 atkv.

21.—32. gr. samþ. hver um sig með 19 atkv.

33.—35. gr. samþ. hver um sig með 17 atkv.

Breyt.till. landshöfðingja (239) við breyt. till. nefndarinnar (225) við 36. gr. samþ. með 15 atkv.

Breyt.till. nefndarinnar við 36. gr. (225) með áorðinni breyt. felld með 12 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkvæðagr., og sögðu

já:	*nei:*
Benedikt Sveinsson,	Jón Þórarinsson,
Grímur Thomsen,	Páll Ólafsson,
Gunnar Halldórsson,	Árni Jónsson,
Lárus Halldórsson,	Eiríkur Briem,
Sigurður Stefánsson,	Jón Jónsson,
Sveinn Eiríksson,	Jónas Jónassen,
Þorlákur Guðmundss.,	Ólafur Briem,
Þorleifur Jónsson,	Ólafur Pálsson,
Þorvaldur Bjarnarson	Sigurður Jensson,
	Þórarinn Böðvarsson,
	Þorsteinn Jónsson,
	Þorvarður Kjerúlf.

36. gr. samþ. óbreytt með 19 atkv.

37.—53. gr. samþ. hver um sig með 19 atkv.

Frumv. óbreyttu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Frumvarp til laga um verzlun lausakaupmanna (183, 231); 2. umr.

Árni Jónsson: Jeg þarf varla að vera langorður um breyt.till. vora (231). Jeg gat við 1. umr. um rekspöl málsins og sögu þess á þingi 1885, svo óþarfi er að taka það upp aptur. Eins og frv. var fyrst þegar það var borið upp í h. Ed.,

virtist tilgangur þess eiga að vera sá, að rýmka um verzlunarfrelsi lausakaupmanna, en eins og það nú er orðið, er það til að svipta þá því frelsi, er þeir nú hafa, að mega verzla á öllum löggiltum kauptúnum, án þess að leysa leyfisbrjef. Nú eru þeir með þessu frumv. sviptir þessum rjetti, og lögð á þá ærið þung gjöld; því sumir kaupmenn fara af einni höfn til annarar, og ef þeir ættu að gjalda 50 kr. í hverju lögsagnarumdæmi, þá kynni þetta að verða allhátt gjald, stundum mörg hundruð kr. Þar að auki gætu þeir hvergi byrjað verzlun fyr en þeir væru búnir að fá leyfið, og gæti það opt verið bagalegt fyrir þá, því ærið víða er langt frá höfninni til lögreglustjórans. Þannig yrðu þeir jafnan að standa fyrst í því stímabraki, að útvega sjer verzlunarleyfið. Fyrri mundu þeir ekki fara að selja neitt. Og þetta leyfi verða þeir að kaupa, þótt þeir sjeu að leita fyrir sjer, og viti ekki, hvort þeir geti komið nokkru af vörum sínum þar út, en 50 kr. yrðu þeir að láta hvernig sem færi. Jeg get ímyndað mjer, að frv. þetta eigi að vera uppbót fyrir nýja verzlunarstaði, eða með öðrum orðum: að það eigi að bæta úr þeim þörfum og bænum, sem víða koma til þingsins um að fá löggilta nýja verzlunarstaði; en þeim tilgangi nær það víst ekki, eins og það nú er, því að það fremur þrengir en rýmkvar hag lausakaupmanna. Þess vegna höfum vjer leyft oss að koma með þessa till., til þess að koma málinu í eðlilegra og upprunalegra horf. Vona jeg að h. Ed. fallist á breyt.till. vora; hún kemur heim við stefnu hennar í málinu 1885; en nái breyt.till. ekki fram að ganga, vil jeg heldur, að frv. falli, en að það verði að lögum svona, eins og það nú er.

Víða er mikil þörf á lausakaupmönnum og ættu menn því að hvetja þá til að auka hjer verzlun sína, og gjöra þeim hægra fyrir, en ekki setja þeim þá kosti, er fremur hlytu að draga úr áhuga þeirra til að koma og auka samkeppnina og bæta vöruverðið, eins og þeir svo opt hafa gert að undanförnu.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg verð að játa, að mjer sýnist þetta frv. nokkuð ískyggilegt; þó hefði mjer einkum þótt það ískyggilegt, ef kaffitollsfrv. hefði enn verið á lífi; mjer þykir það ískyggilegt, segi jeg, vegna tolleptirlitsins.

Við 1. umr. leit jeg svo á, að leyfisbrjefið þyrfti að leysa á hverri höfn; en þegar jeg gáði betur að, sá jeg, að þess þarf að eins einu sinni í hverju lögsagnarumdæmi, og þá er lausakaupmanninum heimilt að verzla á öllum höfnum í því lögsagnarumdæmi. Þetta finnst mjer ekki svo tilfinnanlegt, að jeg geti verið á móti að samþykkja frv. fyrir þá sök. Það er og því fremur nauðsyn, að samþykkja þetta frv., sem nú er komið í gröfina bæði það frv., sem jeg flutti um löggilding verzlunarstaða og önnur fleiri slík frv.

Eins og jeg sagði í upphafi ræðu minnar, þá þykir mjer ískyggilegast að samþykkja frv. sökum tolleptirlitsins, en fyrst hinir löglærðu efri deildar menn, sem um það hafa fjallað, hafa ekki verið hræddari en svo um að það mundi leiða til tollsvika, að þeir hafa samþykkt það, þá mun jeg ekki vera á móti því af þeim sökum.

Aptur á móti fellst jeg síður á breytingartill., en frv. sjálft; jeg vil heldur að gjaldið renni í bæjarsjóð og sveitarsjóð, en í landssjóð, því sveitasjóði getur munað töluvert um það, en landssjóð ekki.

Jeg sje ekki betur en að lausakaupmönnum geti verið mikill hagur að því, að mega koma eins víða og gjört er ráð fyrir í frv., og því meiri hagur er það fyrir þá, sem þeir geta verið mjög lausir við eptirlit, því að jeg sje ekki að það sje ljóst tekið fram í frv., að þeir þurfi að skýra lögreglustjóra frá, á hvaða staði þeir ætli að koma.

Árni Jónsson; Jeg heyrði ekki glögglega á ræðu h. varaforseta (Þ. Böðv.),

hvort hann var á móti breyt.till. í sjálfu sjer, eða ekki; hitt heyrði jeg, að hann var að tala um, að hann vildi heldur láta gjaldið frá lausakaupmönnum renna í sveitarsjóð en í landssjóð, en það er að eins lítilvægt atriði; hitt er aðal-mergur málsins, hvort eigi að íþyngja þeim meira eða minna, hvort eigi að leggja á þá gjald í eitt skipti fyrir öll, á hverju ári, eða svo og svo opt. Jeg skil nú ekki í því, að það geti þótt eðlilegt, að þeir skuli skyldir að greiða gjaldið í hverju lögsagnarumdæmi, sem þeir koma í; það er óeðlilegt, af því það leggur höpt á þá og hindrar þá frá að leita fyrir sjer. Jeg get vel trúað því, að lausakaupmaður muni kynoka sjer við að sigla á höfn í öðru lögsagnarumdæmi en því, sem hann hefir leyst leyfisbrjefið í, þegar hann veit að hann þarf að gjalda þar 50 kr. að nýju, en hefir ekki vissu fyrir að geta selt þar vörur að nokkrum mun. Það mundi því einmitt verða því til hindrunar, að lausakaupmenn kæmust sem víðast og gjörðu mönnum sem hægast fyrir með að eiga viðskipti við þá, ef þetta 50 kr. gjald yrði lagt á þá í hverju lögsagnarumdæmi. Óttinn fyrir tollsvikum snertir ekki breyt.till., meira að segja: hún er heldur til bóta í því efni, því að hún fer fram á að lausakaupmaður leysi leyfisbrjefið hjá lögreglustjóra, og þá má gjöra ráð fyrir, að hann grennslist um leið eptir, hverjar tollskyldar vörur lausakaupmaðurinn hafi, og taki við tolli af þeim. Jeg sje ekki að hjer geti verið um annað eptirlit að ræða, örðugra en áður, nema ef kaupmenn færu fleiri en eina ferð landa á milli. En þá eru hinar gr. frumvarpsins, sem binda hann við lögin.

Jónas Jónassen: Jeg kann miklu betur við frv. sjálft en við breyt.till. Ef lausakaupmenn eru bornir saman við fastakaupmenn, þá sjá allir að miklu meiri gjöld hvíla á fastakaupmönnum en lausakaupmönnum, og jeg verð að álíta að 50 kr. sje lágt gjald á lausakaupmönnum, og að þeir verði ekki hart úti þótt þeir þurfi t. d. að gjalda 50 kr. í Reykjavík og aptur aðrar 50 kr. á Akranesi. Jeg kann bæði vel við að gjaldið sje ákveðið 50 kr., og líka að það sje látið renna í sveitarsjóð eða bæjarsjóð. Jeg vona að deildin fallist á frv. þetta, því að jeg álít það mjög gagnlegt. Varaforseti bar kvíðboga fyrir, að tollgreiðsla mundi ekki fara í lagi hjá lausakaupmönnum, en jeg held að ekki sje svo mikil ástæða til að kvíða því, nje heldur að eigi verði sóttvarnarreglna gætt, þótt þetta frv. verði samþykkt, því að í 2. gr. stendur: »Skyldur er lausakaupmaður að fullnægja ákvæðum laganna um tollgreiðslu, sóttvarnir o. fl.« Ef þeir gera það ekki, þá mega þeir búast við að sæta sektum, og þótt örðugt geti verið með strangt eptirlit, þá geta þær sektir verið svo háar, að lítil líkindi eru til, að lausakaupmenn hætti á að fara í kring um lögin.

Árni Jónsson: Jeg leyfi mjer að gera þá stuttu athugasemd við ræðu h. þm. Rvk. (J. J.), að mig furðar á því, að hann skuli halda fastar við frv. en breyt.till.; hann sagði í dag, þegar um kaffitollinn var að ræða, að kaupmenn mundu hækka verðið á kaffinu helmingi meira en tollinum næmi, og taka 10 aurum meira fyrir hvert pund, en ef enginn tollur hvíldi á því. Ætlar hann ekki að hið sama muni koma hjer fram, og að lausakaupmenn muni líka vilja vinna upp gjald það, sem á þá er lagt, á landsmönnum, og það með sama ágóða og kaupm. kaffitollinn? Og hvað er þá unnið við að hafa gjaldið sem mest?

Þorleifur Jónsson: Jeg skildi h. varafors. (Þ. Böðv.) svo, að miklir örðugleikar mundu verða á eptirliti með tollgreiðslu lausakaupmanna, ef frumv. þetta yrði að lögum, og einkum ef breyt.till. yrði samþykkt. En það get jeg ekki skilið. Jeg veit ekki betur en

venja sje, að gjalda tollinn þar sem skipið kemur fyrst að landi, og þó það væri ekki, þá er þess að gæta, að þegar lausakaupmenn fara úr einu lögsagnarumdæmi í annað, þá eru þeir skyldir, að láta áteikna skipsskjölin í hverju nýju umdæmi, sem þeir koma í, og þá gefst lögreglustjóranum um leið kostur á að grennslast eptir um tollskyldar vörur hjá lausakaupmanninum. Mjer sýnist ekki rjett að gera lausakaupmönnunum eins örðugt fyrir og frumv. fer fram á, því að gjaldið verður að líkindum lagt á vörurnar, og það máske tvöfalt, eins og h. þm. Rvk. (J. J.) sagði um kaffitollinn.

Þorsteinn Jónsson: Þegar um þetta mál er að ræða, þá er þess vel að gæta hverjir þeir lausakaupmenn eru, sem koma hingað, og með hverjar vörur þeir koma og hvort þær eru dýrar eða ódýrar í hlutfalli við farmrúmið. Lausakaupmenn þeir, sem hingað koma, eru flestir Norðmenn, og þeir færa oss ódýrar nauðsynjavörum, trjávið, kartöflur, og máske stundum kol. Það er varúðarvert fyrir oss, að leggja þungt gjald á þá menn, sem færa oss þessar vörur, það er varúðarvert segi jeg, fyrir viðarlaust land, að leggja svo þungt gjald á trjáviðarkaupmenn, að einsætt sje, að trjáviður verði að hækka tilfinnanlega í verði fyrir það. (Heyr!) Norðmenn eiga ekki ætíð svo hægt með að selja trjáviðarfarma sína; jeg veit til að þeir hafa stundum orðið að sigla höfn af höfn til þess, og það getur orðið svo dýrt gaman, ef frumv. næði óbreytt lagagildi, að þeir lausakaupmenn að minnsta kosti, sem þannig hvekkjast, komi hingað ekki aptur. En jeg vona að fæstir vilji stuðla að því, að Norðmenn hætti að færi oss trjávið. Að minnsta kosti viljum vjer ýmsir þm. það ekki, og því höfum vjer komið með breyt.till. Ef hún nær eigi fram að ganga, þá er mjer næst skapi að 50 kr. gjaldið væri lækkað að helmingi, þannig, að lausakaupmenn greiddu 25 kr. á hverri höfn, er þeir koma á.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg ætla að eins að leiðrjetta eitt atriði í ræðu h. 2. þm. Húnv. (Þorl. J.). Athugasemd mín um tollgreiðslu átti ekki fremur við breyt.till., en frumv. sjálft; það var almenn athugasemd um að mjer þætti frv. ísjárvert vegna þess, að örðugt mundi að hafa eptirlit með tollgreiðslu lausakaupmanna, ef frumv. yrði að lögum.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. 8 þm. við 1. gr. samþ. með 18 atkv.

2. gr. frumv. samþ. með 19 atkv.
3. — — — — 17 —
4. — — — — 18 —
5. — — — — 16 —

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 20 atkv.

Frumv. til laga um afnám 5. gr. í opnu brjefi 31. maí 1855 (191); 2. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Af því að engar breyt.till. hafa komið fram, finn jeg eigi ástæðu til, að fara um frumvarpið mörgum orðum, en óska þess að eins, að það gangi til 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 20 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 20 atkv.

Frumv. til laga um samþykkt á landsreikningunum 1884 og 1885 (C. bls. 47, og nr. 209); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Það eru að eins 2 breyt.till. og 1 viðaukatill. frá nefndinni við stjórnarfrumvarpið. En af því að það stendur í svo nánu sambandi við álit endurskoðunarmanna, þá finn jeg eigi ástæðu til að fjölyrða um það fyr en við 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frumvarp til laga um forsorgun óskilgetinna barna (213); 1. umr.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Við frumv. það, sem kom frá efri deild um þeginn sveitarstyrk, gat jeg þess, að það væri sá eini verulegi galli, sem mjer þætti á frumv., að það vantaði ákvæði um, að náð yrði í feður óskilgetinna barna. Ætlaði jeg þá og ráðgerði, að koma inn í frumv. ákvæðum í þessa átt, en sá, að það fór ver, en að koma fram með nýtt frumv. í þá átt, sem hefði ákvæði um, að óskilgetin börn, sem foreldrar geta eigi forsorgað, ættu að uppalast bæði af hrepp föður og móður. Frumv. það, sem hjer liggur fyrir, er að miklu leyti sniðið eptir frumv., sem innanríkisráðgjafinn í Danmörku lagði fyrir ríkisþingið í vetur, en þó með verulegum breytingum, eptir því, sem hjer þótti við eiga.

Nýmæli er í frumv., að þegar um forsorgun óskilgetinna barna er að ræða, er hjer svo ákveðið, að faðir óskilgetins barns forsorgi það að $^2/_3$, en móðir að $^1/_3$. Þessi nýmæli eru rjettilega byggð á ástandinu hjer á landi, þar sem faðirinn fær hjer miklu meira kaup en móðirinn. Þegar faðir og móðir eiga að forsorga óskilgetið barn, þá getur móðirin það varla undir nokkrum kringumstæðum að $^1/_2$, en í flestum að $^1/_3$. Þetta eru þau verulegu nýmæli í frumv. þessu. Tilgangurinn er að koma slíkum mönnum undir ákvæði laga um sveitarstyrk og fúlgu; það hefir verið ómögulegt; þeir fara nú í ýmsar áttir, senda skýrslu um að þeir hafi ekkert, er þeir geti látið, og eru stundum búnir að drekka allt út; en úr þessu er bætt í frumv. Jeg ætla nú ekki að tala um hinar einstöku greinir; en komi einhver með breytingar, er jeg fús á að taka þær til greina, ef mjer finnst ástæða til.

Sigurður Stefánsson: Jeg játa, að hjer er um vandamál að ræða. Ákvæði frumv. eru sum lík því, sem á sjer stað í núgildandi lögum. Það er mikið komið undir því, hvað faðirinn getur mikið, og hversu hægt er að ná í hann, en mjer er nú ekki vel ljóst, hvort bætt sje verulega úr þessu með frumv. En af því að þetta er þýðingarmikið málefni, og vert að íhuga það, þá vil jeg leyfa mjer, að stinga upp á að nefnd verði sett í það.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþykkt og kosnir:

Þórarinn Böðvarsson með 11 atkv.
Benidikt Sveinsson — 9 —
Sigurður Stefánsson — 8 —

Frumvarp til laga um fræðslu ungmenna (186); 1. umr.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Jeg álít að jeg geti verið fremur stuttorður um frumv. þetta. Eins og kunnugt er, er frumv. þetta komið frá meiri hluta nefndar þeirrar, er sett var í alþýðumenntunarmálið, og jeg skal taka það fram, að frumv. þetta er talsvert svipað 2. kafla hins upphaflega frumv. Meiri hlutanum í nefndinni virtist ástæða til að auka ákvæðin í lögum frá 9. jan. 1880 um uppfræðing barna undir fermingu, því það væ i sá kafli æfinnar í lífi hvers manns, sem bezt væri tækifæri til þess að nema, og þá er maðurinn bezt lagaður til þess að taka á móti uppfræðingu.

Nýmæli eru í frumv. þessu, bæði að því leyti, að kennslugreinum er fjölgað, og fór meiri hlutinn þar eptir hinu upphaflega frumv., og í öðru lagi að því leyti, að kunnátta í þessum kennslugreinum er gerð að skilyrði fyrir fermingu. En jeg held að frumv. verði eigi neitt óaðgengilegra fyrir það, heldur miklu fremur til þess, að gefa mönnum meiri hvöt til þess að gera það, sem þeir eru nú margir farnir að gera af eigin hvötum.

Jeg skal svo eigi fara fleirum orðum um frumv. þetta, en vil vona, að það fái að ganga til 2. umr.

Jón Þórarinsson: Þegar »frumv. um menntun alþýðu« lá fyrir deildinni, sem frumv. þetta er sprottið út af, þá gerði jeg grein fyrir því, við hver rök nefndarálit meiri hlutans í þeirri nefnd hefði að styðjast; en jeg skal nú fara fáum orðum um frumv. þetta í heild sinni.

Það stendur í nefndarálitinu, að meiri hluti nefndarinnar hafi samið nýtt frumv., en jeg sje eigi hvað er nýtt í því; jeg sje eigi annað en upptíning úr lögunum frá 9. jan. 1880, annaðhvort orðjett eða að eins orðalagið breytt; sömuleiðis stendur, að það sje bætt við nýjum ákvörðunum, en þær eru eigi nema sumar nýjar, flestar beinlínis teknar upp úr eldra frumv.; eitt atriði er verulega nýtt og sem jeg ætla að verði hart aðgöngu. Jeg skil eigi annað, en að það verði álitið hart af prestum, að gera þekkingu í kennslugreinum, sem ekkert eiga skilt við kristindómsuppfræðingu, að skilyrði fyrir fermingu.

Jeg er að vísu með því, að gefa mönnum aðhald til þess að uppfræða unglinga, en jeg vil eigi, að það aðhald sje svo sterkt, að það sje alveg ópolandi, eins og jeg er hræddur um að þessi ákvörðun muni þykja.

Þótt ýmsar ákvarðanir sjeu teknar upp úr hinu eldra frumv., sem í því frumv. gátu orðið að liði, þá get jeg þó eigi annað en lýst yfir því, að jeg get ómögulega gefið þessu frumv. atkvæði mitt. Þessu frumv. hefir áður verið líkt hjer í deildinni við eitt stórt núll, og jeg álít, að það sje að sumu leyti eigi betra en núll, en að sumu leyti aptur verra.

Ef jeg legði þá spurningu fyrir h. flutningsmenn, hvort það væri meiningin með þessu frumv., að ætla sjer að bæta úr hinum miklu skorti á menntun alþýðu, og ef þeir láta frumv. svara þeirri spurningu, þá sýnist mjer svarið verða líkt og svar Guðmundar á Hnjúki um kirkjulykilinn: — »Eiginlega er það nú meiningin, en þó er það ekki beinlínis meining mín«. —

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): H. þingm. sem nú settist niður (J. Þ.) fór mörgum orðum um það, að það væri lítið nýtt í þessu frumv.; sumpart væri það ákvarðanir úr lögum frá 9. jan. 1880 eða úr frumv. um menntun alþýðu; en látum það svo vera; en þá kemur mjer næsta undarlega fyrir, að honum, sem hefir samið eins 2. kaflann í frumv. um menntun alþýðu eins og allt frumv., skuli þykja þetta frumv. alveg óhafandi, þar sem hann þó játar, að það sjeu sömu ákvæði í þessu; en ólíklegt, að honum þyki það ónýtt, sem hann sjálfur kemur með. Það hlýtur því að vera þetta eina atriði, að börnum er gert að skyldu að læra þetta til þess að verða fermd, sem gerir, að honum þykir frumv. óhafandi. En meining okkar var, að gera lögin frá 9. jan. 1880 fyllri, og meiri hluti nefndarinnar getur vel játað, að það var frumv. minni hlutans, sem gaf honum tilefni til þess. Með allri virðingu fyrir kristindóminum, þá verð jeg að segja það, að fermingarbarninu er nauðsynlegt að kunna dálítið meira en kristin fræði, og jeg get eigi skilið, að foreldrum eða öðrum geti þótt hjer ofmikið heimtað, þar sem það er það, sem menn eru víða farnir að gera af sjálfsdáðum, en að eins nánara tiltekið, hvað nema á. Þar sem lesbók er tiltekin, þá er auðvitað, að hún er eigi hentug til nú sem stendur, en við vonuðum, að alþýðukennararnir muni láta ljós sitt skína fyrir alþýðunni og koma með hana. Jeg get þess vegna eigi sjeð annað, en að hafi lögin frá 1880 ver brúkandi og 2. kafli í alþýðumenntunarfrumv. verið góður, þá sje frumv. þetta að minnsta kosti hafandi. Þar sem h. þingm. (J. Þ.) var að tala um, að þetta frumv. hefði verið kallað við 1. umr. eitt stórt núll, þá var náttúrlegt, að h. þm. S.-Múl. (L. H.) tæki svo til orða;

honum hefir þótt það miklu stærra núll, en litla núllið, sem hann er hin eina gildandi stærð fyrir framan.

Jón Þórarinsson: Jeg var reyndar búinn að dragast á um það, að tefja eigi tímann með umræðum um þetta mál; en þar sem h. flutningsm. (S. St.) dró þá ályktun af orðum mínum, að mjer hlyti að þykja frumv. um menntun alþýðu óbrúkandi, af því mjer þætti þetta frumv. meiri hluta nefndarinnar óbrúkandi, þá er það eigi rjett. Frumv. meiri hluta nefndarinnar er allt annað frumv., hinu upphaflega frumv. mjög svo ólíkt; væri eigi svo, hefði enginn ágreiningur orðið milli okkar nefndarmanna. Það eru að eins einstöku greinar teknar hjer upp úr hinu upphaflega frumv., annað orðið úr því, en hitt úr lögum 9. jan. 1880; þetta er sundurleitt safn af ýmsum ákvæðum, sem geta verið góð þar sem þau eiga heima, en mynda hjer enga »systematiska« heild. Flestu því gagnlega úr hinu upphaflega frumv. er sleppt.

Jeg skal svo eigi eyða fleiri orðum að þessu, en vona, að þingd. verði á sama máli, að rjettara sje að eyða ekki tíma til þess að búa til lög, sem í engu verulegu taka fram gildandi lögum.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Það er eigi rjett hjá h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.), að því hafi verið sleppt úr, sem gagn var að í alþýðumenntunarfrumv. minni hlutans; það voru einmitt teknar þær greinar og ákvarðanir, sem hann sjálfur hafði eigi strykað út; en auðvitað er það, að kennslunefndum er sleppt úr í þessu frumv., en það gátum við eigi álitið stórkostlegan skaða; en það er sjálfsagt, og það sjer hver maður, að okkar frumv. nær styttra heldur en alþýðumenntunarfrumv., og jeg vona, að h. þingm. sjái það líka, að hjer er að eins átt við 2. kafla þess. Jeg veit, að það getur verið mikið gott, að menn læri lengur en til 14 ára aldurs; en við álitum, að eigi bæri að ganga lengra í lága-ákvörðunum, því þeir verða þó jafnan miklu færri, sem hafa ástæður til að láta kenna börnum sínum eptir þann tíma, hve margir hjeraða- og kennaraskólar sem reistir verða á Íslandi; en mjer þykir það hart, að frumv. sje kallað óhafandi, þó það setji ákveðnari reglur um menntun ungmenna en hingað til hafa verið, og ópolandi verður það eigi kallað, þar sem eigi er farið fram á annað en það, sem mjög margir foreldrar mundu láta gera án laga-ákvarðana.

Jeg skal svo eigi fara fleirum orðum um frumv. þetta að sinni, en að eins láta í ljósi það traust mitt, að jeg er alls eigi hræddur um, að h. deild felli þetta frumv. að þessu sinni.

Lárus Halldórsson: Jeg heyrði eigi almennilega, hvað h. þm. Ísf. (S. St.) sagði, en mjer skildist þó á honum, að honum hefði eigi geðjazt að því, að jeg hafði kallað frumv. þetta eitt stórt núll. Jeg færði þá eigi rök að því, og getur verið, að jeg hefði eigi þurft að hafa þá tölu yfir það, því jeg sje í frumv. margar aðrar tölur, sem hefði mátt brúka, svo sem 2 eða 1. En af því mjer heyrðist þingm. verða svo parlamentariskur, þar sem hann var að tala um núll, sem dinglaði aptan í mjer, þá vil jeg biðja hann að gæta þess, að kasta eigi steinínum á saklausa menn. *(Forseti:* Eigi »personligheder«). Jeg mótmæli áminning forseta, en vil óska, að hann líði eigi, að menn hjer í deildinni fari slíkum orðum eins og h. þm. Ísf. (S. St.), og hafi jeg skilið þau rjett og h. þingd. eins, þá vona jeg að þeir geti eigi láð mjer, þó jeg reyni til að hrinda áburði af sðfnuði, sem ekkert hefir til unnið.

Jeg sagði, að þetta frumv. væri eitt stórt núll, og jeg held, að það hafi eigi verið mikið oftalað; en mjer dettur nú í hug, þegar jeg lít á þetta frumv., latneska orðtækið: *Parturiunt montes, nascitur ridi-*

culus mus (þ. e. fjöllin taka jóðsótt, fæðist hlægileg mús).

Það voru haldnir privat-fundir í fyrra og mál þetta þá rætt vel og rækilega, og öllum kom þá saman um, að það væri eitt af mestu nauðsynjamálum vorum, og það var álitið nauðsynlegt að setja nefnd til þess að búa það mál undir þetta þing, og svo verður árangurinn eigi annar en að setja lög, sem áður eru til, nema kannske bara greinilegri en lögin frá 9. jan. 1880, en hvort sem jeg lít til þeirra laga eða þessa frumv., þá getur mjer eigi annað fundizt, en að, ef þau sjeu eigi alveg gagnslaus, þá komi þau þó að mjög litlu liði. Lögin frá 9. jan. 1880 skylda menn til að kunna að skrifa og reikna, en benda eigi á neitt meðal til þess. Þessi lög eru þó skárri að því leyti, að þau benda mönnum á að ráða kennara, en það er eigi nóg. Hver á svo að borga þessum kennurum? Mjer finnst líka að það sje alveg rangt »princip« í þessu frumv., að bendla fermingúna við kunnáttu í ýmsu, sem ekkert á skylt við hana. Eptir því sem h. framsögum. (S. St.) fórust orð hjer um daginn, hefir hann víst álitið, að þessi kunnátta væri skilyrði fyrir fermingu samkv. lögunum frá 9. jan. 1880; en ef hann er enn eigi kominn að raun um hið sanna í þessu efni, þá þarf hann ekki annað en lesa lögin; í þeim er engin grein, er sá skilningur verði leiddur út úr. En í þessu frumv. er kunnátta í skript og reikningi og rjettritun gerð að beinu skilyrði fyrir fermingu, og það svo, að eigi nægir með minna en aðaleinkunnina »vel«. Jeg játa það, að það er gott að gefa mönnum aðhald til þess að læra þetta, ef aðhalds þarf með, en hvað á fermingin skylt við kunnáttu í skript og reikningi? Til þess að verða fermdur ætti að vera nóg að kunna sínar kristindóms-fræðibækur, og að þekkja hvað heyrir til sáluhjálpar mannsins, en alls eigi kunnátta í skript og reikningi. Fermingin er trúarjátning, og það eina sem á að heimta að því er hana snertir, er, að sá, er játninguna gerir, kunni grein á kristdóminum, og um fram allt að líf trúarinnar sje vakandi hjá honum, svo að játningin komi frá hjartanu; og jeg vona, að allir prestar sjeu mjer samdóma um, að annars er fermingin eigi rjett, og að skript, reikningur og rjettritun eru hlutir, sem alls ekkert eiga skylt hjer við. Það yrðu skrítin fermingarvottorð, sem væru full af karakterum í reikningi, skript o. s. frv., sem ekkert kemur kristindómsþekkingu við. *(Forseti:* Eigi út í einstakar greinar). Jeg þykist eigi vera í neinum sjerstökum greinum, þó jeg tali um fermingu og fermingarvottorð. Sem sagt álít jeg það alveg skakkt princip, að gera kunnáttu í þessum fögum að beinu skilyrði fyrir fermingu. Fermingin er að vísu lögboðin í þjóðkirkjunni — jeg segi þjóðkirkjunni, því það er til önnur kirkja, þó hún sje lítil enn, — en jeg vona, að allir prestar sjeu mjer samdóma um, að hún ætti ekki að vera það, því afleiðingin af því að hafa fermingúna lögboðna, er fyrst og fremst sú, að trúarjátningin getur í mörgum tilfellum orðið falsjátning, og enn fremur sú, að menn skoða þá fermingúna eins og burtfararpróf, og þegar kunnátta í skript og reikning væri gerð skilyrði fyrir henni, þá mundu menn skoða hana sem burtfararpróf, eigi að eins í kristindómsþekkingu, heldur líka í skript og reikningi.

Jeg skal svo eigi eyða fleirum orðum að frumv. þessu, en að eins lýsa því yfir, að jeg gef því eigi atkvæði, og óska helzt að það falli.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Mig furðar á því, að h. þm. S.-Múl. (L. H.) skuli hafa snúizt hugur í þessu máli. Mjer getur ekki betur skilizt, en að frv. nefndarinnar miði til að glæða áhuga manna fyrir uppfræðingu ungdómsins. — Sama h. þm. þótti hjer ofmikið heimtað,

of ströng skilyrði sett fyrir fermingunni. En jeg get ekki ímyndað mjer, að það geti verið skaðlegt fyrir kristindóminn eða kristilega uppfræðingu, að hafa lært þetta; það getur þó aldrei skemmt, að kunna að skrifa og reikna, eða að kunna dálítið meira en 10 lagaboðorðin.

Fermingin og hefir talsverða borgaralega þýðingu, og þá sleppa bæði faðir og móðir meir hendinni af börnunum en áður, og er því nauðsynlegt, að börnin kunni eitthvað meira en það, sem snertir sáluhjálp þeirra, sem jeg met mest af öllu. — Jeg ætla ekki að fara að þrátta um það, hvort taka eigi fermingúna af eða ekki; það mál liggur hjer ekki fyrir.

Hann sagði og, að þessi fermingarvottorð mundi taka sig skrítilega út; það væri eins og fermingin væri ekki annað en »dimission« eða burtfararpróf. En þetta finnst mjer undarlega sagt af honum. Sem gömlum biskupsskrifara má honum þó vera það kunnugt, að allir prestar eru skyldir til að senda prófastum sínum árlegar skýrslur um fermd börn, og prófastarnir aptur biskupnum árlegar fermingarskýrslur, og gera þar grein fyrir kunnáttu barnanna, ekki einungis í kristindóminum, heldur og í lestri, skript og reikningi. — Hefði jeg álitið, að þetta yrði til skemmda eða spillti fyrir þekkingu í kristindómi, þá hefði jeg eigi mælt með frumv. En það er svo fjarri því, að jeg haldi það, að jeg miklu fremur hygg, að bæði þetta frumv. og lögin frá 9. jan. 1880, sjeu til mikilla bóta fyrir uppfræðing ungmenna hjer á landi.

Þórarinn Böðvarsson: Mjer þykir það vandræði, að þetta mál skuli vera orðið að svo miklu deiluefni hjer í þingdeildinni; þetta mál, sem er eitt af hinum mestu áhugamálum allra landsmanna.

H. nefnd hefir játað, að menntun alþýðu hjer á landi væri mjög svo ábótavant, og er jeg henni þakklátur fyrir það; hún hefir líka játað, að mál þetta væri hið mesta nauðsynjamál, en hefir þó eigi getað aðhyllzt hið upprunalega frumv., er lagt var fram fyrir deildina, og færir sem ástæðu, að það fari fram á að setja lögskipaðar einsháttaðar reglur fyrir allri uppfræðslu og menntun alþýðunnar. En í öllum menntuðum löndum, nema á Íslandi og í h. neðri deild, er þessari reglu fylgt. Jeg þekki baráttu hjá Svíum, sem einmitt fer því gagnstæða fram, sem h. nefnd vill í sínu frv.

Þá er önnur mótbára gegn hinu upprunalegu frumv. hjá nefndinni sú, að það sje ómögulgt að framfylgja þessu frumvarpi, ef það yrði að lögum, og að hún sjái ekki tiltækilegt, að ráða til að leggja fram svo mikið fje af landssjóði, er nægi til framkvæmda þessara laga. En jeg vildi óska, að jeg hefði ekki þurft að lesa þessi orð. En hvað er nauðsynlegra fyrir hverja þjóð en þekking? Slík lög, sem nefndin vill setja, eru einungis til að draga úr áhuga manna, en eru engan veginn til þess að beina þessu velferðarmáli í rjetta stefnu. Fátækt landsins, sem er aðalástæða nefndarmanna gegn hinu upprunalega frumv., er ekki svo stór í augum landsmanna, að þeir ekki vilji sinna þessu velferðarmáli; og að alþingi ekki geti sett slík lög, get jeg ekki skilið.

Jeg álít frumvarp nefndarinnar byggt á þeim grundvelli, að það sje ekki hægt eða til neins að lappa upp á það. Það hefir verið með rjettu sagt, að í nefndarfrumvarpið hafi verið tekin upp ákvæði úr lögum 9. jan. 1880 (*Sig. Stef.:* Ný ákvæði). En hin nýju ákvæði eru óhafandi: koma í bága við hina eldri löggjöf, eða yrðu til tjóns fyrir menntunina.

Skilyrði þau, sem frumv. nefndarinnar setur fyrir fermingunni, eru ekki rjett. Það er þýðing fermingarinnar, að hún veitir mönnum aðgang til altarisgöngu. Má jeg spyrja: Á þá að neita þeim altarisgönguleyfis um aldur og æfi, sem ekki fær einkunnina vel við prófið í skript og

reikningi? Þetta skilyrði meiri hlutans er byggt á algerðum misskilningi á þýðingu fermingarinnar. Presturinn heldur prófið, en dómendurnir eru ómenntaðir menn, en þeir geta komið til að ráða mestu við prófið, því þó presturinn álíti, að það og það barn eigi einkunnina vel skilið, þá geta þeir sagt nei við því, og þannig hamlað ferming barnsins, og í þessu tilliti er presturinn settur undir vald annara, og það einmitt í þeim málum, þar sem hann á einn að ráða.

Eins og hjer er komið þessu máli, hygg jeg, að heppilegast væri, að láta það ekki fara lengra, því jeg óttast fyrir, að því ekki geti þokað áfram í heillavænlega stefnu fyrir land og lýð, þegar haft er tillit til þess grundvallar, sem nefndin hefir byggt á; jeg álít, að ástæður og tímar sjeu og óhentugir til þess, og af umhyggju fyrir málinu legg jeg það til, að það verði látið falla, og að það verði betur undirbúið til næsta þings. Jeg vona líka, að ástæður og tímar verði þá hentugri. Sem sagt, jeg legg það til, að málið verði ekki látið fara lengra að þessu sinni.

Árni Jónsson: H. varaforseti (Þ. B.) þóttist ekki ætla að lengja umræðurnar, en gerði það þó með því, að halda langa lofræðu yfir sínu eigin frumv., sem fjell um daginn, og með því að fara út í hinar einstöku greinar þessa frumv., sem ekki á við á þessu stigi málsins.

Jeg hafði reyndar búizt við, að þessir h. þm., sem mest mæltu með hinu fyrra frumv., mundu nú vilja svala sjer á þessu frumv., og ekki telja það nýtilegt að neinu leyti, eins og nú er á daginn komið.

H. varaforseti (Þ. Böðv.) segist furða sig á því, að þingmenn skuli hafa skiptar skoðanir á menntamálinu í ár, þar sem þeir þó í fyrra hafi verið allir á sama máli um, að þetta væri eitt hið mesta áhugamál þingsins. Það hefir nú enginn neitað því enn, að þetta væri áhugamál og nauðsynjamál. Hitt er annað, hvernig því verði heppilega til lykta ráðið. En hann man líklega ekki eptir öðru máli, sem allir voru sammála um í fyrra, og sem þeir þá voru sjerstaklega kallaðir til að ræða, en sem allir eru nú ekki á sama máli um, og fylgja ekki með sama áhuga og þá; myndi hann þetta, þá mundi hann ekki heldur furða sig á því, þótt menn gæti eins breytt skoðun sinni á þessu máli og öðrum málum. En það er annað. Jeg man við ræddum hjer í þessum sal í fyrra annað mikilvægt mál. En jeg man ekki til, að þetta mál væri þá rætt hjer. Það kom reyndar um það inn á þingið 2 tillögur til þingsályktunar frá hans hendi, en þær voru svo óformlegar, að eigi gat verið tiltækilegt að taka þær til umræðu.

Því, sem hann tók upp úr nefndarálitinu, finn jeg ekki ástæðu til að svara. Því að það var ekki nema það sama og h. samþm. hans las upp úr því í byrjun ræðu sinnar um daginn, og sem þá var svarað af h. þm. Ísf. (Sig. Stef.).

En að því, er lýtur að skólalögunum, sem hann var að tala um, þá mætti og benda á það, að við höfum 2 alþýðuskóla eða gagnfræðaskóla, sem ganga eptir skólalögunum eða ákveðnum reglugjörðum; en það fer þó ekkert sjerlegt frægðarorð af framförum þeirra, vexti og viðgangi. Skýrslur þeirra bera vott um allt annað. Þær sýna bezt, að nemendum fer fækkandi, og að þeim fer árlega fækkandi, sem af þeim útskrifast; og úr þeim vandkvæðum geta lög því eigi bætt.

Jeg efast eigi um, að h. varaforseti sje mjög kunnugur menntuninni í því »fjölmennasta prófastsdæmi á landinu«; en hvað snertir tilvitnun hans til annara landa, þá er þess að gæta, að hjer hagar allt öðru vísi til en í útlöndum. Það er árangurslaust að ætla að steypa skólalög og skólastofnanir hjer í sama móti og þar. Því veldur strjálbyggðin og erviðleikarnir að sækja skólana um vetrartímann. Þess vegna verður heimilisfræðslan happasælust,

enda er það mín skoðun, að barnamenntun mædranna sje aðal-undirstaða undir allri alþýðumenntun; það er sannarlega eins mikið varið í heimilismenntunina, ef húu er góð, eins og menntunina á alþýðuskólum, og ætti því að festa hana og auka, en ekki að veikja hana með óframkvæmilegum skólum.

Þar sem h. varaforseti sagði, að prestum væri »fyrirmunað« að ferma börn eptir lögum þessum, þá vil jeg biðja hann að lesa frumvarpið betur, og mun hann þá sjá, að hann hefir ekki rjett að mæla. Frumv. fer eigi fram á annað, en að auka siðferðislegan og andlegan þroska hjá fermingarbörnum, og get jeg ekki sjeð, hvernig h. varaforseti (Þ. Böðv.) fer að hafa á móti þeim góða tilgangi, því að jeg er viss um, að hann veit fullvel, að fermingin er svo alvarleg athöfn, að það er æskilegt, að börnin sjeu sem bezt undir hana búin, og hafi þá þegar öðlazt sem mesta sjálfstæða þekkingu og siðferðislegan krapt.

Þórarinn Böðvarsson: Það var margt í ræðu þm. Mýr. (Á. J.), sem jeg get ekki viðurkennt sem fullan sannleika.

Af þessum tveim þingsályktunartill., sem hann talaði um, held jeg að aldrei hafi nema önnur verið til. — Og þar sem hann vildi brigzla mjer með stjórnarskrármálinu, þá finnst mjer það liggja fyrir utan þetta mál.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Það er allt af betra að hafa að minnsta kosti einu sinni lesið málið yfir, áður en maður fer að halda um það margar ræður. En mjer virðist h. varaforseti (Þ. B.) ekki hafa lesið þetta mál yfir, allra sízt nema fyrstu greinarnar.

Jeg skil ekki þá mótbáru, að unglingurinn verði ver undirbúinn í sínum kristindómi, þó hann læri meira en það, sem lögboðið er til fermingar. Það sjá allir, við hve mikil rök slík mótbára hefir að styðjast.

Lárus Halldórsson: Mjer þótti leitt að þurfa að heyra það, að h. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.) skyldi álíta, að fermingin væri burtfararpróf úr kristindóminum. Jeg vil biðja h. þingmenn vel að íhuga, hvort ekki sje mjög viðsjárvert, að binda fermingu unglinga, sem að öðru leyti hafa nægа kristindómsþekkingu, við það, að geta fengið »vel« í þessum greinum, sem hjer eru nefndar. Ef unglingur ekki nær fermingu af þessum ástæðum, og deyr svo áður en hann hefir öðlazt nægа kunnáttu í þessum greinum, þá er hann við það útilokaður frá hinni heilögu kvöldmáltíð.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Jeg mæli fast á móti því, að þetta frv. útiloki nokkurn ungling frá kvöldmáltíðinni; þó h. þm. S.-Múl. (L. H.) hafi ekki verið svo lengi prestur í þjóðkirkjunni, að hann viti, að opt kemur fyrir, að unglingar ekki eru kristnaðir fyr en 18 vetra, þá ætti h. varaforseti að vita það, og lengra fer frumv. sannarlega ekki. Annars væri æskilegt, að ekki yrðu lengri umræður um málið í þetta sinn, því það lítur svo út, sem enginn hinna h. andmælenda þess hafi verið búinn að lesa lengra, en aptur að 11. gr. frv.

Árni Jónsson: Jeg leyfi mjer að mótmæla því, að jeg hafi »brigzlað« h. varaforseta (Þ. Böðv.), og skýt því undir álit forseta og þingd., hvort svo var. — Hvort þingsályktunartill. voru ein eða tvær, munu þingtíðindin í fyrra bezt sýna.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 11 atkv. gegn 4.

Frumv. til laga um afnám konungsúrsk. 22. apr. 1818 (161); 1. umr.

Þórarinn Böðvarsson: Fjárlaganefndin hefir ekkert um þetta frumv. að segja að svo stöddu, en óskar, að málið gangi til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 19 atkv.

Till. til þingsályktunar um lán til safnaðarins í Garðssókn (205); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á að hafa eina umr., og var það samþykkt með 19 atkv.

Þrítugasti og þriðji fundur, föstudag 5. ágúst á hádegi.

Frumvarp til laga um skipting Barðastrandarsýslu í tvö sýslufjelög (C. 162); 3. umr.

Flutningsmaður (Sigurður Jensson) Jeg hefi ekkert að segja um þetta mál. Það hefir einlægt verið samþykkt hjer í einu hljóði og vona jeg að það verði það enn.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og sent Ed.

Frumvarp til laga um húsmenn og þurrabúðarmenn (C. 103); 2. umr.

Flutningsmaður (Þorlákur Guðmundsson): Jeg hefi lítið að segja um þetta mál að svo stöddu, með því það enn eigi hefir mætt neinum mótmælum. Það gengur, eins og menn sjá, ekki eingöngu út á það að þröngva rjetti húsmanna og þurrabúðarmanna, heldur miklu fremur út á, að tryggja hag þeirra í framtíðinni, þar sem það miðar til að auka grasræktina í landinu með því að koma í veg fyrir að grassverðinum sje eytt með óskynsamlegri torfristu og mótöku. Yfir höfuð vill frv. efla búsæld í landinu með því að koma í veg fyrir, að þessir menn, húsmenn og þurrabúðarmenn, verði að annara handbendi og iðjulaus lýður alist upp, eins og nú á sjer of mjög stað, þegar er sjávaraflinn bregzt. Ef þurrabúðarmenn gætu með tímanum almennt eignast kýr, þá mundi það stórum bæta hag þeirra, og, ef til vill, alveg koma í veg fyrir hallæri, sem svo opt kemur fram í sjávarplássunum. Nú er nautpeningsrækt miklu minni í landinu, en fyr meir, og sakna menn þess nú mjög. Fleira mætti telja þessu frumv. til gildis, en jeg fresta því meðan jeg ekki heyri nein mótmæli.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg held að frumv. þetta hafi gengið orðalaust í gegn við 1. umr. og mun það meðfram hafa verið af því, að tíminn var orðinn of naumur til að ræða um það á þeim fundi. Þetta er þó mikilvægt mál, eins og öll þau mál, sem ræða um rjett manna. Jeg hefi aldrei viljað skerða atvinnurjett manna, hvorki í því, sem hjer ræðir um, nje öðru. Jeg tel það æfinlega hart, ef menn mega ekki bjarga sjer á þann hátt og með þeim meðulum, sem menn bezt geta, þegar meðulin eru þannig, að þau geta eigi skaðað aðra. Menn munu nú segja, að þessir menn, sem hjer ræðir um, gjöri fjelaginu skaða með háttalagi sínu, en jeg er ekki á því, að svo þurfi að vera, ef aðgæzla er höfð á. Jeg er samdóma h. flutningsm. (Þorl. G.) um það, að landbúnaðurinn sje drjúgur; en »það er líka drjúgt sem úr sjónum drýpur«, og að mínu áliti er þetta land vort, Ísland, eins vel fallið til sjávarafla eins og landbúnaðar, þ. e. a. s. ef sjávarútvegurinn er stundaður með viti, eins og landbúnaðurinn líka verður að vera stundaður með viti, ef hann á að gefa nokkuð af sjer. Í öðrum betri löndum eru stór fiskiver, þar sem menn lifa eingöngu af fiskiveiðum, en hjer í þessu frumv. er farið fram á að blanda þessum tveim atvinnuvegum saman, þar sem sjávarbóndanum er eins gert að skyldu, að lifa jafnframt af landbúnaði. Jeg skal játa að jeg hefi ekki kynnt mjer nógu vel hinar einstöku greinar frumv., því, hreinskilnislega sagt, hefir það orðið í gleymsku fyrir mjer. Jeg ímynda mjer, að sum ákvæði frumv. sjeu á góðum rökum byggð, en frumv. yfir höfuð ætla jeg að þurfi ítarlegrar yfirvegunar við, og

því sje rjett að setja nefnd í málið. Jeg leyfi mjer að stinga upp á þriggja manna nefnd.

Flutningsm. (Þorlákur Guðmundsson): Málið er komið úr nefnd og því vona jeg að ekki verði farið að setja það í nýja nefnd. Það er sjálfsagt að við flutningsmenn tökum öllum góðum bendingum og göngum inn á allar skynsamlegar breytingar á einstökum ákvæðum frumv. Það má vel vera, að einstök ákvæði sjeu eigi svo heppileg, sem vera ætti, en stefna málsins er að mínu áliti alveg rjett. Það er svo langt frá, að frumv. þetta skerði atvinnufrelsi manna, að það miklu fremur eykur það í framtíðinni; en eins og tómthúsmennskan nú er lögð, er hún allri atvinnu til niðurdreps og sönnum framförum og hagsæld manna til hindrunar. Þeir lifa að mínu áliti beztu lífi, sem lifa bæði af landbúnaði og sjávarafla.

Forseti: Það hefir verið stungið upp á nefnd í þetta mál, sem komið er frá nefnd, og er það ef til vill ekki beint á móti þingsköpunum, að setja nefnd í mál, sem áður hefir verið meðhöndlað í nefnd, en samkvæmara þingsköpunum mundi það vera, að vísa málinu til hinnar sömu nefndar, sem það er komið frá.

Þórarinn Böðvarsson: Þegar sett er nefnd eins og atvinnuveganefndin, er semur mörg sjerstök frumvörp, er koma inn á þingið, þá skoða jeg slíka nefnd sem flutningsmenn að þeim frumvörpum, sem frá henni koma, og getur því ekki verið á móti þingsköpunum, að setja þau frumvörp í sjerstakar nefndir. Það hefir aldrei verið kosin nefnd í þetta frumvarp. Nefndin er þar eins og flytjendur.

Forseti: Jeg verð að vera á öðru máli en h. varaforseti um þetta efni. Jeg get ekki betur sjeð, en að mál þetta hafi fengið vanalega og lögboðna meðferð í nefnd. Ef fylgja ætti þeirri reglu, sem h. varaforseti heldur fram, þá mætti eins setja sjerstakar nefndir til að íhuga ýms einstök atriði og tillögur, sem koma frá fjárlaganefndinni; en það er þó víst ekki meiningin.

Grímur Thomsen: Jeg er samdóma h. forseta um skilning hans á þingsköpunum í þessu efni; en það mætti, eins og h. forseti tók fram, vísa málinu aptur til hinnar sömu nefndar, sem það er komið frá.

Forseti: Jeg skal taka af allan vafa um þetta formspursmál með því að skjóta því til h. þingdm., hvort sjerstaka nefnd skuli setja.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd felld.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg sting upp á því, að málinu verði aptur vísað til sömu nefndar, og að hún bæti við sig 2 mönnum til að íhuga málið.

ATKVÆÐAGR.: Að vísa málinu til sömu nefndar og bæta við hana tveim mönnum, var sömuleiðis fellt.

Jón Þórarinsson: Mjer finnst sumar greinar þessa frumv. svo lagaðar, að ekki sje við það unandi.

Í 4. gr. stendur, að þurrabúðarmaður, sem tekur við þurrabúð með óræktaðri lóð, sje skyldur að rækta hana og girða á hverju ári, og hafa fullræktað og girt hana innan 5 ára. Jeg get vel ímyndað mjer, að þurrabúðarmaður, þótt hann sje mjög duglegur, treysti sjer, einhverra orsaka vegna, ekki eitt einstakt ár að vinna að ræktun eða girðing lóðarinnar, og finnst mjer þá hart, ef hann á að sæta sektum fyrir það. Það er að mínu áliti í mesta máta órýmilegt, að láta þurrabúðarmann sæta sektum, þó hann vinni ekki að ræktun lóðarinnar eitt einstakt ár, ef hann samt sem áður að öðru leyti fullnægir þeim krófum, sem lögin gera til hans, og hefir fullræktað lóð sína innan fimm ára.

Ákvæði 6. gr. eru hörð og óviðkunnanleg, þar sem landsdrottinn á að byggja

manninum út, ef hann vanrækir að girða og rækta lóð sína, og byggi landsdrottinn honum ekki út, á hreppsnefndin að gera það. Þannig getur hreppsnefndin byggt þurrabúðarmanni út, jafnvel þótt vanræksla hans í að rækta jörðina og girða lóðina hafi verið afsakanleg, og landsdrottinn sje vel ánægður með manninn, sem líka kann að vera hinn duglegasti og nýtasti maður, þótt hann hafi orðið að sleppa því að girða eða rækta lóð sína eitt einstakt ár. Að hreppsnefndin geti þannig tekið fram fyrir hendurna á eigandanum eða landsdrottni, er alveg óhafandi í lögum.

Þá skal jeg minnast á 7. gr., sem að mínu áliti er óviðfeldnust allra greina frv. Þar segir, að þegar ábúandaskipti verði á þeim þurrabúðum, sem þegar eru til, skuli í öllu fara eptir ákvæðum frv. þessa, um húsakynni, útmælingu lóðar, ræktun o. s. frv. Með öðrum orðum: það á að breyta húsakynnum og færa út lóðir þær, sem þurrabúðunum fylgja, án tillits til, hvort þetta er mögulegt eða ekki, og það er öldungis víst, að víða, þar sem þurrabúðir eru til, og jeg þekki til, yrði öldungis ómögulegt að framfylgja þessum ákvæðum. Þar sem jeg þekki til, er víðast ekki svo mikið land til kring um þurrabúðir, að hægt sje að mæla hverju tómthúsi út 400 ferhyrningsfaðma lóð. Jeg held það þyki gott, þegar land leyfir að hafa dálitla kálgarðsholu, sem kallað er, við þurrabúðir. Samt sem áður er svo ákveðið, að verði fyrirmælum laganna ekki hlýtt, skuli viðkomandi sæta sektum, og er slíkt alveg óhafandi.

Það er nú líklega svo, að ákvæðin um, að sýslunefnd geti gert undantekningar viðvíkjandi stærð á lóð þurrabúða, eigi að bæta hjer úr, en það mundi reynast svo, að gera yrði einlægar undantekningar, svo að undantekningarnar yrðu hjer að aðalreglu.

Þá er það líka langt of hart, að skylda þurrabúðarmanninn til að eiga að minnsta kosti 400 kr. fjárhæð. Þetta er hörð krafa, og margur, sem gæti orðið duglegur maður og nýtur sínu fjelagi, gæti orðið útilokaður frá að vinna það, sem hann helzt er hæfur til, sjálfum sjer og ættjörðu sinni til gagns og sóma.

Flutningsm. (Þorlákur Guðmundsson): Mjer skilst helzt á orðum h. 2. þm. Gbr.- og Kjósars. (J. Þór.), sem hann vilji helzt ekkert gera til þess að bæta úr þurrabúðarmennskunni eins og hún er nú. Jeg get þó ekki hugsað mjer, að hann sje orðinn svo samgróinn þessu þurrabúðarlífi, að hann sjái ekki, hvað aumt og auðvirðilegt það er. Jeg held hann hafi verið nokkuð stangur í dómi sínum um frv. Jeg ætla að það taki sig ljóslega út í frumv., að þurrabúðarmaðurinn á að hafa fullræktað lóð sína innan 5 ára, en þó hann ekki rækti hana eitt einstakt ár, vegna atvika, þá er ekki meiningin að byggja honum út eða sekta hann fyrir það; en það get jeg ekki sjeð að sje ofætlun, þótt hann eigi að hafa fullræktað þennan lóðarblett á 5 árum.

H. sami þm. fann það að 7. gr., að hún ákvæði það, sem ekki væri mögulegt að framfylgja, með því að hinar eldri þurrabúðir hefðu fæstar nóg land; en þar sem svo er, má sýslunefndin samkvæmt sömu gr. gera undantekningar, og þar með verð jeg að álíta mótbáru h. þm. fallna. Það er líka aðgætandi, að frumv. miðar sig ekki við kaupstaði, og þó held jeg að jafnvel þar mætti mjög víða framfylgja ákvæð. þessarar 7. gr. Meira að segja, jeg ætla að í Hafnarfirði, þar sem þingm. er kunnugastur, muni víða pláss nægilegt til að rækta í kring um þurrabúðir, enda mun maður hafa ræktað þar svo vel út, að það hefir komizt á prent. Sama er að segja um Seltjarnarneshrepp. Þar er yfirfljótanlegt svæði til fyrir margar þurrabúðir með 400 ferhyrningsfaðma lóð; svona mun og vera suður með öllum sjó; þar er og nóg land til að rækta. Annars vildi jeg

mega benda h. 2. þm. Gbr.- og Kjósars. (J. Þór.) á rit eptir konferenzráð Magnús Stephensen, sem samið er fyrir nær 100 árum síðan, um þurrabúðir og skaðsemi þeirra, og ef hann hefir ekki lesið það, vildi jeg ráða honum til þess. Þegar Magnús Stephensen skrifaði þetta rit sitt, þá voru þurrabúðirnar þó ekki margar í samanburði við það sem þær eru nú, og þó spáði hann rjett um skaðsemi þeirra og siðaspilling þá, sem hlyti að leiða af iðjuleysi þurrabúðarmanna. Hvað mundi hann segja nú, ef hann væri risinn upp úr gröf sinni og sæi allan þurrabúðafjöldann, sem nú er?

Þá þótti þm. það of hart, að heimta, að sá sem byrjaði þurrabúðarmennsku, skyldi eiga minnst 400 kr. fjárhæð skuldlausa. En þá vil jeg spyrja h. þm.: fannst honum ekki hann þurfa meira fje, þegar hann byrjaði búskap? Þessar 400 kr. eru þó ekki meira en það sem duglegur vinnumaður fær í kaup á 4 til 5 árum. Það veit hann fullvel, að t. d. duglegir formenn fá 100 kr. kaup hjer sunnanlands. Hvað er þá slíkur maður lengi að safna 400 kr? Jeg verð einmitt að telja frumv. þessu það til gildis, að það vill láta lögin kenna mönnum að spara og safna fje, sem er nauðsynlegt til þess, að menn þurfi ekki að liggja upp á öðrum, eða, sem menn segja, að þorna í skelinni.

Þegar nú, eins og optast er, að tvennt dregur sig saman, karl og kona, þá er ekki of mikið þótt þau eigi til samans 400 kr., og ef þau eiga það ekki, þá hafa þau annaðhvort ekki nennt að vinna og þá af þeirri ástæðu ekkert kaup fengið, enda hafa slíkar persónur ekki neitt með sjálfsmennsku að gera, og geta þá hvorki unnið sjálfum sjer eða þjóðfjelaginu gagn.

Jónas Jónassen: Jeg er á sama máli og 2. þm. Gbr. og Kjós. (J. Þór.) um þetta frv. Jeg get ekki verið með því í öllum greinum þess, en jeg skal hreinskilnislega játa, að mjer hefir orðið sama á og h. varaforseta, að gleyma að athuga málið nákvæmlega. Þetta er vandamál, og er ekki von að atvinnuveganefndin, sem hefir verið falið svo margt, hafi getað fengið tíma til að undirbúa þetta og önnur mál sín svo rækilega, sem vera þarf. Þetta þurrabúðarmál er mál, sem þarf að íhuga vandlega.

Ákvörðunin í 1. gr. stafl. b., að hver þurrabúðarmaður verði að eiga skuldlausar minnst 400 kr., þegar hann fer að búa, er of hörð. Hjer er heimtað of mikið. 4. gr., sem segir, að þurrabúðarmaður skuli rækta og girða lóð sína á hverju ári og hafa fullræktað hana á 5 árum, er líka of hörð. Aðalatriðið er það, að mínu áliti, að maðurinn sje reglumaður og ráðdeildarsamur. Yfir höfuð gengur í gegnum frv. allt of mikil harka og heimtufrekja, og það held jeg sje stór misskilningur, að halda, að löggjafarvaldinu takist nokkru sinni að kenna mönnum að safna fje.

Sigurður Stefánsson: Jeg er að nokkru leyti samdóma h. 2. þm. Gbr. og Kjós.s. (J. Þ.) um frv. þetta. Jeg get ekki fellt mig við allar greinar þess, eins og þær eru.

Eptir skilyrðum þeim fyrir húsmennskunni, er sett eru í frumvarpinu og sem jeg fellst fullkomlega á, þá þykir mjer reyndar hart, að hann skuli geta átt það á hættu, að verða byggt út, ef til vill, eptir eitt ár. Eptir 6. gr. á að byggja honum út, ef hann hefir vanrækt að girða lóð sína og rækta, þó ekki sje nema eitt einstakt ár. Ef afbragðsgott fiskiár kemur og þurrabúðarmaðurinn stundar sjóinn af kappi, þá getur vel hugsazt, að hann geti ekki girt og ræktað lóð sína þann tíma ársins, sem því annars verður við komið, en þá er hart að byggja honum út fyrir það. Hann getur verið fullduglegur og starfsamur maður, þó hann geti ekki fullræktað lóðina á þessum tíma. Jeg

skal líka játa, að ákvæði 7. gr. muni ekki vera sem heppilegust, með því víða mun ómögulegt að fara eptir reglum þessara laga að því er snertir þurrabúðir, sem þegar eru til. En þrátt fyrir þá galla, sem kunna að vera á frv., er jeg þakklátur atvinnuveganefndinni fyrir aðalstefnu þess. Það hefir hingað til verið meinið, að aðgangurinn að þurrabúðarmennskunni hefir verið svo greiður. Að það sje of »hart», að heimta, að þurrabúðarmaður skuli eiga 400 kr. skuldlausar, þegar hann byrjar búskap, get jeg með engu móti fallizt á. Þar sem jeg þekki bezt til, er duglegum vinnumönnum launað mjög vel. Það eru margir, sem fá 100 kr. í kaup um árið og aðrar 100 kr. í formannskaup. Ef slíkir menn á annað borð hugsuðu nokkuð um að spara, þá mundu þeir auðveldlega geta safnað hjer 400 kr. á skömmum tíma. Jeg hugsa, að duglegur maður fái líkt kaup hjer fyrir sunnan í Gullbringusýslu. Jeg hefði vel getað fallizt á, þó mönnum hefði verið gert að skyldu að eiga, ekki einungis 400 kr., heldur 600 kr. eða jafnvel meira. Jeg álít það ekki gott, að menn geti hlaupið í tómthúsmennsku, þó menn eigi varla fötin utan á sig; það er ekki nóg, þó menn geti fengið einhvern moldarkofa fyrir sig og hyski sitt, ef svo hreint ekkert annað er til. Það er ekki glæsilegt ástand, sem slíkt háttalag skapar í landinu. Reynslan hefir líka sýnt, að það er einmitt úr þessum plássum, sem hallærislánbeiðslurnar koma fyrst. Það er heldur ekki mögulegt, að vel geti farið, þar sem þessi lýður gengur iðjulaus mikinn hluta árs. Jeg álít alveg rjett, að takmarka tómthúsmennskuleyfið svo mjög, að menn eigi óhægt með að hlaupa úr vistinni í iðjuleysið og sæpingsskapinn í þurrabúðunum. Jeg er vel kunnugur, hvernig líf þurrabúðarmanna er kring um Ísafjörð, og jeg ætla að það sje ekki betra hjer við Faxaflóa. I mínu prestakalli eru t. a. m. 2 hreppar. Í öðrum hreppnum er svo sem engin tómthúsmennska, enda er ástandið í þeim hreppi í góðu lagi; í hinum hreppnum aptur er annarhvor búandi í þurrabúð, og þar eru líka flestallir á heljarþröminni undir eins og ekki fiskast. Jeg álít það beinlínis skyldu þingsins, að takmarka tómthúsmennskuna sem mest má verða; hún hefir aldrei verið landinu til uppbyggingar, heldur þvert á móti; eins og beztu menn landsins fyr og síðar hafa fundið, hefir hún verið átumein þjóðarinnar og undirrót eymdar og volæðis.

Páll Briem: Jeg er þakklátur þeim h. þm., sem hafa talað um þetta frv., fyrir undirtektir þeirra, því að jeg verð að álíta, að þeir sjeu á sama máli og nefndin í öllu verulegu. Þetta frv. er ekki fram komið af augnabliks umhugsun, heldur margra ára íhugun og umönnun fyrir þurrabúðarmönnum, sem um langan tíma hafa átt að sæta hinum verstu og ómannlegustu lífskjörum, sem búið hafa í grenjum, við kulda og vonda vist; þótt nú kjör þeirra hafi verið mjög örðug, þá hefir það samt ekki aptrað mönnum frá að hlaupa út í þessa aumu tilveru, því aðgangurinn hefir verið greiður og sjálfræðishugsunin, sem er svo rík hjer á landi, hefir hert á þeim. Frv. það, sem hjer liggur fyrir, leitast við að ráða bót á þessu böli með því að auka aðhaldið að þeim, sem stofna þurrabúðir hjá sjer, og tryggja það, að þurrabúðarmenn hefðu eitthvað að lifa á; þannig er þeim gert að skyldu, að hafa nokkra lóð og kálgarð, og samningar þeir, sem jarðeigendur gera við þá, mega ekki vera alveg munnlegir o. s. frv.

Hin 5. gr. frv. er sniðin eptir lögum, sem Danir höfðu fengið áður en þeir fengu grundvallarlög sín. Um fjárhæð þá, sem nauðsynleg er til að verða þurrabúðarmaður, getur verið nokkur meiningamunur, en hana má lækka, ef mönnum sýnist svo, svo að hún ein getur ómögulega verið fráfælandi fyrir þann, sem annars ann frumvarpinu.

Í 4. gr. er svo fyrirskipað, að þurrabúðarmaður sá, er tekur við óræktaðri lóð, skuli rækta hana og girða á hverju ári, en þar er ekki til tekið, hve mikið hann skuli rækta árlega, það má gjarna vera lítið, og finnst mjer ótrúlegt, að maður og kona í heilt ár geti ekkert að gert; vilji menn setja einhverjar undantekningar í þessu tilliti, þá er þeim það frjálst, en jeg get alls ekki skilið, að þess gerist þörf, því að maður og kona hljóta þó að geta varið svo sem 1—2 dögum af 365 dögum ársins til að rækta eitthvað dálítið.

En hvað landstærðina snertir, þá heimilar einmitt 7. gr. sýslunefndunum að gera undantekningar viðvíkjandi stærð á lóðunum.

Jeg vildi óska, að þeir, sem eru óánægðir með eitt og annað í frv. þessu, vildu sameina sig nefndinni um að gera þær breytingar, sem þeim þættu æskilegar.

Jón Þórarinsson: Eins og jeg hef áður sagt, þykir mjer frv. í mörgu tilliti vera ábótavant, en því má náttúrlega breyta svo, að það verði viðunandi. H. flutningsm. (Þorl. G.) dró þá ályktun af orðum mínum, að jeg væri ánægður með ástandið í sjóplássum, eins og það nú er; en á hvern hátt og með hvaða rjetti hann hefir komizt að þessari niðurstöðu, get jeg ómögulega skilið. Jeg hef skilið frv. svo, sem það næði einnig til kaupstaða, en þó að það sje ekki, þá vita menn að landstærðin er víða of lítil utan kaupstaðar, og hefir h. flutningsm. jafnvel fallizt á, að svo sje. Rit Magnúsar konferenzráðs, sem h. þm. (Þ. G.) vitnaði til, hef jeg því miður ekki lesið, og skyldi vera honum þakklátur, ef hann vildi ljá mjer það. Krðfur frv. til þurrabúðarmanna um að eiga 400 kr. áður en þeir fara í þurrabúð, eru of strangar, því að þótt vinnumaður fái 100 kr. í kaup á ári, þá verða menn að gæta þess, að hann getur ekki inn unnið sjer 400 kr. á 4 árum, þar sem hann verður að verja talsverðu af kaupi sínu til fatakaupa o. fl. Jeg get því vel hugsað mjer, að hann þurfi 10 en ekki 4 ár til að safna þessari upphæð. Jeg get af þessum og öðrum ástæðum eigi gefið frv. atkvæði mitt óbreyttu, en vilji nefndin gera þær breytingar, sem nauðsynlegar eru, þá skal jeg fyrir mitt leyti vera fús á að reyna að koma mjer saman við hana, og tel þá frv. líklegt til að bæta úr því slæma ástandi, sem þurrabúðir opt valda.

Þórarinn Böðvarsson: Það hefir verið talað um skoðun Magnúsar sál. konferenzráðs á þessu máli, og vil jeg sízt gera lítið úr því, sem hann hefir sagt í þessu tilliti, fremur en öðrum íslenzkum málum, því að tillögur og skoðun þess heiðursmanns voru jafnan hinar beztu. En þegar jeg athuga, hverri meginreglu hafi fylgt verið í frv. því, sem hjer liggur fyrir, þá getur mjer ekki blandazt hugur um, að hún sje fremur óheppileg, því að jeg álít það skaðlegt, að blanda saman sjávarútveg og landbúnaði, eins og frv. fer fram á. Jeg gæti nefnt fjölda marga þurrabúðarmenn, sem enga grasnyt hafa og þó lifa bezta lífi, já, mega jafnvel teljast stórbændur og mestu gróðamenn; þar sem nú þetta er víst og áreiðanlegt, þá er hitt líka víst, að lifa má góðu lífi við sjóinn, þótt menn hafi eigi 400 faðma ræktað land til afnota. Jeg skal gjarnan játa, að tilgangur frv. er hinn bezti, þar sem það vill ráða bót á því hörmulega ástandi, sem jörðin er í við sjóinn; en spurningin er, hvort þetta frv. muni nokkuð fá aðgert; garðrækt er raunar til mikilla bóta við sjóinn, en grasrækt naumast, og sárfáir sjómenn lifa af landbúnaði sjer til verulegs gagns.

Hvað snertir skilyrðið í 1. gr. b, að enginn megi verða þurrabúðarmaður, nema hann eigi 400 kr. skuldlaust, þá skal jeg geta þess, að margur hefir byrjað með minna og farnazt vel, þar á meðal jeg sjálfur. Jeg álít tómthúsið jafngagnlegt

fyrir duglegan sjómann, sem meðal jörð fyrir landbóndann. Það sem jeg sjerstaklega hef á móti frv. er það, að það gangi of nærri rjetti manna, þar sem þeim er gert ómögulegt að gefa sig að þessum atvinnuveg, fyr en þeir eiga svo og svo mikið; jeg man líka, að komið hefir fyrir þingið frv. um að reisa skorður við giptingu öreiga, en það hefir verið fellt, því enginn hefir getað sagt fyrir, að þeir sem byrjuðu með litlu, mundu verða öðrum til byrði; hitt er fullt eins vanalegt, að þeir, sem byrjað hafa með miklar eigur, hafa orðið öreigar. Það, sem stendur í 3. gr., þykir mjer nokkuð nærgöngult við tómthúsmennina, þar sem þeim er gjört að skyldu, að hafa 400 faðma ræktað land til umráða, og farið að setja reglur um húsakynni þeirra, og þar með sýnt, að menn vilja fækka þeim. Ákvæðið í 4. gr. skil jeg ekki; þar stendur, að tómthúsmaðurinn skuli rækta og girða lóð sína á ári hverju í 5 ár; en nú getur verið, að tómthúsmaður rækti og girði lóð sína á fyrsta ári; skal hann þá halda áfram að gera það, sem hann er búinn að gera?

Eptir 6. gr. eiga enn fremur hreppsnefndirnar að fá leyfi til að byggja þeim manni út, sem vanrækir að girða og rækta lóð sína, jafnvel þvert ofan í vilja eiganda; hjer þykir mjer of nærri rjetti mínum gengið sem eiganda, og þykir ákvæðið ópolandi.

Í 7. gr. stendur, að mæla skuli þurrabúðarmönnum út, þegar ábúandaskipti verða; en nú hagar víða svo til, að þurrabúðir standa í leigðum túnum, og yrði þá útmælingin, þar sem svo hagar til, að eins þýðingarlaust spaug.

Sveinn Eiríksson: H. nefnd á mikið lof skilið fyrir frumv. það, sem hjer liggur fyrir, og jeg skal leyfa mjer að lýsa því yfir, að jeg er henni í flestum atriðum alveg samdóma; mjer virðist það mjög óskiljanlegt, að nokkur maður skuli hafa á móti, að heimtuð sje 400 kr. eign af þurrabúðarmönnum, er þeir byrja slíkan búskap, því að búandinn þarf á svo mörgu að halda, sem kostar peninga, að sú upphæð getur ómögulega álitizt of hátt sett. Jeg mundi telja það hið mesta lán, ef frv. þetta gæti orðið til að takmarka að einhverju leyti hinn óstöðvandi straum úr sveitunum í húsmennskuna, eða rjettara sagt í þurrabúð við sjóinn; það eru mörg dæmi til, að vinnumenn hafa yfirgefið góða vist og bændur gott bú upp til sveita til að komast í þurrabúð við sjóinn, en endirinn hefir vanalega orðið sá, og jeg vil nærri því leyfa mjer að segja sá auðvirðilegi og tilfinnanlegi endir, að þessir menn hafa rekizt aptur á sinn eigin hrepp, eptir 2 eða 3 ára dvöl við sjóinn, fjelausir, með barnahóp og stórskuldir, enda er þetta mjög eðlilegt, því að ekki þarf annað en að sjórinn misheppnist þeim að eins 1. árið, til þess að þeir komist á vonarvöl, enda eru, sem öll von er á, hreppsnefndir hjer við sjóinn, jafnvel ekki á hinum svo köllúðu Suður- og Inn-nesjum, fúsar til að gefa slíkum mönnum, heldur, sem eðlilegt er, reikna alla slíka hjálp framfærsluhreppi þurfamannsins; mjer getur því ómögulega virzt upphæð sú, sem nefndin hefir farið fram á, of há; jeg hefði þvert á móti gjarnan viljað, að hún hefði verið 6—8 0 kr., svo að þessir menn hefðu þó eitthvað til að byrja með. Það mundi verða farið að skarða í þá upphæð, þegar maður væri búin að koma upp viðunanlegu skýli yfir höfuðið á sjer og sínum; en hversu margt er það þó annars, sem búandi þarf til að byrja með, svo í nokkru lagi sje? Einir 400 ferh. faðmar af ræktuðu landi eru ekki heldur mikið svæði, og ómögulegt að tiltaka minna, úr því annars er farið að ákveða nokkuð um það efni.

Viðvíkjandi því, sem stendur í 4. gr., að þurrabúðarmaður skuli rækta lóð sína og girða á ári hverju í 5 ár, þá er náttúrlega þar með meint, að hann sje skyld-

ur að hafa lokið því á 5 árum, og finnst mjer því gjarna mega hlaupa úr ár og ár, et hagur hlutaðeiganda leyfir honum ekki að gera neitt það eða það árið, en hann að öðru leyti uppfyllir skyldu sína og hefir lokið við að rækta og girða lóð sína, þegar 5 ár eru liðin.

Aptur á móti get jeg ekki fellt mig við ákvæðið í 6. gr., því að vel getur fyrir komið, að landsdrottinn ekki vilji byggja ábúanda út, þótt hann hafi að einhverju leyti ekki getað uppfyllt það, sem honum er á herðar lagt í 4. gr., og þykir mjer það sannarlega of nærri gengið eignarrjetti landsdrottins, ef hann skal skyldur vera að hlíta úrskurði hreppsnefndarinnar í þessu efni.

Grímur Thomsen: Það er engin furða þótt jeg sje þakklátur h. nefnd fyrir að hafa komið fram með þetta frumv., þar sem jeg sjálfur árið 1877 kom fram með frumv. í líka stefnu fyrir þingið; frumv. mitt fjell, og var það mest að kenna mótstöðu ýmsra þingmanna úr landhjeruðunum; en nú vona jeg að betur takist og að frumv. þetta nái fram að ganga; að eins vildi jeg óska, að gerðar væru nokkrar breytingar á því áður en það kæmi til 2. umr.; sjerstaklega vil jeg taka fram ákvæðið í 6. gr., þar sem hreppsnefndunum er gefinn rjettur til að byggja þeim ábúanda út, sem eigi hefir uppfyllt skilyrði þau, sem sett eru í 4. gr., að landsdrottni nauðugum. Hjer finnst mjer gengið heldur nærri eignarrjettinum, og held jeg því, að þessi grein standi í mótsögn við stjórnarskrána; þessu mætti breyta á þann hátt, að hreppsnefndin gefi leyfi til að vera lengur en 5 ár, ef landsdrottinn vill svo vera láta. Menn hafa kvartað undan, að eignarupphæð þurrabúðarmanna væri sett of hátt, en þá vil jeg leyfa mjer að benda á gömul lög, að mig minnir Píningsdóm, frá 15. eða 16. öld, sem segja, að enginn megi vera þurrabúðarmaður nema hann eigi 5 hundr. í fríðu, svo að jeg get eigi sjeð, að nefndin hafi farið of hátt. Aptur á móti get jeg ekki fellt mig við fyrirsögn frumv., því að í frumv. er eingöngu talað um þurrabúðarmenn, en þurrabúðarmenn er ekki það sama sem húsmenn. Ákvæði um hina síðarnefndu vanta algjörlega í frumv., þótt þörf sje á þeim, því að margir húsmenn búa hjá bændum, sem væri ómögulegt að gefa þeim lóðarrjett. Jeg álít þurrabúðar- og húsmennsku-menn sem hið versta átumein í mínum hreppi, án þess að jeg á nokkurn hátt vilji rengja orð h. varaforseta (Þ. Böðv.) um þurrabúðar- og húsmenn í sínum hreppi, og þykir mjer sannarlega hart, að menn skuli vera settir í hin gífurlegustu útsvör til að ala þennan óaldarlýð.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta meir, en vona, að h. nefnd taki bendingar mínar til greina.

Flutningsm. (Þorl. Guðm.son): Jeg má vera öllum þeim þakklátur, er talað hafa í þessu máli, jafnvel andmælendum þess, því þeir hafa bent á ýmislegt, sem til lagfæringar horfir, og nefndin mun vera fús á að yfirvega þessi atriði og taka bendingum þingdm., sem vilja frumv. vel í öllum meginatriðum.

H. varaforseti (Þ. Böðv.) er einkum sá, sem mest hefir sett út á frumv.; sumar aðfinningar hans hafa eflaust við nokkur rök að styðjast, en sumar harla lítil; ætlaði jeg þó, að engum væri kunnugra um vandræði þau, er leiða af tómthúsmennsku; hefir hann bæði lengi fengizt við sveitarstjórn í sínum hreppi, og hann býr þar, sem einna mest mun vera af tómthúsmönnum.

Hugði jeg, að báðir h. þm. G.-K. (J. Þ. og Þ. Böðv.) mundu fyrir síns kjördæmis hönd hafa fullgilda ástæðu til að styðja frumv. þetta, því í því mun vera fleira af tómthúsmönnum en í nokkru kjördæmi öðru á landinu.

Ýms nýmæli eru í frumv.; skal jeg að eins nefna það, að þar sem amtmaður áður hafði endanlegt úrskurðarvald um það, hvort tómthúsleyfi fekkst eða ekki, þá er nú eptir frumv. sýslunefndum fengið þetta vald í hendur. Þótti nefndinni það betur við eiga og væri jafnframt umsvifaminna og í meira samræmi við sveitarstjórnarlögin.

H. varaforseta (Þ. Böðv.) þótti hart, ef skipa skyldi, að færa gamalt tómthús úr stað við næstu íbúaskipti, þegar svo stæði á, að ekki væri hægt að fá út mældan hinn ákveðna blett með öðru móti, t. d. ef tómthús stæði í túni, en jeg get ómögulega sjeð, að það sje frágangssök, að færa kofann út í túnjaðarinn, þegar svo stendur á, að þess þarf; það er ekki svo mikið ómak, að það sje ekki gerandi, þegar það ekki skal gert fyr en íbúaskipti verða, en kemur síðan að miklu gagni fyrir eptirkomendurna.

Það er misskilningur, að endilega þurfi að reka ábúanda burt, þó hann ekkert geti girt eða ræktað eitt árið; ef hann er búinn að rækta og girða blettinn eptir 5 ár, þá er nóg; en má vera, að ákvæðin um það sjeu ekki sem bezt orðuð, og mætti víst gera þau ljósari.

H. varaforseta þótti einnig of nærgöngult, að hlutast til um húsakynni; en þar ætla jeg honum hafi mest skjátlazt, því þessi tómthús eru sum svo ill, að þau naumast geta álitizt forsvaranleg, nema ef vera skyldi fyrir Skrælingja. Það er lítið að marka, þó tómthúsmenn sjálfir kunni að vera ánægðir með þau; það er engin sönnun fyrir, að í þeim sje búandi; eða hvernig getur h. varaforseti, sem í frumv. um menntun alþýðu lagði svo mikla áherzlu á, að skólahúsin væru vönduð að öllu sem bezt, látið sig engu skipta, hvernig tómthúsin eru, hvort þau eru köld, loptill og óþrifaleg? Hvernig geta þau börn, sem á unga aldri deyja af loptsleysi, kulda og óþrifnaði, eða annari illri aðbúð í kofum þessum, notið hins góða og hreina lopts í barnaskólunum, og hvernig geta þau orðið alþýðumenntunarinnar aðnjótandi í þessum heimi?

Þegar litið er á ástandið í Gullbringu- og Kjósarsýslu, þá er það allt annað en glæsilegt; áður var Reykjanesskagi allur skógi vaxinn og hið bezta sauðland, nú er allur sá glæsilegi skógur horfinn, en með sjó fram er mesti aragrúi af tómthúsum, lágum og ljótum kofum, sem spilla heilsu þeirra, er fæðast og uppalast í þeim; tómthúsmennirnir hafa unnið að því fyrir sitt leyti, að brenna skóginum, og þegar hann var búinn og allt lyng, þá mosanum; en nú, þegar einnig hann tekur að þrjóta, þá kveður svo rammt að, að farið er að skera upp grassvörðinn í eldinn. Flestar mýrar eru orðnar sundurgrafnar af mótekju, og ekki sýnilegt, að mórinn endist mjög lengi hjer á eptir, með sömu eyðslu og umhirðingu, sem höfð hefir verið á honum nú um stundir.

Ef þetta og annað eins horfir ekki til vandræða, þá veit jeg ekki hvað vandræði eru.

Jeg veit ekki betur, en að það sje skylda löggjafarvaldsins, að vernda landið frá eyðileggingu, því þegar landið er fallið í auðn, þá þarf ekkert alþing lengur, þá má þetta hús standa í eyði, eins og annað.

Jeg játa það, að sjávarútvegurinn er mikið góður, en ekki gef jeg mikið fyrir hann án landbúnaðarins; ekki gef jeg mikið fyrir þetta land, þegar það er ekki orðið annað en verstöð útlendra eða innlendra manna, þegar allar landsnytjar eru úr sögunni og að engu orðnar, og grasrækt horfin úr landinu; þá þarf hjer hvorki alþingi nje alþýðumenntun, lögfræðinga nje lækna, guðfræðinga nje gagnfræðaskóla, strandsiglingar eða vagnvegi.

ATKVÆÐAGR.:

1. gr. frumv. samþ. með 18 atkv.
2. — — — — 21 —
3. — — — — 18 —

4. gr. frumv. samþ. með 18 atkv.
5. — — — — 19 —
6. — — felld — 11 — : 11, að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkvæðagreiðsln, og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson,	Jón Þórarinsson,
Árni Jónsson,	Eiríkur Briem,
Benidikt Sveinsson,	Grímur Thomsen,
Gunnar Halldórsson,	Jónas Jónassen,
Jón Jónsson,	Lárus Halldórsson,
Ólafur Briem,	Ólafur Pálsson,
Páll Briem,	Sigurður Jensson,
Þorl. Guðmundsson,	Sigurður Stefánsson,
Þorleifur Jónsson,	Sveinn Eiríksson,
Þorsteinn Jónsson,	Þórarinn Böðvarsson,
Þorvarður Kjerulf.	Þorv. Bjarnarson.

7. gr. frumv. samþ. með 15 atkv.
8. — — — — 19 —
9. — — — — 19 —

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 21 atkv.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar í Vik í Vestur-Skaptafellssýslu (174); 1. umr.

Flutningsmaður (Ólafur Pálsson): Jeg ímynda mjer, að h. heild þyki jeg harla djarfur, er jeg kem fram með þetta frumv. eptir allar þær ófarir, sem slík mál hafa farið á þinginu í sumar, þó ekki hafi verið í þessari deild, heldur í Ed. Orsökin til þess, að jeg ekki kom fyr með frumv. þetta, er sú, að mig uggði, að svo mundi fara, sem fór, um hina verzlunarstaðina, eptir því sem áður á þingum hefir farið með suma þeirra,' og þótti mjer því vænlegra að hafa þetta eitt sjer, ef vera mætti, að það kæmist fremur í gegn.

Hvað þessum stað viðvíkur, þá er öllum kunnugt, sem nokkuð þekkja til, að hann er sá eini, sem hugsanlegt er að verzlun geti komizt á í Vestur-Skaptafellssýslu. Á hinn bóginn er og öllum kunnugt, hvílík nauðsyn Vestur-Skaptfellingum er á að fá löggiltan verzlunarstað hjá sjer, ef auðið væri. Við Dyrhólaey og Jökulsá hafa verið löggiltir verzlunarstaðir, en reynslan er búin að sýna það, að þeir verða að engum notum; áður í þeim stöðum voru þrautalendingar, sem nú eru svo umbreyttar, að ekki er betra en fyrir opnum söndum, svo nú er ekki um annan stað að gera en þennan í mínu kjördæmi. Hefi jeg það til merkis um það, að þar sje sá bezti staður þar, að undanfarin 4 sumur hafa verið pantaðar vörur og fluttar síðan frá Vestmannaeyjum á þilskipum, er svo hafa legið á Vík og farnazt vel. Í sumar sendu og kaupmenu úr Vestmannaeyjum þangað vöruskip, og gekk það allt vel; þeim líkar botninn vel.

Höfnin er ótrygg fyrir austan- og landsunnanátt, en þá mætti færa sig á annan stað, er jeg hygg öruggan, en hann vantar mælingu. Á fundi í vor var skorað á mig að fara því fram á þingi, að fenginn væri hafnfróður maður hingað til að skoða sig um þar eystra; en mjer þótti ekki tiltækilegt að fara því á flot, vegna þess kostnaðar, er slíkt mundi hafa í för með sjer, og fjárskorts, og enda eptir því, sem jeg heyrði á fjárlaganefndinni, sem er neydd til að spara fje landsins að þessu sinni, og sneri mjer svo að því, að koma með frumv. þetta, og vona jeg því, að deildin víkist vel undir þetta mál.

Þorsteinn Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að mæla sem bezt með þessu frumv., og jeg get borið vitni um það, að allt það, sem h. þm. V.-Skapt. (Ól. P.) sagði um þenna stað, er alveg satt, því jeg þekki vel til þess. Nú í síðustu 4 ár hafa þilskip frá Vestmannaeyjum flutt vörur austur í Vik, og hafa þær ferðir heppnazt mæta vel, og skipstjórar látið allvel yfir læginu. Í Víkinni er gott hlje fyrir öllum norðan- og vestanvindum, en hvessi á austan, er auðgert að ljetta akkerum og sigla til hafs. Ef þar væri mæld höfn og

verzlunarstaður löggiltur, get jeg vel hugsað, að einhver mundi hefja þar fastaverzlun, því þangað mundi sækja öll Vestur-Skaptafellssýsla, Eyjafjallahreppur og ef til vill nokkuð af Rangárvallasýsla vestan Markarfljóts. Úr því kominn væri júnímánuður, mundi lítil hætta að sigla uppi Víkina, því að þá koma opt sjódeyður, svo hægt mundi að afferma og ferma skip þar í júní- og júlímánuðum; en þótt skip sigldu eigi uppi Víkina fyrri en í júnímánuði, þá mundu það mikil viðbrigði fyrir Vestur-Skaptfellinga, móti því ástandi, sem verið hefir.

Mjer er mög annt um þetta frumv., og þess vegna vil jeg skjóta því til h. flutningsm. (Ól. P.), hvort hann eigi vill bæta því ákvæði við, sem í Ed. hefir verið bætt í frumvörpin um löggilding verzlunarstaða, sem þangað hafa farið hjeðan úr deildinni, svo vöntun þess ekki verði þessu frumv. að falli.

Benidikt Sveinsson: Úr því að mál þetta er komið inn á þingið, þá skal jeg taka tækifærið til að lýsa því yfir, að mjer þykir kynlegt og sorglegt, hvernig stjórnin hefir tekið í löggildingarmál alþingis á seinustu árunum. Mjer þykir það kynlegt, segi jeg, að stjórnin skuli hafa yfirgefið þá rjettu stefnu, sem hún var búin að taka í þessu máli. Bæði stjórnin og alþingi var búið að fallast á, að það væri ekki löggjafarvaldið, heldur kaupmennirnir, ábyrgðarfjelögin og landsmenn sjálfir eða alþýðan, sem verzlunarvöruna hefir, eða sækja vill verzlun á þeim og þeim stað, sem á að ráða, hvar verzlunarstaðirnir myndast. Með öðrum orðum: reynslan og verzlunar-aðsóknin á að sýna, hvar hentugast og bezt verði settir verzlunarstaðir. En nú er stjórnin aptur farin að láta brydda á þessum gamla einokunarugga, sem einkenndi umliðinn tíma og undanfarnar aldir, enda hefir þessi óskiljanlegi apturkippur stjórnarinnar komið hart niður á frumvörpum þeim til laga um löggildingu á nýjum verzlunarstöðum, sem borin voru upp í fyrra og aptur nú á þessu þingi. Það er eptirtektavert, að þessi snúningur skuli hafa getað komið á skoðun stjórnarinnar, án þess að þingið hafi nokkru sinni gefið tilefni til hans. Alþingi hefir jafnan haldið fast fram hinni rjettu stefnu í þessu máli, og þess vegna hefir stjórnin alls enga stoð í samþykktum alþingis, hvorki áður nje nú, fyrir þessum apturkipp, og það er þess vegna, að jeg leyfi mjer að segja, að þessi aðferð stjórnarinnar sje svo afar-kynleg og ástæðulaus. Jeg finn ástæðu til þess, að lýsa yfir því, og taka það sjerstaklega fram, að þó að frumv. um löggilding ýmsra verzlunarstaða hafi verið felld eða ekki náð fram að ganga á þessu þingi, þá hefir það alls ekki komið til af því, að alþingi hafi vikið frá hinni einu rjettu grundvallarstefnu í þessu löggildingamáli, sem jeg nú hefi tekið fram, og mörgum sinnum áður, heldur hitt, að settir hafa verið ýmsir óviðkomandi kreddu-agnúar inn í þessi frumv., sem deildirnar svo ekki hafa getað komið sjer saman um. Jeg vil láta stjórnina sjá, að alþingi veit, hverjum um er að kenna sá apturkippur, sem kominn er í þetta mál, og þess vegna er jeg þakklátur h. flutningsm. (Ól. P.) fyrir að hafa borið þetta mál upp, og þar með gefið mjer tækifæri til að lýsa skoðun minni og láta birta hana í þingtíðindunum, þar sem stjórnin og allir lesendur þeirra geta kynnt sjer hana.

En það er önnur hlið, sem sjerstaklega snertir þetta mál, sem hjer liggur nú fyrir. Jeg er, eins og margir vita, fæddur og uppalinn í Skaptafellssýslu, og þekki því til þar, betur en margir eða jafnvel betur en flestir aðrir. Það þarf reyndar heldur ekki annað, en að líta á kort landsins, til að sannfærast um það, að það sje rjett og sjálfsagt, að greiða atkvæði með þessu frumv. Það er, eins og allir vita, enginn verzlunarstaður á allri suðurströnd lands-

ins, vestan frá Eyrarbakka og austur að Papós — Vestmannaeyjar tel jeg ekki, — og að því er menn frekast geta sjeð, er enginn staður líklegur, eða í öllu falli líklegri til uppsiglingar á öllu svæðinu, en þessi »Vík«, sem hjer ræðir um. Einmitt það gleður mig, að þessi staður skuli vera sá, sem líklegastur er til verzlunar, frá Eyrarbakka og austur að Papós, því á því vona jeg að stjórnin sjái og sannfærist um, að það tjáir ekki að neita um löggildingu verzlunarstaða eptir blindum hugþótta og gera hann að lögmálsreglum. Jeg held, að stjórnin geti ekki fengið betri hugvekju í þessu tilliti, en einmitt þetta frumv., enda þykist jeg þess fullviss, að hún setur sig ekki á móti því, ef allar þær yfirgnæfandi ástæður koma fram fyrir hana, sem svo ljóst og sterklega tala fyrir þessu máli.

Að síðustu skal jeg geta þess, að jeg óska og vona, að enginn dilkur verði settur aptan í þetta frumv., sem gæti leitt til þess, að svo liti út, sem alþingi samþykkti apturkipp stjórnarinnar í þessum málum.

Ólafur Pálsson: Jeg er er þakklátur þeim, sem hafa mælt með þessu frumv.— En viðvíkjandi því, sem h. þm. Vestm. (Þ. J.) tók fram, hvort jeg ekki vildi bæta við frumv. líkum »appendix« sem önnur slík frumv. hafa fengið í Ed., og orðið þeim þar að aldurtjóni, þá er jeg alls ekki tilbúinn með slíkt, því að jeg hefi heyrt jafnvel, að þau hafi fallið fyrir hann, eins vel og þó hann hefði ekki verið. Jeg ætla að eiga það undir höppum, hvort frumv. fellur eða eða lifir í Ed., eins og það er.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 21 atkv.

Frumv. til laga um stofnun lagaskóla (158); 1. umr.

Benidikt Sveinsson: Jeg hefi áður svo margt talað í þessu máli, eins og menn kannske muna, að jeg nú að sinni ætla að eins að óska, að frumv. gangi til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um búnaðarkennslustofnanir (188); 1. umr.

Flutningsmaður (Benidikt Sveinsson): Það virðist kannske sumum, að þetta frv. sje mikið nýmæli, en jeg skal benda h. þm. á, að þetta er síður en svo; frumv. þetta er, eins og sjá má, nákvæmlega sniðið eptir gildandi lögum, nefnilega tilskipun 12. febr. 1872 um stofnun búnaðarskóla á Íslandi, og þessi tilskipun bendir aptur á gamlan lagalegan rekspöl í þessu máli, sem lagður er af hinum ráðgefandi þingum og stjórninni, og sem rekja má aptur í tímann til ársins 1853. En svo langt ætla jeg þó ekki að fara á þessu stigi málsins.

Stjórnin lagði árið 1863 frumv. fyrir þingið í þessa átt, og árið 1871 varð alþingi og stjórnin alveg samdóma í þessu máli. Áður hafði fjárhagur landsins staðið í vegi fyrir framgangi málsins, eða rjettara sagt sambandið milli Íslands og Danmerkur í fjárhagslegu tilliti; en við fjárhagsaðskilnaðinn losnaði um þennan hnút, enda var búnaðarkólagjaldið lagt á, og með tilskipun þeirri, er jeg áðan nefndi, 12. febr. 1872, hefir því fje verið safnað í sjóði til þessa dags. Þetta frumv. byggist þannig á sögulegum lagagrundvelli.

Í öðru lagi er þess að geta, að aðalstefna í þessu frumv. er alveg hin sama sem í nýnefndri tilskipun, sem sje sú, að leggja mesta áherzluna á hina verklegu hlið búnaðarins eða starfshlið búskaparins, en alls ekki að gera neina algerða skipun á landbúnaðarmálum landsins í heild sinni, bæði í verklegu og vísindalegu tilliti. Þess vegna ræðir hjer um skipun margra verklegra búnaðarkennslustofnana; en ætti hið vísindalega í landbúnaðinum að sitja í fyrirrúmi, þá gæti ekki verið nema um einn

skóla að ræða fyrir allt landið, helzt í grend við Reykjavík, en slík skipun heyrir seinni tímanum til, þegar landbúnaðurinn er kominn á æðra stig, en hann nú er kominn.

Af þessu vona jeg að öllum sje ljóst, að þetta sje sannarlegt bændafrumvarp, að það fer ekki út fyrir rjett skilið verksvið íslenzks bónda, eptir þeirri veglegu hugmynd, sem felst í talshættinum: »Bóndi er bústólpi, bú er landsstólpi«. H. þjóðfulltrúar gæti nú þess vel og vandlega, að ef vjer viljum gera alvöru úr, að reisa fagra og trausta landsstjórnarbyggingu að ofan, þá er það allshendis nauðsynlegt, að vita fyrir víst og að gera það alveg óhult, að stólparnir undir þessari byggingu sje traustir, en ekki rotnir og fúnir, og þessir máttarstólpar eiga bændurnir að vera. Gleymum því ekki, að bændurnir eru eiginlega *allt* hjer hjá oss. Gætum þess, að bændastjettin hefir allt aðra og meiri þýðingu hjer á landi en í öðrum löndum, þar sem verzlunarstjett og iðnaðarstjett hefir myndazt og proskazt.

Jeg vil af heilum huga óska þess, að bændastjett vor gæti með tímanum náð þeirri blómgvun og proska, að hún yrði fær um að skipa sem flest sæti í þjóðfjelagi voru, eins þau æðstu, sem þau lægstu.

Að öðru leyti óska jeg þess, að þetta mál verði sem bezt og rækilegast íhugað, og stefna sú, sem tekin er í þessu máli, standi sem ljósust bæði fyrir oss sjálfum og þjóðinni, og til þess að ná þessum tilgangi, leyfi jeg mjer að stinga upp á því, að 5 manna nefnd verði nú þegar skipuð í málið.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. með 21 atkv. að kjósa 5 manna nefnd. Kosnir voru:

Benidikt Sveinsson	með	17 atkv.
Sigurður Stefánsson	—	10 —
Þorlákur Guðmundsson	—	9 —
Þórarinn Böðvarsson	—	8 —
Þorvarður Kjerulf	—	8 —

Frv. til viðaukalaga við lög 29. febr. 1884, er breyta tilsk. 5. sept. 1794 (193); 1. umr.

Ólafur Briem: Þó þetta frumv. sje ekki langt, þá inniheldur það þó verulega rjettarbót, þar sem það fullkomnar lögin frá 29. febr. 1884. Þetta frumv. er, eins og þau, byggt á þeirri þörf, að fleiri en lögskipaðir læknar megi fara með meðul, og ef þeir mega fara með þau, þá verða þeir líka að hafa rjett til að kaupa þau og selja. Allir eru samdóma um, að hinir lögskipuð læknar sjeu ekki fullnógir; en kostnaðarins vegna er ómögulegt að fjölga þeim svo, að fullnægjandi sje. Þess vegna eru og víða ólærðir læknar í sveitum, sem hjálpa nágrönnum sínum um meðul, og þurfa þá að fá borgun fyrir það. Og þó dómstólarnir í einu máli, sem út úr þessu hefir orðið, hafi álitið, að slíkt væri lögskipuðum læknum einum leyfilegt, þá er það þó beinlínis tilgangur laganna frá 1884, að ólærðir læknar megi hafa meðul um hönd, og þá að sjálfsögðu láta þau út fyrir borgun.

Jeg vona fastlega, að frv. nái fram að ganga

Jón Þórarinsson: Jeg er mjög móti því, að skottulæknum yfir höfuð, hvar sem þeir eru, sje gefin heimild til að hafa um hönd lækningar, og enginn álít jeg að eigi að hafa leyfi til að verzla með meðul, nema hann hafi sýnt skilríki fyrir, að hann sje fær um að fara með slík voðavopn, sem meðul geta verið. Ef menn ganga út frá því, að stórkostlegt tjón geti hlotizt af því, að láta af hendi meðul, sem ekki eiga við, þá verð jeg að segja, að mjer þykir mannslífið dýrmætara en svo, að jeg með því að gefa þessu frumv. atkv. mitt, vilji stuðla að því, að vankunnandi menn megi leika sjer að því.

Ólafur Briem: Varnaglinn við þessu er sleginn í gildandi lögum, þar sem fangelsi liggur við, ef skaði hlýzt af tilraun-

um þessara lækna. Að því er þetta atriði snertir, sje jeg heldur ekki mikinn mun á því, hvort þeir afhenda meðulin sjálfir, eða þeir gefa »recept« upp á þau.

En það segir sig sjálft, að ef þessari síðari reglu væri fylgt, að ólærðum læknum væri meinað að láta út meðul, og þeir mættu að eins gefa ávísun upp á lyfjabúðina, þá væri þeim þar með gert ómögulegt að hjálpa eins opt og þeir annars gera.

Jónas Jónassen: Það er hrein og bein minnkun fyrir þingdeildina, ef hún lætur slíkt frumv. frá sjer fara. Ef hjer væri um menntaða smáskammtalækna að gera, þá væri öðru máli að gegna; en menntun þeirra er stundum ekki meiri en svo, að þeir eru varla bóklæsir, hvað þá meira. Það er óforsvaranlegt, að löggilda slíka menn til þess að fara með og selja eins hættulegan hlut og mörg meðul eru. Þó straff liggi við, ef skaði verður að, þá reynist það víst ávallt örðugt, að koma því fram, og þeir munu víst allt af sleppa. Jeg vona að h. þingdeild tefji sig ekki á að tala lengi um þetta frumv.

Þórarinn Böðvarsson: »Guð líður svo margt sem hann leyfir ekki«, stendur þar, og heppilegra held jeg það sje í þessu tilfelli fyrir löggjafarvaldið, að líða það, að lögin frá 1884 sjeu við þetta, sem þau eru, meðan ekki verður skaði að, en að lögleiða það, sem hjer er farið fram á, því þá leyfir löggjafarvaldið og gerir meira en að líða. Það er líka ísjárvert, að leyfa það, sem getur gert mikinn skaða, því, eins og tekið hefir verið fram, er þess konar leyfi, sem hjer er farið fram á að veita, veitt mönnum, sem litla almenna menntun hafa; þeir hafa bókina sína og fletta upp í henni eins og orðabók, og það er stundum öll menntunin í því fólgin.

Árni Jónsson: H. þm. Rvík. (J. Jónassen) hefir víst meint til Ed. það, sem hann áðan talaði um, að það væri »minnkun fyrir þingið, að samþykkja þetta frumvarp«.

En það hefði jeg sízt hugsað, að hann færi slíkum orðum um Ed. Jeg fyrir mitt leyti ber svo mikla virðingu fyrir h. Ed., sem hefir svo mörgum lögfræðingum og góðum mönnum á að skipa, að mjer kemur ekki til hugar að ætla, að það sje *minnkun* fyrir okkur, að samþykkja þetta, frumv., sem h. Ed. hefir samið og samþykkt, og sent okkur.

Hjer í þessu frumv. er ekki annað veitt en heimild sú, sem fólgin er í eldri lögum. H. þm. Rvík. (J. Jónassen) mun kannast við, að bæði karlar og konur voru mjög ofsótt af læknum áður en lögin 29. febr. 1884 komu út, og jeg get ekki skilið, að hann eða nokkurn annan langi til þess, að slíkar ofsóknir og málarekstur sje vakið upp aptur. En þó lögskipaðir læknar sjeu lærðir og fróðir, þá höfum við þó dæmi þess, að þeim getur mistekizt.

Jónas Jónassen: Því eldri sem jeg verð, þess betur sannfærist jeg um, að það er meiningarlaust að vera að ofsækja þessa lækningamenn; þeir eru líka margir hverjir mjög umhyggjusamir við sjúklinga, og tekst stundum; en þetta, að þeir megi láta úti meðul og selja, það er hættuleg ákvörðun. Jeg þekki einn af þessum læknum, sem nú er austur um allar sveitir að selja meðul, sem hann hefir keypt sjer hjer hjá apótekara Krüger; og þó hann hefði ekki keypt fyrir meira en 4—5 krónur, þá er jeg viss um, að hann drífur inn 100—200 krónur fyrir það á sínu flakki austur um sveitir; og slíka »spekúlanta« á nú að fara að löggilda; við það fjölgar þeim enn meir.

Jeg vil láta sitja við hin gildandi lög um þetta efni. Þetta frumv. eigum við að stryka út sem fyrst, og helzt í einu hljóði, þó það sje komið frá h. Ed., þar sem einn aðal-skottulæknapostulinn situr.

Grímur Thomsen: Mjer finnst sessunautur minn (J. Jónassen) komast í mótsögn við sjálfan sig í ræðu sinni, því annað slagið segir hann, að kúlur smáskammtalækna sjeu svo meinlausar og gagnslausar, að einu gildi hvort menn taki einingar eða tugi af þeim, en stundum segir hann þó, að hættulegt sje að leyfa mönnum að selja þvílík meðöl. Hið verulegasta, sem mjer virtist hann hafa á móti þessu að mæla, var það, að með þessu væri ómenntuðum og ónýtum smáskammtalæknum gefið færi á að raka saman krónum. Jeg fyrir mitt leyti er þessu frumv. ekki sjerlega hlynntur; jeg álít það svo sem meinlaust og gagnslaust, og þess vegna er jeg ekki heldur á móti því; jeg ætla, að hvorki sje verulegt gagn nje heldur skaði, þó það verði að lögum.

Jón Jónsson: Það er ekki svo hætt við að h. þingd. geri sjer þá minnkun, eins og h. þm. Rvk. (J. Jónassen) komst að orði, að samþykkja þetta frv. í e. hlj. Hann sjer víst um, að sú minnkun komi ekki fyrir. Jeg ætla mjer að greiða atkvæði með frv., og skal jeg leyfa mjer að minnast á fátt eitt af því, er h. þm. Rvk. (J. Jónassen) hefir borið fram.

Meðal annars sagði hann, að þeir, sem mest fengjust við smáskammtalækningar hjer á landi, væru gjörsamlega ómenntaðir menn, er sumir naumast gætu lesið íslenzka bók; en þessu er ekki þannig varið, þar sem jeg þekki til; þar eru það einmitt hinir bezt menntuðu menn, sem helzt fást við smáskammtalækningar, og hafa einnig almenningsorð á sjer fyrir að gera mikið gagn með lækningum sínum. Hann gat þess, að þeir hefðu fleiri meðöl til sölu en þau, sem meinlaus væru; það eru ýms þessi hættulegu allópathameðöl, en með þessu frv. er þeim eigi leyft að selja nema smáskammtameðöl, og þau hefir hann, sem læknisfróður maður, sagt meinlaus og gagnslaus; fellur því þessi mótbára fyrir hans eigin orðum. Hann kvað þau ákvæði, að hegna megi skottulæknum, ef það sannast, að þeir gjöri skaða, þýðingarlaus, af því sjaldan tækist að sanna, að þeir hefðu gjört skaða; en þetta er ekki voðalegra með smáskammtalækna en aðra lækna. Jeg vona, að h. þm. Rvík. (J. J.) fyrirgefi mjer, þótt jeg segi, að stundum muni koma fyrir, að lærðir læknar gjöri skaða með meðölum sínum og lækningatilraunum, og dregur þó enginn þá ályktun af því, að bezt sje að banna allar lækningar.

Þó sá galli sje á sumum smáskammtalæknum, að þeir hafi ekkert lært, sem að læknisfræði lýtur, þá er optast sú bót í máli, að þeir eru optast af náttúrunni vel lagaðir til að hjúkra sjúkum og ljetta með því þjáningarstundir margra manna. Og auk þess er óhætt að fullyrða, að í 9 tilfellum af 10 er ekki hægt hjer á landi að ná til löglegs læknis fyr en í ótíma, og þess vegna er bæði óhagfelt og fávíslegt, að amast við smáskammtalæknum. H. þm. Rvk. (J. Jónassen) játaði, að skottulæknar gerðu opt mikið gagn; en hann hjelt, að eigi þyrfti að tryggja rjett þeirra meira en nú er, því það væri vitleysa að ofsækja þá; en fyrst þess eru nú dæmi, að sumir læknar amast við smáskamtalæknum og ofsækja þá, er bezt að koma í veg fyrir slíkt með lögum.

Í einu þótti mjer rökleiðsla h. varafors. hálfskrítin; hann sagði, að sjer þætti eiga illa við, að þingið leyfði það, sem jafnframt væri gjört ráð fyrir, að gæti gjört skaða; en hversu margt er það ekki, sem í sjálfu sjer er gott og þarflegt, en getur þó stundum orðið að tjóni, og hversu mörg lög mundu vera til, ef þeirri reglu væri fylgt út í yztu æsar, að banna allt, sem gæti orðið til skaða í vissum tilfellum?

Jeg vonast eptir, að deildin samþykki þetta frumv., þótt það ekki verði í einu

hljóði, því að fella það væri að misbjóða þörfum og sanngirniskröfum þjóðarinnar.

Sveinn Eiríksson: Það var eitt í ræðu h. þm. Rvk. (J. Jónassen), sem jeg á bágt með að skilja; hann sagði í öðru orðinu, að smáskamtalæknar væru mjög skaðlegir, en í hinu orðinu sagði hann, að þeir væru nákvæmir og mjög aðhjúkrunarsamir.. Meinar þá h. þm., að þeir geri skaða með nákvæmninni og aðhjúkrunarseminni? Það væri eptirtakanlegt. Mjög víða hagar svo til, að seinlegt eða ómögulegt er, að ná til löglegs læknis; þess vegna er ekkert náttúrlegra en að hver sá, sem finnur hjá sjer köllun til að hjálpa sjúklingum, hafi heimild til þess að lögum. Þó þeir stundum ekki kunni að geta hjálpað, þá má ekki einasta líta á það, heldur gæta þess um leið, að þeir opt, já miklu optar gjöra gagn heldur en ógagn; ef enginn mætti lækna nema sá, er ætíð gerði auðsjáanlegt gagn, en aldrei skaða, þá mundu heldur ekki verða til margir læknar hjá oss, þó lærðir og löggiltir ættu að heita.

Jeg álít, að Nd. geri sjer mikinn sóma með því að samþykkja þetta frv., enda mun það vera flestra manna vilji á landi hjer.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg skal enn sem fyrri láta í ljósi, að mjer þykir óviðkunnanlegt að þingið leyfi það með lögum sem það í öðru orðinu leggur hegning við; jeg ætla bezt að líða slíkt en ekki leyfa og láta þess vegna standa við það, sem lögin frá 29. febr. 1884 mæla fyrir um þetta efni. Jafnframt vil jeg óska þess og vona, að læknar ofsæki ekki aðra en þá, sem gjöra skaða með lækningum sínum. Það er álit mitt, að bezt sje að láta þau lög gilda, sem þingið hefir áður sett um þetta efni, en þessu frv. get jeg ekki verið samþykkur, því mjer sýnist það rangt og löggjafarvaldinu ósamboðið, að leyfa þeim að fara með lækningar, sem líklegir eru til þess að skaða með þeim.

Árni Jónsson: Eins og jeg áður hefi tekið fram, er þetta frumv. að eins aukning og skýring á eldri lögum, og tilefni til þess er sá skilningur, sem hæstirjettur lagði í lögin frá 29. febr. 1884. Hann hefir dæmt smáskammtalækna í sektir samkvæmt þeim lögum, fyrir að hafa »látið úti meðöl«. Þetta sýnist undarlegt, því lögin heimila þessum mönnum að hafa um hönd lækningar. En hvernig eiga þeir að gera það án meðala? Það virðist liggja í heimildinni, og ef skýring h. varaforseta væri rjett, þá væri engin þörf á þessu frv.; en nú er hæstirjettur á öðru máli en h. varaforseti, og þess vegna er frv. nauðsynlegt.

Allir hljóta að kannast við, að eins og nú stendur geta smáskammtalæknar orðið fyrir ýmsum óskunda, án þess þeir eigi það skilið, og þó nú sje kannske ekki nema einn maður, sem ónáðar þá, er ekkert því til fyrirstöðu, að fleiri gjöri hið sama, þegar minnst varir, og mundi slíkt að vonum valda almennri óánægju. Jeg vona því, að frv. þetta fái fram að ganga, þrátt fyrir þau andmæli, sem það hefir mætt.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 14 atkv. gegn 5.

Frumv. til viðaukalaga við tilsk. um veiði á Íslandi 20. júní 1849 (189); 1. umr.

Páll Briem: Jeg ætla ekki að vera langorður um þetta frv., enda er það ekki langt; tilgangur þess er að friða betur æðarfuglinn en hingað til hefir verið gert.

Tilsk. frá 20. júní 1849 leggur að vísu sekt við æðarfugladrápi, en þær sektir eru svo lágar, að þann, sem fuglinn drepur, má nærri einu gilda hvort hann greiðir þær eða ekki.

Hjer eru sektirnar ekki háar, en þó svo, að talsvert meira aðhald mun verða að þeim en hinum fyrri lögum, því menn munu fremur en áður skirrast við að drepa fuglinn og spilla með því atvinnu varpeigenda.

Vona jeg þess vegna, að deildin leyfi málinu að ganga til 2. umr.

Jónas Jónassen: Jeg er á sama máli um það, að vel sje tilfallið að frv. þetta gangi fram, því æðardráp fer mjög í vöxt hjer um pláss, en margir þeir, er það fremja, mundu fremur hika við það, ef þetta frv. yrði að lögum. En jeg vil orða frv. í einum stað nokkuð skýrara en gjört er, því fuglinn er drepinn á margan hátt, bæði með skotum, netum og fleiri veiðibrellum. En ef þetta frv. næði fram að ganga, er jeg viss um, að margir strákar, sem nú sitja fyrir fuglinum og drepa hann án þess að ugga að sjer, mundu fara hægra í sakirnar; þeir kæra sig sem stendur ekki um, þótt menn sjái til þeirra; en nú mundu þeir verða smeykir ef ekki þyrfti annað en klaga þá fyrir sýslumanni, er síðan sektaði þá um 10—20 kr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hl.

Frumv. til laga um breyting á lögum 15. okt. 1875 um laun íslenzkra embættismanna (157); 1. umr.

Þorleifur Jónsson: Frumv. þetta er engin nýung; á þingi 1883 var mikið talað um að lækka laun embættismanna og á þingi 1885 kom fram frv. líkt þessu frv., sem hjer liggur fyrir, en var eigi útrætt, þótt margir væru því hlynntir.

Flestum landsbúum þykja laun hinna hálaunuðu embættismanna allt of há; þeir sem verða að gjalda mikið fje í landssjóð af litlum tekjum, skilja eigi í þessum háu launum. Iðnaðarmenn, sem verða að afla sjer og sínum framfærslu á handafla sínum, skilja ekki í því, hve mikil laun embættismennirnir þurfa; og löggjafarvaldið sjálft hefir viðurkennt, að launahæð þeirra embættismanna, sem hjer ræðir um, sje ekki rjettlát, þar sem löggjafarvaldið sjálft ætlar miklu minni laun öðrum embættismönnum, sem verða þó að sitja hjer í Reykjavík og sjá fyrir fjölskyldu, eins og hinir hafa. Þannig hafa sumir tvöfalt og þrefalt hærri laun en aðrir, sem þó þjóna eins erfiðum eða erfiðari embættum; sumir kennarar við lærða skólann hafa að eins tvö þúsund kr., og bæjarfógetinn í Rvík hefir hálfu minni laun en þeir embættismenn, sem frumv. þetta ræðir um, og þó er embætti hans eitt hið erfiðasta á landinu.

Jeg ímynda mjer, að allir muni vera samdóma um, að þau laun, sem frv. ákveður, sjeu nógu há, en hitt kynni heldur að vera, að mörgum þættu þau of há; en þó jeg sjálfur reyndar sje á því, þótti mjer ekki ráðlegt að færa þau meira niður en þetta, ekki svo mjög vegna þess, að jeg óttaðist að þessi deild mundi ekki vilja það, heldur af hinu, að h. Ed. er eins skipuð og allir vita, en hjer er ekki lengra farið en svo, að jeg vona að einnig hún láti frumv. ná fram að ganga.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hl.

Þrítugasti og fjórði fundur, laugardag 6. ágúst á hádegi.

Allir á fundi.

Forseti skýrði frá, að í nefndinni um búnaðarkennslustofnanir væri kosinn formaður Benid. Sveinsson og skrifari Sig. Stefánsson.

Tillögur yfirskoðunarmanna við landsreikninginn 1884—85 (210); fyrri umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Nefndin hefir tekið tillögur yfirskoðunarmannanna til greina, að því leyti sem hún hefir sjeð sjer það fært, og eru það að

eins fá atriði, sem ágreiningur hefir orðið um milli þeirra og nefndarinnar.

Til eflingar búnaði hefir á árinu 1884 verið greitt 1280 kr. umfram það, sem veitt var á því ári, og hafa yfirskoðunarmenn einnig álitið hjer aukafjárveiting nauðsynlega, en þetta hjelt nefndin að gæti jafnazt á við það, að árin á undan, 1882 og 1883, var styrkurinn til eflingar búnaði ekki notaður allar.

Hvað snertir styrkinn til útgáfu Stjórnartíðindanna, þá hlýtur hann að vera mismunandi eptir stærð þeirra, og virðist sá kostnaður, er stafar af stækkun tíðindanna, vera sjálfsögð afleiðing, sem landssjóður hlýtur að bera.

Hvað snertir í þriðja lagi þær 75 kr., sem á árinu 1884 hafa verið útborgaðar upp í kostnað við Elliðaármálin, þá var nefndin að vísu á því, að útborgun þessi væri ekki fullkomlega formleg, en áleit þó, að þingið mundi vera á því að taka þessa útborgun gilda, þar sem hún er byggð á ályktun neðri deildar alþingis 1883.

Að því er þvínæst snertir eptirstöðvar af tekjuskatti fyrrum landshöfðingja Hilmars Finsens, að upphæð 200 kr. 67 au., þá er þessi niðurstaða byggð á landshöfðingjaúrskurði við tekjuskattsreikninginn, en ekki úrskurði yfirskattanefndarinnar, en úr því tekjuskattsreikningarnir í heild sinni heyra undir hina umboðslegu endurskoðun og úrskurð landshöfðingja, þá virtist nefndinni ekki tiltækilegt að hnekkja þessum úrskurði.

Ekki heldur gat nefndin orðið yfirskoðunarmönnunum samdóma um það, að skuld Fensmarks til landssjóðs, að upphæð 22,219 kr. 70 a., sje bætt við peningaforða landssjóðs, og álítur sjálfsagt að telja þær fyrst um sinn með tekju-eptirstöðvum, meðan það mál er ekki útkljáð, og hefir nefndin því komið með tillögu í þá átt, að rjetti landssjóðs í þessu verði framfylgt.

Þá hafa yfirskoðunarmenn lagt það til, að lánum úr landssjóði gegn veðum í húsum í Reykjavík verði sagt upp, og byggt, það sumpart á því, að veðin sjeu ekki fulltryggileg, og sumpart á því, að engin ástæða sje til að Reykjavík njóti hjer meiri hlunninda en aðrir partar landsins; og þar sem Reykjavík á auðveldari aðgang að landsbankanum, þá væri rjett að takmarka þessi landssjóðslán; en nefndinni virtist aptur á hinn bóginn, að skilyrði fyrir uppsögn lánanna hlyti að vera það, að á fjenu þyrfti að halda, en það skilyrði er ekki fyrir.

Nefndin er samdóma yfirskoðunarmönnum og landsh. um, að auka brunabótartryggingu landsbókasafnsins, og hefir nefndin lagt það til, að hún verði ekki hækkuð minna en upp í 50 þúsund krónur, þegar tekið er tillit til þess, að safn Jóns Sigurðssonar út af fyrir sig er virt á 25 þúsund krónur, og árlega bætast við margar góðar bækur.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að fara fáeinum orðum um till. h. nefndar.

Í fyrstu till. er ekki annað en það, sem allt af er gert, að gefa áminningu þeim gjaldheimtumönnum, sem ekki sundurliða sínar innborganir nægilega; opt er slíkt afsakanlegt, en stundum er það ekki, og þá er venjulega beitt sektum. Erfiðleikinn, sem af þessu leiðir, lendir mest á þeim, sem landsreikninginn semur. Þó skal þetta enn framvegis brýnt fyrir hlutaðeigendum.

Hvað snertir næstu tillögu, virðist mjer engin brýn nauðsyn til, að slík skýrsla um búendatölu í hverjum hreppi fylgi landsreikningnum árlega. Þessi skýrsla fylgir hverjum sýslureikningi til sönnunar því, að hreppstjóralaunin sjeu rjett út-

borguð, og ef henni er í nokkru ábótavant, gerir endurskoðandi útásetningu um það.

Viðvíkjandi 3. till. býst jeg við, að nefndin komi með tillögu á fjárlögunum í þá átt að hækka fjárveitinguna til tryggingar landsbókasafnsins til brunabóta, að minnsta kosti upp í 250 kr.

Hvað 4. till. snertir, þá gjörir hún bæði gjaldendum og gjaldheimtumönnum talsvert erfiðara fyrir; nú eru ávísanir á verzlunarhús í Kaupmannahöfn ekki teknar gildar upp í tolltekjur, nema þær sjeu stílaðar upp á borgun við sýningu, en upp í aðrar tekjur eru teknar gildar ávísanir, sem stílaðar eru upp á borgun eptir sýningu. Kaupmenn neita gjaldendum um innskript upp á gjöld þeirra til landssjóðs, ef þeim leyfist ekki að borga innskriptirnar með ávísunum, sem borgist eptir sýningu; en öllum er kunnugt, að innskriptir eru hinn venjulegi borgunarmáti á manntalsbókargjöldum og fleiri gjöldum, og er þetta því til þess að gera mönnum greiðslu þessara gjalda erfiðari en ella. En hvort ávísunin hljóðar um greiðslu við sýningu eða fáum mánuðum eptir sýningu, sýnist hafa litla þýðingu, þar eð hjer er ekki um neinn rentumissi að ræða fyrir landssjóðinn; það sýnist litlu muna, hvort ávísunin er borguð einum eða tveimur mánuðum fyr eða síðar, að eins ef hún er borguð í ríkissjóð, því borgunin gengur hvort sem er upp í viðskipti landssjóðs við ríkissjóð.

Við 5. till. hef jeg ekkert að athuga; ef slíkar ávísanir kæmu fyrir, er engin hætta á, að þær ekki yrðu teknar gildar.

Sömuleiðis er 6. till. samkvæm athugasemdum og svörum við landsreikninginn, og ekkert við hana að athuga.

Sjöundu tillöguna skil jeg sem áskorun um að höfða mál gegn yfirboðurum Fensmarks út af eptirlitsleysi með embættisrekstri hans. Í ráðherrabrjefi 11. júní þ. á. eru leidd gild rök að því, að hjer sje um engan eptirlitsskort að ræða, sem leitt geti til skaðabóta. Ráðgjafinn hafi enga ábyrgð á reikningsskilum gjaldheimtumanna landssjóðsins, heldur heyri eptirlitið með þeim undir landshöfðingja: eptir þessu yrði því að höfða mál gegn hinum dánu landshöfðingjum, eða dánarbúum þeirra. Þetta leiðir ekki til neins, þar sem það ekki verður sannað, að neinn eptirlitsskortur hafi átt sjer stað af þeirra hálfu í þessu efni. Það á heldur ekki alls kostar vel við, að fara að höfða mál gegn ekkjum þessara manna, þegar menn eru sannfærðir um, að þetta verður að eins til enn meiri kostnaðar fyrir landssjóð, en árangurinn enginn. Jeg vil því ráða h. þingd. til að samþykkja ekki þessa tillögu.

Þá kemur 8. tillaga nefndarinnar, um 600 kr. árgjaldseptirstöðvar af Hólmaprestakalli. Í landsreikningnum hefir verið getið um þessar eptirstöðvar, en landsstjórnin hefir ekki viljað ganga hart eptir að þær yrðu borgaðar inn, fyr en þingið hefði látið álit sitt í ljósi um það. Eptirstöðvar þessar eru svo undir komnar, að þegar Hólmabrauð varð laust snemma á árinu 1880, þá var aðstoðarpresturinn í brauðinu settur til að þjóna brauðinu næsta fardagaár, án þess hann hefði sótt um að vera settur; honum var í skipunarbrjefinu upp á lagt að greiða 600 kr. árgjald af brauðinu fardagaárið 1880—81, en af hverjum ástæðum, er mjer ekki ljóst, því lögin 27. febr. 1880, sem mæla fyrir um árgjöld brauða, komu eigi í gildi fyr en í fardögum 1881, og þá var aðstoðarpresturinn farinn frá því. Undir eins og hann hafði fengið tilkynninguna um, að hann væri settur til að þjóna Hólmum, og ætti að greiða 600 kr. árgjald af þeim, baðst hann undan greiðslu þess, af því að það væri ekki lögheimilað, og gat þess enn fremur, að árgjaldsgreiðslan væri þeim mun ósanngjarnari, sem prestsekkjan ætti fardagaárið 1880 - 81 að njóta náðarárs,

eða ¹/₃ af föstum tekjum brauðsins, og þar að auki að hafa ½ prestssetrið; hann gæti því ekki þjónað brauðinu með svo skertum tekjum, og borgað að auki 600 kr. árgjald. Hann gekkst þannig aldrei undir að greiða árgjaldið, en hann þjónaði brauðinu þetta umgetna ár. Sjerstaklega af þeim ástæðum, að reglurnar um árgjaldsgreiðslu frá brauðum voru þá ekki komnar í gildi, þegar hann tók við þjónustu brauðsins, hef jeg ekki gengið að honum með greiðslu á þessum 600 kr.; en ef þingið vill, að þessari kröfu sje fylgt fast fram, og með málssókn ef til kemur, þá mun það verða gert, jafnvel þótt úrslit þess máls sjeu vafasöm, og allir hljóti að sjá, að kostnaðurinn við slíka málssókn yrði mikill, þar sem setudómara yrði að fá úr öðru lögsagnarumdæmi, og mikil spurning, hvort hlutaðeigandi prestur yrði dæmdur í málskostnað, og þá mundi meiri partur þessara 600 kr. ganga í þann kostnað.

Viðvíkjandi 9. tölulið skal jeg geta þess, að það hefir allt af verið föst regla, sem ekki hefir verið á móti mælt, að sú upphæð af styrknum til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, sem er óákveðin, yfir henni hefði stjórnin algjörlega frjálsar hendur, að eins að styrknum sje varið til fyrirtækja, sem miða til vísindalegra eða verklegra framfara. Þessar 500 kr., sem hjer eru veittar af þessari óákveðnu upphæð, hefir þingið því ekkert leyfi til að stryka út, því þær eru veittar til vísindalegs fyrirtækis, án þess að nokkur umframgreiðsla hafi átt sjer stað. Eins og mönnum víst er kunnugt, eru þessar 500kr. veittar einum af okkar efnilegustu ungu vísindamönnum, Þorv. Thoroddsen, til að ferðast til Ítalíu, og kynna sjer eldfjöllin þar; þessu fje hefir verið vel varið, því getur enginn neitað, og því er eptir áður gildandi venju engin heimild til að stryka þessa upphæð út.

Nokkuð öðru máli er að gegna með ferðakostnaðinn með herskipinu Díönu, sem getur um í 10. tillögunni, að því leyti að hann er ekki beinlínis lögheimilaður til greiðslu úr landssjóði. Þessum þremur lögreglustjórum, sem þar er minnzt á, var skipað að hafa nákvæmt eptirlit með síldveiðum Norðmanna, og af því Díana átti þarna leið um, fóru þeir með henni, og fengu hana til að fara inn á þá staði, þar sem síldveiði helzt er tíðkuð. Sýslumaður Eyfirðinga var með skipinu 8 eða 9 daga, og varð, eptir þeirri reglu, sem fylgt er á herskipunum, að borga 12 kr. fyrir hvern dag. Sýslumaður Norðurmúlasýslu fór með því einn dag, og sýslumaður Suðurmúlasýslu tvo. Þetta fóru þeir eptir skipun amtsins, og er það því óneitanlega hart, að gera þeim að skyldu að borga þessar upphæðir sjálfir. Það er laglegra að krefja það í þetta sinn ekki til baka, sem búið er að borga, af því það heldur ekki munar miklu; en þess mun verða gætt framvegis, að slíkur kostnaður verði ekki greiddur úr landssjóði.

Grímur Thomsen: Jeg ætla að eins að benda á tvö atriði: annað stendur á bls. 5 í tekjubálki 1. tölul. 2. undirtölulið. Mjer virðist nefndin hafa þar hörð orð, er hún kallar till. vor yfirskoðunarmanna um, að skuld Fensmarks, að upphæð kr. 22219,70, verði bætt við peningaforða landssjóðs 1885, »heimildarlausa». Alþingi samþykkti í fyrra ályktun, er skoraði á landsstjórnina að annast um, að skuld Fensmarks yrði goldin í landssjóð, áður en landsreikningarnir fyrir 1884—85 yrði samþykktir, og þegar yfirskoðunarmennirnir gerðu athugasemdir sínar, var ekkert svar komið frá ráðgjafanum; þetta svar, sem nú er komið, var þá enn ekki til. Má jeg spyrja, hvað áttu og hvað gátu yfirskoðunarmennirnir gert annað en það sem þeir gerðu, hlýða þingsályktuninni? Jeg vil leyfa mjer að vænta þess, að jafnvel framsögum. nefndarinnar sjái sjálfur, að orðið »heimildarlaust» á alls

ekki við á þessum stað, eða að minnsta kosti er ekki vel valið.

Hitt atriðið, sem jeg vildi benda á, stendur á 9. bls. í 39. lið 3. undirlið. Þær 1265,25 kr., sem þar ræðir um, eru ekki á einstökum undirliðum, eins og nefndin segir.

Árið 1884 var brúkað til vísindalegra og verklegra fyrirtækja 7432,78 kr., og 1885 6241 kr., alls bæði árin 13673,78kr. Fyrir fjárhagstímabilið voru til vísinda- og verklegra fyrirtækja veittar 15400 kr., þar frá dragast strax 3000 kr., sem áttu að ganga fyrir gufubát handa Ísfirðingum Eiginlega voru því ekki veittar nema 12400 kr., og þegar það er dregið frá 13673 kr. 78 a., þá verður umfram 1273 kr. 78 a., en á einum undirlið, prentunarkostnaðinum við orðasafnið í skólaskýrslunum, uppgötvaðist seinna gjaldauki, er nam 8 kr. 53 a., og þegar það er dregið frá, verða eptir 1265 kr. 25 a. Við þennan reikning fórum við yfirskoðunarmenn eptir því hreint formlega, en jeg skal játa, að nefndin hefir hjer rjettara fyrir sjer, en mismunurinn er ekki stór, og jeg skal með ánægju greiða atkvæði með hærri tölunni. Þar á móti get jeg ekki verið landsh. samdóma um 9. till. nefndarinnar. Líkt atvik hefir áður komið fyrir, og það var árið 1877; þá var jeg og h. landsh. yfirskoðunarmenn landsreikninganna; hafði Snorra dýralækni þá verið af umboðsstjórninni veitt meira en af þinginu. Vildi jeg þá láta þá veitingu standa, og svo fór, að þingið sampykkti það, en landsh. var því þá mótfallinn, og skal jeg játa, að hans ástæður í því máli voru byggðar á lagalegri grundvelli en mínar, því mitt álit var mest byggt á því, að nóg verkefni hefði verið til fyrir Snorra í þetta sinn, því þá var mikil þörf á dýralækni. Jeg held sú regla sje bezt, að landsstjórnin ekki veiti meira fje en þingið vill af hendi inna; Þorv. Thoroddsen bað um meira, en þingið vildi ekki veita það. Samt held jeg það væri nærgætnislegra af þinginu, að fara ekki strangt út í þetta atriði; vil jeg því ekki leggja það til, að þetta fje sje heimtað aptur út úr búi dáins manns. *(Landshöfðingi:* Það mundi verða heimtað af Þorvaldi). Jæa, þá er ekki heldur viðkunnanlegt, að láta hann endurborga það, sem hann varð að álíta sjer löglega veitt.

En jeg álít skyldu þingsins að sjá svo um eptirleiðis, að landsstjórnin ekki á þennan hátt fari í kring um fjárveitingarvaldið.

Ólafur Briem: Jeg viðurkenni, að það er satt, sem þm. Borgf. (Gr. Th.) sagði, að »heimildarlaust» sje of hart til orða tekið um athugasemd og tillögu yfirskoðunarmannanna viðvíkjandi Fensmarksskuldinni; en með þessu orði, sem nefndin hefir við haft, var eigi sá tilgangur, að meiða yfirskoðunarmenn eða álit þeirra. Fyrir hina aðra bendingu hans viðvíkjandi umframbrúkuninni, er yfirskoðunarmenn hafa talið 1265 kr. 25 a., er jeg honum þakklátur; nefndin varði miklum tíma til að rannsaka, hvernig á þessari upphæð stæði, en gat eigi fundið það; en nú hefir sjálfur yfirskoðunarmaðurinn skýrt frá því.

Um hinar einstöku till. er mjer ekki sjerlega sárt.

Hvað 4. till. snertir, þá játa jeg það satt að vera, sem landsh. sagði, að það kann að auka mönnum erfiðleika, ef hún verður sampykkt, enda hafði nefndin einnig tekið þetta til íhugunar og gert sjer það ljóst; en henni fannst ekki vera fullur jöfnuður milli kaupmanna, eins og nú er, því sá verður óneitanlega harðara úti, sem greiðir gjald sitt í peningum, en hinn, er lætur af hendi ávísun til Kaupmannahafnar, því ávísunin er alllengi á leiðinni, hvað þá heldur, ef hún er stíluð upp á 3 mánaða borgunarfrest frá sýningu.

Með 7. till., áhrærandi skuld Fensmarks til landssjóðs, var það tilgangur nefndar-

innar, að þetta ágreiningsatriði, sem mikil og almenn óánægja er út af, yrði útkljáð á þann hátt, að því yrði vísað til dómsúrslita, með því hún áleit, að með því einu móti fengjust þær lyktir á þessu máli, sem allir mættu vel við una.

Um 9. till. er jeg alveg samdóma þm. Borgf., að ekki hafi verið heimild til að veita Þorv. Thoroddsen hinar umræddu 500 kr., með því að þingið var sjálft búið að veita honum allan þann styrk, er hann átti að fá úr landssjóði til utanlandsferðar, og leiðir það af sjálfu sjer, að umboðsstjórninni var óheimilt að auka þá upphæð um einn eyri.

Ferðaskostnaður sýslumannanna í Eyjafjarðar-, Norðurmúla- og Suðurmúlasýslum, að upphæð 144 kr., sem nefndur er í 10. og síðustu till., hefir landsh. sjálfur játað, að útborgaður hafi verið án heimildar, en auðvitað er það á valdi þingsins, að samþykkja útborgunina, ef ástæða þykir til þess.

Þorleifur Jónsson: Jeg skal með fáum orðum minnast á 7. till. nefndarinnar um að »framfylgt sje þeim rjetti, er landssjóður kynni að hafa til skaðabóta frá yfirboðurum fyrrum sýslumanns og bæjarfógeta Fensmarks fyrir eptirlitsskort með embættisrekstri hans«.

Hæstv. landsh. lagði á móti þessari till. af því, að hún færi fram á, að hefja málssókn, sem yrði árangurslaus, og vitnaði hann í því efni til ráðgjafabrjefs, sem svarar áskorun þessarar deildar út af Fensmarksmálinu í fyrra. Jeg skal ekki fara langt út í það, hvort málssókn þessi mundi verða árangurslaus eða ekki; en jeg skal leyfa mjer, að minna h. deild á, að nefnd sú, sem skipuð var í fyrra til að rannsaka embættisrekstur Fensmarks og eptirlit yfirboðara hans, komst að þeirri niðurstöðu, að landstjórnin hefði sýnt megnan eptirlitsskort með embættisrekstri þessa embættismanns. Það var í nefndarálitinu sýnt fram á, að reikningar fyrir tekjum landssjóðs hafi sjaldan komið á rjettum tíma, stundum allt að missiri eða jafnvel heilu ári eptir að þeir áttu að vera afgreiddir; að mikið af tekjunum var ekki greitt fyr en löngu eptir gjalddaga, og að sú upphæð, sem þannig stóð ógreidd frá einu ári til annars, hafi farið sívaxandi. Það hlýtur öllum að vera ljóst, sem muna eptir þessu máli, að fyrirmælum reglugj. 13. febr. 1873, 8. gr., var ekki framfylgt af landstjórnarinnar hálfu við Fensmark. Það getur vel verið, að það sje vafasamt, hvort málsókn út af vanrækt landstjórnarinnar í þessu máli leiði til að fá borgað það tjón, sem hefir hlotizt af embættisrekstri þessa manns, en það er að mínu áliti engu að síður rjett, að dómstólarnir fái að greiða úr þessu máli, þar sem flestir landsbúar, sem nokkuð hafa heyrt og hugsað um þetta mál, eru á því, að peningatap landssjóðs stafi af eptirlitsskorti yfirboðara þessa embættismanns. En jeg skal taka það fram, að þótt þessi tillaga verði samþykkt, þá er það ekki nóg; því hjer er ekkert ákveðið um það, hver eigi að höfða þetta mál, fyrir hvaða dómstóli, eða á hvern hátt það skuli höfðað. Um þetta þurfa að koma fram önnur og nákvæmari ákvæði í sjerstakri ályktun frá þinginu.

Páll Briem: Jeg verð að lýsa því yfir, að jeg er samdóma tillögu nefndarinnar um, að framfylgt sje þeim rjetti, sem landssjóður kynni að hafa til skaðabóta frá yfiboðurum fyrrum sýslumanns og bæjarfógeta Fensmarks fyrir eptirlitsskort með embættisrekstri hans. Mjer finnst mál þetta vera svo vaxið, að þingið geti ekki látið það afskiptalaust. En með því að samþykkja þessa 7. till., lýsir þingið að eins yfir því, að það ætli að hafa afskipti af þessu máli, en síðar verður nákvæmar ákveðið, á hvern hátt það skuli vera. Þegar mál þetta kom fyrir í fyrra, var skrifað brjef hjeðan frá Reykjavík í útlend blöð, þar sem þingið var skammað

að fyrir, að það hefði rótað upp í þessu máli. Þessi brjef munu hafa komið frá einhverjum, sem hafa verið hlynntir eptirlitsmönnum þessa embættismanns; en það sjá allir, að það var vanhugsað og rangt af þessum mönnum, að tala svo sem þeir gerðu um aðgerðir þingsins í þessu máli, þar sem það var beinlínis skylda þingsins, að taka málið fyrir. Frá ráðgjafanum sjálfum kom lengi vel ekkert svar upp á áskorun deildarinnar til hans út af þessu máli. Loks kom þó svarið í byrjun þessa þings; en það er þannig, að þingd. getur ekki unað við það. Hæstv. landsh. sagði, að það mundi ekki verða sannað, að eptirlitsskortur hefði ekki átt sjer stað, og því mundu yfirboðararnir verða sýknaðir. Þetta er, ef til vill, ekki óhugsandi, en mjer finnst þingið verða að fá alla þá vissu, sem hægt er að fá í þessu efni. Vjer verðum að fá að vita, hvað rjett er og ekki rjett í þessu máli, því allir landsmenn óska eptir úrslitum á því.

Að því er snertir 9. till., þá get jeg ekki annað sagt, en að mjer finnst sú umframveiting, sem þar ræðir um, alveg heimildarlaus, og styrkist jeg í þeirri skoðan minni af því, sem stendur í fjárlögunum, um það fje, sem veitt er til vísindalegra og verklegra fyrirtækja. Þar stendur, að það fje sje veitt til *„annara“* vísindalegra og verklegra fyrirtækja, þ. e. *„annara“* en þeirra, sem þingið sjálft veitti á fjárlögunum. Eins og h. þm. Borgf. (Gr. Th.) tók fram, var hinn núverandi landshöfðingi á sama máli 1877, þegar hann var yfirskoðunarmaður, og er þetta meðal annars mikil vissa fyrir því, að það sje rjett, sem 9. till. fer fram á. En þegar einhver fjárupphæð er brúkuð heimildarlaust, þá á að setja hana á aukafjárlög, og þá er annað mál, hvort menn vilja samþykkja þessa fjárveitingu eða ekki.

Landshöfðingi: Viðvíkjandi þeim 500 kr., sem stjórnin hefir veitt kennara Þorvaldi Thoroddsen, og sem 9. till. nefndarinnar ræðir um, hefir mikið verið talað um, hvað yfirskoðunarmenn hafi sagt um líkar fjárveitingar áður.

Jeg skal því leyfa mjer að lesa nokkrar línur upp úr athugagreinum yfirskoðunarmanna landsreikninganna 1877. Þar stendur á 26. bls.:

»Við játum það, að stjórnin hefir frjálsar hendur með, hvernig hún útbýti því fje, sem veitt er til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, og að henni í því efni ekki eru settar aðrar skorður, en að fyrirtæki þau, sem hún veitir styrk til, miði í raun og veru til vísindalegra og verklegra framfara fyrir landið, og að hún ekki fari fram yfir þá upphæð, sem veitt er«.

Þetta sögðu yfirskoðunarmennirnir. Þingið tók það aldrei sjerstaklega fram, að ekki mætti veita Þorvaldi Thoroddsen neitt fje af því sem ætlað var til verklegra og vísindalegra fyrirtækja. Það var annað mál með Snorra heitinn Jónsson dýralækni. Stjórnin hafði þar farið fram yfir fjárveitingu, og þar að auki hafði verið leitað fjárveitingar einmitt fyrir þóknun til Snorra dýralæknis, en þingið neitaði fyrir sitt leyti að veita fjeð. Hjer er ekki farið fram yfir fjárveitingu þingsins eða út fyrir fjárlögin. Fje það, sem Þorvaldi Thoroddsen var veitt undir 1. lið í 16. gr., var honum veitt sumpart til rannsókna hjer á landi, og sumpart til að ferðast erlendis til þess að raða niður söfnum sínum eptir vísindalegum reglum. Í þessu skyni ferðaðist hann til Danmerkur og Þýzkalands; en þegar hann hafði lokið þessu verki, sem hann fjekk styrkinn til, þá sótti hann um og fjekk styrk til að ferðast til Ítalíu, og það fje var tekið af því fje, sem ætlað var til ótiltekinna vísindalegra og verklegra fyrirtækja. Fjárveitingin undir 1. lið 16. gr. er veitt til ákveðins fyrirtækis, sem sje til að

rannsaka landið og ráða niður söfnunum, og er það í fullu samræmi við fjárveitingu þingsins, að hún er greidd af hendi. En hin upphæðin, sem Thoroddsen var veitt af þeim 6000 kr., sem stjórnin hafði til umráða, var veitt honum til »annara« vísindalegra fyrirtækja, en þeirra, sem búið var að veita honum fje til. Þetta fje get jeg því ekki álitið rjett að stryka út, og heldur ekki viðkunnanlegt að fara að heimta það inn hjá honum með málsókn. Við eigum ekki svo marga efnilega vísindamenn, að það sje rjett að beita þá slíkum brögðum.

Grímur Thomsen: Hvað snertir athugasemd þá, sem hæstv. landshöfðingi kom með, vil jeg geta þess, að þá hafði Snorri dýralæknir fengið 400 kr. styrk af fjenu til vísindalegra og verklegra fyrirtækja. Stjórnin hafði farið fram á sjerstaka fjárveitingu, en þingið neitaði, en þó var það af sumum í Ed. álitið sanngjarnt; annar yfirskoðunarmaðurinn var og á því máli, en hinn ekki.

Viðvíkjandi 7. till., um Fensmark, skal jeg að eins geta þess, að jeg get ekki fellt mig við, að þar standar »yfirboðurum«, eins og hjer gæti verið um marga að gera; sá, sem ábyrgðina hlýtur að bera, er *ráðherrann einn*, beinlínis eptir stjórnarskánni. Þar er talað um þrenns konar ábyrgð: þá ábyrgð, sem ráðgjafinn hefir einn; þá ábyrgð, sem hann hefir fyrst og fremst, eða ábyrgðina fyrir því, hvernig það vald er notað, sem hann fær landshöfðingjanum í hendur; og í þriðja lagi ábyrgðina fyrir því, hvernig landshöfðingi beitir því valdi, sem hann hefir. Það er meiningarlaust að segja »á ábyrgð ráðgjafans«, ef þessi ábyrgð verður ekki gerð gildandi. Jeg get varla skilið, að hæstirjettur geti vísað slíku máli frá, því það er ómögulegt að segja, að landshöfðingi hafi hið æðsta vald, þegar hann framkvæmir valdið á ábyrgð ráðgjafans. Ráðgjafinn var heldur ekki dulinn þessa háttalags Fensmarks. Jeg vil því setja »ráðherranum« í staðinn fyrir »yfirboðurum. Eitt getum vjer haft upp úr þessu öllu saman, þó ekki verði annað, og það er það, að það verður hljóðbært, hvernig þeir embættismenn, sem Danmörk sendir oss, hegða sjer hjer á landi.

ATKVÆÐAGR.:

1. till. samþ. í einu hljóði.
2. — — með 20 atkv.
3. — — — 17 —
4. — — — 11 — : 4.
5. — — í einu hljóði.
6. — — með 20 atkv.
7. — — — 18 —
8. — felld — 11 — gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Benedikt Sveinsson,	Jón Þórarinsson,
Grímur Thomsen,	Páll Ólafsson,
Lárus Halldórsson,	Árni Jónsson,
Ólafur Briem,	Eiríkur Briem,
Ólafur Pálsson,	Gunnar Halldórsson,
Páll Briem,	Jón Jónsson,
Sigurður Jensson,	Jónas Jónassen,
Sveinn Eiríksson,	Sigurður Stefánsson,
Þorlákur Guðmundss.,	Þórarinn Böðvarsson,
Þorleifur Jónsson,	Þorsteinn Jónsson,
	Þorvarður Kjerúlf.

Þorvaldur Bjarnarson ekki við.

9. till. var felld með 11 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Árni Jónsson	Jón Þórarinsson
Ben. Sveinsson	Páll Ólafsson
Gr. Thomsen	Eir. Briem
Gunnar Halldórsson	Jón Jónsson
Lárus Halldórsson	Jónas Jónassen
Ólafur Briem	Ólafur Pálsson
Páll Briem	Sig. Stefánson
Sig. Jensson	Sveinn Eiríksson
Þorl. Guðmundsson	Þórarinn Böðvarsson
Þorleifur Jónsson	Þorst. Jónsson.
Þorv. Bjarnarson.	Þorvarður Kjerúlf.

10. till. samþ. með 20 atkv.

Málinu vísað til síðari umræðu í einu hljóði.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1884 og 1885 (C. bls. 66 og nr. 208); 2. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Um þetta þarf jeg ekki að fara mörgum orðum; sú eina breyting, sem nefndin hefir ráðið til, er þegar samþykkt undir 10. tölul. í næsta máli á undan.

Landshöfðingi: Þingdeildin er þegar búin að greiða atkv. um þá einu verulegu breytingu, sem nefndin hefir ráðið til á þessu frumv.; jafnvel þó jeg sje enn þeirrar skoðunar, að ósanngjarnt sje að láta þessa lögreglustjóra borga þennan ferðakostnað til baka, býst jeg við að úrslitin um þessa breyt.till. verði samkvæm atkvæðagreiðslunni í næsta máli hjer á undan.

ATKVÆÐAGR.:

2. gr. samþ. með 21 atkv.
3. — — — 21 —
4. — — — 21 —
5. — — — 19 —

Breyt.till. nefnd. samþ. við atkvæðagreiðsluna í málinu á undan.

6. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 21 atkv.

1. gr. með áorðnum breyt. samþ. í einu hljóði.

Frumv. vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Frumv. til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1884 og 1885 (C. bls. 47 og nr. 17 og 209); 2. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Jeg finn eigi ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta frumv.; það hafa að eins komið tvær breytingartill., og af þeim er önnur þegar fallin, en hin samþykkt af h. deild.

Landshöfðingi: Við atkvæðagreiðslu þá, sem fram er farin um fjáraukalög fyrir árin 1884--85, er breyting orðin á 13. tölul. í útgjöldunum, og verður samkvæmt því að bera þann tölulið upp með áorðnum breytingum. En hvað snertir athugasemdir nefndarinnar, þá skal jeg geta þess, að þær eru að mínu áliti alveg rjettar.

ATKVÆÐAGR.:

I. Tekjur: 1.-23. tölul. samþ. hver um sig í einu hljóði.

II. Gjöld:

1.—8. tölul. hver fyrir sig samþ. í e. hlj.
9. tölul. samþ. með 12:7 atkv.
10. -- með breytingu samþ. í e. hlj.
11.—12. tölul. samþ. í einu hljóði hver um sig.
13. tölul. með breytingu samþ. í e. hlj.

Viðaukatill. nefndarinnar samþ. í e. hlj.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumvarp til laga um aðför (C. 125, 253); 3. umr.

Framsögumaður (Grímur Thomsen): Nefnd sú, er kosin var í þetta frumv., hefir að eins komið fram með eina viðaukatill. við 36. gr.; meiningin með þessari tillögu er sú, að gera örðugra fyrir að nota það neyðarúrræði að leita á mönnum, og að láta fógeta sjá, að á honum hvíli ábyrgð í því tilliti. Jeg vona, að hæstv. landshöfðingi viðurkenni, að nefndin hefir eigi gert sig seka í neinni óviðurkvæmilegri tilfinningasemi, heldur er tillagan eins og hún komi frá tómum lögfræðingum; jeg vil því óska, að h. deild samþykki tillöguna, og vona að það verði, því að hún er þó að minnsta kosti meinlaus.

ATKVÆÐAGR.: Viðaukatillaga nefndarinnar (253) við 36. gr. frumv. samþ. með 13 atkv. Frumv. með áorðinni breytingu samþ. með 20 atkv., og síðan sent efri deild.

Frumv. til laga um verzlun lausakaupmanna (246); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 20 atkv. og endursent efri deild.

Frumv. til l. um afnám 5. gr. í opnu brjefi 31. maí 1855 (191); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 18 atkv., og síðan sent efri deild.

Tillaga til þingsályktunar um hallærislán og hallærislánabeiðslur (236, 245, 267); síðari umr.

Framsögum. (Grímur Thomsen): Eins og h. þingdm. sjá af breytingar- og viðaukaatkv. þeim, sem fram hafa komið frá nefndinni, hefir hún viljað slaka til við þá, sem þótti ýms ákvæði þessarar tillögu of hörð eða erfið í framkvæmdinni.

Breyting nefndarinnar á 1. till. er einkum fólgin í því, að þegar ekki nema einstakir hreppar einnar sýslu eru lánþurfar, þá sjeu hinir dómkvöddu menn útnefndir af sýslumanni úr þeim hreppum sömu sýslu, er ekki beiðast láns.

Það getur komið fyrir, að allir hreppar í sama sýslufjelagi sjeu ekki jafn-lánþurfar og sumir þurfi alls ekki að beiðast láns; þar sem svo kynni að standa á, fannst nefndinni rjett að hafa þessi ákvæði, því þá er allt umsvifaminna, þegar hægt er að taka hina dómkvöddu menn úr hreppum innan þeirrar sýslu, sem lánsins er beiðzt. Þetta sáttaboð vill nefndin bjóða andmælendum tillögunnar.

Þá hefir nefndin stungið upp á, að fellt væri úr 2. tölul. þau ákvæði, er snertu oddvita sýslunefndar, því eins og hæstv. landshöfðingi tók fram við fyrri umræðuna, þá hefir oddviti sýslunefndar alls ekkert vald til að samþykkja neitt fyrir hönd sýslunefndar. Það er því rjett, að breyta 2. tölul. eins og nefndin fer fram fram á.

Þá vildi nefndin koma móts við þingmenn Húnv. og Skagf. og gera það tilboð, að Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum veitist um 5 ára tíma 5000 kr. hallærislán hvorri fyrir sig. Að því er þessa viðaukatillögu nefndarinnar snertir, verð jeg fyrst að treysta því, að allir játi, að þegar um hallærislán er að ræða, þá sje það of langur tími, að veita þau upp á 28 ár, því hallærið getur þá verið um garð gengið fyrir löngu; það getur verið komið gott tímabil og svo langt harðæri aptur á þessum 28 árum; og loks getur svo viljað til, að þegar að skuldadögunum kemur, sje komin hörð tíð, svo ómögulegt sje að borga.

Að öðru leyti kemur, eins og jeg hefi áður tekið fram, margt til þess, að nefndin ekki er fús á að veita þessum sýslum hallærislán, og sízt meira en hjer er stungið upp á. Fyrst er það, að allar skýrslur um ástandið eru ónógar, eða alls engar úr 3 eða 4 hreppum í Húnavatussýslu, svo sem Bólstaðarhlíðarhreppi, Svínavatnshreppi, Torfastaðahreppi og Torfalækjarhreppi. Úr Skagafjarðarsýslu hafa alls engar skýrslur komið um eptirlifandi pening. Í öðru lagi hefði það líka verið fróðlegt og jafnvel nauðsynlegt, að vita um útsvör manna í þessum sýslum. Það er auðvitað, að það var ekki hægt að gefa skýrslur yfir útsvör þau, sem lögð verða á menn fyrir næsta ár, en það hefði verið fróðlegt að vita um útsvörin umliðið ár, til þess að sjá, hvort menn almennt ekki hefði getað borið hærri útgjöld.

Jeg skal svo ekki tala meira um þessi breytingar- og viðauka-atkvæði, en vona, að h. þingdm. vilji aðhyllast þau.

Það eru nú komnar fram breytingartill. frá h. þingm. Húnv. og Skagf. (Eir. Br. og Ól. Br.) við breytingar- og viðaukatill. nefndarinnar. Að því er snertir breyt.till. þeirra við 1. till. nefndarinnar, þá er ekki mikið á móti henni. En breyt.till. þeirra við 7. till. nefndarinnar fer fram á, að Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum veitist hvorri fyrir sig allt að 10,000 kr. í 10 ár. Jeg læt nú tímann vera, en 10,000 krónur þykir mjer of mikið; þó skal jeg játa, að hjer er tilslökun einnig frá hálfu h. þingm. sjálfra, þar sem upphaflega var

farið fram á 14,000 kr. til Húnavatnssýslu og 12,000 kr. til Skagafjarðarsýslu, og eins er tilslökun með borgunarfrestinn.

Eiríkur Briem: Eins og h. þingdm. sjá, hefi jeg ásamt h. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) komið fram með breytingartill. við breytingar- og viðauka-atkvæði nefndarinnar. Önnur breytingartill. okkar fer fram á, að í staðinn fyrir ákvæði nefndarinnar: að áður en nokkurt hallærislán »eptirleiðis verður veitt«, sjeu útnefndir dómkvaddir menn o. s. frv., komi: áður en nokkurt hallærislán, »sem eptirleiðis er beðið um«, verður veitt, sjeu o. s. frv. Mjer skildist ekki betur, en að það væri meining nefndarinnar, að reglur þessar ættu að gilda um þau sýslufjelög, sem hjer eptir beiddust hallærisláns, en ekki um þau, sem væru búin að beiðast láns. Jeg held þessi breyting okkar sje því að eins útskýring á breytingu nefndarinnar sjálfrar.

Síðari breyting okkar er byggð á því, að eptir því sem mjer er kunnugt, er sýslum þessum ákveðið allt of lítið lán í viðaukaatkvæði nefndarinnar, sem ætlazt er til að verði 7. liður í tillögunum. Jeg er að vísu ekki svo kunnugur ástandinu eins og það er nú í þessum sýslum, en jeg get ímyndað mjer, að sýslunefndirnar þurfi hvor um sig nauðsynlega allt lánið til að geta fullnægt þeim skuldbindingum, sem þær hafa gengizt undir, og þeim þörfum, sem að öðru leyti eru fyrir hendi.

Við höfum líka farið fram á, að borgunarfresturinn væri lengdur frá því, sem nefndin stingur upp á. Það eru hvort sem er harðari kostir, sem þessum sýslufjelögum verða settir, en öðrum hafa verið settir hingað til, þar sem þeim ekki eru gefnar upp neinar rentur, en áður hafa verið gefnar upp rentur fyrir tvö fyrstu árin.

Eptir að jeg var búinn að tala tvisvar við fyrri umræðu þessa máls, minntist h. framsögum. (Gr. Th.) á það, sem hann aptur drap á nú, að jeg, þegar líkt mál var fyrir í fyrra hjer í deildinni, hefði álitið nauðsynlegt, að þingið fengi skýrslur um útsvör í þeim sýslum, sem beiddust hallærisláns. Jeg skal taka það fram, að jeg hefi enn þá skoðun, að þetta atriði sje mikilsvert atriði, er taka þurfi til greina þegar veitt eru hallærislán. En eins og jeg í fyrra eigi vildi láta þingið hlutast neitt til um það, hvort Gullbringu- og Kjósarsýsla fengi hallærislán eða eigi, þar sem það eigi hafði fyrir sjer nægilegar upplýsingar þar að lútandi, svo álít jeg að þingið ætti nú í tilliti til Húnavatns-Skagafjarðarsýslna helzt að fara eins að, þar sem það hefir fyrir sjer þær skýrslur allar, sem fyrir hendi þyrfti að vera til að gera sjer þá skoðun um málið, er við full rök hafi að styðjast. H. framsögum. (Gr. Th.) veit vel, að jeg hefi hvorki skýrslur um upphæð útsvara eða aðrar skýrslur hjer að lútandi, og þær skýrslur, sem hann hefir, sagði hann sjálfur að væru ófullkomnar; en fyrir því er það, að jeg álít rjettast bæði fyrir hann og h. deild, að fela umboðsstjórninni alveg málið að þessu sinni. Það var einmitt þetta sama, sem jeg hjelt fram í fyrra viðvíkjandi láni, er óskað var eptir úr Gullbr.- og Kjósarsýslu.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um mál þetta að svo stöddu, en að eins vitna til þess, sem jeg tók fram við hina fyrri umræðu, að sýslunefndirnar í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum hefðu, í þeirri góðu trú, að þær mundu geta fengið lán úr landssjóði til að afstýra hallæri í sýslunni, tekið upp á sig miklar skuldbindingar, sem þær verða bráðlega að fullnægja, og mundu þær því lenda í mestu vandræðum, ef þær fengju ekki þetta lán.

Framsögum. (Grímur Thomsen): H. 1. þm. Húnv. (E. Br.) minntist á skuldbindingar, sem hvíldu á sýslunefndunum í þessum tveimur sýslum, og það er þá víst meiningin, að það sjeu kaupstaðarskuldir, sem þær hafa gengizt undir að borga. En ef allir, sem skulda í kaupstöðum, ættu að fá hall-

ærislán úr landssjóði, þá yrðu lánbeiðendur víst fleiri og lánin meiri. Viðvíkjandi upphæðum þeim, sem nefndin stingur upp á að lána þessum sýslum, skal jeg geta þess, að nefndinni var kunnugt um, að talsvert af gulli og silfri er nú í sumar komið inn í þessar sýslur fyrir hross, sem Coghill hefir keypt þar í sumar. Coghill mun hafa keypt þar um 700 hross, og svo hafa tveir aðrir keypt þar hross. Hve mikið hefir verið keypt alls úr báðum sýslunum, veit jeg ekki með vissu, en ef vjer gerum, að það hafi verið 1000 hross, sem ekki mun of mikið. og hvert hross hafi upp og niður verið selt á 40 kr., þá eru það 40,000 kr., sem nýlega eru komnar inn í þessar sýslu í reiðu peningum. Að endingu get jeg ekki varizt þess, að minnast á, að það virðist vera skoðun manna, sjer í lagi í Húnavatnssýslu, að rjett sje að brúka landsfje annaðhvort til að gefa það út eða þá lána það. Þetta sjest sjer í lagi af þakkarávarpi, sem sett var í blöðin í vor. Þeir, sem skrifuðu undir það, komust svo að orði, að þeir álíti landshöfðingjann hinn rjetta mann til að verja almannafje, af því hann hafði veitt Vindhælishreppi nokkurn hallæristyrk. Jeg get helzt ímyndað mjer, að það hafi verið barið fram meira af kappi en forsjá, að biðja um þetta lán

Þorleifur Jónsson: Við hina fyrri umræðu þessa máls greiddi jeg atkvæði með öllum 6 liðum tillögunnar, og gerði jeg það í þeirri von, að málið mundi lagast við þessa umræðu. Nú eru líka fram komnar breytingartill. frá nefndinni og aðrar breyt.till. frá tveimur öðrum h. þm., og skal jeg geta þess, að jeg mun greiða atkvæði með 1.—2. breyt.till. nefndarinnar, ef hinar breytingartill. komast að. En ef breytingartill. hinna tveggja þm. ekki komast að. og viðbótin, 7. töluliður nefndarinnar, verður felldur, sem sjálfsagt verður, þá get jeg ekki verið með neinum af tillögunum, og svo mun vera um fleiri h. þingdm. Þess vegna álít jeg bezt fyrir nefndina og aðra, sem eru á sama máli og hún, að ganga inn á þessar breytingar 1. þm. Húnv. og 1. þm. Skagf., ef þeir vilja ekki eiga það á hættu, að allt verði fellt.

H. framsögum. (Gr. Th.) minntist á skuldbindingar þær, sem sýslunefndin í Húnavatnssýslu hefði gengizt undir, og þyrfti að losa sig við með þeim peningum, sem fást kynni úr landssjóði; gat hann þess til, að það væru gamlar kaupstaðarskuldir, sem borga ætti með peningunum; en þessu er allt öðruvísi varið. Það var í vor í bjargarskortinum, að sýslunefndin í Húnavatnssýsla varð að ganga í ábyrgð fyrir matvöru, og lofa að borga hana annaðhvort seint í júlí eða í byrjun ágústmánaðar í sumar. Það voru sóttar vörur norður á Akureyri og suður á Brákarpoll, og sömuleiðis var keypt nokkuð af saltkjöti á Blönduós, sem hafði legið þar yfir veturinn, en vörur þessar gátu menn eigi borgað, og þær fengust eigi nema sýslunefndin áhyrgðist borgunina á tilteknum tíma. Það eru því ekki skuldir einstakra manna, sem borga á með þessum peningum, ef þeir fást, heldur matvöruskuldir, sem hvíla á öllu sýslufjelaginu. Ef nú sýslunefndin ekki fær þetta lán, verður hún í mestu vandræðum.

Hvað mikið selt hefir verið af hrossum í Húnavatnssýslu, veit jeg ekki; en svo mikið er víst, að peningarnir fyrir þau eru ekki komnir inn í sýsluna enn. Þeir ganga fyrir matvöru, sem Slimon sendir norður, en sem ekki er komin þangað enn

Að það sje skoðun Húnvetninga, að gefa eigi landssjóð út, því mótmæli jeg harðlega. Jeg hef aldrei komizt að neinni slíkri skoðun í Húnavatnssýslu.

Hvað h. framsögum. (Gr. Th.) dregur út af þakkarávarpinu, læt jeg mig annars litlu skipta. Jeg skal reyndar játa það, að þakkarávarpið var að sumu leyti einkennilegt, en h. framsögum. (Gr. Th.)

verður að gæta að því, að það fje, sem Vindhælishreppur fjekk hjá landshöfðingja, var ekki úr landssjóði, og þakkarávarpið ekki til landssjóðs, heldur til landshöfðingja, og auðsjáanlega samið af einstökum mönnum eða manni, en ekki sprottið af neinni slíkri skoðun, sem h. framsögum. (Gr. Th.) leiddi út af því.

Árni Jónsson: Jeg hafði hugsað mjer að koma fram með breytingaratkvæði við frv. í þá átt, sem jeg drap á um daginn, en varð of seinn, svo að jeg varð að hætta við það. Breyt.till. mín var þess efnis, að kostnaður sá, sem leiðir af rannsóknunum, skyldi eigi greiddur af öllu sýslufjelaginu, heldur af hinum einstöku hreppum, sem lánsins kynnu að beiðast, nema því að eins að allir hreppar einhverrar sýslu skyldu beiðast láns, þá skyldi sýslufjelagið borga rannsóknina. Ástæðan til þessa var sú, að mjer þótti ranglátt, að einstakir hreppar skyldu geta valdið öllu sýslufjelaginu kostnaðar, og líka fannst mjer þetta geta orðið aðhald fyrir hina einstöku hreppa, að biðja eigi ófyrirsynju um hallærislán, ef þeir vissu, að þeir hlytu einir að borga þann kostnað, sem af því leiddi.

ATKVÆÐAGR.:

Breyt.till. við 1. till. frá Eiríki Briem og Ól. Briem (267) samþ. með 16 atkv.

Breyt.- og viðaukaatkvæði nefndarinnar (245) við 1. till. með áorðinni breytingu samþ. með 17 atkv.

Breyt.till. nefnd. við 2. till. samþ. með 16 atkv.

Breyt.till. frá Eir. Briem og Ól. Briem (267) við 7. till. samþ. með 11 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Jón Þórarinssson.	Páll Olafsson.
Árni Jónsson.	Grímur Thomsen.
Benedikt Sveinsson.	Gunnar Halldórsson.
Eiríkur Briem.	Jón Jónsson.
Lárus Halldórsson.	Jónas Jónassen.
Ólafur Briem.	Ólafur Pálsson.

já:	*nei:*
Páll Briem.	Sigurður Stefánsson.
Sigurður Jensson.	Sveinn Eiríksson.
Þorleifur Jónsson.	Þorl. Guðmundsson.
Þorsteinn Jónsson.	Þorv. Bjarnarson.
Þorvarður Kjerulf.	

Þórarinn Böðvarsson var ekki við, þegar nafnakallið fór fram.

Viðaukaatkvæði nefndarinnar eptir 6. till. með áorðinni breytingu samþ. með 17 atkv.

Tillögurnar í heild sinni samþ. með 16 atkv. og sendar efri deild.

Tillaga til þingsályktunar um, að rannsaka ástandið á umboðsjörðum Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs (178); ein umr.

Flutningsmaður (Páll Briem): Í þessari þingsályktunartillögu er farið fram á, að valdir sjeu 2 menn til að rannsaka ástandið á umboðsjörðum Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs, og skuli annar þeirra vera búfræðingur, en hinn þjóðkunnur utanhjeraðsbóndi. Það hefir áður verið viðurkennt, að heppilegt væri að gera einhverjar ráðstafanir í þessu efni, þar sem nefnd hefir verið sett til að rannsaka málið. En þessi nefnd hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að hún geti ekkert að gert, því að hana hefir vantað tækifæri til að kynna sjer ástandið. Hjer er því úr vöndu að ráða, og tjáir eigi að hætta við svo búið, því að mál þetta er svo þýðingarmikið, að þingið getur ekki látið það afskiptalaust; hið eina úrræði er því, að senda vel hæfa menn til að rannsaka búnaðarástandið á þessum jörðum; þetta getur einnig orðið að miklu liði fyrir hið opinbera, þar sem nú er einmitt verið að samþykkja sölu á þjóðjörðum, því að þá er gott að hafa áreiðanlegar lýsingar á þessum jörðum eptir menn, sem bæði hafi vit og vilja til að segja rjett frá. Þess konar lýsingar væru og einkar-nauðsynlegar fyrir þá, sem kynnu að vilja setjast

að á eyðijörðunum; því að jeg vona, að duglegum mönnum verði gefinn kostur á að taka við þessum jörðum landskuldarlaust. Vera kynni og, að þessir menn gætu gefið einhverjar bendingar um það, hvernig stemma megi stigu fyrir þeirri apturför, sem komin er á umboðið.

Í skýrslu hins umboðslega endurskoðara standa þessi orð: »í mörg undanfarin ár hefir ekki gengið á öðru svo að segja en að samþykkja afslátt á landskuldum; eptir 1882 hafa þessir afslættir þó einkum látið á sjer bera; það virðist svo sem í mörg ár hafi það allt af verið að verða örðugra og örðugra að fá ábúð á umboðsjarðirnar, og nú er loksins svo komið, að 9. hver jörð umboðsins er í eyði, og 14. hver af þeim, sem þá eru eptir, er ekki nema hálfbyggð». Þessi mikla apturför er mjög ísjárverð, og væri því æskilegt, að þessir menn yrðu sendir, eins og fram á er farið í þingsál.tillögunni, svo að þeir gætu gefið nákvæmar skýrslur, og ef til vill líka bent á, hvernig fara ætti að framvegis til að stemma stigu fyrir apturförinni.

Jeg skal enn fremur geta þess, að á síðasta þingi var veitt fje til endurbóta eða viðgjörðar á Rifsós, en þessi viðgjörð misheppnaðist, því að á sú, er veitt var í ósinn, lagðist á garðana og braut þá. Meðan garðarnir hjeldu, rann áin út í Rifsós og dýpkaði ósinn að nokkrum mun. Gæti þetta fyrirtæki heppnast, þá mundi það verða að miklu liði fyrir menn þar vestra og sjerstaklega landssjóð, sem er jarðeigandi þar, því að það er mjög áríðandi að geta fengið höfn í Rifsós, eins og hún var áður. Þessi höfn var áður mjög góð; hún er við Jökul norðanverðan, og því gott útræði fyrir sjómenn; einnig væri mjög hentugt fyrir þilskip, að geta leitað þar inn, því að þar er ekki völ á öðrum góðum höfnum. Jeg get þessa, þótt það sje ekki tekið fram í tillögunni, af því mjer finnst það geta heyrt undir þá menn, sem farið er fram á að senda, að rannsaka höfnina og ána og gefa álit sitt um, hvort fyrirtækið eigi mundi vera framkvæmilegt; það hefir líka komið beiðni til fjárlaganefndarinnar þessu viðvíkjandi; en hún hefir eigi viljað veita fje til þessa, af því allt er órannsakað.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta meira, en vona, að h. deild samþykki það, sem vjer höfum farið fram á, og skoði þetta ekki eins og hún skoðaði það 1885. Hjer er alls eigi að tala um rannsókn gagnvart almenningi, og þetta ekki gert til að skamma almenning út. Almenningur gæti einmitt haft góð not af þessum mönnum, því að þeir gætu gefið mönnum í þessum hjeruðum ýmsar góðar bendingar, þeim alveg að kostnaðarlausu.

Landshöfðingi: Jeg get ómögulega gert mjer miklar vonir um, að árangurinn yrði mikill, þótt farið væri að senda »fjölhæfan búfræðing og þjóðkunnan utanhjeraðsbónda» til að rannsaka ástandið á umboðsjörðum Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.

Jeg get ekki sjeð, að það þurfi öll þessi umsvif til að fá því framgengt, sem nefndin vill, því að jeg trúi umboðsmanninum til að gefa þær skýrslur, sem þörf er á, enda eru og til frá fyrri umboðsmönnum nægar lýsingar á jörðunum. En sje meiningin sú, að bæta búnaðarástandið í sýslunni, þá þyrftu þessir menn að rannsaka ástandið á öllum jörðum sýslunnar, því að það er ekki verra á umboðsjörðum en annarsstaðar í sýslunni; margir jarðeigendur þar vestra þurfa að kaupa menn til að búa á jörðum sínum til þess að þær leggist ekki í eyði. Og hvað umboðsjarðirnar snertir, þá er það mjög bagalegt, að enginn þorir að taka stórar jarðir til ábúðar, því að menn vita, að þeir sem búa á stórjörðunum, verða fyrir óbærilegu sveitarútsvari, en úr þessu geta skoðunarmenn alls ekki bætt. Jeg er því mjög í efa um árangurinn af þessari skoðunarferð, og að því

er lýtur að, hvernig greiða skuli kostnað þann, sem af þessari ferð mundi leiða, þá finnst mjer ekki þingið vel geta ráðið því, þar sem það er komið undir næsta þingi, hvort það vill leggja nokkurt fje til ferðarinnar.

Flutningsmaður (Páll Briem): Jeg er þakklátur hæstv. landsh. fyrir það, hvernig hann hefir tekið í þetta mál, því að mjer gat ekki betur skilizt en að hann hefði það eitt á móti tillögunni, að vjer hefðum eigi farið nógu langt, og að hann vildi helzt, að búnaðarástandið væri rannsakað á öllum jörðum sýslunnar. En nefndin vildi ekki fara fram á meira en þetta, því að hún hjelt, að því mundi heldur verða framgengt, ef eigi væri í meira ráðizt. Þess ber og að gæta, að ef mönnum tækist að finna eitthvert ráð til að rjetta við hag landssjóðsjarðanna, þá mundu hinar aðrar jarðir einnig njóta góðs af því. Hvað sveitarþyngslin snertir, þá væri ekkert á móti, að menn fengju áreiðanlegar skýrslur um þau, svo að menn gætu vitað, hvort þau væru eins voðaleg og sagt er að þau sjeu.

Þorlákur Guðmundsson: Menn hafa sagt, að þessar skoðunarferðir mundu ekki verða að nokkru gagni; þetta getur vel verið; en tilraun er þó gerandi, því að kringumstæðurnar eru, eins og menn vita, mjög hörmulegar. Jeg hef nýlega talað við 2 merka menn, sem hafa komið vestur, og þeir sögðust aldrei hafa trúað, að ástandið væri eins vont og það í raun og veru er, jafnvel bæði hvað búnað og menningu snertir. En hvað snertir skýrslur umboðsmannsins, þá getur vel verið, að þær sjeu rjettar í tilliti til kúgilda o. s. frv.; en allir vita, að umboðsmennskan hefir verið ljeleg og eptirlitið mjög sljóft, jafnvel áður en Ásmundur varð umboðsmaður, svo að ábyrgðin ætti ekki eingöngu að liggja á herðum hans, heldur jafnvel hins fyrra umboðsmanns; það sýnir ljóslega Hallbjarnareyrin, í hvaða ástandi að hún var, þegar Ásmundur tók við umboðinu; en þar sem nú eptirlitið hefir verið svo sljóft, og umboðsmennirnir hafa tekið við jörðunum í mjög bágu ástandi, þá er töluverð freistni fyrir þá að gefa ekki eins svartar skýrslur af ástandinu og rjett væri; því að þeir dæma hjer í sínu eigin máli, enda er það ekki skylda þeirra að lýsa hinu sanna verðgildi jarðanna, eða hverju þær geta framleytt, ef vel væri á haldið; en þessir menn, sem nefndin hefir farið fram á að senda, eru ekkert við málið riðnir, og mundu því verða alveg óhlutdrægir. Ef alþingi sæi eitthvert hús, sem væri opinber eign, vera að brenna, mundi það gera allt sem það gæti til að slökkva eldinn; en hjer er eins ástatt, þar sem kominn er eldur í eitt hið ríkasta umboð landsins, eins og skýrsla endurskoðunarmannsins ber ljósan vott um, og álít jeg því alþingi skyldugt til að gera þær tilraunir, sem hægt er að gera, ef vera mætti að auðið yrði að bæta hag umboðsins og bjarga landssjóðseign úr eldi eyðileggingarinnar.

Sigurður Stefánsson: Þótt ástandið sje vont í Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði, þá kemur það ekki af því, að landsstjórnin ekki þekki það, heldur af því að enn er enginn vegur fundinn til að bæta það, og mjer er ekki ljóst, hvernig ástandið á að batna við það, þótt valdir sjeu menn til að ferðast þangað vestur og skoða hagi manna. Enn fremur geta verið deildar skoðanir um, hverjir sjeu fjölhæfir búfræðingar og þjóðkunnir utanhjeraðsbændur, svo að þing og stjórn eigi verði á eitt mál sátt um það, hvort landsstjórnin hafi valið þá rjettu menn, sjerstaklega ef þinginu skyldi eptir á þykja árangurinn lítill og verða nauðugt að greiða þeim ferðakostnaðinn. Þingið hefir annars sýnt, að það hefir áhuga á þessu máli; en hversu bágt sem ástandið er, þá álít jeg, að ekki sje hægt að gera annað en það, sem þingið hefir gert, og verði

frv. um sölu þjóðjarða að lögum, og till. nefndarinnar, sem kosin var í þessu máli, fær fram að ganga, þá er þar hvöt til að taka jarðirnar til ábúðar, þar sem þær eru svo ódýrar. Jeg get því ekki verið með þessari tillögu h. nefndar, þótt jeg játi, að tilgangurinn sje góður, því að kostnaðurinn af þessari sendiför mundi vega fullkomlega á móti gagninu af henni.

Flutningsmaður (Páll Briem): H. 1. þm. Ísf. (S. St.) sagði, að menn þekktu ástandið vestra, en jeg leyfi mjer að segja að menn þekki það ekki. Jeg ímynda mjer að jeg þekki ástandið vestra betur en sumir aðrir hjer í deildinni, því jeg hef þó farið þar um og talað við marga kunnuga, en samt fer því fjarri, að jeg þekki svo til sem þörf væri á, ef eitthvað ætti að reyna að gjöra til umbóta. Jeg verð að segja að þingið þekkir sárlítið til í Arnarstapaumboði, en þekking væri þó nauðsynleg, ef eitthvað ætti að lagfæra. Þessi till. stendur í sambandi við lögin um þjóðjarðasöluna, því auðvitað er, að lysthafendur jarðanna mundu gjarnan vilja hafa nákvæma lýsing á jörðunum þar vestra, og hana mundu þeir fá, ef menn rannsökuðu ástandið eins og hjer er ætlazt til.

Hæstv. landsh. sagði að vísu, að til væri skýrslur frá fyrverandi umboðsmanni, en lysthafendum í fjarlægum sýslum mundi þó víst þykja meiri trygging í skýrslu þeirra, er nýlega hefðu skoðað og með eigin augum sjeð allt ástandið þar vestra.

Jeg skal játa að það er nokkur vandi fyrir landsstjórnina, að velja menn til þessarar skoðunar, en það er víst ekki meiri vandi að velja þá en marga aðra sem hún þó velur; þannig á hún að velja embættismenn í mörg embætti, og ber ekki á að menn vantreysti henni til þess, auk þess nefnir hún menn til margs konar starfa, sem eru all-vandasamir. Og ef þetta er svo mikið vandaverk, að það ekki væri leggjandi á landsstjórnina, þá er jeg hræddur um, að menn ætli henni einatt of mikið og vandgjört starf.

Jeg gleymdi að taka það fram áðan, að ef till. yrði nú samþykkt í báðum deildum alþingis, þá er lítt hugsanlegt, að ekki fengist fjárveiting til að standast þann kostnað, sem af þessari rannsókn leiddi, að minnsta kosti hefir þetta þing ekki verið svo tregt til að greiða fje samkvæmt þeim ráðstöfunum, er landsstjórnin hefir gjört, að ástæða virðist til að gera næsta þingi þær getsakir í þeim málum, er þetta þing gerði ályktanir um.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg get enga von gert mjer um, að menn í öðrum sýslum fýstust að kaupa jarðir vestur í Snæfellsnessýslu eða flytja þangað, ef þeir hefðu engin önnur kynni af þeim en niðurníðingarskýrslur umboðsmanna og lubbalýsingar þeirra á jörðum þar vestra. Jeg segi fyrir mig: mjer mundi ekki þykja þær mjög glæsilegar eða ginnandi, ef jeg hefði ekki eptir öðru að fara.

Ef báðar deildir samþykktu þessa till., er engin hætta á að þingið síðar tregðaðist við að borga þá útgjaldaupphæð, sem af henni leiddi. Það hefir opt sýnt sig, að það hefir trúað landsstjórninni fyrir hærri fjárveitingum, ef svo hefir borið undir, og síðan samþykkt þær; þarf ekki lengra að leita dæma en til dagsins í dag, þar sem samþykktar voru 110 kr. í aukafjárlögum, sem gat verið talsvert spursmál um, hvort rjett væri að samþykkja.

Sveinn Eiríksson: Jeg er nú reyndar ókunnugur ástandinu þar vestra, en jeg trúi mönnum til þess, að það sje mjög bágborið; en hitt á jeg bágt með að skilja, hvernig tveir menn, þótt annar þeirra sje þjóðkunnur bóndi, og hinn fjölhæfur búfræðingur, með öllu ópekktur lands- og búnaðarháttum þar í sýslu, geta ráðið bót á því, sem aflaga þykir fara.

En mjer virðist nú, eptir því sem umræður hafa fallið, að meiningin sje sú, að þessir menn ættu að semja skýrslu að eins um útlit og ástand jarðanna, en jeg held að þeir, alveg ókunnugir, gætu ekki samið hóti betri skýrslur, en hlutaðeigandi umboðsmaður getur látið í tje.

Miklu nær væri að fela hreppsnefndum á hendur að semja slíka skýrslu og sýslunefndinni að gera þar við sínar athugasemdir í sameiningu við umboðsmanninn. Þær hafa þó kunnugleikann fram yfir utansveitarmenn; mjer sýnist eitthvað undarlegt við það, að senda menn t. d. úr Þingeyjar- eða Múlasýslum skoðunarferð þangað vestur. *(Þorl. Guðmundsson:* Er þm. að lesa þetta úr gömlum þingtíðindum?). Ekki eru þau mjög gömul enn þá; eg get ekki sjeð, að þetta mundi koma að neinum notum, jafnvel þótt það væri stórbóndinn frá Hvammkoti, sem sendur væri, en mundi þó verða ærið dýrt og umsvifamikið, ef skoða ætti allt utan húss og innan, sem auðvitað þyrfti, ef vel væri. og eptir því sem mjer finnst vera meiningin í tillögunni, því að hún fer að eins fram á að athuga búnaðarástandið o: utanhúss og innan; en slíkt mundi verða allt of kostnaðarsamt.

Eg skal svo ekki fjölyrða um þetta, heldur að eins lýsa því yfir, að mjer er allsendis ómögulegt að gefa þessari tillögu atkvæði mitt.

Jón Jónsson: Mjer kemur mjög á óvart, hvaða undirtektir till. þessi fær hjer í deildinni; jeg bjóst við að hún mundi verða samþ. í einu hljóði, enda hefði svo átt að vera.

Á þingi 1885 kom fram þingsályktun, sem fór í líka stefnu og þessi, en var að sumu leyti víðtækari og gekk lengra og var öllu betri í mínum augum; hún gekk að vísu ekki fram, en hefði það orðið og henni síðan verið fram fylgt, má ætla að vjer nú, í stað þess að ræða þessa till., hefðum getað gert einhverjar ráðstafanir til umbóta þar vestra. Nú vantar oss alveg kunnugleika, hvað sem h. 1. þm. Isf. (S. St.) segir um það. Hið eina sem oss er kunnugt er það, að ástandið er mjög bágborið, en hversvegna það er svo, er oss ókunnugt um. Er það af því, að landkostir og veðráttufar sje þar svo vont? Ekki verður það dregið af legu þessara sveita á landinu; enda hefir mjer skilizt, að landkostir væru þar góðir. Hitt er kunnugt, að þar er gott til veiðiskapar og útróðra. Er það þá fyrir menntunarleysi eða af hreinum og beinum slóðaskap? Allt þetta þurfa menn nákvæmlega vita, ef ástandið skal bæta, því meðölin skal laga eptir meinsemdinni. Væri þessi till. samþ. og menn sendir vestur, mundu þeir semja skýrslu, er upplýsti menn um þetta efni, og þannig eigi einungis mundi fræða menn um orsakir þessa ástands, heldur einnig ef til vill benda á ráð til að bæta úr því. Ef land er þar svo gott sem sagt er, mundu ef til vill margir nýtir menn úr öðrum hjeruðum landsins vera fúsir til að taka þar jarðir með góðum kostum; mætti það verða til mikilla hagsbóta fyrir þessar niðurníddu sveitir. Einnig gætu nákvæmar skýrslur komið að góðum notum, þegar ræða skyldi um hallærislánabeiðslur þeirra þar vestra. Það eina er víst, að hungur og eymdarskapur er ekki alstaðar öblíðu náttúrunnar að kenna, heldur miklu fremur mönnunum sjálfum; því eigi eru ætíð mestar hallærislánabeiðslur úr þeim sveitum, sem harðastar eru, heldur fara þær miklu meira eptir menningu og háttsemi sveitarbúa.

Jeg mun eindregið gefa atkv. mitt með till. og svo ættu sem flestir h. þingdm. að gera.

Flutningsmaður (Páll Briem): Jeg held nú sje búið að ræða þessa till. svo rækilega, að óþarfi sje að fara mörgum orðum um hana hjeðan af. Hvaða gagn hún mundi gera, er auðvitað ekki hægt að sýna svo áþreifanlega, sem skilding í lófa

og ekki fremur hægt að fullyrða að þetta leggi peningana í lófann, heldur en hægt er að segja, að vitið verði látið í askana. En dæmi eru þó til þess að nokkuð líkt hefir verið gert í öðrum löndum, og í Noregi var maður sendur um landið til að rannsaka ástand manna og háttu ár eptir ár; sá maður var skáldið Eiler Sundt, er þykir vera einn meðal ágætustu manna Norðmanna á síðari tímum. Í fyrstu þótti svo sem lítið gagn væri að ferðum hans, en með tímanum kenndu skýrslur hans mönnum ráð til bóta á sveitaþyngslum í Noregi og ýmsum fleiri þjóðarmeinum.

Menn mega ekki ætíð víla fyrir sjer að gjöra tilraunir og rannsaka, þótt ekki sje árangurinn viss, en gæta heldur hins, að mest er varið í að afla sjer hinnar nákvæmustu þekkingar á því, sem aflaga fer, áður en ráðizt er út í að lagfæra það.

ATKVÆÐAGR.: Þingsál.till. felld með 11 atkv. gegn 10.

Tillaga til þingsályktunar um reikningsskil fyrir tekjum af Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði (196); ein umr.

Flutningsmaður (Ólafur Briem): Eins og nefndarálitið ber með sjer, er ástandi þessa umboðs í ýmsu tilliti mjög ábótavant; hið sama sjest og af fylgiskjali hins umboðslega endurskoðara. Ólag er mikið á ábúð jarða og vanskil á eptirgjaldi. Auk þess eru í umboðsreikningnum 1884 ýmsar upphæðir, sem mikill vafi getur verið um, hvort rjett sje að telja til útgjalda í reikningnum. En af því að ekki er enn búið að leggja úrskurð á athugasemdirnar við reikningana 1884 og 1885, þótti nefndinni ekki vera ástæða til, að leggja neinn dóm á vafasöm atriði í þeim og heldur ekki virðist eiga við að ræða þau hjer að sinni, heldur mun rjettast að bíða þess, að úrskurður verði lagður á reikningana, og ekki hefja ítarlegri rannsókn fyr en allt væri komið í kring, sem þar að lýtur. Þess vegna leggur nefndin það til, að vísa hinni nánari rannsókn reikninganna aptur til yfirskoðunarmanna landsreikninganna 1886 og 1887.

Hvað einstökum óinnheimtum tekjum viðvíkur, þá virðist ekki vera um annað að gjöra en að taka þau lögtaki hjá leiguliðum.

En að því er snertir skuld fyrverandi umboðsmanns Ásmundar Sveinssonar, leiðir það af sjálfu sjer, að landsstjórnin hlýtur að ganga að fasteignaveði því, sem sett er fyrir skuldinni, nefnil. 23.4 hndr. í jörðum og timburhúsi á Hallbjarnareyri. Það sem þá kynni að standa eptir af skuld hans, álítur nefndin tiltækilegast að lána honum gegn árlegri afborgun og móti veði í lífsábyrgðarskírteini hans, er hljóðar upp á 5000 kr., og er í fullu gildi.

Nefndin hefir að vísu ekki komið með neina till. í þessa stefnu, en hún vonar að landsstjórnin muni eigi að síður taka það til greina.

Hvað snertir ástandið á umboðsjörðunum sjálfum, þá ræður nefndin til þess, að bjóða eyðijarðirnar, sem nú eru tíu að tölu og enn geta fjölgað, til ábúðar eptirgjaldslaust, því bæði eru þær arðlausar landssjóði, ef þær standa í eyði, og verða þá með ári hverju óbyggilegri, eptir því sem fram líða stundir og æ torveldara að fá nýta leiguliða á þær. Til þess nú að gjöra þær svo aðgengilegar, sem auðið er, stingur nefndin upp á því, að jarðirnar, sem nú eru í eyði, skuli byggðar landskuldarlaust í 5 ár, ef duglegir ábúendur fást, en gjalda skuli þeir leigur eptir kúgildi þau, sem jörðunum kunna að fylgja, og enn fremur vinna að jarðabótum eptir því sem um kann að verða samið. Það kom til orða í nefndinni, hvort ekki mundi tiltækilegt að senda menn til skoðunar vestur, en henni leizt lítils árangurs von

af því, og svo bjóst hún við till. um það úr annari átt, sem nú einnig er fram komin, eins og þingdm. er kunnugt.

Landshöfðingi: Eptir minni meiningu hefir nefndin leyst sinn starfa vel af hendi, eptir því sem hægt var, og virðast mjer till. hennar heppilegar, og mikið fremur vænti jeg umbóta af síðari till. hennar en af því, þótt farið hefði verið að senda menn í rannsóknarferð þangað vestur. Landsstjórnin mun taka bendingar nefndarinnar til greina, því þær eru allar heppilegar. Um fyrri till. þarf jeg ekkert að tala; hún er stíluð til yfirskoðunarmannanna.

Jeg felli mig ólíkt betur við þessa þingsál.till., en hina, sem var felld nú næst á undan.

ATKVÆÐAGR.: 1. till. samþ. í einu hljóði.

2. till. samþ. í einu hljóði.

Síðan sent Ed.

Frv. til laga um friður á laxi (240); 1. umr.

Flutningsmaður (Árni Jónsson): Jeg skal ekki þreyta þingdm. á langri ræðu í þetta sinn.

Öllum er kunnugt, að þetta mál hefir opt fyr verið á dagskrá þingsins, og seinast 1885. Þá átti það allervitt uppdráttar, og var meiningamunur um sum ákvæði milli deildanna. En þó gekk h. Ed. loks að frumv. Taldi hún að vísu ærið mikla galla á því vera, en kvaðst þó ekki vilja leggja á móti, að frumv. væri samþ., af því að jafnframt göllunum væru nokkrar góðar ákvarðanir. Það er nú spursmál um, hvort þetta hafi verið heppilega afráðið, því þegar augsýnilegir gallar eru á lögunum, þá held jeg sje betra, að þau bíði annars þings, enda þótt eitthvað gott kunni í þeim að vera. Þótt nú lög þessi væru staðfest 19. febr. 1886, var þess ekki langt að bíða, að það sýndi sig, að þau í sumum greinum ekki eru heppileg, heldur miklu fremur það gagnstæða, og þess vegna hefi jeg leyft mjer að koma nú fram með þetta frv.

Jeg finn glöggt til þess, hve athugavert það er að fara að breyta nýsömdum lögum, og það er alls ekki af ljettúð í lagasmíði, sem jeg kem með frumv., heldur af nauðsyn, þeirri knýjandi nauðsyn, sem ber til að breyta nefndum lögum; það er ekki auðið að framfylgja þeim, eða rjettara sagt, að hlýða ákvæðum þeirra og framkvæma það, er þau fyrirskipa. Þessu til stuðnings og skýringar skal jeg geta þess, að í lögum 19. febr. 1886 er boðið að taka upp öll net á vissum tíma, en víða hagar svo til, að ómögulegt er að framfylgja þessu ákvæði. Svo er til dæmis í Hvítá í Borgarfirði og Langá, og sjálfsagt í Ölvesá og öðrum stórám, að um flóð fellur sjór upp eptir ánum, svo ómögulegt er að ná upp netunum. Það er ómögulegt að taka netin upp, nema um fjöru; en hana ber ekki jafnan upp á náttmál á laugardögum. Sama er að segja þegar miklar og tíðar rigningar ganga; þá hleypur vöxtur og fleygiflóð í árnar, sem stendur í fleiri daga, já vikum saman, svo ómögulegt er að ná netunum upp, enda ber það þá opt og einatt við, að menn tapa öllum netunum. Þannig er fyrir þá, sem stunda laxveiði í þessum ám, alveg ómögulegt að ná upp netum sínum á ákveðnum tímum, og þá um leið að hlýðnast fyrirmælum laganna, hve fegnir sem þeir vildu. Að jeg ekki tali um þann kostnað og erfiðleika, sem það hefir í för með sjer, að taka upp svo mörg og mikil net í hverri viku.

Þó mönnum hljóti að vera það á móti skapi, að breyta nýjum lögum, þá verður þó stundum ekki hjá því komizt, þegar þau reynast ómöguleg í framkæmdinni. Og þessu er nú einmitt þannig varið með þessi lög, og hefi jeg því komið fram með frumv. þetta, þó seint sje, í þeirri von, að það nái fram að ganga. Því jeg vona h.

þm. viðurkenni þörfina á að lagfæra lögin frá 19. febr. 1886.

Þetta er vandamál, þar sem annars vegar er að ræða um friðun laxins og frjálsa göngu, og hins vegar um eignarrjett manna og atvinnufrelsi. Þetta vill koma hvað í bága við annað, og er þá vandsiglt á milli skerjanna. Það virðist því heppilegast að setja lög, sem hafa inni að halda meginreglur í þessu efni, en að innviðirnir eða hin einstöku atriði liggi undir samkomulag hlutaðeiganda og samþykki sýslunefndar, eptir því sem við á á hverjum stað.

Af því mál þetta er svo mikilsvert, og mjer er annt um, að það sje sem bezt yfirvegað og undirbúið, þá vil jeg leyfa mjer stinga upp á 3 manna nefnd í því.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ., og í hana kosnir:

Árni Jónsson	með	17 atkv.
Benidikt Sveinsson	—	13 —
Páll Ólafsson	—	12 —

Þrítugasti og fimmti fundur, mánudag 8. ágúst kl. 11 f. m.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889 (C bls. 1, og nr. 217, 223, 290);

I. kafli, 1.—6. gr.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Hvað tekjurnar snertir, þá er það auðvitað, að þær eru að mestu leyti að eins áætlaðar, og hafði nefndin fyrir augum, að reyna að finna þær upphæðir, sem kæmust næst því sem reynslan mundi sýna; í þessu efni renna menn ávallt, eins og auðvitað er, blint í sjóinn, en nefndin reyndi að fara svo nærri, sem hún gat.

Nefndin hafði til afnota þær upplýsingar um tekjur landssjóðsins 1886, er ekki hafa verið fyrir hendi, þegar frumv. þetta var samið, og á þessum upplýsingum byggði nefndin breyt.till. sínar á tekjugreinunum.

Fyrsta breyt.till. nefndarinnar er við tekjuskattinn, sem vjer höfum lagt til að færa niður úr 15000 kr. í frumv. stjórnarinnar í 10000 kr. hvort árið. Tekjuskatturinn náði 15 þús. krónum meðan menn guldu tekjur af skatti af eign og atvinnu um árið 1880; árið 1886 var hann 12872 kr., og það ár guldu menn skatt af tekjum sínum um árið 1884; haustið 1885 lögðu skattanefndirnar skattinn á þær tekjur, er menn höfðu haft 1884, og svo var þessi skattur borgaður á manntalsþingum 1886; en þegar ástandið síðan er íhugað, er það áreiðanlega víst, að hann hlýtur að lækka, sumpart vegna lækkandi verðlags á því, sem goldið er eptir jarðir, sem og vegna þess, að jarðeigendur hafa orðið að færa niður eða gefa eptir af landsskuldum, og svo hefir fjarska mikið af jörðum verið veðsett hin síðustu árin.

Önnur breyt.till. nefndarinnar er að færa gjald af fasteignarsölu upp um 50 kr., svo það verði rjettar 1000 kr.; þetta gjald, sem annars er mjög hvikult, var nokkru hærra 1886, því við það að veðsetja jarðir sínar hafa menn fengið hvöt venju fremur til að láta þinglesa kaupbrjef og önnur heimildarskjöl; það ár var gjaldið 1546 kr.

Þriðja breyt.till. er við gjaldið af áfengum drykkjum, sem í stjórnarfrumv. er sett 100 þús. kr. hvort árið, en sem nefndin leggur til að verði sett 90 þús. kr. — Þetta gjald nam 1886 ekki meiru en 80,123 krónum, en, eins og tekið er fram í nefndarálitinu, heldur nefndin að þetta gjald muni á næsta fjárhagstímabili heldur vaxa en minnka, og ræður því til að hækka það um 10 þús. kr. hvort árið frá því sem það var næstliðið ár.

Aðflutningsgjald af tóbaki hefir líka næstliðið ár verið 1/6 minna en áætlað var, eða rúm 15 þús. í stað 18 þús. kr.; en nefndinni hefir þó eigi fundizt næg ástæða til að ráða til, að þessi tekjuliður sje færður niður.

Við 3. gr í frumv. stjórnarinnar er sú athugasemd, að af tekjum Vestmannaeyjakirkju megi verja 50 kr. á ári til organista í kirkjunni; þessari athugasemd er nefndin mótfallin, þar eð Vestmannaeyjakirkja er svo þung fyrir landssjóð; þó hefir nefndin ekki ráðið til að lækka aðalupphæðina í greininni sem þessu nemur, þar eð hún er svo óákveðin. Annars hefir nefndin eigi ráðið til neinna breytinga á 3. gr., þótt henni virðist tekjurnar af jarðeignum landssjóðsins í hæsta lagi settar 30000 kr.

Við 4. gr. í stjórnarfrumv. stendur, að Reykjavíkurkirkju veitist frestur fyrir fjárhagstímabilið á að greiða afborgun af skuld sinni til landssjóðs; þetta getur nefndin, eins og sjá má af nefndarálitinu, engan veginn fallizt á; hún hefir leitazt við að sýna, að kirkjan er vel fær um, að greiða þessa afborgun af hendi, þar sem hún meðal annars á 966 kr. 85 aur. í jarðabókarsjóði, sem henni ætti að vera hægt að grípa til.

Við þessa grein hefir þm. Borgf. (Gr. Th.) gert þá breytingartill., að leigur af innstæðufje viðlagasjóðs sjeu færðar niður um 6000 kr. fyrir fjárhagstímabilið; þetta atriði hefir nefndin tekið til íhugunar, og er á sama máli og hann um, að þessi tekjuliður sje settur heldur hátt, en henni finnst þó h. þm. (Gr. Th.) ganga heldur langt í að lækka þennan lið, og vill hún því eiga samkomulag við hann til 3. umr., ef finna mætti einhvern milliveg. Það er með þessa tekjugrein eins og aðrar, að menn renna mjög svo blint í sjóinn með þær; eigur viðlagasjóðs getum vjer vitað nú, en eigi hverjar þær verða um næsta fjárhagstímabil, allra sízt síðara árið, og það hefir þó áhrif á leigur viðlagasjóðs bæði árin.

Við 5. og 6. gr. hefir nefndin eigi ráðið til neinna breytinga. Það var helzt spurning um 1. lið 5. gr., gjaldið frá prestaköllunum samkvæmt lögum 27. febr. 1880; en þó vildi nefndin ekki gera hjer neinar uppástungur til breytinga. Víða stendur svo á, að þetta gjald til prestakallanna og frá þeim verður að greiða gegn um landssjóð, því víða stendur svo á, bæði á Vesturlandi þar, sem gjaldið til brauðanna er mest, og á Austurlandi, þar sem gjaldið frá brauðunum er mest, að jöfnuði milli brauðanna verður ekki við komið beinlínis.

Landshöfðingi: Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um þennan kafla frumv., því enginn getur sagt fyrir fram með neinni vissu, hverju ýmsar tekjugreinar muni nema á komandi fjárhagstímabili; tekjurnar eru því áætlaðar, og verður í því efni að fara eptir tekjum fyrri ára; jeg er ekki mótmæltur niðurfærslu þeirri, sem h. nefnd hefir ráðið til á 3. og 10. lið 2. gr., og þessar litlu uppfærslu á 6. lið 2. gr.; það sem borgað er upp í tekjurnar, kemur hvort sem er til inntektar og ekki meira eða minna; en illt er að reikna tekjurnar of hátt, því það gæti orðið freisting til þess að reikna útgjöldin einnig of hátt.

Hvað snertir breyt.till. h. þm. Borgf. (Gr. Th.) við 4. gr., þá gerir hún hvorki til nje frá.

En það eru tvær breyt.till. hjá h. nefnd, sem jeg ekki get fallizt á.

Önnur er sú, að hún stingur upp á að nema burtu borgun fyrir organslátt í Vestmannaeyjakirkju. Mjer finnst þvert á móti, að landssjóður sem kirkjueigandi ætti að ganga á undan öðrum kirkjueigendum, sjerstaklega í því að efla sálmasöng í kirkjunum. Fyrst var orgelið gefið til þessarar kirkju og svo hefir organistinn síðan ekki haft annað fyrir ómak sitt en það, sem skotið hefir verið saman handa honum af sóknarmönnum, mest af prestinum. Þessar 50 kr. eru svo lítil upphæð, að jeg sje ekki, að það muni landssjóðinn neitt.

Hin er viðvíkjandi Reykjavíkur kirkju, í 4. gr., og verð jeg að geta þess, að sá reikningur, sem nefndin hefir komið fram með, er alls ekki rjettur. Tekjur kirkjunnar segir nefndin að hafi verið 1885 4122 kr. 38 aur., í stað þess að þær voru taldar á pappírnum með öllu og öllu 2335 kr. 44 aur.; 1886 segir nefndin, að tekjurnar hafi verið 4687 kr. 68 aur., í staðinn fyrir 2306 kr. 30 aur. Nefndin hefir sem sje tekið summuna, sem tekju megin stendur neðst, en eigi gáð að því, að þar fyrir ofan voru margir liðir færðir til jafnaðar við útgjaldaliði. Þegar h. nefnd sjer við nákvæmari íhugun, að það, sem hún byggir á, er ekki rjett, vonast jeg eptir, að hún falli frá uppástungu sinni. Og þótt tekjurnar sjeu á pappírnum 2300 kr., þá rýrnar þessi upphæð mikið við það, að koma ljóstollum o. fl., sem borgað er eptir verðlagsskrá, í peninga, og nam þessi rýrnun 1885 61 kr., en 1886 106 kr.; í tekjunum, sem á pappírnum standa, er einnig mikið af útistandandi gjöldum við árslok, gjöldum frá mönnum, sem þá eru dánir, gjaldþrota eða farnir í burtu og aldrei næst í. Allt, sem afgangs er af tekjunum, er borgað í landssjóð, og allt, sem til kirkjunnar þarf að leggja, er greitt úr landssjóði, og jeg get því ekki sjeð, að afborganir upp í skuld hennar til landssjóðs hafi neina þýðingu, úr því landssjóður hefir tekið kirkjuna að sjer. Kirkjan sjálf á því *ekki einn eyri*, og þó segir h. nefnd, að hún eigi 966 kr. 85 a. í jarðabókarsjóði; það er tekjuafgangur kirkjunnar, sem lagður hefir verið í landssjóð; það er eign landssjóðs og ekki eign kirkjunnar. Kostnaðurinn við endurbót kirkjunnar var tekinn úr landssjóði, og afgangur af tekjum kirkjunnar, ef nokkur er, er borgaður inn í landssjóð. H. nefnd hefir að mínu áliti alveg misskilið sambandið milli kirkjunnar og landssjóðs, og sömuleiðis hina rjettu upphæð tekjanna, sem kirkjan hefir, og vona jeg, að þessi tillaga h. nefndar verði ekki samþykkt strax, fyr en nefndin er búin að átta sig á þessu.

Þorsteinn Jónsson: H. nefnd hefir ráðið til að sleppa athugasemdinni við 3. gr. viðvíðvíkjandi Vestmannaeyjakirkju. Jeg skal geta þess, að fyrst kostuðu Vestmanneyingar mann til að læra orgelspil; svo var orgelið gefið af kaupmanni nokkrum á eyjunum; síðan hefir þessi maður spilað á orgelið, og fengið dálitla þóknun fyrir, mest frá prestinum, tengdaföður sínum, en síðan hann fjell frá, hefir borgunin víst verið lítil; nú hefir hann heimtað að fá 100 kr. þóknun á ári fyrir að spila á orgelið; þetta hefir söfnuðurinn ekki getað lofað að greiða, og því hefir organistinn hætt að spila, svo nú er ekki spilað þar í kirkjunni; því tók söfnuðurinn það ráð, að sækja um 50 kr. af þessari upphæð til stjórnarinnar, og vonaði fastlega, að það gæti fengizt; en ef það ekki getur fengizt, verður fyrir fullt og allt hætt að spila í þessari kirkju landssjóðsins, og þá er bezt fyrir landssjóð að selja orgelið aptur, sem kirkjunni hefir verið gefið; en það er spurning, hvort slíkt er sómasamlegt fyrir þingið, þar sem landssjóður alls eigi keypti orgelið, heldur þáði það að gjöf. Organistinn við Möðruvallakirkju hefir verið og er launaður þannig, sem hjer er farið fram á, og því stendur eins á að öðru leyti en því, að landssjóður á ekki alla Möðruvallasókn, þar sem allir sóknarbændur í Vestmannaeyjasókn eru leiguliðar landssjóðs.

Annars væri vel gert af þinginu að búa til lög eða reglur um heimildarlög fyrir sóknarnefndir til að leggja slíkt gjald á sóknarmenn, þar sem líkt stendur á, því nú eru orgel komin allvíða út um landið, en að líkindum víðar en á Vestmannaeyjum nokkur erfiðleiki með að ná inn þóknun handa organsleikurunum.

Þorleifur Jónsson: Jeg ætla að fara fáeinum orðum um dómkirkjuna í Reykjavik. Þegar menn gæta að kröfu stjórnar-

innar, að Reykjavíkurkirkja fái frest á að greiða afborgun af skuld sinni til landssjóðs þessi tvö næstu ár, þá er fyrst spurning um, hverjar tekjur og hver útgjöld kirkjan muni hafa á þessum næstu tveim árum, og til þess hjálpar bezt að skoða tekjur og gjöld hennar hin næstu undanfarin tvö ár; þetta gerði nefndin, og taldi með tekjunum það, sem talið er í reikningum hennar fyrir þessi tvö ár, en eigi að eins þær tekjur, sem fjellu þá til, og verð jeg að halda því fast fram, að þetta sje rjettur grundvöllur til að sjá efnahag kirkjunnar, og vita, hvort hún er fær um að greiða tjeða afborgun. En það fannst hæstv. landshöfðingja ekki, og vildi að eins gæta þeirra tekna, sem fjellu til á þessum árum. En þó jeg nú fylgi reikningi hæstv. landshöfðingja og gæti að eins að þeim tekjum, sem fjellu til tvö síðustu árin, þá eru það fyrir árið sem leið 2306 krón. 35 aur. og útgjöldin að meðaltali 1107 kr. 47 aur., eins og stendur í nefndarálitinu; en við það er að vísu athugandi, að í útgjöldunum er talið það, sem kirkjan hefir tapað á að verja ljóstollum o. fl. í peninga. Nefndinni þótti rjettara að telja það með útgjöldunum, en draga það frá tekjunum. Það sjest þá af þessu, að eptir reikningi hæstv. landsh. sjálfs eru um 1200 kr. afgangs, en það sem kirkjan þarf að borga árlega í landssjóð er um 960 kr.; hún ætti því vel að geta borgað og þó átt afgang, ef tekjur hennar og útgjöld verða næstu tvö ár lík og síðustu tvö ár, og eru öll líkindi til að svo verði. Þar að auki á hún mikið fje í sjóði hjá reikningshaldara og hjá landssjóði 966 kr. 85 a. Þá athugasemd hæstv. landsh. skil jeg alls ekki, að kirkjan eigi ekkert í landssjóði; þetta hefir þó ávallt staðið í reikningunum. Þannig hafa þeir verið úrskurðaðir, og það af hæstv. landsh. sjálfum, þegar hann var yfirumsjónarmaður kirkjunnar. Til hvers er verið að færa þessa upphæð í reikningunum ár frá ári, ef hún er ekki til? Þar sem hæstv. landsh. talaði um, að gjöldin næðust ekki inn, þá er það annaðhvort af hirðuleysi gjaldheimtumannanna eða af eptirlitsleysi yfirumsjónarmannanna, eða hvorutveggja. Það er allt af verið að rífast um þessa kirkju á hverju þingi, gjöldin hirðulauslega heimt inn, og enginn sparnaður viðhafður í útgjöldum kirkjunnar. Það stendur í reikningunum, að ógreidd gjöld til kirkjunnar nemi 1246 kr. 82 a. við síðustu árslok; þar af segir hinn núverandi gjaldheimtumaður kirkjunnar, að margt muni vera borgað hinum fyrverandi gjaldheimtumanni Kr. Ó. Þorgrímssyni, og það er engin vissa fyrir, að það sem talið er útistandandi, sje það í raun og veru. Það er líka ófyrirgefanlegt hirðuleysi af hinum fyrverandi gjaldheimtumanni, að láta það dragast fram yfir lögtaksfrest, að innheimta gjöld kirkjunnar, svo þau ekki verða tekin lögtaki; þar að auki eru gjöldin útistandandi hjá mörgum efnuðum borgurum hjer í bænum, sem mundu hafa borgað þau, ef þeir hefðu verið krafðir.

Hvort sem menn svo fylgja reikningi nefndarinnar eða hæstv. landsh., þá sjá menn, að kirkjan *getur* vel borgað þessa afborgun af skuld sinni til landssjóðs.

Grímur Thomsen: Vjer finnum það víst allir, að vjer erum að byrja nýtt tímabil í fjárhags-sögu landsins; áður hefir allt af verið meiri eða minni afgangur af tekjunum; vjer höfum, ef jeg má svo að orði kveða, verið samtíða hinum 7 feitu kúm, en nú er það úti, nú byrjum vjer að verða samtíða hinum 7 mögru kúm.

Þeim er álasað, sem vilja — með svokölluðum sannarlegum apturhaldsanda — safna fje í landssjóð, í staðinn fyrir að láta fjeð vera í sífelldri blóðrás um hinn mikla lands-líkama.

Þetta eru nú fyrstu fjárlögin frá stjórninni, þar sem stendur, að gjalda-afgangin — jeg kann nú reyndar ekki vel við það orð — skuli taka af arðberandi fje

landssjóðs. Hjer við vil jeg leyfa mjer að hnýta einu atriði, sem jeg vona að mjer sje leyfilegt að minnast lítið eitt á; það hefir aldrei komið fyrir áður, að leigu af innstæðufje landssjóðsins hafi verið breytt í Kaupmannahöfn *án* samþykkis löggjafarvaldsins. Ef það er ekki leyfilegt, samkvæmt stjórnarskránni, að selja eða láta af hendi neina af þjóðeignum landsins, þá get jeg ekki sjeð, að stjórnin hafi nokkra heimild til, jafnvel þótt það kynni að vera í alla staði hentugt og gott, — að hún hafi *nokkra heimild til* að breyta vöxtum af arðberandi fje landssjóðsins *án þess* að spyrja löggjafarvald landsins að einu orði þessu viðvíkjandi. Hefði stjórnin látið borga fjeð út, þá þurfti vaxtamissirinn um fáa mánuði ekki að vera mjög mikill, þangað til stjórnin hafði spurt þingið, hvort það vildi fá fjeð borgað eða leigubreytinguna. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg sjái nokkurt tiltækilegt ráð til að lagfæra þeta hjeðan af, heldur af því, að jeg vil að það sjáist í þingtíðindunum, að þetta hafi komið til orða. Jeg kalla þetta harla mikið — jeg vil ekki brúka harðara orð en — *ráðríki* af stjórninni, að gera þetta án þess að leita um það álits löggjafarvaldsins. Og heldur vil jeg eiga fje landssjóðsins í góðum hallærislánum út um landið, en að eiga það út í Danmörku undir umráðum þeirrar stjórnar, sem skoðar fjeð þannig, að hún megi fara með það alveg eptir geðþótta sínum.

Jeg hefi hjer komið fram með breytingaratkvæði, sem nefndin og hæstv. landsh. mæltu ekki mikið á móti.

Nefndin vakti þó efa um það, hvort jeg mundi ekki hafa farið heldur langt í að lækka tekjur af eignum viðlagasjóðsins. Til þess að reyna að færa sönnur á álit mitt í þessu máli, skal jeg geta þess, að jeg hefi reynt að afla mjer svo ýtarlegra skýrslna um þetta atriði, sem mjer hefir verið unnt, og svo áreiðanlegra, sem mögulegt er.

Reikningshallinn fyrir 1886 var 88400 kr. og þó í raun og veru meiri, því við þessa upphæð á eiginlega að bæta þeim 4560 kr., sem voru áætlaðar sem afgangur. Reikningshallinn er óhætt að segja að muni fyrir 1887 verða 70,000 kr.; á toll af áfengum drykkjum munar . c. 50000 kr.
á tóbakstolli . . . . . c. 3000 —
á ábúðar- og lausafjárskatti c. 13000 —
á tekjuskatti . . . . . c. 2000 —
Þetta til samans eru c. 68000 kr.

og ekki þurfa aðrir liðir tekju megin að fara langt niður úr hinni áætluðu upphæð til þess að óhætt sje að setja hjer 70,000 krón. Vaxtamissir af 100,000 króna innskriptarskírteini er 4000 kr. Hálfs árs vaxtamissir af 207800 kr. við leigubreytinguna er 517 kr. Upphæðirnar á fjáraukalögunum fyrir 1884 og 1885 nema 7601 kr., og upphæðirnar á fjáraukalögunum fyrir árin 1886 og 1887 eru 12,143 kr. Þetta til samans útgerir hrein útgjöld: 182,661 kr. fram yfir það, sem veitt hefir verið. Þá skal jeg taka lánin næst. Á árinu 1886 hefir verið lánað út alls 117,450 kr., og á árinu 1887 til í dag 14,000 kr., sem til samans eru 131,450 kr.; og sje það lagt við 182,661 kr., verður aðalupphæðin 314,111 kr., sem útgjöldin nema, er hvíla á landssjóði til ársloka 1887. Til að mæta útgjöldunum var peningaforði landssjóðs 31. desbr. 1885 113,840 kr. 3 a. og afborgun lána til þess í dag alls 65,913 kr. 41 e., samtals 179,753 kr. 44 a., og þá vantar enn 134,357 kr. 56 a. til að mæta útgjöldunum. Nú eru 100,000 kr. teknar af innskriptarskírteina-upphæðinni, og eru þá eptir 34357 kr. 56 a. Við þessa upphæð bætist fyrir fyrra ár fjárhagstímabilsins helmingurinn af 30,000 kr. tekjumissi eptir 18. gr.; þar koma 15,000 kr., sem lagt við hitt nemur næstum því 50,000

krón. Og ef svo hjer við bætast ný lán á árinu til ársloka, t. d. til Húnavatns- og Skagafjarðarsýslna, þá má óhætt hjer við bæta 20,000 kr., svo það verða alls um 70,000 kr. Og má jeg svo spyrja: Hvaðan á að taka þessa upphæð? Auðvitað annaðhvort af því, sem eptir er af innritunarskírteinunum, sem nema 207,800 krón., eða þá að standa í skuld við ríkissjóð, og er það að vísu vel gert af ríkissjóði, að lofa landssjóði að standa í skuld við sig, án þess að reikna rentur af, en þó kemur einhverntíma þar að skuldadögunum sem annarsstaðar.

H. nefnd hefir sem mest hún gat reynt að forðast það hættulega sker, að reikna tekjurnar of hátt; en jeg held að útflutningsgjaldið af fiski og lýsi muni nema meiru, en áætlað er; en það munar þó líklega ekki mjög miklu.

Eitt atriði vil jeg enn taka fram, viðvíkjandi póstávísunum; þær voru 1885 335598 kr., en 1886, þegar bankinn var að komast á fót, voru þær 509797 kr., og nú eru þær á þessu ári orðnar 200,000kr., og verða víst helmingi meiri um árslok; en þar sem seðlarnir eru eigi gjaldgengir í Kaupmannahöfn, þá neyðist landsstjórnin til að senda út gull og silfur, ef póstávísanirnar nema meiru en því, sem með innskriptum eða öðruvísi er borgað í ríkissjóð upp í tekjur landssjóðs. Þetta er mjög íhugunarvert, því það getur orðið að vandræðum að jafna þennan halla eða mismun, ef seðlarnir eru ekki gjaldgengir ytra, sem annars væri hægra, ef þeir væru það.

Árið 1883 var fjárhagur landsins svo góður, að þá átti landssjóður hjá ríkissjóði 4—50 þús. kr.; þetta er ekki einasta horfið, heldur er skuldin við ríkissjóð nú víst orðin nokkuð mikil, og jeg álít mjög óheppilegt að láta hana vaxa, þótt ríkissjóður lofi landssjóði að skulda sjer, án þess að taka rentu af, eins og jeg áður tók fram.

Hallinn, sem jeg áðan nefndi, vex enn fremur við það, ef ýms lagafrv., sem nú eru fyrir þinginu, og sem lítur út fyrir að verði samþykkt, ná staðfestingu, t. d. frv. um brúargjörð á Ölvesá, og frv. um stofnun lagaskóla hjer á landi, sem bæði hafa talsverð útgjöld í för með sjer. Jeg vona því, að h. nefnd komi sjer saman við mig viðvíkjandi breyt.atkv. mínu, að ætla þá tekjugrein ekki of háa.

Loks skal jeg geta þess, að jeg sje engan veg fyrir þingið, annan en að finna upp nýjan tekjustofn, nýja tolla, sem útvegi landssjóði tekjur; jeg á ómögulegt með að byrja á því, að eyða þannig því fje, sem landssjóður á, og svo er óvíst, hvort betur blæs næst, og hrein og bein vandræði álít jeg að þurfa að segja upp góðum jarðarveðum til þess að geta brúkað peningana til hinna daglegu gjalda.

Og svo h. nefnd að síðustu sjái, að jeg hef reynt svo sem mjer var mögulegt að skýra þetta mál fyrir mjer, skal jeg geta þess, að peningaforði landssjóðs var síðasta júlí 203,000 kr., og nær því hálft ár eptir af fjárhagstímabilinu, og á því mörg útgjöld, sem eptir eru; og í sambandi við þetta verð jeg að telja það mjög óheppilegt, að frv. um kaffitollinn o. s. frv. skyldi falla í þetta sinn hjer á þinginu. En ef allir leggjast á eitt með að reyna að útvega landssjóði einhvern nýjan tekjustofn, hef jeg góða von um, að slíkt mundi takast; en að eyða viðlagasjóði þannig, álít jeg alveg ógjörlegt.

Landshöfðingi: Þm. Borgf. (Gr. Th.) fór hörðum orðum um ráðsmennsku stjórnarinnar yfir innskriptarskírteininu; en jeg ætla, að hann hafi skoðað það mál frá röngu sjónarmiði.

Öllum skuldabrjefum og innskriptarskírteinum ríkissjóðs var sagt upp með lögum, og útborgun þeirra bundin við 11. marz; hvernig gat nú stjórnin fyrir þann tíma verið búin að fá samþykki þingsins í því, hvað gert skyldi við fjeð. Jú. þm. sagði hún hefði getað beðið nokkra mánuði. En hve

marga mánuði? Það mundi hafa orðið margir mánuðir, ekki minna en hálft ár, og allan þennan tíma hefði fjeð orðið að standa rentulaust. Það er mikið satt, að stjórnin hefði getað krafizt útborgunar á innstæðufjenu og hafið það og geymt síðan, en það hefði valdið landssjóði hálfs árs rentumissi af 207,000 kr., og er það ekki svo lítið fje. Þm. sagðist heldur vilja hafa það hjer í hallærislánum og þeim slæmum: *(Grímur Thomsen:* Nei); jú, en hvernig fer hann að rýma það saman við undanfarin orð sín um hallærislán?

Síðan þylur hann upp þá hörmungarlýsing á hag landssjóðs, að allar þessar 207,000 kr. muni innan skamms verða upp etnar. Jeg er nú ekki á því; en setjum svo, að til þess kæmi, er þá ekki gott að hafa þær til í konungl. skuldabrjefum, ef nauðsyn krefur, því hvaðan ætti að taka fje í hallærislán, ef þetta innskriptarskírteini ekki væri til? Jeg veit, að hagur landssjóðs er ekki góður, og einmitt þess vegna álít jeg, að stjórnin hafi gert alveg rjett að convertera strax, til að firra landssjóð vaxtatjóni; en þó jeg viðurkenni, að hagur landssjóðs er allt annað en blómlegur nú sem stendur, örvænti jeg samt ekki, eins og þm. Borgf., heldur el miklu fremur þá von, að landssjóður muni eigi öllu ver staddur við árslok 1887 en hann var í árslok 1885; þess vegna finnst mjer að svo komnu engin ástæða til að hækka skatta eða tolla; væri miklu nær að lækka útgjöldin, þar sem því verður við komið, en það ráð fellur þm. Borgf. auðsjáanlega ekki vel í geð, því jeg sje, að allar hans breyt.till. fara í þá stefnu, auka útgjöldin, og er það þó ekki í samkvæmni við sparnaðarræður hans.

Mjer sýnist rjettast að ámæla ekki stjórninni fyrir meðferð hennar á innskriptarskírteininu, nje heldur að örvænta um hag landssjóðs að svo komnu.

Grímur Thomsen: Jeg held landsh. hafi misheyrzt, úr því hann hann sagði jeg hefði heldur viljað eiga fjeð í slæmum hallærislánum en í ríkissjóði Dana með þessari lægri rentu; jeg sagði ekkert því líkt, heldur kvaðst jeg fremur vilja eiga það í góðum hallærislánum, og það sjer landsh. að er sitt hvað. Hann sagði, að ef stjórnin hefði útborgað sjálfri sjer innskriptarskírteinisupphæðina, þá hefði hún orðið að geyma það hálft ár vaxtalaust, landsjóði til tjóns. Hvernig stendur á, að landsh. lætur sjer þetta um munn fara, því hann hlýtur að vita eins vel og jeg, að þessu er ekki svo varið? Það kemur víst aldrei fyrir nú á dögum, að stjórnin þurfi að hafa fje mánuðum saman vaxtalaust; henni er ávallt innan handar að hafa hlaupareikning við þjóðarbankann í Danmörku, og ef hún hefði sett þetta fje þangað, mundi vaxtamissirinn ekki hafa orðið landssjóði tilfinnanlegur.

Þetta er auðvitað formspursmál, en það gegnir furðu, að landsh., sem annars er svo formglöggur maður, skuli álíta heimilt fyrir stjórnina, að breyta vöxtum á fje landsins að fjárveitingarvaldinu fornspurðu, þar sem þó stjórnarskráin bannar beinlínis að selja eina einustu jörð, sem landseign er, án samþykkis löggjafarvaldsins; auðvitað er, að stjórnarskráin nefnir ekki vexti á fje; en það er af þeirri eðlilegu ástæðu, að þegar stjórnarskráin var samin, hefir víst engum dottið í hug, að Ísland mundi nokkru sinni eiga fje inni í ríkissjóði Dana; en þessi er nú raun á orðin, og þá hefði það verið í fyllsta samræmi við stjórnarskrána, að svo hefði verið með farið, sem jeg hef bent á viðvíkjandi innskriptarskírteininu.

Hver einasta varfærin og sanngjörn stjórn mundi einnig hafa spurt svo, hvort vjer heldur vildum hafa fjeð hjá sjer eða þá vora peninga til vor.

Allt öðru máli var að gegna gagnvart ríkisþinginu; þar voru rentubreytingarlög-

in borin upp, stjórnin spyr það, hvort það vilji hafa rentulækkunina; jú, náttúrlega, segir það, því þess mátti vera þægðin; það var skuldunautarinn, það hlaut gróðann — eitthvað nálægt miljón á ári. — En vjer, lánardrottnarnir, sem skaðann hlutum, vjer vorum eigi að spurðir, hvort oss líkaði betur eða ver, og ber landsh. það fram, að allt hafi verið af einskærri umhyggju fyrir oss, einskærri umhyggju fyrir því, að vjer yrðum eigi fyrir rentumissi við það að láta fjeð standa hálft ár rentulaust. En hann gleymir því, að lafhægt var að fá 2% í þjóðbankanum, meðan vorra atkvæða var leitað. En um þetta er nú ekki til neins að taka meira, þetta er ekki hægt að lagfæra hjeðan af.

Jónas Jónassen: Landsh. tók það fram, að nefndin hefði ekki verið heppin í till. sínum, hvað Reykjavíkurkirkju snertir, enda er sannast að segja, að hún hefir ekki verið sanngjörn í till. sínum við hana; dómkirkjan hefir aldrei átt upp á pallborðið hjá þinginu. Það er í hæsta máta ósanngjarnt, að vilja ekki veita henni frest á afborgun þetta fjárhagstímabil.

Nefndin setur tekjur kirkjunnar ½ hærri en hinn núverandi reikningshaldari hefir skýrt mjer frá, og hefi jeg hjer í höndum brjef frá honum, sem ljóslega sýnir þetta; hann er þó fulláreiðanlegur maður, og má treysta því að rjett sje. Nefndin hefir víst ekki gengið nógu nákvæmlega gegn um reikninga hennar undanfarin ár.

Fjárlaganefndin fær út, að tekjurnar hafi verið fyrir 1885 — 4122 kr. 38 a.
1886 — 4687 — 68 -
bæði árin 8810 — 6 -
að meðaltali hvort árið 4405,03, en í raun rjettri hafa tekjurnar samkvæmt reikningum kirkjunnar verið
árið 1885 — 2335 kr. 44 a.
— 1886 — 2306 — 35 -
bæði árin 4641 — 79 -
að meðaltali hvort árið 2320— 89½ a., og og þó eru þetta ekki hreinar tekjur. Nákvæmlega orðað hafa því tekjurnar 1885 verið 2273 kr. 55 a. og 1886 2201 kr. 70 a., bæði árin 4475 kr. 25 a., að jafnaði hvort árið 2237 kr. 62 ½ a. En gjöldin aptur á móti 1885 1379 kr. 16 a., 1886 669 kr. 24 a. — gjöldin bæði árin 2048 kr. 40 a., að meðaltali 1024 kr. 20 a.; en hjer er samt aðgætandi, að allar þær tekjur, sem hjer eru taldar á pappírnum, hafa ekki komið inn, en eru enn útistandandi, og þó nokkuð hafi goldizt af eptirstöðvum frá fyrri árum, hafa nýjar eptirstöðvar allt af bæzt við að sama skapi, og jafnvel hækkað að mun.

Sumt af tekjum hennar er, sem sagt, ekki nema nafnið tómt, því bæði er það goldið í tólg og öðru þess háttar eptir verðlagsskrá, og selst það ekki gegn peningum eptir verðlagsskrár meðaltali, og svo eru ár frá ári útistandandi tekjur tilfærðar sem eptirstöðvar, þó víst sje, að það fáist aldrei, þar sem sumt stendur inni hjá öreigum, sem ekkert er af að hafa, en sumt hjá mönnum, sem annaðtveggja eru dauðir eða fluttir burt úr bænum. Þessar svo kölluðu tekjur ætti að vera búið að stryka út fyrir löngu, því ekki er til neins að færa þær af einum reikningi á annan ár frá ári; þær eru hvort sem er tapað fje, sem aldrei fæst.

Það er ekki til neins að segja þetta og þetta á hún, og koma því á pappírinn, að hún sje efnuð.

Svo er eitt, sem getur haft mikil áhrif á hag hennar, og það er ljóstollsmálið, því ef það fer fyrir hæstarjett og tapi hún því þar, hefir þetta allmikinn tekjumissir í för með sjer.

Nefndin talar um, að spara þurfi enn fremur af hinum einstöku útgjaldaliðum kirkjunnar; það sje jeg eigi að sje hægt; hver mundi t.d. vilja taka að sjer reikningshald hennar fyrir minna en 100 kr.? Jeg sje ekki að það geti borið sig, að nokkur taki það að sjer fyrir minna; það þarf fleira að gera en að eins að skrifa reikn-

ingana, það þarf að annast um innheimtuna á gjöldum til kirkjunnar og margt fleira, sem af því leiðir. Það fæst víst enginn til að gera þetta og hafa ábyrgð á öllu saman fyrir minna en 100 kr. Sama er að segja um umsjónina með kirkjuhúsinu; berum það saman við umsjón latínuskólahússins; fyrir hana eru borgaðar 300 kr., og er ekki talið of mikið. Yfir höfuð er allt sparað sem bezt má, og samt er kirkjan allt annað en auðug. Jeg skal fúslega játa, að fjárhald kirkjunnar síðasta árið hefir líklega ekki verið í sem beztu lagi, en því ólagi er eigi öllu um að kenna.

Til að sannfærast um, að efnahagur kirkjunnar sje bágur, þurfa menn ekki annað en ganga suður í kirkjugarð, og skoða líkhúsið; það er sannarlegt hneiksli, að dómkirkjan skuli hafa annað eins líkhús; menn vilja fegnir fá sjer annað betra, en fjeð vantar.

Ef menn að eins vildu líta á allar kringumstæður, mundu menn verða að játa, að það er sanngjarnt, að veita frest á þessari útborgun. Jeg ætla ekki að orðlengja meira um þetta, en vona, að deildin sjái, að ósanngjarnt sje, að veita ekki þennan frest.

Þorleifur Jónsson: Þrátt fyrir hina löngu ræðu h. þm. Rvk. hef jeg eigi getað sannfærzt um, að kirkjunni sje ofætlun að greiða afborgunina í landssjóð. Lítum að eins á eptirstöðvarnar. Eptirstöðvar kirkjunnar voru 31. des. 1886 kr. 3313,79. Hjer eru reyndar talin ógreidd gjöld til kirkjunnar s. d. kr. 1246,82. Gjörum nú ráð fyrir, að ekkert hafi fengizt eða fáist af því, sem hún átti þá útistandandi, sem þó er ekki, því að eptir skýrslu hins núverandi reikningshaldara er nokkuð komið inn og sumt er hjá fullefnuðum og skilvísum mönnum, sem eflaust borguðu það, ef það væri heimtað af þeim. En setjum samt svo, að þessi ógreiddu gjöld fáist ekki, og drögum þau frá eptirstöðvunum. En þá á kirkjan samt sem áður 2066 kr. 97 a. afgangs. En hvað þarf nú kirkjan að borga á ári til landssjóðs? Skuld hennar við landssjóð var upphaflega 16000 kr., er skal borgað með 6% á 28 árum; verður hún því að borga 960 kr. á ári; úr því að kirkjan átti við síðustu árslok að frádregnum ógreiddum gjöldum 2066 kr. 97 a., þá getur hún nú þegar borgað optnefnda atborgun til landssjóðs fyrir bæði árin á næsta fjárhagstímabili, og á samt sem áður afgang.

Jeg vona, að landsstjórnin láti ekki fjárhald kirkjunnar lengur ganga eins og og það hefir gengið, heldur rannsaki hvað hún á hjá Kr. Ó. Þorgrímssyni og nái því nú þegar, og hafi svo framvegis betra eptirlit en hingað til. Enda vona jeg, að ekki þurfi framvegis að óttast vanskil á tekjum, því síður sem reikningshaldari hennar nú er af öllum talinn áreiðanlegur maður; má þess vegna búast við, að allt gangi betur, enda er ekki ólíklegt, að eptirlitið verði ögn skárra en það hefir verið. En ef þetta yrði ekki, þá er ekki um annað að gera fyrir þingið en að setja nefnd til að hafa eptirlit með öllum fjárhag og reikningsfærslu kirkjunnar eptirleiðis.

Jeg skil ekki yfirlit það, sem þm. Rvk. las upp yfir útgjöld kirkjunnar; jeg verð að hafa það fyrir mjer, ef jeg á að botna í því; en eptir því, sem nefndinni reiknaðist til, hafa meðaltalsútgjöld kirkjunnar árin 1885 og 86 verið 1107 kr. 47 a.; að útgjöldin voru 1886 að eins 773 kr. 89 a., en 1885 1441 kr. 05 a., kom til af því, að 1885 voru keypt kol til tveggja ára. Jeg get ómögulega sjeð ástæðu til að ætla, að útgjöld kirkjunnar verði meiri þetta ár og hin næstu en þau hafa verið að meðaltali undanfarin 2 ár, svo að hún ætti að hafa talsverðan afgang, auk þess sem eptirstöðvar hennar við síðustu árslok nægja til að borga landssjóði, og eru enda nokkru meiri en til þess þarf.

Framsögumaður (Eiríkur Briem):

Bæði hæstv. landsh. og h. þm. Rvk. (J. Jónassen) hafa lagt mjög á móti því, að fella burtu athugasemdina í 4. gr., en sampingismaður minn hefir, að jeg hygg, nógsamlega fært rök fyrir því, að kirkjan þarf ekki að vera í neinum vandræðum með að greiða afborgun sína til landssjóðs, þar sem hún bæði á í sjóði og hefir þar fyrir utan afgang frá útgjöldum.

Bæði hæstv. landsh. og h. þm. Vestm. (Þorst. J.) voru einnig mótfallnir því, að sleppt væri athugasemdinni við 3. gr., og h. þm. Vestm.ey. sagði, að venja væri að greiða þetta gjald af tekjum kirkna; en jeg þekki ekki þá venju; jeg veit ekkert dæmi til að organleikara sje borgað af tekjum kirkjunnar, nema að eins á Möðruvöllum. Hitt skal jeg játa, að gott væri að hafa lög um það, hvaðan organleikurum skal borga; það væri bæði umsvifaminna og viðfeldnara en að hafa það að eins og nú að öllu leyti komið undir samskotum.

H. þm. Borgf. (Gr. Th.) talaði margt; en það snerti fæst álit nefndarinnar eða fjárlagafrumv. eins og það liggur hjer fyrir, og finn jeg því ekki ástæðu til að fara út í það allt. Hann sagði, að vextir af viðlagasjóðnum mundu of hátt áætlaðir hjá nefndinni, og jeg skal játa, að svo muni geta verið, en samt hygg jeg að hann muni einnig ganga heldur langt í gagnstæða stefnu, nefnil. áætla þær heldur lágt.

Hann fór nákvæmlega í gegn um það, hvernig ætla mætti að viðlagasjóðurinn yrði við árslok 1887, en jeg held að ætlast megi á það á einfaldari hátt en hann gjörði.

Viðlagasjóðurinn var við árslok 1885 964,000 kr.; tekjuhallinn 1886 var 100,000 kr. Þm. gat þess til, að tekjuhallinn mundi á þessu ári verða 70,000 kr, en það er náttúrlega ekki gott að vita; landsh. ætlar á að hann muni verða fyrir bæði árin 120,000 kr.; en þótt farið væri eptir áætlun h. þm. Borgf. (Gr. Th.), þá mundi viðlagasjóðurinn við árslok 1887 þó verða 800,000 kr. Með þetta og annað eins rennir maður auðvitað blint í sjóinn, en samt er skylt að reyna að fara svo nærri lagi sem unnt er. Þar sem nú tekjuhallinn er áætlaður 30.000 kr., þá sagði h. þm. Borgf., að þar af mundi 15,000 kr. koma á fyrra fjárhagsárið, en nú er þess að gæta, að gjört er ráð fyrir 30.000 kr. kostnaði við alþ. 1889, og með tilliti til þess mundi allur tekjuhallinn lenda á síðara árinu. Þó nú við árslok 1887 yrðu 800.000 kr. í viðlagasjóði, er það samt ekki nóg til að gefa þá vexti, sem ráð er gert fyrir í stjórnarfrv., og er því gild ástæða til að færa þann tekjulið nokkuð niður, þó naumast eins mikið og h. þm. Borgf. leggur til. Flest annað er hann sagði kemur ekki þessu máli við, t. d. hvaðan stjórnin ætti að taka fje til þess eða hins. En auðvitað er, eins og hann sagði, að helzt er að taka það af innskriptarskírteininu; en það sem verður sett í hallærislán mun bera fulla vexti, svo ekki vex tekjuhallinn við það. Það sem hann talaði um póstávísanirnar, kemur þessu máli ekki við; er það að sönnu athugavert mál, en liggur nú ekki fyrir. Ekki er heldur hægt að taka öðru vísi tillit til frumvarpa þeirra, sem liggja fyrir þinginu, en vanalega er gjört, þannig að 18. gr. breytist eptir áhrifum þeim, sem þau hafa á útgjöldin. Frv. um lagaskólann gerir heldur ekki ráð fyrir að hann verði settur á stofn fyr en fje er veitt til hans í fjárlögunum; þó það næði staðfestingu, mundi það því ekki auka útgjöldin á þessu fjárhagstímabili. Ein tekjugrein sagði h. þm. Borgf. að væri nokkuð lágt sett. Það er útflutningsgjald af fiski og lýsi, en í þessu tilliti má eigi beinlínis hafa fyrir augum aflann í ár, því ekki er hægt að ráða af því, hvað aflinn er nú, hvernig aflinn kann að verða 1888—89; svo er mikið komið undir því, hvað mest

aflast; þó þorskafli sje í góðu lagi, hleypir það útflutningsgjaldinu minna upp, en t. d. síldarafli; en nú er síld fallin í verði, svo útgerð til síldveiða er mikið farin að minnka hjer við land; þó síldarafli yrði góður, yrði þess vegna minna aflað af henni en stundum áður.

Árið 1886 varð útflutningsgjaldið af fiski og lýsi 12,000 kr. minna en á var ætlað; þó nú hafi í ár verið góður þorskafli, má varla búast við að meira verði fram yfir áætlun en 12,000 kr., svo allt standi heima fyrir fjárhagstímabilið í heild sinni, einkum þegar þess er gætt, hve þorskur hleypir lítið upp gjaldinu, 10,000 skippund c. 3000 kr.

Jón Jónsson: Jeg ætla að mæla nokkur orð út af breyt.till. nefndarinnar við 4. gr. Hæstv. landsh. og h. þm. Rvk. (J. Jónassen) hafa tekið hörðum höndum á henni, en jeg ætla að leyfa mjer að skýra hana með því að segja sögu eina, er jeg hygg að sýni bezt, hve sanngjarnlega þeir líta á þetta.

Til fjárlaganefndarinnar hafa komið margar bænarskrár, sem hún eigi sá sjer fært að taka að neinu leyti til greina. Ein af þeim var frá fámennum söfnuði, er fyrir nokkrum árum varð fyrir því slysi, að kirkja hans brann. Kirkjan átti ekki fje í sjóði, og varð því að taka lán úr landssjóði til að endurbyggja hana. Það lán átti hún síðan að afborga með 120 kr. á ári í 28 ár. Með ýtrasta sparnaði getur hún nú eigi borgað meira á ári en 60 kr., enda þótt hin önnur útgjöld eigi sjeu nema 10—20 kr. á ári, og er það þó sannarlega sparlega áhaldið í samanburði við Rvíkurkirkju. Söfnuðurinn beiddist nú uppgjafar á hálfri skuldinni, en fjárlaganefndin sá sjer eigi fært að fara því fram, að þetta yrði veitt. Ef menn hafa þetta fyrir augum, mun þeim skiljast, hvers vegna vjer viljum eigi veita dómkirkjunni frest á afborgun hennar.

Sá söfnuður, sem jeg gat um, borgar í landssjóð eins og aðrir, og af hans skerf verður að taka, til að gefa langríkasta söfnuði á landinu, söfnuðinum í höfuðstað landsins, sem er eflaust eins ríkur og hverjir 20 söfnuðir aðrir á landinu til samans. Hverjum mun finnast það sanngjarnt? Það hefir opt verið rætt um kostnaðinn við Reykjavíkurkirkju; hann hefir lengi verið þyrnir í augum sanngjarnra manna. Árið 1877 var mjög mikið rætt um kirkju þessa á þingi, þá var ekki búið að slá því föstu, að til hennar skyldi kasta stórfje úr landssjóði; og víst er það, að nú mundi ærið óvinsælt að fara að gefa henni frest á skuldalúkningu hennar; þótt mörg útgjöld sjeu óvinsæl meðal almennings, þá er kostnaður Reykjavíkurkirkju ef til vill eitt hið óvinsælasta gjald úr landssjóði. H. þm. Rvk. (J. Jónassen) sagði, að menn gætu haft gott af að ganga suður í kirkjugarð; kann vel vera. Eg hefi opt gengið þangað, og litið þar öll vegsummerki. Hann sagði, að líkhúsið væri til heikslis og svívirðingar. Ekki rengi jeg það; en hverjum er það til svívirðingar? Því munu allir sem hjer eru geta svarað. En jeg hefi líka sjeð kirkjugarðinn; hann eru allir söfnuðir vanir að byggja hver fyrir sig, og veit jeg ekki betur en þeir sjeu skyldir til þess að lögum; en ekki virðist mjer kirkjugarður Reykjavíkursafnaðar vera honum til neinnar sjerlegrar sæmdar.

Mjer virðist þurfa mikla dirfsku—jeg vil ekki viðhafa annað orð, þótt mjer dytti það í hug—til þess að framfylgja veiting gjaldfrestsins, sem frv. fer fram á handa dómkirkjunni. Menn tala sífellt um að spara, um fátækt, harðæri og hallæri, en ef einhver útgjöld skal rýra, þá rísa ávallt nógir til andmæla. Menn tala um, að landssjóður sje fátækur, svo að varlega verði að fara í útgjöldin; en þegar neitað er sífelldum bænum um uppgjöf og frest á lánum, þá verða menn ókvæða við, og kvarta yfir ósanngirni og smámunasemi.

Þetta er hættuleg stefna í þjóðaranda vorum; það þarf að útrýma henni sem fyrst. Jeg verð að biðja h. þingdm. að virða mjer til vorkunnar, þótt mjer ekki vinnist stilling til að tala um þetta með fullri rósemi; en eitt vil jeg að endingu segja: jeg trúi því ekki fyr en jeg má til, að h. þingdm. felli þessa breyt.till. nefndarinnar; jeg trúi því ekki fyr en jeg heyri það af þeirra eigin munni.

ATKVÆÐAGR. (290):

1. 1. liður a. 2. gr. samþ. í e. hl.
2. 1. — b. 2. gr. — í e. hl.
3. 2. — 2. gr. — í e. hl.
4. Breyt.till. nefndarinnar við 3. lið 2. gr. samþ. í e. hl.
5. 4. liður 2. gr. samþ. í e. hl.
6. 5. — 2. gr. — í e. hl.
7. Breyt.till. nefndarinnar við 6. lið 2. gr. samþ. í e. hl.
8. 7. liður 2. gr. samþ. í e. hl.
9. 8. — 2. gr. — í e. hl.
10. 9. — 2. gr. — í e. hl.
11. Breyt.till. nefndarinnar við 10. lið 2. gr. samþ. í e. hl.
12. 11. liður 2. gr. samþ. í e. hl.
13. 12. — 2. gr. — í e. hl.
14. 13. — 2. gr. — í e. hl.
15. 2. gr. með áorðnum breytingum samþ. í e. hl.
16. 1. liður 3. gr. samþ. í e. hl.
17. 2. — 3. gr. — í e. hl.
18. Breyt.till. nefndarinnar við 3. gr. samþ. í e. hl.
19. 3. gr. með áorðinni breyting samþ. í e. hl.
20. 1. liður 4. gr. samþ. í e. hl.
21. Breyt.till. nefndarinnar við 4. gr. samþ. með 20 atkv.
22. Niðurlag 4. gr. samþ. í e. hl.
23. 4. gr. með áorðinni breyting samþ. í e. hl.
24. 1. liður 5. gr. samþ. í e. hl.
25. 2. — 5. gr. — í e. hl.
26. 3. — 5. gr. — í e. hl.
27. 5. gr. í heild sinni samþ. í e. hl.
28. Fyrri liður 6. gr. samþ. í e. hl.
29. Síðari liður 6. gr. samþ. í e. hl.
30. 6. gr. í heild sinni samþ. í e. hl.
31. I. kafli með áorðnum breytingum samþ. í e. hl.

II. kafli, 7.—12. gr.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Við 8. gr. hefir h. þm. Borgf. (Gr. Th.) gert breyt.till., sem er að mestu orðabreyting; að öðru leyti skil jeg ekki meining hans með þeirri breyt.till. og sýnist hún óþörf.

Næsta breyt.till. er við 10. gr. A. 3. Þar hefir nefndin stungið upp á að greinin verði liðuð í sundur þannig: »Borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun 2500 kr. Viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðanda 500 kr.« Nefndin áleit, að 2500 kr. væri nóg fyrir þennan starfa, en af því hinn núverandi endurskoðandi er búinn að hafa 3000 kr. svo mörg ár, vildi nefndin ráða til að eins að skipta töluliðnum.

Sama á sjer stað um breyt.till. nefndarinnar við 10. gr. B. 3. a.

10. gr. B. 3. c. hefir nefndin lagt til að væri færður niður úr 300 kr. í 100 kr. með tilliti til þess, að þessi kostnaður hefir 1885 og 1886 numið að eins 84 kr., og eigi sjáanlegt, að hann mundi vaxa að nokkrum mun.

Hvað snertir útgjöldin til hegningarhússins, þá hefir nefndin ekki ráðið til neinna breytinga á þeim lið, en hefir þó í nefndarálitinu viljað vekja eptirtekt á því, að arðurinn af verkum fanganna er að eins 615 kr., og þykir nefndinni það fjarska lágt í samanburði við þær 500 kr., sem eru áætlaðar til þess að útvega verkefni fyrir. Nefndin hefir líka bent á, að æskilegt væri, að haldnar væru dagbækur um vinnu fanganna í hegningarhúsinu.

Laun sendiboðans við yfirrjettinn vill nefndinn lækka úr 60 kr. niður í 20 kr.

með tilliti til þess, hve þetta starf er sjerstaklega lítið.

Stafliður c. og d. ætlar nefndin og að megi lækka, og fór hún þar eptir reikningunum að undanförnu.

Hvað snertir C. 1., þá þótti nefndinni ekki ástæða til að stinga upp á neinum sjersökum breytingum, en bendir í nefndarálitinu að eins á það, að hentugt væri að fela útsölu Stjórnartíðindanna einhverjum áreiðanlegum bóksala í hendur, þar sem henni virtist undarlegt, að ekki skyldu seljast nema 150 expl. af slíkri bók, sem margir þurfa að brúka, og sem æskilegt væri að breiddist sem mest út meðal almennings.

Þá kemur næst styrkurinn undir C. 4, til eflingar búnaði, og leggur nefndin það til, að aðalupphæðinni sje haldið hinni sömu og að undanförnu, en hefir að eins ráðið til að upphæðin sje liðuð í sundur, þannig, að sjerstaklega sje veitt til búnaðarskóla og sjerstaklega til búnaðarfjelaga. Hvað snertir skólann í Ólafsdal, hefir nefndin ráðið til að hann fengi hina sömu upphæð, sem að undanförnu. En hvað Hólaskóla viðvíkur, þá vill nefndin veita honum meiri styrk en áður, því tekjur þær, sem hann hefir haft, hafa áður verið ónógar, og nú má búast við að þær minnki að mun. Sýslunefndirnar í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum hafa lagt til hans styrkinn til eflingar búnaði, og svo að auki mikið úr sýslusjóðunum, en sem afleiðingar af hinu bága ástandi þar í sýslunum má óttast, að skólinn hin næstu ár hafi ekkert við að styðjast nema styrkinn úr landssjóði og búnaðarskólagjaldið úr báðum þessum sýslum. Stofnun þessi er ekki einstaks manns eign, eins og skólinn í Ólafsdal, og auk alls annars kostnaðar verða hlutaðeigandi sýslufjelög að borga afborgun og vexti af verði Hóla, um 900 kr. á ári.

Að því er snertir skólann á Eyðum, þá hafði nefndin engar nákvæmar upplýsingar honum viðvíkjandi, og treysti sjer því ekki til, að stinga upp á neinni ákveðinni upphæð til hans, heldur vildi hún fela umboðsstjórninni að leggja til hans hæfilegan styrk af þessum 6500 krónum, sem ætlaðar eru til búnaðarfjelaga. Þessum 6500 kr. ætlast nefndin til, að landshöfðingi skipti mill búnaðarfjelaganna eptir tillögum sýslunefnda og amtsráða, með tilliti til þess, sem afkastað er í hverju fjelagi; slík skipting hefir þótt gefast vel, og gæti orðið hvöt fyrir búnaðarfjelögin til þess, að keppa hvert við annað í því, er til framfara miðar.

Næst er breyting nefndarinnar við C. 5, styrkinn til vegabóta, og er það veruleg breyting. Af þeim 20,000 kr. hvort árið, sem nefndin ætlast til, að veittar sjeu til vegabóta, ætlast hún til, að varið sje allt að 3000 hvort árið til að útvega vegfróðan útlendan mann, til að ferðast um landið og ákveða, hvar helztu vegir skuli liggja. Til þessa áleit nefndin brýna nauðsyn, þar sem reynslan sýnir, að þótt ekki sje langt síðan farið var að veita fje til vegabóta, hafa þó víða verið byggðir vegir, sem þeir ekki hefðu átt að vera, og það er mest þörf á sjerstakri kunnáttu einmitt til að ákveða, hvar og hvernig vegina skuli leggja, en að gjöra sjálfa vegina áleit nefndin að heldur mundu verða færir til innlendir menn, er unnið hefðu að vegagerð eptir fyrirsögn einhvers útlendings. Nefndin vill einnig í fjárlögunum að mestu leyti ákveða, hvar brúka skuli þetta fje, sem veitt er, og því hefir hún stungið upp á, að síðara árið, einmitt þegar líkur væru til, að hinn útlendi vegfræðingur væri kominn hingað, og búinn að skoða hjer landið, væri varið 15000 kr. til að bæta veginn frá Hvalfirði og upp í Norðurárdal, veginn milli Norðurlands og Vesturlands á aðra hliðina, og Suðurlands á hina, einn af fjöl-

förnustu vegum landsins. En af því óumflýanlegt virðist að verja einhverju fje til endurbóta á gömlum vegum, hefir nefndin stungið upp á að veita 2000 kr. til annara vega hvort árið. Það er kannske einkum Laxárdalsheiði, sem þarf bráðra umbóta við.

Breyt.till. h. þm. Snæf. (P. Br.) við þennan tölulið getur nefndin eigi fallizt á.

Undir tölul. 6. ræður nefndin til, að að eins sjeu veittar 9000 kr. til gufuskipsferða, í stað 18000 kr., sem veittar hafa verið að undanförnu. Nefndin ætlar fyrst og fremst, að útgerð gufuskipa nú sje kostnaðarminni en hún var fyrir 1880, og eins, að ferðirnar muni borga sig því betur, sem menn venjast þeim lengur. Á hinn bóginn þykir nefndinni nauðsynlegt að binda fjárveitinguna því skilyrði, að farið sje eptir ferðaáætlun þeirri, sem þingið samþykkir. Það hefir sýnt sig, að skipstjórarnir hafa breytt svo djarflega í þessu efni, að öll þörf er á að binda þetta ákvæðum, og reyna þannig að koma í veg fyrir, að þeir fari á undan áætlun frá ákveðnum stöðum; slíkt kemur mörgum mjög illa, og veikir algjört traust manna á ferðunum. Einnig eru dæmi til þess, að skipstjórar hafa farið fram hjá höfn, án þess nokkur knýjandi ástæða hafi verið til þess. Slíkt getur gert ósegjanlega mikið mein, þegar menn verða ef til vill að bíða árlangt eptir því, að fá það, sem menn áttu að fá, eða senda það, sem menn ætluðu að senda.

Hitt atriðið, að útgerðarmenn skipsins hafi varnarþing á Íslandi, getur eigi verið í minnsta máta óaðgengilegt eða ísjárvert. Ef til þyrfti að koma, þá er slíkt miklu haganlegra fyrir landsmenn, sem annars eru útilokaðir frá að ná rjetti sínum, ef þeir verða fyrir nokkrum ójöfnuði; en ef ekki kemur til neins slíks, þá gerir þetta ákvæði hvorki til nje frá.

7. lið b. vill nefndin setja niður í 60 krón. í stað 100 kr., og 8. lið niður í 500 kr. í stað 1000 kr. Nefndin vill, eins og nú er ástatt fyrir landssjóði, heldur leggja til, að þeim vitum, sem þegar eru til, sje haldið við, en að nýir sjeu byggðir, og til viðhalds álítur nefndin 500 kr. nægja.

10. liðinn vill nefndin einnig lækka um 100 kr.; þessi töluliður er reyndar að eins áætlaður, og ef greind upphæð eigi kynni að hrökkva, mætti taka til viðbótar nokkuð af árstekjum kirkjunnar, en vanalega er ekki ákveðið í fjárlögunum það sem kostað er til aðgerðar landssjóðskirkna af árstekjum þeirra.

Þá kemur 11. gr., og hefir nefndin lagt til, að 1. liður sje lækkaður um 600 kr., sem er launaviðbót landlæknis Schierbecks, er veitt var í síðustu fjárlögum. Hvað snertir launahækkanir læknanna í 4., 6., 11., 15. og 20. hjeraði, verður að sætta sig við stjórnarfrumv., en nefndin sjer enga ástæðu til að halda þessari 600 kr. launabót við landlæknirnn framvegis, allra sízt þar sem hann gat búizt við, að embættinu mundu ekki verða lögð nema 3600 kr., þegar hann sótti um það.

Nefndin er nú meðmælt því, að einum aukalækni verði bætt við, nefnilega í Vestur-Ísafjarðarsýslu, þar sem nú getur verið von á, að maður fáist í það embætti innan skamms. Við þennan tölul. eru komnar fram tvær breyt.till., sem fara fram á, að hækka laun aukalækna upp í 1200 kr. Þegar þessi aukalæknishjeruð fyrst voru stofnuð, voru launin 7—900 kr.; seinna urðu þau 1000 kr., og nefndin álítur alls eigi nauðsynlegt, að hækka þau enn meir. Reyndar hafa komið fram bænarskrár víst úr tveim hjeruðum um, annaðhvort að hækka launin eða gera embættið að föstu embætti; en þó þessar bænaskrár hafi mikið til síns máls, skoðað frá sjónarmiði hjeraðsbúa, þá virðast þó þær ástæður, er þar eru framfærðar, eigi vera fullnægjandi, ef litið er á hag lands-

manna yfir höfuð eða landsins í heild sinni. Fimm aukalæknar með 200 kr. launahækkun er eins mikill kostnaður, eins og einn aukalæknir enn, en slíkt væri víst heppilegra, þar sem slík þörf er á læknum.

Við 12. gr. hefir nefndin enga breytingu gert; h. þm. Borgf. (Gr. Th.) hefir ráðið til að hækka 2. tölul. um 400 kr.; þessa breyt.till. skil jeg ekki vel, hvort hann hefir í huga auknar póstferðir í Borgarfirði eða hvað. Nefndin getur eigi fallizt á þessa breyt.till.

Lengra nær eigi sá kafli, sem nú er til umræðu, og hefi jeg svo engu hjer við að bæta að sinni.

Landshöfðingi: Nefndin hefir ekki stungið upp á neinum breytingum á útgjaldabálkinum fyr en við 10. gr., en frá h. þm. Borgf. (Gr. Th.) er komin breytingartill. við 8. gr., sem mjer virðist næsta gagnslaus, og er jeg að því leyti samdóma h. framsögum. (Eir. Br.).

Við breytingartill. nefndarinnar við 10. grein A. 3. virðist mjer ekkert athugavert. Hinum núverandi endurskoðanda eru þar ákveðin sömu laun, sem hann hefir haft, þó stungið sje upp á sundurliðun á upphæðinni.

Sama er að segja um athugasemd nefndarinnar við 10. gr. B. 3. b. um að þörf sje að halda sjerstakan reikning um verkefni til fangahússins og arð af verkum fanganna, og mun hún verða tekin til yfirvegunar.

En aptur get jeg ekki verið nefndinni samdóma um, að rjett sje að færa kostnaðinn við viðhald fangelsanna niður úr 300 kr. í 100 kr. Það er að vísu rjett, að kostnaður þessi varð ekki mikill árin 1884 og 1885, en árið 1886 varð hann mikill; og eins verður hann talsverður nú í ár. 1886 fór kostnaðurinn meira að segja fram yfir það, sem áætlað var. Það getur verið, að það þurfi litla eða jafnvel enga aðgerð á fangahúsunum eitt árið, en aptur mikla aðgerð annað árið. Þannig var gert mikið við fangahúsið á Eskifirði í fyrra, sett á það nýtt þak m. m., og nú í ár er gert ráð fyrir að gera þurfi mikið við annað fangahús, setja á það nýtt þak, og, ef til vill, þarf meira við það að gera, og mun ganga til þess 200 til 300 kr. Ef nú ekki verður ákveðin hærri upphæð á fjárlögunum í þessu skyni, þá er ekki hægt að framkvæma neina viðgerð á fangahúsunum, sem nokkru nemur. Jeg verð því að álíta rjettast, að halda þeirri upphæð, 300 kr., sem sett er í fjárlagafrumv. sjálft, því það er aðgætandi, að það er einmitt hagur fyrir landssjóð, ef aðgerð á húsi getur farið fram sem fyrst, áður en það skemmist með öllu. Mjer finnst líka að þingið geti treyst landsstjórninni til að brúka ekki meira fje til þessa, en nauðsynlega þarf.

Þá hefir nefndin stungið upp á ýmsum niðurfærslum á útgjöldum til landsyfirrjettarins undir 10. gr. B. 4. Mig furðar á því, að nefndin skuli hafa stungið upp á að færa niður laun sendiboðans við yfirrjettinn niður úr 60 kr. í 20 kr. Hvernig getur mönnum dottið í hug, að nokkur vilji vera fastur sendiboði við rjettinn fyrir einar 20 kr. allt árið? Það hefði þá verið betra að stryka þessi útgjöld alveg út og láta landsyfirrjettinn vera sinn eiginn sendiboða. Jeg álít 20 kr. vera smánarboð fyrir þennan starfa, því sendiboðinn verður þó að vera til taks á hverjum mánudegi og svo á laugardögum líka. Af þessum ástæðum verð jeg að leggja mjög á móti því, að þessi niðurfærsla verði samþykkt, og sömuleiðis af því, að jeg álít niðurfærsluna svo smásmuglega, að það sje varla sæmilegt fyrir þingið að samþykkja hana.

Niðurfærsla nefndarinnar á 10. gr. B. 4. c og d er líka smásmugleg. Þar hefir nefndin nælt í 20 kr. á hverjum staflið.

Til eldiviðar í yfirrjettarstofunum og viðhalds á þeim hefir hingað til ekki verið brúkað meira en þurfti, og geta þessar 20 kr. þá eins komið fram sem sparnaður í landsreikningnum, eins og hjer á fjárlögunum. Það verður heldur ekki komizt hjá að brúka það, sem nauðsynlega þarf til þessa, sem annars, hvað sem veitt er.

Þá er að minnast á 10. gr. C. 4. um styrk til eflingar búnaði. Þar hefir nefndin stungið upp á stórkostlegri breytingu. Hingað til hefir verið svo ákveðið, að landshöfðingi úthlutaði helmingnum af styrknum til sýslunefnda og bæjarstjórna, að hálfu eptir fólksfjölda og að hálfu eptir samanlagðri tölu jarðarhundraða og lausafjárhundraða, en hinum helmingnum hefir landsstjórnin úthlutað til búnaðarfjelaga og búnaðarskóla eða annara búnaðarfyrirtækja, sem landshöfðingja hefir þótt rjett að styðja, eptir tillögum amtsráðanna, og eptir því, sem þessu fje hefir verið varið, hefir það þó almennt verið álitið, að þeim hlutanum, sem landshöfðingi hefir haft til umráða, hafi verið skár varið, en hinum, sem gengið hefir til sýslunefnda og bæjarstjórna. Nú er sá hlutinn, sem landshöfðingi hefir haft til umráða, burt numinn, en hinn hlutinn lækkaður. Í stað þess að landshöfðingi hefir áður úthlutað 10,000 kr. af styrknum til eflingar búnaði, þá hefir nefndin nú ánafnað þremur búnaðarskólum og búnaðarfjelög. 13,000 kr.

Hjer er nú ekkert að athuga við það, sem búnaðarskólanum í Ólafsdal er ánafnað, því það er sama upphæðin, sem skólinn hefir áður fengið hjá landshöfðingja. Hvort skóli þessi fær þennan styrk hjá þinginu beinlínis eða hjá landshöfðingja, gerir lítinn mun. Skólanum má standa á sama, og landshöfðingja stendur það á sama.

Búnaðarskólinn á Hólum hefir líka undanfarin ár fengið styrk af fje því til eflingar búnaði, sem landshöfðingi hefir haft til umráða. Árin 1884 og 1885 fjekk hann 1100 kr. hvort árið, 1886 fjekk hann 1300 kr. og 1887 fjekk hann 1542 kr. Þannig hefir styrkurinn allt af farið vaxandi, og nú kemst hann upp í 4000 kr. hjá fjárlaganefndinni. Hver er orsökin til þessarar gífurlegu hækkunar? Jeg hefi ekki orðið var við neitt í nefndarálitinu, sem bendi á, að gera eigi neitt sjerstakt skólanum til eflingar, eða að það eigi að stækka hann.

Það þyrfti að sýna orsökina til þess, að nauðsynlegt sje að hækka styrkinn til þessa skóla svona stórkostlega allt í einu. Eina ástæðan, sem bent er á í nefndarálitinu, er sú, að hlutaðeigandi sýslufjelög, Húnavatns- og Skagafjarðarsýslur, hafi orðið fyrir miklum áföllum síðastliðinn vetur, og því sje ástandið þar svo bágt. En það á nú að bæta úr þessu ástandi með hallærislánum. Nefndin veit líka, að skólinn á Hólum hefir fengið fje annarsstaðar frá. Hann hefir fengið 15000 kr. lán úr landssjóði, og hluta Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu úr búnaðarskólasjóði norður- og austuramtsins, sem mun hafa numið um 4700 kr. Enn fremur fær skóli þessi hið árlega búnaðarskólagjald úr þessum tveimur sýslum, og loks hefir hann árlega fengið styrk úr búnaðarsjóði norður- og austuramtsins, sem eitt árið að minnsta kosti nam 500 kr. En allt þetta er ekki nóg, því nú á landssjóður að bæta við skólann 2500 kr. árlega. Mjer finnst þurfa að leiða betri rök, en gert er, að því, að ástæða sje til að veita skólanum allt þetta fje.

H. framsögum. (E. Br.) var að bera saman búnaðarskólann á Hólum og skólann í Ólafsdal. Hann tók það fram, að annar skólinn væri einstaks manns eign, en hinn opinber eign, og það er víst þarna, sem orsökin liggur. Það verður allt miklu dýrara, sem gjört er á opinberan kostnað. Það verður ekki tekið sem gild ástæða fyrir því, að Hólaskólinn þurfi

meira tillag en Olafsdalsskólinn, að borga þurfi afborgun og vexti af verði Hóla og búsins, því þar upp á móti jafnast að skólinn í Ólafsdal hefir ekki afraksturinn af búinu, en þar á móti hefir skólinn á Hólum allan afrakstur af búinu á Hólum og maður skyldi halda að það væri mikið bú á Hólum, þar sem það er stofnað með 20,000 kr.; annars væri illa á haldið. Í nefndarálitinu segir, að búnaðarskólinn á Hólum þurfi að hafa 4700 kr. útgjöld á ári. Þar af á landssjóður að leggja fram 4000 kr.; en á skólinn þá víst að þessar 700 kr. komi frá Húnavatns- og Skagafjarðar-sýslufjelögum? Þaðan yrðu þær að koma; því ekki er gjört ráð fyrir neinum eiginlegum arði af búinu, sem þó er næsta kynlegt.

Til búnaðarskólans á Eyðum er þó ekki stungið upp á neinum styrk, og það var víst eins varlegt af nefndinni, að gjöra það ekki. Eptir fregnum þeim, sem komið hafa af þeim skóla, er víst engin ástæða til að styrkja hann, og verði skýrslur þær, sem beðið verður um frá þessum skóla, eigi svo fullnægjandi, að þær hreki þann óbróður, sem borinn hefir verið um hann, þá ganga þessar 6,500 kr. að öllu leyti til búnaðarfjelaga. Jeg skal þó ekkert segja um það, hvort þær sögur, sem bornar hafa verið um skólann, eru sannar eða ekki; skýrslurnar verða að sýna það. Að landshöfðingi úthluti þessum 6,500 kr. til búnaðarfjelaga, er ofætlun fyrir hann. Það er ætlazt til, að hann fái skýrslur um, hve mikið hefir verið unnið í hverju fjelagi. Eptir skýrslum þessum á þá landsh. að reikna út, hve mörg dagsverk hafa verið unnin í hverju búnaðarfjelagi, og loks á hann að skipta styrknum í hlutfalli við dagsverkin. Jeg hefði þá viljað láta amtsráðin reikna þetta út, því jeg segi fyrir mig, að jeg er ekki svo góður í reikningi að jeg geti reiknað þetta nákvæmlega.

Að því er snertir liðinn »d«, um styrkinn til sýslufjelaga og bæjarstjórna, þá gat jeg þess áðan, að þessum styrk hefði eigi æfinlega verið vel varið. Það eru jafnvel dæmi til þess, að sýslunefndir hafa verið í vandræðum með, hvernig þær ættu að verja þessu fje. Sumar sýslunefndir hafa jafnvel beðið um leyfi til að setja það í sparisjóð, og aðrar hafa viljað úthluta því milli hreppanna eptir samanlagðri tölu jarðarhundraða, en undir því yfirskini, að því væri úthlutað sem verðlaunum fyrir jarðabætur, og þá ættu jarðabæturnar að fara eptir hundraðatali jarða. Sem sagt, menn hafa opt komizt í vandræði með þennan styrk, og hefði jeg því heldur viljað lækka hann eða nema hann alveg burt, en láta amtsráðin útbýta styrknum til búnaðarfjelaganna.

Að því er snertir breyt.till. nefndarinnar við 10. gr. C. 5, til vegabóta, hefi jeg ekkert á móti staflið a, um að útvega verkfróðan mann til að ferðast um landið og ákveða, hvar helztu vegi skuli leggja, og yfir höfuð hefi jeg lítið að athuga við breyt.till. við C, 5., nema mjer finnst óparfi að tiltaka, hvar verja skuli vegabótafjenu árið 1889. Mjer finnst mega eins trúa landsstjórninni fyrir, að verja fjenu árið 1889, eins og árið 1888, eptir tillögum vegfróðs manns. Jeg ímynda mjer, að nefndin og flestir hljóti að kannast við, að ekki eigi að hætta við veg, sem byrjað er að leggja, fyr en hann er búinn. Nú er verið að gera við einhvern hinn fjölfarnasta veg á landinu, veginn frá Hellisheiði til Reykjavíkur; en það er óvíst, hvort nóg fje verður til að ljúka við hann næsta ár, og verði hann ekki búinn, þá verður hann, eptir uppástungum nefndarinnar, að bíða þangað til einhvern tíma seinna, því að fjárveitingin fyrir 1889, 15,000 kr., á að ganga til að gera við veginn frá Hvalfirði upp í Norðurárdal. En verði Hellisheiðarvegurinn ekki búinn næsta ár, þá hefði jeg fyrst viljað ljúka við hann 1889, áður en byrjað yrði á veginum upp í Norðurárdal. En undir eins

og það hefði staðið í nefndarálitinu, að nefndin vildi sem fyrst láta byrja á veginum upp í Norðurárdal, þá hefði landsstjórnin farið eptir því. Þegar fjárlaganefndin hefir látið í ljósi í áliti sínu, hvernig hún vildi láta verja einhverri fjárveitingu, þá hefir landsstjórnin æfinlega farið eptir því.

Við 10. gr. C. 6. hefir nefndin gert þá breytingartill., að færa tillagið til gufuskipaferðanna kring um landið úr 18,000 kr. niður í 9,000 kr. Eptir samningi þeim, sem nú gildir, nær skuldbindingin, að hafa þessar ferðir á hendi, til 10 ára; en þar er sleginn sá varnagli, að ef borgun sú, sem áskilin er í samningnum, er ekki veitt, annaðhvort úr ríkissjóði eða úr landssjóði, þá sje samningurinn ekki lengur skuldbindandi, hvorki fyrir stjórnina nje fyrir gufuskipafjelagið. Frá þessari hlið er því ekkert á móti breytingunni; en jeg læt mjer ekki detta í hug, að við fáum eins reglulegar gufuskipaferðir eins og nú, ef færa á tillagið ofan í 9,000 kr., því það er aðgætandi, að það er ekki að eins þetta tillag, sem minnkar, heldur minnkar um leið tillagið úr ríkissjóði um helming. Hvernig hugsar nefndin sjer að fá eins margar og eins reglulegar gufuskipaferðir, eptir að tillagið er orðið 9,000 kr., eins og við höfum nú? Jeg veit ekki, hvernig á að fara að því; en jeg er heldur ekki eins kunnugur sjóferðum og kostnaði við þær, eins og nefndin þykist vera. Jeg skil ekki, að gufuskip, sem 1880 ekki fengust leigð fyrir minna en 36,000 kr., fáist nú fyrir 18,000 kr. Deildinni verður að vera það ljóst, að afleiðingin af þessari niðurfærslu verður sú, að gufuskipaferðum kring um landið fækkar um helming.

En svo er enn fremur bætt við þeirri athugasemd, að binda skuli fjárveitinguna því skilyrði, að farið sje eptir ferðaáætlun þeirri, sem þingið samþykkir. Þessi athugasemd gerir það að verkum, að þessar 9000 kr. geta sparazt líka. Menn vita, hvernig gengið hefir að undanförnu, þegar ferðaáætlanir hafa verið ræddar hjer á þinginu. Fjárlaganefndin hefir komið með sína ferðaáætlun, og svo hefir nærri því hver einstakur þingm. álitið sjer skylt að koma fram með breytingaruppástungur við hana, lagaðar eptir því, sem haganlegast mundi vera fyrir hann og hans kjördæmi eða hjerað. Það hefir komizt inn í ferðaáætlanir ákvæði um, að gufuskipin kæmu á Hornafjarðarós og Þorlákshöfn, og aðra þá staði, sem ekki eru tiltök fyrir gufuskip fjelagsins að fara inn á. Á Hornafjarðarós t. d. komast ekki nema mjög smá gufuskip. Ef lík ferðaáætlun yrði samþykkt, og það gert að skilyrði fyrir útborgun þessara 9000 kr., að henni yrði fylgt, þá er það sama sem að nema allt tillagið burt, og þar með allar strandsiglingar.

Þó menn þykist vera færir um að búa til ferðaáætlanir, þá hygg jeg að það sje ekki þingsins meðfæri, því fæstir þingmenn munu vera svo kunnugir sjóferðum, og sízt gufuskipaferðum, að þeim sje treystandi til þess. H. framsögum. (E. Br.) gat þess í ræðu sinni, að orsökin til athugasemdarinnar væri sú, að skipstjórarnir eigi hefðu fylgt ferðaáætluninni, að þeir færu fram hjá höfnum, eða færu of snemma af stað. Það hefir komið fyrir, en mjög sjaldan, að þeir hafi farið fram hjá höfnum, nema þar sem tiltekið er í áætluninni, að þeir þurfi ekki að koma, nema kringumstæður leyfi. Það verður fyrst og seinast að vera komið undir áliti skipstjóranna, hvort forsvaranlegt er að fara inn á þessa eða þessa höfn, eða ekki. Það er ekki fyrir menn, sem á landi eru, að dæma um það.

Jeg skal enn einu sinni brýna það fyrir h. þingdm., að það, að samþykkja þessa athugasemd, sjerstaklega áður en menn sjá ferðaáætlunina, mun gjöra það að verkum, að fjárveitingin verður sem

engin, og að gufuskipaferðirnar kring um landið hætta.

Þegar ferðaáætlanir hafa verið samdar að undanförnu hjer á þingi, þá hafa þær jafnan byrjað með því skilyrði, að gufuskipafjelagið skuli fara eptir þeim; en þetta skilyrði hefir að lokum verið strykað út, af því menn hafa sjeð fram á, að það mundi spilla málinu; og eins ætti að gera nú.

Það getur hugsazt ein ástæða til þess, að sumir hafi ekki á móti að gufuskipaferðirnar fækki, og hún er sú, að þær hafa reynzt svo stopular vegna hafíss; en menn mega ekki verða ópolinmóðir eða hörfa aptur á bak fyrir það. Upphaflega var álitið, að strandsiglingar mundu verða landinu til hinna mestu framfara; og þó eigi kunni að hafa reynzt svo, þá er tíminn enn eigi orðinn nógu langur til að sýna gagnsemi þeirra, og því ættu menn ekki að örvænta um hana.

Við C, 7. b, er gjörð sú breyt.till., að 100 kr. til eptirlits með vitanum færist niður í 60 kr., og jeg ímynda mjer að 60 kr. geti nægt.

Við C, 8. er stungið upp á þeirri breyting, að í staðinn fyrir 1000 kr. til vörðuvita hvort árið, komi 500 kr., og það er sjálfsagt nægilegt fje, ef það er meining þingsins, að fjölga ekki vörðuvitum á fjárhagstímabilinu. Það hafa áður komið óskir um, að vörðuvitar væru settir á Sljettu, í Grímsey og á Langanesi; en það hefir við rannsóknir, sem stjórnin hefir látið gera, þótt erfitt að koma þeim upp, og álitið, að ekki mundi gott að hafa eptirlit með þeim, kveikja á þeim o. s. frv., þar sem þeir á Sljettu og Langanesi yrðu að vera svo langt frá bæjum.

Það hefir líka þótt æskilegt, að vörðuviti yrði settur á Elliðaey á leiðinni til Stykkishólms, og það var jafnvel í ráði, að setja hann þar næsta ár; en nú er sjálfsagt að hætta við það, ef tillagið verður fært niður í 500 kr. Þeir, sem þess vegna láta sjer annt um, að vörðuviti komist á Elliðaey, verða að láta sjer umhugað um, að verða á móti þessari breyt.-till. En jeg fyrir mitt leyti held, að vörðuviti á þessum stað gjöri ekki mikið gagn.

Þá er breyt.till. við 10. tölul.; en jeg skil ekki niðurfærsluna undir þessum tölulið.

H. þingdm. mun vera það kunnugt, að í frumv. til fjárlaga fyrir árin 1886 og 1887 var farið fram á 1600 kr. fjárveiting til aðgerðar á Vestmannaeyja kirkju, og átti sú aðgerð einkum að vera í því fólgin, að leggja á kirkjuna járnþak; en fjárveitingin var færð niður í 1000 kr.; af þessari niðurfærslu leiddi meðal annars, að járnþakið varð ekki lagt nema á súðina öðru megin, og á kafla hinu megin, svo að það vantar járn á hjer um bil hálfa þakhliðina, og lekur því þar inn um eins og áður. Það er nú nákvæmlega reiknað út, að til að leggja járn á þann hluta þaksins, sem eptir er, þurfi 300 kr., og þá skil jeg ekki, hvernig nefndin getur fært upphæðina niður í 200 kr., nema ef nefndin ætlast til, að að eins verði lagt járn á nokkurn kafla af því, sem eptir er af þakinu. Þessi niðurfærsla leiddi ekki til annars en þess, að járnplötur yrðu að eins lagðar á $^2/_3$ af þeim kafla af þakinu, sem enn er ógjört við, en $^1/_3$ yrði þá að bíða í 2 ár, eða þangað til þingið 1889 legði til fje til þessa þriðja parts, sem eptir er.

Ef nú nefndin hefði viljað stinga upp á að verja mætti tekjuafgengi kirkjunnar auk þess, sem hún leggur til hjer, þá mætti ljúka við aðgerðina alla í einu, því tekjur kirkjunnar mundu nægja til þess, sem á vantar; en jeg sje ekki, hvað það væri betra, að veita til þessa tekjuafgang kirkjunnar, en að veita beinlínis í fjárlögunum 300 kr.

Við 11. gr. hefi jeg ekkert annað að athuga en að nefndin hefir fellt úr 1.

tölul. launabót þá, sem landlækni Schierbeck var veitt 1885.

Jeg verð að vera mjög á móti þessari niðurfærslu, enda hefir það ekki verið siður þingsins hingað til, að taka af mönnum það fje, sem þeim einu sinni hefir verið veitt. Þeir hafa verið látnir halda því, meðan þeir hafa verið í embætti. Það er tekið fram í nefndarálitinu, að landlæknirinn hafi ekki getað búizt við svona háum launum og jafnvel ekki við svo háum launum, sem hann hafi fengið í upphafi. En hann mun hafa búizt við að fá hjer miklu meira fyrir »praxis«, enda mun honum hafa verið skýrt svo frá af þeim Íslendingum í Kaupmannahöfn, sem hvöttu hann til að sækja hingað, að hann mundi geta haft hjer um bil 6000 kr. fyrir lækningar, auk sinna föstu launa, og það mun hafa verið þessi ímyndun, sem gerði, að hann sótti um embættið, ásamt þeirri hugsun, að hann mundi geta gjört hjer talsvert gagn. Það er nú svo langt frá, að þessi borgun fyrir lækningar hafi reynzt eins ríflег, eins og landlæknirnum hafði verið talin trú um, að hann mun aldrei hafa haft meira en 1000 kr. árlega í »praxis«, og jeg efast um, að hann hafi nokkru sinni náð því, og ef hann hefði grunað, að hann mundi ekki fá hærri laun en 4000 kr., þá mundi hann aldrei hafa sótt hingað. Jeg held hins vegar, að það sje orðið sýnilegt, að mikið gagn hefir orðið af veru hans hjer. Það hafa margir komið til hans og þegið hjálp af honum, sem annars máske enga hjálp hefðu getað fengið. Jeg sá það í sumar á ferðum hans fyrir norðan, að hann ljet sjer mjög annt um að hjálpa mönnum; og honum er það að þakka, að maður, sem annars hefði orðið karlægur alla sína æfi, er nú kominn á fætur. Jeg álít það skyldu landssjóðs, að sjá það við menn, sem hjálpa nýtum mönnum til heilsunnar, og jeg tel það því engan sóma fyrir þingið, að nema þessa viðbót burt.

Að því er snertir hinar aðrar breytingar við 11. gr., þá hefi jeg ekkert við þær að athuga.

Að því er snertir breyt.till. h. þm. Borgf. (Gr. Th.) við 12. gr. 2., til póstflutnings, þá get jeg ekkert ákveðið sagt um þessa breyting að svo stöddu. Jeg veit ekki, hvar þessir aukapóstar, sem hann mun vilja bæta við, eiga að fara um, eða hvort þeir eru nauðsynlegir. Það verður ekkert ákveðið um slíkar ferðir, fyr en hlutaðeigandi póstafgreiðslumaður hefir sagt álit sitt.

Grímur Thomsen: Jeg skal geta þess, að jeg á breytingaratkvæði við 8. gr. frv., sem fer fram á að raða öðruvísi orðum og tölum en gjört er í frv. Þessi uppástunga mín vona jeg að standi í samkvæmni við 25. og 34. gr. stjórnarskrárinnar. Í 34. gr. stjórnarskrárinnar standa þessi orð: »Landshöfðingjanum skal heimilt vegna embættisstöðu sinnar að sitja á alþingi» .... og í síðari málsgrein segir svo: »Stjórnin getur einnig veitt öðrum manni umboð til að vera á þingi við hlið landshöfðingja, og að láta því í tje skýrslur þær, sem virðast nauðsynlegar. Í forföllum landshöfðingja má veita öðrum umboð til þess að semja við þingið«. Af þessum orðum er auðsætt, að borið getur út af því, að sá, sem hefir á hendi hina æðstu stjórn innanlands, sje fulltrúi stjórnarinnar á alþingi, og þess vegna er í formlegu tilliti rjett, að orða 8. gr. öðruvísi en gert er í frv.

H. framsögum. (E. Br.) og hæstv. landsh. hafa reyndar báðir látið í ljósi, að breyting mín væri þýðingarlítil; en jeg verð að álíta, að rjett form sje aldrei þýðingarlítið. En hjer við er og annað að athuga, en formið tómt; því að vel getur svo farið, að það verði deildar skoðanir um það, hvort landsh. eigi nokkra borgun fyrir setu sína á alþingi; það getur seinna meir komið landshöfðingi, sem hafi sömu skoðun á málinu og yfirskoðunarmenn landsreikninganna fyrir árin 1876—77, »að sú

fjárveiting verður að skiljast samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, þannig, að ef stjórnin noti sjer þá heimild, sem henni er veitt í 34. greininni til að hafa sjerstakan fulltrúa á alþingi, þá sjeu 2000 kr. ætlaðar til þeirra útgjalda, sem því eru samfara, en noti stjórnin ekki þessa heimild, þá eigi fjeð að sparast».

Þetta mun einnig hafa verið skoðun stjórnarinnar 1874, þar sem þá voru ákveðin laun til hinnar innlendu stjórnar, en ekki til fulltrúa konungs á alþingi sjerstaklega, enda hlýtur þessi skilningur að vera rjettur, því að landsh. situr á alþingi vegna stöðu sinnar sem landsh., og á náttúrlega ekkert annað gjald fyrir það en sín laun, 12400 kr., sem er sú borgun, sem hann fær fyrir setu sína á þingi og önnur verk, sem embætti hans hefir í för með sjer; þetta 2000 kr. gjald til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi ætti því eigi að borga öðrum en þeim, sem stjórnin sjerstaklega kynni að útnefna fyrir fulltrúa sinn á þingi. En það er reyndar að miklu leyti komið undir vilja stjórnarinnar og einkum landsh., hvort gjaldið skuli greiðast, þótt áður nefnd skilyrði sjeu ekki fyrir hendi, og þess vegna hafa allar tilraunir mínar til að fá gjaldið af numið strandað á mótspyrnu landshöfðingjans; þannig hreifði jeg t. d. máli þessu á alþingi 1879, en þá mætti það svo harðri mótstöðu frá hendi landsh., að það fjell.

Meðan Bergur sál. Thorberg var landsh., var málið eigi borið undir þingið, og kom það til af því, að jeg var þá forseti, og gat þess vegna ekki komið fram með það.

En nú er jeg aptur kominn með breytingartill. í þessa átt, því að jeg er sömu skoðunar enn sem fyr, og vil fá þessu breytt, en það er ekki hægt að landsh. nauðugum, því það er undir honum komið, hvort hann vill taka þetta fje eða eigi; álíti hann að sjer beri það að lögum, þá tekur hann það, álíti hann það ekki, þá sparast fjeð, og undir „því bágborna ástandi, sem nú er í landinn, hygg jeg rjett vera, að spara allt, sem sparazt getur, og þá sjerstaklega þau útgjöld, sem kunna að vera ólögleg eða óþörf. Landshöfðingjaembættið er líka svo vel launað, að jeg sje enga þörf á, að launa landsh. sjerstaklega fyrir þingsetu. Þetta 2000 kr. gjald eru leifar frá hinum ráðgefandi þingum, þegar stjórnin hafði sjerstakan mann á þingi, sem fjekk vissa fjárupphæð fyrir frammistöðu sína; en nú er allt öðru máli að gegna, því að það er einmitt höfuðverksvið landsh., að verja gjörðir sínar og stjórnarinnar, og fyrir það hefir hann sín embættislaun; í Danmörku fá ekki heldur ráðgjafarnir einn einasta eyri fyrir að sitja á ríkisþinginu, og virðist því engin ástæða til að veita landsh. sjerstök laun fyrir þann starfa; jeg hef þess vegna komið fram með þetta breytingaratkvæði, svo að þeir, sem ekki vilja þiggja þetta fje, hafi tækifæri til að hafna því, og skal jeg svo ekki orðlengja meira um þetta atriði.

Mjer finnst staða sú, sem jeg og h. fjárlaganefnd stöndum í gagnvart hæstv. landsh, vera mjög erfið; við viljum spara, en hann hrekur sparnaðartilraunir vorar, viljum tolla, en hann er þeim mótstæður o. s. frv.

Reyndar get jeg ekki verið nefndinni samdóma í öllum hennar sparnaði; jeg get þannig ekki álitið rjett, að taka frá landlækninum og öðrum embættismönnum þá launaviðbót, sem þeir hafa fengið, nema því að eins að hinn umboðslegi endurskoðari sje látinn sæta sömu kjörum, því að þá er fyrst samkvæmni í sparnaðinum; jeg vil líka vekja athygli manna á því, að borgunin fyrir hina umboðslegu endurskoðun er orðin miklu hærri en til var ætlazt í fyrstu; endurskoðarinn hafði fyrst ekki nema 2000kr. í laun,síðan hefir tvívegis verið bætt við hann 500 kr., svo að laun

hans eru nú 3000 kr.; hann getur því eins misst þá viðbót, sem hann hefir, eins og hinir embættismennirnir, og sje rjett að taka frá þeim, þá er líka rjett að taka frá honum.

Sama er að segja um breytingu nefndarinnar við B. 3. a.; ef 800 kr. eru nægileg borgun handa umsjónarmanni hegningarhússins, þá er ekki ástæða til að halda þeim 200 kr., sem honum hafa verið veittar í viðbót.

Þá skal jeg fara nokkrum orðum um C. 4. í útgjöldunum, eða styrk þann, sem veittur er til eflingar búnaði.

Hjer er jeg á sama máli og hæstv. landsh.

Jeg þekki lítið til Hólaskóla, og skal því ekki um hann tala; aptur á móti vildi jeg segja það sem jeg hef heyrt um búnaðarskólann á Eyðum; jeg hef fengið *fregnir* um hann hjá tveim valinkunnum mönnum, sem báðir eru búsettir á Seyðisfirði; þessir menn fræddu mig sem sje um það á heimili mínu, að Eyðaskólinn hefði fyrstur fellt fje úr hor í vor. Þetta veit jeg er sönn fregn, því mennirnir, sem sögðu, eru áreiðanlegir menn, og of merkir til að fara með ósannindi. En álíti. h. þm. N.-Múl. (Þorv. Kjer.) þetta ósannan óhróður, þá skora jeg á hann að standa upp og bera hann af skólanum, og skal jeg, ef á mig verður skorað, tilgreina sögumennina. Þetta eru ljótar frjettir, og get jeg ómögulega ráðið til að styrkja þann skóla, sem gengur á undan öðrum með að horfella skepnur, enda vona jeg, að h. þm. hugsi sig vel um, áður en þeir gefa nokkurn eyri til Eyðaskólans, meðan ekki eru fengnar skýrslur um ástandið þar.

Viðvíkjandi C. 5. skal jeg geta þess, að jeg er hlynntur því breytingaratkvæði, sem h. þm. Snæf. (P. Br.) hefir komið með, og finnst heppilegt að verja nokkru fje til vegagjörða í þeim 4 sýslum, sem tilgreindar eru, því að landssjóður á talsvert fje hjá þessum sýslum og getur þá tekið hlut sinn á þuru landi; að eins finnst mjer upphæð sú, sem til er tekin, vera nokkuð hátt sett. Að öðru leyti virðist mjer uppástunga þessi mjög skynsamleg, og greiði atkvæði með henni í von um, að fjáruppháðin verði lækkuð, áður en málið kemur til 3. umr.

Þá eru gufuskipsferðirnar, og fer mjer þar sem hæstv. landsh., að jeg get ekki skilið, hvernig nefndin fer að hugsa sjer, að vjer getum fengið jafnmargar og góðar gufuskipsferðir sem áður, ef gjaldið verður fært niður um helming, því að landssjóður og ríkissjóður hafa hingað til borgað 18 þús. kr. hvor um sig til þessara ferða; ef við færum nú gjaldið niður í 9 þús., þá munu Danir gera slíkt hið sama, svo að tillagið verður ekki 9, heldur 18 þús. kr. minna en áður.

Þá er till. nefndarinnar að taka af launum landlæknisins 600 kr., og get jeg verið henni samþykkur, ef laun hins umboðslega endurskoðara verða færð niður; annars ekki.

Í 11. gr. 2 er talað um styrkinn til 4 aukalækna, og á jeg þar breytingaratkvæði, því að mjer hefir verið falið á hendur af kjósendum mínum, að sækja um launaviðbót handa aukalækninum á Akranesi. Þessi læknir er mjög vinsæll, en getur ekki komizt af með þeim launum, sem hann hefir. Hingað til hefir það verið svo, að einstakir efnamenn hafa orðið að skjóta saman og leggja til fje úr eigin vasa til að geta haldið lækni sínum og gert embættið lífvænlegt fyrir hann, og finnst mjer það mjög óviðkunnanlegt, að menn skuli vera neyddir til að leggja fje í sölurnar til að geta haldið embættismönnum sínum; það er því von mín, að h. nefnd verði mjer og Borgfirðingum hlynnt í þessu máli, því að þótt sparnaður sje góður, þá má þó ekki spara svo mjög, að menn verði fyrir þungum búsifjum af þeirri orsök.

Við 12. gr. 2. tölul. hef jeg einnig kom-

ið fram með breytingaratkvæði, og er það líka eptir ósk kjósenda minna, þar sem þá langar til að fá 2 aukapósta, annan frá Arnarholti um Reykholt að Gilsbakka, hinn frá Saurbæ um Leirá á Akranes, og að því er Akranes snertir, þá vil jeg taka það fram, að það er hið eina kauptún, sem engan aukapóst hefir.

Jeg vil biðja h. nefnd að taka þetta breytingaratkvæði mitt til greina og liðsinna því, því að án hennar hjálpar er ekki hægt að koma því fram. Póstmeistarinn hefir líka sjálfur sagt, að málið mundi verða þingmál, enda hefir hann afhent nefndinni skjöl því viðvíkjandi, svo að mjer finnst ástæða fyrir nefndina að taka það til greina, en samt vildi jeg óska, að ekki yrði sett sjerstök nefnd í málið, því að þá mundi ekkert verða úr því að sinni.

Jeg skal svo ekki orðlengja um þetta meira, en vonast til svo góðs af h. nefnd, að hún komi til móts við Borgfirðinga og óskir þeirra, því að þær eru á sanngirni byggðar.

Landshöfðingi: Um breyt.till. h. þm. Borgf. (Gr. Th.) við 8. gr. hef jeg lítið að segja; það stendur alveg á sama, hvort greinin er orðuð eins og gert er í frv., eða eins og þm. Borgf. stingur upp á; ef landsh. vill ekki nota þessar 2000 kr., sem ætlaðar eru fulltrúa stjórnarinnar á alþingi, þá á hann eins hægt með að sleppa þeim, þó þær sjeu fólgnar í 14400 kr., eins og að sleppa þeim, ef þær standa í sjerstökum lið. Þetta stendur þess vegna alveg á sama. Landsh. getur jafnvel, ef honum þykir laun sín of há, látið vera að hefja af þeim það sem hann þarfnast ekki, án þess að nokkra sundurliðun þurfi til þess í fjárlögunum. Hvað jeg, sem yfirskoðunarmaður landsreikninganna 1877 hef sagt og álitið, kemur ekki hjer til tals; jeg hjelt þá minni skoðun fram, en hún fjekk þá engan byr hvorki hjá þinginu nje stjórninni, og jeg er þá ekki sá þverhöfði, að jeg sje að berja það blákalt fram, sem enginn vill neitt sinna. Þingið getur heldur ekkert átt hjer við og engu um þetta ráðið; gjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar eru eingöngu komin undir úrskurði konungs.

Þm. Borgf. (Gr. Th.) sagði jeg vildi hvorki hækka tolla nje færa niður útgjöldin; en hann hermir þetta ekki rjett; jeg hef sannarlega verið með mörgum af niðurfærslum nefndarinnar; jeg hafði ekkert á móti, að vörðuvitaútgjöldin væru færð niður, og einnig gjaldið til umsjónar vitans á Reykjanesi; mörgum hinum niðurfærslunum var jeg ekki mótfallinn. Jeg er að eins ósamþykkur breytingu nefndarinnar við 11. gr. 1. og á nokkrum öðrum stöðum, þar sem um fremur smáar upphæðir er að tala, t. d. breytingarnar á b, c og d í 10. gr. 4.; en svo er jeg aptur meðmæltur niðurfærslu í 10. gr. C. 4.

Þm. Borgf. (Gr.Th.) var að heyra samþykkur breyt.till. þm. Snæf. við breyt.till. nefndarinnar við C. 5. En jeg get ekki verið það; jeg hef enga trú á því, að verkmenn vinni fyrir ekkert í þessum sýslum þó þær hafi fengið hallærislán, og ef þeim skal borga, þá stendur það sýslusjóði á litlu, hvort fjeð gengur til verkmanna á sýsluvegum sem verkalaun, eða í landssjóð sem vextir og afborgun á hallærisláni. Það er auk þess mjög óaðgengilegt í mínum augum, að verja hálfu því fje sem til vegabóta er veitt til sýsluvega í 4 sýslum, þegar þó þingið með lögum nú hefir tekið þá stefnu, að láta landssjóð einkum annast aðalpóstvegi. Mjer virðist það því mjög afkáralegt, að fara nú að hreyta þessum 10,000 kr. út um sýsluvegi hingað og þangað í 4 sýslur.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Jeg vil fara nokkrum orðum um það sem landsh. sagði.

Hann sagði, að sum ár gengi minna til

viðhalds fangelsanna en sum; en hann gat þess einnig, að 1886 og 87 mundi þjer um bil ganga upp það fje, sem til þess væri ætlað; setjum svo, en þá ætti þeim mun minna að þurfa næsta ár, svo ekki ætti niðurfærslan að verða óaðgengilegri þess vegna. Þegar um mikla aðgerð á fangelsum væri að gera, þá á betur við að veita fje til þess í fjárlögunum, heldur en að taka þann kostnað af þessu fje.

Hann var og mótfallinn niðurfærslunum á b, c og d í 10. gr. 4, og fann það að þeim, að þær væru svo smásmuglegar; en bæði er nú það, að þó upphæðir þessar sjeu ekki háar hjá nefndinni, þá er starfinn heldur ekki mikill, og svo á það hjer við sem annarstaðar, að margt smátt gerir eitt stórt.

Viðvíkjandi 10. gr. C. 4. gat hann þess, að því fje mundi stundum hafa verið illa varið, er sýslunefndir og bæjarstjórnir hefðu fengið til eflingar búnaði; nefndin var eigi fjarri því, að fje þessu hefði sumstaðar verið varið miður en skyldi, og þess vegna lækkaði hún þá upphæð niður í 7000 kr. En þó nefndin viðurkenni, að þessu fje hafi sumstaðar verið miður vel varið, þá vildi hún þó ekki minnka það meira en þetta, því bæði er það víst, að fjenu hefir víða verið vel varið, og svo er hitt engu síður víst, að einmitt það, að hafa ekkert fje handa á milli, það kennir sýslunefndum og bæjarstjórnum betur en nokkuð annað að brúka það rjettilega. Því að hafa slíkt fje til útbýtingar, kemur mönnum til athugunar á búnaðarástandinu, og með reynslunni lærist svo smátt og smátt að verja því rjettilega, og þá fer það að vera mönnum til sannrar uppörvunar.

Honum þótti nefndin ætla Hólaskóla of mikið, en þó benti hann ekki á,að sjer þættu aðrir liðir þessarar greinar of lágt settir; finnst mjer þess vegna frá þeirri hlið ekki ástæða til að lækka það, sem Hólaskóla er ætlað. Hann nefndi margar tekju-uppsprettur, sem skólinn hefði haft að undanförnu; en einmitt það, að tekjugreinir þessar eru nú óðum að þverra, er orsökin til þess, að nauðsynlegt er, að landssjóður styrki hann meir en að undanförnu.

Jeg skal fúslega játa verðleika skólans í Ólafsdal, en þegar hagur hans er borinn saman við hag Hólaskólans, þá er hann allur annar og betri. Hólaskóli er í ærinni skuld, og verður árlega að greiða afborganir af henni ásamt vöxtum. Þó landsh. segi, að hann standi líka þeim mun betur að vígi, að hann hafi afrakstur búsins, sem skólinn í Ólafsdal ekki hefir, þar sem hann er eign einstaks manns, þá ber þess að gæta, að búskapur er þessi árin enginn sjerlegur gróðavegur fyrir norðan; flestir bændur munu hafa nóg að gera að verjast tapi á búskap sínum, og þeir eru víst fáir, sem tekst það fyllilega. Nú má ætla, að Hólaskóli, eins og aðrir, græði ekki stórt á búi sínu, og því má eigi telja honum það svo mikinn tekjustofn, sem landsh. virðist vilja gera. Hann hreyfði því, að Hólaskóli mundi vera dýrari en skólinn í Ólafsdal, sökum þess, að hann er opinber stofnun, en skólinn í Ólafsdal eign einstaks manns. Þetta kann vel að vera satt, en þess má gæta, að sá, sem á skólann í Ólafsdal, er alveg einstakur maður, svo torvelt mundi að fá marga hans jafningja. Hjer er líka um meira að ræða, en skólann á Hólum út af fyrir sig; hjer er um heilt princip að ræða, það, hvort hagfeldara muni að hafa slíka skóla eign hins opinbera eða einstakra manna.

Hólaskólinn er sú fyrsta tilraun, sem gerð hefir verið hjer á landi til að hafa búnaðarskóla af hálfu hins opinbera; þess vegna er áríðandi að sjá hvernig hún gefst, því af því má mikið læra, en sú reynsla, sem enn er fengin á Hólaskólanum, er allt of lítil til þess, að af henni megi ráða nokkuð verulegt, enda er ekki við því að búast enn þá.

Þess vegna væri alveg rangt, að hætta að veita Hólaskóla þann styrk, sem honum er nauðsynlegur, þó að hann sje nú hærri en áður, því með því ónýtti maður þá undirstöðu, sem hjer er búið að leggja, og svipti sig þeim lærdómi, sem vænta má, að frekari reynsla veiti í þessu efni.

Um 10. gr. C. 5. sagði landsh., að óþarft væri að til taka, hvar þeim skyldi varið til vegagerða; en jeg er alls ekki á því; hann sagðist yfir höfuð álíta betra, að halda fram til enda þeim vegum, sem á er byrjað, en að taka til nýrra vegagerða. Þetta er eingöngu undir kringumstæðum komið; það getur opt staðið svo á, að einn kafli vegar sje enn nauðsynlegri en annar, og því sje eigi jöfn þörf á að ljúka við einn veg, sem að byrja á honum.

Breytingunni við 10. gr. C. 6. var landsh. mjög mótfallinn; hann kvað þm. ekki færa til þess að semja ferðaáætlun fyrir gufuskip kring um strendur landsins; setjum svo að það sje rjett, en hann neitar því þó líklega ekki, að þeir sjeu færir til að gera sjer hugmyndir um, hvort gufuskipaferðirnar, eins og þær nú eru, borgi það fje, sem til þeirra er lagt. Ef þær kosta mikið fje, en gera lítið gagn, er mönnum víst heimilt að skoða huga sinn um, hvort þeir vilja verja jafnmiklu fje til þeirra, eins og nú er gert. Hins vegar er mjög slæmt, að hin fyrirhugaða áætlun er ekki komin, en verði hún lögð nokkurn veginn eptir hinni veittu fjárupphæð, þá virðist sem allt mætti fara bærilega; og svo mættu sumar ferðirnar, ef til vill, missa sig.

Þessar 100 kr. til Vestmanneyjakirkju, henni til viðgerðar, er nefndinni víst ekkert kappsmál um, ef mönnum þykir það atriði miklu skipta.

Þm. Borgf. (Gr. Th.) gat þess viðvíkjandi breyt.till. sinni við 11. gr. 2., að menn í hans kjördæmi vildu fyrir engan mun missa þann aukalækni, er þeir hefðu. Þetta veit jeg að satt er, en slíkt mega söfnuðir margopt hafa, þegar átsæll prestur sækir frá einu brauði til annars, sem betra er. Það mundi örðugt fyrir landssjóð að leggja fram nóglegt fje til að gera öllum þeim söfnuðum til geðs, sem mega sjá á bak þeim presti, er þeir vilja halda; slíkt hið sama er og um aukalækna. Það er náttúrlegt, að þeir fari til hinna föstu embætta svo fljótt sem þeir eiga kost á því, en þá koma aðrir ungir í staðinn. Þm. Borgf. (Gr. Th.) hefir og komið með breyt.till. við 12. gr. Til fjárlaganefndarinnar bárust margar bænarskrár um fjölgun aukapósta, en nefndinni þótti slíkt allt of umfangsmikið í heild sinni til að taka það til úrslita, en hins vegar vandasamt að vinza úr. Það er hætt við, að ef einni er fullnægt, muni fleiri þykjast eiga heimting á hinu sama.

Landshöfðingi: Það er einungis stutt athugasemd sem jeg vil gera.

Í 10. gr. C. 6 stendur, að fje til gufuskipaferðanna útborgist ekki nema nákvæmlega sje farið eptir ferðaáætlan þeirri, er alþingi samþykkir; en nú væri gaman að heyra, hvernig alþingi fer að vita, hve margar ferðir fáist fyrir þessar 9 þús. krónur, sem alþingi vill veita. Það er vitaskuld, að strandferðirnar mundu alveg falla burt, ef ekki fengjust svo margar ferðir, sem þingið óskaði. En setjum nú svo, að þingið ákveði 3 ferðir fyrir það fje, sem fram er lagt, en að stjórninni gangi svo vel samningarnir, að hún geti fengið 4 ferðir, þá væri henni ómögulegt að nota nema 3 af þeim, til þess að komast ekki í bága við það skilyrði, að ekki mega borga nema hið veitta fje út, nema nákvæmlega sje farið eptir ferðaáætlun þingsins. Þetta sýnir, að ómögulegt er að semja ferðaáætlun fyrir fram, heldur verður tala og tilhögun ferðanna að vera það aðalatriði, sem samið verður um milli stjórnarinnar og útgerðarmanna gufuskipa.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Það er satt, sem hæstv. landsh. sagði, að það

er miklum erviðleikum bundið fyrir þingið að semja ferðaáætlun, er samsvari fje því, er það leggur til. En hvað snertir það dæmi, sem hann tók fram, að stjórnin kynni að fá fleiri ferðir en þingið hefði búizt við, þá get jeg ekki sjeð neitt því til fyrirstöðu, að tekið væri á móti þeim ferðum, sem stjórnin fengi fram yfir hinn ákveðna ferðafjölda, nje heldur að það þyrfti að koma í bága við ferðaáætlun þingsins. Stjórnin gæti líka tekið það ráð, að spara það fje, sem afgangs yrði og ekki þyrfti að brúka, til að fá ferðaáætlun þingsins fullnægt. Setjum t. d. svo, að stjórnin fái fyrir 6000 kr. þann sama ferðafjölda, sem þingið hefir ætlazt til að fengizt fyrir 9000 kr.; þá er stjórninni innan handar að halda eptir ónotuðum 3000 kr.

Páll Briem: Hæstv. landsh. fór mörgum orðum um þá skiptingu á fjenu til eflingar búnaði, sem nefndin hefir farið fram á, og líkaði honum sjerstaklega illa, að nefndin skyldi hafa ákveðið að verja 4000 kr. til skólans á Hólum, og talaði enn fremur um skólann á Eyðum á þann hátt, sem hann hefði orðið fyrir einhverjum óhróðri; yfir höfuð fannst mjer hann vilja koma fram nokkurs konar metnaði milli skólanna, sem jeg kann ekki við, enda finnst mjer líka bezt að menn hafi einhverja vissu fyrir sig að bera, áður en þeir fara að segja slíkar sögur, sem nú hafa verið sagðar um búnaðarskólann á Eyðum; getur vel verið, að þessum skóla sje ábótavant í mörgum greinum, en þá er miklu betra fyrir þá, sem ráðin hafa, að reyna að kippa því í liðinn, sem aflaga fer, heldur en að trúa slæmum sögum og láta svo þar við lenda. Landsmenn hafa sýnt mikinn áhuga á að koma þessum búnaðarskólum á stofn, og kann jeg þá ekki við að yfirvöldin sjeu að leggja hindranir í veginn fyrir þá, heldur virðist mjer miklu sæmilegra að efla þá og styrkja. Mjer þykir líka mjög undarlegt, að hæstv. landsh., sem hefir svo vont álit á Eyðaskólanum, skuli ekki geta bent á einhvern góðan búfræðing eða útvegað skólanum hann, þar sem svo margir búfræðingar hafa fengið styrk af opinberu fje. *(Landshöfðingi:* Eyðaskóli stendur ekki undir mjer). Þótt skólinn ekki standi undir hæstv. landsh., þá getur hann samt komið góðum manni þar að, ef hann leggur skólanum fje. Það er náttúrlegt, að margt fari í ólestri á skólunum framan af, og margir geri sjer hærri vonir um þá en hægt er að uppfylla, meðan skólarnir eru ungir og engin festa á þá komin; en því meiri ástæða er til að styðja þessar stofnanir, og það hefir nefndin gert eptir megni, og hvað Hólaskóla snertir, þá get jeg ómögulega sjeð, að 4000 kr. sje of mikið fyrir þann skóla, eptir því, sem ástandið er nú í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum. Eptir sannsýnilegum reikningi verða útgjöldin til þessa skóla 4700 kr., þótt ekki sje lagt neitt í aukakostnað; en nú standa byggingar fyrir hendi, svo búast má við, að útgjöldin vaxi nokkuð á næstkomandi árum. Sýslufjelag Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu hafa hingað til lagt skólanum allt það fje, sem hann hefir fengið, að undanteknum landsjóðsstyrknum, en mjer finnst ekki sanngjarnt, að því haldi lengur áfram, og að þessar sýslur sjeu svo afskiptar, að þær sjeu án þess fjár, sem aðrar sýslur njóta til jarðabóta og ferðabúfræðinga í sínum hjeruðum.

Um Eyðaskólann skal jeg ekki fara mörgum orðum; hann sýnist ekki eiga upp á pallborðið hjá hæstv. landsh., því að hann hefir jafnvel haft hótanir í frammi, um að hann muni ekkert fá af opinberum styrk. Það er því sannarlega ástæða til fyrir þá, sem áhuga hafa á búnaðarskólamálum, og álíta þá skóla undirstöðu undir verklegum framförum, að taka þenna skóla sjerstaklega upp í fjárlögin, í von um, að einhverju verði kippt í lag, sem nú er ábótavant, af þeim, sem að honum standa.

Þá er styrkur sá, sem veittur er til bún-

aðarfjelaganna, sem hæstv. landsh. þótti svo ákaflega örðugt að úthluta, og kvað þann reikning sjer ofvaxinn. En jeg skal leyfa mjer að geta þess, að amtmaðurinn í Norður- og Austuramtinu hefir áður haft þennan reikning á hendi og ekki komizt í neinar kröggur út af því. Jeg vil því gefa hæstv. landsh. það ráð, að láta amtmennina hafa reikninginn á hendi og skipta svo þessum styrk þar eptir milli amtmannanna til útdeilingar, og vona jeg, að þeir geti leyst þetta þrekvirki af hendi.

Þá telur hæstv. landsh. það óheppilegt, að nefndin ákveði, hvar vegina skuli leggja árið 1889; en jeg tel þetta miklu fremur mjög heppilegt, enda hefir nýlega verið samþykkt lagafrumvarp, sem felur þinginu að ákveða, hvernig verja skuli vegabótafjenu. Það á ekki að vera flýtisverk að ákveða, hvar vegabótarfjenu skuli vera varið, heldur á slíkt að vera byggt á nákvæmri umhugsun, og jeg vonast til, að það, sem ákveðið er í fjárlögunum nú, hvar eigi að verja vegabótafjenu, verði bending til stjórnarinnar um að búa þetta undir til næsta þings, og gera tillögur í fjárlögunum um, hvar framvegis skuli gera vegabætur í landinu. Þetta má bera saman við járnbrautirnar í öðrum löndum, sem opt er lengi verið að hugsa um, hvar leggja skuli. Þetta ákvæði hefir áður vantað í fjárlögunum, og tel jeg það galla á þeim, því að jeg get tekið til dæmis Svínahraunsveginn; það hefði kannske verið talað meira um það fje, sem til hans var varið, ef það hefði verið tekið inn í fjárlögin.

Af þessum ástæðum er það, að jeg hefi komið fram með breytingartillögu við C. 5. í frumv., og skal jeg geta þess, að 1 sýsla, o: Dalasýsla, hefir fallið úr atkvæðaskránni við C. 5. b, þegar hún var prentuð; tilgangur minn með þessu breytingaratkvæði var að eins sá, að vekja umræður um málið á þingi, en ekki að jeg hjeldi að það mundi nú þegar ná fram að ganga. Hæstv. landsh. taldi þá aðferð, sem jeg hefi farið fram á, þýðingarlausa fyrir endurborgun hallærislánanna; en jeg álít, að hún sje hið bezta meðal til að ná lánunum inn, og þar sem hann segir, að verkamennirnir vilji fá sín laun, hvort sem þeir vinni fyrir þær sýslur, sem lánþegjar eru, eða aðrar, þá vil jeg leyfa mjer að spyrja: Hverjir eru þessir verkamenn? Eru það ekki einmitt sömu mennirnir, sem þegið hafa hallærislánin, og er þá ekki betra fyrir þá að geta unnið þau af sjer í þarfir sinnar eigin sýslu, en að þurfa að borga þau út í peningum? Þess ber og að gæta, að atvinnuskorturinn er víða mikill upp til sveita, og jeg veit til þess í Dalasýslu, að þar er opt keppni milli hreppanna að ná í sýsluvegina, þegar þeir eru boðnir upp á manntalsþingum; og beztu menn sýslunnar, sem annars bera kvíðboga fyrir, að örðugt verði að ná inn hallærisláninu, sögðu þó í einu hljóði, að lánið skyldi borgast, ef því yrði framgengt, að fjenu yrði varið til vegabóta í sýslunni sjálfri. Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um breyt.till., því að jeg hefi litla von um, að hún nái fram að ganga; en mínum tilgangi er náð, þar sem þetta mál hefir komið til umræðu í þinginu; jeg vildi að eins óska, að sýslufjelögin geti staðizt að greiða hallærislánin, þótt breytingaratkvæði mitt ekki hafi framgang, því að þá er mjer það vissa um, að hagur manna batnar. Jeg er reyndar hræddur um, að sýslufjelögunum verði það örðugt, að greiða hallærislánin, og sama kvíðboga munu ýmsir aðrir þingmenn bera, enda mun það vera ástæðan til þess, að þeir hafa ýmigust á hallærislánum, að þeir eru hræddir um, að lánin fáist ekki aptur.

Hæstv. landshöfðingi var ekki samdóma nefndinni um, að færa niður gjaldið til gufuskipanna, og kom það fram hjá honum, að honum þótti svo sem þingmenn ekki hefðu vit á þess konar málum og áleit þau ekki meðfæri þingsins; en jeg svara aptur, að hvort sem þingið hefir vit á þess

konar málum eða ekki, þá má það til að gera einhverjar ákvarðanir og setja einhver skilyrði fyrir borgun gjaldsins, sökum þess, hve stjórnin lætur sjer lítið annt um, að vernda rjett landsmanna; þegar þeir kvarta undan rangindunum, þá er svarið jafnan það, að hjer sje ekki annað fyrir hendi en að fara í mál, en það er, eins og allir vita, ekki ljett, þar sem er undir högg að sækja hjá útlendum dómstól í framandi landi. Þingið getur þess vegna ekki gert annað en það, sem það nú gerir; allt öðru máli væri að gegna, ef stjórnin hefði sýnt áhuga í að verja rjett landsmanna og láta ferðirnar verða þeim að sem mestum notum; þá mundi þingið ekki hafa tekið þetta ráð.

Þá gat hæstv. landsh. um þær 600 kr., sem landlæknir Schierbeck hefir haft fram yfir launalögin, og sem nefndin hefir ráðið til að fella út úr frumvarpinu. Hann hafði á móti þessari tillögu nefndarinnar, og fannst mjer hann sjerstaklega bera það fyrir sig, að Íslendingar í Kaupmannahöfn hefðu talið landlæknirnum trú um, að hann mundi fá 5—6000 kr. »praxis« á Íslandi; en af því að jeg var þá í Höfn, og var kunnugur landlæknirnum, verð jeg fullkomlega að efast um, að þetta hafi átt sjer stað. Jeg kom opt til þessa manns, og átti svo að segja daglega tal við hann, og gat hann þessa aldrei við mig, enda kom það og opt fram í tali hans við mig, að það var ekki launanna vegna, að hann sótti hingað, heldur í þeim lofsverða tilgangi, að gera hjer gagn og verða landinu að liði. Í öðrum löndum hafa læknar engin sjerstök laun, en mikið erviði, þar sem þeir verða að lifa á »praxis«, og það var þetta, sem olli því, að landlæknirinn sótti hingað út á þennan hala veraldar til að fá hjer næði til að vinna að ýmsu því, sem hann er svo vel hæfur til en sem hann ekki hefði fengið tóm til að stunda í Danmörku. Þar sem jeg nú hefi þetta fyrir mjer, þá verð jeg að ætla, að Íslendingar í Kaupmannahöfn hafi aldrei sagt þetta, og væri því æskilegt, að þeir, sem bera þetta á borð fyrir þingið, vildu nefna manninn. *(Ben. Sv.:* Hver er það?). H. þm. spyr, hver það hafi verið; jeg veit það ekki, því að jeg hefi aldrei heyrt þetta fyr en hjer í þingsalnum í dag.

Jeg held af landlæknirnum, en get þó ómögulega greitt atkvæði með þessari launaviðbót fyrir utan laun hans, sem eru 4000 kr. Finni menn ástæðu til að hækka laun hans, því gera menn það þá ekki með sjerstökum lögum? Menn eru að hola þessum launabitlingum hjer og hvar inn á fjárlögin, fella þá og samþykkja aptur, og þeir, sem þekkja andann hjer í Reykjavík, vita, að þeir, sem andæfa á móti launaviðbótum við menn hjer í bænum, eru ekki álitnir í húsum hæfir nje kirkjugræfir; en sæki einhver af mönnum út um landið um einhverja ívilnun, þá eru færri með og allt skoðað of gott. *(Sig. Stef.:* Síra Magnús í Laufási). Já, það er sannarlega munur á 4000 kr., eða Laufásbrauði; og yfir höfuð finnst mjer mjög einkennilegt, að bera tíðarandann nú saman við hugsunarhátt manna áður; þá sóttu menn með litlum launum til einvaldskonunganna og voru jafn bljúgir hvernig sem þeir neituðu; en nú, eptir að fjárveitingarvaldið er komið í hendur alþingis, er komið annað hljóð í strokkinn; leyfi einhver þingmaður sjer að hafa á móti einhverri fjárbæn eða fjárveitingu, þá virða menn sannfæringu hans að vettugi og leggja hann persónulega í einelti.

En hvað því viðvíkur, sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) sagði, þá get jeg ekki betur sjeð en að hann eigi hægt með að sitja fyrir launaviðbótinni til hins umboðslega endurskoðara, en geti staðið upp með nefndinni, þegar um hina embættismennina er að ræða, og á þann hátt frelsað sína samvizku.

Þorsteinn Jónsson: Nefndin hefir lagt

það til við B. 3. c., að í staðinn fyrir 300 kr. komi 100 kr.

Þetta tillag til fangelsanna finnst mjer vera heldur lítið, því að jeg veit, að bráðum á að fara að gera við fangelsið í Vestmannaeyjum, ef eigi á þessu ári, þá næsta ár, og þá verður sú upphæð, sem hjer er farið fram á, of lítil, en verði aptur gert við fangelsi þetta í ár, þá mun hin umrædda upphæð máske nægja.

Jeg get ekki verið með að veita sýslufjelögum og bæjarstjórnum það fje, sem nefndin fer fram á við C. 4. d., nema því að eins, að menn hafi nákvæmar upplýsingar um, að fjenu verði vel varið, en ekki kastað í sjóinn eða látið ganga til efnaðra manna, sem lægnir sjeu að ná í þess konar bitlinga, því að nú er það því miður alltítt, eins og hæstv. landsh. tók fram, að sýslufjelög og bæjarstjórnir eru í vandræðum með, hvernig þær eiga að eyða fjenu, og þekki jeg það nokkuð persónulega; jeg vil því ekki láta veita þetta fje til þess, að það komist í hendurnar á vildarmönnum sýslu- og hreppsnefndanna, heldur þætti mjer miklu nær, að landshöfðinginn hefði þetta fje til útbýtingar.

En að því er lítur að C. 6., þá er jeg nefndinni alveg samdóma um, að útgerðarmenn gufuskipanna hafi varnarþing á Íslandi, því að skipstjórar eru opt mjög skeytingarlausir, en landsmenn standa varnarlausir fyrir gjörræði þeirra; jeg veit t. d., að einum dönskum skipstjóra hefði verið stefnt fyrir nokkrum árum fyrir óforsvaranlega aðferð, ef hann hefði ekki átt varnarþing í öðru landi; þessi maður ljet reka frá landi í aflandsvindi, svo að menn, sem ætluðu að ná í skipið, voru nærri drukknaðir við að elta það.

Hvað snertir viðgerðina á Vestmanneyjakirkju, þá hefir nefndin tekið aptur breytingaratkvæði sitt, enda var öll þörf á því, því að aðgerðin hefir verið svo ódýr sem unnt var; þessi viðgerð hefði aldrei komið til, ef eigi hefði verið tekið það óhapparáð 1875, að leggja eikarspónsþak á kirkjuna, sem hefir reynzt svo illa, að það var orðið fúið eptir 10 ár; hefði þá verið lagt járnþak á kirkjuna, þá hefði það verið jafngott enn þann dag í dag, svo að þessum peningum var algjörlega kastað í sjóinn.

Viðvíkjandi niðurfærslu nefndarinnar á launum landlæknisins skal jeg geta þess, að það er ekki rjett hjá nefndinni, að hann taki borgun fyrir að kenna yfirsetukonum, því að eptir því sem jeg hefi lesið í þingtíðindunum gaf hann fyrverandi þingmanni Reykvíkinga umboð sitt árið 1885, til að lýsa því yfir, að ef hann fengi þessa 600 kr. viðbót, tæki hann engan eyri fyrir kennslu í yfirsetufræði, og hvað sem h. þm. Snæf. (P. Br.) segir, þá er það víst, að hann hefir gert sjer miklu meiri vonir um þá »praxis«, sem hann mundi fá hjer á landi, en raun hefir á orðið, og mælt hana eptir dönskum mælikvarða, því að í Danmörku er það alvanalegt, að læknar upp til sveita hafi 5—6000 króna »praxis«, enda er ekki ólíklegt, að ókunnugir menn, sem ekki vita, hvernig hjer hagar til, geti villzt á slíku. Enn fremur verða menn að gæta þess, þegar um þennan mann er að ræða, hve mikið hann hefir gert fyrir garðræktina hjer, sem jeg vil segja að gæti orðið þriðji atvinnuvegur landsins, ef menn kynnu að hagnýta sjer hana, og meta það við hann, hve mikinn áhuga hann hefir sýnt á að koma henni upp.

Jeg og 2 h. þm. áttum breytingartill. við 11. gr. 2., en formsins vegna gátum við ekki komið henni að, en breytingaratkvæði h. þm. Borgf. (Gr. Th.) fer í sömu átt, og er jeg því meðmæltur. Svo mætti við 3. umr. bæta 5. aukalækninum við. Jeg er á því, að hækka laun þessara lækna, af því mjer finnst það svo eðlilegt,

að mönnum falli sárt að missa þá, sem þeim fellur vel við og vilja halda, en eins og nú stendur, er ómögulegt annað en að þessir læknar hlaupi burt úr læknishjeruðum sínum, hvenær sem þeim býðst eitthvað betra, því að enginn læknir getur unað við 1 þús. króna laun. Dyravörðurinn við latínuskólann í Reykjavík fær jafnt fyrir starfa sinn og þessir menn, sem 12 til 14 ár hafa verið að búa sig undir lífsstarfa sinn, og hafa lagt bæði tíma og mikið fje í sölurnar, þar sem þeir hafa verið 6 ár í latínuskólanum og svo í 4 ár á læknaskólanum hjer í Reykjavík við lítinn ölmusustyrk. Ofan á allt þetta verða þeir svo að sigla til Hafnar til að ljúka námi sínu, og hljóta að kaupa dýr verkfæri fyrir fleiri hundruð króna, sem nauðsynleg eru fyrir stöðu þeirra, svo að þeir eru vanalega stórskuldugir, þegar þeir komast í embætti. Laun þessara manna eru því ósanngjarnlega lág, eins og aptur á móti laun sumra annara embættismanna kunna að vera ósanngjarnlega há, og vil jeg þess vegna óska, að laun þessara manna verði hækkuð úr 1000 kr. upp í 1200 kr.

Ólafur Briem: Nefndin hefir komið fram með breyt.till. við 10. gr. C. 4. um styrkinn til eflingar búnaði, og það var að skilja á hæstv. landsh., að styrkur sá, sem gengið hefði til sýslunefnda og bæjarstjórna, hefði eigi ævinlega komið að góðum notum, eða að honum hafi eigi ávallt verið sem bezt varið. Það getur verið, að svo sje, og því er ástæða fyrir þingið að hafa gát á því framvegis. Mjer fyndist það eðlilegasti gangurinn, að þingið benti landsmönnum á, að leita til þess, þegar um mikinn styrk væri að ræða eða stór fyrirtæki til eflingar búnaði; en aptur ætti það að vera hlutverk búnaðarfjelaga, að úthluta styrk til smá-fyrirtækja, og því vil jeg að þau njóti nokkurs styrks úr landssj. Hingað til hafa nú ekki legið fyrir nein sjerstaklega stórkostleg búnaðarfyrirtæki, og þingið hefir því ekki átt kost á að styrkja þau. Það eru helzt búnaðarskólarnir, sem stofnaðir hafa verið á seinni árum; en þeir hafa enn eigi náð neinum vexti eða viðgangi. En ef búnaðurinn á að komast í gott lag, þá verða menn að læra það, sem þar að lýtur; það þarf engu síður kunnáttu til þess að stunda búnað en hvað annað, og því álít jeg, að h. fjárlaganefnd hafi tekið rjetta stefnu í því, að leggja ríflegan styrk til búnaðarskólanna; en um hitt getur menn greint á, hversu vel henni hafi tekizt að skipta styrknum milli hinna einstöku skóla. Það hefir verið talað mikið um skiptinguna milli búnaðarskólans á Hólum og skólans í Ólafsdal, þar sem nefndin ætlar hinum fyrnefnda 4000 kr., en hinum síðarnefnda 2500 kr., og hæstv. landsh. fór hörðum orðum um þessa skiptingu. En jeg verð að álíta, að þessi munur á tillaginu liggi ekki í því, að nefndin viðurkenni ekki fyllilega skólann í Ólafsdal, heldur komi munurinn af því, að Ólafsdalsskólinn er einstaks manns eign, en Hólaskóli opinber eign. Það getur nú verið vafasamt, hvort fyrirkomulagið er haganlegra; ef einstakir menn, er til þess álitust vel fallnir, væru fáanlegir til að stofna slíka skóla, og færir um að halda þá upp á eigin reikning, þá væri, ef til vill, eins heppilegt að styðja þá; en jeg veit ekki til, að þau sýslufjelög, er gengizt hafa fyrir því, að koma á fót búnaðarskólanum á Hólum, nefnil. Skagafjarðar- og Húnavatnssýslur, hafi átt kost á slíkum manni, og þess vegna urðu þau að stofna skólann af eigin rammleik. Það er eðlilegt, að þessi skóli kosti meira, þar sem kaupa hefir orðið jörðina og búið, og taka lán til þess, launa forstöðumanni skólans o. fl.; það er eðlilegt, þó hann kosti meira en sá skóli, þar sem prívatmaður á jörðina og búið, og veitir sjálfur skólanum forstöðu. En það er eitt athugavert við prívat-skólana, að þeir eru eins og bundnir við líf þess eina manns, sem

sem hefur stofnað þá. Þegar hann deyr, verður jörðin seld einhverjum og einhverjum, og það er alveg undir atvikum komið, hvort nokkuð framhald verður á skólanum eða ekki. En ef skólinn er opinber eign, þá má fremur gera ráð fyrir, að hann eigi sjer langan aldur. Það má því segja, að það mæli sitt með hvorri aðferðinni, enda sje jeg ekkert á móti því, að báðar aðferðirnar sjeu reyndar. En það er mín skoðun, að þegar kemur til álita að styrkja einstök fyrirtæki, þá eigi búnaðarskólarnir að vera þar efst á blaði. Hæstv. landsh. gaf í skyn, að meiri kostnaði væri varið til skólans á Hólum, en góðu hófi gegndi; en með því að hann gekk jafnframt út frá því, að hann ætti í þessu sammerkt við aðrar stofnanir, er kostaðar væru af almannafje, þá fannst mjer liggja í orðum hans ámæli til umboðsstjórnarinnar yfir höfuð, og viðurkenning þess, að fjeð væri ekki betur komið hjá stjórninni sjálfri, en hjá sýslunefndum og bæjarstjórnum. Og þar sem hæstv. landshöfðingi lagði svo mikið út af því, hversu mikinn arð skólinn hefði átt að geta haft af búinu á Hólum, þá hefði hann átt að gæta þess, að fæst bú á norðurlandi hafa getað borið sig hin síðustu harðindaár. Skólinn hefir hingað til fengið lítinn styrk úr landssjóði, hæst um 1500 kr., þar sem Ólafsdalsskólinn hefir fengið 2500 kr., og það vildi landsh. hafa fyrir mælikvarða; en jeg get ekki álitið það á neinum rökum byggt, að það eigi að spilla fyrir skólanum á Hólum, að hann hefir að undarförnu verið olnbogabarn landsstjórnarinnar. Það er sjálfsagt, að skóla þessum er í ýmsu ábótavant, en það er að minnsta kosti meðfram því að kenna, að hann hefir átt erfitt uppdráttar. Skagfirðingar voru fyrst einir um skólann, og mætti stofnun hans mikilli mótstöðu í amtsráðinu. Það urðu ýmsar tálmanir á sameiningunni við Húnavatnssýslu og enn meiri á sameiningunni við Eyjafjarðarsýslu, sem enn er ekki komin á, þrátt fyrir skýlausa samninga hlutaðeigandi sýslunefnda á sínum tíma. Nú hefir amtsráðið þó sjeð sig um hönd, og er nú orðið hlynnt skólanum. Mjer þætti því illa farið, ef landshöfðingi tæki nú við af amtsráðinu að vekja tálmanir fyrir vexti og viðgangi skólans.

Að því er snertir skólann á Eyðum, þá virðist mjer það eiga illa við, að vera að slá hjer fram lausum sögum um ólag á honum, eins og bæði hæstv. landsh. og einkum h. þm. Borgf. (Gr. Th.) hafa gert, því einstakir þingmenn, sem ókunnugir eru, álíta, ef til vill, framburð þeirra fullnægjandi, og greiða svo atkvæði sín eptir því. Mjer finnst líka, að maður gæti fremur búizt við, að landshöfðingi vildi bera blak af framfarastofnunum landsins, heldur en hallmæla þeim, eða spilla fyrir því, að þær geti orðið þess fjárstyrks aðnjótandi, sem útheimtist til þess, að þær geti komizt í viðunanlegt horf.

Þá hefir nefndin stungið upp á, að færa tillagið til gufuskipsferðanna niður í 9000 krón., og byggir þessa niðurfærslu á því, að útgjöld öll til skipaútgerðar sjeu orðin miklu minni nú en áður. En mjer finnst h. fjárlaganefnd hefði átt að hafa eitthvað fyrir sjer í því, að ferðirnar hjeldist við, þó tillagið lækkaði; því jeg vona, að flestir sjeu mjer samdóma um, að gufuskipaferðirnar kringum landið megi með engu móti falla niður. Landsmenn óskuðu upphaflega mjög eptir þessum ferðum, og þó þær hafi ekki gengið sem bezt, þá hafa þær þó, auk þess, sem þær hafa greitt fyrir samgöngum, einnig spornað talsvert við verzlunareinokun. Mjer finnst ekki vel viðkunnanlegt þetta hviklæti í fjárveitingunni. Nefndin hefir ekki getað útvegað neina vissu fyrir því, að ferðirnar hjeldust við, en farið aptur djarflega í sakirnar í að lækka tillagið, og sjerstaklega í

því, að stinga upp á, að tillagið verði bundið því skilyrði, að farið verði eptir ferðaáætlun, sem enginn veit neitt um. Það er því nauðsynlegt, að hin fyrirhugaða ferðaáætlun verði komin fram til 3. umr., því annars skil jeg ekki, að nokkur þingdm. geti samþykkt þetta skilyrði.

Þorleifur Jónsson: Jeg vildi tala nokkur orð, sjerstaklega um búnaðarskólana. Það hefir verið talað allmikið um það, hvernig nefndin hefir stungið upp á, að fjenu til eflingar búnaði yrði skipt. Hæstv. landsh. þykir styrkurinn, sem nefndin hefir ætlað búnaðarskólanum á Hólum, of hár. Hann gat þess, að skóli þessi hefði notið allmikils styrks af almannafje, og, eptir því sem mjer skildist, að illa mundi hafa verið á haldið með það, ef skólinn gæti ekki komizt af með líkan styrk og að undanförnu, enda hefði hann talsverðan arð af búinu. Jeg skal nú leitast við að sýna, að ekki hafi verið illa á þessu fje haldið, sem skólinn hefir fengið.

Þegar skólinn var stofnaður, fjekk hann að láni úr landssjóði kr. 15,000.00
og allur sá styrkur, sem hann hefir fengið alstaðar að, svo sem búnaðarskólagjald, búnaðarskólastyrkur sýslnanna og árlegur styrkur úr landssjóði hefi alls numið — 17,000.00
tæpum. Alls hefir skólinn þannig fengið, bæði að láni og sem styrk c. kr. 32,000.00

Vorið 1886 átti skólastofnunin bú fyrir kr. 8,327.22
að frádregnum skuldum — 1,337.75 kr. 6,989.47
Jörðina Hóla, með tilheyrandi fasteignum — 14,500.00
Jarðyrkjuverkfæri og önnur áhöld skólasjóðs fyrir — 1,490.00
Hafa þannig eigur stofnunarinnar þá numið kr. 22,979.47

flutt. kr. 22,979.47

En mismunurinn, sem þá kemur fram, milli þess, sem gengið hefir til stofnunarinnar, og þess, sem hún á, er fólgin í því, að til þess tíma höfðu samkvæmt skýrslu, sem legið hefir fyrir þinginu, jarðabætur verið unnar fyrir — 2,014.16
Afborganir og rentur borgaðar — 3,600.00
Laun skólastjóra, alls — 4,100.00
og laun kennara, alls — 800.00
= kr. 33,493.63

Af þessum reikningi sjest, að búið, jarðeignin sjálf og áhöld skólans hafa hlaupið þetta ár, 1886, á kr. 22,979.47, en þegar jarðabæturnar, afborganir, rentur og laun bætast þar við, þá verður það alls kr. 33,493.63, og þegar þær kr. 32,000.00, sem skólinn hefir tekið á móti, dragast þar frá, þá sjest, að skólinn hefir kr. 1,493.63 fram yfir það, sem hann hefir tekið á móti. Vegna þeirra ummæla hæstv. landsh., að illa hefði verið haldið á fje því, sem skólanum hefir verið veitt, vildi jeg ekki láta þessa ógetið, og vona jeg að mjer hafi með tölum þessum tekizt að sannfæra h. þingd.m. um, að orð hæstv. landsh. eigi hafa verið á góðum rökum byggð. Það hefir verið tekið fram í nefndarálitinu, að skólinn geti ekki komizt af með minna, en 4,700 kr. útgjöld; er þar farið eptir bænarskrá frá sýslunefnd Húnvetninga, þar sem beinlínis er sýnt fram á, hver þessi útgjöld sjeu. Ef skólinn fær eigi ríflegan styrk hjá þinginu, er vafasamt, hvort hann geti staðizt. Þeir hafa verið bornir saman, þessir tveir skólar, Ólafsdalsskólinn og Hólaskólinn; en jeg held, að það hafi ekki verið athugað nógu nákvæmlega, hvað Ólafsdalsskólinn fær mikinn styrk af almanna fje. Það verður alls, eptir því sem amtsráðið hefir á síðasta fundi sínum ætlazt til, 4,080 kr., og þegar þess er gætt, að

hann þarf ekki að svara árlega, eins og Hólaskóli, 900 kr. afborgun til landsjóðs, þá ætti öllum að vera ljóst, að hlutfallið er ekki rangt. Það er líka meira vert, að hlynna að opinberri eign, heldur er að prívatmanns eign, af þeim ástæðum, sem h. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) ljóslega tók fram. Þegar eiganda þess skóla, sem er privat-eign, missir við, þá er það undir atvikum einum komið, hvort skólinn heldur áfram. Það getur allt eins verið, að eignin verði seld og þar verði aldrei skóli framar. En þótt skólastjóra á opinberum skóla missi við, þá kemur annar í staðinn. Það má þó enginn skilja orð mín svo, að jeg vilji hnjóða í Ólafsdalsskólann. Það er þvert á móti mín skoðun, að meðan við höfum annan eins ágætismann, sem þann, er nú er eigandi og forstjóri þessa skóla, þá eigi þingið að styrkja þennan skóla, af því að eigi mun vera tiltök að gera hann opinberan.

Það hefir verið talað margt um breytingartill. nefndarinnar við fjárlagafrumvarpið, enda skal jeg ekki bæta miklu þar við. Meðal annars hefir verið talað mikið um breyt.till. nefndarinnar við 11. gr. 1. tölul., um að nema burtu þær 600 kr., sem bætt var við landlæknirinn í síðustu fjárlögum. Jeg get tekið undir með h. þm. Snæf. (P. Br.), að jeg hefi aldrei heyrt það sagt, að nokkur maður í Kaupmannahöfn hafi sagt landlæknum, að hann gæti átt von á 5000 til 6000 kr. praxis á Íslandi. Jeg var þó í Kaupmannahöfn einmitt sama árið, sem þessi maður sótti um embættið. Mjer þykir leitt, að hæstv. landsh. skuli ekki vera hjer til staðar, svo menn geti fræðzt af honum um, hver hafi sagt honum þessa sögu. Mjer þykir líka leitt, að hæstv. landsh. skuli ekki vera hjer, svo jeg gæti minnt hann á það, sem hann sagði þegar ræða var um þessa viðbót handa landlæknum á þinginu 1885. Hann var þá sjálfur framsögumaður í fjárlagamálinu í h. Ed. og lagði þá fastlega á móti þessari viðbót, af því hann kvaðst ekki þekkj, hverjar ástæður sjeu til hennar. H. þm. Vestm. (Þorst. Jónsson) sagði, að landlæknirinn tæki ekkert fyrir kennslu yfirsetukvenna; en jeg verð að segja, að jeg sje ekkert á móti því, að hann taki það, sem sem honum ber, eins fyrir þessi sem önnur störf.

Þórarinn Böðvarsson: H. framsögum. (E. Br.) hefir skýrt ýtarlega frá áliti nefndarinnar í þessu máli og fært rök fyrir tillögum hennar, og þarf jeg því engu þar við að bæta. Jeg stend að eins upp til að gera þá játningu, að jeg á mikinn þátt í flestum breyt.till. nefndarinnar, og ef hæstv. landsh. væri hjer inni, þá skyldi jeg hafa sagt honum, að mjer fyndist nokkuð hart að segja, að nefndin hefði viljað svipta hann öllu valdi við úthlutun styrksins til eflingar búnaði. Í frumv. hans sjálfs stendur: »Landshöfðingi úthlutar fje þessu, þar af helmingi til sýslunefnda og bæjarstjórna, að hálfu eptir fólksfjölda, og að hálfu eptir samanlagðri tölu jarðarhundraða og lausafjárhundraða«. En í tillögum nefndarinnar stendur um fje það, sem ætlazt er til að gangi til búnaðarfjelaga: »Landshöfðingi úthlutar fje þessu eptir tillögum sýslunefnda og amtsráða«. Nú hefir landshöfðingi hingað til leitað álita sýslunefnda og amtsráða við úthlutun þessa styrks, og því er það ekki rjett, að landshöfðingi sje sviptur því valdi, sem hann hefir haft í þessu efni.

Þá hefir verið talað um úthlutun búnaðarstyrksins til búnaðarskólanna í Ólafsdal og á Hólum. Skólanum í Ólafsdal hefir nefndin ætlað 2500 kr., og það er þó sama upphæðin, sem skóli þessi hefir áður fengið hjá landshöfðingja. Því, sem haft var á móti búnaðarstyrknum á Hólum, er þegar búið að svara.

Um búnaðarskólann á Eyðum, sem fengið hefir eigi all-lítil ámæli hjer í deildinni, þarf ekki að tala frekar, en h. fram-

sögum. hefir gjört. Nefndin var í vafa um þennan skóla, og hefir því sett hann á bekk með búnaðarfjelögunum. Jeg álít það skyldu h. 2. þm. Norður-Múlas. (Þ. Kjerúlfs). að lýsa því yfir hjer í salnum, hvort það er rjett, sem borið er fram um þennan skóla. Jeg verð að játa, að jeg hefi verið á móti því, að sýslunefndir og bæjarstjórnir yrðu sviptar þeim styrk, sem þær hingað til hafa fengið af fjenu til eflingar búnaði, og jeg mótmæli því, að sýslunefndin í mínu hjeraði hafi ekki kunnað að brúka þennan styrk. Ef einhverjar sýslunefndir eða bæjarstjórnir ekki hafa kunnað að brúka þennan styrk, þá eiga þær að læra það. Styrkurinn á að vera þeim hvöt til að læra að brúka hann. Þær geta líka varið honum til að láta búfræðinga fara um sýslurnar, og það gjörir sýslunefndin í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Þá hafa gufuskipaferðirnar ekki fengið mjúkar átektir, eða rjettara sagt tillag það, sem nefndin hefir ætlað til þeirra. En jeg vil segja, að engin vanþörf sje að taka hjer í strenginn. Ástæðurnar eru nú orðnar allar aðrar, en þær voru, þegar gufuskipaferðirnar hófust kring um landið. Þá fór ekkert skip í kring um landið, en nú fara mörg skip á ýmsar hafnir á ári hverju. Athæfi skipstjóranna er marg-lýst. Jeg hefi að vísu ekki reynt neitt illt af þeim; en jeg hefi heyrt margar sögur af, að þeir hafi, að nauðsynjalausu, siglt fram hjá stöðum, sem þeir áttu að fara á. Hæstv. landsh. hjelt, að ef tillögu nefndarinnar yrði fylgt, þá mundu engar strandferðir fást, og verð jeg þá að segja, að Íslendingar hafi lifað þá tíð, að strandferðir voru alls engar, og lifðu þá sízt lakar en nú. En jeg skil ekki, að þessi niðurfærsla á tillaginu verði þessa ollandi. Jeg held jeg hafi sagt, þegar strandferðamálið var hjer fyrst til umræðu á þinginu, að hjer væri nokkuð til, sem hjeti ís og sem gæti gert rugling á ferðunum, og voru þó ekki ísar þá. En ef ísinn helzt enn við landið nokkur ár, þá held jeg væri minnstur skaði, þó strandferðunum væri fækkað. Þær koma heldur ekki að neinum stórkostlegum notum, nema þar sem kaupstaðir eru, en þá vantar hjá oss. Það er gott að geta flutt varning ofan úr dölum í Húnavatnssýslu og út á Skagaströnd til að koma því hingað suður; en það er því að eins gott, að það ekki verði skilið þar eptir, svo nauðsynlegt sje að láta það bíða þar til næsta árs. Jeg segi það þó ekki, að nefndin vilji taka gufuskipaferðirnar af, en hún álítur ekki nauðsynlegt, að þær verði eins margar eins og þær eru nú. Það mun nú ekki gott að reikna út, hvort það hafi orðið meiri skaði eða ábati af þessum ferðum kring um landið; en sumir ætla þó, að það sje ekki Ísland, heldur gufuskipafjelagið danska, sem hefir grætt á þeim.

Sigurður Jensson: Jeg vil lýsa því yfir, að jeg er í flestum atriðum samdóma h. fjárlaganefnd, og játa, að hún hefir að mínu áliti yfir höfuð tekið rjetta stefnu, þar sem hún hefir viljað spara sem mest af landsins fje.

Þó er eitt atriði, sem jeg ekki get orðið henni samferða í, þar sem hún fer fram á að lækka gjaldið til gufuskipaferðanna, því að jeg álít það mjög óheppilegt, ef þetta leiddi til þess, að strandferðunum fækkaði að mun eða þær jafnvel hættu; þessar ferðir eru orðnar svo nauðsynlegar, einkum fyrir smáverzlanir, pöntunarfjelög og mannflutninga, að landsmenn geta ómögulega án þeirra verið, nú þegar þeir einmitt eru farnir að læra að hagnýta sjer þær. Jeg er hræddur um, að nefndin hafi ekki hugleitt nógu vel, hvaða þýðingu þessar ferðir hafa, og hverjar afleiðingar það mun hafa, ef þær legðust algerlega eða að mestu leyti niður, og jeg styrkist í þessari skoðun minni við orð h. framsögum. (E. Br.), þegar hann segir, að það sje maíferðin, sem einkum muni mega missa

sig, því það er einmitt sú ferð, sem flytur mestar vörur til verzlana út um landið, og af því mætti sízt vera án hennar. Jeg álít því, að þingið verði að hugsa sig vel um, áður en það samþykkir þessa breytingu nefndarinnar, enda er það líka mjög athugavert, að færa niður styrkinn, af þeirri ástæðu, að ef vjer færum niður vort tillag úr 18 þúsundum niður í 9, þá er mjög líklegt, að tillagið úr ríkissjóði muni lækka að sama skapi. Mjer fyndist því heppilegast í þetta skipti, að veita til gufuskipaferða allt að 18,000 kr., og að binda útborgun styrksins vissum skilyrðum, þannig, meðal annars, að ferðaáætlaninni verði nákvæmlega fylgt, en fela að öðru leyti stjórninni í þetta sinn að semja um borgunina til þeirra, sem takast ferðirnar á hendur. En fari svo, að stjórnin framvegis líti meira á hag gufuskipafjelagsins en landsmanna, eins og stjórnin því miður hingað til hefir gefið mönnum ástæðu til að ætla, og fjelagið eigi uppfylli skyldur sínar og samninga, þá er fyrst full ástæða til að lækka styrkinn.

Þessi aðferð finnst mjer vera heppilegri en sú, sem nefndin fer fram á, því að afleiðingin af, að lækka nú styrkinn um helming, gæti orðið sú, að gufuskipaferðirnar fækkuðu eða jafnvel gjörsamlega hættu, og mundi það vekja mikla óánægju meðal landsmanna.

Benidikt Sveinsson: Jeg stend ekki upp til að gefa h. fjárlaganefnd margar eða bitrar ákúrur, enda er jeg að minnsta kosti í þessu atriði, sem hjer er um að ræða, henni svo samdóma, að jeg mun fylgja henni að því máli gegn um þykkt og þunnt, meðan jeg get. En þar með er ekki sagt, að jeg sje með öllum uppástungum h. nefndar, og sjerstaklega vil jeg taka fram um breyting hennar á 10. gr. B. 4. b., að mjer finnst nefndin þar hafa gert sig seka í allt of mikilli smámunasemi, og hefði jeg heldur viljað fella liðinn alveg burt, en að fara að lækka gjaldið úr 60 kr. niður í 20 kr.; yfirdómararnir hafa líka svo há laun, að þeir þurfa eiginlega ekki á því að halda, að hið opinbera kosti sjerstaklega þennan sendimann, til þess að flytja embættisbækurnar í landsyfirrjettinn og úr honum aptur heim til sín.

Það hefir verið talað margt og mikið um það, hvernig nefndinni hafi tekizt að skipta niður þeim styrk, sem ætlaður er til eflingar búnaði, og verð jeg að lýsa því yfir, að jeg er nefndinni alveg samþykkur um þá meginreglu, sem hún virðist hafa tekið, sem sje, að hlynna að búnaðarskólunum á Hólum, Eyðum og í Ólafsdal, enda er það ekki einungis lofsvert, heldur alveg nauðsynlegt, og sómi þingsins undir því kominn, að það hlynni að búnaðarstofnunum landsins og haldi þeim í rjettu horfi, því að það er viðurkennt, að búnaðarstofnanir sjeu hinar nauðsynustu fyrir land og lýð, og þess vegna eigi þær heimting á öllum þeim styrk og allri þeirri hjálp, sem hægt er að veita þeim; en hvað því viðvíkur, hvernig nefndinni hefir heppnazt að meta hlutfallið milli hinna einstöku skóla, þá skal jeg láta það ósagt; því jeg er þeim ekki kunnugur og vil ekki tala um það, sem jeg ekki veit upp á víst, enda hefi jeg enga ástæðu til að efast um, að nefndin hafi farið eptir áreiðanlegum skýrslum í því tilliti; en jeg vil að eins geta þess, að jeg er hræddur um, að menn muni komast að raun um, að sá styrkur, sem veittur er í fjárlögunum til slíkra stofnana, muni aldrei reynast nægilegur, og jeg vil segja, að það sje alveg óhafandi, að láta fastar stofnanir, eins og búnaðarskólana, hvíla á náðarveitingum fjárlaganna, og það er því fremur ástæða til að leggja áherzlu á þetta, sem þingmenn úr fjárlaganefndinni hafa lýst yfir því fyrir skemmstu, að það væri í eðli sínu, þó enga fasta eða áreiðanlega reglu væri að byggja á veitingum í fjárlögunum, því að þær sjeu svo hvikular, að ekk-

ert verði á þeim byggt, nema það og það fjárhagstímabil.

Það hefir komið fram mjög íhuganverð athugasemd frá 2 h. þm., sem talað hafa í þessu máli, viðvíkjandi samanburði á almennum og einstakra manna stofnunum, og það hefir verið sagt, að stofnanir einstakra manna væru valtari en hinar opinberu. En jeg vil benda h. þm. á, að einstakra manna stofnanir geta verið bundnar þeim skilyrðum, að þær aldrei hverfi undan umsjón þess opinbera, og að til eru líka opinberar stofnanir, sem alls ekki eru svo óhvikular, og jafnvel eiga það á hættu, að detta um koll engu síður en hinar. Tilvera hvorutveggja er sem sje komin undir því, hve vel eða illa þær uppfylla þær kröfur, sem til þeirra eru gerðar. Enginn má ætla, að hið opinbera eigi að viðhalda stofnun með fje landsins, sem ekki nær tilgangi sínum. Þetta vil jeg taka fram til þess, að menn ekki einblíni á þessa hlið málsins, en alls eigi af því, að jeg ætli að greiða atkvæði móti tillögu nefndarinnar í þetta sinni.

Það hefir verið talað mikið um uppástungu nefndarinnar, að lækka tillagið til gufuskipaferðanna um helming, og hefir hún sjerstaklega fengið þungar ákúrur hjá hæstv. landsh. En jeg skal fyrir mitt leyti játa, að jeg mundi ekki gráta, þótt þetta tillag væri alveg strykað út af fjárlögunum. Þeir sem voru á þingi 1875 mega muna, að jeg ljet þá skoðun mína í ljósi utan þings, þegar jeg átti tal við menn um þetta mál, og á nefndarfundum, að þingið ætti engan eyri að leggja til þessara gufuskipaferða, og þessa skoðun mína byggði jeg á því, að ríkissjóðurinn væri samkvæmt stöðulögunum skyldugur til að borga einn þann kostnað, sem af ferðunum leiddi, að svo miklu leyti sem þær stæðu í sambandi við póstsambandið milli Islands og Danmerkur, og hefði þingið haldið þessari skoðun fast fram, þá efast jeg ekki um, að hún hefði sigur unnið. En þingið gerði það ekki, heldur bauð að taka vissan hluta kostnaðarins upp á sig, og reynslan hefir nú sýnt, að bróðurhugur þess og örlæti með landsins fje hefir ekki verið svo vel launaður, sem skyldi, heldur hafa skipstjórarnir og þeir, sem fyrir ferðunum standa, sýnt, að þeir hafa eigi látið sjer nærri nógu annt um, að uppfylla þarfir landsmanna í einstökum tilfellum. Þannig get jeg t. d. staðhæft, að jeg hef einu sinni komizt í mestu herkjur á Húsavík með að hindra, að margir vesturfarar yrðu eptir af gufuskipinu, sjer til hins mesta tjóns og skaða, og það undir þeim atvikum, að bið skipsins, nokkra klukkutíma, ekki gat haft neina hættu í för með sjer. Svo stóð nefnilega á, að koma skipsins hafði verið auglýst ranglega í Stjórnartíðindunum B., en skipstjóri hjelt því fast fram, að hann væri alls ekki bundinn við þá auglýsing, og ekki skyldugur að taka tillit til nokkurs annars en þess, sem ákveðið væri í áætlun gufuskipafjelagsins. Það væri það eina lögmál, sem hann ætti eptir að fara, hversu mikinn skaða sem landsmenn biðu, og undir öllum kringumstæðum. Þess eru líka dæmi, að skipið hefir farið á stað frá Húsavík án þess að taka póstsendingar og án þess að gefa farþegjum kost á að komast út í skipið í því veðri, sem verzlunarstjóri Guðjohnsen hefir treyst sjer til að leggja á smábát út í skipið, og í því augnabliki, sem hann var þess búinn. Þetta veit jeg er satt, því að hann hefir sjálfur sagt mjer það, og þess vegna engin lastmæli, þótt jeg geti þess við þetta tækifæri, enda vita allir, að gufuskip fjelagsins danska og skipstjórar þess hafa optsinnis endranær eigi tekið tillit til þarfa og nauðsynja landsmanna í einstökum tilfellum.

Hvað gagnið sjálft af þessum gufuskipaferðum áhrærir, þá er jeg alveg samdóma h. varaforseta (Þ. Böðv.), að jeg álít það mjög efasamt; menn treysta gufuskipunum, en svo kemur hafís og hindrar komu

þeirra, og verður þetta mönnum verra, en ef þeir hefðu aldrei átt von á þeim, og þótt nú gagnið væri nokkurt, þá verða menn að gæta þessa, að landið er alls ekki útilokað frá gufuskipaferðum, þó að gufuskipafjelagið danska hætti að láta skip sín ganga kring um landið. Meira að segja, vjer sjáum með eigin augum gufuskipaferðir á milli Noregs og norður- eg austurhluta landsins og norsk gufuskip sigla inn á firði vora og hafnir á þeim tímum árs, er Danir alls ekki þora að nálgast landið.

Jeg hef heyrt það berast með sunnanvindinum, að það ætti að vera einhver sjerstök náðargjöf af gufuskipafjelaginu, að láta sjá danskan reyk hjer við land, en jeg er ekki svo skotinn í dönskum reyk, sem sumir virðast vera, og þar sem hæstv. landsh. hefir sýnt fram á, að ómögulegt sje að standa í sambandi við fjelagið, nema með því skilyrði, að láta það eitt ráða, þá sýnir það bezt, hvílík vandræði eru á þessu máli. Jeg ætla mjer ekki að fara að dæma um garpskap og sjómennsku þessara háttvirtu herra, sem, eins og út lítur fyrir, þykjast sjá dampskipum sínum hættu búna í því veðri og þeim sjó, sem mönnum þykja ekki of vaxin litlum bátum, en jeg ætla að halda mjer til þess, sem jeg sje, að hagur og þarfir landsmanna útheimta. Leggjum ekki út fje fyrir ímyndaða sjómennsku, heldur látum þarfir landsmanna ráða; eyðum ekki stórfje til að veita stjórn gufuskipafjelagsins þá ánægju, að geta sagt, að þeir sendi svo og svo mörg skip hjer kringum landið, sem þó ekki þora eða þó ekki mega eptir þeim reglum, sem þeim eru fyrir settar, nálgast landið nema í logni og heiðskíru veðri. Jeg skyldi því með mestu ánægju vera með í að stryka út allt þetta tillag, ef fram á það væri farið, í því trausti, að nauðsynlegar gufuskipaferðir umhverfis landið gætu fengizt á annan hátt, og í von um, að atkvæði Íslendinga yrði tekið meira til greina en áður, ef samið væri við aðra en þetta gufuskipafjelag. Í sambandi við þetta vil jeg taka það fram, að jeg er sannfærður um það, að þetta ólag, sem hingað til hefir verið á gufuskipaferðunum, hefir alls eigi verið stjórninni, heldur gufuskipafjelaginu að kenna, með öðrum orðum, að fjelagið hefir sett stjórninni stólinn fyrir dyrnar með þráa sínum og kreddum. Það er sannarlega ekki að því hlæjandi, að þessi sjómanna varfærni getur gengið svo langt, að það komi út, sem jeg hefi heyrt Englendinga segja í gamni, að Danir, sjerstaklega á dampskipum, sjeu svo varkárir, að út líti fyrir, að þeir álíti, að það sje yfir höfuð hættulegt að fara um sjóinn. Jeg, sem er allra manna sjóhræddastur, get þó ekki dulizt þess, að jeg hefi ómögulega getað skilið í því, er jeg hef sjeð langt út á hafi, að dampskip gufuskipafjelagsins ekki hafa árætt að leggja inn á Húsavíkurhöfn, að jeg held fyrir þoku og dimmviðri. Jeg get þó ekki ímyndað mjer, að einhver svo mikill þokumökkur fylgi skipunum sjálfum, að þau sjái ekki sólina. — Jeg hef tekið þetta fram til að sýna, að mjer finnst enginn sjerlegur skaði skeður, þótt Íslendingar verði lausir við slíkar gufuskipaferðir.

Hvað snertir 11. gr. 1., þá get jeg ekki verið nefndinni samdóma í niðurfærslu á launum landlæknisins, og þó að jeg reyndar játi, að óheppilegt sje, að ákveða launaviðbætur handa embættismönnum á fjárlögunum, nema einhver sjerstök ástæða sje til þess, þá er ekki þar með sagt, að það sje rjett, að nema burt þær launahækkanir, sem hafa verið veittar á þeim, og hjer er einmitt svo ástatt, að sjerstakar ástæður hafa borið til þessarar launahækkunar. *(Nokkrir:* Nei). Jú, þingið verður að vera svo »loyalt» við undanfarandi þing, að það ekki segi, að þessi viðbót hafi verið ástæðulaus. Verði það nú sýnt og sann-

að, að þessi ástæða sje burt fallin, já, þá skyldi jeg náttúrlega ekkert hafa á móti því, að þingið taki þessa viðbót burt af fjárlögunum; en jeg get ekki betur sjeð, en að ástæðurnar sjeu þær sömu nú sem áður, því að hafi landlæknirinn áður verið verðugur þessarar viðbótar, eins og hann líka sannarlega var, þá er hann það nú enn meira en áður; h. þingmenn eru víst allir samdóma mjer um það, að þessi maður sje ágætur læknir, og, án þess að jeg að nokkru leyti vilji rýra sóma hinna annara íslenzku lækna, þá verð jeg að segja það, að þessi maður er að minnsta kosti í einu tilliti framúrskarandi læknir og á engan sinn líka hjer á landi, og það í þeirri grein læknisfræðinnar, sem er hin »reellasta« og nauðsynlegasta; jeg á við hina »kirurgisku» hlið læknisfræðinnar; og eins og hæstv. landsh. hefir sýnt fram á, þá er það þó sannarlega mikilsvert, já ómetanlegt, að geta átt vísa ágæta læknishjálp, þegar voðaslys ber að höndum, eður aðrir þeir útvortis sjúkdómar, sem þessi háttvirti herra er einn fær að fjalla um hjer á landi, eður að minnsta kosti öllum öðrum fremur. Enn fremur hefir þessi maður sýnt meiri umhyggjusemi, þekking og dugnað fyrir utan sinn embættislega verkahring, en nokkur annar Íslendingur, í atvinnugrein, sem er mjög þýðingarmikil fyrir allt landið. Jeg meina garðyrkjuna, sem svo að segja enginn hugsar um, og sem út lítur fyrir að enginn hafi hugmynd um að geti þrifizt hjer á landi, að undanteknum fáeinum familíum, helzt hjer í Reykjavík. Jeg verð að segja, að það sje sjaldgæft að sjá svona háttstandandi embættismann standa með jarðyrkjuverkfæri í höndum hjer í Reykjavík, vera að vinna, eins og hann væri bóndi eða erfiðismaður. Vjer eigum að minnsta kosti ekki slíku að venjast af útlendum embættismönnum þeim, sem hjer hafa verið, og jeg verð að segja, að mjer hitnar um hjartaræturnar, þegar jeg sje það. Menn mega ekki misskilja orð mín svo, að jeg taki þetta fram af ofmiklu persónulegu meðhaldi með þessum heiðursmanni; en hvað því viðvíkur, sem h. þm. Snæf. (P. Br.) sagði, að þessi maður hefði ekki átt von á mikilli praxis hjer á landi, og kom með það máli sínu til sönnunar, að hann hefði aldrei talað um það við sig, þótt hann hefði umgengizt hann daglega, þá furðar mig á slíkri röksemdaleiðslu; því að þessi orð sýnast einmitt sanna það gagnstæða, nefnilega, að maðurinn, sem var hjer allsendis ókunnugur, hafi ímyndað sjer, að hjer hagaði til sem í öðrum löndum, hvað praxis snertir, og út frá þessu hefir hann náttúrlega gengið sem sjálfsögðu, þegar hann sótti um embættið. En þar sem einn h. þm. segist geta fallizt á, að veita landlækninum þessa upphæð, ef það væri gert með sjerstökum lögum, þá get jeg ekki verið á annari skoðun en þeirri, að hann mæli þvert um huga sinn, því að viðbótin er augljósast bundin við manninn sjálfan í fjárlögunum, en væri hún veitt með sjerstökum lögum, þá væri hættara við, að hún festist við embættið, og hvar væri þá sparnaðarlöngun hins háttvirta þingmanns?

Þá kem jeg að 11. gr. 2., sem hljóðar um hina 5 aukalækna, og get jeg ekki þar verið þeim samdóma, sem vilja hækka laun þessara manna. Almenningur vill, eins og kunnugt er, að launin sjeu sem lægst, en það lítur svo út sem þessi skoðun eigi við ramman reip að draga, ef ungir menn, nýskroppnir út úr skólanum, ekki vilja þiggja embættin, nema launin sjeu svo og svo há; þetta þykir mjer vera undarlegt tímanna tákn, og hefði heldur óskað, að þessir menn gerðu allt sem í þeirra valdi stendur til að vinna traust og hylli almennings með dugnaði og samvizkusemi, og þá mundu þeir seinna fá betra embætti. Það er annars leiðinlegt, að sú mikla hjálp, sem þessir ungu herrar fá á skólunum, sýnist leiða til að

gera þá heimtufreka eptir háum launum; þeir ættu heldur að setja sig inn í hið bágborna ástand landsins og hugsunarhátt löggjafarþingsins. Jeg get þess vegna ekki verið með þessari uppástungu, nema hvað snertir aukalækninn á Skipaskaga; því að þar er sú sjerstaka ástæða, verzlunarstaðurinn, sem alls ekki má vera án læknis.

Þorlákur Guðmundsson: Það er nú búið að ræða þennan kafla allmikið frá ýmsum hliðum, en samt ætla jeg að bæta fám orðum við, ekki samt til að skjalla fjárlaganefndina, þó það hafi stundum verið venja hjer á þingi, og ekki heldur til að bera á hana lastmál, sem líka hefir komið fyrir.

Jeg mun víðast hvar geta fylgt nefndinni, en þó ekki alstaðar; þannig þykir mjer nokkuð undarlega horfa við hjá henni tillögurnar við 10. gr. 3 um laun hins umboðslega endurskoðanda, því jeg verð að ætla, að ef 2500 kr. er nóg handa þeim, sem næst hefir þennan starfa á hendi, þá nægi það einnig fyrir þann, sem nú þjónar því; fyrri liðnum gef jeg atkvæði, um hinn síðari læt jeg ósagt.

Þá kemur hin mikla fjárveiting 20,000 kr. til eflingar búnaði; þetta er mikil upphæð, og þess vegna áríðandi að verja því vel. Á búnaðarskólana hefir verið minnzt; þeir eru ekki nema 2, sem nefnandi eru því nafni. Eyðaskólann tel jeg ekki sem þann, er eigi vísan styrk úr landssjóði.

Hjer í deildinni hefir verið lokið lofsorði á skólann í Ólafsdal og það að maklegleikum, en þótt hann sje í mörgu góður, er það óneitanlega galli á honum, að hann er eign einstaks manns, því þótt sá maður veiti honum góða forstöðu meðan hans nýtur við, er hætt við, þegar hann ekki lengur getur eða vill halda honum uppi, þá hverfi hann úr sögunni, og Ólafsdalur ekki verði lengur búnaðarskólajörð. En illt er þó, ef slíkar stofnanir hverfa svo, að þeirra sjái engar menjar, nema að því leyti, sem þar hafa nokkrir menn lært meira eða minna í búfræði. Mjer þykir það galli á þessum skólum, ef þar er hvorki kennd meðferð mjólkur í nokkuð fullkomnum stíl eða þá nokkuð margbrotin hagtæring á fóðri og öll hirðing á búpeningi.

Hólaskólinn er sá eini, sem að mínu áliti er í rjettu horfi, enda þó að margt geti verið athugavert og ábótavant við stofnunina; jörðin er skólans eign, og sýslufjelögin hafa verðskuldað mikinn heiður fyrir áhuga sinn og polgæði í því, að koma honum upp, þrátt fyrir allar mótspyrnur.

Á Hólum var áður biskupssetur um langan aldur og höfuðból Norðurlands; væri gleðilegt að geta alið þá von, að þar sje nú risið upp höfuðból í öðrum skilningi, það er höfuðból búnaðarlegra mennta og kunnáttu. Getur maður því fremur vænt þess, sem jörðin hefir mikla kosti og stendur til stórra bóta, ef vel er með hana farið. Þess vegna er jeg með nefndinni í þeirri fjárveitingu, sem hún hefir honum ætlað.

Um Eyðaskólann ætla jeg ekkert að tala, um hann vantar allar skýrslur, og meðan þær eru eigi fyrir hendi, á illa við að sletta um hann óhróðri. Ekki er hægt að neita því, að sýslunefndir hafa varið því fje, er þeim hefir verið úthlutað til eflingar búnaði, allmisjafnt, en slíkt er eigi tiltökumál, því erfitt mun að láta það allt falla í frjóva jörð; en víða hefir þetta fje komið að góðum notum, og víst má vel við una, meðan svo er, því langt mun þess að bíða, að ekki geti mistekizt um meðferð þessa fjár sem annars, og ekki þess að vænta, að hver króna beri hundraðfaldan ávöxt, en svo hefir það legið undir samþykki landsh., hvernig sýslunefndir hafa varið þessu fje.

Jeg er nefndinni þakklátur fyrir þann

styrk, sem hún ætlar búnaðarfjelögum, en það ætti að úthlutast þeim eptir greinilegum skýrslum um starf þeirra og framkvæmdir; mætti það þannig verða til þess, að hvetja menn til að stofna búnaðarfjelög, og uppörva þau til að starfa sem mest og bezt.

Þm. Vestm. (Þorst. J.) talaði móti þessum gjaldalið og áleit þessu fje eins og kastað í sjóinn; slíkt er ekki heppilega orðað, en sú setning getur átt við Vestmanneyjar, einkum ef sú saga væri sönn, sem jeg einhvern tíma hef heyrt, að Vestmanneyingar hafi eitt sinn varið því fje, er þeir fengu til eflingar búnaði, á þann hátt, að þeir skiptu því milli þeirra eyjaskeggja, sem áttu þilskip. En við slíkt og þvílíkt má ekki miða. Þm. miðar að eins við sitt kjördæmi, en sá sjóndeildarhringur er æði þröngur, en vjer þekkjum þetta betur en hann; vjer erum þó hver um sig meira og minna kunnugir í heilu sýslufjelagi, þar sem búnaður alstaðar er meiri en á Vestmannaeyjum; þingmaðurinn vildi ekki þiggja, að eyjarnar væru gerðar að lýðveldi, sem bara stæði undir vernd alls landsins. Ef fjenu einhverstaðar er illa varið, ætti að skrifa um það í blöðin, svo eigi drægist dul yfir það, heildur yrði það þeim, sem gerðu, til maklegrar minnkunar, og öðrum til viðvörunar. Þeir ættu að dragast fram í birtuna, sem í eigingjörnum tilgangi sníkja slíkt fje út úr stjórnarvöldum, og eigi ætti heldur að hlífa þeim, ef þau misbrúka vald sitt til þess að lauma bitlingum í gæðinga sína og vildarmenn.

Þá ætla jeg og að minnast lítið eitt á 11. gr., um laun landlæknis, sem nefndin leggur til að sje burtu felld. 2. þm. Eyf. (B. Sv.) sagði, að til þessarar launahækkunar hlytu að hafa verið sjerstakar orsakir, sem nú yrði að sýna fram á, að burt væri fallnar, ef ástæða ætti að vera til þess, að nema þessa launaviðbót úr frv.

Jeg skal ekki segja neitt um það, hverjar hafi verið þær ástæður, sem knúðu þingmenn til að veita þetta fje á þinginu 1885, en það man jeg, að þessu máli til fylgis var reistur kappsfullur flokkur, og ætlaði samt að ganga fullilla að fá því framgengt; en nú er sú breyting á orðin, að ýmsir af þeim, sem þá studdu það mál bezt, eru nú ekki lengur á þingi. Kann því vera, að einni ástæðu sje nú færra í þessu máli, nema ef svo skyldi fara, að nýir menn uppvektust í þeirra stað til að fullkomna verkið. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg hafi hið minnsta út á manninn að setja; jeg hefi mikið og gott álit á honum í flestum greinum. En jeg álít hin föstu laun hans fullsæmileg. Ef vjer ættum að launa öllum duglegum mönnum á þennan hátt, þá held jeg fyrst og fremst, að mikið hækkaði launalistinn, og á hinn bóginn væri illt til þess að vita, ef hver sú veiting, er eitt sinn slæddist inn í fjárlögin, skuli þar standa alla þá tíð, sem sá lifir, er hana hefir fengið, og svo vill eptirmaðurinn halda upp hættinum. Það er hætt við, að slíkt mundi verða til þess, að venja menn á bónastagl, eins og þegar er orðið að hættulegum vana. Það væri eflaust miklu betra, að veita mönnum slump eitt skipti fyrir öll, ef þeir á annað borð þyrftu þess endilega og væru þess verðugir.

2. þm. Eyf. (B. Sv.) minntist á aukalæknana, og jeg er honum þakklátur fyrir ummæli hans um þá og þær ástæður, sem hann færði fyrir sínu máli; en jeg vil ekki, að laun þeirra sjeu sett hærri en 1000 kr., eins og þau eru sett hjá nefndinni, því fyrst var byrjað á 900 kr. Jeg get ekki bundizt þeirrar athugasemdar, að mjer þykir það illt »tákn« tímanna, ef hinir ungu námsmenn vorir eigi vilja lúta að 1000 kr. fyrstu embættisár sín; það er illt, ef launafýkn þeirra er svo mikil orðin, óðara en þeir skreppa út úr sklólanum. Það er þó víst, að ef þeir reynast vel í hinum smærri embættum, fá þeir brátt aðgang

að betri stöðu, því við og við losna hin reglulegu læknaembætti.

Fyrst voru laun aukalæknanna ekki nema 900 kr., svo voru þau færð upp í 1000 kr., nú á að koma þeim upp í 1200, og hver veit, ef það tekst, nema innan skamms verði reynt að pota þeim upp í 1400 kr., og þá væri ekki nema herzlumunur að drífa þá upp í 1500. Hver og einn hlýtur þó að sjá, að ekki mun skortur á læknum, því svo mikil er nú aðsókn að lærða skólanum, að vel mun nægja til að fylla öll vor embætti og enda meira.

Þm. Vestm. (Þorst. J.) jafnaði kjörum aukalækna við kjör dyravarðarins í lærðaskólanum; þann samjöfnuð met jeg lítils; þó krónutalið sje jafnt, en undirbúningurinn ólíkur, þá ætla jeg að ekki þurfi þeim saman að jafna. Jeg hefi að sönnu hvorki verið læknir nje dyravörður; en þó þm. Vestm. sje læknir, stendur hann litlu betur að vígi til að dæma um þennan samanburð en jeg, því hann hefir aldrei verið dyravörður. Dyravarðarstarfið mun vera mikið vandaverk og ónæðissamt, enda hafa eigi allir þótt leysa það vel af hendi. Auk sín og konu sinnar kemst dyravörður eigi af með færra fólk en 2 duglegar vinnukonur, eða þá vinnumann og vinnukonu.

Þm. Snæf. (P. Br.) talaði fyrir breyt.-atkvæði sínu um skiptingu á vegabótafjenu; sú skipting kann að hafa mikið til síns máls, og auðvitað er það, að sýslubúar eiga hægra með að greiða sín hallærislán, ef þeir fá þannig góða atvinnu; einkum kemur þetta sjer vel í slæmu árferði, eins og nú er. Jeg álít því, að þessi tillaga þm. Snæf. (P. Br.) hafi við mikil rök að styðjast, og þar sem póstvegir liggja um sýslur þær, er þingmaðurinn tilnefnir, ætti að láta þá ganga fyrir; með því væru 2 flugur slegnar í einu höggi, samgöngur bættar og þeim veitt atvinna, er helzt þyrftu.

Um gufuskipamálið hefir mikið verið talað, en jeg ætla að leiða það hjá mjer, því jeg játa, að jeg hefi ekki fullan kunnugleika á því máli; en betur hefði jeg kunnað við, að mál þetta hefði verið rætt og undirbúið á fundum í vor. Annars er þetta vandamál mikið í sjálfu sjer.

Jónas Jónassen: Það er reyndar illa gert að lengja umræðurnar úr því, sem komið er, en það sem einkum knúði mig til að standa upp, var ræða 2. þm. Eyf. (B. Sv.) viðvíkjandi gufuskipaferðunum. — Hann sagðist vera sjóhræddur; jeg trúi því vel; en aldrei hefði jeg trúað, að hann gæti talað eins um skipstjórana á póstgufuskipunum, eins og hann talaði áðan. Það gegnir sannarlega furðu, að nokkur skuli koma með annað eins og það, að þeir »þori ekki að mæta smábátum«; þetta er ekki svaravert; það er ofurlítið annað að sitja sem sýslumaður inn á skrifstofu sinni, en að vera skipstjóri á gufuskipi í misjöfnu veðri, og hafa ábyrgð á miklu fje og margra manna lífi. Það er reglulega barnalegt, að leggja harðan dóm á menn, sem gegna þeim starfa, er maður sjálfur hefir alls enga hugmynd um. Hvað veit sýslumaðurinn á Hjeðinshöfða, hvernig hagar til út í hafi (heyr!), þar sem gufuskip eru á ferð?

Fjárlaganefndin segir, að nú sje útgerð gufuskipanna orðin miklu ódýrari en hún var 1880; en jeg held það sje einmitt þvert á móti; samkeppni er nú orðin miklu meiri og flutningsgjald lægra, svo útgerð póstgufuskipanna hlýtur að vera kostnaðarmeiri nú en áður, þar sem »fragtin« er einlægt að minna. Stundum kemur það líka fyrir, að flutningsgjaldið nemur ekki nema $^1/_3$ af kolaverðinu, sem gengur til ferðarinnar.

Ef þetta fengi framgang, er jeg viss um, að það mundi vekja almenna óánægju um allt land, enda mætti það undarlegt heita, ef menn yndu því vel, að nú væru allar gufuskipaferðir af teknar, sem þó fyrir fáum árum voru álitnar alveg lífsspursmál fyrir landið.

Bæði 2. þm. Eyf. og varaforseti telja strandferðirnar ónauðsynlegar; það þykir mjer skrítið að heyra. En jeg er alveg handviss um, að þjóðin mundi verða mjög ónægð, ef að hún missir þær; jeg vona að þetta nái eigi fram að ganga.

Ferðirnar geta mishepnazt hjá öllum; hver sem þær hefir á hendi verða menn aldrei fyllilega ánægðir. Mikið er komið undir, hvernig skipstjóri er; þm. Eyf. taldi eins og hann byggist við, að allir skipstjórar væru »durtar«, en það er öðru nær; sumir eru lipurmenni, þó sumir sjeu hálfstirðir.

Gjaldið til vörðuvita hefði nefndin ekki átt að færa niður. Allir vita, hve mikla þýðingu vörðuvitar hafa. Jeg skal tilnefna vörðuvitann á Skaganum; margir blessa þá litlu lukt, sem þar er, og margur skipstjóri á henni það að þakka, að hann hefir komizt fyr til hafnar, en ella mundi orðið hafa, ef sá viti eigi væri til. Jeg álít tilvinnandi að hafa vita á Elliðaey á Breiðaflóa, þó hann svo kostaði 3000 - 4000 kr.; jeg vildi sannarlega heldur verja þeim krónum til þess, en kasta þeim í útlenda menn, sem kostaðir hafa verið hingað til þess að ferðast, jeg segi, að gamni sínu, sumar eptir sumar, og alls enginn árangur sjest af.

Til vegabóta ætlar nefndin 20000 kr.; jeg vildi óska vjer gætum varið 40000 til þeirra.

Hvernig nefndin svo skiptir þessu fje, það er annað mál. Hún ætlar 3000 kr. hvort árið handa vegfræðingi, sem á að mæla út vegi o. s. frv. Hann á náttúrlega að vera danskur eða norskur, svo er ekkert þessu til fyrirstöðu. En þeim eina íslenzka manni, Gísla Guðmundssyni, sem beiðist styrks einmitt til að nema vegfræði, og sem nú um nokkurn tíma hefir verið á skóla í Þrándheimi, honum er engin áheyrn veitt. Svona er, ef einhver íslenzkur maður biður um einhvern slíkan styrk, hversu lítinn sem er, þá fer optast svo, að undir eins er sagt nei, nei; en ef einhver danskur maður kemur, þá er minna til fyrirstöðu; hann fær opt strax fullar hendur fjár, þó hann ekkert annað geri, en líti á nokkrar laxár á ferðum sínum, og fræði oss um, að vjer verðum að drepa selinn í árósum. Vjer erum fátækir og eigi færir um af eigin efnum að leggja mikið í sölurnar, og því fer optast svo, að ef einhver vill verða fullnuma í einhverri fræði, þá leitar hann hjálpar hjá landssjóði. Hjer finnst mjer nú standa svo á, að vjer ættum að treysta því, að með því að vjer höfum íslenzkan mann, sem er að nema vegfræði, að það gagn geti af því hlotizt, að vjer eigi þurfum að fá útlenda menn hingað í hvert skipti, sem eitthvað þarf að gera, og þá sjerstaklega nú, er um vegagerð er að ræða.

Að því er Gísla Guðmundsson snertir, þá hefir hann meðmæli frá Hovdenak, og allur sá styrkur, sem honum er ætlaður í frumv., er 1000 kr.; en vegfræðingurinn tilvonandi á að fá 3000 kr.

Um búnaðarskólana ætla jeg ekki að fara mörgum orðum; jeg er með þeim öllum, og þó ólag kunni að vera á þeim sumum, nú vona jeg það lagist, og það fje, sem þeim er veitt, verði að góðu gagni. Jeg held augu almennings opnist smátt og smátt fyrir því gagni, sem af þeim má leiða, ef lag er með.

Jeg kann mjög illa við, að taka þessar 600 kr. af landlæknunum, eins og nefndin stingur upp á; jeg held líka það sje ekki rjett. Hann tekur enga borgun fyrir, að kenna öllum þeim yfirsetukonum, sem koma árlega, og á þingi 1885 ljet hann þáverandi þm. Rvík. lýsa því yfir, að hann mundi aldrei taka neitt fyrir það, ef hann fengi þá launahækkun, sem nú á taka af honum; þekki jeg manninn að því, að hann efnir loforð sín; en fái hann eigi að halda þessum 600 kr., tekur hann náttúrlega fulla borgun fyrir að kenna yfirsetukonum, og það verður landssjóður að

borga, og jeg ímynda mjer, að þau útgjöld yrðu, að minnsta kosti sum árin, 7—9 hundruð kr. Ekki mundi þá landssjóður græða stórt, og til þess á þó leikurinn að vera gerður, að nema nú burt viðbótina. En það er þá auðsætt, að nefndinni ekki getur hjer gengið sparnaður til, því þetta eykur útgjöldin. Læknar hafa 50 kr. fyrir hverja stúlku, sem þeir kenna yfirsetufræði; þarf því að eins 12 til að vinna upp þessar 600 kr. Úr því búið er að veita þær á annað borð, kann jeg ekki við, að taka þær aptur, og ekki er heldur viðkunnanlegt að vera að rogast með þær í hverjum einustu fjárlögum; það er miklu betra að slá þeim alveg föstum.

Jeg hefi því miður litla von um, að hækkuð verði laun aukalækna, þó þess bæði sje þörf og jeg óski þess innilega; en jeg leyfi mjer samt að vænta þess, að h. deild ekki setji sig á móti þeim öllum, t. d. ekki lækninum á Akranesi; þar er fólk fátækt, og læknirinn þar er góður drengur og ötull, og hann fær ekki mikið fyrir meðalasölu eða önnur verk sín.

Hann lánar það mest allt; fær kannske sumt seint, en meiri partinn aldrei, af því að hann hefir ekki hjarta til að ganga svo hart eptir. Mjer er líka kunnugt, að flestir læknar vilja vera lausir við alla meðalasölu, og skoða hana sem byrði; þeir verða að kaupa meðulin, lána þau út, fá ekkert inn aptur og sitja svo í allri súpunni sjálfir hjá lyfsalanum.

Hvað lækninum á Skipaskaga viðkemur, þá hefir hann auðvitað eins og aðrir aukalæknar 1000 kr.; það er nú heilmikið á pappírnum að hafa 1000 kr.; en þegar þess er gætt, að maðurinn var stórskuldugur, þegar hann var búinn að læra, varð strax að kaupa verkfæri fyrir 7—800 kr., og að hann er slíkt góðmenni, að hann gefur meiri partinn af sínum lækningum, þegar fátækir eiga í hlut,—þegar alls þessa er gætt, segi jeg, þá a·tti hver og einn að sjá, að honum er ómögulegt að komast af með 1000 kr. Hann getur sótt um annað læknishjerað, segja menn. En er það sanngjarnt, að svipta menn þeim lækni, er þeir fyrir hvern mun vilja hafa, eingöngu af því það kostar landssjóð 200 kr. árlega að veita þeim kost á að hafa hann? Jeg vildi vona, að deildin yrði svo náðug, að veita þessum lækni 200 kr. hækkun, og helzt hinum líka.

Þrítugasti og sjötti fundur, þriðjudag 9. ág. á hád.

Allir á fundi.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889 (C bls. 1, og nr. 217, 223, 290); frh. 2. umr.

Sveinn Eiríksson: Jeg fyrir mitt leyti vil leyfa mjer að lýsa yfir því, að jeg álít að h. fjármálanefnd hafi leyst þenna sinn umfangsmikla og vandasama starfa mjög vel af hendi, og er jeg henni því mjög þakklátur.

Jeg er í öllum aðalatriðum samdóma h. nefnd; þó skal jeg nefnda fáein smáatriði, sem jeg get eigi verið henni að öllu leyti samdóma.

Hvað snertir 10. gr. A. 3, launin til hins umboðslega endurskoðanda, þá er jeg að vísu nefndinni samdóma um það, að þessi laun sjeu nægilega mikil í snöggu áliti; en starfið er líka mjög umfangsmikið og sjerlega vandasamt, og sá núverandi endurskoðandi, það verðum vjer að játa, að hann leggur mjög mikla alúð á að leysa þetta verk vel af hendi, og hlýtur hann þá að kosta talsverðu af launum sínum til aðstoðar sjer á skrifstofu sinni. Hann er fátækur maður og hefir sjálfsagt verið nokkuð skuldugur, er hann tók við embætti, og er líklega enn. Eins og h. þingd. mun nægilega ljóst, hafa menn á fyrri þingum og á þessu þingi, ekki langt á að minnast, talað mikið og fagurlega um, að sanngirniskröfur ættu að megna mikils, þegar um launabætur eða afgjaldsgreiðslur

er að ræða, þá finnst mjer einmitt hjer að, slík ástæða ætti að koma til greina. Það er því að mínu áliti sanngirniskrafa hjer, sem ekki ætti að standa á baki neinni lagalegri kröfu, nefnilega sú, að hinn umboðslegi endurskoðandi, sem nú er, fái að halda þessum 500 kr., sem hjer er um að ræða. Fái hann ekki að halda þeim, er hætt við að hann geti ekki haft þennan starfa á hendi framvegis, og þá er vandsjeð, að vjer getum strax fengið annan eins mann í hans stað. Jeg álít þetta mjög athugavert.

Hvað snertir búnaðarskólana, þá er jeg með nefndinni að því er kemur til Ólafsdalsskólans; en hvað snertir Hólaskóla, þá er jeg öldungis á sama máli og hæstv. landsh.

Af skólanum á Eyðum hefi jeg heyrt líkar sögur sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.), og væri æskilegt, ef h. 2. þm. N.-Múl. (Þ. Kj.) sem góður bóndi og gagnkunnugur þessari stofnun, vildi bera þetta — jeg vil segja óorð — af þessum skóla, ef unnt er.

Þá koma 3000 kr. til að útvega vegfróðan mann; því er jeg að vísu samdóma; en jeg verð þó að vera samdóma h. þm. Rvík. (J. Jónassen) um það, að það er óviðkunnanlegt, að taka það til, að hann skuli endilega vera útlendur, ef svo er, sem hann sagði, og sem jeg í engan stað ætla að leyfa mjer að rengja, að vjer höfum íslenzkan mann vel færan í þessari grein, sem hefir bezta vitnisburð frá vegfræðingi þeim, er hjer var síðastliðið ár, og sjálfsagt mikla þekkingu.

Þá er næst stafl. b til sýsluvega í Húnavatnssýslu og fleiri tilgreindum sýslum 10000 kr. Við þennan staflið hefi jeg ekkert að athuga annað en það, að jeg vildi til 3. umr. geta með öðrum h. þm. skotið inn í einni sýslu, sem sje Austur-Skaptafellssýslu. Um þá sýslu endilanga liggur fjölfarinn aðalpóstvegur, o: frá Prestsbakka til Eskifjarðar, og á þeim vegi eru margar torfærur, sem telja má með erviðustu torfærum yfirferðar bæði vetur og sumar, nefnilega Skeiðará og Breiðamerkursandur. Þetta vona jeg h. þingd. taki til íhugunar.

Jeg er samdóma nefndinni, að veita eigi meira en 9000 kr. tilgufuskipaferðir kring um landið, og þó þessi liður hefði verið alveg strykaður út, þá hefði jeg verið með því, eins og h. þm. Eyf. (B. Sv.), því ekki mundum vjer verða fyrir það alveg gufuskipaferðalausir kring um landið, og jeg hygg mjög vafasamt, hvort landið hefir í eitt og allt haft fremur hag en óhag af gufuskipaferðum hins danska gufuskipafjelags í kring um landið. Suðurland í það minnsta hefir ekki haft hag af þeim gufuskipaferðum, en, sem eðlilegt er, hlotið að leggja þó til sinn skerf; að vísu hafa sumar sýslur landsins haft óbeinlínis hag af þeim, en aptur aðrar beinan.

Hvað snertir 11. gr. 1. tölul., þá vita það víst allir, að jeg er ekki meðmæltur launahækkunum; en þó geta þær ástæður verið, að jeg sje því ekki mótmæltur. — Það er að eins eitt atriði, sem jeg vildi leyfa mjer að taka fram viðvíkjandi þeirri grein.

Jeg skildi það ekki vel hjá hæstv. landsh., er hann sagði í ræðu sinni, jeg heyrði það rjett, að þegar Íslendingar í Kaupmannahöfn hefðu verið að fá hann, o: Schierbeck, til að sækja um landlæknisembættið hjer á landi, þá hefðu þeir svo gott sem flekað hann með því að segja, að hann mundi hafa hjer 5—6000 kr. í »praxis«; þetta getur varla hafa átt sjer stað, og jeg get fyrir mitt leyti ekki trúað því; því meðan landlæknisembættið lá undir umsókn, vissu Íslendingar, og þá Íslendingar í Höfn, að íslenzkur læknir, læknir, sem vjer allir þekkjum að lærdómi í þeirri grein, og yfir höfuð mun hafa flesta ágæta hæfileika sem læknir, sótti þá um landlæknisemb-

ættið, og dagblöðin frá þeim tíma bera með sjer, hvert álit Íslendingar höfðu þá á því, ef dönskum manni skyldi vera veitt það fyrir þessum manni; þrátt fyrir þetta met jeg landlækni vorn mjög mikils, og álít að hann sje sjerlega ötull og góður læknir, og hann hefir þar að auki lagt mjög mikla stund á garðyrkju hjer; en fyrir það ættu íslenzkir bændur eða hin íslenzka þjóð að veita honum á sínum tíma öðruvísi viðurkenningu, en með fjárframlagi nú, eins og hagur landsins stendur.

Viðvíkjandi aukalæknum er jeg nefndinni samdóma um það, að 1000 kr. laun sjeu nægileg fyrir hvern einhleypan mann, enda þótt hann væri dálítið skuldugur, eins og vjer flestir, sem í gegn um skólana höfum gengið, munum vera, sjerstaklega þar sem þetta er borgað í peningum úr landssjóði; og ef þeir geta ekki unað við þessi laun, þá sækja þeir í burtu, og aðrir nýir koma í þeirra stað, og um það mega menn vera fullvissir, að þó þessi læknishjeruð sjeu nefnd aukalæknishjeruð, þá munu fá þau færri en vilja, þó þeim sje hverju um sig eigi ætlað nema 1000 kr. laun. Það var sagt um Laufásprestinn hjerna um daginn, að ef hann gæti ekki unað við brauðið eins og það er nú, þá væri honum innan handar, að sækja um eitthvert annað brauð, og sama á sjer stað með aukalæknana.

Árni Jónsson: Það hefir nú þegar verið sýnt fram á, að þær mótbárur, sem á móti nefndinni hafa komið, og sem reyndar eru ekki mjög margar, hafi ekki við svo gild rök að styðjast, að ekki muni tiltækilegast að fylgja uppástungum hennar yfir höfuð. Það eru einkum fjögur atriði, sem umræðurnar hafa snúizt um, 10. gr. C. 4., C. 5., C. 6. og 11. gr. 1., en þessi atriði vona jeg að sjeu nú svo útrædd, að jeg ekki þurfi mikið að lengja umræðurnar um þau, enda vildi jeg alls eigi verða til þess, að vekja upp nýjar kappræður um þessi atriði eða önnur, og hefði eigi tekið til máls nú, hefði jeg eigi verið búinn að biðja mjer hljóðs í gærkveldi.

Viðvíkjandi búnaðarskólunum hefir h. þm. Húnv. (Þorl. Jónss.) gefið svo nákvæma og ítarlega skýrslu, að enginn hefir mótmælt aðgjörðum og tillögum nefndarinnar viðvíkjandi þessum tölulið. Mjer kom það, eins og h. þm. Borgf. (Gr. Th.), ókunnuglegu fyrir, að hæstv. landshöfðingi skyldi ekki fylgja nefndinni lengra en hann gerði í þá átt, að spara landsins fje, eptir ummælum hans um 1. kafla frumv. Því þótt hæstv. landsh. áliti, að spara mætti nokkuð af því fje, sem ætlað er til eflingar búnaði, þá held jeg, að það væri ekki ráðlegt að svo komnu. Þótt fjenu til bæjarstjórna og sýslufjelaga í einhverjum einstökum tilfellum hafi ekki verið sem bezt varið, þá hefir þó meiri parti þess verið varið skynsamlega og til gagnlegra fyrirtækja, sem hafa borið góðan árangur í hinum einstöku hjeruðum, og virðist því ísjárvert að kippa þeirri fjárhæð í burt, eða skerða hana að mun í þetta sinn. Fjárlaganefndin hefir nú einnig fært þennan hlutann úr 10,000 kr. niður í 7000 kr.

Um C. 5. er í raun og veru enginn meiningamunur nú orðinn.

Fyrir hinni verulegu breytingu á C. 6. hefir bæði framsögum. nefndarinnar og fleiri nefndarmenn fært glöggvar ástæður, og þó h. þm. Rvk. (J. Jónass.) segi, að slík niðurfærsla á styrknum til gufuskipaferðanna muni vekja almenna óánægju um allt land, þá er mikil spurning, hvort sú óánægja mundi verða meiri en sú óánægja, sem nú er almenn út af gufuskipaferðunum. Þingið þarf, og er skyldugt til, að reyna eitthvert meðal til að koma þessu í betra horf, og taka óskir landsmanna til greina í þessu efni. Og eins og mjer og líklega flestum þingm. dettur ekki í hug að firtast af því, þó hæstv. landsh. segi,

að þingið sje eigi fært um að semja ferðaáætlun, sem sje aðgengileg fyrir gufuskipafjelagið, eins má stjórn þess fjelags eigi firtast af því, þótt vjer segjum, að hún *ein* sje ekki fær um að semja þá ferðaáætlun, sem sje sniðin eptir þörfum og óskum landsmanna í þessu efni; því hjer er mest undir því komið, að ferðirnar sjeu sem haganlegastar landsmönnum, en minna undir því, að ferðirnar sjeu mjög margar. Landsmenn þekkja þó að líkindum betur en gufuskipafjelagið sínar þarfir og sína hagsmuni, og það hafði nefndin fyrir augum, þegar hún lagði til, að farið yrði eptir þeirri áætlun, sem þingið semdi og samþykkti. Nefndin mun fækka ferðunum, af því hún ætlar þær eigi allar svo nauðsynlegar, og ekki fjölga höfnunum að mun.

Þá kemur þessi umþráttaði 1. tölul. í 11. gr. Nefndin bjóst allt af við, að það mundi verða kýlið, sem á væri gripið, og það hefir rætzt. Það er eins og vant er, þegar um persónulegar fjárveitingar er að ræða, þá kviknar í kolunum, þá er skarað að eldinum allt þingið út í gegn. Það var mikið heppilega að orði komizt hjá h. þm. Borgf. (Gr. Th.) í hitt eð fyrra, þegar þráttað hafði verið um fjárlögin margt og mikið í báðum deildum, og þau svo að lokum komu í sameinað þing, að það væru framsögumenn deildanna, sem þar berðust og hjeldu persónulega fram hver sínum mönnum. »Ef þú klípur mína, þá stjaka jeg við þínum«. Líkt þessu á sjer hjer nú stað, og er það mjög óheppilegt og leiðinlegt, að eyða miklum tíma í þess konar þref, eins og það líka hlýtur að vera mjög leiðinlegt fyrir hlutaðeigendur, sem um er talað. Þegar á að færa upp laun einhvers, þá er allt til tínt honum viðkomandi — eins og það væri í líkræðusniði —, þá koma fyrst hinir miklu hæfilegleikar og mannkostir, að hann sje tapaður, ef ekki verði við hann bætt, og þá sje enginn fær um að fylla hið auða skarð; jafnvel það, að einhver hafi orðið fyrir því óhappi, að eiga unga konu, en sje orðinn gamall, og þurfi því að greiða meira af launum sínum, til að sjá fyrir henni; eða þá að hann eigi konu og svo og svo mörg börn, sje skuldugur o. s. frv. En þegar svo á að nema í burtu einhverjar launaviðbætur, þá er sagt, að sómi þingsins liggi við, að halda þessu framvegis.

Jeg minnist þess, að h. sessunautur minn þm. N.-Þing. (J. J.) drap á kirkjubrennuna á Lundarbrekku í gær, og að söfnuðurinn yrði að borga skuld kirkjunnar úr sínum eigin vasa. Það þykir eigi skerða sóma þingsins, þótt það heimti af þeim fulla borgun. Hrepparnir, sem misstu hallæriskornið í brunanum á Skagaströnd, sem síðan urðu fyrir þessum mikla og sorglega mannskaða í vetur — einkum Vindhælishreppur — og sem svo felldu flestar skepnur sínar í vor, — þeir sendu bænarskrá til þingsins um, að þessar 300 og 500 kr. verði ekki af þeim heimtaðar; en *þeir* fá enga áheyrn. Þeir skulu borga sínar svona löguðu skuldir, til þess að fjeð sje til að býta því út í þessar launabætur. Það eru nú víst ólíkar ástæður, og hvort sem embættismenn eða einstakir menn kalla það »sóma« eða »göfugmennsku«, að afnema þessa »bitlinga«, þá stendur mjer fyrir mitt leyti á sama. Þetta er svo undarlegt, að jeg get varla talað um það með köldu blóði. Þingið 1883 ákvað föst laun handa kennaranum við læknaskólann, sem komu í gildi 1. jan. 1884, og enginn efast um, að þingið hafi þá ákveðið launin eins og því þótti hæfilegt. Hitt er meir en merkilegt, og jeg verð að segja, með harla lítilli samkvæmni, að svo skuli næsta þing, þingið 1885, fara að hluta ofan á sömu launin, sem sömu mennirnir höfðu slegið föstum og talið nægileg 2 árum áður. Jeg get ekki annað sjeð, en að það sje viðurhlutamikið og athugavert í þessu árferði, að hækka nokkuð upp úr hinum fastákveðnu launum.

Jeg vildi mikillega óska, að umræðurnar um þetta atriði hefðu eigi orðið eins langar og þær þegar eru orðnar, og er mjer óskiljanlegt, að menn skuli ekki geta greitt atkvæði um slíkt, án þess að slíkar umræður þurfi að verða um það. Að minnsta kosti vona jeg, að eigi þurfi að verða aðrar eins umræður um 13. gr. B. II. a., þegar þar að kemur.

Jeg ætla svo ekki að taka fleira fram, enda þó fleira mætti til greina; jeg vona, að umræðurnar um þennan kafla sjeu nú þegar á enda.

Ólafur Pálsson: Jeg ætlaði að eins að taka fáein orð fram viðvíkjandi styrknum til vegabóta. Jeg get ekki vel skilið, að rjett sje að verja svona miklu fje til vega, sem ekki er byrjað á, þar sem þó er um marga vegi að gera, sem þegar er byrjað á, og sem ekki fæst fje til að fullgera; svo er ástatt í mínu kjördæmi; þar er mikið ógert, og óborgað, sem búið er að gera, og hefir verið sótt um styrk til þess, en eigi fengizt, eins og lesa má á lestrarsalnum; og enn á liðnu vori hefir mikið verið unnið, og öllu vegabótafje sýslunnar hefir verið varið til þess, og skuldin mun nú nema 5—600 krón. Er nú rjett að leggja þessa aðalpóstleið niður og gera það ónýtt, sem komið er? Jeg segi nei. Er eigi rjettara að halda hjer áfram, en að fara í þess stað að byrja á einhverju nýju? Jeg vona að þetta verði athugað af h. þingd. Og þó menn vilji hjálpa Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum í þeirra fátækt, þá verð jeg að spyrja: Hvar er meiri fátækt en í Skaptafellssýslum? Og eigum við að gjalda þess í nokkru, að við berjumst af alefli við það að taka ekki hallærislán? En það kemur ekki af því, að við þurfum þess ekki, heldur af því, að við kennum okkur ekki menn til að geta endurgoldið það. Og ef svo ofan á allt annað bætist, að atvinnan við vegabæturnar alveg missist, þá veit jeg ekki hvernig þeir, sem flestir eru leiguliðar hins opinbera, eiga að fara að standa í skilum, þegar þeim á engan veg er linað í neinu frá því opinbera. Jeg vona, að h. þingdeild taki þessar athugasemdir mínar til greina.

Grímur Thomsen: Jeg ætla að eins að gera fáeinar athugasemdir út af aukalæknunum, því mjer virtust undirtektir fjárlaganefndarinnar undir það breytingaratkvæði mitt harðar og stirðar.

Jeg ímynda mjer, að nefndin hafi ekki gert sjer það ljóst, hvernig það muni vera, að missa vinsælan lækni, sem víða er orðin húslæknir. Allir vita, hve satt það er, sem Cicero segir á einum stað: »medicum oportet amicum esse», þ. e. læknirinn á að vera vinur. Menn bera meira traust til þess læknis, sem þeir þekkja, og er þar að auki þeirra góður vinur og vitjar þeirra daglega, heldur en einhvers ókunnugs manns. Þess vegna er ekki nóg, þó annar komi í staðinn, ef hann fer. Jeg skýt því til þeirra hjer í deildinni, sem eru læknar, hvort mönnum nægi að fá einhvern og einhvern, þó fullnýtur sje, í staðinn fyrir þann lækni, sem þeir, ef svo mætti að orði komast, unna hugástum. Jeg veit, að ekki er til neins að skjóta málinu til mannúðar fjárlaganefndarinnar í heild sinni; jeg ætla þess vegna ekki að gera það; en jeg ætla að snúa mjer til mannúðar hvers einstaks fjárlaganefndarmanns, því það mun vera leit á mannúðlegri mönnum hverjum í sínu lagi, þó annað verði ofan á, þegar þeir koma saman í 7 manna nefnd. Hvort nú nefndin vill hækka hjá öllum þessum læknum, getur verið mjög efasamt, en þó hún vilji það ekki, þá vona jeg, að hún geri þó sjerstaka undantekningu með læknirinn á Akranesi. Jeg veit, að margir í hinni heiðruðu nefnd vita það einnig, að hann er mjög vinsæll og duglegur læknir, og á kost á að fá læknisembætti með 1500 kr.

launum; en Akurnesingar vilja fyrir engan mun missa hann, og hafa til þessa goldið honum fje úr sínum eigin vasa, til þess að missa hann ekki, og mjer er kunnugt, að þó hann fengi í viðbót þær 200kr., sem um er að ræða, þá yrðu nokkrir efnamenn samt að leggja á sig 2—300 kr. útgjöld til þess að fá að halda þessum sínum kæra lækni. Jeg ætla því að skjóta þessu máli, ekki til deildarinnar í heild sinni, því jeg veit, að þar er ekki um gott að gera, heldur til hinna einstöku þingdm., því þeir eru sanngjarnir hver um sig. En hvernig sem þetta kann að fara, geymi jeg mjer rjett til að taka þennan eina lækni út af breyt.till. til 3. um.

Þá ætla jeg að minnast lítið eitt á aukapóstferðirnar; jeg hef nú síðan í gær talað við póstmeistarann um þetta, og telur hann mjög æskilegt, að hjer gangi aukapóstur, og sagði það mundi auka stórum brjefaburð og þannig tekjur landssjóðs. En jeg get sagt annað, og það er það, að eins dæmi mun vera, ekki einungis hjer á landi, heldur einnig í öllum þeim menntaða heimi, að ekki gangi aukapóstur í jafnfjölmennt kauptún og fiskiver, eins og Akranes er. Jeg skil ekki í því, að þeir sem efla vilja samgöngur, skuli mæla á móti þessu, því ekki er kostnaðurinn svo mikill, einar 400 kr. hvert ár, og þar af mundi eflaust meiri partur fást aptur fyrir brjefaburð.

Jeg vona, að fjárlaganefndarmennirnir verði með þessari breyt.till. minni. Póstmeistarinn gat þess einnig við mig, að ef þetta fengist, mundi hann, þegar hægt væri — því slíkt er komið undir sjó og vindi — senda póstinn sjóveg upp á Akranes, og mundi það næsta vel til fallið.

Sem sagt, jeg vænti hins bezta af fjárlaganefndarmönnum, þegar þeir jafna sig, því ósanngjarnir munu þeir varla reynast þegar á skal herða.

Mjer til mikillar sorgar hef jeg nú komizt til þeirrar niðurstöðu, að allt hið illa, sem jeg hef heyrt um Eyðaskólann, muni satt vera; ræð jeg það af hinni órjúfandi þögn 2. þm. N.-Múl. (Þ. Kjer.), því jeg er viss um, að honum væri sönn ánægja að bera þennan orðróm til baka, ef hann gæti.

Jeg skal að endingu geta þess, að jeg hef enn ekki getað komizt að því, hvort framsögum. (E. Br.) vill þekkjast þau sættaboð, sem jeg hef gert honum, nefnil. að jeg greiði atkvæði með launum hins umboðslega endurskoðanda, en hann taki aptur breyt.till. nefndarinnar um launalækkun landlæknisins og kennarans á læknaskólanum. Þetta þarf jeg að vita fyr en til atkvæða er gengið, því laun hins umboðslega endurskoðanda koma fyr undir atkvæði.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Álit nefndarinnar á þessu máli liggur skýrt fram lagt í áliti hennar, og þar mun hún láta standa við, en þm. getur greitt atkvæði, eins og honum sýnist.

Þorvaldur Bjarnarson: Jeg er þeim þakklátur, sem hafa lagt það til, að hækka laun aukalæknanna, og þar með leitast við að afmá það ranga ástæðulausa launamisrjetti, sem hingað til hefir drottnað meðal lækna, því það er engin sanngirni í því, að láta þá hafa 500 kr. minna en hina, þó þeir hafi allt eins erfiðan verkahring. Það er heldur ekki sjáanlegt, að þeir geti unað við svona lág laun, og þá er ekki til neins að stofna þessi aukalæknishjeruð, ef þau eru svo illa launuð, að enginn læknir vill vera í þeim. Þessi 200 kr. eru heldur ekkert stórræði, svo mjer finnst hreint ekki eiga við að sjá í það, ef læknarnir fremur eptir en áður gætu unað hag sínum. Jeg sje enga ástæðu til að gjöra undantekningu með læknirinn á Akranesi; allar þær ástæður, sem með honum mæla, mæla einnig með hinum. Það er líka meira en launaupphæðin ein, sem hjer er um að ræða: að aukalæknar fá engin eptirlaun, en það fá hinir; þess ætti þó sannarlega að gæta. Jeg verð að

segja, að jeg skil ekki, á hverju þessi launamunur er byggður; hvorirtveggja þurfa jafna kunnáttu og hafa jafnan starfa. Ættu því launin að vera því nær eða alveg jöfn. Jeg vona deildin samþykki breyt.till.

Jón Jónsson: Jeg ætla eigi að verja mörgum orðum til þess að svara h. 2. þm. Rangv., er nú settist niður (Þorv. B.). En mjer kom samt nokkuð undarlega fyrir sumt af því sem hann sagði; en orsökin til þess mun eflaust vera sú, að Stefán Gíslason í Núpakoti og Magnús prestur í Laufási eru sinn hvor maður. Þetta mun valda því, að þm. farast nú á annan veg orð en stundum fyr hjer í deildinni, þá er ræða hefir verið um uppbót á launum. Ýmsir hafa fundið að niðurfærslu nefndarinnar á því fje, sem til gufuskipaferða var ætlað, og þm. Barðstr. (Sig. J.) taldi viðsjárvert að rýra þessa upphæð, því ef ferðirnar fækkuðu, mundu pöntunarfjelög og smákaupmenn, sem fá vörur með strandskipunum, bíða tjón af því, en að pöntunarfjelögum og innlendum smákaupmönnum vilja flestir hlynna.

Jeg þekki nokkuð til pöntunarfjelaga, og þar sem jeg veit um, er mjög lítið af vörum flutt til þeirra á strandferðaskipunum dönsku, en því meira á norskum og enskum gufuskipum.

Þm. Rvk. spáði, að það mundi vekja óánægju meðal landsmanna, ef strandferðirnar fækkuðu. Jeg get ekki vitað, hversu kunnugur hann er vilja manna í þessu efni; en þar sem jeg þekki til, býst jeg við að það valdi meiri óánægju, að nokkur eyrir skuli vera veittur til strandferðanna, heldur en að það er lækkað. Hann sagði, að ekki væri ástæða til að ætla útgjörð póstgufuskipanna ódýrri nú en 1880, heldur þvert á móti, því nú væri komin samkeppni meiri en þá og flutningur minni í hlutfalli við kostnaðinn. En nú vil jeg spyrja, er það meining þm., að veita skuli gufuskipafjelaginu danska fje til þess að bæla niður alla samkeppni í siglingum kringum strendur landsins? Sje svo, held jeg bezt væri að afnema þessa fjárveitingu með öllu, og víst mundi jeg til þess fús, ef því væri að skipta.

Enginn mun geta neitað því, að yfir höfuð hefir orðið meiri og verulegri hagnaður af ferðum enskra og norskra gufuskipa hjer við land, en af ferðum hinna dönsku.

Þá mælti þm. harðlega móti þeim orðum 2. þm. Eyf., að Danir væru lítt hugaðir á ferðum sínum kring um landið; jeg skal ekki segja neitt um það, hvort þeir eru meira eða minna hræddir, en til almennrar upplýsingar má geta þess, að borið hefir það við, að skipstjóri á einu skipi hins sameinaða gufuskipafjelags, er að vísu var ekki strandferðaskip, heldur leigt til vöruflutnings til Húsavíkur og til að flytja sauði frá Eyjafirði, þorði eigi að liggja yfir eina haustnótt á Húsavíkurhöfn, og þó var blíðalogn og ekki sjáanlegt, að neitt væri að óttast. Skipið kom með vörufarminn um miðjan dag. Menn kepptust við að ná vörunum úr skipinu; en eptir 4 klukkustundir fjekkst skipstjóri eigi til að vera lengur, því þá fór að rökkva. Hann lagði því það sem eptir var af vörunum upp á Akureyri; varð að selja það þar til stórskaða fyrir fjelagið, sem vörurnar átti. En á þessa sömu höfn kom einu sinni gufuskip, er Slimon átti, lagðist nær landi en dönsk gufuskip nokkurn tíma hafa komið, og tók þar farm af sauðfje í ekki góðu veðri.

Á síðastliðnu vori fyrir páska kom »Miaca» til Húsavíkur í stórhríð að kalla mátti, lá þar í 2 sólarhringa og var með mesta harðfylgi, að upp náðist nokkur hluti farmsins. En í því veðri er alveg óhætt að fullyrða, að dönsku gufuskipin hefðu eigi þorað að koma þar nærri landi. Jeg verð að álíta óheppilegt, ef meiru fje væri varið til strandferðanna, en nefndin sting-

ur upp á, enda þó þær væru leystar skár af hendi en gert er.

En það er satt, að Vesturland hefir, enn sem komið er, haft lítið af öðrum gufuskipum að segja en þeim dönsku; samt er það engin ástæða til hærri fjárveitingar, því það væri víst hægur vandi fyrir menn þar, að komast í samband við skipaferðir þær, sem eru til Norðurlands og Austurlands. Í vetur komu gufuskip á hverjum mánuði til Norðurlands, og mundi hafa komið vestur, ef menn þar hefðu þurft og haft framkvæmd til að koma sjer í samninga við þau.

Um laun landlæknisins hefir verið mikið talað, en það er eins og enginn af þeim, sem mælt hafa móti till. nefndarinnar, hafi gert sjer ljóst, um hvað verið er að tala; allir segja þeir, að óviðkunnanlegt sje, að svipta hann þeirri launaviðbót, sem hann hafi fengið; en hjer er ekki um neina sviptingu að ræða; honum hefir aldrei verið veitt nein launaviðbót fyrir næsta fjárhagstímabil; hjer er eingöngu um það að ræða, hvort nú eigi að veita honum það, sem honum var veitt á þessu fjárhagstímabili; þá launaviðbót er hann víst búinn að fá, og jeg veit eigi til, að nokkur hafi farið fram á, að svipta hann henni.

Eptir því sem jeg skildi h. þm. Rvk. (J. J.) var svo að heyra, sem hann hefði mest á móti því, að láta ógert að veita þessa launaviðbót af því, að þá fengi landlæknirinn meira en svo sem því svaraði fyrir að kenna yfirsetukvennafræði, sem hann kenndi ókeypis, ef hann fengi launaviðbótina. Þessi skoðun þm. Rvk. (J. J.) sannar það, að »enginn er annars bróðir í leik». Ef svo færi, þá er landlæknirinn vel að því fje kominn, og þá ættu þeir, sem halda hans máli fram, að láta sjer vel líka.

H. þm. Borgf. (Gr. Th.) lætur sjer mjög annt um aukapóstferðir á Akranes. Einn kunnugur og fróður maður í þeim efnum hefir sagt mjer, að hvergi sje minni þörf á slíku en einmitt þar; samgöngur eru þaðan mjög tíðar til Reykjavíkur; og hægðarleikur er að koma brjefum frá Saurbæ á Hvalfjarðarströnd ofan á Akranes, og svo brjefum þaðan aptur að Saurbæ á þeim tíma, sem póstur þarf til að fara frá Saurbæ til Reykjavíkur og þaðan aptur til Saurbæjar. Það má ekki fara eptir því, þó slíkt geti verið mjög gott fyrir einstaka menn; það er óþarfi að kosta til þess af almannafje samt.

Það var fallegt að heyra h. þm. Borgf. (Gr. Th.) tala um mannúð. Það minnir mig á ummæli þau, er höfð hafa verið um Eyðaskóla.

Um hann finnst mjer ekki hefði þurft að tala neitt að svo stöddu; nefndin hefir eigi gefið tilefni til þess umtals, því hún nefnir að eins Eyðaskóla, sem verandi til, og hún er honum ekki sjerlega hlynnt, þó hún setji hann á bekk með búnaðarfjelögum; auk þess er óhægt að tala um hann, því engar skýrslur hafa komið fram um hann; er því líkast sem menn tali um ókunnan mann, þegar um hann er talað, og hingað til hefir það eigi þótt göfuglegt eða mannúðlegt, að »ausa auri úkunna menn»; en þó fer þeim líkt, sem berja skóla þennan brigzlyrðum.

Þorvaldur Bjarnarson: Jeg held þm. (N.-Þing.) hafi ekki skilið mig vel áðan, þegar jeg var að tala um aukalæknana; ræða mín átti ekkert skylt við Stefán Gíslason í Núpakoti, því hann er enginn til — þm. talaði um það sem ekki var, ekki er og ekki verður, — heldur talaði jeg að eins um aukalækna yfir höfuð, án tillits til nokkurs einstaks.

Ólafur Pálsson: Jeg skal ekki vera langorður, en ætla að drepa á búnaðarstyrkinn.

Jeg veit ekki, hvernig landsh. á að geta úthlutað einum 2000 kr. um allt land og skipt því jafnt niður eptir hlutföllum, en hins vegar getur slíkt fje orðið að mikl-

um notum, þó það ekki gangi til búnaðarskóla; jeg veit, að það fje, sem sýslunefndir hafa haft til umráða, hefir orðið að góðum notum víðast hvar, sem úthlutað hefir verið í þá átt. En hvað aukalæknum viðvíkur, þá er ekki víst, að nein sanngirni sje í því, að launa þeim öllum jafnt; einn þeirra getur verið eins vel haldinn með 1000 kr. og annar með 1200 kr., allt eptir ástæðum og erfiðleikum, sem hann á við að búa. Menn hafa hjer höfuð mættu aukalæknar hreint ekki að hafa minna í samanburði við aðra lækna en 1200 kr. víðast hvar, en ef það fengist, er það þó nær sanni en 1000 kr. Þannig held jeg, að hinn eldri læknir í Rangárvallasýslu hafi engu stærri verkahring en hinn nýi; er þá ekki misjafnt? En við því verður ekki gert að þessu sinni, nefnil. að geta gert jöfnuð og máske aldrei eins og þarf að rjettu hlutfalli.

Þorvarður Kjerulf: Með lítilli hæversku hef jeg nú verið neyddur til að tala um það, sem jeg ekki veit; því menn geta hjer ekki farið eptir öðru en annaðhvort eigin þekkingu eða skýrslum; skýrslur frá Eyðaskólanum liggja hjer engar fyrir, en jeg vona að þær verði komnar hingað áður en fjárlögin eru afgreidd frá þinginu. Mun þingmönnum þá gefast kostur á að sjá, hvað satt er af þeim óhróðri, sem hjer í deildinni hefir verið borinn á Eyðaskólann. En h. þm. Borgf. (Gr. Th.) skal jeg segja það, að jeg þykist sitja eins nærri frjettum frá Eyðaskólanum, eins og hann, og hef jeg engar slíkar sögur heyrt, sem þær, er hann fræðir þm. á um skóla þennan.

ATKVÆÐAGR. (Atkvæðaskrá 290):

Breyt.till. Gr. Th. við 8. gr. felld með 14 gegn 3 atkv.

Breyt.till. Gr. Th. við 8. gr. síðari liður fallinn.

8. gr. óbreytt samþ. í einu hljóði.

9. — — — - — —

10. — A. 1. — - — —

10. gr. A. 2. samþ. í e. hlj.

Breyt.till. N. við 10. gr. A. 3. fyrri liður samþ. með 21 atkv.

síðari liður samþ. með 15 gegn 1 atkv.

10. gr. A. 3. fallinn.

10. gr. B. 1. a. samþ. í einu hljóði.

b. — - — —

2. — - — —

Breyt.till. N. við 3. a fyrri lið samþ. með 20 atkv.

síðari lið. samþ. með 20 atkv.

B. 3. a fallinn fyrsti liður.

— — - 2. lið. samþ. með 19 atkv.

— — - 3. — — — 18 —

— — b.1. lið. samþ. í einu hljóði.

— — - 2. — — - — —

— — - 3. — — - — —

— — - 4. — — - — —

— — - 5. — — - — —

— — - 6. — — - — —

— — - 7. — — - — —

Breyt.till. við B. 3. c frá N. samþ. með 15 gegn 1 atkv.

B. 3. c. fallinn.

— 4. a. samþ. með 21 atkv.

Breyt.till. N. við B. 4. b. samþ. með 13 gegn 9 atkv. að

viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson.	Jón Þórarinsson.
Árni Jónsson.	Benedikt Sveinsson.
Eiríkur Briem.	Grímur Thomsen.
Gunnar Halldórsson.	Jónas Jónassen.
Jón Jónsson.	Lárus Halldórsson.
Ólafur Briem.	Ólafur Pálsson.
Páll Briem.	Sigurður Jensson.
Sigurður Stefánsson.	Þorsteinn Jónsson.
Sveinn Eiríksson.	Þorv. Kjerulf.
Þór. Böðvarsson.	
Þorl. Guðmundsson.	
Þorleifur Jónsson.	
Þorvaldur Bjarnarson.	

B. 4. b. fallinn.

Breyt.till. N. við 4. c. samþ. með 16 atkv.

4. c. fallinn.

Breyt.till. N við 4. d. samþ. með 16 atkv.

4. d. fallinn.
4. e. samþ. í einu hljóði.
4. f. — - — —
10. gr. C. 1. a. — - — —
b. — með 21 atkv.
c. — — 20 —
d. — — 20 —
2. — — 20 —
3. — — 20 —
Breyt.till. N. við 4. a. — — 18 —
— — — 4. b. — — 14 —
— — — 4. c. — — 16 —
athsemd — — 20 —
— — — 4. d. — — 18 —
athsemd — — 17 —
C. 4. fallinn.
10. gr. C. 5.
Breyt.till. N. við C. 5. a. samþ. með 13 atkv.
— — b. — — 19 —
— — c. - — 14 gegn 8 atkv.

að við höfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Jón Þórarinsson.	Grímur Thomsen.
Páll Ólafsson.	Lárus Halldórsson.
Árni Jónsson.	Ólafur Pálsson.
Benedikt Sveinsson.	Sigurður Jensson.
Eiríkur Briem.	Sveinn Eiríksson.
Gunnar Halldórsson.	Þorl. Guðmundsson.
Jón Jónsson.	Þorv. Bjarnarson.
Jónas Jónassen.	Þorv. Kjerulf.
Ólafur Briem.	
Sigurður Stefánsson.	
Þórarinn Böðvarsson.	
Þorleifur Jónsson.	
Þorsteinn Jónsson.	

Páll Briem greiddi eigi atkvæði, og var því talinn með meiri hlutanum.

Breyt.till. N. við C. 5. d. samþ. með 16 atkv.
Breyt.till. P. Br. við C. 5. fallnar.
C. 5. fallinn.
Breyt.till. N. við C. 6. samþ. með 14 gegn 6 atkv.
Athsemd N. við C. 6. samþ. með 16 gegn 3 atkv.
C. 6. fallinn.
C. 7. a. samþ. með 20 atkv.
Breyt.till. N. við 7. b. samþ. í e. hlj.
7. b. fallinn.
7. c. samþ. í e. hlj.
d. — — —
e. — — —
f. — — —
g. — — —
h. — — —
Breyt.till. N. við C. 8. samþ. með 13 gegn 3 atkv.
C. 8. fallinn.
C. 9. samþ. með 20 atkv.
Breyt.till. N. við C. 10. tekinn aptur.
C. 10. samþ. í hlj.
10. gr. samþ. í e. hlj. með breyt.
11. gr.:
Breyt.till. N. við 11. gr. 1. samþ. með 13 gegn 5 atkv.
11. gr. 1. fallinn.
Breyt.till. N. við 11. gr. 2. a. samþ. í e. hlj.
— — b. samþ. með 20 atkv.
— — c. — — 20 —
— — d. — — 20 —
— — e. fyrri lið. samþ. með 20 atkv.
síðari — — — 16 —
Allar hinar breyt. fallnar.
11. gr. 3. a. samþ. með 21 atkv.
b. samþ. í e. hlj.
c. — — —
d. — — —
e. — — —
11. gr. með breyt. samþ. í e. hlj.
12. gr. 1. a. samþ. í e. hlj.
b. — — —
c. — — —
Breyt.till. Gr. Th. við 2. felld með 14 gegn 6 atkv.
12. gr. 2. samþ. í e. hlj.
3. a. — — —
b. — — —
c. — — —
d. — — —
e. — — —
f. — — —

12. gr. 3. g. samþ. í e. hlj.
12. gr. óbreytt samþ. í e. hlj.
—Þá kom til umr. þriðji kafli, 13.—19. gr.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Viðvíkjandi 13. gr. A. hefir nefndin gert grein fyrir í nefndarálitinu, að af því fje, sem veitt er til bráðabyrgðaruppbóta fátækum brauðum, vill hún veita hinum núverandi presti í Grímsey 400 kr. hvort ár fjárhagstímabilsins.

Breyt.till. h. þm. Barðstr. (S. J.) fer fram á, að veitt sje Gufudalsprestakalli bráðabyrgðaruppbót 200 kr. hvort árið.

Nefndin hefir haft bænarskrá í höndum um þetta, og hefir ekki verið þessu meðmælt; en hún hefir nú fengið frekari upplýsingar, og vill ekki leggja á móti þessu.

Viðvíkjandi B. I. leggur nefndin til að ölmusur til prestaskólans sjeu færðar niður úr 5 niður í 3. Fleiri breyt.till. hafa ekki komið fram við þennan tölul.

Að því er snertir B. tölul. II. a. vill nefndin færa niður laun fastakennarans við læknaskólann, er hann hafði 1886 og 1887; sjer nefndin eigi ástæðu til að veita launaviðbót þessa einnig um næstkomandi fjárhagstímabil. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar við læknaskólann álítur nefndin, að 120 kr. muni nægja.

Svo er nýjum tölulið bætt við, um »klinik«; álítur nefndin að skólinn hafi gagn af því, og leggur til, að veittar sjeu allt að 100 kr. til þessa.

Viðvíkjandi lærðaskólanum hefir nefndin ekkert að athuga við laun og aðstoðarfje til skólans.

Til eldiviðar og ljósa hefir aldrei þurft á 1000 krónum að halda, svo að nefndin álítur, að vel megi færa þessi útgjöld niður úr 1200 kr. í 1000 kr. Enn fremur álítur nefndin, að gjöldin til viðhalds hússins utan og innan megi færa niður, með tilliti til þess, að skólahúsið hefir nýlega fengið mikla aðgerð. Nefndin leggur enn fremur til, að 5. töluliður sje færður niður um 5 heilar ölmusur fyrra fjárhagsárið og 5 aptur hið síðara, með því að aðsóknin til skólans sje svo mikil, að eigi sje ástæða til að örfa hana, eða örfa menn til að koma til skólans í von um mikinn fjárstyrk.

Næsta tölulið álítur nefndin og að megi færa niður, og vel megi spara styrkinn til hins árlega hátíðahalds; piltar þurfa þessutan að borga frá sjálfum sjer töluvert, sem fátæka pilta getur munað um, enda eru það fjölda margir, sem eigi hafa tekið þátt í hátíðahaldi þessu; gætu þeir eins fyrir því haldið hátíð, og það á þann hátt, sem væri eins hátíðlegur.

9. töluliður álítur nefndin að sje nauðsynlegur, ef náttúrufræðiskennslan á að geta orðið að fullum notum. Til að gefa út vísindalega ritgerð aptan við skólaskýrsluna álítur nefndin nægja 200 kr., og vill hún bera sig saman við h. uppástungumann því viðvíkjandi.

Við B. IV. er ekkert að athuga. Aptur er við V. tölulið veruleg breyting, einkum við kvennaskólana. Nefndin vill eigi lækka þann styrk, er þeir áður hafa haft, heldur bæta við styrk til stúlkna. Áleit nefndin stofnanir þessar til mikilla nota, einnig með tilliti til þess, að stúlkur, er hefðu notið kennslu á kvennaskólanum, gætu síðar kennt út frá sjer.

Að því er snertir styrkinn til barnaskóla, áleit nefndin eigi ástæðu til að styrkja aðra barnaskóla en í sjóþorpum og verzlunarstöðum, öðrum en kaupstöðum. Barnaskóla í sveitum áleit n. eigi mikla ástæðu til að styrkja, því að þeir mundu eigi verða að svo miklum notum, að ástæða sje til að styrkja þá af landsfje; aptur á móti vill nefndin veita styrk til 20 sveitakennara, allt að 50 kr. til hvers um sig. Einnig um það atriði er breyt. uppást. frá nefndinni. Breyt.uppást. frá 2 h. þm. (Ól. Br. og Þorl. Guðm.) fer lengra

og fellir nefndin sig eigi öldungis við það, en nálgast þá ef til vill til 3. umr. og mun athuga það þangað til.

Við alþýðuskólana hefir nefndin tilnefnt þá skóla, sem hún álítur að um geti verið að tala.

Að því er snertir organistann við dómkirkjuna í Reykjavík, hefir nefndin eigi breytt þeim tölulið; en hjer hefir komið fram breyt.till. frá 2 h. þm., um að færa þetta niður; en frá manni þeim, sem hjer á hlut að máli, hafa komið skýrslur, og er mikið um vert, hversu hann hefir útbreitt sönglist í landinu, og hefir hann kennt 50—60 mönnum á fjárhagstímabilinu.

Viðvíkjandi kennslu í stýrimannafræði hefir nefndin lagt til, að veitt væri jafnmikið fje og að undanförnu til húsnæðis og kennara í Reykjavík, en aptur á móti í staðinn fyrir styrk til námspilta, þá leggur nefndin til, að veittur sje styrkur til kennslu annarsstaðar, svo að menn gætu fengið uppfræðingu víðar, t. d. í Hafnarfirði og á Ísafirði.

Viðvíkjandi tölulið C. fer nefndin fram á, að launaviðbót til bókavarðar við landsbókasafnið falli burt, því hann færi frá störfum sínum innan skamms. Nefndin stingur þar á móti upp á, að staflðurinn *e* sje færður upp í 1200 kr., og það erjafnframt tekið fram, að fje þetta sje eigi að eins ætlað til að kaupa bækur, heldur og til bókbands, því að það fer mikið í það, ef svo er gjört sem vera skal. Enn fremur álítur nefndin mjög mikilsvert, að draga sem mest að bókasafninu af handritum; þau fara annars út um allt, og fara að forgörðum; nefndin vill því hækka þetta tillag. Það hefir komið fram tillaga frá h. þm. Borgf. (Gr. Th.); vill hann bæta við laun bókavarðanna og mun sú vera meiningin, að þeir skuli þá semja skrá yfir bækur og handrit án sjerstakrar borgunar, og ímynda jeg mjer, að nefndin sje eigi fjarlæg þeirri uppástungu. Við tölulið 3. hefir nefndin ekkert sjerlegt að athuga.

Nefndin vill lækka styrkinn til bókmenntafjelagsins, og láta hann vera svo sem hann var ákveðinn á yfirstandandi fjárhagstímabili. Styrkinum til þjóðvinafjelagsins leggur nefndin á móti. Nefndin er á því, að hækka skuli styrkinn til forngripasafnsins um 300 kr., með tilliti til þess, hve áríðandi það er, að geta dregið forngripi til safnins; enn fremur er í ráði, að safnið eignist hina dýrmætu forngripi frá Hólum. Enn fremur leggur nefndin til, að fornleifafjelaginu sje veittur sami árlegur styrkur sem það hefir notið að undanförnu.

Við 14. gr. hefir nefndin ekkert sjerlegt að athuga.

Við 15. gr. hefir nefndin stungið upp á, að Jóni Árnasyni sjeu veittar 800 kr. í eptirlaun á ári. Hann fer frá 1. okt. í haust og er ekki orðinn fær um að gera neitt; hefir hann þar að auki í fjölda mörg ár haft umsjónina á hendi fyrir nálega enga borgun, og enn fremur hefir hann unnið Íslandi mikið gagn og sóma með ritstörfum sínum. Við þessa grein hafa 2 þm. (J. Jónassen og Þorst. Jónss.) gjört breyt.till. um að veita Þorbjörgu Sveinsdóttur styrk. Nefndin viðurkennir konu þessa góðs maklega, en getur þó eigi lagt með því, sem hjer er farið fram á, og það mundi líka verða til eptirdæmis fyrir fleiri.

Viðvíkjandi styrknum til Benidikts Gröndals er það að segja, að nefndin hefir sjeð, hversu mikið hann hefir gjört, og virðist nefndinni safn hans mikið og merkilegt; finnst henni því ástæða til, að hækka styrkinn um næsta fjárhagstímabil, svo að hann verði 800 kr. á ári.

Að því er snertir styrkinn til verklegs fiskiklaks, þá álítur nefndin, að vert sje að styrkja um næsta fjárhagstímabil þær tilraunir þar að lútandi, sem nú er verið að halda fram, svo þær geti orðið full-

nægjandi, en heldur ekki vill hún lengra ganga í þessu efni.

Að því er snertir 4. tölulið, er nefndin samþykk stjórnarfrumvarpinu.

Nefndin álítur, að vert sje að styrkja Þorvald Thoroddsen til vísindalegra rannsókna, og ófært sje að sleppa því alveg. Á hinn bóginn er það að segja með breytingartill. hæstv. landsh. viðvíkjandi gripasýningunni í Kaupmannahöfn, að nefndin efast um hagsmuni þess fyrir landið, að taka þátt í henni, og þykist því eigi geta lagt með því, að miklu fje sje varið í því skyni.

Breyt.till. frá h. þm. Snæf. (P. Br.) fellst nefndin eigi á, — viðvíkjandi að gjörðinni á Rifsós.

Svo er uppást. frá h. 2. þm. Gullbr. og Kjósars. (J. Þór.) um styrk til Jónasar Helgasonar til þess að gefa út viðbætir við kóralbók, með því skilyrði, að hver kirkja fengi eitt eintak hennar, en nú eru um 300 kirkjur á landinu, og yrði það þá enginn gróði fyrir útgefanda, þó hann fengi styrkinn.

Að því er snertir dómasafnið, mun varla veita af 20 kr. fyrir hverja örk, og ætla má að enginn vildi annast útgáfuna fyrir 10 kr. á örkina.

Aptur á móti vill nefndin bæta við nýjum tölulið, og veita Hermanni búfræðing allt að 300 kr. á ári til að gefa út búnaðarrit, 12 arkir að stærð á ári.

Að því er snertir 17. gr. vill nefndin að eins veita til óvissra útgjalda 3000 kr. fyrir fjárhagstímabilið, er vel mundi hafa dugað að undanförnu, þegar Helgastaðanáman er frá skilin; en hún ætti að vera í nýjum útgjaldalið.

Viðvíkjandi 18. gr. leiðir orðabreytingin af sjálfu sjer; verður að bæta við nýrri grein við 3. umr., ef lfrv. þau, sem fyrir þinginu eru, ná fram að ganga.

Landshöfðingi: Jeg get ekki annað en fallizt á margar breytingar h. nefndar, einkum þær, er miða að því, að fara sparlega með landsfje.

Að því er 13. gr. A í fjárlagafrumvarpinu snertir, þá hefi jeg ekki annað við hana að athuga en það, að þar sem h. nefnd vill bæta þar inn í athugasemd um að veita prestinum í Grímsey 400 kr. uppbót hvort árið, þá er jeg því fullkomlega samþykkur; en mjer virðist, að þá hefði jafnframt átt að hækka útgjaldaliðinn tiltölulega, eða um 200 kr. hvort árið.

Við B. 1 hefi jeg ekkert að athuga. — Ef h. þingd. ásamt nefndinni sýnist, að færa niður ölmusurnar til prestaskólans úr því, sem þær eru ætlaðar í stjórnarfrumvarpinu, þá þýðir ekki að fást um það. — Að því er snertir launin til kennaranna á læknaskólanum, þá stendur sú breytingartill. nefndarinnar, sem þar er gerð við, í samræmi við þá atkvæðagreiðslu, sem hjer fjell í dag, og tjáir því ekki að tala meira um það. Þeim breytingum, sem h. nefnd hefir gert á fjárveitingunni til lærða skólans, hefi jeg ekkert á móti, nema að því leyti sem jeg þó kann hálf-illa við, að teknar sjeu burtu þær 100 kr., sem skólapiltar hafa fengið til þess að halda hátíðlegan fæðingardag konungsins. Mjer fannst líka framsögum. (E. Br.) ekki vera vel ljós, þegar hann var að tala um, hvernig piltar gætu haldið þann dag hátíðlegan. Hann talaði um, að skólapiltar þyrftu að borga nú 5—6 kr. hver, þó þeir hefðu styrkinn. Það var þó víst ekki meining hans, að þeir þyrftu að borga minna hjer eptir, þegar búið er að taka þennan styrk frá þeim. Mjer hefði þótt gaman að heyra, á hvern hátt h. framsögum. eptir sinni meiningu vildi, að skólapiltar hjeldu þennan dag hátíðlegan. Venjulega hafa þeir haft »ball« þennan dag. Þetta þykir öllum ungum mönnum mikil skemmtun, og það er líka í sjálfu sjer saklaus og góð skemmtun.

Þó nú h. nefnd þannig hafi fært niður

ýmsa gjaldliði til hinna 3 lögboðnu skóla, nefnilega læknaskólans, prestaskólans og lærða skólans, þá hefir hún hins vegar verið þeim mun ríflegri í fjárveitingum sínum til kvennaskólanna. Þann gjaldlið hefir h. nefnd fært talsvert upp. Þetta virðist mjer undarlegt, að minnsta kosti að því er snertir kvennaskólann í Reykjavík. Jeg geri ráð fyrir, að sumum í h. nefnd sje kunnugt, að skóli þessi hefir á tímabilinu frá 1. septbr. 1884 til 31. ágúst 1886 lagt upp rúmar 1100 kr., en það er víst ekki meiningin með fjárstyrk til skólanna, að þeir eigi að leggja hann í sjóð. Um fjárhag hinna annara kvennaskóla á landinu er mjer ekki eins kunnugt, en mjer þykir skrítið, ef þeim ekki dugar sá fjárstyrkur, sem þeim er ætlaður á frumv. Mjer virðist það ekki sjálfu sjer samkvæmt, að færa niður gjöldin til hinna lögboðnu skóla, en upp til kvennaskólanna. Að því er snertir barnaskólana, þá er jeg ekki fráleitur því, að það kunni að vera rjett, að styrkja þá eins og h. framsögum. (E. Br.) tók fram, nefnilega ekki sveitaskóla, heldur að eins barnaskóla í sjóplássum. En samt eru til í sveitum þeir barnaskólar, sem hart væri að svipta styrk sínum. Jeg vil nefna barnaskólann í Ölvesi. Það væri óþægilegt fyrir Ölvesinga, að missa styrkinn til þess skóla, og þeir gætu þá ekki heldur haldið honum við. Þeir hafa byggt sjer skólahús, ráðið til sín kennara og útvegað honum jörð. Ef þeir nú misstu styrkinn, þá yrði húsið þeim ónýtt og maðurinn sviptur atvinnu sinni. Sama er að segja um barnaskólann á Leirá. Til hans hefir líka verið kostað dýru húsi. Sveitakennarar með 50 kr. launum er jeg hræddur um geri ekki mikið gagn; 50 kr. er lítilfjörleg borgun. Breytingartill. tveggja h. þm. við þetta atriði fer í líka átt, en svo kemur, að styrkur þessi veitist eptir nemendafjölda og veitist með því skilyrði, að kennslunnar njóti að minnsta kosti 10 börn í 3 mánuði. Mjer er ekki ljóst, hvað meint er með þessu; eða það eiga kannske þeir einir að fá 50 kr. kaup., sem kenna flestum börnum? Þetta þarf lagfæringar við. (*Þorl. Guðm.:* Það á ekki að vera tiltekin tala; það er rangt á atkvæðaskránni).

Við V. c þarf ekkert að taka fram.

Að því V. d í 13. gr. snertir, þá vill h. framsögumaður (E. Br.) halda fastri þeirri upphæð, sem nefnd er í frumv., og vona jeg að h. þingd. verði á sama máli. Maður sá, sem hjer ræðir um, hefir nú í mörg ár unnið að útbreiðslu söngkunnáttu hjer á landi, og átt góðan þátt í því; þessar 1000 kr. ber ekki að álíta sem beinlínis borgun fyrir ákveðin verk, heldur fremur sem nokkurs konar viðurkenningu fyrir það, hvað hann hefir gert til þess að útbreiða þessa fögru list hjer landi.

Við B. V. e hefi jeg ekkert að athuga, og ekki heldur hið staflið C yfir höfuð. Þó skal jeg geta þess, að jeg felli mig betur við uppástungu h. nefndar viðvíkjandi landsbókasafninu, en við hinar aðrar uppástungur, sem fram hafa komið; mjer finnst, að ekki þurfi að hafa 2 fasta bókaverði, og þægilegra fyrir, landssjóð að hafa ekki fleiri fasta sýslunarmenn, en nauðsyn krefur, og enda eigi sjálfsagt að aðstoðarmanns þurfi við um allt fjárhagstímabilið. Hefi jeg svo ekki fleira að athuga við 13. gr.

Að því er 15. gr. snertir, þá er jeg h. nefnd þakklátur fyrir fje það, er hún hefir látið fyrverandi bókaverði Jóni Árnasyni í tje.

Við 16. gr. hefir verið gerð »radikal« breyting, sú, að fella burtu þann styrk til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, sem stjórnin hefir til umráða, og hefi jeg persónulega ekkert á móti því, því að það er bæði ópakklátt og leiðinlegt, að taka við bænarskrám um styrk til vísindalegra fyrirtækja, sem svo kannske aldrei koma að tilætluðum notum. En í sam-

bandi við þetta virðist mjer að h. nefnd hefði átt að gæta allrar varúðar að veita sjerstaka styrki til ýmsra fyrirtækja, en það finnst mjer hún þó ekki hafa gert fullkomlega, og eptir því sem fjárhagur landsins stendur nú, þá á ekki vel við, að leggja of mikið fje í þess háttar styrki.— Jeg vil geta þess viðvíkjandi styrknum til laxaklaksins, að það getur verið ísjárvert, að veita styrk til einhvers sjerstaks laxaklaks. Jeg býst helzt við, að á Reynivöllum í Kjós verði ekkert laxaklak til, þegar þessi fjárlög hafa öðlazt gildi, heldur verði það á Neðra-Hálsi í Kjós, og held jeg að betra væri að fela umboðsvaldinu að úthluta fje til slíks.

Gísla Guðmundssyni hefir h. nefnd ekkert fje veitt, og virðist það ekki vera samkvæmt stefnu nefndarinnar í 10. gr., þar sem hún vill verja allt að 3000 kr. hvort árið til þess að vegfróður maður fari hjer um og ákveði hvar vegi skuli leggja. Það væri æskilegt, að slíkur vegfróður maður væri hjer á landi og að ekki þyrfti að sækja hann til útlanda. Gísli þessi hefir fengið góð meðmæli frá Hovdenak og frá skóla þeim í Þrándheimi, þar sem hann hefir verið að nema vegfræði; og þó hann kannske ekki nemi þar svo mikið, sem þarf til þess að vera »ingenieur« í Noregi, þá mun hann þó nema nóg til þess, að geta gert gagn hjer á landi. Jeg efast um, að það sje rjett gert, að vilja ekki veita þessum manni 2000 kr. bæði árin, sem er þó aldrei nema þriðjungur af því, sem h. nefnd vill verja til þess að fá útlendan vegfræðing hingað upp. Ef þessum Íslendingi yrði veittur þessi styrkur, þá gæti það orðið til þess, að hann yrði ódýrari á vinnu sína en aðrir.

Jeg hefi farið fram á, að veitt yrði fje til þess að Ísland gæti tekið einhvern þátt í sýningu þeirri, sem á að verða í Kaupmannahöfn næstkomandi sumar. Sjerstaklega hefi jeg komið fram með þetta til þess, að gefa þinginu tækifæri til að láta álit sitt í ljósi um, hvort og hvernig Ísland gæti tekið þátt í þessari sýningu. — Jeg sendi h. nefnd brjef þessu viðvíkjandi, en hún hefir ekki sinnt því, og vildi jeg nú heyra menn láta meiningu sína í ljósi um þetta mál. Mjer hefir heyrzt, bæði í blöðunum og annarsstaðar, að menn hefðu áhuga á sýningum. Það er auðvitað, að ýmsir hlutir, t. d. ýmsar íslenzkar vörur, gætu komið fram á þessa sýningu, og ef mönnum litist vel á þær, þá gæti það stuðlað til þess, að efla atvinnuvegi landsins á einhvern hátt, og skal jeg nefna t. d. góða ull, góðan fisk o. s. frv. En ef h. þingdeild sýnist ekki að gefa neinn gaum að þessu, þá er þetta mál úr sögunni. — Að öðru leyti hefi jeg ekki meira að athuga við 16. gr.

Viðvíkjandi breytingartillögu h. nefndar við 17. gr., þá er jeg ekki mótfallinn henni. Yfir höfuð er það æskilegt, að þingmenn geri sjer far um að spara það sem sparað verður og engan skaða hefir í för með sjer; en jeg undantek þó 10. gr.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Jeg er þakklátur hæstv. landsh. fyrir þær góðu undirtektir, sem uppástungur nefndarinnar hafa fengið hjá honum.

Að því er snertir 13. gr., 2. tölul., þá hefir honum fundizt ástæða til, að hækka uppbótina til hinna fátæku brauða um 200 kr.; en maður verður að renna að nokkru leyti blint í sjóinn með þennan lið, því að það er svo mikið undir því komið, hvaða brauð það eru, sem losna, og því getur það að minnsta kosti vel farið svo, að fjeð verði nægilegt, þrátt fyrir tillögu nefndarinnar.

Viðvíkjandi því sem jeg sagði, að hægt væri að halda fæðingardag konungs hátíðlegan á annan og ódýrari hátt, en nú er, þá getur verið svo mörg önnur aðferð til þess, en danz og samdrykkja; þannig mætti t. d. gera það með ræðuhaldi og fleiru, og að minnsta kosti væri viðkunnanlegra, að það væri gert á einhvern ókostnaðarsamari hátt, svo að allir gætu verið með.

Hæstv. landsh. þótti líka nefndin hafa verið fremur ríflog í fjárveitingu sinni til kvennaskólanna, og sjerstaklega til kvennaskólans í Reykjavík. Og þar sem hann gat þess, að sumum í nefndinni mundi vera það kunnugt, að kvennaskólinn ekki þyrfti svona mikinn styrk, þá hefir hann líklega átt við mig, og skal jeg gjarnan játa, að hann hefir stundum haft töluvert fje afgangs, en fjárhagur hans gengur upp og niður, eptir því sem ástatt er; stundum á hann lítið afgangs; stundum vantar mikið á að tekjurnar hrökkvi til. Þannig fjekk hann 1882 að eins 600 kr. styrk af almannafje hjer á landi, en lagði þó 1600 kr. í kostnað, svo að hann varð að rýra mikið sinn eigin sjóð. Þess ber og að gæta, að skólinn hefir áður fengið stöðugan styrk frá stofnun einni í Danmörku (Vallö Stift), en sá fjárstyrkur er nú alveg horfinn, og um þann styrk, sem hann hefir fengið frá »det Classenske Fideikommis«, er það að segja, að tími sá, sem hann er veittur fyrir, er útrunninn með þessu ári, og óvíst að hann fáist veittur á ný. Enn fremur hefir hann og fengið 100—150 kr. styrk frá amtsráði Vesturamtsins, en hann er einnig horfinn, og sá styrkur, sem hann nýtur úr bæjarsjóði Reykjavíkur, er sömuleiðis mjög stopull.— Þetta hefir nefndin haft fyrir augum, þegar hún ákvað styrkinn, enda virðist ísjárvert að minnka styrkinn nú, þegar komið hefir til tals, að færa út kennsluna, og bæta við einum bekk (3. bekk), sem náttúrlega mundi hafa talsverðan kostnað í för með sjer. Nú hefir hann ekki nema tvöfaldan styrk úr landssjóði við það, sem hann hefir fengið annarsstaðar frá, og þótt honum sje fyrir yfirstandandi ár ætlaðar 1200 kr. úr landssjóði, þá er engin von til, að hann geti eptir nefndu skilyrði orðið þeirra aðnjótandi. En verði hinar varanlegu tekjur skólans svo miklar, að hann geti lagt meira í kostnaðinn, þá mun hann eflaust gera það.

Hvað snertir styrkinn til fiskiklaks, þá hefði nefndin helzt viljað með tímanum nema hann alveg burtu, en gerði það þó ekki í þetta sinn, vegna þess, að hún var hrædd um, að það kæmi of sviplega yfir þá menn, sem hafa vænt eptir styrknum, með því að nægileg reynsla er heldur eigi fengin í þessu efni; en verði klakið á Reynivöllum lagt niður, þá virðist vera minni ástæða til að halda styrknum.

Viðvíkjandi 10. gr. C. 5. a. er það að athuga, að nefndin hefir ekki ætlazt til, að vegfróður maður útlendur væri tekinn að sinni fyrir lengri tíma en 2 ár til að ferðast um landið; en ef farið væri nú að veita manni styrk til að læra vegfræði, þá væri honum um leið gefin von um árlega atvinnu, og það vildi nefndin ekki gera, því að þá hefði hún tekið fram fyrir hendurnar á tímanum, sem einn getur sýnt, hvort það er þarflegt eða nauðsynlegt. — Það hefir verið sagt, að þessi maður hafi góð meðmæli; en þó að nefndin alls eigi vilji efast um, að þau sjeu áreiðanleg, þá þóttist hún þó þurfa að hafa ýmsar frekari upplýsingar til að geta ráðið til þessarar fjárveitingar.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg og annar h. þingdm. (Ól. Br.) eigum nokkrar breytingartill. við þennan kafla, og vildi jeg fara nokkrum orðum um þær.

Fyrst höfum við leyft okkur að stinga upp á breytingu við 13. gr. B. 5, b, um styrk til sveitakennara. Nefndin hefir stungið upp á, að veita 20 sveitakennurum 50 kr. hverjum; en við höfum ekki viljað tiltaka kennaratöluna, en lagt til að þeim verði veittar »allt að« 50 kr. hverjum, þangað til búið er að veita alls 2500 kr. Jeg skal geta þess, að orðin »allt að« hafa fallið úr á atkvæðaskránni, en eru rjett á því lausa prentaða blaði, eins og við höfum orðað það. H. framsögum. (E. Br.) hefir nú tekið vel undir þessa breyt.-till. okkar, svo jeg vona, að jeg þurfi ekki að fara mörgum orðum um hana. Það,

sem kom okkur til að gera þessa breyt.-till. var það, að við ætluðum, að 20 sveitakennarar væri of lítið. Þeir gætu máske orðið 40 eða fleiri á fjárhagstímabilinu, með því þeim er allt af að fjölga, og gæti þá komið fyrir, ef styrkurinn væri bundinn við 20 kennara að eins, að eigi gætu allir þeir, sem hefðu jafnan rjett, fengið styrkinn. Þegar við segjum, að styrkurinn skuli vera allt að 50 kr., þá ætlumst við til, að hann verði miðaður við nemendafjöldann.

Jeg skal játa það með hæstv. landsh., að þeim barnaskólum, sem komnir eru á til sveita, mun bregða við, að geta ekki fengið jafn mikinn styrk, sem þeir hafa fengið að undanförnu úr landssjóði, og jeg get jafnvel ímyndað mjer, að sumir þeirra muni tæplega fá staðizt, ef þeir missa hann. En jeg vil í þessu sem öðru, og það jafnvel þótt slíkir skólar sjeu í mínu kjördæmi, ganga út frá hinu almenna, það er því, sem flestir geti haft not af. Margir skólar af þeim, sem til eru, munu eingöngu byggðir á þeim styrk, sem þeir fá af almannafje; en af þessu sjest, hvað valt er að byggja á slíku. Þeir, sem hingað til hafa kostað umgangskennara, hafa farið á mis við allan styrk úr landssjóði, og þó hafa slíkir kennarar gert mikið gagn á ýmsum stöðum, auk þess sem víða er það eitt tiltækilegt, að hafa umgangskennara. Það er jafnan ervitt að koma upp föstum skólum til sveita. Skólahúsin kosta mikið, og sumstaðar eru slíkir skólar ómögulegir sakir strjálbyggðar. Yfir höfuð geta slíkir fastir skólar til sveita ekki staðizt án talsverðs styrks úr landssjóði.

Þá höfum við stungið upp á, að færa þóknunina til söngkennarans og organleikarans við dómkirkjuna úr 1000 kr. niður í 500 kr. Þetta mun sumum nú þykja of mikil niðurfærsla. En hjer getur margt komið til greina. Það getur verið spurning um, hvort landssjóður eigi fremur að kosta organleikara við þessa kirkju en aðrar, nema að því leyti, sem hún er dómkirkja landsins. Í þarfir hins opinbera er hún notuð við prestsvígslu, synodus og setning alþingis; að því leyti væri rjett, að landssjóður legði lítið fram, sem hún þó væri fullsæmd af fyrir þær athafnir, er framfara í henni í þarfir alls landsins. Ef jeg man rjett, þá var þessum manni, sem hjer ræðir um, veitt þetta fje í því skyni, að hann kenndi borgunarlaust þeim mönnum, sem ætluðu að takast á hendur að leika á orgön í kirkjum úti um land eða stýra þar söng. Jeg efast nú ekki um, að hann hafi kennt allmörgum slíkum mönnum, en hversu mörgum, veit jeg ekki. H. framsögum. gat þess, að formaður fjárlaganefndarinnar hefði fengið skýrslu frá honum, og sagði, að eptir henni hefði hann kennt 50 til 60 manns á síðasta fjárhagstímabili. Jeg efast nú reyndar stórlega um, að hann hafi kennt öllum þessum mönnum að leika á organ. Í þessari tölu eru máske innifalin söngfjelög, sem hann kennir söng, svo og námsstúlkur á kvennaskólanum; en um það varðar þingið ekkert; því hann fær fulla borgun, að minnsta kosti fyrir skólana. Yfir höfuð álít jeg, að allir þeir, sem þiggja fje úr landssjóði, ætti að vera skyldir til að geta gert reikningsskap sinnar ráðsmennsku, hve nær sem krafizt verður, fyrir allan þann tíma, sem þeir hafa styrks notið. Jeg ætla því, að rjett væri að heimta af þessum manni ljósa skýrslu yfir alla þá, sem hann hefir kennt og ætla sjer að stýra söng og leika á orgön í kirkjum landsins. Hvort skýrsla sú, sem hann hefir gefið fjárlaganefndinni, er fullnægjandi í þessu efni, veit jeg ekki. Jeg hefi ekki sjeð hana, enda mun hún ekki hafa legið á lestrarsalnum. Jeg held líka, að rjettast væri úr þessu að fara að tiltaka vissa þóknun handa kennaranum fyrir hvern þann, sem lærir hjá honum til að fara út um land og stýra þar söng í kirkjum. Jeg held jafnvel, að rjettast væri, að slíkir nem-

endur gengi undir opinbert próf. Nú eru þeir orðnir svo margir, sem geta dæmt um kunnáttu í söng, þó ekki væri svo áður.

Þá höfum við stungið upp á, að nema burt styrkinn til kennara Þorvaldar Thoroddsens að þessu sinni. Það er ekki af því, að við viðurkennum ekki dugnað þessa manns og góðu hæfilegleika, heldur er tillagan gerð að eins í sparnaðarskyni nú sem stendur undir þessum erviðu kringumstæðum. Þó það sje mikið gagnlegt, sem þessi maður vinnur, þá er það þó ekki eins bráðnauðsynlegt, eins og margt annað.

Þá höfum við lagt til, að 16. gr. tölul. 3. um styrkinn til verklegs laxaklaks, falli burtu, og styrkist jeg enn betur í því, að þetta sje rjett, af orðum hæstv. landsh., sem sagði, að óvíst væri, að laxaklakið yrði á Reynivöllum næsta ár. Tilgangurinn með að veita þennan styrk var upphaflega sá, að útbreiða þekkingu á laxaklaki almennt, en ekki sá, að auðga einstaka menn, eða það, að gera ríka menn ríkari; en af laxaklakinu í Kjósinni hafa engir, eða svo að segja engir, neinn hag, nema bóndinn á Neðra-Hálsi, presturinn á Reynivöllum og dómkirkjupresturinn í Rvík, það er að segja að því leyti að laxveiðin eykst, og kannske einstöku menn aðrir, sem eiga jarðir við Laxá í Kjós. Mjer finnst ekki rjett, að vera að leggja fram fje úr landssjóði til að gera einstöku menn ríka; en ef nokkuð fje ætti að leggja fram í þessu skyni, þá ætti það að vera til þess, að útbreiða þekkingu á þessu laxaklaki sem víðast um landið.

Þá leggjum við það enn fremur til, að numinn sje burtu styrkurinn undir 16. gr. 4. tölul., til að gefa út íslenzkt fornbrjefasafn (diplomatarium). Mjer virðist það ætti að vera hlutverk Bókmenntafjelagsins, að gefa þetta safn út. Landssjóði held jeg væri þarfara að brúka þá peninga, sem talað er um að veita í þessu skyni, til einhvers annars. Jeg segi fyrir mig, að jeg gef ekki mikið fyrir útgáfuna á kvæðum Stefáns Ólafssonar, einkum þar sem með öllu er óvíst, að mörg kvæði, sem honum eru eignuð í bókinni, sjeu ort af honum. Eins og Bókmenntafjelagið gat gefið út þessa dýru bók, en að því skapi ekki uppbyggilegu fyrir alþýðu, og hún hefði víst mátt vera nokkrum örkum styttri — það sýnist ekki hvað minnst gert fyrir þann mann, sem starfaði að útgáfunni, eins er rjett að það eitt gefi nú líka út þetta fornbrjefasafn, með því að fjelaginu er veitt fje í fjárlögunum.

Loks skal jeg geta þess, að jeg held að jeg gefi atkvæði með viðaukatill. hæstv. landsh. um 2000 kr. til að taka þátt í sýningu í Kaupmannahöfn næsta ár. Því þó ef til vill megi segja, eins og sagt var um sendimennina, sem kom til tals hjer í deildinni að senda til að kynna sjer ástand Arnarstapaumboðsjarða, að það muni lítinn árangur hafa, þá finnst mjer þó viðkunnanlegra og þjóðlegra, að Ísland sendi eitthvað til þessarar sýningar. Það hefir opt verið fundið að því í blöðunum, að við fylgdum ekkert með öðrum þjóðum og sendum aldrei menn á sýningar, sem haldnar væru í Norðurálfunni. Jeg held það væri því rjettast, að styrkja að því, að menn gætu sent eitthvað, þó lítið væri, á sýningu þessa. Jeg vona, að það gerði okkur þó að minnsta kosti aldrei neinn ósóma.

Þorsteinn Jónsson: Jeg er alveg sampykkur h. nefnd um athugasemd hennar við 13. gr. A. b., að veita prestinum í Grímsey 400 kr. árlegan styrk á fjárhagstímabilinu; því að þessi prestur hefir unnið þar vel og lengi, og óvíst, hvort hann fær nokkurn tíma annað betra brauð, eptir að prestakosningalögin eru komin í gildi. Aptur á móti get jeg miður fellt mig við breytingu hennar við 13. gr. B. I. b. 2., þar sem hún fer fram á, að minnka ölmusu-styrkinn til prestaskólans

um 400 kr.; þar þykir mjer hún hafa verið of knöpp, því bæði er það, að lærisveinatalan þar verður, að því er sagt er, á milli 20 og 30 næstu árin, og svo er á hitt að líta, að þeir sem ganga á þennan skóla, eru margir fátækir, og get jeg því eigi gefið þeirri breytingu atkvæði mitt, og sama er að segja um niðurfærslu hennar við B. II. a., enda get jeg því síður verið með henni, sem jeg greiddi atkvæði á móti breytingunni við 11. gr. 1. Báðar þessar launabætur, til landlæknisins og fasta kennarans við læknaskólann, eru veittar á fjárlögunum 1885; en sá er munurinn, að sá sem fjekk 400 kr. viðbótina, hafði ekki nema 2400 kr. í föst laun, en sá sem veitt var 600 kr., var launaður upp á 4000 kr., og þar að auki líklegt, að landlæknirinn missi einskis í, þar sem hann þegar hefir unnið mál sitt gegn landssjóði við »Hof- og Stadsretten», og því líklegt, að hann vinni það við hæstarjett, og fær hann þá borgun fyrir allar yfirsetukonurnar, er hann þegar hefir kennt, og framvegis fyrir kennslu sína í yfirsetukvennafræði. En hjer við bætist og, að þeim kennara, sem hjer er um að ræða, var veittur ádráttur um læknisembættið í 1. læknishjeraði, þegar Hjaltalíns missti við, en það fórst fyrir, svo að hann varð að sitja við þessi 1800 kr. laun, sem hann hafði í fyrstu tekið í von um að fá hið umrædda embætti síðar, og hefir hann nú eytt þeim litlu eigum, sem hann átti, til þess að geta komizt af. Mjer getur þess vegna ómögulega annað skilizt, en að það sje ósanngjarnt, að lofa honum ekki að halda þessum 2800 kr. Meðaltal launa hans yrði þó með þessu að eins 2300 kr., og ef að er gáð, þá eru þessi laun ekki nema 100 kr. hærri að meðaltali en laun kennaranna við latínuskólann; því að þeir byrja með 2000 kr. og komast upp í 2400 kr., en þessi maður byrjaði með 1800 kr., og hefir nú 2800 kr. Það má líka bera þessi laun saman við laun lægri kennarans við lagaskólann, sem nú á að fara að setja á stofn; honum voru 1885 ætlaðar 2500 kr., en nú hefir h. efri deild fært launin upp í 2800 kr., en undirbúningurinn undir bæði embættin mun vera líkur, svo að ekki er ástæða til að gera mun á launum þeirra af þeim orsökum. Menn hafa talað um, að þessi maður gæti fengið mikið inn fyrir «praxis», en því mun eigi svo varið, enda er þess eigi von, þar sem öðrumegin er jafnágætur læknir og landlæknirinn, og hins vegar hinn ötuli, duglegi og vinsæli hjeraðslæknir í 1. hjeraði.

En hvað því viðvíkur, sem h. þm. Mýr. (Á. J.) var að tala um í dag og skírskota til sómatilfinningar þingmanna, að mæla ekki fram með mönnum af persónulegri velvild, þá finnst mjer nóg vera til af bæði persónulegri og ópersónulegri ósanngirni hjá þinginu, svo að það hefði átt eins vel við, að vara þingmenn við henni.

Hvað styrkinn til kvennaskólanna áhrærir, þá finnst mjer nefndin hafa verið fullrífleg við þá, en aptur á móti of naum við barnaskólana; því ef þinginu er annars alvara, að gera eitthvað fyrir menntun alþýðu, þá hefði sannarlega ekki veitt af, að sá styrkur, sem til var tekinn í stjórnarfrumvarpinu, hefði verið látinn halda sjer óskertur og veiting hans ekki að eins bundin við skóla í sjóplássunum; því að, eins og h. landsh. benti á í dag í ræðu sinni, eru nokkrir skólar upp til sveita styrks þurfar og verðugir fyrir hann; jeg skal, auk þeirra skóla, er hann nefndi, nefna skólann í Gaulverjabæ í Árnessýslu, og þegar þess konar stofnanir eru komnar á fót, virðist mjer það vera mjög ísjárvert, að láta þær falla niður af fjárskorti. Jeg er nefndinni samdóma í því, sem hún segir um sjómannaskóla á Ísafirði; aptur á móti virðist mjer hún hafa verið of naum við sjómannaskóla í Reykjavík.

Hin ráðgefandi þing báðu hvert eptir annað um sjómannaskóla, en nú, eptir að löggjafarvaldið er fengið, virðist allt of lítill áhugi vera á því máli, sem þó er mesta nauðsynjamál, þar sem hjer er um annan aðalatvinnuveg landsbúa að ræða, því að skorturinn á skipstjórum er svo mikill, að það var með mestu naumindum, að skipstjóri fengizt, þegar skipstjórinn af öðru þilskipinu í Vestmannaeyjum drukknaði í vetur, og þessir menn verða því nauðsynlegri, sem þilskipin fjölga. Mjer finnst líka vera fullt eins mikil skylda þingsins, að styrkja hina verklegu kennslu sem hina bóklegu, og hefði því átt að halda 200 kr. styrknum handa nemendum, því það getur vel komið fyrir, að menn komi hjer annarstaðar frá til að nema sjómannafræði.

Hvað 16. gr. snertir, er jeg algjörlega á móti 6. tölul.; þetta dómasafn selst ekki, ekki einu sinni allir sýslumenn kaupa það, og jeg er á móti að kosta fje til slíkrar bókar, sem næstum enginn kaupir. (*Þorleifur Jónsson:* Jeg kaupi það). Þótt h. 2. þm. Húnv. (Þorl. J.) kaupi það, þá er það þó eigi nema eitt eintak.

Aptur á móti er jeg á sama máli og h. þm. Árn. (Þorl. G.), að leggja það fje til sýningarinnar í Kaupmannahöfn, sem hæstv. landsh. hefir stungið upp á.

Jón Þórarinsson: Jeg hef komið fram með litla viðaukatillögu, sem jeg reyndar hef litla von um að verði samþykkt; því að sumir, sem jeg hef talað við, hafa þegar látið í ljósi, að þeir ekki mundu gefa henni atkvæði sitt. Jónas organisti, sem hjer er farið fram á að veita 150 kr. styrk til að gefa út viðbæti við messusöngsbók sína, er, eins og hæstv. landsh. tók fram, alls góðs maklegur fyrir vinnu sína og áhuga á, að breiða út sönglistina hjer á landi. H. fjárlaganefnd hefir ekki viljað sinna þessari fjárbæn, og að líkindum af þeirri ástæðu, að 2 hafa sótt um styrk til þess sama, og mönnum ef til vill þótt örðugt að gera á milli þeirra; en jeg get raunar ekki sjeð, að það sje neinn vandi, því að Jónas hefir áður byrjað á messusöngsbók, sem ekki getur orðið að tilætluðum notum, nema áframhaldið komi, þar eð það sem út er komið er ekki nema helmingur af öllum þeim lögum, sem eru í nýju sálmabókinni. Athugasemdin á eptir tillögunni hefir h. framsögum. (E. Br.) misskilið algjörlega, því að þar er ekki farið fram á annað en að veita hverri þeirri kirkju, sem notar »harmonium« við messugjörðir, 1 eintak af þessum viðbæti. Jónas organisti hefir sjálfur sagt mjer, að »harmonium« mundi vera notað í hjer um bil 50 kirkjum á landinu nú sem stendur, og eptir þeim reikningi yrði þá það fje, sem í hans vasa færi, að eins 100 kr., því að hitt gengi til kirknanna. Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta atriði, heldur fela það h. þingd., í þeirri von, að hún felli þann dóm yfir því, sem rjettur er.

Jeg skal taka það fram, að það eru nokkrir liðir, sem jeg ekki get fellt mig við hjá h. fjárlaganefnd; þannig er jeg á móti launalækkuninni við B. II. a, eins og h. þm. Vestm. (Þorst. J.) og af hinum sömu ástæðum, sem hann tilfærði. Að því er lítur að öðrum kennslumálum, hefir h. nefnd ráðið til að hækka tillagið til kvennaskólans í Reykjavík, en nú hefir hæstv. landsh. sýnt, að skólinn legði upp fje, og h. framsögum. hefir játað, að svo væri, en hann er reikningum skólans allra manna kunnugastur, og þá virðist mjer rjettara að styrkja þær stofnanir, sem ekki geta lifað án styrks, áður en farið er að hækka að nauðsynjalausu styrk til þeirra, sem leggja upp fje. Sá skóli, sem hjer ræðir um, finnst mjer og halda sig fremur ríkmannlega, þar sem hann hefir forstökukonu svo sem upp á stáss, sem engan þátt tekur í kennslustörfum skólans, en hefir 600 kr. að launum, og veit jeg ekki til að það sje siður í nokkrum öðrum skóla landsins.

Hvað snertir styrkinn til barnaskóla, þá verð jeg að taka það fram, að mjer virðist hjer stungið upp á nægilegri fjárupphæð til þeirra, eins og nú á stendur, þar sem þing og stjórn ekki geta haft eptirlit með, hvernig þessum styrk sje varið, því að, meðan svo, er er hætt við, að tilganginum verði ekki náð með þessari fjárveitingu svo sem æskilegt væri. Styrknum til sveitakennara getur orðið svo vel varið, að það komi að góðum notum. En að því er snertir skólana, þá get jeg ómögulega sjeð, að það geri nokkurn mun, hvort skólinn er við sjó eða upp í sveit. Það er meira að segja hægra að halda skóla við sjóinn en í sveitunum, og þeir skólar verða ódýrari.

Um niðurfærsluna á launum organistans við dómkirkjuna vona jeg að ekki þurfi að tala, þar sem nefndin sjálf er á móti henni. H. þm. Árn. (Þorl. G.) sagði reyndar, að hjer væru nú svo margir farnir að hafa vit á söng, og svo margir búnir að læra þá list, að ekki væri þörf á að launa kennslu í þeirri grein lengur af opinberu fje, og skal jeg játa það, að hjer eru margir, sem kunna að leika á orgel, en það er ekki ástæða fyrir því, að kippa burtu styrknum, enda hef jeg ekki heyrt komið með nokkra skynsamlega ástæðu því til stuðnings.

Nefndin hefir bætt nýjum tölulið við, þar sem hún fer fram á, að veita fornleifafjelaginu 300 kr. styrk; mjer þætti leiðinlegt að vera á móti þeim styrk, og vildi helzt óska, að aldrei hefði verið upp á honum stungið, en úr því hann er kominn, þá verð jeg að greiða atkvæði með honum.

Viðvíkjandi uppástungu hæstv. landsh. um fje til sýningarinnar í Kaupmannahöfn, þá skal jeg geta þess, að jeg vildi geta stutt hana; því að mjer er kunnugt, að beztu menn hjer á landi eru farnir að sjá, að slíkar sýningar hafa mikla þýðingu fyrir framfarir allra þjóða, og þessi veiting myndi því hafa fylgi þjóðarinnar. Menn geta raunar opt ekki bent á beinlínis peningalegan gróða af þeim; en reynslan hefir sýnt, að þær hafa mikil áhrif á iðnaðinn í þeim löndum, sem taka þátt í þeim, og þótt Íslendingar hafi lítið að sýna, þá er það þó enginn ósómi fyrir þá, að taka þátt í sýningum með hinum stærri þjóðum; hitt væri miklu fremur ósómi, að látast ekki vita af því, sem fram fer í kring um þá.

Grímur Thomsen: Jeg hef reynt það áður, að það er við ramman reip að draga, þar sem fjárlaganefndin er, ef henni er eitthvað óljúft, sem upp á er stungið; en til allrar hamingju á jeg hjer nú ekki nema 2 breytingaratkvæði. H. framsögum. (E. Br.) er víst hlynntur því fyrra, en ekki mótstæður hinu.

Breytingaratkvæði mitt við B. III. c. 10. fer fram á, að veita 300 kr. styrk til að gefa út vísindalega ritgjörð, er fylgi skólaskýrslunni.

H. framsögum. þótti þessi upphæð nokkuð há; en hún er byggð á því, að sami maður hefir áður fengið styrk af því fje, sem stjórnin hefir fengið á 16. gr. fjárlaganna til umráða. Á fyrra fjárhagstímabili fjekk þessi maður 218 kr. fyrra árið og 280 kr. hið síðara árið, og get jeg því ekki fundið, að hjer sje of hátt farið, þó að lagt sje til, að hann fái 300 kr. fyrir bæði næstkomandi fjárhagsár, einkanlega þar sem sá maður á í hlut, sem er eins hæverskur og hann er lærður, og sem aldrei hefir tekið einn eyri í þóknun fyrir þennan starfa sinn, enda vona jeg, að þingið gefi þessum manni tækifæri til að koma ritgjörðinni út í skólaskýrslunum, sem sendar eru til útlanda til skipta við aðra skóla, því að það er til að auka sóma vors lands. Jeg get því ekki ímyndað mjer, að þingið fari að horfa í, þótt hann nú fengi dálítið fyrir ómakið,

þar sem hann hefir hingað til samið svo mikið fyrir ekkert.

Við C. 1. a. hef jeg lagt til, að hafa 2 bókaverði, sem án sjerstakrar borgunar komi bókunum í röð og semji skrá yfir handrit og bækur. Það sem kom mjer til að koma fram með þetta breytingaratkvæði, er, að safnið er í fullkominni óreglu, svo að jafnvel má búast við, að skjöl og handrit tapist í meðferðinni, meðan allt er í lausum pökkum, og er hverjum, sem vill það við hafa, hægt að stinga á sig skjölum, án þess að bókaverðirnir geti varazt það. Eins og nú stendur, hefir bókavörður reyndar aðstoðarmann, og er það því í samkvæmni við það, að þeir sjeu framvegis 2, en fastir, því óheppilegt er, að ef bókavörðurinn forfallast, þá sje enginn til. Sú tilhögun, sem jeg hef komið fram með, er að eins 100 kr. dýrari en sú, sem nefndin heldur fram, en að minni hyggju talsvert hagfeldari, og vona jeg þess vegna, að h. þingd. horfi ekki í þennan litla kostnað og samþykki hann.

Jeg skal leyfa mjer að fara nokkrum orðum um niðurfærslu nefndarinnar við 13. gr. B. II. a, þar sem stungið er upp á, að taka þá 400 kr. uppbót af kennaranum við læknaskólann, sem hann hefir notið. Það er viðurkennt, að ef einhver embættismaður stendur vel í sinni stöðu, þá sje skaði að missa hann, og þess vegna finnst mjer mjög ísjárvert að samþykkja þessa tillögu, því að þessi læknir mundi þá, ef til vill, sækja burt frá tæknaskólanum í eitthvert læknishjerað landsins, sem væri lífvænlegra; en það ímynda jeg mjer að yrði sannarlegur skaði fyrir læknaskólann. Þegar nefndin er að spara, þá verður hún að hafa nákvæmar gætur á, að sparnaðurinn ekki verði til skaða fyrir þær stofnanir, sem sparnaðurinn kemur niður á; sje hún á þeirri skoðun, að þessi maður sje einkar vel hæfur fyrir þann starfa, sem hann hefir á hendi, þá ætti hún að láta laun hans halda sjer, svo að hann ekki missist frá skólanum; en álíti hún, að hægt sje að fá annan jafngóðan eða betri fyrir minna, þá er líka rjett að gera það, sem hún gerir.

Það er sjálfsagt lofsverð sparnaðarlöngun, sem komið hefir nefndinni til að færa ölmusurnar til lærða skólans niður í 7500 kr. fyrir árið og 7000 kr. hið síðara ár; en hvað sem nú öðrum skólum líður, þá er það víst, að lærði skólinn er vinsælastur allra skóla hjer á landi og hinn fjölsóttasti, og þó að aðsóknin að honum kunni að vera í meira lagi, þá er vel aðgætandi, að þeir, sem á hann ganga, geta ekki orðið embættismenn lengur en meðan einhver embætti eru laus, enda tel jeg það engan skaða, þótt vjer fengjum nokkra lærða bændur, sem önnur lönd. Hitt mundi margur fátækur faðir upp í sveit álíta óheppilegt, ef nú væri farið að rýra ölmusustyrkinn, þegar þörfin fyrir hann er sem mest.

Þá kem jeg til kvennaskólans í Reykjavík, og þar er auðsær meiningamunur milli sumra, sem að þessum skóla standa. Nefndin hefir haft fyrir sjer brjef frá forstöðunefnd skólans, en jeg hef hjer annað brjef frá forstöðukonu skólans, sem fer í aðra átt; því að hún segir, að ef skólinn verði settur undir tilsjón stiptsyfirvaldanna, þá hverfi styrkur amtsráðsins. Jeg hef verið í amtsráðinu, og get vitnað, að skólinn hefir fengið styrk frá suður- og vesturamtinu, en aldrei frá norðuramtinu. Skóli þessi er eiginlega »privat»-skóli, en er orðinn aðnjótandi styrks af opinberu fje, og þess vegna eðlilegt, að hið opinbera, og þá það stjórnarvald, sem styrkinn veitir, hafi eptirlit með honum. Jeg hefði álitið heppilegast, að athugasemd nefndarinnar við 13. gr. V. a. 1. fjelli burt (»Skóli þessi standi undir umsjón stiptsyfirvaldanna»), því að jeg get ekki skilið, að umsjón amtsráðsins skaði, og ef breytt er, þá ætti að breyta til batnaðar; mjer finnst líka þessi breyting mjög þýðingar-

lítil, þar sem formaður amtsráðsins einmitt er annað stiptsyfirvaldið.

Þá hefir komið breytingaratkvæði frá 2 h. þm. um, að færa niður laun organistans við dómkirkjuna um 500 kr.; en jeg get ekki verið því meðmæltur; því að meiningin með þessum 500 kr. styrk er ekki einungis sú, að veita honum þóknun fyrir að kenna organslátt, heldur er það einnig viðurkenning fyrir það, hve mikið hann hefir unnið að útbreiðslu sönglistarinnar hjer á landi; því að það er aðdáanlegt, hvernig þessi maður hefir yfirstigið allar tálmanir til að mennta sjálfan sig og aðra í þessari fögru list, og hann er sannarlega einn af þeim mönnum, sem landið hefir sóma af að styrkja; jeg skal svo ekki fjölyrða um það meir, en vona, að þessi uppástunga falli, þar sem nefndin ekki er henni meðmælt.

Styrkinn til hins íslenzka Bókmenntafjelags hefir nefndin ráðið til að færa niður í 1000 kr. úr 1500 kr.; og get jeg ekki fallizt á, að það sje rjett, því að verði styrkurinn skertur um 500 kr., mundi Bókmenntafjelagið ekki álíta sjer skylt að gefa út Sýslumannaæfirnar; nú er til handrit upp á 10—11 arkir af þessari bók, og sá, sem sjer um útgáfuna, hefir náttúrlega búizt við, að haldið yrði áfram með bókina, svo að mjer finnst það ganga næst samningsrofi, að hætta nú við útgáfuna í miðju kafi. Bók þessi er líka mjög merkileg, og hefir engu minni þýðingu en margt annað, er gefið hefir verið út í Kaupmannahöfn sem Safn til sögu Íslands.

Við 16. gr. 2. tölul. hefir nefndin ekki verið svo spör sem víða annarstaðar, þar sem hún vill færa styrkinn til Benidikts Gröndals upp um 200 kr. Það er langt frá því, að jeg vilji gera lítið úr myndasafninu eða þjóðmenningarsögu Norðurlanda, en þessi maður hefir nú í mörg ár fengið styrk til þessa fyrirtækis, og virðist mjer þá engin ástæða vera til að færa hann nú upp, meðan ekkert er komið frá hans hendi.

Myndasafnið er sjálfsagt mjög gott, og efast jeg ekki um, að myndirnar sjeu fagrar; en þær eru þó ekki alveg nauðsynlegar nema fyrir þau dýr, sem ekki eru annarstaðar til; hinar myndirnar er hægt að útvega sjer á miklu ódýrari hátt í útlendum myndaverkum. En hvað þjóðmenningarsögu Norðurlanda snertir, þá gæti jeg ímyndað mjer, að hún væri enn í byrjun, og þar sem ekki er talað um hana í nefndarálitinu, þá kemur það líklega til af því, að það mun ekki vera auðvelt að kynna sjer hana.

Landshöfðingi: Jeg skal að eins gera stutta athugasemd út af því, sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) sagði um Sýslumannaæfirnar. Það var ekki Bókmenntafjelaginu að kenna, að þær komu ekki út á fjárhagstímabilinu; því þegar beðið var um handrit til prentunar í vetur, þá voru ekki til nema tvær arkir, en forseti Bókmenntafjelagsins hafði hugsað sjer að gefa út 10 arka hepti, og því tók hann ekki þessar tvær arkir. Fjelaginu hefir samt sem áður verið borgaður út allur styrkurinn, 1500 kr., vegna þess, að fjelagið skuldbatt sig til að gefa út framhald Sýslumannaæfanna, hvenær sem handritið fengist. Það mun því ekki standa á útgáfunni, þegar handritið kemur, því forseti fjelagsins hefir skriflega skuldbundið sig til þess, og getur fjelagið því ekki skorast undan því.

Sigurður Jensson: Jeg hefi leyft mjer að koma með viðauka-atkvæði við 13. gr. A. b, um bráðabyrgðauppbót til Gufudalsprestakalls í Barðastrandarprófastdæmi. — H. fjárlaganefnd hafði ekki fundið ástæðu til að taka beiðni safnaðarins um uppbót á brauðinu til greina, en nú heyrist mjer á h. framsögum. (E. Br.), að hann sje ekki uppástungu minni mótfallinn, og er jeg honum þakklátur fyrir það.

Jeg skal leyfa mjer að skýra stuttlega frá málavöxtum.

Það stendur svo á, að prestakall þetta hefir staðið prestslaust nú næstum því í 6 ár, og þar hagar svo til, að nálega er ómögulegt að þjóna því frá öðrum brauðum. Söfnuðurinn í prestakalli þessu hefir því opt snúið sjer til biskupsins með áskorun um, að útvega prestakallinu sjerstakan prest. Biskupinn hefir æfinlega tekið vel undir þessar áskoranir, en eigi hefir enn tekizt að fá þangað neinn prest. Biskupinn hefir ekki vald til að skikka neinn í prestsembætti, og kandídatar sækja, eins og eðlilegt er, heldur um þau brauð, sem þykja lífvænlegri. Það hafa verið svo mörg brauð laus undanfarin ár, og nú í haust munu verða laus 19 til 20 brauð; en kandídatar, sem útskrifast í sumar, verða að eins 8 eða 9. Þess vegna eru öll líkindi til, að brauðið veitist ekki, nema það verði bætt upp. Mjer sýnist löggjafarvaldið vera skyldugt til að gera eitthvað til að hjálpa þessum söfnuði, sem hefir verið skyldugur til að gjalda til prests og kirkju í mörg ár, án þess þó að hafa haft fullnægjandi prestþjónustu öll þessi ár. Jeg vil þó ekki segja, að það takist að útvega prest í brauðið, þó þessi 200 kr. uppbót fáist, en það er þó æfinlega huggun fyrir söfnuðinn að sjá, að þingið hefir viljað hjálpa honum fyrir sitt leyti. Að öðru leyti skal jeg að eins skírskota til brjefs hlutaðeigandi sóknarnefndar til stipsyfirvaldanna, og beiðni biskupsins um uppbótina, sem allt liggur á lestrarsalnum.

Að því er snertir aðrar breytingartill. við frumv., þá get jeg yfir höfuð verið samdóma h. nefnd, en þó vildi jeg óska, sjer í lagi eptir að hafa heyrt bendingar hæstv. landsh., að nefndin íhugaði, hvort ekki mundi tiltækilegt að spara sumar upphæðir, sem landsh. þóttu í rífara lagi. — Vil jeg þá nefna nokkuð af þeim styrk, sem hún hefir ætlað kvennaskólum, sjer í lagi kvennaskólunum fyrir norðan. Sömuleiðis ætla jeg mætti spara fjeð, sem ætlað er til laxaklaks, því það mun vera mikið spursmál um, hvort því fje sje vel varið.

Það er sjer í lagi eitt breytingaratkvæði, sem jeg er mjög vel ánægður með, og það er um styrkinn til sveitakennara. Jeg býst við góðum árangri af þessari fjárveiting, og álít það rjettlátt, að styrkja nokkuð barnakennslu til sveita, eins og í sjávarplássum. Það er sjálfsagt ekki meiningin, eins og hæstv. landsh. hjelt, að þessi styrkur ætti að vera það eina, sem umgangskennarinn fengi fyrir starfa sinn. Það er að eins styrkur til að hjálpa mönnum til að fá slíka kennara. Sín eiginlegu laun fá þeir þar á móti hjá sveitinni, sem þeir kenna í. En eins og jeg er ánægður með þessa tillögu, eins er jeg óánægður með breyt.till. tveggja sömu þm. (Ó. Br. og Þ. G.) um, að færa niður þóknunina til organleikarans við dómkirkjuna. Jeg álít þennan mann svo maklegan þess, að fá þessa borgun, 1000 kr., sem hann hingað til hefir haft, að jeg álít það ekki fallega gert af þinginu, að minnka hana.

Það er eitt, sem nefndin hefir stungið upp á, sem jeg get ekki skilið að hún hafi ástæðu til að gera. Hún hefir stungið upp á, að afnema styrkinn til Þjóðvinafjelagsins. Jeg verð þó að álíta, að þetta fjelag hafi gert sig verðugt þess, að fá að halda þeim styrk, sem það hefir haft að undanförnu. Það hefir einkum nú 3 síðustu árin meðal annars gefið út 3 ágætar bækur, sem allir verða að viðurkenna að eru með nytsömustu bókum, sem hafa komið út. Því á þá einmitt nú að svipta fjelagið styrknum? En ef endilega á að spara þessar 300 kr., því vill þá nefndin veita Fornleifafjelaginu 300 kr.? Það verðskuldar þó engu fremur en Þjóðvinafjelagið, að fá styrk af landssjóði.

Nefndin stingur upp á því, að styrkurinn til að gefa út Fornbrjefasafn skuli ganga til að vinna að »textaútgáfu« af því. Þessi athugasemd, að það skuli vera »texta-

útgáfa«, finnst mjer blátt áfram hlægileg. Mjer finnst það hlægilegt, að veita útgefandanum styrk til að vinna að útgáfunni, en setja honum þá kosti, að hann megi ekki láta neinar skýringar eða athugasemdir fylgja með. Það eru einmitt skýringarnar, sem gefa því, sem komið er út af safninu, margfalt gildi. En ef nefndin treystir ekki þessum manni til að gefa út skýringar á brjefunum, sem þess sjeu verðar, að þær sjeu prentaðar með, þá finnst mjer að rjettara hefði verið, að veita alls engan styrk til útgáfunnar. Ef að eins á að gefa út textútgáfu, þá ímynda jeg mjer, að síður þurfi styrks við, og að Bókmenntafjelagið geti gefið hana styrkslaust út. Jeg vil því ráða til, að athugasemd þessi verði felld úr.

H. þm. Vestm. (Þ. J.) þótti óþarfi að styrkja útgáfu Dómasafnsins, og sagði, að þeir væru mjög fáir, sem keyptu það. Jeg held einmitt þvert á móti, að margir kaupi Dómasafnið, enda getur verið mjög gott að hafa það. Það eru t. d. margir þm., sem hafa saknað þess mjög, að þetta safn er ekki til á bókasafni alþingis, því að þeir hefðu haft gott af að geta kynnt sjer landsyfirrjettardóminn í máli læknisins á Vestmannaeyjum gegn landssjóði út af launaviðbót, áður en þeir greiddu atkvæði með því, að þessi uppbót væri nú útborguð úr landssjóði.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Jeg skal geta þess, að úr því búið er að samþykkja, að hækka trygging landsbókasafnsins fyrir eldsvoða, þá verður að hækka upphæðina á 13. gr. C. 1. g. á fjárlögunum, að því skapi. Þetta atriði mun nefndin að öðru leyti taka til umræðu, þangað til málið kemur fyrir næst.

Það hafa ýmsir h. þingdm. talað um, að það hefði mátt spara fje landsins enn meira en nefndin hefir ráði til.

H. 1. þm. Árn. (Þ. G.) minntist á, að styrkurinn til laxaklaks mætti falla burtu, af því hann væri ekki verulega nauðsynlegur. Það var þó á honum að heyra, að æskilegt væri, að mönnum gæti gefizt tækifæri til að læra laxaklak; það var nú einmitt með tilliti til þess, að nefndin vildi láta veita þetta fje.

Það hefir enn verið minnzt á tillagið til kvennaskólanna. H. 2. þm. GK. (J. Þ.) sagði, að kvennaskólinn í Reyjavík mætti álítast ríkur, þar sem hann hefði lagt upp peninga. Það er mikið rjett, sem þingmaðurinn segir, því á tímabilinu frá byrjun septembermán. 1884 til til loka ágústmán. 1886 hafði skólinn töluverðan afgang. En, eins og jeg tók fram í dag, eru tillögin til þessa skóla fjarskalega hvikul. Þau urðu einmitt óvanalega mikil á þessu fjárhagstímabili, og árið 1886 var í fyrsta skipti hafin öll sú upphæð, sem honum var ætluð úr landssjóði. Tekjur skólans eru, sem sagt, svo hvikular, að þó hann hafi eitt árið afgangs, þá hefir hann önnur árin ekki meira en svo, að hann verður að ganga á stofnfje sitt til þess að standast útgjöldin. Meðan svona gengur, sjá menn sjer ekki fært að bæta við þriðja bekknum, sem hefir verið í ráði og æskilegt þykir. Sami þm. talaði um, að forstöðukona þessa skóla hefði of há laun; en þar til verð jeg að svara, að hún er góðs makleg, þar sem hún hefir átt mestan þátt í stofnun kvennaskólans. Af stofnun hans hafa aptur leitt hinir aðrir kvennaskólar á landinu, og hugmyndin um menntun kvenna á Íslandi hefir einmitt vakizt við það. Það er líka misskilningur hjá h. sama þm., að nefndin hafi farið fram á, að auka styrkinn til skólans. Hún hefir þvert á móti stungið upp á, að hann fengi þann sama styrk, 1200 kr., sem hann hefir áður fengið; en aptur er ætlazt til, að 300 kr. gangi til styrktar fátækum sveitastúlkum, sem ganga á skólann. H. þm. Borgf. (Gr. Th.) hafði ekki á móti upphæðinni, sem nefndin hefir stungið upp á til skólans, heldur hafði hann á móti athugasemdinni um umsjónina. En hver er meiningin með því

að áskilja umsjón með skólum? Meiningin er eflaust sú, að fá trygging fyrir því, að fje því, sem lagt er til skólans, verði vel varið. Það stendur aptur á litlu, hvort þá er eitt stjórnarvald eða annað, sem umsjónina hefir; en þar sem forstöðunefnd skólans hefir óskað þess, að stiptsyfirvöldin hefðu umsjónina, og það að öðru leyti á óneitanlega bezt við, þá virðist liggja næst, að þingið taki það til greina.

H. 2. þm. GK. (J. Þ.) þótti óþarfi að veita Fornleifafjelaginu nokkurn styrk, og h. þm. Barðstr. (S. J.) tók í sama strenginn. En mjer virðist ástæðulaust, að hafa á móti þeim styrk. Þetta fjelag á allar þakkir skilið fyrir það, sem það hefir unnið. Það hefir gengizt fyrir rannsókn fornmenja, og gert forstöðumann Forngripasafnsins út til að rannsaka merka sögustaði á landinu og þannig útvegað margvíslegan fróðleik fyrir sögu landsins, og nú síðast hefir það látið rannsaka á Bergþórshvoli, þar sem fundizt hafa sjerlega merkilegar menjar, sem Fornleifafjelagið hefir varið miklu fje til að rannsaka og fá áreiðanlega vissu um.

H. 2. þm. GK. (J. Þ.) og h. 1. þm. Árn. (Þ. G.) minntust á breytingaratkv. hæstv. landsh. um fjeð til gripasýningarinnar í Kaupmannahöfn. Hæstv. landsh. tók fram ýmsar ástæður fyrir tillögu sinni, og gat þess, að þessi sýning gæti haft mikla þýðingu fyrir Ísland, ef það tæki þátt í henni. Samt sem áður þótti nefndinni ekki ástæða til, að mæla með tillögu þessari. Það má ekki dæma þýðingu slíkra sýninga fyrir Ísland, eptir þeirri þýðingu, sem sýningar hafa fyrir önnur stærri og auðugri lönd, þar sem eru stórar iðnaðarstofnanir, og auðug innlend verzlunarstjett. Hæstv. landsh. nefndi, hvaða þýðingu það gæti haft að senda þangað sýnishorn af góðri ull og góðum fiski o. fl. En það er aðgætandi, að Kaupmannahöfn er enginn markaður fyrir íslenzka ull og heldur ekki fyrir fisk. Því þó ullin sje flutt hjeðan fyrst til Kaupmannahafnar, þá er hún óðar flutt þaðan aptur til Englands, sem er aðalmarkaðurinn fyrir hana, og allir vita, að aðalmarkaðurinn fyrir íslenzkan saltfisk er á Spáni. Jeg veit líka dæmi til þess, að ullarkaupmaður í Kaupmannahöfn gat ekki gefið upplýsingar um, hvernig ull ætti að vera, til þess að hún gæti álitizt góð á Englandi.

H. þm. Borgf. (Gr. Th.) minntist á styrkinn til Bókmenntafjelagsins, en því hefir hæstv. landsh. svarað, og vona jeg að h. þm. geti verið ánægður með það svar.

Að því er snertir breytingartill. hans viðvíkjandi landsbókasafninu, þá gat jeg þess í dag, að jeg gæti fellt mig við hana, og ímynda mjer, að nefndin hafi heldur ekki neitt á móti henni; en jeg skal íhuga það atriði nákvæmar með nefndinni, ef til kemur, til 3. umr.

Loks minntist h. þm. Borgf. á dýramyndasafn Gröndals, og sagði, að það hefði mesta þýðingu, að til væru í safninn myndir af dýrum, sem ekki væri til myndir af annarsstaðar. Það var einmitt svo, þegar nefndin sá safnið. Þar var t. d. mjög mikið af »mikroscopiskum« dýrum, sem ekki eru aðrar myndir til af hjer á landi. Auk myndanna hefir hann safnað mjög mörgum lægri dýrum, sem hann geymir í »spiritus«.

Sigurður Stefánsson: Jeg ætlaði að eins að gjöra fáar athugasemdir. Hæstv. landsh. sagði, að nefndin hefði ekki verið eins ríflег í fjárveitingum sínum við hina aðra skóla eins og við kvennaskólana. En nefndin vildi að þessu sinni fara varlega í ölmusuveitingar. Menntun kvenna er ekki í því ástandi hjer á Íslandi, að mönnum þurfi að vaxa í augum þeir peningar, sem ganga til kvennmenntunarinnar. Þegar litið er til þeirra skyldna, sem konan engu síður en karlmaðurinn hefir á hendi í mannfjelaginu, þá verða víst allir að játa, að fulla nauðsyn beri til, að sjá menntun kvennfólksins betur borgið en

hingað til hefir gjört verið, ef það á ekki að halda áfram að vera í þeirri andlegu niðurlægingarstöðu, sem það hingað til hefir verið í. Það virðist því næsta undarlegt að sjá ofsjónum yfir því fje, sem veitt er til kvennmenntunarinnar, þar sem þetta má þó að eins kallast fyrsta byrjun frá þingsins hálfu, til að bæta eitthvað úr þeirri miklu þörf sem hjer er fyrir hendi. Á hverjum fjárlögum standa 120 þúsund eða á annað hundrað þúsund kr. til að mennta annan helminginn þjóðarinnar, karlmennina, og til æðri menntastofnana, en til þess að mennta hinn helming þjóðarinnar eru að eins ætlaðar 3000 kr. á síðasta fjárhagstímabili. Og því meira furðar mig, þegar sagt er, að kvennmenntunin sje annað en alþýðumenntunin. Jeg vona að þessi hækkun á styrk til kvennaskólanna fái góðan byr í h. þingdeild.

Jeg skal að eins drepa lítið eitt á barnaskólana, og verð jeg að játa, að mjer finnst mikill munur á sveitaskólum og skólum í sjóplássum. H. 2. þingm. GK. (J. Þ.) vildi engu síður styrkja sveitaskólana en skóla í sjóplássum. Það er sjálfsagt, að maður ætti að vera örlátur við hvorutveggja, ef hægt væri, en fátæktin býður oss að sníða oss stakk eptir vexti. En þörfin er meiri í sjóplássunum; ungmennin eru þar fleiri en í sveitinni, og sjómaðurinn er að jafnaði aldrei heima þegar á sjóinn gefur, og getur þá ekki eins sinnt börnum sínum eins og landmaðurinn. H. þm. (J. Þ.) sagði líka, að uppfræðingin yrði ódýrari í sjóplássum en til sveita, en það er einmitt vegna þess, að þar er þjettbýlla og fjölmennara. Jeg þekki sveitaskóla, er styrktir hafa verið með opinberu fje, en sem einungis hafa verið fyrir fáein ríkismannabörn.

Það er ómögulegt, að almenn not geti orðið af þessum skólum í sveit; það eru að eins efnamennirnir, sem hafa krapt til að nota þá, en fátæklingarnir, sem einkum þurfa hjálparinnar með til að mennta börn sín, verða eptir sem áður á hakanum; þessu veldur margt, t. d. landshættir, veðurlag og fleira. En líklega er þó ekki meining þingsins, að styrkja að eins efnamennina til að geta haldið börnum sínum á skóla. Þannig var þessu varið með skólann á Leirá. Um einn tíma voru að eins í honum börn húsbóndans þar, sem eflaust hefði getað kennt börnum sínum sjálfur, án þess að fá styrk til þess af opinberu fje.

Það er lítið annað, sem jeg þarf að athuga.

Þó skal jeg drepa á launalækkunina við læknaskólann. Mjer skildist á h. þm. Vestm. (Þ. J.), þegar hann var að tala um þessa launalækkun, að hann væri að bera hana saman við laun annara embættismanna annarstaðar; en jeg veit ekki, hvað hann meinar með þessum hækkandi launum er hann var að tala um. Nefndin hefir að öðru leyti ekki lækkað laun þessa manns, sem hjer ræðir um, af neinni persónulegri óvild, og jeg fyrir mitt leyti verð að frábiðja mjer, að mjer hafi gengið nokkrar persónulegar hvatir til þess að gjöra það, sem jeg hef gjört í þessu atriði. Þessi embættismaður vissi að hverju hann gekk þegar hann tók við embætti sínu, þar sem laun hans voru ákveðin með lögum, og hann gat því enga heimtingu haft á hærri launum en þeim lögákveðnu. Annars finnst mjer leiðinlegt að þurfa að vera að leggja menn svona út, sem maður segir, hjer í deildinni. Fjárlögin eru engin launalög og það er leiðinlegt, að vera að setja menn inn á þau með launaviðbætur á hverju þingi. Ef um einhverja framúrskarandi embættismenn er að ræða, sem hafa traust og álit þjóðarinnar, þá ætti formælendum þeirra hjer á þingi að vera í lófa lagið að fá laun þeirra hækkuð með sjerstökum lögum, en ekki að vera að pota þeim inn á fjárlögin.

H. þm. Barðstrendinga (S. Jenss.) vildi ekki binda útgáfu Fornbrjefasafnsins við textútgáfu; mjer fannst þó nefndinni skylt að taka það fram, að rit þetta yrði ekki eintómar athugasemdir, eins og bók sú, sem minnzt var á hjer í deildinni rjett núna, og það heldur til hnjóðs.

Viðvíkjandi breytingartillögu þeirri, sem komið hefir fram um laun organistans við dómkirkjuna, þá er þar um að segja, að hann hefir að vísu ágæta borgun fyrir verk sitt; en hins vegar ber og að líta á það, hvað miklu hann hefir afkastað fyrir sönglistina, og að að hann hefir »spilað sig upp« af eiginn rammleik, og hefir lifandi áhuga á, að breiða út þekkingu í söng hjer á landi, og sýnist mjer það mjög virðingarvert. Það hefði kann ske verið ástæða til að lækka kaup hans, ef hann ekki jafnframt væri skyldaður til að kenna ókeypis að leika á orgel; en með svona mikilli lækkun á kaupi hans, eins og breytingartillagan fer fram á, get jeg ekki verið.

H. þingm. Borgfirð. (Gr. Th.) hefir komið með breytingartillögu í þá átt, að veita styrk til að gefa út vísindalega ritgjörð, og mæli jeg ekki með henni af því, að viðkomandi hafi verið hæverskur við þingið, eins og þm. Borgf. tók fram, heldur vegna verksins í sjálfu sjer.

Það gladdi mig að heyra upplýsingu þá, er hæstv. landsh. gaf um Sýslumannaæfirnar. Jeg álít þá bók mjög þarflega fyrir sögu landsins, og enda eins þarflega og Fornbrjefasafnið.

Páll Briem: Viðvíkjandi þeirri breytingartillögu, sem komið hefur fram frá mjer við 16. gr., þá ætla jeg að eins að koma með nokkrar skýringar.

Á síðasta þingi voru á fjárlögunum veittar 2000 kr. til aðgjörðar á Rifsós, af því að það var álitið, að við þennan ós mætti gera þannig, að hann gæti orðið góð höfn. Þessar 2000 kr. voru veittar með því skilyrði, að sýslufjelagið legði til fjórðung að sínum parti, en ekki er jeg svo fróður, að jeg viti frá hverjum þetta skilyrði er komið. Jeg veit að hefði þessi viðgjörð lukkast, þá hefði hún getað orðið til mikils góðs, en fje það, sem veitt var til viðgjörðarinnar, var ekki fullnægjandi. Af því að fjárveitingin var af svo skornum skammti, þá var ekki hægt að gera betur við en svo, að áin, sem girða átti fyrir, braut nokkuð af girðingunum. Að því er sjerstaklega snertir breytingartillöguna, þá miðar hún til þess að hlaupa undir bagga með sýslunni með þessa viðgjörð á Rifsós. Jörðin Rif er landsjóðsjörð og finnst mjer að hann ætti því að bera einhverja umhyggju fyrir henni. Það hefur þegar verið brúkað fram yfir fjárveitinguna til þessarar viðgjörðar. Menn kynnu nú að segja, að þetta ætti að vera «straff» á sýsluna fyrir það, að hún hefir ráðizt í þetta fyrirtæki. En það hefur talsverða þýðingu, hvernig landið tekur í svona fjárveitingar. Það kann að vera mikið rjett af landinu, að neita um fje til einhvers, en þá er hægt að álasa mönnum fyrir að vilja halda áfram með það, sem þeir einu sinni hafa byrjað á. Þegar verkið er hálfnað, þá segja menn: »Svona, nú færðu ekki meira til þessa, nú verðurðu að hætta í miðju kafi«. Það er talsvert spursmál, hvort heppilegra muni vera, að taka upp þessa reglu eður hina.

Hjer í þingsalnum hefur verið minnzt á, að óheppilegt væri að lækka fjárveitingarnar til hinna lögboðnu skóla, en hækka þær til kvennaskólanna. H. þm. Borgfirðinga (Gr. Th.) gat þess, er hann talaði um lærða skólann, að þeir sem gengju á hann gætu á eptir orðið góðir bændur. En hvað sem þessu líður, þá verð jeg að halda mjer við stefnu nefndarinnar í þessu, og heldur minnka fjárveitingar við þennan skóla en við þá, sem beinlínis mennta bændur, og jeg er þeirrar vonar, að h. þingdeild leggi kvenna-

skólunum eitthvað, eins og hún lagði búnaðarskólunum í gær.

Jeg ætla svo að minnast dálítið á hið íslenzka Fornbrjefasafn. Það hefur verið talað hjer um Sýslumannaæfirnar, og þær eru góðar fyrir sitt leyti. En það eru einmitt fornbrjefin íslenzku, sem saga Íslands einkum verður byggð á, og Sýslumannaæfirnar gætu orðið enn þá betur úr garði gjörðar, ef íslenzkt Fornbrjefasafn væri komið út á undan. Nefndin hefur lagt til, að þau kæmu út í text-útgáfu, og er jeg að vísu henni samdóma um það. Við þetta bindi, sem komið er út, hafa verið mjög miklar skýringar; en mjer finnst að útgáfan mætti vera jafnvel skýringalaus. Eg legg að eins áherzlu á það, að safnið sje gefið út. En ef ætti að skýra það að sama skapi sem þetta eina bindi, sem út er komið, er skýrt, þá mundi ekki líða ein heldur margar aldir þangað til það kæmizt allt út. En sem sagt, þá álít jeg safnið engu óaðgengilegra þótt það væri textútgáfa. Ef Fornbrjefasafnið verður fellt hjer, þá álít jeg það fallið um langan aldur, og þá þykir mjer illa farið. Bókmenntafjelagið getur ekki gefið þetta safn út upp á eigin spýtur; það þarf tugi ára til þess að leita Fornbrjefin upp og búa þau út. Fornbrjef eru opt í afarslæmu standi og opt erfiðara að gefa þau út en skinnbækur. Sumir hafa látið það í ljósi, að þeim þætti ekki maður sá vel valinn, sem hjer er um að ræða, og ætlar að takast á hendur útgáfuna; en jeg fyrir mitt leyti álít hann mjög duglegan mann og vel fallinn til þessa starfa, og meira að segja, að það sje leitun á öðrum, sem sje eins fær um það.

Ólafur Briem: Okkur, sem gjörðum breytingartillöguna við 13. gr. viðvíkjandi styrk til sveitakennara, þótti nefndin fara í öfuga átt, að lækka styrkinn til barnakennslu; í stjórnarfrumvarpinu er gjört ráð fyrir 4000 kr. styrk til barnaskóla yfir höfuð, en nefndarálitið gjörir ráð fyrir 3500 kr. bæði til barnaskóla og sveitakennara. Okkur finnst þar á móti ástæða til að hækka styrkinn upp í 5000 kr.; sömuleiðis virðist okkur skipting nefndarinnar eigi vera rjett, að láta allar sveitir að eins fá $^2/_5$ parta móts við sjóþorpin; við höfum stungið upp á, að þetta skyldi vera jafnt, þannig, að barnaskólar í sjóþorpum og verzlunarstöðum fengju 2500 kr., og allir sveitakennarar á landinu sömu upphæð. Mig furðar á, að 2. þm. GK. (J. Þór.) vildi lækka þennan styrk; finnst mjer það ekki vera samkvæmt andanum í alþýðumenntunarfrumvarpinu, sem hann flutti fyrir skemmstu, og benda til, að hann láti sjer annara um að koma glæsilegum skólalögum á pappírinn, heldur en að styðja þær framkvæmdir, er miðað geti til að efla þekkingu meðal almennings.

Önnur breytingartillaga okkar fer fram á, að færa niður laun organleikarans við dómkirkjuna úr 1000 kr. niður í 500 kr., og þá jafnframt að losa hann við þá skyldu, að veita ókeypis kennslu í sönglist og organslætti. Þm. Borgf. (Gr. Th.) þakkaði sjer, að maður þessi hefði hlotið þessi laun, og sagði, að það hefði hitt á verðugan mann. Það hafa flestir, sem hafa tekið til máls, sagt, að þetta væri ekki laun fyrir ákveðið starf, heldur nokkurs konar heiðurslaun eða viðurkenning til þess manns, sem að undanförnu hefur haft þennan starfa á hendi; en jeg verð að vera á öðru máli, þar sem hjer er enginn nafngreindur, og það er þannig ótiltekið, hver það sje, sem á að verða aðnjótandi þessara heiðurslauna. Það hefur komið fram í ræðum sumra, að kennsla hans hafi náð til svo margra á fjárhagstímabilinu; það bendir á, að búið sje að ljúka miklu í þá átt að útvega organleikara í kirkjurnar; þess vegna þarf ekki að halda áfram að veita styrkinn til kennslu

í organslætti; einnig er aðgætandi, að það eru margir aðrir svo að sjer, að þeir eru fullfærir til að kenna þetta.

Að því er snertir kennslu í stýrimannafræði, hefur nefndin gjört þá breytingu, að lækka það, sem eptir stjórnarfrumvarpinu átti að ganga til þeirrar kennslu í Reykjavík, úr 1000 kr. ofan í 800 kr., en jafnframt stungið upp á 1000 kr. fjárveitingu til kennslu annarsstaðar. Hjer er jeg eigi með nefndarálitinu. Jeg álít haganlegast, að þessi kennsla fari fram í Reykjavík, og að þar verði með tímanum stofnaður sjómannaskóli. Er bezt að þessi fjárveiting sje notuð á einum stað, og mjög óhentugt, að búta þennan styrk niður hingað og þangað um landið.

Viðvíkjandi 16. gr. er jeg samdóma hæstv. landsh. um að styrkurinn til ótiltekinna vísindalegra og verklegra fyrirtækja sje heppilega afnuminn, eins og nefndin hefur lagt til. Að þessu leyti á hún þakkir skilið, en aptur á móti finnst mjer hún eigi gæta fullkomins sparnaðar í tilliti til sjerstakra fjárveitinga í þá stefnu.

Viðvíkjandi 1. tölulið 16. greinar, hef jeg það að athuga, að jeg skil ekki hvað hjer er meint með «að safna til jarðfræðislýsingar Íslands», sem Þorvaldur Thoroddsen hefur fengið 2000 kr. styrk til, hvort það þýðir sama sem að semja slíka lýsingu. Án þess að jeg vilji leggja neinn dóm á, hvort þessum styrk, sem er veittur svona óákvarðað, sje vel varið, læt jeg þess að eins getið, að mjer finnst að þetta hefði getað beðið næsta fjárhagstímabils; maður þessi hefði þá fengið tóm til að sýna árangurinn af rannsóknum sínum og fjárlaganefnd átt kost á að kynna sjer aðgjörðir hans, líkt og hjá Gröndal.

Hvað viðvíkur styrknum til verklegs laxaklaks, vil jeg skírskota til orða h. 1. þm. Árnes. (Þ. G.). Álít jeg almenningsfje betur varið til að kenna mönnum aðferðina við laxaklakið, heldur en að veita styrk til viðhalds einstökum fyrirtækjum, sem þegar eru orðin arðberandi fyrir hlutaðeigendur. Viðvíkjandi styrknum til útgáfu Fornbrjefasafnsins, er það að segja, að menn bera ekki fullkomið traust til mannsins, sem fyrir útgáfunni á að standa og eru hræddir um, að það gæti orðið óþarfa málalengingar, ef Fornbrjefasafninu fylgdi svo mikill fjöldi athugasemda, eins og komið hefir stundum fyrir við bókaútgáfur; væri betra, að Bókmenntafjelagið gæfi Fornbrjefasafnið út. enda ætti það ekki að vera því ofvaxið, þegar tekið er tillit til þess, að það fær árlega allríflegan styrk úr landssjóði.

Grímur Thomsen: Hæstv. landsh. sagði, að Bókmenntafjelagið mundi gefa út áframhaldið af Sýslumannaæfunum, fyrst handrit væri fyrir hendi; þetta er gott fyrra árið, en síðara árið mun fjelagið þurfa enn meira handrit, og yfir höfuð vil jeg halda þessum lið eins og hann er í stjórnarfrv., bæði hvað orðalagið og upphæðina snertir. Þetta fjelag hefur þann tilgang, sem það að mörgu leyti hefur náð, að halda uppi sóma íslenzkra bókmennta, og því vil jeg ekki vera um of spar við það.

Í öðru lagi gladdi það mig, að h. framsögum. (E. Br.) ljet forstöðukonu kvennaskólans njóta sannmælis, að hún hefði með miklum dugnaði komið þessum skóla á stofu og haldið honum áfram; en þá fyndist mjer líka tilhlýðilegt, að hann vildi taka tillit til beiðni frá þessari merkiskonu um, að skólinn fái að standa undir hinni sömu yfirumsjón, sem að undanförnu; það er einnig líklegra. að hann geti orðið fremur einhvers styrks aðnjótandi, ef hann stendur undir yfirumsjón amtsráðsins, en undir yfirumsjón stiptsyfirvaldanna; því jeg veit ekki til, að þau hafi neitt slíkt fje til umráða.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Hvað sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) hefur gengið til þess, þá hermdi hann orð mín

ekki rjett. Og að öðru leyti verð jeg að álíta, að ósk forstöðunefndar skólans eigi fremur að takast til greina, en ósk forstöðukonunnar, því það er forstöðunefndin en eigi forstöðukonan, sem yfirumsjónin hefur við að skipta. Og að skólinn eigi von á meiri fjárstyrk undir yfirumsjón amtsráðs en stiptsyfirvaldanna, er mjög efasamt.

Árni Jónsson: Jeg finn mjer skylt að þakka hæstv. landsh. fyrir hans góðu undirtektir undir flestar breytingar nefndarinnar við þennan kafla. Flestum andmælum sem fram hafa komið er þegar svarað af framsögum. (E. Br.) og 1. þm. Ísf. (S. Stef.).

Hvað snertir 13. gr. B. 2. þar sem h. þm. Vestm. (Þ. J.) talaði svo margt og mikið um persónulega og ópersónulega ósanngirni í þinginu, þá vissi jeg eigi hvað hann meinti með því, en svo mikið mun víst að h. þm. (Þ. J.) hefur persónulega og ópersónulega sanngirni hvað Vestmanneyjar snertir. Jeg fyrir mitt leyti vildi sneiða sem mest hjá öllu persónulegu, og það eins þótt það snerti mitt eigið kjördæmi, enda held jeg hinn h. þm. geti ekki brugðið mjer um neitt í því efni, enn sem komið er.

Eitt atriði vildi jeg minnast á, sem flestir hafa gengið fram hjá nema h. þm. Borgf. (Gr. Th.), og það eru ölmusurnar til lærðaskólans. Jeg er hlynntur menntun og menntastofnunum, og það eigi sízt lærða skólanum, og jeg óska og vil að hann standi með sem mestum blóma, og það álít jeg að hann geti eins fyrir þessa lækkun á ölmusunum; aðsóknin að skólanum er mjög mikil, og styrkurinn er ríflegur; en ef styrknum er rjettilega og heppilega útbýtt, þannig að einkum sje tekið tillit til bæði efnahags nemendanna og eigi síður til framfara þeirra, ástundunar og reglusemi, þá er jeg sannfærður um, að vísindi og menntun geta vaxið og dafnað í skólanum, og staðið þar með eins miklum blóma og áður, þótt styrkurinn væri minni og aðsóknin að skólanum minnkaði. Því að það er eigi allt komið undir fjöldanum, heldur miklu meira undir hinu, að piltar sæki skólann til þess að menntast og mannast og verða nýtir og dugandi menn. Og út af þessu atriði vil jeg benda á, hvað einn af kennurum skólans hefur ritað alveg nýlega:

»Enda eru of margir í skólanum, sem stendur allt á sama, ef þeir bara einhvern veginn geta slarkað gegn um prófin. Það eru ekki fáir, sem fara í latínuskólann, ekki til að menntast, heldur með þeim tilgangi, að verða embættismenn með sem minnstri fyrirhöfn. Það eru ekki hæfilegleikar eða menntalöngun, sem ræður mestu um slíkt, heldur efnahagur foreldra og vandamanna. Það er orðin ástríða hjá mörgum, að vilja heldur reyna með ærnum kostnaði að hola börnum sínum í einhverja embættisstöðu, hvort sem þau eru fær til þess eða ekki, heldur en að gjöra úr þeim praktiska menn, og mundi það þó opt verða affarasælla fyrir land og lýð». (Þ. Th.: Fjallkonan 23. bl. 1887).

Þetta er mjög athugavert, og vona jeg að h. þm. (Gr. Th.) verði mjer og nefndinni samdóma um þetta atriði, að það er alls ekki gjört til að hepta framfarir og menntun eður kippa úr hinum sanna vexti og viðgangi skólans, heldur þvert á móti. Því eins og nú er farið, virðist svo sem sumir fái ölmusustyrk, er alls eigi ætti að fá hann. Þótt allir verði að viðurkenna hina miklu hæfilegleika h. þm. Borgf. (Gr. Th.), þá eru þó ástæður hans stundum nokkuð undarlegar; þannig vill hann hafa 2 bókaverði við landsbókasafnið, af því að ef annar verði veikur, þá sje enginn til að gegna störfunum í hans stað. En þetta á sjer stað með alla embættismenn og sýslanamenn, og eru þó eigi settir aðstoðarmenn þeim til vara.

Þar sem hann var að tala um að það gangi nærri samningsrofi, ef Bókmennta-

fjelagið vildi eigi gefa út Sýslumannaæfirnar, þá sje jeg eigi hvað það kemur þinginu við, því að það hefir engan samning gjört um útgáfu þessarar bókar, Sýslumannaæfanna, þó það hafi veitt fjelaginu styrk, og því getur hjer ekki verið um neitt samningsrof að tala af þingsins hálfu. Hann vill færa styrkinn til þessa fjelags upp, og þó kvartaði hann svo mikið um daginn yfir því, að taka þyrfti nokkuð úr viðlagasjóði til þess að greiða það, sem tekjurnar eigi hrökkva til fyrir útgjöldunum á næsta fjárhagstímabili. En Bókmenntafjelagið á líka varasjóð, og er þá ekki eins gott að það grípi til hans ef á þyrfti að halda, eins og að greiða það úr viðlagasjóði, eins og nú er farið fjárhag landsins?

Jeg ætla alveg að leiða hjá mjer að fara nokkuð út í þær mismunandi skoðanir viðvíkjandi kvennaskólanum í Rvík, sem hafa komið fram hjá h. þm. Borgf. (Gr. Th.) og h. framsögum. (E. Br.). Jeg ímynda mjer það kunni að koma af því, að það kemur optar fyrir, að h. þm. (Gr. Th.) er hörundssár, að því er snertir amtsráðin. Það hefur talsvert verið talað bæði með og móti hækkun styrksins til kvennaskólanna. En jeg held nefndin verði eigi vítt fyrir það með rjettu, þótt hún hafi viljað styðja þessar stofnanir. H. þm. Ísf. (S. St.) sýndi svo glögglega, hversu hverfandi upphæð það er, sem varið er til að mennta kvennþjóðina, í samanburði við það, sem gengur til menntunar karlmanna; og mig furðar á því, að nokkur þingm. skuli sjá ofsjónum yfir þessum litla styrk, er til kvennaskólanna gengur, og það enda þótt hann væri aukinn að mun. Og sjerstaklega furðar mig á h. 2. þm. GK. (J. Þ.), þar sem mjer fannst hann heldur vera mótmæltur kvennaskólanum í Reykjavík, þar sem hann þó þekkir aðra menntastofnun líkrar tegundar, til þess að mennta karlmenn, og sem hefur 2500 kr. styrk af landsfje eður $^2/_5$ pörtum meira fje heldur en kvennaskólinn í Rvík, og munu þar þó eigi hafa verið fleiri nemendur. Það verða þó allir að játa, að kvennamenntunin er mjög áríðandi, því hlutverk konunnar er næsta þýðingarmikið, bæði fyrir hinn einstaka og hið almenna; sjerstaklega er það þýðingarmikið hjá okkur, meðan svo stendur, að hin mesta og bezta — og nær eina menntun barnanna er eingöngu komin undir fóstri þeirra og fræðslu á heimilinu, og þar á móðirin opt mestan hlut að máli. Vona jeg því fastlega, að allir vilji styðja að því, að kvennamenntunin aukist og eflist sem allra mest, og að hún beri sem bezta og heillavænlegasta ávexti, fyrir alda og óborna.

ATKVÆÐAGR.:

13. gr. A. a. samþ. í einu hljóði.
b. 1. samþ. í einu hljóði.
-- 2. — - — —
Viðaukatill. nefnd. innanstryks samþ. með með 20 atkv.
b. 3. samþ. í e. hlj.
Viðaukatill. S. J. (4.) samþ. með 20 atkv.
b. 4. (nú 5) samþ. í e. hlj.
- 5. (nú 6.) — — —
B. I. a. samþ. í e. hlj.
— — b. 1. samþ. í e. hlj.
Breyt.till. N. við — — - 2. samþ. með 13 atkv. gegn 2.
— — - 2. fallinn.
— — - 3. samþ. í e. hlj.
— — - 4. — — —
— — - 5. — — —
— — - 6. — — —
— — - 7. — — —
Breyt.till. N. við — II. a. samþ. með 12 : 8 atkv.
— — a. fallinn.
— — b. 1. samþ. í e. hlj.
— — - 2. samþ. 20 atkv.
— — - 3. samþ. í e. hlj.
— — - 4. — — —
— — - 5. — — —
— — - 6. — — —

Viðaukatill. N. B. II. b.(7.) samþ. með 20 atkv.
B. III. a. samþ. í e. hlj.
— — b. 1. samþ. í e. hlj.
— — 2.–5. lið. samþ. í e. hlj.
— — c. 1. samþ. í e. hlj.
Breyt.till. N. við — — - 2. — með 21 atkv.
— — - 2. fallinn.
Breyt.till. N. við — — - 3. samþ. með 20 atkv.
— — - 3. fallinn.
— — - 4. samþ. í e. hlj.
Breyt.till. N. við — — - 5. samþ. með 18 atkv.
— — - 5. fallinn.
— — - 6. samþ. í e. hlj.
Breyt.till. N. við — — - 7. — — —
— — - 7. fallinn.
— — - 8. samþ. í e. hlj.
— — - 9. — — —

Viðaukatill. Gr. Th. (c. 10.) — með 13 atkv. gegn 9 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Jón Þórarinsson.	Árni Jónsson.
Páll Ólafsson.	Eiríkur Briem
Benedikt Sveinsson	Jón Jónsson
Grímur Thomsen	Ólafur Pálsson
Gunnar Halldórsson	Páll Briem
Jónas Jónassen.	Þorl. Guðmundsson
Lárus Halldórsson	Þorleifur Jónsson
Ólafur Briem	Þorvaldur Bjarnarson
Sigurður Jensson	Þorv. Kjerulf.
Sigurður Stefánsson	
Sveinn Eiríksson	
Þór. Böðvarsson	
Þorsteinn Jónsson.	

B. IV. a. samþ. í e. hlj.
b. 1. samþ. með 20 atkv.
- 2. — — 20 —
- 3. — — 20 —
- 4. — — 20 —

B. V. a.:
1. breyt.till. N. við a. samþ. með 18 atkv.
Aths. við fyrri lið samþ. með 21 atkv.
— — síð. — — — 15 —
2. breyt.till. N. við a. samþ. í e. hlj.
3. — — — - — — —
4. — — — - — með 15 atkv.

B. V. b.:
Breyt.till. N. við V. b. samþ. með 14 : 4 atkv.
Aths. N. eptir V. b. samþ. með 16 atkv.
Breyt.till. Ól. Br. og Þ. G. samþ. með 12 atkv.
Aths. þar við samþ. með 13 atkv.
Viðaukatill. N. fallin.
B. V. b. fallinn.
Breyt.till. N. við B. V. c.:
1. liður samþ. með 21 atkv.
2. — — — 21 —
Breyt.till. N. við aths. stj.frv. samþ. með 17 atkv.
Breyt.till. Ól. Br. og Þ. G. við B. V. d. fallin með 11 atkv. gegn 6.
B. V. d. samþ. með 13 atkv.
Breyt.till. N. við B. V. e.:
1. tölul. samþ. með 12 : 1 atkv.
2. — — — 13 : 1 —
B. V. e. 1.–3. tölul. fallinn.
Breyt.till. Gr. Th. við C. 1. a. samþ. með 13 atkv. gegn 9, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Jón Þórarinsson.	Páll Ólafsson.
Benedikt Sveinsson.	Árni Jónsson.
Eiríkur Briem.	Gunnar Halldórsson.
Grímur Thomsen.	Jón Jónsson.
Jónas Jónassen.	Ólafur Briem.
Lárus Halldórsson.	Ólafur Pálsson.
Sigurður Jensson.	Páll Briem.
Sigurður Stefánsson.	Þorv. Bjarnarson.
Sveinn Eiríksson.	Þorv. Kjerulf.
Þórarinn Böðvarsson.	
Þorl. Guðmundsson.	
Þorleifur Jónsson.	
Þorsteinn Jónsson.	

Breyt.till. Gr. Th. við C. 1. b. fallin með 12 atkv. gegn 9.
Aths. fallin.

C. 1. a. fallinn með 21 atkv.
Breyt.till. N. við — - b. samþ. — 21 —
— - b. fallinn.
— - c. samþ. með 20 atkv.
Breyt.till. N. við — - d. — — 15 —
— - d. fallinn.
— — — — - e. samþ. með 15 atkv.
að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Jón Þórarinsson,	Páll Ólafsson,
Árni Jónsson,	Lárus Halldórsson,
Benidikt Sveinsson,	Ólafur Briem,
Eiríkur Briem,	Ólafur Pálsson,
Grímur Thomsen,	Sveinn Eiríksson,
Gunnar Halldórsson,	Þorl. Guðmundsson,
Jón Jónsson,	Þorv. Bjarnarson.
Jónas Jónassen,	
Páll Briem,	
Sigurður Jensson,	
Sigurður Stefánsson,	
Þórarinn Böðvarsson,	
Þorleifur Jónsson,	
Þorsteinn Jónsson,	
Þorvarður Kjerulf.	

C. 1. e. fallinn.
C. 1. f. samþ. í e. hlj.
C. 1. g. — — —
C. 2. — með 21 atkv.
Breyt.till. N. við C. 3. — — 20 —
C. 3. fallinn.
Breyt.till. N. við C. 4. samþ. með 15 atkv.
C. 4. fallinn.
Breyt.till. N. við C. 5. a. samþ. með 21 atkv.
C. 5. a. fallinn.
C. 5. b. samþ. í e. hlj.
C. 5. c. — — —
Nýr liður N. d. — með 14 atkv.
gegn 8, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Árni Jónsson	Jón Þórarinsson
Ben. Sveinsson	Páll Ólafsson
Eir. Briem	Gunnar Halldórsson
Gr. Thomsen	Jónas Jónassen
Jón Jónsson	Lárus Halldórsson
Ólafur Briem	Ólafur Pálsson
Páll Briem	Sig. Jensson

já:	*nei:*
Sig. Stefánson	Þorvarður Kjerúlf.
Sveinn Eiríksson	
Þórarinn Böðvarsson	
Þorl. Guðmundsson	
Þorleifur Jónsson	
Þorst. Jónsson	
Þorv. Bjarnarson.	

13. gr. með breyt. samþ. í e. hlj.
14. gr. óbreytt samþ. í e. hlj.
15. gr.
1. breyt.till. N. samþ. í e. hlj.
2. breyt.till. N. samþ. með 19 atkv.
Breyt.till. J. J. — Þ. J. tekin aptur.
15. gr. með breyt. samþ. í e. hlj.
16. gr. 1. liður.
Breyt.till. Ól. Br. – Þ. G. fallin með 12 gegn 7 atkv.
Breyt.till. N. við 1. lið samþ. með 16 atkv.
1. lið. stjórnarfrumv. fallinn.
Breyt.till. N. við 2. lið samþ. með 15 atkv.
2. lið. stjórnarfrumv. fallinn.
Breyt.till. Ól. Br.—Þ. G. við 3. lið samþ. með 13 atkv.
3. lið. stjórnarfrumv. fallinn.
Breyt.till. N. við 3. lið fallnar.
Breyt.till. Ól. Br.—Þ. G. við 4. lið samþ. með 12 atkv. gegn 5.
4. lið. stjórnarfrumv. fallinn.
Breyt.till. N. við 4. lið fallin.
Breyt.till. N. við 5. — samþ. með 18 atkv.
5. lið. stjórnarfrumv. fallinn.
Nýr liður (6.) landsh. fallinn 13 atkv. gegn 7.
Nýr liður P. Br. fallinn með 16 atkv. gegn 3.
Nýir liðir J. Þór.: 1. lið. fallinn með 15 atkv. gegn 3.
2. — fallinn.
Nýir liðir N.: 1. lið. samþ. með 15 atkv.
2. — fallinn með 14 atkv.
gegn 8, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Jón Þórarinsson,	Páll Ólafsson,
Eiríkur Briem,	Árni Jónsson,

já:	*nei:*
Gunnar Halldórsson,	Benedikt Sveinsson,
Páll Briem,	Grímur Thomsen,
Sigurður Jensson,	Jón Jónsson,
Sigurður Stefánsson,	Jónas Jónassen,
Þórarinn Böðvarsson,	Lárus Halldórsson,
Þorleifur Jónsson.	Ólafur Briem,
	Ólafur Pálsson,
	Sveinn Eiríksson,
	Þorlákur Guðmundss.,
	Þorsteinn Jónsson,
	Þorvaldur Bjarnarson,
	Þorvarður Kjerúlf.

Breyt.till. Ól. Br. og Þ. G. fallin með 11 atkv. gegn 10.

Breyt.till. N. við 6. lið samþ. með 21 atkv.

16. gr. með breyt. samþ. í e. hlj.

Breyt.till. N. við 17. gr. samþ. með 21 atkv.

Breyt.till. N. við 18. gr. samþ. í e. hlj.

19. gr. óbreytt samþ. í e. hlj.

7. gr. frumv. samþ. með fyrirvara í e. hlj.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þrítugasti og sjöundi fundur, miðvikudag 10. ágúst.

Fjarverandi 2. þm. Eyf. (B. Sv.), sem hafði tilkynnt forseta forföll sín.

Tillögur yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1884 og 1885 (278); síðari umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Jeg vil að eins geta þess viðvíkjandi atkvæðagreiðslunni um þetta mál síðast, að þar sem deildin felldi 8. till., um, að eptirstöðvar af árgjöldum prestakalla sjeu innheimtar sem allra fyrst, sjerstaklega árgjald af Hólmaprestakalli frá 1880—1881, að upphæð 600 kr., þá verð jeg að álíta, að með því að fella tillögu þessa hafi deildin alls ekki samþykkt, að þessar 600 krónur mætti falla niður, heldur að eins látið í ljós, að hún áliti óþarft að beina þeirri áskorun til landsstjórnarinnar, að heimta þessar 600 kr. inn sem fyrst. Og þetta álit hefir h. þingd. að líkindum byggt á því, að landsstjórnin mundi af sjálfsdáðum finna hvöt hjá sjer til að láta ekki lengur dragast innheimtu þessara eptirstöðva.

Landshöfðingi: Jeg skil atkvæðagreiðsluna svo, að þingd. vilji ekki, að þessar 600 kr. sjeu innheimtar, og eptir því ætla jeg að fara.

ATKVÆÐAGR.: Tillögurnar samþ. í einu hljóði og sendar efri deild.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1884 og 1885 (277); 3. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Með því frumv. þetta nú hefir verið leiðrjett samkvæmt atkvæðagreiðslunni við 2. umr., tel jeg víst, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 20 atkv., og síðan afgreitt til Ed.

Frumvarp til laga um samþykkt á landsreikningunum fyrir árin 1884 og 1885 (283); 3. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Jeg skal að eins geta þess, að það hefir fallið aptan af frumv. viðauki, sem samþykktur var við 2. umr. Jeg vildi því æskja þess, að það yrði borið undir atkvæði með þeim fyrirvara, að þessum viðauka yrði bætt við síðar.

Forseti: Jeg hafði ekki fyr en nú tekið eptir því, að fallið hefir aptan af frumv. við prentunina; en úr því svo er, þá verð jeg að taka málið út af dagskrá, svo það verði lagfært.

Frumvarp til laga um húsmenn eða þurrabúðarmenn (257, 302); 3. umr.

Framsögumaður (Þorl. Guðmundsson): Nefndin hefir komið fram með nokkrar smábreytingar við frumv. samkvæmt um-

ræðum manna þegar það var síðast til umr.

1. breyt.till. gengur út á að nema burt úr fyrirsögninni orðin: »húsmenn eða«, svo að fyrirsögnin verður eptir því að eins: »Frumv. til laga um þurrabúðarmenn«.

Þá er stungið upp á, að aptan við 1. gr. staflið b. bætist ný málsgrein, og mega ákvæði hennar álítast til bóta. 4. og 6. gr. vöktu mestar umræður við 2. umr. málsins, 6. gr. var þá felld og hana höfum við ekki tekið upp aptur, og vona jeg að þeim sje nú breytt svo, að menn geti sampykkt þær. Jeg vona svo að ekki verði langar umr. um þetta mál framar, og að það fái fylgi h. þingd.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg vil ekki gera lítið úr hinum góða vilja h. flutningsmanna þessa máls, en jeg óttast enn fyrir, að það sje ekki svo vel úr garði gjört, að það geti orðið að góðum notum. Jeg lýsti því meðal annars yfir, að mjer þætti það of hörð krafa, að heimta, að menn ættu 400 kr. skuldlaust áður en þeir mættu verða þurrabúðarmenn. Jeg held þeir verði ekki margir, sem komast í þurrabúð, ef þessu skilyrði verður haldið. Því þó þetta sje ekki mikil upphæð í sjálfu sjer, þá er hún þó mikil við sjóinn. Að eiga 400 kr. skuldlaust, auk klæðnaðar, er ekki talið svo lítið hjer við sjóinn. Ef þetta skilyrði verður í lögunum, þá er sama sem að setja í lögin: hjeðan af skal enginn þurrabúð vera til.

Nefndin stingur upp á þeirri viðbót við 1. gr., að undantekning megi gera frá ákvæðum hennar »með samhljóða atkvæðum allra hreppsnefndarmanna«. Jeg geri ráð fyrir, að h. framsögum. (Þ. G.) viti, hvað gott það er að fá samhljóða atkvæði allra hreppsnefndarmanna í hverju helzt máli sem um er að ræða, og skal jeg því ekki fást um þessa ákvörðun.

Um hin önnur ákvæði frumv. skal jeg heldur ekki tala frekar en jeg hefi gjört. En jeg vildi helzt, að h. framsögum. hefði íhugað þetta mál betur, enda álít jeg að hreppsnefndir standi ekki ráðalausar, eptir gildandi lögum, gagnvart þurrabúðarmönnum og þurrabúðum, og sízt ef þær hafa fylgi meiri hluta hreppsmanna. Jeg held jeg verði því að sitja fyrir þessu frumv. nú við síðustu umr. þess hjer í deildinni.

Sigurður Stefánsson: Mjer finnst breytingin við 1. gr. heldur spilla en bæta, og ánægðari hefði jeg verið með frv., ef hún hefð ekki komið.

H. varaforseti (Þ. Böðv.) þótti enn sem fyrri of hátt eignartakmarkið, 400 kr., en jeg er sem fyr á því, að það sje helzt of lágt, ef nokkuð væri, og þykist jeg áður hafa leitt rök að því; og þótt þetta eða lögin í heild sinni yrðu til þess, að minnka tómthúsmennsku, væri víst enginn skaði að því. Það mundi eigi með tjóni teljandi, þótt eigi gæti hver og einn flogið í þurrabúð, jafnskjótt sem hann hefir fengið sjer einhverja meðhjálparmynd, þó hann eigi ekki neitt af neinu, nema ef til vill skuldir.

Þá sagði h. varaforseti, að torvelt væri að fá samhljóða atkvæði hreppsnefndarmanna. Jeg held, að einnig þetta sje alveg öfugt; jeg er hinu vanari, að hægt sje fyrir einn mann að ráða öllu í hreppsnefndum, ef hann er nokkur atkvæðamaður (Heyr!), en hinir munu þá sjaldan segja annað en já og amen til þess, sem hann vill vera láta. Hann sagði og, að hreppsnefndir gætu nú takmarkað þurrabúðir eptir vild sinni; en reynslan sýnir að þær gjöra það ekki. Þegar vel lætur í ári með aflann, hrúga efnaðir útvegsbændur að sjer tómthúsmönnum, og láta þá róa á sínum útveg, en þegar svo aflaleysisár koma, þá má sveitarsjóðurinn ala þurrabúðarmennina; þannig eru þau vandræði, sem þurrabúðir hafa í för með sjer, mest ríkismönnunum að kenna.

Jeg þekki ýmsa menn fyrir vestan, sem

hafa farið úr vist og byrjað þurrabúð, ekki með 400 kr. eign, heldur 800 kr. skuld: getur nú nokkur búizt við, að þessir menn verði sveitarfjelaginu til annars en vandræða og skaða? Hitt skal jeg játa, að 400 kr. eign er engin trygging fyrir því að þurrabúðarmaður eigi fari á sveit, en það er þó sitt hvað, að byrja allslaus, eða kannske skuldunum vafinn, ellegar að hafa svo mikið fje, sem undir öllum atvikum er nóg til að firra manninn skorti fyrsta árið í sjálfsmennskunni. Þeir eru víst ekki margir, sem nú á dögum byrja tómthúsmennskuna með minna en 400 kr. og ekki fara bráðlega á sveitina, eða því nær.

Þó nú nefndin hafi heldur spillt 1. gr. frv. en bætt hana, mun jeg samt greiða atkvæði með því, í þeirri von, að ef það verður að lögum, muni það bæta að nokkru úr þessu þjóðarmeini voru.

Framsögumaður (Þorl. Guðmundsson): Jeg þarf ekki að svara h. varaforseta mörgu; h. 1. þm. Ísf. (S. St.) hefir gjört það með miklum og sönnum rökum. En það vil jeg segja, að ekki eru það efnilegir menn, sem verða í vandræðum með að græða einar 400 kr., og auk þess er optast að karl og kona slái saman í þurrabúðina, og þá verður upphæðin auðfengnari, er eigur tveggja eru lagðar saman. Varaforseta er víst eins kunnugt um kaupstaðurskuldir manna eins og mjer, og einnig mætti hann vita, að þær stafa mikið af tómthúsmennskunni; með henni og öðru fleiru hafa menn leitt þessa skuldaóhamingju bæði yfir sig og kaupmenn. Menn eru hópum saman búnir að selja frelsi sitt í hendur kaupmönnum, en þeim (kaupmönnum) þó litlu betur borgið með fje sitt eptir en áður. Menn flana allslausir í þurrabúðarsjálfsmennskuna. Já, nauðsynjar sínar taka þeir til láns hjá kaupmanninum, ketilinn, könnuna, kaffipundið, pottinn og út á vatnsgrautinn, og svo er ekkert til að borga með; neyðist kaupmaður þá til að lána upp á haustvertíðaraflann, og ef þá er eigi borgað, fer hann enn á ný að lána upp á vetrarvertíðina, sem er aðalbjargræðiskaflinn. Ekki þarf nú annað en að hún bregðist, þá stendur þurrabúðarmaðurinn uppi ráðalaus og kaupmaður er neyddur til að halda honum við með nýjum lánum, til þess að hafa von um að fá skuld sína, þó ekki verði fyr en seint og síðar meir og mikið opt aldrei. Þannig gengur svo koll af kolli, uns þurrabúðarmaðurinn er svo sokkinn í botnlausar skuldir, að hann aldrei á viðreisnar von, og fer á sveitina. Það gjörir kaupmaðurinn reyndar ekki, en opt verður hann gjaldþrota og bakar með því mörgum stórtjón, bæði innan lands og utan, og þessi skuldasúpa gerir verzlunina lítt við unandi fyrir þá, sem kaupa fyrir peninga, eða standa á annan hátt í skilum við kaupmenn, því þeir verða að leggja margfalt á hina útlendu vöru. Af öllu þessu leiðir hin mestu vandræði, og jeg þekki ekkert ráð fyrir hreppsnefndirnar til að sporna við slíku, ef einstakir menn vilja leyfa tómthúsmennsku á lóð sinni; og margir eru svo lyntir, að þeir eigi hlífast við að taka tómthúsmenn í óleyfi hreppsnefndar, ef þeir sjálfir hafa einhvern ímyndaðan stundarhag á því.

Ekki þekki jeg til, að svo mikið ósamlyndi sje á milli hreppsnefnda, að eigi sje hægt að ná samhljóða atkv. hennar, ef til þarf að taka, í slíkum málum, og ekki hefi jeg heyrt talað um neitt ósamlyndi í hreppsnefndinni í Garðahreppi, og sá oddviti, sem þar hefir lengi verið, mundi undir öllum þeim kringumstæðum, sem hjer ræðir um, geta náð samhljóða atkvæði sinna meðnefndarmanna.

Landshöfðingi: Jeg er mjög hlynntur frumv. í þessa átt og vildi gjarnan að það næði fram að ganga, en því lakara þótti mjer, að hvorki nefndin eða aðrir

skyldu koma með fleiri breytingaruppást. við það til þessarar umr.; því eins og frv. nú er, eru á því æði miklir gallar, sem þurft hefði að laga, svo að það yrði vel frambærilegt, enda bjóst jeg við eptir umræðunum við 2. umr., að sumir þeirra að minnsta kosti mundu verða lagaðir.

Fyrst og fremst er fyrirsögn frumv. engan veginn rjett; eptir þeirri breyt.till., sem nefndin kom nú með við hana, ætti þetta væntanlega lagaboð að heita »lög um þurrabúðarmenn«, en frv. nær engan veginn yfir alla þurrabúðarmenn, heldur að eins þá, sem búa utan kaupstaðar, og sjest það á því, að ekki er talað um aðrar sveitarstjórnir í frv. en hreppsnefndir og sýslunefndir. Jeg held enn fremur, að hagfeldara væri, eins og á sjer stað eptir núgildandi lögum, að neitun hreppsnefndar um leyfi til þurrabúðarmennsku skyldi skjóta til sýslumanns en til sýslunefndar, því ef sýslunefndin skal skera úr, getur það opt komið sjer illa fyrir þann, sem æskir þurrabúðarleyfis, t. d. ef honum er neitað um leyfið skömmu eptir að sýslunefndarfundur hefir verið haldinn, þá getur sýslunefndin eigi úrskurðað um áfrýjun hans fyr en á næsta fundi. Getur þannig liðið ½ ár eða meir frá áfrýjun til úrskurðar, og gæti slíkt orðið bagalegt, ekki að eins fyrir umsækjanda, heldur einnig fyrir eiganda þurrabúðar, sem þá kannske fengi hana ekki byggða fyr en að ári liðnu.

Breytingin á 4. gr. er til bóta.

Sú ákvörðun, að þurrabúðarmaður skuli ætíð hafa lokið umgirðingu og ræktun á þeim tiltekna bletti innan 5 ára, virðist mjer nokkuð ónærgætnisleg, því ef allur bletturinn er stórgrýttur, þá getur verið ómögulegt að fullnægja þessu ákvæði á 5 árum. Ekki er það heldur heppilegt, að byggingartíminn eigi ætíð að vera 5 ár; hann ætti aldrei að vera styttri, en lengri ætti hann að mega vera.

Nefndin hefir heldur ekki ráðið til hlítar bót á 6. gr., því opt getur verið ómögulegt að fullnægja henni.

Þetta og ýmislegt annað hefi jeg að athuga við frumv., og af því að eigi verður neitt gert við það hjer, úr því sem komið er, þá vil jeg vona að það taki umbótum í h. Ed., því mjer er annt um, að það nái fram að ganga.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg skal játa að jeg mislas »hreppsnefndarmenn« í staðinn fyrir »hreppsmenn«. En þar sem h. 1. þm. Ísf. (S. St.) sagði, að útvegsbændur hlæðu að sjer þurrabúðarmönnum, þá verð jeg að geta þess, að þeir gjöra það ekki í óleyfi hreppsnefndanna. Hreppsnefndirnar hafa nú vald til að neita mönnum um þurrabúðarmennsku-leyfi, enda þótt slíku banni megi skjóta til sýslunefndar; svo jeg verð að álíta enn sem fyr, að vjer þurfum engin ný ákvæði í þessu efni. En setjum nú svo, að útvegsbændur hlaði þurrabúðarmönnum að sjer, búi sjálfir betur eptir en áður, og þurrabúðarmönnunum líði einnig vel, hvað gjörir það þá til? Hver er þá skaðinn? Og þar sem hann talaði um, að þurrabúðarmenn mundu mestan þátt eiga í kaupstaðarskuldum, þá er það þvert á móti; það eru efnamennirnir, sem eru í mestum kaupstaðarskuldum; þeir, sem eiga ef til vill 2—3000 kr., skulda í kaupstaðnum 5—8 þús. kr.

Hjer við sjóinn er mjög lítill munur á þurrabúðarmönnum og bændum; allir lifa að nokkru leyti á sjó; ef hann bregzt, þá er allt farið, en ef menn hafa gnægð af sjónum, þá gengur allt vel. Væri hjer farið fram á að búa til fiskiver með höfnum og lendingum, þá mundi jeg vera með því að samþykkja það, því þetta sambland atvinnuveganna, sem á sjer stað, að flestir lifa bæði af sjó og landi, það er ei nema til skaða.

Framsögumaður (Þorl. Guðmundsson): Það gladdi mig mikið, að hæstv. landsh. tók til máls, og var frumv. hlynntur, þó

jeg hefði miklu fremur óskað að hann hefði gjört það við 2. umr. þessa máls, svo nefndinni hefði gefizt kostur á að taka bendingar hans til greina. Nú liggur ekki annað fyrir en að samþykkja frv., en jeg vona að hann gefi h. Ed. hinar sömu góðu bendingar.

H. varaforseta (Þ. Böðv.) þarf jeg ekki að svara, því það, sem hann tók fram, var ekki annað en endurtekning á því, sem hann hefir áður tekið fram, og sem áður er svarað. Jeg held hann gjöri heldur mikið úr því valdi, sem hreppsnefndirnar hafi og beiti í þessu efni, því ef þær hefðu það og beittu því, þá hefði amtmaðurinn í suðuramtinu eigi lagt fyrir sýslumanninn í Kjósar- og Gullbrs. að senda strangt umburðarbrjef suður um alla hreppa sýslunnar, um það að flytja burtu á þessu sumri alla þá þurrabúðarmenn, sem þar væru í óleyfi hreppsnefndanna, og jafnvel er þar farið fram á, að hreppsnefndir geri hvað þær geta með góðu móti, til að fækka tómthúsum; enda veit jeg til þess að sýslunefndarmaðurinn úr Rosmhvalaneshreppi hefir kvartað yfir þessum þurrabúðarmannafjölda, sem árlega flykkist þangað hvaðanæfa, alveg blásnauðir, og margir af þeim ef til vill uppflosningar úr öðrum hjeruðum landsins.

Ólafur Pálsson: Það er nú ekki nema lítið atriði sem jeg ætlaði að taka fram. Það er að eins eitt í 1. gr. b., sem jeg ímynda mjer að miklum misskilningi geti valdið, og það eru þessi orð: »auk alls klæðnaðar 400 kr.« Hvað er klæðnaður? Einn á svoleiðis klæðnað, að hann getur að eins farið í kirkju og lítinn annan nema sem hann stendur í; annar á mjög mikið af fötum, kannske nýjasta búnaðinn með svo og svo miklu af gulli og gullsvirði, sem gæti eðamætti segja að ekki sje alklætt annars, eins og líka hitt, að vera í eða eiga einn einasta klæðnað, það er alklætt, eða er ekki svo? Það er að segja sem hann stendur í. Jeg skal t. d. vera ekkja, og gipt í annað sinn, og maðurinn minn, sem er slóði, fer með mig í annan hrepp, en hefir ekki nóga peninga, utan að jeg taki af mjer beltið, sem er mest úr gulli, hjer um bil upp á 70 kr., eru það ekki peningar? Þarf jeg þá með manni mínum að rekast til baka fyrir þetta? Þetta álít jeg að þurfi að athuga. Yfir höfuð getur þetta orð orðið mikið keppikefli milli hreppanna eins og það nú er orðað, og mun sannast síðar, að það verður brúkað einhverjum bagalega.

Framsögumaður (Þorl. Guðmundsson): Þessi merkilega athugasemd hefði helzt átt að koma dálítið fyrri. Það er líka skrítið, að h. þm. (Ól. Pálss.), sem hefir verið ekkjumaður í svo mörg ár, skuli nú detta í hug, að hann sje allt í einu orðinn ekkja, sem vilji fara að útvega sjer mann, og gipta sig aptur.

En hvað mótbáru hans viðvíkur, þá er það ljóst, að föt, mikil eða lítil, komast aldrei inn undir þessar tilteknu 400 kr., af því að það stendur »400 kr. auk fata«.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. nefnd. við fyrirsögnina (302) samþ. með 19 atkv.

2. breyt.till. nefnd. samþ. með 12 atkv. gegn 9, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Jón Þórarinsson	Árni Jónsson
Páll Ólafsson	Jón Jónsson
Eiríkur Briem	Jónas Jónassen
Grímur Thomsen	Lárus Halldórsson
Gunnar Halldórsson	Sigurður Stefánsson
Ólafur Briem	Sveinn Eiríksson
Ólafur Pálsson	Þorleifur Jónsson
Páll Briem	Þorsteinn Jónsson
Sigurður Jensson	Þorvarður Kjerulf.
Þórarinn Böðvarsson	
Þorl. Guðmundsson	
Þorv. Bjarnarson	

3. breyt.till. nefnd við 4. gr. samþ. með 16 atkv.
4. breyt.till. nefnd við 6. gr. samþ. með 16 atkv.

Frv. með áorðnum breytingum samþ. með 19 atkv., og síðan afgreitt til Ed.

Frumv. til laga um styrktarsjóði handa alþýðu (237); 3. umr.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Mál þetta hefir fengið svo góðar undirtektir hjá h. þingd. við 2. umr., og síðan eru engar breytingartillögur fram komnar, svo að jeg finn eigi ástæðu til að orðlengja um það, heldur einungis óska, að það fái sampykki h. deildar.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg finn eitt gleðilegt við þetta frumv., og það er, að flytjendur þess skuli enn finna ástæðu til, að stofna nýjan sjóð; það virðist bera vott um, að nóg sje til af peningum. Þessi sjóður á að standa óskertur í 10 ár, og síðan má fara að nota helming vaxtanna, og eptir því sem mjer skilst, á hann að vera sameiginlegur fátækrasjóður fyrir allt land, sem hver og einn skal leggja fje til, án tillits til þess, hvar hann er sveitlægur, og njóta styrks af, án tillits til þess, hvar hann er sveitlægur. En jeg efast um, að það sje tilhlýðilegt, að fara nú að stofna sjóð í þessu árferði, sem ekki má skerða. Hitt finnst mjer miklu nær, að hvert sveitarfjelag fyrir sig stofnaði þess konar sjóði, sem það svo aptur úthlutaði milli sinna eigin meðlima; það væri að minnsta kosti nýr máti að leggja á sveitarútsvar. En eins og frumv. er lagað álít jeg það ekki heppilegt, því að jeg óttast að sveitarnefndirnar álíti sína menn fremur þurfandi en utansveitarmenn og taki þá fram yfir hina. Jeg skal játa, að tilgangur frv. er mjög góður; en af þeim ástæðum, sem jeg hefi tekið fram, vildi jeg óska, að málinu yrði frestað að sinni.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): H. varaforseti (Þ. B.) sagðist skoða þenna sjóð svo sem hann væri sameiginlegur sjóður fyrir landið, en í frumv. er ekki talað um styrktarsjóð, heldur styrktarsjóði (í fleirtölu), sem goldið er í án tillits til þess, hvar sveit manns er. Ef hver maður ætti að gjalda í sjóð í sínum framfærsluhreppi, þá væri eðlilegt, að hann fengi líka styrk úr þeim sjóði; en þar sem hver borgar til styrktarsjóðsins í því sveitarfjelagi, þar sem hann á heima, þá er og eðlilegt, að úthlutunin fari eptir því, hvar menn eiga heima. En þar sem hann sagði, að tíminn væri óheppilegur, meðan árferðið væri svo vont, þá er á það að líta, að árferðið getur á hverri stundu breytzt, og svo er gjaldið svo lágt, að eigi er hætt við að það verði nokkrum tilfinnanlegt, þar sem ekki er um meira að tala en 30 aur. fyrir kvennmanninn og 1 kr. fyrir karlmanninn á ári; auk þess hefir líka árferðið eigi svo mikil áhrif á kaupgjaldið, sem afrakstur vinnunnar.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 18 atkv. Sent Ed.

Frumv. til laga um bátfiski á fjörðum (261); ein umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 20 atkv. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til til laga um sveitarstyrk og fúlgu (282); ein umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 20 atkv. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Till. til þingsályktunar um lán handa Garðsókn (205); ein umr.

Flutningsmaður (Jón Jónsson): Af því að jeg er flutningsmaður þessarar lánbeiðslu og ímynda mjer, að sumum h. þingm. kunni að vera ókunnugt um orsakir hennar, vil jeg í stuttu máli skýra frá, hvernig á því stendur, að þessi lánbeiðsla er fram komin.

Þessi söfnuður, sem nú óskar láns til að ljúka við byggingu kirkju sinnar, hefir fyrir skömmu tekið að sjer kirkjuna, en hún var í svo illu standi, að söfnuðurinn

neyddist strax til að rífa hana og byggja nýja kirkju; þettu gerðist vorið 1886; en á næstliðnu hausti var allt fje hennar þrotið, svo að verkið varð að hætta. Þetta kemur mönnum mjög illa, því að nú er komið á annað ár, sem sóknin hefir algerlega verið án messu, enda er mönnum gersamlega ómögulegt að sækja aðra kirkju, þar sem annars vegar er fjallvegur, en á hina hliðina Jökulsá.

Þegar nú söfnuðurinn ekki gat lagt fram nægilegt fje til að ljúka byggingunni, var stiptsyfirvöldunum skrifað, og þau beðin að útvega kirkjunni 1200 kr. lán með vægum borgunarskilmálum, þannig, að lánið endurborgaðist á 28 árum, því að tekjur kirkjunnar eru svo litlar, að ekki er hægt að borga meiri upphæð með þeim. Stiptsyfirvöldin skrifuðu svo landshöfðingjanum brjef $^{18}/_{9}$ 86, og mæltu fram með, að kirkjan fengi 800 kr. lán, og er svo að sjá, sem þau ekki hafi treyst sjer til að fara fram á meira. Svar landshöfðingjans hefi jeg ekki sjeð, en hann mun hafa sagt, að fjeð væri ekki til. Hjer við hefir svo setið, og söfnuðurinn hafði því ekki annað ráð, en að flýja á náðir þingsins og biðja það um lánið, en fjárlaganefndin áleit heppilegast, að lánið yrði sem allra minnst, og að veita að eins svo mikið sem nauðsynlegt væri, til að messugjörð gæti farið fram í kirkjunni. Hún hefir til tekið 600 kr. og 15 ára afborgunartíma, til að íþyngja söfnuðinum sem minnst, og til þess að skuldinni verði sem fyrst lokið.

Jeg skal svo ekki orðlengja um þetta meir, en vona, að h. þingd. verði ekki á móti því, að veita þetta lán, því að nauðsynin er svo brýn, sem hún getur verið fyrir nokkurn söfnuð.

ATKVÆÐAGR.: Þingsál.till. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Þrítugasti og áttundi fundur, fimmtudag 11. ág., á hád.

Forseti: Þingið er nú þegar búið að sitja þann tíma, sem ákveðinn er í stjórnarskránni, nefnilega 6 vikur, þegar þessi dagur er liðinn; en eins og h. þingdmenn vita, er komið út konungsbrjef, 8. júní, þar sem landshöfðingja er veitt heimild til að lengja þingtímann um 14 daga. Jeg skal því snúa mjer til hæstv. landshöfðingja með þau tilmæli, að hann vilji lengja þingtímann enn um þann tíma, sem hið áminnzta brjef heimilar.

Landshöfðingi: Eptir þeirri heimild, sem konungsbrjef 8. júní þ. á. veitir mjer, leyfi jeg hjer með, að þingið standi enn í 14 daga.

Frv. til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1884 og 1885 (303); 3. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Með því frumv. nú hefir verið leiðrjett samkvæmt atkvæðagreiðslunni við 2. umr., tel jeg víst að það verði samþykkt.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. í e. h. og sent til Ed.

Frumv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (260, 324); ein umr.

Forseti: Með því að nefndarálitinu í þessu máli fyrst var útbýtt nú á fundinum, er það afbrigði frá þingsköpunum, að taka málið nú þegar fyrir. En þar sem nefndarálitið ekki fer fram á annað, en að frumv. verði samþykkt óbreytt, eins og það kom frá Ed., geri jeg það að minni uppástungu, að vikið verði frá þingsköpunum og málið tekið til umr.

ATKVÆÐAGR.: Forseti bar því næst undir atkvæði, hvort taka skyldi málið til umræðu, þó það væri ekki samkvæmt þingsköpum, og var það samþykkt.

Því næst leitaði forseti leyfis landshöfðingja til að taka málið fyrir, og lýsti landshöfðingi yfir, að hann hefði ekkert á móti því.

Framsögumaður (Þorlákur Guðmundsson): Jeg hefi ekkert að segja um frv.; en með því það eigi hefir mætt neinum mótmælum, vona jeg að það verði nú samþykkt.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 20 atkv., og afgr. til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um útflutningsgjald af rjúpu (241); 3. umr.

Flutningsmaður (Jónas Jónassen): Mál þetta hefir fengið svo góðar undirtektir hjer í deildinni, að jeg þarf ekki að bæta neinu við það, sem jeg áður hefi sagt um það; en úr því jeg stóð upp á annað borð, get jeg ekki leitt hjá mjer, að lýsa því yfir, að mjer finnst þinginu misboðið með mjög ókurteisri grein, sem stóð í »Ísafold« nýlega um þetta mál. Jeg get þessa til þess, að ritstjóri »Ísafoldar«, sem býr þingtíðindin undir prentun, sjái, að allir þingdeildarmenn hafi ekki skrifað undir greinina í blaði hans.

Jón Jónsson: Þegar mál þetta var til 2. umr., var það samþykkt hjer í deildinni með miklum atkvæðamun. Jeg var einn af þeim fáu, sem ekki voru með því, en við vorum að eins 2, sem stóðum uppi á móti því. Jeg finn mig þess vegna knúinn til að gera grein fyrir, hvers vegna jeg stóð upp á móti því.

H. flutningsm. (J. J.) hefir lýst yfir því, að tilgangurinn með frumv. væri sá, að koma í veg fyrir, að rjúpan verði gersamlega eyðilögð. Jeg get nú fallizt á, að tilgangurinn sje góður; en jeg held hins vegar, að alls ekki sje hætt við, að rjúpan eyðileggist, þó engin lög verði samin í þessa átt. Öræfin eru stór á Íslandi, og þar næst aldrei til rjúpunnar. Henni verður því aldrei eytt af manna völdum; en frostin og hríðarnar geta eytt henni, og því fær enginn maður og engin lög spornað við.

Jeg held því, að tilgangurinn náist ekki með þessu frumv. Það hefir verið tekið fram, að færri rjúpur mundu verða drepnar, ef frumv. þetta yrði að lögum; en jeg held þvert á móti, að menn drepi eins mikið af henni eptir sem áður. Menn munu eins drepa allar þær rjúpur, sem hægt er að ná til, og það af þeirri einföldu orsök, að það borgar sig að drepa hana til nota á hverju heimili. Þetta er sú aðal-ástæða, sem jeg hefi móti frumv. En það eru fleiri atvik, sem gera, að jeg verð enn meir að hafa á móti því.

Ein afleiðingin, sem verður af því, að frumv. þetta verður að lögum, er sú, að verðlag á rjúpunni lækkar. Þetta er eðlileg afleiðing, þegar lagt er algert útflutningsbann á rjúpuna, því eptir það verður ekki hægt að koma henni út, nema hjer í Reykjavík, og lítið eitt ef til vill í sumum öðrum kaupstöðum. Þeir, sem því hafa veitt rjúpuna til að selja hana í kaupstaðinn, missa að miklu leyti þann hag, sem þeir hafa haft af því, að kaupmenn hafa keypt hana til útflutnings. Þeir, sem veiða hana eptir að þetta frumv. er orðið að lögum, verða því annaðhvort að selja hana við lágu verði, eða nota hana í búi sínu. Jeg fæ því ekki betur sjeð, en að þetta frumv. verði til þess, að rýra atvinnuveg og atvinnuarð einstakra manna, og því álít jeg, að frumv. sje ekki hollt, og í tilliti til alls landsins verð jeg að álíta það beinlínis skaðlegt, þar sem menn nú geta fengið miklu meiri matvæli fyrir rjúpur, en þeim sjálfum nemur. Þetta hlýtur að vera rjett, því eptir því, sem h. flutningsmaður (J. Jónassen) sagði sjálfur á dögunum, hafa einstakir menn getað fengið allt sitt kaffi og sykur fyrir tóma rjúpu. Þetta eru þær aðalástæður, sem jeg hefi á móti frumv., og sömu ástæður mun hinn þingmaðurinn, sem greiddi atkvæði móti frv. við 2. umr., hafa haft.

Til þess að lengja ekki umræðurnar mikið um þetta mál, skal jeg ekki fjölyrða meira um það.

Jón Þórarinsson: Við 2. umr. þessa máls ráðgerði jeg að koma með breyting-

artill. í þá átt, að tryggja það sem bezt, að rjúpunni verði eigi gjöreytt á landinu, og þannig nálgast meira tilgang h. flutningsmanns frumv. En eptir að jeg hefi yfirvegað nákvæmar hinar einstöku greinar þess, hefi jeg komizt til þeirrar niðurstöðu, að ómögulegt sje að koma með breytingartill. við frumv., sem geri það aðgengilegra en það er. Til þess að ná þeim tilgangi, sem jeg áleit æskilegt að ná, hefði því orðið að semja alveg nýtt frumv., en það vil jeg ekki leggja út í hjeðan af á þessu þingi. Þó jeg þess vegna væri með frumv. við 2. umr., til þess að reyna síðar að koma þessum breytingum fram, þá get jeg ekki samþykkt það nú við 3. umr.

Flutningsmaður (Jónas Jónassen): Mjer finnst reyndar óþarfi að vera að lengja umræðurnar meira en búið er; en jeg verð þó að svara h. þm. N.-Þ. (J. J.) fáum orðum.

H. þm. hefir ekki athugað það, að ef frumv. þetta verður að lögum, þá kaupa kaupmenn ekki neina rjúpu. Það, sem menn því drepa til að selja, verður mjög svo lítið. Ef h. þm. kæmi hjer niður í pakkhúsin hjá kaupmönnum á veturna, þá mundi honum ofbjóða þau ósköp, sem þar eru af rjúpum, og einmitt það, að kaupmenn kaupa þessi ógrynni af rjúpu til að flytja hana út, gerir það að verkum, að menn drepa svona mikið af henni. Ef h. þm. hefði haft tækifæri til að sjá þau ógrynni, sem kaupmenn hjer flytja út af rjúpunni, þá hefði hann ekki talað eins og hann talaði; jeg er lifandi sannfærður um, að enginn mundi vinna til að fara hingað með þúsundir af rjúpum, þegar þeir vita, að kaupmenn ekki kaupa þær, því það mundi ekki borga sig að selja hana öðrum, með því þá fengi þeir ekki meira fyrir hverja rjúpn en skotið kostar.

Jeg vil að menn láti nú reynslu þessara fjögra ára sýna, hvort rjúpunni fjölgar ekki við útflutningsbannið, og ef það sýnir sig, að það nægir ekki til að stemma stigu fyrir þessu gífurlega drápi, þá fyrst sýnist mjer rjett, að gefa út strangari ákvarðanir, svo rjúpan eigi gjörsamlega eyðist, eins og nú er allt útlit fyrir.

Jón Jónsson: H. flutningsm. (J. J.) hefir misskilið mig algjörlega. Jeg get einmitt skrifað undir flest, sem hann sagði, orði til orðs; en jeg held því enn fram sem minni föstu sannfæringu, að rjúpan verði drepin eptir sem áður. Menn munu, sem sagt, drepa eins mikið af henni, sem menn geta, bæði til að selja í kaupstöðum og einkum sjer til matar.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþykkt með 12 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkvæðagr., og sögðu:

já:	*nei:*
Benidikt Sveinsson.	Jón Þórarinsson.
Grímur Thomsen.	Páll Ólafsson.
Jónas Jónassen.	Árni Jónsson.
Lárus Halldórsson.	Eiríkur Briem.
Ólafur Briem.	Gunnar Halldórsson.
Páll Briem.	Jón Jónsson.
Sigurður Jensson.	Ólafur Pálsson.
Sigurður Stefánsson.	Þorl. Guðmundsson.
Sveinn Eiríksson.	Þorleifur Jónsson.
Þórarinn Böðvarsson.	Þorv. Bjarnarson.
Þorsteinn Jónsson.	
Þorv. Kjerulf.	

Frv. til viðaukalaga við lög 29. febr. 1884, er breyta tilskip. 5. sept. 1794 (193, 312); 2. umr.

Forseti: Með því að breyt.till. nr. 12 við þetta frv. fyrst var útbýtt nú í byrjun fundarins, verð jeg að leita samþykkis deildarinnar til, að breyt.till. þessi megi koma til umr. ásamt frv.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. var, að breyt.till. kæmi til umr.

Jónas Jónassen: Við 1. umr. þessa máls tók jeg fram, að jeg áliti rjettast, að þingd. ljeti það ekki ganga til 2. umr.

þessi till. mín var þó ekki tekin til greina, og von mín um, að frv. yrði sálgað, hefir enn eigi rætzt. Við höfum nú tveir þm. leyft okkur að koma með dálítið breytingaratkvæði við frv., og vonum við það verði samþykkt, með því það er alveg nauðsynlegt skilyrði gagnvart hinum öðrum ákvæðum frv. Það liggur í hlutarins eðli, að þeir, sem fást við lækningar og láta úti meðul, verða að hafa hugmynd um, hvaða sjúkdómur það er, sem þeir eru að fást við. Breyt.till. er því í mesta máta sanngjörn. Mjer finnst alveg ófært, að þingið löggildi hvern og einn til að láta úti meðul, þar sem engir nema lærðir læknar hafa neina hugmynd um hinar rjettu verkanir meðalanna. Það sjá allir, hvað háskaleg slík lög geta orðið. Jeg sá t. a. m. seinast í gær hjer í lyfjabúðinni, að einn smáskamtalæknir var að taka út meðal, sem við köllum »lúsasalvi«. Þetta meðal er engan veginn saklaust. Þvert á móti getur það auðveldlega drepið mann, þegar það ekki er rjett um hönd haft. Það kom einmitt fyrir nýlega í Kaupmannahöfn, að ungur maður drap sig á þessu sama »salvi«. Þetta dæmi sýnir, hve háskaleg meðulin geta orðið, þegar þau eru ranglega brúkuð, og hver misskilningur það er, að halda, að hver og einn geti haft þau um hönd og ráðlagt þau. Með því að löggilda þannig hvern og einn til að fást við lækningar og láta úti meðul, bakar deildin sjer mikla ábyrgð, því slík ráðstöfun getur kostað margan mann lífið. Að öðru leyti tók jeg fram við 1. umræðu allt, sem jeg hefi að segja á móti frv., og skal jeg ekki taka það upp aptur nú. Jeg vona að eins, að breyt.till. verði samþykkt, en helzt vildi jeg óska, vegna sóma deildarinnar, sem mjer er annt um, að málið verði algjörlega fellt.

Ólafur Briem: Helzta mótbáran, sem fram hefir komið, er sú, að ólærðir menn megi ekki hafa lækningar um hönd, en hún er ekki á móti þessu frv., heldur á móti lögunum frá 29. febr. 1884, sem hafa gilt og gilda enn, og hjer er ekki nein spurning um að af nema.

Önnur mótbáran er sú, að hætta gæti hlotizt af því, að þeir hafi meðul um hönd, en þó er það almennt álit hjá hinum lögskipuðu læknum, að meðul smáskammtalæknanna sjeu ónýt og þýðingarlaus; slíkt er mótsögn. Þriðja mótbáran er sú, að þeir selji meðulin svo dýrt og narri þannig fje út úr mönnum, en það er að minnsta kosti ekki fremur ástæða til að banna útsölu smáskammtameðala fyrir þessa skuld, en að takmarka útsölu á einhverjum glysvarningi, er kaupmenn hafa á boðstólum fyrir afarverð.

Þar sem h. þm. Rvk. (J. J.) talaði um, að ólærðir smáskammtalæknar gætu fengið hvaða meðul sem þeir vildu á apótekinu, þá hafa þeir sama rjett til þess og hver annar, og engu meiri. Sem sagt, þessi lög eru að eins til að fullkomna lögin frá 1884, svo þau geti náð tilgangi sínum; þau byggjast á eðlilegum rjetti manna til að leita sjer hjálpar þar, sem hægast er að ná til hennar, og hjá þeim, sem menn hafa bezt traust á, þar sem víða er torvelt að ná til lögskipaðs læknis. Það væri auðvitað eins gott eða í öllu falli viðunandi, að slíkt, sem hjer er farið fram á, að eins liðist, án þess að það væri beinlínis leyft með lögum, en fyrst því verður ekki við komið, og lögskipaðir læknar höfða hvert málið á fætur öðru gegn hinum ólærðu læknum, sem hefir kostnað og mörg önnur óþægindi í för með sjer, þá er nauðsynlegt, að þetta frv. fái fram að ganga.

Sigurður Stefánsson: Jeg verð að taka undir með þeim þm., sem enga þörf hafa talið á slíkum lögum sem þessum; löggjafarvaldið líður svo margt, sem það leyfir ekki. En ef þingið á annað borð samþykkir þetta frv., þá þarf einhverjar þær ákvarðanir, sem tryggja líf manna og heilsu gagnvart þessum ólærðu læknum,

og út á það gengur það breytingaratkvæði, sem hjer liggur fyrir. Mjer er að öðru leyti ókunnugt um, að skottulæknar hafi verið mikið ofsóttir síðan 1884. Þó meðul skottulæknanna væru gagnslaus og þýðingarlaus, eins og h. þm. (J. J.) benti á, þá geta þau þó gert skaða, að því leyti sem skottulæknarnir með sínu meðalakáki opt og einatt verða til þess, að lögskipaðs læknis er vitjað um seinan; hjer er þá »periculum in mora», jafnvel þó meðulin sjálf alls engan skaða geri. Þingdeildin getur ekki samþykkt frv., nema með því að samþykkja breytingaratkvæðið líka; þar með er þá sleginn varnaglinn gegn því, að ólærðir menn láti úti og selji meðul, sem ekki eiga við sjúkdómunum, og þegar homöopathar geta einnig í lyfjabúðunum fengið allopathisk meðul, eptir því, sem h. þm. Rvk. (J. J.) drap á, þá er hættan því meiri, og þörfin á ákvæði breytingaratkvæðisins því meiri. Menn eru allt af að klifa á því, að lögskipaðir læknar ofsæki ólærða lækna svo mjög, en slíkt er víst ekki almennt hjer á landi; að minnsta kosti á það sjer ekki stað í mínu hjeraði.

Jeg er samþykkur breytingaratkvæðinu; en verði það fellt, þá verð jeg því heldur að greiða atkvæði á móti frv., þó jeg reyndar muni gera það hvort sem er.

Jón Jónsson: Jeg skal játa það, að jeg skildi ekki vel, hvað h. þm. Ísf. (S. S.) fór í ræðu sinni.

Hann sagði, að smáskammtalæknar væru ekki ofsóttir, en bæði hann og jeg vitum þó dæmi til þess, að einn lögskipaður læknir ofsækir þá í heilu hjeraði, sem nokkra tilraun gera með lækningar. Hann sagði, að meðulin væru í sjálfu sjer meinlaus og gagnslaus, en gætu þó verið skaðleg að því leyti, sem þau tefðu fyrir, að lærðra lækna væri leitað; en breytingaratkvæðið bætir ekki neitt úr þessu, því þó einhver prófaður læknir gefi smáskammtalækninum vottorð um, að hann hafi góða þekkingu á einkennafræði, þá brúkar hann sín meðul eins þar á eptir og ekki önnur. Það er virkilega hart að meina mönnum að vitja slíkra lækna, sem hjer er um að ræða, þegar þess eru mörg dæmi, að erfitt er að fá lögskipuðu læknana til þess að standa upp, hvað sem á liggur, þegar þeir eru kannske annaðhvort í erfisdrykkju eða sitja við að spila l'hombre, og geta því ekki vitjað deyjandi manns eða jóðsjúkrar konu.

Ef breytingaratkvæðið verður samþykkt, þá verður afleiðingin sú, að lögin frá 1884, og þessi líka, verða miklu verri eptir en áður; heimildin til að leita hjálpar og að hjálpa verður minni. Sömuleiðis er mjög hætt við, að hinir prófuðu læknar verði strangir í kröfum sínum, hvað kunnáttuna snertir; því þeir vilja auðvitað hafa smáskammtalæknana sem fæsta, því þar kemur samkeppnin til greina; getur því orðið erfitt fyrir hina, að ná þessu prófi.

Jeg vil fella breyt.till., en ef hún verður samþykkt, þá vil jeg líka, að frv. sjálft falli.

Jónas Jónassen: H. þm. Ísf. (S. S.) talaði mjög skynsamlega um þetta mál. Jeg álít langbezt að hreyfa alls ekki við þessu máli á þessu þingi, og það er hreint og beint ósamboðið þinginu, að löggilda hvern sem vera skal til þess að selja og láta af hendi meðul. Það er undantekning með þennan eina lækni, sem þýtur upp, hver sem gerir minnstu tilraun til að lækna, og klagar hann fyrir amtinu, en annars held jeg flestir læknar sjái þessa smáskammtalækna í friði. En það er hvergi gert erlendis, að löggilda slíka lækna. Ef breyt.till. kemst að, það skal jeg játa, þá er það nær því sama sem bann gegn öllum þess konar lækningum, því mjer dettur ekki í hug, að nokkur af þessum mönnum fari að ganga undir próf.

Sigurður Stefánsson: Það var ekki

rjett hjá h. þm. N.-Þing. (J. J.), að jeg hefði sagt, að meðul smáskammtalækna væru gagnslaus og meinlaus, heldur sagði jeg, að læknar hefðu það álit á þeim; þvert á móti er það mín meining, að þau geti haft talsverð áhrif; og einmitt þess vegna og af ástæðum, sem jeg tók áðan fram, vil jeg óska, að breytingaratkvæðið verði samþ.

Jón Þórarinsson: Jeg álít frv. til hneikslis, ef breyt.till. er ekki samþykkt, en vildi helzt, að hvorttveggja yrði fellt.

Viðvíkjandi því, sem h. þm. N.-Þing. (J. J.) sagði, að samkeppninnar vegna mundu prófaðir læknar verða tregir á, að gefa ólærðum læknum votturð um »nægilega kunnáttu í diagnostik», þá vil jeg leyfa mjer að benda á það, að þeir, sem prófið vilja taka, geta gengið undir próf hjá öðrum læknum, þar sem ekki getur verið um neina samkeppni að tala; þar munu þeir auðveldlega geta náð þessu prófi, ef þeir hafa hæfilegleika og kunnáttu til þess, en annars eiga þeir hvergi að geta náð því.

Árni Jónsson: Þessi sama ákvörðun kom hjer til umræðu 1883, og þá var það, eins og nú, kallað »ósómi» og »hneiksli»; að heyra slík orð, er daglegt brauð.

Viðvíkjandi því, sem h. þm. G.-Kjós. (J. Þór.) tók fram, að þeir, sem prófaðir vilja verða, geti farið til læknis í öðru hjeraði, þá má óhætt fullyrða, að slíkt yrði jafn-árangurslaust, þar sem það er samhuga álit og yfirlýsing flestra, ef ekki allra vorra lærðu lækna, að smáskammtalæknar eigi alls ekki að fást við lækningar, þótt þeir líði það sumir hverjir. Þess vegna er auðsætt, að, eins og þeir eru samtaka í því, að líta smáum augum á smáskammtalæknana, eins mundu þeir hafa samtök um það, að bola þá frá prófinu, og útiloka þá þannig frá því, að geta haft lækningar um hönd óhindraðir.

Benedikt Sveinsson: Jeg er máli þessu yfir höfuð hlynntur. Sumir hafa tekið fram, að þetta breytingaratkvæði færi fram á að útiloka menn frá heimildinni til að selja og láta af hendi meðul, og er það mikið rjett, ef nauðsynlegt er að taka þetta próf hjá allopathiskum lækni, og þeir yfir höfuð snúast illa við; þá geta þeir allt af sagt: »Þessi maður hefir ekki nægilega kunnáttu í diagnostik», enda þótt hann í rauninni hafi hana. En þessi »prófaði læknir» þarf ekki að vera allopath, heldur getur hann verið homöopath, sem hefir fengið vottorð um að hafa nægilega kunnáttu í þessari grein, en jeg get ómögulega verið að vorkenna einhverjum homöopathiskum lækni að sigra þá erfiðleika, sem eru fólgnir í því, að taka þetta próf. Mjer þyki það mjög varúðarvert, að jeg er hræddur um, að þingið með því að fella þessa breyt.till. eins og láti í ljósi eða lýsi yfir því, að þessir smáskammtalæknar alls ekki þurfi að vita neitt í sitt höfuð um þau meðul, sem þeir láta af hendi. Hefði breyt.till. aldrei komið fram, þá var allt öðru máli að gegna, en fyrst hún er komin fram, þá er óhjákvæmilegt, að samþykkja hana.

Jón Jónsson: Jeg skildi ekki vel í þeirri niðurstöðu, sem h. þm. Eyf. (B.Sv.) komst að, þar sem hann í byrjuninni gekk út frá því, að homöopathar væru með breyt.till. ofurseldir allopöthum, ef þeir snerust illa við; en þó vildi hann, að breyt.-till. yrði samþykkt.

H. þm. Rvík. (J. J.) fannst mjer tala einna sanngjarnast um þetta mál, þar sem hann taldi skottulækningar ekki einasta ekki hættulegar, heldur jafnvel í sumum tilfellum heppilegar. Og þeir, sem segja að lögin sjeu óþörf, hverjum vilja þeir segja það? Eitt læknishjerað hefir borið sig upp fyrir þinginu um það, að gildandi ákvæði í þessa stefnu vanti, og þá finnst mjer ekki óþarft að þingið sinni þessu.

Á hinn bóginn býst jeg við, að fáir hafi hinn sama skilning, sem h. þm. Eyf. (B. Sv.), að homöopathar geti prófað hver annan, og vona jeg, að hann skilji þetta á annan veg, áður en atkvæðagreiðsla fer fram.

Benidikt Sveinsson: Jeg stend fast á því, að »prófaður læknir« sje sá, sem hefir tekið próf, hvort heldur er í læknisfræði yfir höfuð, eða í einhverri sjerstakri grein t. d. Diagnostik, og hvort sem svo um stórskamta- eða smáskamta-læknir er að ræða. Það kom líka fram hjer fyrri, þegar bardaginn var hjer mestur á þingi milli homöopatha- og allopatha-stefnunnar, að landlæknir Jón sál. Hjaltalín kvaðst ekki vera í minnsta máta mótfallinn homöopötum, ef þeir að eins öfluðu sjer nauðsynlegrar vísindalegrar þekkingar. Það er þess vegna ekki efunarmál, að sá homöopathi, sem tekið hefir próf í diagnostik, getur *í diagnostik* verið alveg eins fær um að prófa aðra eins og lærðir almennir læknar, og út úr orðum þessa breytingaratkvæðis verður aldrei annað dregið.

Grímur Thomsen: Jeg ætla að eins að tala fáein orð, og lýsa því yfir, að mjer virðist rjettast fyrir deildina að fella frumv. ásamt breytingartillögunni, því það virðist næsta ótilhlýðilegt, að samþykkja slík lög sem þetta frumv.

Því jeg vil spyrja, hvaða huggun getur það verið fyrir náunga þess manns, sem bana bíður fyrir vankunnáttu smáskamtalæknis — því frumv. gerir ráð fyrir að slíkt kunni að eiga sjer stað — þótt hann sje sektaður? Sje svo sem þm. Rvk. segir, að skaði geti hlotizt af því, að þetta leyfi einnig verði notað til að selja »allopathameðul«, þá er einsætt, að annað tveggja verður að gera, að samþykkja breytingartillöguna við 1. gr., eða fella allt saman, og það virðist mjer sæmilegast fyrir þingið.

ATKVÆÐAGR: Frumvarpið fellt (1. gr.) með 11 atkv. gegn 11, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Árni Jónsson	Jón Þórarinsson
Benidikt Sveinsson	Páll Ólafsson
Eiríkur Briem	Grímur Thomsen
Jón Jónsson	Gunnar Halldórsson
Ólafur Briem	Jónas Jónassen
Ólafur Pálsson	Lárus Halldórsson
Páll Briem	Sigurður Jensson
Sveinn Eiríksson	Sigurður Stefánsson
Þorlákur Guðmundss.	Þórarinn Böðvarsson
Þorleifur Jónsson	Þorsteinn Jónsson
Þorvaldur Bjarnars.	Þorvarður Kjerúlf.

Frumvarp til laga um forsorgun óskilgetinna barna (213, 250, 275); framh. 1. umr.

Forseti: Þetta frumv. er komið frá nefnd, sem hefir gert á því ýmsar breytingar, sem að vísu koma eigi til umræðu í þetta sinn, en mjer virðast breyt.till. nefndarinnar nokkuð óglöggar, og ekki í fullri samhljóðan við frumvarpið. Vil jeg því skora á hana að taka breyt.till. sínar aptur, og koma með þær eptir að hafa lagað þær og samrýmt við frumvarpið.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg hefi þegar við 1. umr. talað fyrir máli þessu, og skal því eigi fara mörgum orðum um það að þessu sinni; jeg gat þess, að það væri eins konar viðauki við lög um sveitarstyrk og fúlgu, er nú hafa verið afgreidd frá þinginu. Nefndin áleit frumv. mikla rjettarbót, og óskar, að það fái framgang. Hvað breytingar nefndarinnar snertir, þá eru það mest orðabreytingar, og er það satt, að þær koma eigi sem bezt heim við frumvarpið; hafði jeg getið þess við skrifstofustjóra, að mislesizt hefði við prentun þeirra, en hann gat þess, að með aðgæzlu mundi mega ræða þær eins og þær eru; en ef forseti vill kosta því til, að prenta þær upp apt-

ur, þá hefir nefndin nátturlega ekkert á móti því.

Jeg finn svo eigi ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál, en óska, að það gangi tafarlaust til 2. umr.

Landshöfðingi: Jeg ímynda mjer, að aðaltilgangur þessa frumv. sje sá, að fá lagaheimild til þess, að forsorgunareyrir óskilgetinna barna eigi að greiðast ekki að eins af framfærslusveit móðurinnar, heldur einnig af sveit föðurins, og í sambandi við það, að tryggja rjett óskilgetinna barna til fjár í dánarbúi feðra þeirra. En jeg held, að 1. og 2. gr. frumv. fari svo langt, að það verði því til spillis, sökum þess, hve mjög ákvæði þeirra koma í bága við lög og landsvenju um það efni, sem þar um ræðir; vil jeg þess vegna biðja nefndina að íhuga vandlega, hvort hún vill halda fyrirmælum 1. og 2. gr. svo fram með kappi, að óttast megi fyrir, að frv. yrði af þeim sökum synjað staðfestingar.

Síðari greinarnar virðast mjer góðar, en 2 þær fyrstu óhafandi eins og þær eru, en af því nú má eigi fara út í einstakar greinir, vil jeg biðja alla, sem frumv. eru hlynntir, að íhuga það vandlega til 2. umr.

Framsögum. (Þórarinn Böðvarsson): Jeg er hæstv. landsh. þakklátur fyrir bendingar hans, og nefndin mun fús að taka þær til íhugunar, en samt vil jeg geta þess, að þau ákvæði frumv., að faðir skuli gefa með óskilgetnu barni sínu að tveim þriðjungum, eru sniðin eptir því, sem hjer á landi er ástatt, og hjer á sjer stað almennt þegar faðir og móðir skipta kostnaði af uppeldi barns milli sín, og þó það eigi ef til vill ekki við erlendis, þá er ekki um það að tala. Hjer á landi mun það alstaðar títt, að karlmenn fá $^2/_3$ meira kaup en kvennmenn, eða þá að minnsta kosti helmingi meira kaup. Þetta er því eina ráðið til að verja mörg óskilgetin börn sveit, sem ella mundi ómögulegt, því kvennmaðurinn á ekki hægt með að kosta uppeldi barns síns meir en að $^1/_3$ móts við föðurinn, en það ætti hún optast að geta. Engu að síður mun jeg íhuga þetta mál ýtarlegar, enda þótt jeg sje vandlega búinn að athuga það.

Landshöfðingi: Úr því varafors. (Þ. B.) áleit sjer heimilt að fara út í einstök atriði, ætla jeg að leyfa mjer að feta í hans fótspor. Það sem jeg hef mest á móti frv. er það, að í því er svo fyrir mælt, að karlmaðurinn ætíð skuli annast barn sitt að $^2/_3$. Eptir þeim lögum, sem nú gilda um þetta efni, er yfirvöldunum heimilt að ákveða, að hve miklu leyti faðirinn skuli annast óskilgetið barn sitt; þau geta látið hann gjöra það að meira eða minna leyti eptir ástæðum hans, og jafnvel lagt framfærsluskylduna á hann einsamlan, ef ástæður hans eru góðar, en móðirin snauð eða dáin. En eptir þessum lögum, ef lög yrðu, þarf faðirinn aldrei að láta meira en $^2/_3$, og móðirin þarf ekki heldur að láta meira en $^1/_3$, hvernig sem á stendur. Nú kann að bera við, að efnuð stúlka eignist barn í lausaleik, en faðir þess sje snauður; væri þá mjög illa til fallið, að hún eigi þyrfti að leggja nema $^1/_3$ af framfærslueyrir barnsins, en faðirinn $^2/_3$, og að þessir $^2/_3$ eiga að greiðast af sveit barnsföðurins, ef hann er þessi ekki um megnugur.

Ekki álít jeg heldur rjett, að faðirinn eða hans sveit megi taka barnið frá móðurinni, þegar það er orðið 7 ára, eins og 2. gr. ákveður; móðirin hefir jafnan verið álitin að hafa allan myndugleika yfir óskilgetnu barni sínu, og jeg get eigi fallizt á að svipta hana móðurrjettinum, sem jafnan hefir verið talinn helgur.

Framsögum. (Þórarinn Böðvarsson): Jeg skal geta þess, að jeg, í trausti til umburðarlyndis forseta, fór áðan út í einstakar greinir, til þess að geta fengið vitneskju um það hjá hæstv. landsh., hverju hann vildi láta breyta, og fá skýr-

ingar hjá honum um það; en ef á þessu einu stendur, mun það eigi gert að kappsmáli. Finn jeg svo eigi ástæðu til að orðlengja um þetta mál við þessa umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hl.

Frumv. til laga um að nema úr gildi konungsúrskurð 22. apríl 1818 (161); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. umræðulaust og málinu vísað til 3. umr. með 21 atkv.

Frumv. til laga um þingfararkaup alþingismanna (292); 1. umr.

Árni Jónsson: Af því þetta frumv. er í sjálfu sjer all-merkilegt, en ýms athugaverð ákvæði í því, sem þörf er á að íhuga vandlega, vil jeg leyfa mjer að stinga upp á 5 manna nefnd.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg ætlaði að stinga upp á styttri aðferð við frv. þetta, nefnil. að vísa því frá 2. umr. Nú má að sönnu ekki fara út í einstakar greinar, en samt vil jeg geta þess, að það eru í frv. óheppileg ákvæði á mörgum stöðum, og það er auk þess í heild sinni næsta þýðingarlítið; reikningarnir skulu eptir sem áður úrskurðaðir af nefnd, svo ekkert er í rauninni unnið. Þess vegna er bezt að fella málið strax, en þó öfunda jeg ekki h. þm. Mýr. (Á. J.) af því að komast í nefnd.

Jeg fyrir mitt leyti óttast, að á þeim grundvelli, sem frv. er byggt á, verði ekki byggt frumv., sem hefði heppileg og rjettsýn ákvæði um þingfararkaup alþingismanna. Það yrði að mínu áliti að breyta frumvarpinu gjörsamlega, og álít jeg því rjettast að fella það.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd felld með 11 atkv. gegn 6.

Árni Jónsson: Jeg stakk eigi upp á nefnd af því, að mjer væri svo annt um að komast í hana, eins og varaforseti virðist ætla. Enda vissi jeg eigi áður, að það væri þingregla, að sá, sem stingi upp á nefnd, gerði það einkum til þess að komast í hana. En jeg skal gæta þess framvegis, og þakka h. varaforseta fyrir upplýsinguna. Jeg lagði það til, að nefnd væri sett í þetta mál, af því að það hefir opt komið til orða, bæði meðal þingm. og almennings, að heppilegt mundi að ákveða þingfararkaupið með lögum. Nú er farið fram á það í þessu frumv. Vildi jeg þess vegna láta setja nefnd til að íhuga frumv., svo málinu væri gaumur gefinn, og einnig af því, að jeg er samdóma h. varaforseta um það, eins og jeg gat um áður, að mörg ákvæði í því sjeu mjög athugaverð.

Grímur Thomsen: Mjer lýst frumv. þetta þess eðlis, að bezt sje til fallið að láta það ekki ganga lengra; það er allt eintóm yfirlýsing um það, að þingmönnum sje eigi trúandi til að gera upp ferðakostnaðarreikning sinn. En hvað sem í einstökum tilfellum kann að koma fyrir, finnst mjer rjettast, að treysta svo ráðvendni hvers einstaks þingmanns, og vandlætingasemi nefndar þeirrar, sem úrskurðar ferðakostnaðarreikningana, að óhætt muni að hafa þetta eins og venja hefir verið.

Sigurður Stefánsson: Jeg tek í sama strenginn, sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.), að bezt muni vera að eyða eigi orðum um frumv. þetta; en ef meira væri í því af reglum en undantekningum, þá kynni það að vera skoðunarmál, hvort eigi væri ráð að athuga það; en eins og það nú er, finnst mjer eigi upp á það lappandi.

Frumv. sýnir það sjálft, að það er um það efni, sem ekki á við að lögákveða; ástæðurnar fyrir því virðast vera tortryggni við þingmenn, en samt er eigi betur girt fyrir ósanngjarna reikninga en svo, að hægt er hverjum þeim, sem vill viðhafa fjedrátt úr landssjóði, að komast inn undir undantekningarnar, sem næstum eru

eins margar og reglurnar í frumv. En hefði h. Ed. tekizt að binda þingfararkaupið nokkurn veginn sanngjörnum og jafnframt föstum reglum, þá hefði jeg ef til vill getað verið með frumv., en alls ekki eins og það nú er úr garði gjört.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg skal játa að mjer, sem fleirum, þykir frumv. þetta ekki vel úr garði gjört, og einmitt þess vegna vil jeg láta setja nefnd til að íhuga það.

Jeg álít heppilegast, að þingfararkaupið sje ákveðið með lögum, svo það sje engin freisting fyrir þingmenn til að koma með ósanngjarna reikninga; hitt er annað mál, hve hægt það er, að fastákveða það svo vel fari. H. þm. Borgf. (Gr. Th.) sagði, að bezt ætt við að trúa þm. fyrir þessu, bæði hverjum einstökum þm. og svo nefndinni, sem kosin er af þinginu til að úrskurða ferðakostnaðarreikningana, en reynslan hefir sýnt, að það er ekki fulltryggilegt, og það hefir enn ekki heppnazt; og hví skyldi þá eigi vera rjett, ef auðið væri, að ákveða ferðakostnaðinn með lögum, ef það væri auðið, að fá út nokkurn veginn samkvæmni í því efni? Versti gallinn á frv. er sá, að það sem boðið er í einni grein, er hart nær tekið aptur í annari, svo allt lendir í sama farinu, og eptir sem áður þarf undir ýmsum kringumstæðum ferðakostnaðarreikninga og úrskurðarnefnd. En þetta mætti eflaust lagfæra; þess vegna vil jeg óska, að málið fái að ganga til 2. umr., ef máske einhverjir þingm. vildu koma með breyt.atkv. við frumvarpið.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 11 : 9 atkv.

Forseti: Þeim, sem frumv. eru hlynntir, vil jeg gefa þá bendingu, að reyna af fremsta megni að bæta það til 2. umr., sem ekki mun koma fyrir fyr en eptir næstu helgi.

Frumvarp til viðaukalaga við útflutningalögin 14. jan. 1876 (293); 1. umr.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg álít frumv. það, sem hjer liggur fyrir til umræðu, vera mikla rjettarbót, og mæli fram með, að það fái að ganga til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 18 atkv.

Frumv. til laga um búnaðarkennslustofnanir (189, 297); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): H. þingm. hafa nefndarálitið fyrir sjer; í því eru ástæður nefndarinnar teknar fram svo glögglega og greinilega, að þeir geta í því sjeð skoðun nefndarinnar, og skal jeg þess vegna ekki fara mörgum orðum um málið. Það er auðsjeð á ástæðum nefndarinnar, að hún hefir yfirlit yfir, hvernig hún hefir hugsað sjer búnaðarmálum landsins hagað í heild sinni, sem sje þannig, að búnaðarkennslunni sje skipt í tvö stig, verklegt stig og vísindalegt. Með hinu verklega stigi er tilgangurinn sá, að auka verklega starfsemi í landinu, að kenna mönnum að taka til greina loptslag, veðurfar o. s. frv. Hið vísindalega stig hefir þar á móti fyrir augum, að með tímanum myndist vísindaleg búfræðiskennsla í einum skóla. Eins og menn vita, hafa jafnan komið fram skoðanir, sem hafa verið andvígar því, að hægt sje að koma á sambandi milli verklegrar og vísindalegrar búfræði, enda er ómögulegt að sameina það í einum skóla, og ómögulegt að sameina alla þá þekkingu og reynslu, sem gildi fyrir allt landið, nema á vísindalegan hátt. Aptur á móti getur hin vísindalega búfræði vel þróazt og á einmitt heima á einum stað fyrir allt landið, og er óþarft að hafa fleiri en eina stofnun, sem leggi stund á hana. Meiningin er því sú, að hafa verklega kennslu á mörgum stofnunum, en vísindalega að eins á einni. Búnaðarmál vort er

á því stigi, að engin praktisk búnaðarreynsla er til nema hjá einstökum mönnum, en hún er þó skilyrði fyrir því, að íslenzk vísindaleg búfræði geti myndazt. Jeg vona, að þegar frumv. kemur til 2. umr., verði glöggvar skýrt frá, hvernig nefndin hefir hugsað sjer fyrirkomulag búnaðarkennslunnar á hinu verklega stigi, en nú er ekki tími til að fara nákvæmar út í það.

Jeg vil taka það fram, að mjer virðist minni hluti nefndarinnar anda fremur kalt á stefnu frumv., en þó get jeg ekki ímyndað mjer, að hann sje svo andvígur frumv., sem út lítur fyrir, eða að hann álíti, að málið sje svo óþroskað eða ekki komið svo inn í meðvitund þingmanna, að það sje ekki þingsins meðfæri, að fjalla um það, nje heldur að hann vilji spá því hrakspám á þessu þingi, heldur vona jeg, að hann vilji hvetja þingmenn til að vinna sem hraðast og ötulast, þó komið sje fram á 11. stundu þingtímans. Jeg minnist nú orða eins þingmanns, sem nú hvílir í gröfinni. Þegar búnaðarmálið var fyrir á þingi 1871, sagði Guðmundur sál. Einarsson þessi orð:

»Jeg skal játa það, að þetta mál er eitt hið mesta nauðsynjamál, og sannarleg þörf á, að það fái framgang, og ætti því að vera oss öllum áhugamál, eins og líka hefir komið fram á undanfarandi þingum, þar sem þau optsinnis hafa haft bænarskrár meðferðis um stofnun búnaðarskóla, og þeim jafnan verið vel tekið, bæði af þinginu og stjórninni, en allt um það hefir þó málið staðið yfir í heil 18 ár, án þess því hafi miðað nokkuð áfram«.

Þessi orð voru töluð 1871, og þá voru liðin 18 ár frá því málið fyrst kom fyrir þingið 1853, og síðan eru nú liðin 16 ár, svo að ef nú, eptir 34 ár, er ekki kominn tími til að koma málinu í viðunanlegt horf, þá veit jeg ekki hvenær þess er að vænta; þessi mótbára, »að nú sje ekki tími« til kominn að skipa þessu velferðarmáli landsins, sjerílagi bændastjettarinnar, getur því ómögulega verið meining h. minni hluta, því að hann vill þó víst ekki sitja við strauminn og bíða meðan hann rennur fram hjá, enda mundi biðin verða löng, því að sá straumur rennur um aldur og ævi; það er tímans straumur, sem aldrei linnir, og þykir mjer sæmra fyrir h. 1. þm. Árn. (Þ. G.) að fylgja þessum straum, sem bezt hann getur, enda erum vjer allir skyldir til þess. Gætum að því, og gleymum því ekki, að krðfur tímans eru sterkar og tala hátt til vor allra, að láta ekkert ógert, sem komið geti þessu máli, einmitt þessu máli, í heillavænlegt horf fyrir oss sjálfa og eptirkomendur vora.

H. minni hluti nefndarinnar (Þorl. G.) talar um samband þessa frumv. við skólastofnanirnar, sem þegar eru komnar á fót að nafninu til. Hann finnur búnaðarskólanum í Ólafsdal það til forátttu, að hann sje einstaks manns eign. Því verður nú reyndar ekki neitað, að þetta er, eins og stendur, varúðarvert, en það voru á hinn bóginn engu síður athugunarverð orð, sem hæstv. landsh. sagði nýlega hjer í deildinni um þenna skóla, þar sem hann taldi, og það einmitt með fullum rjetti, einmitt þetta, að hann var einstaks manns eign, sem orsökina til þess, hve vel hann hefði reynzt, enda er jeg sannfærður um, að ef h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) vildi verða mjer samferða vestur að Ólafsdal, þá mundi hann verða að játa, að hann sjálfur gæti fengið góða hugvekju af þeirri fyrirmynd í búskap, reglu, atorku og dugnaði, sem þar ríkir. Þar hafa starfsemi og atorka slegið rætur, sem óskandi væri að útbreiddust, og það verk, sem þar er unnið, er sannarlega ekki landinu tapað, þó að sá eptirbreytnisverði heiðursmaður, sem þar hefir mest og bezt að unnið, detti

dauður niður í þessu augnabliki; því að árangurinn af hans ópreytandi starfsemi gengur til eptirkomendanna. Það er engum efa bundið, að menn greinir á um, hvort rjett sje að styrkja einstaka menn til að halda búnaðarskóla, og sumir álíta það mjög »viðsjárvert«; en hitt er líka víst, að lögin 17. apríl 1833 gefa mönnum ráð til að tryggja slíkar stofnanir og gera þær eins stöðugar og þær væru opinber eign, með ákvæðinu um innlausnarrjett þess opinbera. Með þessu frumv. er fengið áreiðanlegt meðal til að bæta úr því, sem á vantar með Ólafsdalsskólann, það er að segja, að koma á samkomulagi milli skólastjórans og þess opinbera, um, að stofnunin ekki fari að forgörðum eptir hans dag, og hvað hina skólana snertir, þá slær frumv. föstum grundvelli undir þá, því að aðalgallinn við þá er, að þeir hafa orðið að berjast út í loptið og ekkert átt víst við að styðjast, nema bónakvabb og náðarveitingar. Styrkurinn til þeirra hefir verið kominn undir náð fjárlaganefndarinnar, og af því að dæma, sem tekið var fram hjer í þinginu um daginn, þegar ræða var um fjárlögin, er hún sannarlega mjög stopul og óáreiðanleg, úr því farið er að prjedika það sem góðan og gildan sannleika, að ekki skuli farið eptir neinum meginreglum í fjárveitingunum á fjárlögunum, því hvort sem þetta er rjett eða rangt, þá er þó tilveru þessara stofnana hin mesta hætta búin af þessari kenningu. Það er því engin von til, að skólarnir geti þrifizt meðan þeir eiga svona allt undir högg að sækja; en hjer er farið fram á fastan styrk, svo að hagur skólanna mundi stórum batna, ef frv. yrði að lögum. Jeg vona að misskilningur sá, sem á sjer stað milli meiri og minni hlutans frá hans hálfu, hverfi, því að hann er mjög lítill og varla nema á pappírnum. Gætum vel að því, að frumv. fer fram á að ná fastri og áreiðanlegri undirstöðu fyrir þá skóla, sem eru, og fá upp aðra fleiri eða stækka þessa, allt eptir því, sem frjáls og eðlileg framsókn þessa máls útheimtir, og samkvæmt þeim kröfum og skoðunum, sem sjálfkrafa hljóta að ryðja sjer til rúms. Við verðum að viðurkenna, að það er grátlegt að sjá land vort, hve það er óræktað og illa hirt og meðfarið allt af, og margur ungur og efnilegur maður segir svo bæði við mig og aðra, að hann álíti landið óbyggilegt og að hjer sje sjer engrar álitlegrar lífsvonar eða framfara auðið; hjer á landi hafi maður engan vissan árangur af vinnu sinni, þótt hann vinni baki brotnu fram á grafarbakkann. Það er mjög íhugavert, að þessi skoðun skuli vera, eins og blint ómótstæðilegt afl, að læsa sig inn í hjartaæðar þjóðarinnar, sú skoðun, að hún eigi engra framfara von. Jeg vil láta það sjást, að jeg tek það sterklega fram og í heyranda hljóði á alþingi, að þetta stendur meðal annas einmitt í nánu sambandi við þann voðalega mannstraum, sem nú gengur til Ameríku hjeðan af landi. Það er því sannarlega hin brýnasta og helgasta skylda fyrir þingið, að gera það, sem laðar huga manna *að* landinu, og í þessu tilliti er ekkert meðal, ekkert ráð, sem stendur á þingsins valdi, til, sem er eðlilegra og öflugra en það, að löggjafarvaldið gefi öllum landsmönnum sem mesta og bezta hvöt til að efla verklegar búnaðar-framfarir í landinu, en í þessu tilliti er það alveg nauðsynlegt, að öllum hjeruðum landsins sje gert jafnhátt undir höfði, að þau standi alveg jafnt að vígi, og geti með vissri von um styrk lagt fram allan sinn áhuga á búnaðarmálum landsins. En eins og nú stendur vantar eigi að eins jafnrjettisstefnuna í þessu máli, heldur og þekkingu á sönnum þörfum og högum landsins og hinna sjerstöku landshluta þess; vjer þingmennirnir sjálfir þekkjum opt ekki, hvernig til hagar, nema í einstöku hjeruðum, og yfir höfuð vantar oss allt of mjög innbyrðis kunnugleik og þekkingu, sem þetta

frumv. mundi ráða gagngerða bót á yfir höfuð, með tímanum, um leið og það mundi sjerstaklega auka samgöngur og kunnugleik á búnaðarástandinu milli hjeraðanna innbyrðis.

Jeg vil biðja hina h. þingm. að íhuga frumv. rækilega, því að jeg vildi óska, að það yrði skoðað svo vel og vandlega, sem auðið er, hve ávaxtarríkar afleiðingar það hlýtur að hafa fyrir þjóðina og landið, einmitt í því, sem oss vantar mest, í verklegri þekkingu og dugnaði, atorku og framtakssemi. Málið er því sannarlegt löggjafarmál; löggjafarvaldið á að taka það í hönd sjer og beina því með almennum lögum í rjett horf, þannig, að umboðsvaldinu gefist frjálst verksvið og ríkuleg hvöt til þess að efla, ekki í orði, heldur á borði, ekki í huganum eingöngu, heldur með höndunum, búnaðarframfarir landsins.

Þorl. Guðmundsson: Jeg skal ekki vera margorður nje gera þetta að kappsmáli við h. framsögum. (Ben. Sv.), því að, eins og hann hefir sjálfur sagt, er það ekki mikið, sem okkur skilur á um. Hvað Ólafsdalsskólann snertir, skal jeg taka það fram, að hann hefir skilið mig rjett. En jeg get ekki sjeð, að maður hafi nokkra tryggingu fyrir því, að sá skóli láti eptir sig nokkrar menjar aðrar en kennsluna, sem landið hafi not af; það er engin vissa fyrir, að hann verði opinber eign, eða hvort það er hyggilegt fyrir það opinbera að kaupa jörðina, því það er ekki stór jörð, sem staðið geti til stórra bóta framar en nú er búið að gera. Auðvitað má með samningum koma því svo fyrir, að slíkar stofnanir verði opinber eign, en þar með er ekki allt fengið, því að þá er eptir að vita, hvort það opinbera verður svo heppið að fá þann mann til forstöðu skólans, sem geti fetað í fótspor fyrirrennarans; svo er um þessa sem aðra skóla, að þeir standa og falla með góðum kennurum og góðri stjórn. Öllum er víst kunnugt, hvernig gengið hefir með búnaðarmálið hingað til; áhuginn á því er sumsstaðar vaknaður, en sumsstaðar ekki; það sýndi sig bezt, þegar verið var að stofna Hólaskólann; þá ætlaði Eyjafjarðarsýsla að taka þátt í skólanum með Skagafjarðar- og Húnavatnssýslum, en þegar á átti að herða, dró hún sig út úr því. Sama er að segja um Hvanneyrarskólann; um hann hefir verið þrefað í mörg ár; sýslufjelagið hefir reyndar keypt jörðina, en verður í vandræðum með skólann, nema önnur sýslufjelög sameini sig við það um skólann, því að það vantar fje. Jeg viðurkenni fyllilega nytsemi málsins, og líka er það satt, sem h. framsögum. (B. Sv.) sagði, að þingmenn eru mjög ókunnugir í hinum einstöku hjeruðum, en því nauðsynlegra er að fá upplýsingar úr þeim einstöku hjeruðum; því að í frumv. er svo ráð fyrir gert, að þau sameini sig um skólana, en þá þarf að vita, hvort þau vilja það og hvort þau treysta sjer til þess, og þá á hvern hátt. Deyfðin og áhuga- og áræðisleysið í þessu máli sýnir sig ljósast á því, að engar bænarskrár hafa komið til þingsins í þetta sinn, nema einungis um fjárstyrk til þeirra stofnana, sem þegar eru til.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Jeg skal taka það fram viðvíkjandi því, sem h. minni hluti (Þ. G.) sagði, að það er hreinn misskilningur hjá honum, að það geti komið til mála, að leggja þetta mál undir álit og samþykki sýslunefnda. Þær hafa ekkert, alls ekkert atkvæði um það, hvernig almenn landslög eru. Það er alls ekki verkahringur sýslunefnda, að semja allsherjarlög, sem gilda eiga fyrir land allt, heldur er það löggjafarvaldsins eins. Jeg verð meira að segja, að telja það mjög óheppilegt, að það skuli sjást af þingtíðindunum, að jeg hafi orðið að neyðast til að taka til máls til að sannfæra þingmann um jafn ljóst og auðvitað atriði, eins og

þetta. Sýslunefndirnar eru hver á sínum stað, ein er í Árnessýslu, önnur í Rangárvallasýslu, þriðja í Dalasýslu o. s. frv. Þegar lögin eru komin út, þá getur hver sýslunefnd látið vera, að þiggja styrkinn, sem lögin heimila. Hún um það. En það er vonandi að engin sýslunefnd láti hann lengi ónotaðan, því að hagur og framfarir þeirra sýslufjelaga, sem byrjað hafa á búnaðarfyrirtækinu, munu fljótt koma í ljós, og verða öðrum sýslufjelögum hvöt til að feta í fótspor hinna. Það má sjálfsagt búast við því, að sumar sýslunefndir taki dauflega undir það, sem þeim er boðið, en þessi deyfð á einmitt að vera hvöt til þess: ekki að spyrja þær að neinu. Þetta er, sem sagt, almennt landsmál, sem löggjafarvaldið á að gefa almennar reglur um, til þess að styðja þau sýslufjelög, sem styrkinn vilja þiggja, til að koma upp góðum búskap í landinu. Þær sýslunefndir, eða þau sýslufjelög, sem vilja sitja aðgerðalaus hjá og horfa á, þeim er eigi meinað það með þessum lögum, og það hlýtur að vera næg huggun fyrir h. 1. þingm. Árnesinga!

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 16 atkv.

Þrítugasti og níundi fundur, föstudag 12. ág., á hád.

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889 (301, 331); 3. umr.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Eins og nefndin ráðgerði við 2. umr., hefir hún nú komið fram með breytingu við 4. gr., þar sem hún við nákvæmari umhugsun fjellst á þá bendingu h. þm. Borgf. (G. Th.), að ekki mundi óhætt að setja þennan tekjulið eins hátt eins og hann var upphaflega í frv.

Næsta breytingartill. nefndarinnar er við 11. gr. 2. e., að á eptir Önundarfirði bætist inn í »Súgandafirði«, og hefir nefndin þar farið eptir tillögum kunnugra manna.

Undir 13. gr. B. V. b. 2. hafði nefndin stungið upp á 1000 kr. til sveitakennara; þetta þótti sumum h. þm. of lágt, og niðurstaðan við 2. umr. varð sú, að sú breytingartill. var samþykkt, sem fór fram á, að til þessa skyldi veita 2500 kr.; þessi upphæð þykir nefndinni of há, og hefir hún því hjer stungið upp á, að veittar yrðu 1500 kr. Hjer er um mikið nýmæli að gera, þar sem menn enga reynslu hafa fyrir sjer, og álítur nefndin því, að varlega sje farandi, en meiri ástæða til að veita meira fje á þessum tölulið síðar, ef reynslan sýnir, að það verði að tilætluðum notum. Sömuleiðis hefir nefndin stungið upp á, að í stað athugasemdarinnar komi: »Styrkur þessi veitist eptir tillögum sýslunefnda«, þar eð nefndin áleit, að skipting eptir nemendafjölda mundi verða miklum erviðleikum bundin.

Við 2. umr. var undir 13. gr. C. 1. a. samþykkt, að upphæðin skyldi verða 1200 kr. í stað 1000; en þá hafa menn víst einnig búizt við, að annað breytingaratkv. í sambandi við þetta mundi verða samþykkt, en þar sem það var fellt, þá hefir nefndin fundið ástæðu til að koma fram með þá tillögu, að 1200 breytist í 1000 kr.

Enn fremur, að sú upphæð, sem landsbókasafnið er tryggt fyrir, hækki úr 25 þús. upp í 50 þús. kr.

Við 16. gr. vill nefndin bæta einum tölulið, sem sje: »Til að gefa út Dómasafn allt að 15 kr. fyrir örkina 300 kr.« Nefndin álítur þýðingarmikið, að hafa þetta safn, en tvísýnt, hvort nokkur fæst til að gefa það út fyrir minni upphæð en allt að 15 kr. fyrir örkina, en upphæðin nú önnur, og því er þessi breyt.till. aðgengilegri en sú, sem fjell um daginn. Það getur verið mjög áríðandi og fræðandi fyrir almenning, að sjá fullnaðarúrslit ýmissa mikilsvarðandi spurninga.

Eptir 18. gr. hefir nefndin farið fram á, að bætt sje við einni grein, sem alveg leiðir af sjálfu sjer.

Það hafa komið fram ýmsar fleiri breyt.-till., sem flestar fara fram á hið sama sem fellt var við 2. umr., og því eru engin líkindi til, að það verði samþykkt nú, sem þá var fellt; jeg veit ekki af hverju h. þingdeild ætti að hafa snúizt hugur svo fljótt.

Breyt.till. við 10. gr. C. 5. b., að tilltaka Skaptafellssýslu, er allsendis óþörf; það mætti eins vel tiltaka margar aðrar sýslur eða jafnvel allar aðrar sýslur.

Við 11. gr. 2. er komin fram sama breyt., sem felld var með miklum atkvæðamun við 2. umr., og er því næsta ólíklegt, að hún verði samþykkt nú. Það er líka auðsætt, að þess meiri kostnað, sem landið hefir af hinum núverandi aukalæknum, þess tregara verður þingið eptirleiðis að bæta nýjum aukalæknum við, jafnvel þó þess kynni að vera brýn þörf. Og hvað sjerstaklega snertir aukalækninn á Skipaskaga, þá skal jeg geta þess, að einmitt þeim lækni voru fyrst ákveðin *minni* laun en hinum aukalæknunum, og þá þótti hlutaðeigendum æskilegt, að aukalæknir fengist með þeim launum, sem þar voru ákveðin. Og ef ætti að bæta upp aukalæknishjeruðin að eins til þess að hjeraðsbúar geti haldið læknunum, ef þeir vilja sækja burtu, þá gæti slíkt hið sama átt sjer stað með ýms prestaköll, og þá yrði þetta ærið kostnaðarsamt.

Athugasemdina undir 13. gr. C. 3., að taka til, að fjelagið skuli gefa út Tímaritið og Sýslumannaæfirnar, álítum vjer alveg óþarfa.

Hvað snertir Fornbrjefasafnið undir 16. gr., þá fjell sú tillaga um daginn, þrátt fyrir meðmæli nefndarinnar, og því eru lítil líkindi til, að hún verði samþykkt nú.

Viðvíkjandi gufuskipaferðunum hefir nefndin látið meiningu sína í ljósi áður, og er því óþarft að taka það upp aptur.

Landshöfðingi: Eins og h. þingm. sjá, hefi jeg ekki komið fram með neinar breytingartillögur til þessarar umræðu, og vona jeg að menn ekki skilji það svo, sem jeg hafi fallizt á allar þær breytingar, sem gerðar voru á frumv. við 2. umr., því að jeg álít, að ýmsar niðurfærslur þá hafi verið til spillis, og sumar uppfærslur ekki til bóta; en orsökin var sú, að jeg gat ekki búizt við, að h. þingd. væri svo hverflynd, að hún eptir 2 daga færi að greiða atkvæði ofan í sjálfa sig, og mjer þar að auki persónulega ógeðfellt, að höggva ofan í sama farið, þegar jeg veit, að það er ástæðulaust.

Að því er snertir breytingar nefndarinnar, þá álít jeg flestar þeirra vera til bóta, og um breytingar annara h. þingm. er jeg á sama máli og h. framsögumaður (E. Br.), að undantekinni breytingunni við 10. gr. C. 6., sem fer fram á að hækka gjaldið til gufuskipanna aptur upp í 18000 kr.; þó er þessi uppástunga ekki til verulegra bóta, þar sem athugasemd nefndarinnar hefir verið haldið; enda finnst mjer ótilhlýðilegt, að bera undir h. þingd., að samþykkja ferðaáætlun, sem hún hefir aldrei sjeð.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Mjer þykir vænt að heyra, hve vel hæstv. landsh. hefir tekið í breytingar nefndarinnar; en hvað ferðaáætlunina snertir, skal jeg geta þess, að nefndin afhenti hana í gær til prentunar, svo að jeg vona, að hún verði komin í hendur h. þingmanna, áður en til atkvæða er gengið.

Grímur Thomsen: Af því að jeg á hjer nokkur breytingaratkvæði, vil jeg leyfa mjer, að fara um þau nokkrum orðum til skýringar.

Það er þá fyrst breytingartillaga mín nr. 317 við 4. gr., en þar hefir nefndin komið til móts við mig, svo að jeg skal ekki orðlengja um hana meir.

Þá er breytingaratkvæði mitt við 10. gr. C. 5. b., að á eptir »aðalpóstleiðum« komi: »þar á meðal í Skaptafellssýslu«. Þeir, sem eru kunnugir söndunum í Skapafells-

sýslu, munu allir vera samdóma um, að brýn nauðsyn sje til að setja þar upp stikur í staðinn fyrir vörður, því að þar er mjög villugjarnt og örðugt yfir yfirferðar að vetrinum, eins og h. þm. Skaptf. (Ó. P. og Sv. E.) geta borið vitni um, og vona jeg, að h. fjárlaganefnd verði ekki á móti þessu máli, því að hjer er um lítinn kostnað en mikla nauðsyn að ræða.

Þá er breyt till. mín og nokkurra annara h. þm. við 11. gr. 2, um að hækka laun aukalæknanna um 200 kr. á ári. — Við 2. umr. færði jeg ástæður fyrir þessari breytingu, en h. framsögumaður (E. Br.) var henni mótstæður, og fann ekki, að þörf væri á, að hækka launin enn á ný, því að þessir menn gætu síðar meir komizt í föst embætti smátt og smátt, eptir því sem embættin losnuðu; en jeg get þó ekki betur sjeð, en að þeir menn sæti afarkostum, sem neyðast til að láta fje úr eigin vasa til að geta haldið þeim lækni, sem hefir reynzt þeim vel, og þeir hafa traust á, og sjerstaklega vil jeg taka það fram um aukalækninn á Akranesi og í 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu, að þar er fjölmennt sjóver, kauptún, og mikið að gera, en lítið í aðra hönd, því að fátæktin er mikil, svo að læknirinn verður að láta margt meðalaglasið ókeypis. Menn hafa sagt, að aukalæknarnir þurfi ekki að gefa meðul fremur en þeir vilji, en jeg vona að þeir læknar, sem hjer eru, sjeu mjer samdóma um, að sú hjartagæzka sje nauðsynleg hjer á landi, og þegar svo er, þá eru sannarlega harðir kostir, sem þessum manni eru settir, þar sem hann annaðhvort neyðist til að fara úr því hjeraði, þar sem honum líður vel og er vel liðinn af öllum, eða að öðrum kosti að verða öreigi.

Breytingaratkv. mitt við 13. gr. C. 1. b. og d. tek jeg aptur, því að bæði er það, að jeg hefi enga von um, að það komist að, eptir því sem h. framsögum. hefir látið í ljósi, og svo álít jeg, að nú, eptir 2. umr., sje viðunandi við launin.

Við 13. gr. C. 3. hefi jeg og aðrir h. þingm. gert þá breytingu, að á eptir: »í Rvík«, komi: »til að gefa út Tímarit, Sýslumannaæfir o. fl.«; því að þótt hæstv. landsh. segi, að Bókmenntafjelagið hafi skuldbundið sig til að gefa út handritið að Sýslumannaæfum, þegar handrit sje fyrir hendi, þá nær skuldbindingin ekki nema yfir hið yfirstandandi fjárhagstímabil, og vona jeg, að margir vilji hafa vissu fyrir, að því verði haldið áfram, og mjer er kunnugt um, að Bókmenntafjelagið á svo mikið útistandandi, að það getur gefið ritið út, ef gengið væri að því með atorku, að innheimta skuldir þess. Ritið er, eins og jeg sagði um daginn og h. þm. Ísf. (Sig. St.) var mjer samdóma um, nauðsynlegur partur af sögu landsins, og þar sem sá maður, sem hlut á að máli, hefir lagt bæði fje og erfiði í sölurnar til að undirbúa ritið, þá álít jeg ekki sómasamlegt fyrir Bókmenntafjelagið, að fresta útgáfunni um langan tíma, og vona jeg því, að h. þingd. samþykki þessa breytingu, svo framarlega sem hún ann bókmenntum og sögu Íslands.

Hvað textaútgáfuna á íslenzku Fornbrjefasafni snertir, þá er mjer alveg óskiljanlegt, að h. þingd. ekki skuli vilja styrkja þetta fyrirtæki, sem vor ógleymanlegi vinur Jón sál. Sigurðsson byrjaði, þegar þó ríkissjóðurinn, sem þetta mál er óviðkomandi, vill leggja fje til þess; sumir eru máske hræddir um, að sá maður, sem á að sjá um útgáfuna, muni lengja hana um of; en sá ótti er ástæðulaus, því að brjefin verða prentuð eins og þau liggja fyrir, það er að segja: að eins textinn, og vona jeg, að h. þingd. samþykki tillöguna, því að Fornbrjefasafnið er nauðsynlegt fyrir sögu landsins.

Hvað Dómasafninu viðvíkur, þá er jeg fús á að fylgja h. nefnd.

Þá skal jeg að endingu fara nokkrum orðum um 13. gr. B. V. a. 1, því að jeg og fleiri þingm. höfum ráðið til, að fella

þar burt orðin: »Skóli þessi standi undir umsjón stiptsyfirvaldanna«. Jeg hefi reynt að kynna mjer stæður h. framsögumanns fyrir breytingu þeirri, sem á að gera á yfirumsjón skólans, og get jeg eigi sjeð, að þær sjeu svo góðar og gildar, sem æskilegt væri. Í nefndarálitinu, bls. 8, stendur: »Í fjárlögunum fyrir 1880 og 1881 var styrkurinn úr landssjóði bundinn við, að kvennaskólarnir stæðu undir umsjón stiptsyfirvaldanna«; en svo er þessum orðum bætt við: »en þar sem þetta á vel við um skólana á Ytri-Ey og Laugalandi, sem eru eign einstakra sýslna, þá hefir forstöðunefnd kvennaskólans í Reykjavík tekið fram, að betur eigi við, að sá skóli standi undir umsjón stiptsyfirvaldanna, heldur en amtsráðs Suðuramtsins, með því að hann sje eigi fremur fyrir Suðuramtið en aðra hluti landsins, og verður nefndin að fallast á það«.

Eins og menn vita, hefir verið nokkur ágreiningur milli forstöðunefndarinnar og forstöðukonu skólans um þetta atriði, og hefir forstöðukonan skrifað mjer brjef því viðvíkjandi; hún segir, að hún álíti þessa breytingu ísjárverða, skólanum hafi hingað til liðið vel undir umsjón amtsráðsins, þar sem hann hafi jafnan haft árlegan styrk úr jafnaðarsjóði Suðuramtsins og úr Vesturamtsins stundum; enn fremur, að kvennaskólinn í Reykjavík sje ekki fremur skóli fyrir allt land, heldur en skólinn á Ytri-Ey, því að þangað hafa einnig sótt stúlkur af Suður- og Vesturlandi, eins og sjá má af skýrslum ungfrú Elínar Briem, og sama er að segja um skólann á Laugalandi, svo að þessi ástæða er ekki fullnæg til að breyta út af því, sem verið hefir. Hjer hljóta því að vera einhverjar aðrar ástæður, en þær, sem koma fram í nefndarálitinu, og væri mjer kært, að h. framsögumaður vildi koma með þær. Jeg gæti ímyndað mjer, að h. framsögum. kynni að þykja veglegra, að skólinn stæði undir umsjón stiptsyfirvaldanna, sökum þess, að þar er um slík göfugmenni sem amtmann og biskup að ræða, en í amtsráðinu situr ekki nema amtmaðurinn einn, og svo tveir valdalausir menn; eða, að biskupsdótturinni, sem er í forstöðunefnd skólans, þætti máske umsvifaminna, að þurfa ekki annað en að fara í hús föður síns, þegar hún vildi snúa sjer til umsjónarinnar. Einnig gæti jeg ímyndað mjer, að amtsráðið hefði vakið óánægju með því fækka meðlimum forstöðunefndarinnar; þeir voru áður 5, en við þessa ákvörðun fóru 2 úr nefndinni, og var h. framsögumaður annar þeirra. En mjer dettur nátturlega alls ekki í hug, að h. framsögumaður vilji brúka stöðu sína til að hefna sín á amtsráðinu, heldur hlýtur hann að álíta, að það sje skólanum fyrir beztu, að standa undir umsjón stiptsyfirvaldannna; en verði þessari breytingu framgengt, þá þarf líka að breyta reglugjörðinni frá 23. sept. 1882, sem segir, að skólinn standi undir umsjón amtsráðsins meðan hann nýtur styrks úr landssjóði; jeg get líka ímyndað mjer, að skólinn eigi örðugra en áður með að fá styrk þann, sem hann hefir notið, ef breytingin nær fram að ganga; en h. framsögumaður segir máske sem svo, að styrkur sá sje svo lítill, að ekki muni um hann, eða að hætt sje við, að skólinn stöðvist, ef athugasemd nefndarinnar verði ekki samþykkt, þó að jeg geti nú reyndar ómögulega skilið, að svo lítilvægt atriði sem þetta geti orðið til þess, að skólinn hætti. Jeg verð að kveða opinskátt upp úr með það, að mjer virðist, að meining forstöðukonunnar í þessu máli hafi miklu meiri þýðingu heldur en meining forstöðunefndarinnar, því að hún er daglega við kennsluna, þótt hún ekki kenni, og hefir sýnt skólanum staka velvild og umhyggjusemi; hún hefir ferðazt til Danmerkur til að safna gjöfum handa skólanum, og hún hefir aldrei fengið hin minnstu ámæli fyrir, að skólastjórnin færist henni eigi

vel úr hendi, heldur hafa lærimeyjarnar sýnt henni viðurkenningu sína; það er því engin ástæða til að ímynda sjer, að forstöðunefndin sjái betur hvað skólanum er fyrir beztu heldur en hún, og þó að nú sje ágreiningur milli hennar og forstöðunefndarinnar, þá ætti þingið ekki að gera sig að dómara í því máli. Forstöðunefndin á að hafa áhrif á hina peningalegu hlið málsins og eptirlit við prófin, en sú sanna byrði hvílir á forstöðukonunni; þess ber og að gæta, að forstöðunefndin er stopul og skiptir opt um, eins og ráðaneytin í útlöndum, en forstöðukonan er stöðug og hin sama, meðan ekkert er út á stjórn hennar eða framferði að setja.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Þetta langa mál hjá þm. Borgf. (Gr. Th.) um samband milli forstöðukonu kvennaskólans í Rvík og forstöðunefndar hans kemur fjárlögunum ekkert við, enda yrði oflangt mál að fara út í allt sem þar að lýtur; en jeg verð að ætla, að ástæður þær, sem nefndin hefir tilfært í áliti sínu, sjeu nægar til að sýna, að það eigi betur við, að kvennaskólinn í Rvík standi undir umsjón stiptsyfirvalda en amtsráðs

Hann sagði, að skólarnir á Ytriey og Laugalandi gætu eins vel staðið undir umsjón stiptsyfirvalda sem skólinn hjer; en því er þó allt öðruvísi varið, því þó hingað til hafi verið námsmeyjar úr öllum landsfjórðungum á Eyjarskólanum, þá mundu stúlkur úr öðrum hjeruðum en Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum sitja á hakanum, ef svo mikil aðsókn væri að skólanum, að hann eigi gæti veitt öllum umsækjendum móttöku, en til þess hefir enn eigi komið.

Skólinn í Rvík er privat-stofnun, stofnaður með samskotum, og þess vegna allt annars eðlis en hinir kvennaskólarnir.

H. þm. Borgf. virtist leiða getum að því, að jeg vildi misbrúka stöðu mína á þingi; jeg veit reyndar ekki til hvers; en þess háttar orð vil jeg helzt frábiðja mjer, og neita því, að slíkum illgetum sje beint að mjer, en finn eigi neina ástæðu til að svara honum fleiru, því flest hans orð áttu ekkert skylt við það mál, sem hjer er um að ræða.

Ólafur Pálsson: Jeg hef ritað nafn mitt undir nokkrar breyt.till., ekki af því að jeg ætlaði að halda þeim fram öllum, heldur til þess, að þær næðu inngöngu á þingið.

Jeg tók það fram við 2. umræðu þessa máls, að mjer væri umhugað um, að fje væri veitt til vegagjörða í Skaptafellssýslu, og að eigi væri enn búið að borga þær vegabætur, sem þar hafa verið unnar, þrátt fyrir ítrekaðar bænir.

Þetta vil jeg enn á ný benda h. þingd. á, og jafnframt geta þess, að mjer virðist eiga illa við, að hætta á byrjuðum vegagjörðum áður þeim er lokið, og fara að byrja á öðrum. Ekki er mjer heldur hægt að sjá, að nokkurstaðar sje hjer frekari þörf á vegabótum en á aðalpóstleiðinni í Skaptafellssýslu.

Mjer finnst mest áríðandi, að halda við þeim vegum, sem búið er að gera, svo þeir eigi eyðileggist, og það fje, sem til þeirra hefir gengið, þannig tapist.

Allir sandar í Skaptafellssýslu eru enn óstikaðir, utan Mýrdalssandur að miklu leyti, en Skeiðarársandur og Breiðamerkursandur báðir óstikaðir. Sólheimasandur hefir eigi verið ruddur utan tvisvar nú í 18 ár, sökum þess, að fje hefir vantað til þess. Ekki er þessi fjeskortur af því, að ósparlega hafi verið haldið á því, sem veitt hefir verið; mönnum hafa að eins verið goldnar 2 kr. á dag vorlangan daginn, og 3 kr. þegar þeir hafa lagt sjer 2 hesta til áburðar á brýr og öll áhöld þar að lútandi, og mundi það eigi hátt kaup kallað hjer í Rvík eður í kringum hana eptir sögusögn. Það væri auðvitað annað mál, ef búast mætti við, að landsh. veitti

Skaptafellssýslu fje af þeirri upphæð, sem eigi er ákveðin til vissra vega; mætti jeg eiga von á því, mundi jeg vera ánægðari. En næstliðið ár gat það ekki fengizt, þótt óborgaðar væru 3—400 kr. frá f. á., og í vor var allt vegabótagjald sýslunnar tekið og margt látið ógert, sem gera þurfti, og mun þó nú standa óborgað fyrir vinnu á þessum vegum frá 5—600 kr., og er það hart að láta menn vinna svo fyrir ekkert; jeg vona, að hæstv. landsh. taki þetta til greina, þegar hann fer að útdeila því fje, sem hann hefir undir höndum til þessa, og í því trausti orðlengi jeg ekki meira um það að þessu sinni. Hvað seinni breyt.till., sem jeg stend undir, snertir, get jeg ekkert um sagt, fyr en jeg heyri ástæður fyrir þeirri beiðni, og mun eptir þeim gefa atkvæði mitt.

Jónas Jónassen: Af því jeg hef komið með breyt. till., ætla jeg að tala fáein orð.

Jeg ætla, að flestir þm. þekki kvennmann þann, sem breyt.till. fer fram á, að veittar sje 500 kr. styrkur eitt sinn fyrir öll; jeg ætla og, að flestum sje kunnugt, að hún um mörg ár hefir hjer haft á hendi ljósmóðurstörf, en missti fyrir fáum árum heilsuna, og varð að fara erlendis og kosta til þeirrar farar ærnu fje af litlum efnum; hefir hún að vísu fengið aptur það, sem mestu skiptir, heilsuna, en er við þennan tilkostnað komin í miklar skuldir, sem hún nú eigi getur borgað.

Nú mundum vjer samt sem áður eigi koma með þessa beiðni, ef ljósmóðir þessi eigi hefði neina verðleika öðrum fremur; en fyrir utan það, að hún hefir með miklum dugnaði og samvizkusemi gegnt ljósmóðurstörfum sínum, þá hefur hún þar að auki unnið öllu landinu gagn með því, að hún hefir veitt fjölda mörgum ljósmæðrum víðsvegar að miklar leiðbeiningar við nám þeirra, og sumar þeirra eiga henni að þakka, að þær hafa getað lært. Þetta hefir haft mikla þýðingu, og fyrir það ætti hún sannarlega skilið að fá viðurkenningu frá þjóðinni, og jeg vona því, að þingdm. fallist á þessa breyt.till., einkum þar sem fjárupphæð þessi er svo lítil, að landið munar ekkert um hana, en hún þó á hinn bóginn getur komið þeirri ljósmóður, sem hjer er um að ræða, til mikils gagns.

En fyrst jeg á annað borð stóð upp, ætla jeg að minnast á nokkrar breyt.till., sem jeg eigi get gefið atkv.

Það er þá fyrst og fremst breyt.till. við 13. gr. B. V. 1. a, sem jeg eigi get fallizt á; það er óskiljanlegt, hvað þm. Borgf. gengur til að koma með þessa breyt.till.; jeg gæti helzt ímyndað mjer, að hann hefði einhverjar persónulegar hvatir til þess; mjer finnst langbezt, að kvennaskólinn, eins og aðrir skólar hjer, sje undir umsjón stiptsyfirvaldanna.

En allt sem hann sagði um hinn ímyndaða ágreining milli skólanefndarinnar og kennslukonunnar, er þessu máli alveg óviðkomandi, eins og tekið var fram.

Jeg er því mótfallinn, að færa styrkinn til sveitakennara niður úr 2500 kr. í 1500 kr.; og jeg vil láta veita sem mest til styrktar námssveinum í stýrimannafræði; mjer er alveg óskiljanlegt, hvers vegna menn stinga upp á að færa hann niður; því, er ekki sjómennskan annar aðalatvinnuvegur vor, og gengur eigi allt það fje, sem árlega er veitt til eflingar búnaði, eingöngu til landbúnaðarins?

Kynleg virðist mjer og breyt.till. við C. 3., þar sem styrkveitingin til Bókmenntafjelagsins er bundin við útgáfu vissra rita; það getur vel verið, að Sýslumannaæfirnar sjeu gott rit; en hvorki ætla jeg þær alþýðlegar nje bráðnauðsynlegar; þær hafa mikla þýðingu fyrir einstaka menn, en það er varla einn af þúsundi, sem lítur í þær. Jeg veit heldur ekki, hvað það á að þýða, að vera nú að koma

aptur með till. um styrk til að gefa út Fornbrjefasafnið; úr því menn á annað borð vilja og verða að spara, þá á nú illa við að brúka fje til slíks, en jeg skal fúslega játa, að æskilegt væri að fá þetta Fornbrjefasafn, en mjer finnst það mætti bíða betri tíma, eins og margt annað hjá oss. Það er auðvitað leitt, að gera þetta nú, er ríkissjóður vill kosta fje til að helming, og er vjer höfum sjálfsagt mjög hæfan mann til þess að annast útgáfuna; en allt fyrir það er jeg nú sem stendur á móti þessu—einungis af sparnaði.

Hvað gufuskipaferðirnar snertir, vona jeg að menn nú færi tillagið til þeirra upp í 18000 kr., og sleppi þessu skilyrði, sem nefndin hefir stungið upp á og ómögulega getur staðizt, því hvernig geta þm. ætlazt til, að gufuskipin komi á óuppmældar hafnir, t. d. Borðeyri? (*Ymsir:* Þetta getur Camoens). Hann hefir líka tvisvar strandað þar.

Aukalæknarnir vil jeg helzt að fái allir 200 kr. launaviðbót, en einkum læknirinn á Akranesi; þar er þjettbýlt og margt fólk, en fátækt; sá fyrri aukalækni, sem þar var, hjelzt þar skamma stund við, og þessi, sem nú er þar, mun hljóta að fara þaðan svo fljótt sem kostur er á, ef hann ekki fær neina launaviðbót, og tel jeg þetta mjög óheppilegt, einkum fyrir Akurnesinga.

Sveinn Eiríksson: Jeg skal að þessu sinni vera mjög stuttorður, því jeg sje, að margir vilja fá orðið.

Jeg gat þess við 2. umr. þessa máls, að jeg mundi koma með breyt.till. viðvíkjandi aðalpóstvegum í Austur-Skaptafellssýslu; en jeg hef ásamt öðrum tekið Vestur-Skaptafellssýslu með, sökum þess, að aðalpóstleiðin í báðum þessum sýslum er eflaust ein hin erfiðasta og hættulegasta af öllum póstleiðum landsins. Hjer er nú ekki um neinar stórkostlegar vegabætur að ræða nje mikið fjárframlag, heldur einasta að stika sandana og byggja á þeim sæluhús, sem fáeinir fótgangandi menn og 1—3 hestar gætu komizt inn í, því um stórar lestir má ætla, að þær eigi leggi á sandana nema í einsýnu veðri, svo þær eigi þurfi að leita til sæluhúsanna, nema ef ófyrirsjáanleg illviðri skella á.

Til þessa þarf eigi mikið fje, kannske að eins 4000 kr., og væri þeim sannarlega vel varið þannig, að óhultari leið yrði gerð yfir Skeiðarár- og Breiðamerkursand, og mætti auðvitað taka það af því fje, sem veitt er til óákveðinna vegabóta.

Um breyt.till. við 13. gr. B. V. a. 1. skal jeg ekki fara mörgum orðum, því jeg er því máli ekki vel kunnugur; en mjer er ekki hægt að skilja, að það fari neitt betur um skólann undir umsjón stiptsyfirvaldanna heldur en umsjón amtsráðsins, einkanlega þegar annað stiptsyfirvaldið er sami maðurinn, sem er formaður amtsráðsins; jeg held þess háttar sje bara til að breyta.

Jeg er einn af þeim, sem komu með breyt.till. um styrkinn til kennslu í stýrimannafræði, en nú hef jeg fengið betri upplýsingar en jeg þá hafði um það, að kennsla í þeirri grein geti farið eins vel fram annarstaðar en í Rvík, t. d. á Ísafirði og máske víðar. Einnig hef jeg skrifað undir breyt.till. 318, og þætti mjer líklegt, að þm. fjellust á hana. Jeg hafði aldrei ímyndað mjer, að farið yrði svona lágt í breyt.till., því það hefði víst ekki verið of gert, þó þingið hefði veitt Þorbjörgu Sveinsdóttur 1000 kr., auk heldur þá 500 kr. Mjer er kunnugt um, að hún hefir mörgum sjúkum hjúkrað, og einkum verið sönn stoð og stytta þeirra, er hafa lært hjer ljósmóðurfræði; þannig veit jeg, að 7—8 ljósmæður eiga henni að þakka, að þær gátu lært hjer. Þetta hefir hún allt gert af sinni fátækt; þess vegna finnst mjer, að þjóðin eður þingið ætti að sjá sóma sinn í því, að styrkja hana, þegar hún sökum vanheilsu og þar af leiðandi kostnaðar, er komin í efnaþrot. Þetta

þætti mjer vel fallin viðurkenning frá þingsins hálfu fyrir það gagn, sem hún hefir unnið almenningi með hjálpsemi, aðstoð og góðum og hollum ráðleggingum. Sem sagt ber jeg það traust til sómatilfinningar h. þingdm., að þeir óhikað gefi atkvæði sín með því, að jómfrú Þorbjörg fái þessar 500 kr., þótt jeg fyrir mitt leyti hefði helzt viljað að hún fengi 1000 kr., sem eigi getur álitizt stórt kapital, að eins eitt skipti fyrir öll.

Sigurður Jensson: Jeg hefi skrifað undir breyt.till. 317, ásamt nokkrum öðrum h. þingdm., án þess að jeg þó muni greiða atkvæði með öllum tillögunum. Það er einkum ein af breyt.till. þessum, sem jeg vildi sjerstaklega mæla með. Við 2. umr. var feldur styrkurinn til að gefa út íslenzkt Fornbrjefasafn, að mínu áliti af því að atkvæðagreiðslan var nokkuð ógreinileg; en við höfum leyft okkur að stinga upp á, að hann verði tekinn aptur upp í frumv., og höfum orðað uppástungurna eins og nefndin vildi orða hana. Jafnvel þótt mjer líki engan veginn, að styrkurinn skuli vera bundinn því skilyrði, að Fornbrjefasafnið verði gefið út í «textútgáfu», þá vil jeg þó heldur hafa þetta svona orðað, en að styrkurinn sje alveg felldur burt. Jeg vil mæla sem bezt með tillögu þessari, því mjer finnst þingið ekki geta verið þekkt fyrir að neita um styrk til þessa fyrirtækis, sem snertir svo mjög sögu landsins, einkum þar sem ríkissjóðurinn styrkir fyrirtækið fyrir sitt leyti.

Mjer heyrist á sumum þingmönnum, að þeir vilji helzt, að þingið gangi nú í eins konar bindindi með öll vísindaleg fyrirtæki, og veiti ekkert til þeirra á þessu fjárhagstímabili. Vilja þessir menn þá ekki líka, að hætt verði að kenna í skólunum, og þeir látnir hvíla sig um fjárhagstímabilið? Það væri víst eitthvað, sem nær væri að spara, heldur en fjárframlög til vísindalegra fyrirtækja, sem, eins og hjer á sjer stað, miða til að útbreiða þekkingu á sögu landsins. Mjer finnst það alveg rangt, að vilja spara hvern eyri, sem beðið er um til vísindamanna, sem ekki eru í embættum, því að vjer höfum reynsluna fyrir oss, að þess konar menn geta orðið landinu til mikils gagns og meira gagns en margur embættismaðurinn. Og þó þessi maður, sem hjer á í hlut, ekki eigi eins marga meðmælendur hjer í höfuðstaðnum, eins og þegar ræða er um fjárveiting til einhvers embættismannsins hjer í bænum, þá ætti það ekki að spilla fyrir honum. Þegar ræða er um fjárveiting til einhvers embættismannsins, þá eru allir einhuga hjer í bænum um, að bregða þinginu um nirfilskap og ódrengskap, ef það vill spara. Þess konar ámæli þurfum vjer ekki að óttast, þó vjer neitum um þessa fjárveiting. Þess vegna getum vjer rólegir synjað um hana. En mjer finnst þó, að ástæða sje fyrir þingið til að athuga, hvort það sje rjett að gera lærðum mönnum ómögulegt að lifa á annan hátt en með því að ganga í þjónustu stjórnarinnar og gerast embættismenn. Þessi maður hefði aldrei fengið þennan styrk, sem ríkissjóður veitir honum, ef ekki þeir vísindamenn, sem eru bærir til að dæma um það, hefðu álitið hann hæfan til fyrirtækisins, og því vildi jeg, að þingið sýndi nú, að því sje eins annt um bókmenntir vorar, eins og útlendri stjórn; og enn fremur vildi jeg að það sæist, að þingið veitir engu síður þeim styrk, sem ekki eru sjálfir nálægir eða hafa vini og meðmælendur til að mæla með sjer hjá þingmönnum, svo framarlega sem maðurinn er álitinn fær um að leysa það verk af hendi, sem beðið er um styrk til.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg skal ekki tala langt í þetta sinni, en að eins minnast með fáum orðum á nokkrar breyt.till., sem jeg hefi verið með að bera

fram. Jeg hefi með nokkrum öðrum h. þm. stungið upp á, að færa styrkinn til kennslu í stýrimannafræði niður í 1000 kr. og leggja það til, að þessu fje verði öllu varið til kennslu hjer í Reykjavík. Það sem vakti fyrir oss, er stungum upp á þessari breyting, var það, að þar sem styrkurinn væri svo lítill, þá tæki ekki að dreifa honum til kennslu á fleiri um stöðum. Annars furðar mig á því, að engin bænarskrá skuli hafa komið frá skipseigendum hjer í Reykjavík, eða við Faxaflóa, sem orðnir eru svo margir, um að þingið legði fram fje til stýrimannakennslu. Mjer virðist það lýsa litlum áhuga, að enginn snepill skuli hafa komið frá þessum hjeruðum um þetta mál, sem þeim virðist ætti að vera áhugamál, en svo þegar á þing er komið, þá eru menn að nöldra um, að ekkert fáist hjá þinginu til þessarar nauðsynlegu kennslu; og þó erum við, sem þessi atvinnuvegur er óviðkomandi, að gera uppástungur til þingsins um að styðja þessa kennslu á einum stað. Jeg get ekki gert að því, þó jeg taki til þessarar deyfðar og áhugaleysis.

Jeg get ekki leitt hjá mjer að minnast á þessa gömlu grýlu, styrkinn til að gefa út Sýslumannaæfir. Um þennan styrk var rætt allmikið á þinginu 1885, og nú er farið að vekja hann upp aptur. Þá mun hann hafa átt erfitt uppdráttar, en gekk þó í gegn. Það getur vel verið, að þetta sje þarft verk í sjálfu sjer, en einkum ætla jeg þó að það hafi gildi fyrir vissa menn, sem sjerstaklega leggja stund á ættfræði og sögu landsins; en síður mun það vera fyrir almenning. Ef ætti að veita Bókmenntafjelaginu styrkinn með þessu skilyrði, þá ímynda jeg mjer að hann gengi mest allur til þessa verks, svo hlunnindin yrðu mjög lítil fyrir fjelagið. Jeg gæti því hugsað mjer, að það væri allt eins rjett að veita sjerstökum manni styrk til að gefa út Sýslumannaæfirnar, en veita þá aptur fjelaginu annan styrk þar fyrir utan, eða þá engan; en binda ekki fjelagið við þennan stjóra.

Sigurður Stefansson: Af því að breyttill. við 13. gr. B. V. e. um kennslu í stýrimannafræði í Reykjavík snertir dálítið mitt kjördæmi, skal jeg fara um hana nokkrum orðum.

Það er langt frá mjer, að jeg hafi á móti því, að veittur sje styrkur til stýrimannakennslu í Reykjavík, en þar sem breyt.till. felur það í sjer, að fella burt þann styrk, sem búið var að samþykkja við 2. umr., til kennslu í sömu grein »annarsstaðar« en í Reykjavík, þá get jeg ekki annað en furðað mig á, að slík tillaga skuli hafa komið fram. Jeg hafði meðferðis bænarskrá um styrk til stýrimannakennslu á Ísafirði, og fjárlaganefndin stakk upp á að hækka þann styrk, sem stóð í stjórnarfrv., um 800 kr. Þessi styrkur var svo samþ. við 2. umr. og ætlaður til kennslu í stýrimannafræði »annarsstaðar« en í Reykjavík. Það var svo langt frá, að mjer dytti í hug, að nokkur mundi stinga upp á að lækka styrkinn, að jeg gat fremur ímyndað mjer, að sumir mundu vilja láta hækka hann enn meira. Mig getur ekki annað, en furðað á því, að h. 1. þm. Árnes. (Þ. G.), sem er höfuðmaður atvinnuveganefndarinnar og talar svo að minnsta kosti, sem honum sje annt um atvinnuvegi landsins, skuli fara fram á, að lækka þann styrk, sem búið er að veita til eflingar öðrum höfuð-atvinnuvegi landsins, einkum þar sem hann játar sjálfur, að styrkurinn sje lítill, sem veittur var. Nú stingur hann upp á að lækka styrkinn nær því um helming. Þetta er mjög kynleg uppástunga. Jeg hefði fremur getað trúað honum til að vilja hækka hann en lækka. Hann var að tala um deyfð þeirra, sem einkum ættu að láta sjer annt um þennan atvinnuveg; en það getur ekki verið að hann meini þetta til Ísfirðinga, sem einmitt hafa sent bænarskrá til þings-

ins um að fá styrk til stýrimannakennslu. Það eru fleiri, sem stunda þilskipaveiðar, en Reykvíkingar. Eins og menn þurfa að búa víðar, en við Reykjavík, og hafa búnaðarskóla annarsstaðar en á Hólum, eins þurfa menn líka að stunda fiskiveiðar víðar en frá Reykjavík og kring um hana. Mjer þykir því næsta undarlegt, ef h. þingd., sem nýbúin er að samþykkja 20.000 króna fjárveiting til eflingar landbúnaðinum, skyldi sjá eptir þessum litla styrk, sem nefndin ætlaðist til að hinn aðalatvinnuvegur landsins yrði aðnjótandi. Það gleður mig samt að heyra, að sumir, sem skrifuðu undir þessa breyt. till., eru nú gengnir frá henni, og vona jeg að h. 1. þm. Árnes. (Þ. G.) komi á eptir, ef það er alvara fyrir honum að vilja bæta atvinnuvegi landsins.

Styrkinn til aukalækna álít jeg ísjárvert að hækka.

Jeg held þingið ætti heldur að fjölga aukalæknum með 1000 kr.; en ef þingið fer nú að hækka laun þeirra, þá mun það heldur sjá í að fjölga þeim síðar.

Það hefir verið sjerstaklega mælt með því, að hækka laun aukalæknisins á Akranesi, og það haft sem ástæða, að þar væri svo mannmargt. Mjer finnst nú þessi ástæða *fremur mæla móti*, en með hækkuninni, þar sem gera má ráð fyrir meiri praxis og meðalasölu þar sem mannmargt er, en þar sem fámennt er og strjálbyggt. Það sem menn gefa burt af hjartagæzku, hvort sem það eru meðul eða annað, mega menn ekki vonast eptir að fá endurgoldið úr landssjóði. Landssjóður þekkir ekki hjartagæzku. Í stað þess að launa læknum svo hátt, að þeir geti staðið sig við að gefa meðulin, þá vildi jeg heldur að þingið veitti einhverja vissa upphæð beinlínis til gjafameðala, þó jeg efist um, að h. þm. Borgf. (Gr. Th.) mundi verða þeirri till. meðmæltur, því mig minnir að hann væri enginn vinur gjafameðalanna hjerna um árið. En þótt læknir gefi fátæklingum einstaka meðalaglas, þá getur þingið ekki farið að hækka laun þeirra fyrir það. A hinn bóginn finnst mjer 1000 kr. laun ekki vera svo lítið, að ungir menn gætu ekki gert sig ánægða með það, þangað til föst embætti losna, sem betur eru launuð. H. þm. Borgf. (Gr. Th.) og fleiri eru einlægt að fárast um það, að þessir læknar munu sækja burtu, ef þeir fái ekki þessa hækkun, en hvert eiga þeir að sækja, þar sem öll læknisembættin eru skipuð?

Jeg ímynda mjer, að þeir muni þó ekki vilja missa þessar 1000 kr. fyrir að hætta aukalæknisstörfum.

Mjer finnst óþarft að bæta inn í ákvæðin í 10. gr. C. 5. b., um fje til að bæta póstvegi, orðunum: »þar á meðal í Skaptafellssýslu«, því þar sem ákveðið er að verja 15,000 kr. til aðalpóstleiða, þá er líklegt að vegirnir verði helzt bættir þar, sem þörfin er mest, og þá sjálfsagt eins í Skaptafellssýslu.

Að því er snertir styrkinn til að gefa út Sýslumannaæfirnar, þá álít jeg svar hæstv. landsh. fullnægjandi. En af því að jeg hefi heyrt, að það standi til, að prenta rit þetta bráðlega, þá held jeg sje rjett að setja þetta skilyrði, til þess að framhald ritsins geti komið út. Jeg held jeg geti líka verið með að styrkja útgáfu Fornbrjefasafnsins, en umfram allt vildi jeg, að menn felldu ekki styrkinn til Dómasafnsins, og mig furðar á því, að þeir, sem halda svo mjög fram lögum og landsrjettindum, skyldu standa upp á móti þessum styrk við 2. umr.

Jón Jónsson: Það hefir þegar verið tekið fram sumt af því, sem jeg ætlaði að segja. Jeg hefi samið nokkurs konar yfirlit yfir þær breyt.till., sem fram hafa komið nú til þessarar umr., hvað hina fjárhagslegu stefnu þeirra snertir; það er þá ljóst, að nefndin fer fram á það, samkv. breyt.till. sínum, að útgjöldin lækki um 750 kr., þar sem breyt.till. annara h. þm. fara fram á, að útgjöldin hækki um

10,600 kr. Þarna er sparnaðarandinn í þinginu 1887!

Hvað hinar einstöku breyt. till. snertir, þá skal jeg geta þess, að þar sem jeg skoða svo, sem breyt.till. við 10. gr. C, 5. b. miði ekki til annars en að eins að minna landsstjórnina á, að Skaptafellssýsla sje til, þá get jeg að því leyti gjarnan gefið henni atkv. mitt.

Mjer finnst annars óþarfi að fara langt út í hinar einstöku breyt.till. Eitt er einkennilegt við þær flestallar, og það er það, að þær fara fram á, að það sje nú viðtekið og samþykkt, sem fellt var við 2. umr. fyrir tveimur dögum; þetta er mikil og sterk trú; en trú á hvað? Trú á hverflyndi og heigulskap þingdeildarinnar og ekkert annað.

Þorlákur Guðmundsson: Hjá h. 1. þm. Ísf. (S. St.) var dálítill misskilningur. Það er ekki meining okkar að færa styrkinn í stýrimannafræði niður frá því sem var í stjórnarfrumv.; en hjer er ekkert tiltekið um það, hvar eigi að brúka það af fjenu, sem ekki er ákveðið til kennslu í stýrimannafræði í Reykjavík; það má brúka það út í Vestmannaeyjum, eða þá norður í Grímsey, og það þykir okkur of óákveðið; því verður heldur eigi neitað að hjer í Reykjavík er sá hentugasti staður fyrir skóla í sjómannafræði, hægra að afla sjer nauðsynlegra bóka, fleiri menn til að kenna, og til að vera prófdómendur. Jeg neita því alveg, að ekki frekar upplýstu, en hjer liggur fyrir, að eins góð föng sjeu á því að kenna stýrimannafræði á Ísafirði og í Reykjavík.

Sigurður Stefánsson: Jeg ímynda mjer að h. þm. (Þorl. Guðm.) mundi standa á sama hvort þessi styrkur væri brúkaður, að eins ef hann væri brúkaður til sjómannakennslu. Á Ísafirði höfum við alveg eins færa menn bæði til að kenna og vera prófdómendur, eins og hjer í Rvík. Það er annars merkilegt, að aðrir eins atvinnuvega-menn eins og h. þm. (Þorl. G.) skuli koma með slíka breyt.till. eins og þessi er.

Gunnar Halldórsson: Jeg hefi skrifað undir breyt.till. á þingskj. 325, af því að jeg var hræddur um, að ef styrkurinn til gufuskipaferðanna væri færður niður í 9000 kr., þá myndum við máske engar gufuskipaferðir hafa. En nú sje jeg, að h. fjárlaganefnd er komin hjer með ferðaáætlun, og fer jeg þá að skilja, hvernig stendur á þessari niðurfærslu. Þar sem strandferðunum er fækkað ekki svo lítið, það verð jeg að álíta mikla apturför, þar sem allir viðurkenna að þær sjeu almennt miklu meir notaðar nú en fyrst, eptir því sem menn venjast þeim lengur. Og væri þá mjög óheppilegt að fara að draga úr þeim, þegar menn fyrst eru farnir að komast upp á að nota þær. Það eru ekki sízt innlend viðskipti, sem þurfa að aukast, og til þess verð jeg að álíta strandferðirnar bezta meðalið, og vildi jeg því heldur fjölga þeim en fækka, og verð því að vera því mótfallinn, og þá ekki síður því, sem h. varaforseti ljet á sjer heyra við aðra umr., að strandferðirnar mættu jafnvel missa sig, og færði þau rök fyrir því, að Íslendingar hefðu áður getað lifað án þeirra. En þó svo væri, verð jeg að skoða það sem apturför, ef þeim verður fækkað, og hvað þá, ef þessi niðurfærsla á gjaldinu til þeirra yrði ollandi þess, að strandferðirnar hættu með öllu, þó ekki væri lengur, sem jeg vona, en um eitt eða tvö ár.

Þórarinn Böðvarsson: Þar sem h. framsögum. (E. Br.) hefir svo greinilega skýrt frá skoðunum nefndarinnar, ætlaði jeg ekki að taka til máls að þessu sinni, en jeg verð þó að geta þess viðvíkjandi því, sem h. 2. þm. Ísf. (G. Halld.) sagði, að það var ekki allskostar rjett, að jeg hefði sagt að gufuskipaferðirnar mættu missa sig, heldur sagði jeg þvert á móti, að við mundum ekki verða gufuskipaferða-lausir, þó tillagið væri fært niður, eða jafnvel

numið í burtu, því nú eru mörg önnur gufuskip, sem ganga kring um landið, og að því leyti er öðru vísi ástatt nú en áður, þegar strandferðirnar byrjuðu. Jeg get líka vel ímyndað mjer, að fjelagið sjálft væri mjög ánægt með, að ferðunum fækkaði; þess meiri líkur eru til að mannflutningar og vöruflutningar yrðu meiri með hverri ferð, þess færri sem ferðirnar yrðu.

Hvað sjómannakennslunni viðvíkur, tók nefndin upp það nýmæli, að sjómannakennslu mætti víðar hafa en í Reykjavík, t. d. á Ísafirði og í Hafnarfirði; því þó Hafnarfjörður sje nálægt Rvík, þá er þó mjög örðugt fyrir pilta þaðan að nota kennsluna í Ryekjavík, og að minnsta kosti langt um kostnaðarsamara en ef þeir gætu notið hennar í Hafnarfirði.

Jeg skal fúslega játa það með h. þm. Rvk. (J. Jónassen), að sú heiðurskona, sem farið er fram á að veita 500 kr. styrk undir 15. gr., er alls góðs makleg af öllum sem nokkuð hafa til hennar að segja, en þó sjerstaklega af þeim, sem búa hjer í Reykjavík; og ef sú meginregla, að veita slíkan styrk, þegar hans er beiðzt, væri ekki í mínum augum hræðileg, þá mundi jeg gladur gefa þessari breyt.till. atkv. mitt.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. nefnd. við 4. gr. samþ. í einu hljóði.

Breyt.till. Gr. Th. o. fl. við 10. gr. C. 5. b. felld með 12 atkv. gegn 8.
— — Ól. Br. o. fl. við 10. gr. C. 6. felld með 15 atkv. gegn 7.
— — N. við 11. gr. 2. e. samþ. með 21 atkv.
— — Gr. Th. o. fl. við 11. gr. 2.: fyrri liður samþ. með 15 : 5 atkv. síðari — felldur með 11 : 7 atkv.
— — Gr. Th. við 12. gr. 2. felld með 13 atkv. gegn 5.
— — Gr. Th. við 13. gr. B. V. a. 1. felld með 11 atkv. gegn 11, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Benedikt Sveinsson.	Jón Þórarinsson.
Grímur Thomsen.	Páll Ólafsson.
Gunnar Halldórsson.	Árni Jónsson.
Lárus Halldórsson.	Eiríkur Briem.
Ólafur Pálsson.	Jón Jónsson.
Sigurður Jensson.	Jónas Jónassen.
Sigurður Stefánsson.	Ólafur Briem.
Sveinn Eiríksson.	Páll Briem.
Þorl. Guðmundsson.	Þórarinn Böðvarsson.
Þorsteinn Jónsson.	Þorleifur Jónsson.
Þorv. Bjarnarson.	Þorv. Kjerulf.

Breyt.till. N. við 13. gr. B. V. b. 2.: fyrri liður samþ. með 14 atkv. síðari — — — 20 —
— — Þorst. J. o. fl. við 13. gr. B. V. e. felld með 13 atkv, gegn 3.
— — N. við 13. gr. C. 1. a. samþ. með 17 atkv.
— — N. við 13. gr. C. 1. g. samþ. með 19 atkv.
— — Gr. Th. o. fl. við 13. gr. C. 3. felld með 13 atkv. gegn 6.
— — J. Jónassens o. fl. við 15. gr felld með 12 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Jón Þórarinsson	Páll Ólafsson
Benedikt Sveinsson	Árni Jónsson
Grímur Thomsen	Eiríkur Briem
Jónas Jónassen	Gunnar Halldórsson
Lárus Halldórsson	Jón Jónsson
Ólafur Pálsson	Páll Briem
Sveinn Eiríksson	Ólafur Briem
Þorsteinn Jónsson	Sigurður Jensson
Þorvaldur Bjarnarson	Sigurður Stefánsson
Þorv. Kjerulf.	Þór. Böðvarsson
	Þorl. Guðmundsson
	Þorleifur Jónsson.

Breyt.till. N. við 16. gr. samþ. með 13 atkv.
— — Gr. Th. o. fl. við sömu gr. samþ. með 14 atkv.
— — Gr. Th. við 18. gr. samþ. í e. hlj.

Frumv. með áorðnum breyt. samþ. í e. hlj., og sent Ed.

Fertugasti fundur, laugardag 13. ágúst á hádegi.

Frumv. til laga um afnám konungsúrskurðar 22. apríl 1818 (161); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. umræðulaust í einu hljóði. og sent efri deild.

Frumvarp til laga um breyting á tilskipun um póstmál (221, 254); ein umr.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Eins og sjá má á áliti nefndarinnar ræður hún frá að samþykkja þetta frumv. Það er, eins og menn vita, upphaflega frá fjárlaganefndinni; burðareyrir undir böggla á vetrum var hjer í deildinni hækkaður, en þar á móti numin burt sú heimild, er póstmenn hafa til að neita að taka þyngri böggla en pund; en þar sem þetta fjekk talsverða mótspyrnu hjer í deildinni og svo í efri deild, þá sjer nefndin eigi ástæðu til að fara því fram á ný. En efri deild hefir einnig gert þá breyting við 3. gr., að burðareyrir undir krossbandssendingar skuli færður niður úr 30 a. í 20 a.; það sem helzt er sent í krossbandi, er, eins og menn vita, mest bækur og dagblöð; menn þurfa ekki að óttast að blaðasendingar vaxi við þetta, en öðru máli er að gegna um bókasendingar. Þessi niðurfærsla á burðareyri fyrir þær mundi án efa koma mönnum til að senda bækur að þarflitlu með póstum á vetrum, og landssjóði þannig aukast útgjöld. En á hinn bóginn er mönnum engin vorkunn á að senda þær bækur, sem þeir þurfa að senda, á sumrin, ef þeir hugsa um það í tíma.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. fellt með 13 atkv. gegn 5.

Frumv. til laga um forsorgun óskilgetinna barna (213, 250, 322); 2. umr.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Nefndin hefir enn á ný komið með breyt.till. við þetta frumv. Hæstv. landsh. ljet við 1. umr. þessa máls í ljósi, að hann væri mótfallinn 1. og 2. gr. frumv., og þar sem það má álítast mjög heppilegt og þakklætisvert, þegar fulltrúi stjórnarinnar á alþingi gefur ákveðnar og greinilegar yfirlýsingar um galla þá, er hann álítur að geti orðið því til fyrirstöðu, að frumvörp þingsins nái staðfestingu, þá hefir nefndin tekið athugasemdir hæstv. landsh. til greina, eins og hún álítur þurfa, til þess að gera frumv. aðgengilegt í hans augum því að skaðlausu. Verður nefndin að álíta þetta nauðsynlega reglu til þess, að sú samvinna geti orðið milli þings og stjórnar, sem er óumflýjanleg til þess að vel fari.

Nú má vera, að nefndin hafi gert breytingar sínar í flýti; þannig getur verið, að í grein þeirri, sem á að koma í stað 1. gr., sje eigi nógu skýrt kveðið á um það, eptir hvaða hlutföllum föður- og móðurhreppar þess óskilgetna barns eigi að kosta uppeldi þess, ef hvorki faðir þess nje móðir er á lífi, eða hvorugt þeirra getur sjeð barninu fyrir uppeldi, því að í 1. gr., sem á að verða, er eingöngu talað um ættingjaforsorgun. En nefndin hjelt, að eigi þyrfti bein ákæði um þetta, heldur geta yfirvöldin ákveðið, hve mikið hreppur móðurinnar og hve mikið hreppur föðurins skyldi leggja fram barninu til uppeldis. En um þetta mun jeg hugsa betur til 3. umr., ef þurfa þykir.

Við 3. gr. hefir nefndin sett »niðjar skilgetnir« fyrir »börn skilgetin«, því »niðjar« er yfirgripsmeira, og virtist þess þörf, af því opt getur verið um barnabörn að tala í þessu efni. Enn fremur er önnur málsgrein 3. gr. orðuð á annan veg. Nefndin ætlast til, að hún verði svo látandi:

»Um fje það, sem þannig er út lagt, fer sem um fjármuni ómyndugra«.

Málsgreinin verður þannig bæði styttri og skilmerkilegri.

Við 4. gr. er sá viðauki, að á milli orðanna »móður þess« og »hafa rjett« komi:

»eða hennar hreppur«. Þessi viðbót þótti nefndinni nauðsynleg.

Enn fremur er sú breyt.till. við 4. gr., að fyrir orðin »verði styrknum náð«, og til enda greinarinnar, komi: »hennar hreppi«. Jeg veit að þingm. verður ljóst, að greinin endar á þessa leið: «Sömu reglur gilda þegar faðir eða hreppur hans vill ná uppeldisstyrk frá hálfu móðurinnar eða hennar hrepps«.

Landshöfðingi: Mjer er eigi vel ljóst, hvað h. varafors. (Þ. Böðv.) átti við, þegar hann var að ráðgera breytingu á 1. gr. þessa frumv. til 3. umr., til að fá ákvæði um það, hvernig hreppar föður og móður óskilgetins barns eigi að annast framfærslu þess; jeg geng út frá því, að yfirvöldin ákveði, eins og hingað til, eptir hvaða hlutfalli faðir og móðir skuli kosta uppeldi barns síns, en svo þegar faðirinn er dáinn, sje eigi um neina framfærsluskyldu að tala frá föðurhreppi þess. Sama hlýtur að gilda, ef stúlka kennir dánum manni barn sitt.

Nefndin hefir stungið upp á að fella 2. gr. burt og er það gott, en síðasta málsgrein 4. gr. ætti þá líka að nemast burtu, því hún er beinlínis miðuð við 2. gr., en þegar 2. gr. frumv. er felld og það þannig eigi kemur fyrir, að faðir eða föðurhreppur barnsins eigi að taka það til sín til uppeldis, getur heldur ekki komið fyrir, að faðir eða föðurhreppur þurfi að ná fje hjá hreppi móðurinnar barninu til framfærslu.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Hæstv. landsh. þótti eigi ljóst hvað jeg meinti áðan; en það, sem vakti fyrir mjer, var það, hvort eigi væri heppilegt að ákveða, að föðurhreppi barnsins væri gert að skyldu að annast það, ásamt móður þess eða hennar hreppi eptir föðurinn látinn; en þetta er eigi ákveðið í 1. gr., því ákvæði hennar snerta sjerstaklega foreldrana, en eigi þeirra sveit. En ef hæstv. landsh. álítur að þetta megi vera svona, mun jeg ekki gera kapp úr því, en mjer finnst það þó hart, að hreppur móðurinnar skuli bera alla byrðina, ef faðirinn er látinn eða er öreigi, og móðirin ekki getur sjeð barninu fyrir uppeldi. Satt er það, að síðari hluti 4. gr. er sjerstaklega stýlaður með tilliti til 2. gr., en mjer finnst hann mætti vera kyr, þó 2. gr. fari, að minnsta kosti er hann meinlaus eptir sem áður, þó hann ef til vill hafi litla þýðingu. Það getur borið svo undir, að hann komi að gagni; því svo getur borið undir, að faðir hafi með samkomulagi við móður tekið barn til sín úr þeim hreppi, sem móðirin á heima í.

Landshöfðingi: Það hlýtur að vera einhver misskilningur, sem kemur h. varaforseta (Þór. Böðv.) til að álíta nauðsynlegt að til taka, hvernig hreppar foreldra barnsins eigi að skipta milli sín forsorgun þess að þeim látnum. Hann gekk út frá því, að hreppur föðurins ætti að taka þátt í uppeldi barnsins eptir lát hans, ef hann dæi sem öreigi; en þetta er ekki rjett. Hreppur móðurinnar á einn að gera það.

Í 3. gr. stendur, að barnið eða umráðamenn þess geti krafizt fjár úr dánarbúi föðurins; þetta er nýr rjettur, sem barninu er veittur gagnvart föðurnum; og það er einnig nýmæli, að hreppur hans sje skyldur til að leggja fram meðlag það, sem föðurnum er gert að inna af hendi, ef það fæst ekki hjá honum, en sveit föðurins getur ekki verið skyld að annast uppeldi barnsins að neinu leyti, þegar faðirinn er dáinn, því óskilgetið barn á sveit, þar sem móðirin er eða var við lát sitt sveitlæg, og að gera breytingu á því, virðist mjer ísjárvert.

Framsögumaður (Þór. Böðvarsson): Þetta er ekki misskilningur, heldur vakti það einmitt fyrir mjer, að bezt mundi að hreppar foreldranna annaðist hin óskil-

getnu börn þegar foreldrarnir eigi geta það, en að það lendi eigi á hreppi móðurinnar einnar, eins og nú á sjer stað. En það vantar ákvæði um þetta í frumv., og þess vegna áskil jeg nefndinni rjett til að koma með breyt.till. í þessa átt til 3. umr., en áður vildi jeg gjarnan heyra, hvort hæstv. landsh. væri þess háttar breytingu mótfallinn eða ekki.

Landshöfðingi: Jeg er talsvert mótfallinn þessari ráðgerðu breytingu h. varaforseta (Þór. Böðv.), því mjer þykir næsta ísjárvert, að leggja framfærsluskyldu á hrepp föðurins að óskilgetnu barni að honum látnum, gagnstætt því sem gildandi lög mæla fyrir. Menn verða sem sje að muna eptir, að eigi þarf annað en að stúlka kenni manni barn og hann eigi treystist til að sverja fyrir það, til þess að hann verði álitinn faðir þess, enda þótt engin óræk vissa sje fyir því, að svo sje. Nú þó álitið sje rjett, að hann verði að forsorga barnið, enda þótt hann ef til vill sje eigi faðir þess, af því svo má ætla, sem hann sje eigi hreinn af stúlkunni, þá er eigi þar fyrir sanngjarnt, að hans hreppur eigi að gjalda þess og vera skyldur að forsorga barnið að honum látnum. Sama er einnig um það, ef stúlka kennir dánum manni barn, því þá er ómögulegt að vita með vissu, hvort nokkur fótur er fyrir faðernislýsingunni; en það væri mjög freistandi fyrir stúlkur til að kenna dánum mönnum börn sín, ef þær ættu víst, að hreppar þeirra væru skyldir að annast uppeldi barnanna að meiru eða minna leyti. Jeg held frumv. fari fulllangt, og ef það fer lengra, þori jeg ekki að ábyrgjast að það nái staðfestingu.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg er hæstv. landsh. þakklátur fyrir bendingar hans og mun taka þær til greina, því þýðingarlaust er að búa þau lög til, sem víst er að eigi nái staðfestingu.

Árni Jónsson: Fyrir mjer vakti hið sama, sem h. varaforseti (Þór. Böðv.) hefir tekið fram, að æskilegt væri að fá breyting ákvæðunum um framfærsluskyldu óskilgetinna barna, svo hún eigi, eins og nú er, eingöngu nái til móðurinnar og hennar hrepps, heldur einnig til föðurins og hans sveitar. Það virðist óeðlilegt og ósanngjarnt, að framfærsluskyldan skuli að öllu hvíla á móðurhreppnum, og þetta veldur víða mjög mikilli óánægju. Það sýnist svo, sem það væri í alla staði sanngjarnt, að hún hvíldi að minnsta kosti að helmingi á föðurhreppnum. En eptir að jeg hefi heyrt ástæður hæstv. landsh, sje jeg, að á því eru nokkur vandkvæði, og ef til vill er það eigi heppilegt í sambandi við þetta frumv. Þetta nýmæli ætti óneitanlega betur heima í sveitarstjórnarlögum, og ætti að taka það til íhugunar og ályktunar, ef þau væru endurbætt, sem að líkindum verður vart á þessu þingi, þótt nefnd hafi verið sett í h. efri deild til að endurskoða þau. En jeg vil sjerstaklega óska skýringar hæstv. landsh. á því, hvernig fara mundi, ef úrskurður hefir verið gerður um, að hvort foreldranna fyrir sig skuli leggja ákveðinn hluta barninu til framfærslu, t. d. ½, og annað þeirra síðan yrði öreigi eða á annan hátt ófært um að annast barnið að sínum tiltekna hluta. Mjer þætti æskilegt að fá að vita, hvort hitt foreldrið eða hreppur þess eigi einnig að annast það að hinum partinum, eða þá hreppur þess, sem öreigi er orðið. En hvað sem þessu líður, álít jeg frumv. þó nokkra rjettarbót frá því, sem nú er, enda þótt mjer þyki vanta þetta aðalatriði, að framfærsluhreppur föðurins sjái um barnið að helmingi, eður að því leyti sem honum ber.

Landshöfðingi: Jeg skal geta þess, að þó ákveðið hafi verið með yfirvaldsúrskurði eptir beiðni móðurinnar eða framfærslusveitar hennar, hve mikið faðir óskilgetins barns skuli leggja til forsorgunar barninu, þá er ekkert því til fyrirstöðu, að þessu

sje breytt, ef kringumstæður foreldranna breytast, enda er það venjulega tekið fram í amtsúrskurðum um meðlag með óskilgetnum börnum, að upphæð meðlagsins megi breyta með nýjum amtsúrskurði. Uppeldiskostnaðurinn getur heldur eigi allt af verið sá sami, þegar um ung börn er að ræða, því hann hlýtur að minnka eptir því sem nálgast 16. aldursárið.

Forseti: Jeg skal geta þess, að 1. þm. Húnv. (E. Br.) hefir fengið leyfi til að fara af fundi.

ATKVÆÐAGR.:

1. Breyt.till. N. við fyrirsögnina samþ. án atkvæðagr.
2. — — — — 1. gr. samþ. í e. hlj.
3. — — — — 2. gr. — — —
4. — — — — 3. gr. — — —
5. — — — — sömu gr. samþ. með 20 atkv.
6. — — — — sömu gr. samþ. í e. hlj.
7. 3. gr. með áorðnum breytingum samþ. í e. hlj.
8. Breyt.till. N. við 4. gr. samþ. í e. hlj.
9. — — — — sömu grein samþ. án atkvæðagr.
10. — — — — sömu grein samþ. í e. hlj.
11. — — — — sömu grein samþ. í e. hlj.
12. 4. gr. með áorðnum breytingum samþ. í e. hlj.
13. 5. gr. samþ. í e. hlj.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar á Vík í Vestur-Skaptafellssýslu (174); 2. umr.

Flutningsmaður (Ólafur Pálsson): Mál þetta hefir fengið svo góðan byr hjá h. þingd., þegar það var fyrir til 1. umr., að jeg finn ekki ástæðu til að orðlengja um það að sinni, og vona að eins, að h. þingd. samþykki, að málið gangi til 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 3. umr. með 20 atkv.

Frumvarp til viðaukalaga við útflutningalögin 14. jan. 1876 (293); 2. umr.

Árni Jónsson: Jeg og annar h. þm. höfum komið fram með nokkrar breytingartillögur við frumv. þetta, af því að oss þóttu sum ákvæði þess of þröng, og á það sjerstaklega við um 1. gr., þar sem útflutningastjóranum er gert að skyldu, að gefa skilyrðislaust skriflegt loforð um flutning á tilteknum tíma og frá tilteknum stað. Þetta er of fast skorðað, eptir því sem til hagar hjá oss, og virðist gera alla samninga ómögulega, því að útflutningastjórinn getur ekki skuldbundið sig til að láta flutningana fara fram á tilteknum tíma og stað, hvernig sem á stendur, og án þess að tekið sje tillit til þeirra forfalla, sem fyrir kunna að koma, þar sem svo margt getur gert útflutninginn ómögulegan á tilteknum tíma, bæði ísinn, eins og nú hefir raun orðið á í sumar, og aðrar ófyrirsjeðar hindranir. Þess vegna höfum við gert þá breytingu á 1. gr. frumv., að orðið »skilyrðislaust« falli burt, og að á eptir orðunum: »frá tilteknum stað« komi: »nema ófyrirsjeðar hindranir banni og þá svo fljótt sem verða má«, svo að menn ekki verði sektaðir fyrir það, sem þeir ekki geta við gert. Það er auðvitað mjög óheppilegt fyrir þá, sem ætla að flytja af landi burt, að þurfa að bíða eptir skipinu svo og svo lengi, og kosta sig og sína á hafnarstöðunum, enda er eðlilegt, að útflutningastjórinn eða hlutaðeigandi fjelag borgi þann skaða, sem af biðinni leiðir, ef þeir eru sök í henni. Jeg hefi sjálfur reynt það með mörgum öðrum að bíða í heilt sumar bótalaust eptir skipinu; en þótt jeg hafi þessa reynslu, þá vildi jeg

samt óska, að löglegar hindranir væru undanteknar, því að verði frumv. samþykkt án þeirrar breytingar, þá geta útflutningastjórarnir ekki skuldbundið sig til að koma á tilteknum tíma á aðrar hafnir en þær, sem jafnan eru íslausar, en þeir, sem vildu fara af norðurlandi, yrðu þá annaðhvort að sæta færi þegar skipin kæmu við á norðurhöfnunum, eða fara suður á land og bíða þar. Þetta væri mjög óhentugt, og vonandi, að hindranirnar verði ekki svo miklar, að eigi sje hægt að senda skip sem fljótast til að taka þá sem bíða; reyndar hefir raunin orðið önnur í sumar; en það er skipstjórunum að kenna, og ætti fjelagið að bæta fyrir það.

Breyt.till. við 3. gr. er að eins orðabreyting, því að okkur þótti nákvæmara, að orða greinina eins og við höfum farið fram á. Okkur var ekki ljóst, hvernig ætti að skilja það: »skip, sem flytja útfara, mega hvergi hjer við land taka nokkurn farþegja«. Eigi þetta svo að skilja að þetta eigi við öll skip, sem flytja þá, er utan fara, þá er þess að gæta, að orðið »farþegjar« er vanalega haft um þá, sem fá far með skipum, ekki einungis til Ameríku, heldur líka hafna á milli hjer á landi, og vildum við því með þessari breytingu taka það skýrt fram, að þessi ákvörðun eigi næði til annara en þeirra, sem flytja af landi brott.

Tilgangur okkar með þessum breytingum hefir því að eins verið sá, að bæta úr hinum hörðu ákvæðum frumv., svo að það verði aðgengilegra og gagnlegra — að okkar hyggju — og vona jeg, að h. þingm. gefi þeim atkvæði sitt, þegar þeir íhuga þær og bera þær saman við frumv.

Landshöfðingi: Jeg get eigi verið samþykkur öllum breyt.till. h. þm.

Þannig álít jeg breytinguna við 1. gr. b. alveg óþarfa; jeg get ómögulega sjeð, hverjar »ófyrirsjeðar hindranir» banni að uppfylla það, sem 1. gr. frv. fer fram á, nefnil. að taka ekki á móti neinu inn-skriptargjaldi, nema jafnframt sje gefið loforð um flutning fyrir ákveðið verð á tilteknum tíma.

Aptur á móti kann breytingartillagan við 2. gr. að vera á góðum rökum byggð, því þar geta lögmæt forföll komizt að og hindrað að uppfylla loforðið, sem ræðir um í 1. gr. Ef því breyt.till. við 2. gr. nær fram að ganga, þá er allt fengið, sem þessir h. þm. vi'ja. Þegar ís hindrar skipin að koma á þær hafnir, sem um hefir verið samið, þá eru lögmæt forföll fyrir hendi, og þess vegna er jeg ekki á móti breytingunni við 1. gr. a, að orðið »skilyrðislaust» falli burt, en verði svo breytingin við 2. gr. samþykkt, þá er breytingin við 1. gr. b einungis þýðingarlaus endurtekning.

Hvað snertir breytinguna við 3. gr., sem fer fram á, að ekkert skip megi taka farþegja til flutnings af landi brott, nema hann hafi vegabrjef frá lögreglustjóra, þá finnst mjer sú breyting fara of langt og vera ólík því, sem annarstaðar á sjer stað. Það sem vakti fyrir efri deild var þetta, að það eru einmitt útflutningsskipin, sem taka menn, er eigi hafa farbrjef til Ameríku, sem farþega til Skotlands, og þessir menn taka svo aptur þaðan farbrjef til Ameríku; svo koma og margir í skipin eptir að þau eru komin út úr höfn, án þess að lögreglustjórinn geti haft nokkurt eptirlit með því, og við þessu þurfti einhver ákvæði. Hitt hefir víst sjaldan við borið, að menn hafi stolizt á burt með öðrum skipum en útflutningsskipunum, og í sumar hafa þeir, sem þannig hafa skotizt undan, allir farið með Camoens.

Árni Jónsson: Jeg er þakklátur hæstv. landsh. fyrir undirtektir hans viðvíkjandi breytingartill. okkar; jeg sje nú, að breytingin við 1. gr. b. er ekki svo nauðsynleg, sem við hugðum, og er jeg því ekki áfram um að halda henni fram, ef einungis breytingin við 2. gr. verður samþykkt. En að því er snertir breytinguna

við 3. gr., þá má vera, að þeir, sem stelast af landi brott, noti mest útflutningsskipin, en þess munu dæmi finnast fleiri en eitt, að menn hafa strokið með öðrum skipum, og það jafnvel með hinu konunglega póstskipi. En ef 3. gr. væri látin standa óbreytt, og ef hún á að eins að ná til þeirra skipa, er sækja »vesturfara», þá mundi afleiðingin verða sú, að strokumennirnir færu ekki með útflutningsskipunum, heldur með öðrum skipum, og þess vegna er æskilegt, að ákvarðanir þessar næðu einnig til annara skipa. Vesturlandspósturinn mun ekki hafa strokið með útflutningsskipi, og svo er um fleiri; en eins og það er víst, að menn hafa eigi allsjaldan strokið af landi burt með öðrum skipum en útflutningaskipunum, eins er hitt líka líklegt, að þessi dæmi mundu verða enn tíðari, ef eigi er breyting gerð á þessari grein, og þá nær hún eigi þeim tilgangi, sem mun þó hafa verið til ætlazt, þeim tilgangi, að færri skjótist en áður undan skuldum og skuldbindingum af landi brott.

Landshöfðingi: Getur vel verið, að það hafi komið fyrir, að menn hafi strokið af landi burt með öðrum skipum en útflutningaskipunum, en hjer er að ræða um útflutningalög, svo að hjer á ekki við að setja almenn ákvæði um, að skylda alla, sem fara af landi burt, til að taka sjer vegabrjef hjá lögreglustjórninni, heldur er hjer að eins að ræða um útflutninga í aðrar heimsálfur. Vilji menn því koma þessu ákvæði að, þá get jeg ekki betur sjeð, en að það heyri fremur undir lögin um sveitarstyrk og fúlgu, því þau innihalda ákvæði í líka átt í síðustu grein sinni.

Sigurðar Stefánsson: Jeg vil að eins gera stutta athugasemd við breyt.till. h. þm. við 3. gr. frv. Verði sú breyting samþykkt, þá get jeg ekki betur sjeð, en að sá, sem ætlar sjer t. d. til Noregs, verði að fá sjer vegabrjef, og þess sýnist mjer engin þörf; auk þess finnst mjer þetta ákvæði eiga hjer illa við, þar sem fyrirsögn frv. sýnir, að hjer er eingöngu um útflutninga að ræða, og get jeg því ekki verið með þessari breytingu.

Benedikt Sveinsson: Jeg skal taka það fram, að mjer virðist ljóst, að þessi orð frv.: »skip, sem flytja útfara af landi», sjeu svo víðtæk, að þau innibindi í sjer öll skip, eins póstskipin sem önnur, sem flytja útfara af landi brott, og þess vegna álít jeg breyting h. 2. þm. við 3. gr. óþarfa; aptur er orðið »farþegi» svo víðtækt, að það innibindur í sjer alla þá, sem far taka með skipum til annara landa, Noregs, Danmerkur, o. s. frv., bara snöggva ferð, og allir þessir menn hlytu að fá sjer vegabrjef, ef breytingin kæmist að. Jeg get því ekki fallizt á breytingu þessa, og vil jeg halda 3. gr. óbreyttri.

Þórarinn Böðvarsson: Ákvæði þessa frv. eru svo löguð, að mjer hefði verið kært, að frv. gæti gengið óbreytt gegn um neðri deild. Reyndar er orðið »skilyrðislaust» of hart, og væri því máske betra að fella það burt. Að því er snertir breyt.till. við 1. gr. b, þá er jeg samdóma hæstv. landsh., að hún er ónauðsynleg, en sízt get jeg fallizt á breyt.till. við 3. gr., því að bæði á hún ekki hjer við, þar sem um útflutningalög er að ræða, eins og hæstv. landsh. hefir tekið fram, og svo kann jeg ekki við, að fara nú að taka upp vegabrjef, sem eru orðin úrelt, og naumast notuð annarstaðar en á Rússlandi. Jeg vildi helzt, að frv. fengi að halda sjer óbreytt, að undanskildu orðinu »skilyrðislaust» í 1. gr., sem jeg vil ráða til að fellt sje úr frv.

Lárus Halldórsson: Jeg skal út af orðum h. þm. Eyf. (B. Sv.) geta þess, að breytingartillagan við 3. gr. er fram komin af því, að okkur fannst það geta verið nokkrum misskilningi undirorpið, hvort ákvæðið ætti við öll skip, sem flytja útfara, eða að eins þau, sem sjerstaklega eru gerð út til þess, og sjerstaklega var það

vegna póstskipanna, að við komum með þessa breytingartillögu, því að þau eru samkvæmt útflutningalögunum undanþegin eptirliti lögreglustjórnarinnar; það væri því æskilegt, að hæstv. landsh. vildi skýra frá, hvort hann álíti, að póstskipin komist undir 3. grein, því að ef það er eigi, þá geta strokumenn stolizt burt á þeim. Að því er snertir breytinguna við 1. gr. b, þá get jeg fallizt á, að hún sje óþörf, ef orðið »skilyrðislaust» í 1. gr. a. fellur burt, og þess vegna bezt að taka hana aptur.

ATKVÆÐAGR.:

Breyt.till. við 1. gr. a. samþ. í einu hljóði.
—— — 1. gr. b. tekin aptur.
1. gr. frv. með áorðinni breyt. samþ. í einu hljóði.
Breyt.till. við 2. gr. frv. samþ. með 15 atkv.
2. gr. frv. með áorðinni breyt. samþ. í einu hljóði.
Breyt.till. við 3. gr. felld með 16 gegn 4 atkv.
3. gr. frv. óbreytt samþ. í einu hljóði.
Málinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Frv. til laga um fræðslu ungmenna (247); 2. umr.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Við 1. umr. var svo mikið rætt um þetta mál, að jeg finn eigi ástæðu til að fara mörgum orðum um það fyr en jeg heyri álit manna á einstökum greinum. Engar breytingar hafa verið gerðar á frv., og eins og áður hefir verið tekið fram, er aðaltilgangur þess, að gera fræðslu ungmenna reglubundnari, og kveða skýrar á um hana en nú er gert, án þess þó að steypa hana í svo stóru móti, að framlög þurfi af landssjóði.

Helztu nýmæli eru í 7. gr., þar sem mælt er fyrir, að á vori, ½ mánuði áður en ferma skal, skuli prófa fermingarbörnin í þeim námsgreinum, sem til eru teknar í 1. gr.; í 10. gr. er það gert að fermingarskilyrði, að börnin fái einkunnina »vel» í þeim námsgreinum, sem 1. gr. tiltekur. Prófið á að vera til að auka áhuga manna í því, að láta börnin læra það sem til er tekið. Oss gat með engu móti skilizt, að þessi krafa um kunnáttu í þeim ákveðnu námsgreinum geti í minnsta máta kastað skugga á fermingarnar eða komið í bága við kristindómsfræðslu barnanna, allrasízt þegar þetta, sem heimtað er, er svo ljett og lítið, að hvert meðalgáfað barn á hægt með að leysa það af hendi fyrir hinn tiltekna tíma. En hefðum vjer getað ímyndað oss, að þetta gæti hamlað uppfræðingu barnanna í kristilegum fræðum, mundi oss eigi hafa komið til hugar að hafa það í frv.

Mun jeg svo eigi orðlengja þetta mál að sinni, en bíða þess, að menn taki til máls um frv.

Jón Þórarinsson: Eins og menn sjá, hafa flutningsm. í engu breytt frv. frá því sem það var, þrátt fyrir þær bendingar, sem gefnar voru við 1. umr. um annmarka á því. Jeg skil þetta svo, að þeim þyki það svo vel úr garði gert, sem kostur er á.

Jeg er nú ekki á sömu skoðun, en skal þó ekki tefja tímann með því að endurtaka það, sem jeg hef áður fundið að frv., heldur að eins drepa á fátt eitt.

Verður þá fyrst fyrir mjer 3. gr. borin saman við 4. gr. Í 3. gr. er boðið, að prestar og sóknarnefndir hafi eptirlit með kennslunni og annist um að útvega hæfa kennara; en í 4. gr. er gert ráð fyrir, að 3. manna nefnd sje í prófastsdæmi hverju, er hafi umsjón með kennslunni. Mjer er nú ekki ljóst, hvernig umsjón þessara tveggja nefnda getur farið fram svona samhliða og eptir orðum frv. að dæma með jöfnu valdi; jeg get ímyndað mjer, að það komi fyrir, að ágreiningur rísi milli þeirra; og hver hefir þá úrskurðarvaldið?

6. gr. mætti falla burt; jeg sje ekki, að

það hafi neina þýðingu, að prestar riti álit sitt um kunnáttu og hæfilegleika barnanna í húsvitjunarbækurnar; það er ekkert unnið við að fá þetta álit prestsins »dókúmenterað», ef ekki er um leið gert ráð fyrir, hvernig fara skuli með fræðslu þeirra barna, sem miður eru á vegi en skyldi.

7. gr. er allt annað en heppileg; próf, haldið ½ mánuði á undan fermingu, er svo gott sem þýðingarlaust, því þegar tíminn er orðinn svo naumur, er ekki hægt að ráða bót á vankunnáttu þeirra barna, sem eigi ná í »vel». Miklu betra væri án efa að hafa prófin 2, t. d. við 10. og 14. aldursár, því þá vissu menn fyrirfram, hvað barninu liði með námið, og væri þá mögulegt að ráða bót á því, sem miður fer; og svo framarlega sem menn vilja gera þessa kunnáttu, sem frv. heimtar, að fermingarskilyrði, held jeg að alveg sje nauðsynlegt, að kynna sjer snemma, hvað námi barnanna líður. En mjer virðast þessi skilyrði alveg óhafandi, og jeg ætla, að öllum megi vera ljóst, að kunnátta í skript, reikningi og rjettritun á ekkert skylt við kristindómsþekkingu barnsins; og að neita því um að staðfesta skírnarheit sitt, ef það ei fær »vel» = 4 í aðaleinkunn, þó það bæði kunni og skilji barnalærdóminn í bezta lagi, það ætla jeg að allir sjái að er óhæfilegt. En þetta ætlast frv. til að gert sje; þannig getur því barni, sem vel er að sjer í kristindómi sínum, orðið vísað frá fermingu, þó það fái 3,99 í aðaleinkunn.

Samt er það nú bót í máli, sem 11. gr. ákveður, að eptir 3 ár megi ferma barnið, þó það eigi hafi náð fullum 4 í aðaleinkunn í skript, rjettritun og reikningi; það er heldur huggun fyrir prestinn, að mega þá með samþykki prófdómanda ferma barn, sem fyrir 3 árum er fermingarfært.

Fyrir utan þetta er ýmislegt fleira, sem breyta þyrfti, bæði viðvíkjandi eptirlitinu, og um verksvið og samband kennslunefnda við sóknarnefndir, en fyrst flutningsmenn hafa eigi fundið ástæðu til að breyta neinu í þessu efni, verð jeg að ætla, að þeim annaðtveggja líki þetta fullvel, eða þeir búist ekki við, að frv. verði að lögum hvort sem er.

Sigurður Jensson: Jeg skal játa, að það, sem gert er með þessu frumv. til að efla menntun alþýðunnar, er miklu minna heldur en vjer allir, sem í nefndinni vorum, hefðum óskað að geta gert, því öllum oss var annt um málið, og hefðum gjarnan viljað finna eitthvað ráð, er gæti orðið að gagni; en þegar til þess kemur, að semja lög um alþýðumenntun, þá mun flestum reynast það bæði vandasamt og umfangsmikið starf. En þó er hjer sú bót í máli, að hjá alþýðunni sjálfri er vaknaður mikill og góður áhugi í þessu máli, og almenn meðvitund um nauðsyn menntunarinnar, einkum hjá hinni yngri kynslóð; hver, sem þekkir til út um landið, mun víða hafa orðið var við mjög mikla námfýsi og menntunarlöngun hjá ungum mönnum. Það er þessi löngun og þessi meðvitund, um nauðsyn menntunarinnar, sem mun þoka þessu máli meir áfram en nokkur lög, sem vjer semjum á þessu þingi, og það er sjerstaklega verkefni löggjafarvaldsins, að mæta þessari löngun á miðri leið, þ. e. styrkja eptir megni þá skóla, sem þegar eru stofnaðir, og eptirleiðis kunna að verða stofnaðir, en fela samt mest þeim sveitum eða hjeruðum, er stofna þá, umsjón þeirra og yfirráð. Það er eigi rjett af löggjafarvaldinu, að vilja gangast fyrir öllum skólastofnunum og ráða fyrirkomulagi þeirra, og þannig binda sig við stofnanir, sem síðar kunna að bregðast von manna og reynast mislukkaðar, eins og t. d. margir álíta um Möðruvallaskólann. En ein skylda hvílir óhrekjanlega á löggjafarvaldinu, sú skylda, að annast um, að hvert barn fái þá menntun, sem öllum er nauðsynleg undirstaða til frekari menntunar, hvernig sem búin er löguð. Það er skylda

löggjafarvaldsins, að koma í veg fyrir að vanrækt sje að veita börnunum þessa undirstöðumenntun, sem jeg vil leyfa mjer að nefna svo, á þeim aldri, sem hentast er og heppilegast. Síðar geta unglingarnir, þegar þeir hafa fengið þessa undirstöðumenntun, byggt sjálfir á þessum grundvelli, og menntað sig sjálfir með lestri góðra bóka. Það er sjálfsmenntunin, sem verður drjúgust, þegar um alþýðumenntun er að tala, og vjer höfum allir sjeð mörg dæmi þess, hve langt menn geta komizt með sjálfsmenntun, þegar viljinn er sterkur.

Með þessu frumv. viljum vjer nú koma í veg fyrir, að þessi undirstöðumenntun sje vanrækt; vjer viljum vernda rjett barnanna í því tilliti, meðan þau er sjálf á þeim aldri, að þau eigi hafa vit á að meta gildi þessarar menntunar. Vjer ætlumst til, að presti og sóknarnefnd sje falin umsjón og eptirlit með kennslunni. Mjer getur heldur eigi skilizt, að neitt sje hægt að gera í þessu efni, eins og nú stendur, án aðstoðar prestanna, og jeg ímynda mjer, að hver góður og samvizkusamur prestur geri allt, sem í hans valdi stendur, til að framfylgja þessum lögum. Annað mál er það, ef það skyldi koma upp, að menn eigi tryðu prestunum að hafa það eptirlit með alþýðumenntun, sem ætlazt er til þeir hafi í lögum þessum; það væri næsta sorglegt, og sýndi, hvað illar afleiðingar margra ára ónýt kirkjustjórn getur haft í för með sjer. Þetta nýmæli, sem er í frumv., um prófið á undan fermingunni og skilyrðin fyrir henni, á að gefa foreldrum barna og þeim, sem eiga að kenna þeim, frekari hvöt, en þeir áður hafa haft, til að láta börnin nema hið ákveðna, því þeim er og má vera mest annt um, að börnin standist vel prófið og nái fermingu. Ekki getur komið til greina, að fermingin vanhelgist, þó hún sje bundin þessum skilyrðum. Það getur þó engan veginn spillt börnunum, þó þeim sje kennt fleira en kristileg fræði. Það er ekki meiningin, að kenna eigi börnunum reikning til þess þau neyti hans til að fremja svik og pretti; miklu fremur eiga þau að læra hann til þess þau geti varazt svik og pretti, og þannig sporna við, að þeir sjeu drýgðir.

Jeg skil þess vegna ekki, að fermingin geti vanhelgazt af því, þó til hennar sje fleira heimtað, en kristindómsþekkingin ein.

2. þm. GK. (J. Þ.) kom nú með ýmsar athugasemdir, sem betur hefði átt við, að hann hefði gert í nefndinni, en þá ljet hann ekkert á þeim bera, heldur gaf sig allan við, að verja sitt frumv., og áleit þetta svo óbrúkandi, að ekki væri einu sinni vert að gera athugasemdir við það.

En þó athugasemdir hans þannig kæmi æði seint, má þó athuga þær til 3. umr., ef málið nær til hennar að ganga. Vjer meðnefndarmenn hans munum enn reynast fúsir til að ráðfæra oss við hann, og taka allar athugasemdir hans til greina, sem vjer getum búizt við að verði til að koma málinu í betra horf.

Þórarinn Böðvarsson: H. þm. Barðstrend. (S. J.) fór allmörgum orðum um hina almennu hlið þessa máls, og skal jeg því ekki varast með öllu, að fara út í þá hliðina.

H. þm. sagði, að það væri almennt vaknaður áhugi meðal alþýðunnar á menntun unglinganna. Jú, að vísu. En ef það er áhugi, þá er það sá áhugi, sem þarf að laga. Hann sagði, að alþingi ætti að koma á móti alþýðunni og styrkja hana til að menntast. En jeg segi líka, að alþýðan þurfi að fá fasta stefnu í hinu almenna menntunarmáli.

Að menn vilja ekki trúa prestum til að mennta alþýðuna eða hafa eptirlit með alþýðumenntuninni, það veit jeg ekki á hverju hann byggir. Jeg hefi ekki heyrt menn vantreysta prestum í þessu efni. Þeim ætti þó æfinlega að vera trúandi til að hafa á hendi kristindómsfræðsluna eða eptirlit með henni, og þegar allt kemur til alls, mun kristindómurinn vera það,

sem mest og bezt menntar manninn af öllu. Jeg hefi nýlega lesið það í riti eptir mjög merkan mann, þar sem verið er að rannsaka, hvað helzt eigi að kenna alþýðunni til þess að mennta hana í öllu tilliti, að hann kemst að þeirri niðurstöðu, að kristindómurinn sje bezt menntandi af öllu.

Jeg vona, að allir sjeu mjer samdóma um, að alþýðumenntunin sje eitt af mestu nauðsynjamálum þjóðarinnar, og þá vona jeg líka, að menn sjeu á því, að þetta mál þurfi að hugsa og vanda sem bezt.— Jeg vil engan veginn ámæla þeim, sem komið hafa með þetta frumv., þó það sje ekki svo vel úr garði gert, sem jeg hefði óskað. Til þess að íhuga málið hafa þeir heldur ekki haft nægan tíma á þessu þingi. Í stað þess að ámæla þeim, vildi jeg biðja þá að hugsa um málið vel og rækilega til næsta þings. Því betra er að láta málið bíða, en að búa til lög og reglur nú, sem ekki geta verið nægilega hugsaðar. »Lengi býr að fyrstu gerð«. Það sem fyrst verður gert eða slegið föstu í þessu máli, hefir mikil áhrif á hinn síðari gang þess.

Ef jeg um augnablik sný mjer að frv. sjálfu, þá dylst mjer ekki, að strax 1. greinin er apturför frá því, sem nú er. Það er tekið burtu, sem mjer í öllum mínum afskiptum af menntun alþýðu hefir þótt bezta keyrið, þ. e. að taka til, hvað barnið skuli læra á hverju aldursskeiði. — Hjer er þar á móti að eins sagt, hvað barnið skuli vera búið að læra, þegar það er 14 ára; en »seint er að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í hann«. Jeg verð að segja, að í þeim ákvæðum, sem nú gilda í þessu efni, væri stór söknuður, sjer í lagi fyrir prestana. En yfir höfuð að tala eru ákvæði þessa frumv. fólgin í því, að upp eru taldar reglur þær, sem nú gilda fyrir uppfræðingu barna.

Jeg skal því ekki fara frekar út í einstakar greinar, nema mjög lítið.

Í 7. gr. er ákveðið, að prestur skuli halda próf í hverri sókn, og skulu auk prestsins vera 2 prófdómendur. Allir þessir hafa jafnan rjett til atkvæðagreiðslu um frammistöðu barnanna. Þetta getur verið gott, þar sem hægt er að fá hæfa menn fyrir prófdómendur; en ef þetta skyldi ekki vera hægt í einhverri sókn, þá vildi jeg heldur, að presturinn væri einn um að dæma um frammistöðu barnsins. Um kristindómskunnáttu á hann einn að dæma. Ábyrgðin liggur þar á honum einum. En allt getur þó gengið, þangað til 10. gr. kemur. Þar segir: »Nú nær barn ekki aðaleinkunninni »vel« við prófið, og verður það þá ekki fermt það árið«. Þessu er jeg alveg á móti. Jeg álít ekki, að menn hafi neinn rjett til að setja önnur skilyrði fyrir fermingunni, en þau, sem nú gilda, sem er, að barnið hafi fengið þá kristindómsþekkingu, sem af því verði heimtuð, og geti lesið guðsorð sjer til framfara í sáluhjálparefnum.

Jeg er h. flutningsm. samdóma um, að æskilegt sje, að setja í lögin ákvæði, sem gefa mönnum aðhald til að kenna börnum sínum t. d. skript og reikning; en að gera vissa þekkingu í þessum greinum að skilyrði fyrir fermingunni, er jeg alveg á móti.

11. gr. er þó »líkn með þraut«. Eptir henni má prestur þó ferma barn, ef það er fullvel að sjer, þó ekki sje nema í kristindóminum. Jeg verð annars að vera því með öllu mótfallinn, að aðrir en presturinn einn hafi nokkurt atkvæði um það, hvort barnið hafi næga kristindómsþekkingu til að geta orðið fermt. Það er hans heilög skylda að sjá um, að barnið fái þessa þekkingu, og það er á hans ábyrgð, ef hann fermir barn, sem ekki hefir næga þekkingu.

Sem prófastur, en jeg h. flutningsm. þakklátur fyrir þá æru, sem prófföstum er veitt með 14. gr. En jeg vildi að eins hreyfa því, hvort ekki væri nokkuð djarft að leggja prófföstum slíka byrði á herðar, án þess að gefa þeim von um nokkurt endurgjald. Jeg vil snúa mjer að h. þm. Ísf. (S. St.), og jeg skal treysta mjer að fá það út með reikningi, að þessi yfirheyrsla, sem prófastur á að hafa á hendi, mundi kosta prófastinn í Ísafjarðarsýslu um 1000 kr. Prófastinn í Kjalarnesþingi kostar þetta starf ekki eins mikið, en þó mundi honum ekki veita af heilum degi til þess á hverjum kirkjustað, og yrði hann því að vera undir 3 vikur á ferð um prófastsdæmið.

Í 15. gr. eru þó ákvæði, sem, með öllum sparnaðinum, hljóta þó að hafa í för með sjer töluverðan kostnað fyrir landssjóð.

Þessar athugasemdir hefi jeg gert til þess, að sýna, að jeg get ekki verið með þessu frumv., og jeg álít, eins og málið nú er komið, að bezt sje að fresta því, fyrst um sinn til næsta þings.

Jónas Jónassen: Jeg verð að vera á sama máli og h. varaforseti, að skynsamlegast sje, að fresta máli þessu enn um nokkurn tíma, því að jeg get ekki skilið, að hægt sje á svo stuttum tíma, sem nú hefir verið reynt, að koma þessu mikilvæga máli í gott og stöðugt horf, og væri því æskilegast, að frumv. yrði ekki að lögum á þessu þingi. Mjer líkar reyndar margt í þessu frumv., enda er það ekki eins viðtækt og það frumv., sem lá fyrir h. þingdeild um daginn; en þó er ýmislegt í því, sem jeg ekki get fellt mig við; þannig heimtar 1. gr., að minni hyggju, heldur mikið af börnunum. Jeg get ómögulega fellt mig við að binda þekkinguna við vissan árafjölda, að barnið sje búið með þetta og þetta 10 ára, þetta eða þetta 12 ára o. s. frv. Jeg álít nægilegt vera, að barninu sje gert að skyldu, að kunna það, sem hjer er heimtað, þegar það er orðið 14 ára gamalt, þótt mjer finnist það jafnvel heldur mikið. Með allri virðingu fyrir prestunum kann jeg samt ekki við, að þeir skuli yfirheyra börnin í öðrum námsgreinum en kristindóminum, og sjeu ekki til hæfir menn sem prófdómendur, þá má fá þá annarsstaðar að. En það sem mjer þó fellur verst af öllu í frumv., er það ákvæði í 10. gr., að ekki megi ferma börnin fyr en þau sjeu orðin vel að sjer í hinum öðrum námsgreinum; því að sum börn eru svo gáfum búin, að þau geta t. a. m. ómögulega lært reikning, þótt þau eigi mjög hægt með að læra allt annað, og þessi börn mætti þá ekki ferma, ef frumv. yrði að lögum; því að þótt þau kynnu vel að skrifa og kristindóminn upp á sínar tíu fingur, þá gæti reikningurinn gert það að verkum, að þau ekki næðu þeirri aðaleinkunn, sem er skilyrði fyrir fermingunni.

14. gr. þykir mjer einnig vera afleit, þar sem prófföstum er gert að skyldu, ekki einungis að yfirheyra börnin í kverinu, lestri og skript, heldur líka í íslenzkum rjettritunarreglum; jeg er hræddur um, að margur prófasturinn sje farinn að ryðga í rjettritunarreglum, og jeg segi fyrir mig, að þótt jeg treysti mjer til að skrifa nokkurn veginn góða íslenzku, þá man jeg ekki svo rjettritunarreglur, að jeg treysti mjer til að prófa börn í þeim; þar að auki tæki þetta próf upp ákaflega mikinn tíma fyrir prófföstunum, og væri ósanngjarnt, að leggja svo miklar byrðar á þá.

Svo kemur ágæt grein þar sem 15. gr. frumv. er; þar er landsstjórninni gert að skyldu, að sjá um hentugar kennslubækur í þeim námsgreinum, sem unglingar eiga að læra, og að menn geti fengið þær bækur við vægu verði; þetta er mjög nauðsynlegt, því að þessar bækur vantar gersamlega enn sem komið, og væri óskandi, að landsstjórnin sem fyrst ljeti prenta þess konar bækur.

En jeg vík aptur að því, sem jeg sagði áður, að mál þetta er enn ekki orðið nógu mikið hugsað, og væri bezt, að það ekki væri til lykta leitt á þessu þingi, því að menn hafa gott af að glöggva sig enn meira á því. Eins og hitt frumv. var of víðtækt og mikilfenglegt, eins er þetta ekki heldur vel lagað til að verða að lögum, þó að það sje reyndar betra en hið fyrra, og flutningsmenn þess munu síðar meir sjá, að það getur tekið bótum í ýmsum greinum.

Grímur Thomsen: Það er auðsjeð á þeim umræðum, sem orðið hafa hjer á þingi um alþýðumenntunina, að áhugi manna er mjög farinn að vakna á menntamálum landsins, en skoðanir manna eru mjög á reiki í þessum málum enn, og hefir þingið aldrei sýnt það eins augljóslega og nú; nýlega hefir verið fellt mjög yfirgripsmikið frumv. í þessa stefnu; en nú er þegar annað fyrir um fræðslu ungmenna, og von á því þriðja innan skamms (nr. 316). Jeg vildi því biðja h. þm. að vara sig nú, þegar gengið verður til atkvæða um þetta frumv., að þeir ekki felli frumv. nr. 316 um leið og þeir samþykkja sumar greinar þessa frumv., og vildi jeg ráða mönnum til að hafa frumv. nr. 316 fyrir sjer við atkvæðagreiðsluna til samanburðar.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): H. 1. þm. GK. (Þór. Böðv.) hafði æðimargt á móti þessu frumv., og höfðu sum af mótmælum hans við dálítil rök að styðjast, og skal jeg játa, að sum ákvæði þess eru ekki svo glögg, sem æskilegt væri.

Hann sagði, að 6. gr. væri óþörf og tekin upp úr gildandi lögum; en hjer er eigi að eins átt við fermingarbörn, heldur og aðra unglinga. Þessi ½ mánaðarfrestur milli prófsins og fermingarinnar væri allt of stuttur frestur, ef það væri meiningin, að þau börn, sem ½ mánuði fyrir fermingunna reyndust ófær til að fermast, yrðu á þeim tíma gerð hæf til þess; en hjer er að eins um að gera aðhald fyrir foreldra og fósturforeldra til þess að börnunum sje eitthvað kennt, og að þeir geri sjer far um, að börnin geti staðizt prófið. — Einhver h. þm. tók það fram, að sjer þætti óviðkunnanlegt, að presturinn skyldi sjálfur próf a börnin við þetta tækifæri; en eins og hjer hagar til, er ekki stundum á öðrum völ, því að þó sveitakennarar hafi verið í sveitinni á veturna, eru þeir vanalega farnir um það leyti, sem börn eru fermd. Að öðru leyti finnst mjer það alls ekki óviðkunnanlegt, að presturinn geri það; hann hefir hvort sem er mest afskipti af kennslunni. Ekki held jeg heldur, að hætt verði við, að því barni verði vísað frá, sem fær 3,99 í aðaleinkunn; því ef það í raun og veru á 3,99, þá er það ekki stórt brot á samvizkusemi prófdómendanna, þó þeir gefi því 4.

H. varaforseti (Þ. Böðv.) sagði, að atkvæði prestsins væri hjer ekki tekið til greina eins og vera bæri, því hann ætti einn að ráða öllu um það, hver börn væri hæf til fermingar og hver ekki; en jeg get ekki sjeð, að það spilli nokkuð til, þó hann hafi valinkunna menn í sóknninni í ráðum með sjer, hvað þetta atriði snertir; og fá börn munu það vera, sem annars eru hæf til að fermast, að þau ekki geti lært það, sem hjer er farið fram á, og get jeg ómögulega verið h. þm. Rvík (J. J.) samdóma um, að það sje allt of mikið.

H. varaforseti (Þ. B.) sagði, að 1. gr. væri verri en gildandi lög, en jeg get ekki sjeð í hverju það ætti að liggja. Jeg álít, að þær ákvarðanir sjeu ekki heppilegar í lögum, sem tiltaka, hvað skuli læra á hverju ári; presturinn á að ráða í því tilliti, og slíkt á ekki að binda með almennum ákvæðum; hinn andlegi þroski barnanna er sömuleiðis svo mismunandi á

sama aldri, að sömu ákvæði geta eigi gilt um alla unglinga.

Hvað prófin snertir, þá væri leiðinlegt, ef það kostaði nokkurn prófast 1000 kr. Jeg veit það, að margir prófastar eru mjög viljugir að skoða kirkjurnar í sínu prófastsdæmi, en eptir erindisbrjefi þeirra eiga þeir einnig að grenslast eptir kunnáttu unglinga; hjer er því að eins útvíkkað og nákvæmar ákveðið það hlutverk, sem þeir eptir erindisbrjefi sínu þegar hafa á hendi, og þegar þeir skoða kirkjurnar á annað borð, þá þarf það ekki að taka upp ærinn tíma, þó þeir kynni sjer kunnáttu fermingarbarna um leið.

Lárus Halldórsson: Jeg hlýt enn sem fyr að vera á móti þessu frumv., og er það ekki fyrir þá sök, að jeg sje eigi hlynntur alþýðumenntun; en bæði virðist mjer frumv. vera, eins og jeg áður hefir tekið fram, harla innihaldslítið, þar sem svo má kalla, að eigi sje gert í því annað en að »systematísera« þau ákvæði, sem nú þegar gilda um þetta atriði, og svo verð jeg sjerstaklega að taka það fram, að jeg álít ekki rjett, og meira að segja ekki forsvaranlegt, að gera kunnáttu í skript og reikningi o. fl. að skilyrði fyrir fermingu. Fermingin er trúarjátning, staðfesting skírnarsáttmálans, og hið eina eðlilega skilyrði fyrir henni er trúarþekking og umfram allt trúarlíf; en við það á kunnátta í skript, reikningi og rjettritun ekkert skylt, og verð jeg því að álíta ekki einungis mjög óeðlilegt, heldur jafnvel með öllu ótilhlýðilegt, að gera kunnáttu í þessum greinum að skilyrði fyrir því, að barn, sem annars er til þess fært og komið er á þann aldur, megi gera þessa helgu játningu í áheyrn kristins safnaðar. Kunnátta í skript og reikningi er góð, en að hún eigi eða megi gerast að skilyrði fyrir hinum helgustu atriðum kristindómsins, því neita jeg. Jeg vil leggja alvarlega áherzlu á þetta, og jeg trúi því ekki, að allir aðrir þingdm. hafi á þessu aðra skoðun en jeg; og sjerstaklega furðar mig stórlega á því, að þetta skuli vera komið frá prestum.

Þar sem í 1. gr. 3. lið er talað um, að börnin eigi að kunna »hinar helztu rjettritunarreglur«, þá hefði jeg álitið miklu heppilegra, að þar hefði staðið, að þau skyldu rita móðurmál sitt stórlýtalítið, en ekki, að þeim væri gert að skyldu, að kenna utan að hinar og þessar rjettritunarreglur.

Og þar sem stendur, að prestur og sóknarnefndir eigi að ráða kennara »eptir þörfum«, ef börn sjeu illa að sjer, og þetta á að gerast á kostnað hlutaðeigandi foreldra eða fósturforeldra, þá gæti slíkt orðið tilfinnanlegur eða jafnvel óbærilegur kostnaður; og einnig finnst mjer þetta ákvæði »eptir þörfum« vera nokkuð rúmt.

Jeg get því alls eigi verið með frumv., og álít betra, að samþykkja nú á þessu þingi ekkert í þessu máli, en að samþykkja það, sem auðsjáanlega mundi þurfa að breyta á næsta þingi.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Mjer þykir leitt, að h. þm. (Lár. H.) skilur skilyrðið fyrir fermingunni eptir þessum lögum allt öðruvísi en við. Hjer er alls engum meinaður aðgangur að hinum helgustu rjettindum kirkjunnar, heldur eru þvert á móti kröfurnar svo vægar, að hvert barn getur fullnægt þeim, án þess að kristindómsþekking þess þurfi að líða við það hið minnsta; og aldrei getur það orðið kristindómsþekkingunni til hindrunar, þó barnið kunni það að auki, sem hjer er farið fram á; tíminn á undan fermingunni er sá tími, sem hentugastur er til lærdóms, og hjer er að eins aðhald og hvöt fyrir unglingana til að nema, en alls engin skerðing á trúarlífi þeirra, þó þeir kunni að skrifa og reikna. *(Lárus Halldórsson:* Það hefir enginn sagt það). Það liggur óbeinlínis í orðum þeirra, sem álíta, að fermingunni sje misboðið með þessu.

Jeg játa það með h. þm., að þetta er mikið vandamál, og að þetta frumv. geti

gjarnan haft sína galla, en þó málið verði látið bíða til næsta þings, þá er óhætt að fullyrða, að ekki verði búið til gallalaust frv um þetta efni fremur þá en nú.

ATKVÆÐAGR: 1. gr. og þar með frv. allt fellt með 11:10 atkv., að við höfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Árni Jónsson	Jón Þórarinsson
Benidikt Sveinsson	Páll Ólafsson
Grímur Thomsen	Jónas Jónassen
Gunnar Halldórsson	Lárus Halldórsson
Jón Jónsson	Ólafur Pálsson
Ólafur Briem	Sveinn Eiríksson
Páll Briem	Þórarinn Böðvarsson,
Sigurður Jensson	Þorlákur Guðmundss.
Sigurður Stefánsson	Þorsteinn Jónsson
Þorleifur Jónsson	Þorvaldur Bjarnars.
	Þorvarður Kjerúlf.

Eiríkur Briem var ekki við.

Frv. til laga um búnaðarkennslustofnanir (188, 297); 2. umr.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Breytingar þær, sem nefndin ræður til að gerðar sjeu á frv. þessu, eru fáar og litlar, og þarf jeg því ekki að fara um þær mörgum orðum; en jeg vil fara örfáum orðum um málið í heild sinni.

Frv. fer fram á, að 20,000 kr sjeu veittar til þess að koma á fastri búnaðarkennslu í landinu; þessi styrkur þarf að vera fast ákveðinn með almennum lögum, ef búnaðarkennslan á að verða varanleg. Hjer lýsir sjer hin sama hugsun, sem fyrir löngu og svo opt kom fram á hinum ráðgefandi alþingum. Menn kunna kannske að segja, að þetta sje oss of vaxið, því fjárframlagið sje svo mikið.

En í þessu tilliti er tvennt að athuga; 1., er ekkert fjárframlag of mikið, sem vel er varið í þarfir landbúnaðarins; og 2., nefndin vill láta alþingið sjá það svart á hvítu, að þessu fje landsins sje varið til ábreifanlegra búnaðarframfara, sem öllum sje eptirbreytnisverð, og að hinn ungi bændalýður sje alinn upp við verkfræði, dugnað og allar búmannlegar dyggðir; álítur nefndin, að þetta fje ætti að koma í staðinn fyrir það fje, sem árlega hefir verið veitt á fjárlögunum, með öðrum orðum: nefndin hugsar sjer með frumv., að þær 20,000 kr., sem um árið hafa verið veittar á fjárlögum til eflingar búnaði, og útbýtt hefir verið af umboðsvaldinu og sýslunefndum á þann hátt, að það — að minni meiningu að minnsta kosti — hefir komið að mjög óverulegum notum, að jeg ekki fari enn harðari orðum um það mál; nefndin hugsar sjer með frumv., segi jeg, að þessum 20,000 kr. verði varið til fyrirmyndarbúskapar og búnaðarkennslu, samkvæmt almennum lögum. En það tek jeg fram, að með þessu er ekki sagt, að nefndin ekki ætlist til, að einhver minni fjárupphæð eptir sem áður væri veitt á fjárlögunum fyrir hvert fjárhagstímabil til þeirra búnaðarfjelaga, þeirra búnaðarfjelaga, segi jeg, sem eitthvað það starfa að búnaðarframförum og jarðabótum, sem er launavert, og eru annað en nafnið tómt og skýrslutilbúningur.

En það er önnur mótbára, sem máske mætti virðast að hefði við miklu meiri rök að styðjast, sem koma mætti með móti þessu frumv., og það er sú, að þessi styrkur sje mikils til of lítill til að koma á fót búnaðarkennslustofnunum og við halda þeim; og þessi mótbára er rjett, þegar menn hugsa sjer, að stofnanirnar styðjist við styrkinn beinlínis; en meiningin er sú, að þær taki lán annaðhvort úr bankanum eða landssjóði, og að þau lán endurborgist með hinum árlega tiltölulega hluta hlutaðeigandi sýslufjelaga úr þessum fasta lögákveðna styrk úr landssjóðnum, sem frv. byggir á. Að öðru leyti get jeg huggað menn með því, að auðsætt er, að þetta fyrirkomulag, sem hjer er farið fram, getur ekki komið til almennra framkvæmda á þessu fjárhagstímabili, svo mótbára frá

þessu góða fjársparnaðarsjónarmiði, þó hún kæmi fram, er næsta þýðingarlítil.

Aðalstefna frv. er að öðru leyti, að ákveða með lögum hina almennu hlið málsins, grundvallaratriðin, en láta alla fría framrás málsins vera komna undir sýslunefndunum, bæði það, að koma slíkum stofnunum á fót, og eins viðvíkjandi sambandinu milli þess, sem fyrir stofnununum stendur og sýslufjelaganna. Með þessu móti getur hið opinbera tryggt sjer allan nauðsynlegan rjett á móts við styrkinn úr landssjóði; grundvallarhugmyndin er, í einu orði sagt, byggð á þeirri sjálfsstjórnar- og sjálfsábyrgðarhugmynd, sem öll löggjöf vor ætti að vera byggð á. Þessi grundvallarhugmynd er sú eina, sem tryggir hinn eðlilegu framrás allra landsmála vorra. Hún kemur svo fram í þessu máli, að sýslunefndirnar eigi að hafa sem frjálsast verksvið, og hagur, dugnaður og framsýni einstaklingsins eigi að fá sem mesta hvöt og uppörfun frá hálfu löggjafans og hins almenna.

Viðvíkjandi 4. gr. skal jeg taka það fram, að allir eru sjálfsagt samdóma um það, að ekki sje vert að ausa út fje úr landssjóði til eflingar búnaði, nema því að eins, að menn hafi vissu fyrir, að tilsvarandi framkvæmdir eigi sjer stað.

Í 6. gr. kemur stefna frv. ljóst fram, það er að segja hin verklega stefna, að höndin stjórnist af þekkingu, að hugur ungra manna á Íslandi hneigist að vinnu af ljósri þekkingu, og að þessari vinnu sje varið til þess að vera fyrirmynd í búnaði á Íslandi, það er að segja í verklegri búfræði.

Í 7. gr. er það berlega tekið fram, að nauðsynlegt sje, að þessar stofnanir, sem kostaðar eru af öllu landinu, sjeu eigi bundnar við neitt víst svæði, hvað inntöku nemenda snertir, heldur hafi allir aðgang að þeim, þó þannig, að þeir, sem næstir búa, gangi fyrir öðrum, ef um marga er að gera. Hjer er ekki að eins trygging fyrir því, að nemendur verði fleiri en ella, heldur einnig, að þekking manna á öllu ástandi landsins, í hverju tilliti sem er, verður almennari, berst frá austri til vesturs og frá suðri til norðurs; almenn reynsla myndast bezt með þessu móti, menn fá almennari þekkingu á því, sem er rjett og hagfellt í landbúnaðinum, og hinu, sem er óhagfellt og skaðlegt, eptir því, sem til hagar landi og loptslagi á hverjum stað, og þannig verða hinar mörgu búnaðarkennslustofnanir að eins ein almenn stofnun fyrir allt landið.

Aðalbreyt. nefndarinnar um, að æðsta umsjón stofnananna sje hjá landsh., vona jeg að allir sjái, að er samkvæm því, að fjárframlagið til þeirra er úr landssjóði, því yfirumsjón landsstjórnarinnar, eins og hún nú er skipuð, er með þessu fyrirkomulagi sjálfsögð, enda er með því móti einnig veitt trygging fyrir því, að stofnanirnar, þó þær yrðu að öðru leyti einstakra manna eign, ekki legðust niður við eigandaskipti, eða við dauðsfall eigandans, heldur stæðu sýslunefndunum til innlausnar eptir líkum grundvallarreglum, sem t. a. m. gilda um óðalseignir eptir tilsk. 17. apríl 1833.

ATKVÆÐAGR.:

1. gr. samþ. með 11 gegn 4 atkv.
2. — -- — 12 atkv.
3. — — — 12 —
Breyt.till. við 4. gr. samþ. án atkv.
4. gr. samþ. með 12 atkv.
5. — — - 12 —
Breyt.till. við 6. gr. samþ. með 12 atkv.
6. gr. frv. þar með fallin.
7. gr. samþ. með 12 atkv.
Breyt.till. við 8. gr. 1. samþ. með 12 atkv.
—— — -- 2. — — 12 —
8. gr. samþ. með 12 atk.

Frumv. vísað til 3. umr. með 12 atkvæðum.

Frv. til laga um friðun á laxi (240, 298); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Árni Jónsson): Jeg skal ekki fara mörgum orðum um frumv. þetta að þessu sinni. Nefndin hefir í áliti sínu skýrt frá, að frv. hafi inni að halda ýmisleg ákvæði, sem sjeu til bóta á hinum núgildandi laxfriðunarlögum, og því vona jeg, að h. þingd. taki frv. vel. Jeg skal ekki að þessu sinni tala um breytingar þær, sem nefndin hefir ráðið til, enda hefir hún skýrt frá ástæðum sínum fyrir þeim í nefndarálitinu. Og með því þetta er framhald 1. umr., óska jeg að eins þess, að málið gangi til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frumv. til laga um stofnun lagaskóla (158, 326); 2. umr.

Benedikt Sveinsson: Eins og menn máske muna, hefi jeg ekki verið í orðabindindi áður, þegar þetta mál hefir verið fyrir þinginu; en nú ætlaði jeg hvorki að tala mikið eða margt um það, og þagað hefði jeg hreint, ef jeg hefði ekki sjeð þessar þrjár breyt.till. frá þremur h. þingdm.

Um 1. og 2. breyt.till. skal jeg ekki fjölyrða. Jeg álít, að það komi ekki aðalmálinu við, heldur eru þær einn angi af þeim svonefnda sparnaðarstraumi, sem gengur í gegnum þetta þing. Tíminn og reynslan mun sýna, hvort þeim launum verður vel varið, sem lögð verða fram til þeirrar kennslu, sem hjer ræðir um, ef hún nokkurn tíma kemst á. Þriðja breytingin er þar á móti eptirtektaverð, mjög eptirtektaverð. H. þm. Borgf. (Gr. Th.) kom einu sinni fyrrum, ef mig minnir rjett, með þennan agnúa inn í frv. um stofnun lagaskóla, og var jeg þá all-harðorður við hann út af því, og jeg hefði naumast getað trúað því, að þessi breyt.till. hefði fram komið frá þessum þingmönnum, sem gerzt hafa höfundar hennar, ef jeg hefði ekki sjeð það svart á hvítu með mínum eigin augum. Minn dómur er í stuttu máli sá um þessa breyt.till., að hún verði alveg til að eyðileggja málið, ef hún verður samþykkt.

H. þm. Borgf. (Gr.Th.) kom einu sinni með þessa tillögu, sjálfsagt í góðum tilgangi; en bæði hann og aðrir, sem þá voru á hans máli, hafa síðan sannfærzt um, að slík ákvæði hlytu að verða til þess, að málinu yrð synjað staðfestingar. Þessi tillaga gengur hvorki meira eða minna en út á það, að slá stryki yfir háskólamenntun Íslendinga í lögum, með því að sá, sem tekið hefir próf við háskólann, verður fyrst að taka annað próf hjer við lagaskólann áður en hann kemst í embætti hjer á landi, sem lögfræðingar eru skipaðir í. Þeir verða þannig að taka tvöfalt próf, áður en þeir komast í embætti, og því stærri hugmynd, sem menn gera sjer um hina sjerstöku íslenzku lagakennslu, því erfiðara verður þetta síðara próf. Jeg vona, að h. flutningsmenn þessarar breyt.till. og aðrir h. þingdm., sem eru málinu hlynntir, sannfærist um, að það er málinu til eyðileggingar, að samþykkja tillöguna, og jeg er því sannfærður um, að h. flutningsm. fylgi ekki þessari till. fast fram.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um málið meira að sinni; en að eins óska þess, að það verði samþykkt eins og það er; þó skal jeg gera h. flutningsm. það til geðs, að greiða atkvæði með 1. og 2. breyt.till.; en svo vona jeg líka, að þeir falli frá 3. breytingartill., sem ekki leiðir til annars, en að spilla fyrir málinu, eins og jeg hefi sagt.

Ólafur Briem: Jeg skal ekki tala margt um tvær hinar fyrstu breyt.till., sem jeg og tveir aðrir h. þingdm. höfum komið með við þetta frv. Oss gat ekki dulizt, að laun þau, sem við stungum upp á, eru fullnægjandi. Hin lægri launin eru sniðin eptir launum 1. kennara við prestaskólann og 1. og 2. kennara við lærða skól-

ann, og enn fremur eptir launum kennarans við læknaskólann.

Jeg get aptur á móti ekki verið alveg samdóma h. 2. þm. Eyf. (B. Sv.) um þriðju breyt.till. Að hún geti orðið til þess, að frv. verði synjað staðfestingar, ef hún verður samþykkt, skal jeg ekki leiða neinum getum að. Það liggur ekkert fyrir, sem sýni, að svo muni verða. Það hefir verið allt annað, sem hingað til hefir verið málinu til fyrirstöðu. Það, sem kom oss til að koma fram með þessa breyt.till., var það, að oss fannst það eiga illa við, úr því einu sinni væri komin á sú kennsla í íslenzkum lögum, að þá skyldu komast í embætti menn, sem ekki hefðu numið íslenzk lög; einkum ef háskólakandídatar yrðu látnir sitja fyrir hinum hærri embættum, en kandídatar frá lagaskólanum fengi að eins hin lægri; þá fannst oss hart, að þekking í íslenzkum lögum væri að eins takmörkuð við hina lægri embættismenn. Að próf í íslenzkum lögum hlyti að verða nokkuð erfitt, og það jafnvel fyrir háskólakandídata, eins og h. 2. þm. Eyf. sagði, er mikið rjett; en mjer finnst athugandi, að búast má við, þegar lagaskólinn er kominn á stofn, þá útskrifist fleiri kandídatar, en strax geta fengið embætti, enda hefðu þeir sjálfsagt gott af því, að vera nokkurn tíma á skrifstofum embættismanna í Reykjavík, því að við það gætu þeir bæði fengið praktiska æfingu og enn fremur gætu háskólakandídatar, á meðan þeir væru þar, hlýtt á fyrirlestra á lagaskólanum, til þess að búa sig undir prófið í íslenzkum lögum.

Benidikt Sveinsson: Jeg átti ekki von á, að h. 1. þm. Skagf. (Öl. Br.) færi að verja þessa till. Hann sagði, að það væri engin ástæða fyrir þingið að skipta sjer af, hvort frumv. yrði staðfest eða ekki. Það þykir mjer merkileg setning. Það er merkilegt, að vera að berja inn í frumv. með þráa nýjum ákvæðum, sem gefa stjórninni nýja ástæðu til að synja málinu staðfestingar. Það er satt, að þessi ákvæði hafa ekki verið áður í lögum, sem farið hafa frá þinginu um stofnun lagaskóla; en það hefir komið til af því, að það hefir jafnan verið álit þingsins, að stjórnin gengi aldrei inn á, að skylda þá, sem tekið hafa próf á háskólanum, til þess að ganga hjer undir annað próf í íslenzkum lögum. Jeg vildi biðja h. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) að skýra frá, hvort hann hefir lesið ástæður stjórnarinnar fyrir synjunum hennar á staðfestingu frumvarpa um lagaskóla, og, ef hann hefir lesið þær, þá man hann víst, að ein af aðalástæðunum hefir verið sú einmitt, að það mundi valda apturför í lagamenntun Íslendinga, sem þeim stæði til boða við háskólann, að stofna lagaskóla á Íslandi. Það hefir verið sagt, að með því að nema lög hjer upp á Íslandi, þá færu menn á mis við vísindastraum Norðurálfunnar, sem hefði tekið sjer bólfestu við háskólann í Kaupmannahöfn. Ef nú þingið svaraði þessari mótbáru út í bláinn, með þeirri grein í lögunum um stofnun lagaskóla, að menn þyrftu að læra lög á Íslandi—auk háskólamenntunarinnar—til þess að geta fengið þar embætti, hver halda menn þá hlyti að verða afleiðingin af því í augum stjórnarinnar? Jeg þykist þá hafa leitt rök að því, að það stendur beinlínis í ástæðum stjórnarinnar, sem sýnir, að þetta ákvæði, sem hjer er stungið upp á, er beinlínis ný synjunarástæða fyrir stjórnina. Það er svo gífurlegt, að menn, sem annars eru svo bljúgir og auðmjúkir, skuli fara fram á annað eins og þetta er. Mjer skildist h. sami þm. segja, að í þessu frumv. væri lítil trygging fyrir, að kandídatar frá lagaskólanum fengi annað en hin lægri embætti. Jeg vil þá biðja h. þm. að lesa vel 5. gr. frumv.; þar stendur beinlínis, að þeir, sem leysa af hendi burtfararpróf í skólanum, eigi aðgang að þeim embættum, sem lögfræðingar eru skipaðir í. Hvað er þá á móti því, að þeir geti með

tímanum eins fengið hin æðri embætti? Það er yfirlátið veitingarvaldinu að skipa embættin, svo sem þeir álíta rjett, löglegt og sanngjarnt í hvert skipti. Það hefir líka sýnt sig, að menn, sem gengið hafa á hinar æðri menntastofnanir í landinu, hafa komizt í hin hærri embætti. Ef við lítum til prestaskólans, þá hefir sú raun á orðið, að maður, sem tekið hefir próf við þann skóla, er nú skipaður í kennaraembætti við sjálfan skólann.

Þannig sýnir það sig, að það er alveg óparfi og á heldur alls ekki við, að slá því föstu í lögum, eptir hvaða reglu skuli fara í veitingu embætta. Hin frjálsa framsókn á með tímanum að leiða í ljós, hvað rjettast er í þessu efni í hvert skipti. Skal jeg svo ekki fjölyrða meira um málið, en óska þess enn einu sinni, að h. þingdm. gefi ekki þessari 3. breyt.till. atkv. sitt.

Ólafur Briem: Jeg skal að eins geta þess viðvíkjandi því, sem h. 2. þm. Eyf. (B. Sv.) sagði, að ein af synjunarástæðum stjórnarinnar væri sú, að lagaskóli á Íslandi yrði apturför í lagamenntun Íslendinga, að jeg skil þetta svo, sem stjórnin eigi við þekking á lögum yfir höfuð, en ekki á íslenzkum lögum. Jeg ímynda mjer, að stjórninni hafi ekki dottið í hug, að þekking á íslenzkum lögum fengist eins góð við háskólann, eins og hægt yrði að fá hana við lagaskóla á Íslandi. Þá gat h. 2. þm. Eyf. (B. Sv.) þess, að það væru engin lög fyrir því, að þeir sem útskrifuðust frá lagaskólanum, ættu að eins að fá hin lægri embætti. Vjer vitum það vel, að þetta stendur ekkii neinum lögum; en vjer bjuggumst við, að svo mundi fara, einkum eptir því sem veitingavaldinu nú er háttað. Oss fannst það vera vöntun í lögunum, ef mögulegleiki gæti orðið til þess, að þá, sem ættu yfir öðrum að segja, vantaði þá þekkingu, sem þeir hefðu, er lægra væru settir.

Benidikt Sveinsson: Jeg vildi að eins gefa þá skýringu, að það er heimildarlaust, að gera greinarmun á almennri lagamenntun og íslenzkri lagamenntun, fremur en almennri lagamenntun og danskri lagamenntun, enda mundi h. þm. Skagf. (Ó. Br.) alls ekki fær um að rekja þá skipting, svo í lagi færi.

Páll Briem: Jeg er h. flutningsm. þakklátur fyrir 1. og 2. breyt.till., því jeg álít það mjög til bóta, að ákveða launin ekki hærri, en vel má við una. Aptur á móti er jeg þeim vanþakklátur fyrir 3. breyt.till. H. flutningsm. hefir sjálfsagt gengið eitthvað gott til með að koma með þessa breyt.till., en ef hún verður samþykkt, þá verður hún þó, eins og h. 2. þm. Eyf. (B. Sv.) er búinn að sýna og sanna, vondur fleygur í frumv. Breyt.till. þessi er þannig: »Þeir einir, er staðizt hafa próf í íslenzkum lögum við skólann, eiga aðgang að embættum þeim, er lögfræðingar eru skipaðir í«. Undir eins og skólinn er stofnaður, er jeg eptir þessu útilokaður frá að fá nokkurt embætti hjer á landi, sem lögfræðingar eru skipaðir í; en það þykir mjer fjandi hart; og þó ekki væri farið lengra en að segja, að framvegis, eptir að skólinn hefði staðið nokkur ár, skyldu einnig háskólakandídatar taka próf við lagaskólann, þá væri einnig þetta allhart, því slíkt próf hlyti að verða mjög erfitt. Engin af námsgreinunum getur orðið sú sama, sem kandídatarnir hafa numið við háskólann, og einstöku að eins nokkuð líkar. Hegningarlögin t. d. yrðu menn að læra alveg af nýju, að minnsta kosti að nokkru leyti; því að ýms ákvæði í íslenzkum hegningarlögum eru ólík þeim, sem gilda í Danmörku. Það hlýtur því að vera öllum ljóst, að þetta próf yrði alls ekki ljett. Þeir, sem unna lagaskólamálinu, ættu því, bæði af þessum ástæðum, og ekki sízt af því, að stjórnin auðsjáanlega ekki getur staðfest frumv. með

þessu ákvæði, að hætta við, að framfylgja þessari breyt.till.

Grímur Thomsen: Jeg vildi að eins gjöra eina stutta athugasemd út af ákvæðum 6. gr. frumv. Þar stendur: »Lög þessi koma þá fyrst til framkvæmdar, er alþingi hefir í fjárlögum veitt fje til skólans«. Mjer virðist því ætti að veita fje í fjárlögum þeim, sem ganga frá þessu þingi. Því annars get jeg ekki sjeð, að stjórnin geti samþykkt lög, sem segja sjálf, að þau komi ekki til framkvæmda fyr en alþingi þóknast. Þessa skoðun mína byggi jeg beinlínis á 10. gr. stjórnarskrárinnar, sem segir: »hafi konungur ekki staðfest eitthvert lagafrumv., sem alþingi hefir fallizt á, á undan næsta reglulegu alþingi, er það fallið niður«. Því nærri liggur, að stjórnin segi: þetta frumvarp gétur eigi komið til framkvæmdar fyr en fje er fyrir hendi; nú er ekkert fje veitt í þessu skyni, og liggur því ekkert á að staðfesta það. Jeg vildi, af því mjer er annt um málið, benda h. þingdm. á þennan agnúa, svo hægt yrði að bæta úr honum til 3. umr. málsins.

ATKVÆÐAGR.:

1. gr. samþ. í e. hl.
2. gr. samþ. í e. hl.
Breyt.till. 3 þingm. við 3. gr. samþ. með 18 atkv.
Breyt.till. 3 þm. við sömu gr. samþ. með 16 atkv.
3. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 12 atkv.
4. gr. samþ. með 19 atkv.
Breyt.till. 3 þm. við 5. gr. felld með 14 atkv. gegn 4.
5. gr. samþ. í e. hl.
6. gr. samþ. með 17 atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 20 samhljóða atkv.

Fertugasti og fyrsti fundur, mánudag 15. ágúst á hádegi.

Frumvarp til laga um brúargjörð á Ölvesá (142, 175, 243, 248); 2. umr

Þorlákur Guðmundsson: Það hafa komið fram nokkrar breytingartillögur við þetta frumv., og finn jeg mjer því skylt að fara nokkrum orðum um málið.

Það er þá fyrst breytingartill. nr. 175 frá 5 h. þingm.: þessi breytingartill. breytir eigi lítið til um hlutfallið milli þess, sem landssjóður leggur sjálfur til, og þess, sem hann lánar sýslufjelögunum og jafnaðarsjóðnum; þessi breyt.till. fer fram á, að skipta kostnaðinum til helminga, þannig, að 30,000 kr. komi á landssjóð og 30,000 kr. á sýslufjelögin og jafnaðarsjóðinn; en auk þess hefir orðið sú breyting á 1. gr. frumv., að í staðinn fyrir »til fyrirtækisins allt að« komi: »til fyrirtækisins að *minnsta kosti* 30,000 kr.«, og þar af leiðir, að ef kostnaðurinn við brúna verður meiri en 60,000 kr., þá leggst það, sem umfram er, á sýslufjelögin og jafnaðarsjóðinn.

Þá er breytingartill. við 3. gr., að fyrir »helmingurinn« komi: »tveir þriðju hlutar« og fyrir »hinn helmingurinn» komi: »einn þriðji hluti«, og er það hlutfallsbreyting, sem leiðir af breytingunni við 1. gr.

Þá er breytingartill. við 4. gr., að orðin: »þegar brúin er komin á« til enda greinarinnar falli burt; þessi breyting er athugaverð, því að einhver þarf að hafa umsjón yfir brúnni, og verði það ekki landshöfðingi eða amtsráð, þá verður það að vera falið sýslunefndinni í Árnessýslu; því einhver verður að hafa umsjónina. Jeg veit, að h. flutningsm. gengur sparnaður til að hafa komið fram með þessar breytingar, en jeg er hræddur um, að málið kunni að stranda algjörlega á því, að fara að rekast milli deilda, ef nú verður farið að breyta frumv., sökum tímaskorts, og á hinn bóginn er jeg hræddur um, að hlutaðeigandi sýslufjelög eigi vilji ganga að þessum kostum eða geti það, og

þess vegna get jeg ekki verið þessum breytingum meðmæltur, enda vona jeg, að öllum sje annt um þetta mál, og vilji ekki að það falli; sá andi, sem ríkti hjer á þingi þegar rætt var um brúargjörð á Skjálfandafljóti, er nú frá því horfinn, og mundi það mál hafa fengið önnur úrslit, ef það hefði nú legið fyrir þinginu, því að jeg vona, að nú stefna sje orðin almenn hjer nú, að þröngva eigi að hinum einstöku hjeruðum, þegar um samgöngumál er að ræða.

Þá hefir einnig komið breytingartill. frá h. varaforseta (Þór. Böðv.) og 4 öðrum h. þingm., sem gengur lengra en hin fyrnefnda, og fjarlægist svo mikið frumv., að hún er eiginlega nýtt frumv.; tilgangurinn er náttúrlega góður, sem sje að gera sýslunum fyrirtækið enn aðgengilegra, að minnsta kosti í svipinn; en af því að þessi breyting, sem hjer er farið fram á, er svo víðtæk, þá er jeg hræddur um, að hún aldrei nái fram að ganga á þinginu, og verði því málinu til spillis, enda getur verið efasamt, hvort betra sje að gjalda brúartoll eða afborganir, því að hætt er við, að afgangurinn verði ekki mikill af brúartollinum, þegar búið er að launa brúarverði, og vona jeg, að h. varaforseti (Þ. Böðv.) og þeir, sem með honum eru í breytingartillögunni, hugsi sig vel um áður en þeir fylgi henni fast fram, einkum af því, að jeg veit, að h. varafors. hefir jafnan verið málinu hlynntur, og mun vera það enn.

Mál þetta hefir verið á dagskrá þingsins að segja má síðan 1875, og vona jeg, að nú verði farið að reka endahnútinn á það, enda er mál til komið, því að líti maður á það, hvað alþing hefir gert í *stærri* stíl fyrir samgöngur í landinu, þá er það harla lítið til móts við þörfina.

Þegar prófessor Fiske kom hingað, var brúarmálið fyrir til umræðu, og komst svo langt, að frumv. var samþykkt, og þá hældi hann oss, þessi göfugi gestur, fyrir það, hve miklum framförum vjer tækjum, þar sem verið væri að brúa stór vatnsföll og leggja nýja vegi yfir fen og foræði o. s. frv.

Nú eru liðin tíu ár síðan, og kæmi þessi göfugi gestur hingað aptur, þá mundi hann ekkert finna af því, sem hann bjóst við í þessu efni, og ekki heldur aðrir, ef þeir kæmu hingað til að skoða þær framfarir, sem hann hafði sagt frá. Hið eina stórvirki, sem þingið hefir framkvæmt fyrir landssjóðspeninga, er þetta hús, og veit jeg ekki til, að nokkur hafi ámælt því fyrir það, nje sjeð ofsjónum yfir þeim 125,000 kr., sem til þess var varið, því að það er sómi fyrir landið að hafa lagt fje í þess konar fyrirtæki, og það er sómi þingsins, að verja landsins fje til slíkra stór-fyrirtækja, sem hjer er um að ræða.

Jón Jónsson: Af því að jeg er einn af þeim, sem hafa skrifað undir breytingartill. nr. 175, finn jeg mjer skylt að fara um hana nokkrum orðum.

Jeg er þakklátur h. þm. Árn. (Þorl. G.) fyrir það, hve vel hann tók í breytingarnar, þótt hann væri þeim mótfallinn; en þar sem hann lagði áherzlu á, að tilgangur vor hefði einkum verið sá, að spara fje landssjóðs, þá var það ekki aðaltilgangurinn frá mínu sjónarmiði. Aðalmunurinn á stefnu frumv. og breytingartillögunnar er sá, að þar sem frumv. sýnist ganga út á það, að landssjóður eigi yfir höfuð að kosta þess konar fyrirtæki, sem hjer er um að ræða, en hlutaðeigandi hjeruð eigi einungis að styrkja þau, ef þau geti, þá er vor skoðun sú, að hjeruðin eigi að bera aðalkostnaðinn, en landssjóður að eins hlaupa undir byrði með þeim, ef þörf gerist. Hvað tölu-upphæðina snertir, þá hefði jeg fyrir mitt leyti helzt viljað, að landssjóður hefði lagt til $^1/_3$ af þessum 60,000 kr., sýslufjelögin $^1/_3$ og jafnaðarsjóðurinn $^1/_3$, og þessi skoðun hefir áður

komið fram í blöðunum; en af því að jeg er málinu hlynntur og vil að það nái fram að ganga, hefi jeg eigi viljað fara svo langt niður á við. Jeg er samdóma h. þingm. Árn. (Þorl. G.), að breytingin »að minnsta kosti« sje veruleg, því að menn hafa enga vissu fyrir, að áætlun sú, sem gerð hefir verið um kostnaðinn, reynist rjett. Í frumv. stendur »allt að«, bæði um það, sem landssjóður á að leggja til, og um það, sem sýslufjelögin og jafnaðarsjóður eiga að leggja til; það er með því tiltekin *mesta* upphæð (Maximum); og hvaðan á svo að taka það, sem upp á kynni að vanta? Við þessu tilfelli er einmitt sleginn varnagli í breytingartill., með því að segja, að landssjóður leggi til »allt að« 30,000 kr., en hinir hlutaðeigendur »að minnsta kosti«, það er að segja, að vanti fje til, þá eigi sýslufjelögin að leggja það til, því að málið er fyrst og fremst sýslufjelagamál, en sem landssjóður á að styrkja, svo að því verði framgengt. Tillaga vor um, að síðari hluti 4. gr. falli burt, er byggð á hinni sömu skoðun; vjer álitum, að þetta mál væri hjeraðamál en ekki almennt landsmál, og þess vegna þótti oss eigi rjett, að fela landsstjórninni umsjón yfir brúnni. Við höfum eigi sett neitt ákvæði í staðinn um umsjónina, af því, að við hugsuðum, að aðrir h. þingm. mundu kannske koma fram með ákvarðanir um það efni.

Að því er snertir borgunarhlutfallið milli sýslufjelaganna og jafnaðarsjóðsins, þá er það atriði, sem jeg fyrir mitt leyti ekki legg neina áherzlu á, en frá mínu sjónarmiði er aðgengilegra að haga því eins og við höfum farið fram á; reyndar kemur mikill hluti af því fje, sem rennur í jafnaðarsjóðinn, úr þessum sýslum, en aptur á móti hafa sumar sýslur amtsins, eins og t. d. Borgarfjarðarsýsla, sem leggja í jafnaðarsjóðinn, engu meiri not af fyrirtækinu en önnur hjeruð landsins, og þess vegna ætti gjaldið að leggjast sem ljettast á þær.

H. þm. Árn. (Þorl. G.) var hræddur um, að ef nú væri farið að gera breytingar á frumv., þá mundi efri deild máske fella það, eða málið mundi dragast svo, að það eigi næði fram að ganga á þessu þingi, ellegar þá að sýslufjelögin eigi mundu ganga að þeim kostum, sem vjer viljum bjóða; en þó að jeg vissi, að svo mundi fara, gæti jeg samt ekki gefið frumv. atkvæði mitt, eins og það er, og mundi heldur kjósa að það biði.

Hvað snertir breytingartillögur hinna annara 5 h. þingm., þá er jeg samdóma h. þm. Árn. (Þorl. G.), að það sje alveg nýtt frumv., og þótt jeg ekki efist um, að tilgangur h. uppástungunnanna hafi verið hinn bezti, þá er jeg þó, eins og h. þm. Árn., sannfærður um, að sú breyting, sem þar er farið fram á, mundi verði málinu að fótakefli, ef hún yrði samþykkt.

Landshöfðingi: Allir, sem talað hafa um þetta mál, hafa verið samdóma um það, að brúargjörð á Ölvesá væri nauðsynjamál, eigi einungis fyrir þau hjeruð, sem næst liggja, heldur og fyrir allt landið, og talið það sjálfsagt, að landssjóður legði fje til fyrirtækisins að meiru eða minna leyti; þess vegna furðar mig á því, að hjer skuli hafa komið fram í deildinni breytingartill., sem mundi verða málinu til falls, ef hún næði fram að ganga. Þessi breytingartill. h. 5 þingm. er, eins og h. þm. N.-Þing. (J. J.) hefir tekið fram, alveg nýtt frumv., þar sem hún fer fram á, að láta landssjóð leggja til allt fjeð og setja brúartoll á alla þá, sem brúna nota. Þegar málið var fyrir h. efri deild, kom brúartollurinn til tals, en þar voru allir honum mótfallnir, nema sá, sem upp á honum stakk, enda eru þeir tollar mjög illa liðnir, og allsstaðar verið að afnema þá, því mönnum þykir, eins og von er á, mjög ófrjálslegt, að mega ekki ganga um

alfaraveg nema fyrir borgun; menn verða líka að gæta að því, að ef tollur er lagður á brúna, þá hefir það mikinn kostnað í för með sjer, því að einhver þarf að innheimta tollinn af þeim, sem um brúna fara, og sá, sem það gerði, yrði að vera til staðar dag og nótt til að ljúka upp brúnni og taka á móti peningunum; kostnaður sá, sem af þessu leiddi, mundi verða mjög mikill, því að eigi mundi hægt að komast af með minna en 2—3 menn til að gæta brúarinnar stöðugt. Jeg get ekki heldur sjeð, að meiri ástæða sje til að leggja toll á brýr en á nýja og góða vegi, því að vegir og brýr er hvorttveggja til að efla samgöngur og ættu að standa öllum jafnopið. Jeg get því ekki verið þessari breytingartillögu hlynntur, því að jeg álít, að hún verði til að fella frumv., ef hún verður samþykkt, og þykir mjer óliklegt, að hún nái staðfestingu, þótt svo kynni að fara, að hún kæmist gegn um þingið.

Aptur á móti get jeg vel fallizt á breytingartill. h. þm. Mýr. (Á. J.) og 4 annara h. þingm., þar sem farið er fram á að færa niður tillag landssjóðs, en auka að sama skapi það sem sýslufjelögin leggja til. Þetta er eigi ósanngjarnt, því að ferjutollar þeir, sem nú eru greiddir, munu fullkomlega svara þeirri afborgunarupphæð, sem breytingartill. vill leggja á sýslufjelögin, og finnst mjer eigi meira en skylt, að sýslufjelögin leggi árlega til það, sem sparast í ferjutoll, eptir að brúin er komin á. Jeg er því með þessari breyt.till., og get jeg ekki skilið, að h. efri deild felli frumv., þótt þessar breytingar væru á því gerðar, nje heldur að sýslufjelögin hætti við fyrirtækið, ef þeim er það á annað borð kappsmál.

Að því er snertir breytinguna við 3. gr. frumv., þá skal jeg geta þess, að jeg er h. uppástungumönnum samdóma um, að rjettara sje að skipta niður rentum og afborgunum á þann hátt, sem þar er farið fram á.

Breytingartill. nr. 248 við 1. gr. vona jeg að ekki verði samþykkt, því að það er komið undir kringumstæðunum og ástæðum landssjóðs, hvort hann getur látið úti svo mikið fje í bráðina, og þess vegna rjettara að halda orðinu »má« í 1. gr.

Jeg skal svo ekki orðlengja um þetta meir, en leyfi mjer að mæla sem bezt með frumv., með þeim breytingum, sem jeg hefi talið heppilegar.

Þorsteinn Jónsson: Jeg vildi lýsa því yfir, að jeg er þessu brúargerðarmáli hlynntur, eins og flestir h. þingdm. og munu vera. Jeg álít, að öll sanngirni mæli með því, að landssjóður styrki þessi hjeruð til að efla samgöngur hjá sjer, einkum þar sem þau að mestu fara á mis við allan þann hagnað, sem leiðir af gufuskipaferðunum kring um landið. Hjer er líka að ræða um tvö aðalhjeruð landsins, þar sem eru til samans um 12000 íbúa.

Jeg óttast nú reyndar, að frumv. h. Ed. muni ekki komast í gegn um þessa deild óbreytt, sem jeg þó helzt hefði óskað, og því held jeg að jeg greiði atkvæði með breytingartillögu 5 h. þm. á þingskjali 175, því jeg álít enga frágangssök, að ganga að því, sem þar er farið fram á; en helzt vildi jeg þó, að frv. næði óbreytt fram að ganga.

Jeg vona, að það verði þinginu til frægðar, ef það samþykkir þetta mál.

Einn h. þingm. í Ed. mun hafa haft það á móti þessu máli, að það væri ekki gott til eptirdæmis: að fleiri mundu koma fram og biðja landssjóð að styrkja brúargerðir. Jeg óttast nú þetta ekki svo mikið, enda er jeg á því, að landssjóður eigi að styrkja brúargerðir sem víðast, einkum á aðalpóstleiðum. Aptur á móti er jeg mótfallinn breytingartill. nr. 243, og það af sömu ástæðum og hæstv. landsh.

Sömuleiðis er jeg mótfallinn breytingar-

tillögu nr. 248, um að setja »skal« í staðinn fyrir »má«. Eins og frumv. er nú, veitir það landsstjórninni heimild til að verja fje til brúargerðarinnar, sem hún þá sjálfsagt gerir, ef kringumstæðurnar leyfa; en ef sett er orðið »skal« í frumv., eru sýslufjelögin þvinguð til að leggja fram fje til fyrirtækisins, hvort sem þau geta eða ekki.

Benidikt Sveinsson: Aðalefni þessa máls er öllum kunnugt. Eins og hæstv. landsh. tók fram, er þetta mál eitt af mestu áhugamálum manna, að minnsta kosti hjer sunnanlands, enda miðar það til hinna mestu framfara í samgöngum vorum. Jeg vil líka vera máli þessu hlynntur; en þegar kemur til þess, hvað velja skuli af hinu marga, sem stungið er upp á í þessu máli, þá lýsi jeg því yfir, að jeg mun greiða atkvæði með frumv., eins og það kom frá h. Ed. Það eru svo mörg dæmi þess á alþingi, að þegar liðið er á þingtímann, eru breytingar á frumvörpum, sem önnurhvor deildin hefir samþykkt, opt til mesta hnekkis málunum og jafnvel til eyðileggingar.

Það getur vel verið, að mæla megi með breytingartill. 5 h. þingdm., enda hefir hæstv. landsh. eigi álitið, að þær mundu spilla fyrir málinu, og jeg skal gjarnan játa, að jeg væri tilleiðanlegur til að gefa þessum breytingartillögum atkvæði mitt til þess, að bjarga málinu, ef á því stæði; en helzt vildi jeg, að frumv. fengi fram að ganga óbreytt, eins og það kom frá Ed.

Jeg álít það ekkert »princip«-spursmál, hvert eigi að vera hlutfallið milli þess, sem landssjóður leggur til brúargerðarinnar, og þess, sem sýslufjelögin eiga að leggja til hennar. Það geta verið deildar meiningar um það, hvort þau hjeruð, þar sem eru sjerstakar tálmanir fyrir samgöngum, eigi að gjalda þess gagnvart öllu landinu. — Samgöngurnar yfir Suðurland eru fyrir allt landið, og þeir einir, sem búa í þeim hjeruðum, þar sem tálmanirnar eru mestar, eru, að mínu áliti, ekki skyldari en allir aðrir landsmenn til að sigra þessar tálmanir.

Jeg hneigist mest að þessari skoðun; en úr því þingið álítur haganlegt, að skipta kostnaðinum þannig niður á milli landssjóðs og hjeraðanna, sem helzt eiga hlut að máli, þá vil jeg ekki setja mig á móti, til þess að forðast glundroða í málinu. En að vera að hnitmiða niður þetta hlutfall milli landssjóðs og hinna sjerstöku sjóða, það get jeg með engu móti fallizt á, því í raun og veru gengur jafnmikið og sama fjeð til þess, frá landsins sjónarmiði, hvort sem það er allt tekið úr landssjóði eða ekki, og ef lögð er of þung byrði eða gjöld á viss hjeruð, þá hlýtur ástandið að verða þeim mun verra í þessum hjeruðum, og við það líður eðlilega allt landið. Jeg vona, að h. flutningsm. framfylgi ekki breytingartillögum sínum, því jeg vil ekki að ruglingur komist á málið, sem allir að öðru leyti hafa mikinn áhuga á.

Þórarinn Böðvarsson: Mjer skilst svo sem breyt.till. nr. 243 eigi formælendur fáa hjer í þingd., og hafa þær fengið harðan dóm, sjer í lagi hjá hæstv. landsh. — En dómur hans fór allur í eina átt, þá átt, að þær spilltu fyrir málinu, þ. e. frumvarpinu. Hæstv. landsh. hefir ekki tekið fram aðrar ástæður, enda ímynda jeg mjer, að hann hafi vitað, að þessi eina ástæða dygði til að fella þessar breytingartill.

Jeg hefi verið þessu máli hlynntur frá því það kom fyrst til tals á þingi 1875; en jeg vil fara þann veg, sem jeg álít skynsamlegan.

Jeg skal nú taka frumv. fyrir og gera nokkrar athugasemdir við það, og mjer skyldi þykja vænt um, ef hæstv. landsh. vildi leiðrjetta mig, ef jeg færi villt.

Í 1. gr. segir, að verja »megi« allt að 40000 kr. úr landssjóði til brúargerðarinnar. Það »má« verja þessu fje því að eins, að sýslufjelögin og jafnaðarsjóður Suður-

amtsins leggi fram allt að 20000 kr. En ef nú þessar 40000 og 20000 kr. ekki duga til brúargerðarinnar, hvað á þá að að gera? Landssjóður má ekki leggja fram meira fje en þetta, og að eins með þessum skilyrðum.

Þegar nú breytingartill. okkar eru bornar saman við frumv. í þessu efni, þá eru ákvæðin þó hreinni hjá oss. H. þingd. er líka áður búin að lýsa því yfir, hver eigi að vera aðalreglan við kostnaðinn á aðalpóstleiðum, því eptir frumv. því »um vegi«, sem þingdeildin samþykkti, á allt landið eða landssjóður að leggja þann kostnað fram. Þessi er að mínu áliti hin rjetta meginregla. En það, sem hjer er um að ræða, er stórvirki, sem landssjóður getur ekki tekið að sjer sem stendur, án alls endurgjalds. Hann verður að fá það endurgoldið, að meiru eða minna leyti með tolli. Hitt er ekki rjett, að kostnaðurinn lendi á jafnaðarsjóði Suðuramtsins, þ. e. á þeim mönnum, sem eiga flest skip í Gullbringusýslu, eða flestar ær og kýr í Borgarfjarðarsýslu. Ekki svo að skilja, að þá muni um þetta; en krafan er óeðlileg. Þess ber að gæta, að hjer munu koma margar bænir um brýr á eptir. Vonandi er, að á næsta þingi verði beðið um fje til brúargerðar á Þjórsá o. s. frv. — Þingið verður þá eptir sömu reglu að leyfa landsstjórninni að leggja fram fje til þess, að einhverju leyti á móts við gjald af lausafje manna í Suðuramtinu. Þetta er meginregla, sem jeg fyrir mitt leyti verð að mótmæla að sje rjett. Sú eina meginregla, sem hjer ætti að gilda, er sú, að landssjóður kosti brýr á stórárnar að öllu leyti.

Þegar jeg þá kem til mótmæla hæstv. landsh., þá skildist mjer, að næst aðalástæðunni, þeirri, að breytingartill. hindruðu framgang málsins á þessu þingi, væri sú ástæða móti breytingartill., að allir í h. Ed. væru mótfallnir brúartolli. En jeg met það meira, að menn fyrir austan ána eru ekki mótfallnir slíkum tolli. Það er gömul sögn, og mun satt vera, að ferjumaðurinn í Óseyrarnesi hafi haft meira upp úr ferjutolli á ári, en sýslumaðurinn í Árnessýslu hafði í laun, áður en launalögin komu út og launin voru færð niður. Jeg ímynda mjer líka, að menn mundu vilja vinna til að borga eigi litlu hærri toll fyrir að þurfa eigi að taka ofan af hestum sínum og ekki einu sinni fara sjálfir af baki við þessa á. Hæstv. landsh. gat þess að vísu, að ferjutollar væru nú alstaðar að leggjast af; en vjer getum ekki farið eptir því, sem fram fer hjá öðrum þjóðum. Flestar aðrar menntaðar þjóðir eru svo langt komnar með allar samgöngur, og svo auðugar, að þær þurfa ekki að taka slíka tolla, og þó eru þeir mjög víða enn.

Hæstv. landsh. sagði enn fremur, að maður yrði að vera við brúna nótt og dag allt árið, ef hver, sem yfir færi, ætti að greiða toll. Þetta er þá ekki meira en ferjumaðurinn þarf að gera nú. Jeg ætla líka, að það það sje bær við ána, þar sem fyrirhugað er að leggja brúna, og auðvelt mun að finna upp ráð til að vekja brúarvörðinn í hvert skipti, sem mann ber að hinum brúarendanum.

Jeg held, að landshöfðingi hafi enn fremfremur sagt það, sem mig furðar á, að það væri ekki fremur ástæða til að taka toll af þeim, sem færi yfir brúna, en að taka toll af þeim, sem færi yfir lagðan veg. En þetta er þó allt annað. Til vega er lagt fram fje í fjárlögunum, en hjer er að ræða um stórvirki, sem gera á samkvæmt sjerstökum lögum.

Jeg hefi komið með þessa breytingartillögu til þess að lýsa því yfir, hver vera eigi hin rjetta meginregla við brúargerðir, sem aðrar vegabætur í aðalpóstleiðum, og mig skyldi furða á því, ef h. Ed. ekki sjer eptir á, að þessi meginregla er rjett.

En til þess að það komi enn betur í ljós, að jeg er aðalmálinu hlynntur, þá

ráðgeri jeg að taka breytingartill. mínar og nokkurra annara h. þingdm. aptur, ef jeg verð sannfærður um, að þær verði til þess, að málið gangi ekki fram, því jeg vil ekki, að málið fyrir þeirra sök nái ekki fram að ganga á þessu þingi.

Páll Briem: Menn verða kannske nokkuð langorðir um þetta mál, og skal jeg ekki ædrast út af því, því þetta er mikið mál og vandasamt, og það væri æskilegt, ef menn gætu komið sjer niður á, hvaða frumreglu, »principi«, ætti að fylgja í svona málum.

H. þm. N.-Þing. (J. J.) áleit, að þetta mál væri fyrst og fremst hjeraðsmál. En jeg álít, að það líka snerti allt landið; því þegar einum hluta líkamans líður vel, þá líður líka öllum líkamanum betur. Ef menn nú álíta þetta hjeraðamál, þá á landssjóður að styrkja fyrirtækið, en hjeruðin sjálf að gangast fyrir því. En ef ætti að fylgja þessari reglu í öllum framfaramálum landsins, þá yrði ervitt að finna út, í hvaða hlutfalli kostnaðurinn ætti að leggjast á landssjóð og þau hjeruð, sem einkum hefðu gott af fyrirtækjunum. Ef t. d. kostnaðurinn við gufaskipaferðirnar kring um landið ætti að greiðast eptir þessari reglu, þá yrði að rannsaka, hverjum strandsiglingarnar kæmu sjerstaklega að gagni. Sama er segja um »vegina«, og hvað eina. En jeg er mótfallinn þessari reglu, því sje byrjað að fara eptir henni, þá verður einlægt stríð og stapp út af því, hvað mikið landssjóður skuli leggja til þessa og þessa, og hvað mikið þeir partar landsins, sem sjer í lagi virðast hafa gott af því, sem á að vinna. Þannig hlyti þessi regla að leggja band á allar framfarir í landinu. Þegar því ræða er um slíkt stórvirki, sem þetta, þá vil jeg, að landssjóður kosti það að öllu leyti, í von um, að mönnum í öðrum hjeruðum hugsist að láta framkvæma önnur stór fyrirtæki á landssjóðsins kostnað á tímabilinu eptir næsta fjárhagstímabil. Þannig mætti fje landsins helzt verða að verulegu gangi.

Vegna þess, sem jeg nú hefir sagt, get jeg ekki verið með þeim breytingartill., sem fara fram á að minnka tillagið úr landssjóði, og þegar spurningin er um, að velja milli 965,25 kr. og 1447,88 kr., eða um tæpar 500 kr., sem er ekki meira en lítilfjörlegur launabitlingur, sem eptir harða sókn gengur fram á þingi, þá vil jeg ekki vinna það fyrir einar 500 kr. á ári í 45 ár, að verða því til hindrunar, að málið nái fram að ganga.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg býst við, að umræður þessar hafi ekki mikið breytt sannfæringu manna; jeg finn, hvað uppástungumenn breyt.till. eru í raun og veru málinu hlynntir, af því hvað þeir eru vægir í því að halda þeim fram.

Jeg er hæstv. landsh. þakklátur fyrir, hvað hann var málinu hlynntur, en þó furðaði mig á því, að hann skyldi ganga inn á breyt.till. h. 5 þm.

Jeg er á sama máli og h. þm. Eyf. (B. Sv.) og fleiri þingm., að menn eigi hjer í jafnstóru og miklu velferðarmáli ekki að rífast lengi um ekki fullar 500 kr. á ári; það er ekki stórkostleg upphæð fyrir hjeruðin, en þó enn minni fyrir allt landið eða landssjóð; það dugar hjer ekki að hnitmiða niður krónur og aura, þegar um einhver framfarafyrirtæki er að ræða, því það er apturhald, og með því verður aldrei neitt stórt gert, eða bera þetta saman við gufuskipaferðir eða því um líkt; þar til heyrði þá, að vega og meta, hvað hver sveit og hjerað hefði gagn af gufuskipsferðum eða jafnvel hver maður; aðalspurningin er aðalmálið: eigum vjer eða á þingið að gera mikið eða lítið?

Jeg ætla svo ekki að tala fleira að þessu sinni, en treysti því, að enginn hafi fallið frá á þessum freistingartíma.

Grímur Thomsen: Þetta mál er gamall kunningi vor hjer á þingi; árið 1879 var það lagt til, að bæði Þjórsá og Ölvesá væru brúaðar; og það sýndist eðlilegt og

sanngjarnt, að suðurströnd Íslands fengi nokkurs konar — jeg vildi segja — uppbót gagnvart því gagni, sem hinar strendur landsins hafa af gufuskipsferðunum kring um landið. Síðan hefir þetta mál allt af verið til meðferðar á þinginu; allir hafa kannazt við nauðsyn þessa fyrirtækis, en á hina hliðina óttazt kostnaðinn.

Ef jeg væri sannfærður um, að þetta mikla og góða fyrirtæki næði fram að ganga, og það sem fyrst, þá mundi jeg hafa greitt atkvæði með því; en hjer stendur að eins »má» gera brú; það er að eins veitt heimild til þess, sem svo stjórninni er innan handar að nota eða láta vera að nota; frv. fer því að minni ætlun of stutt, og kemur ekki að tilætluðum notum eptir tilgangi uppástungumanns. Hjer á hið sama sjer stað, sem við lagaskólafrv., að stjórninni eða fjárhagsvaldinu er í vald gefið, hvort lögin koma til framkvæmdar eða ekki. Jeg er því alveg samdóma h. þm. Rangv. (Þ. Bj.), að hjer ætti að standa »skal» í staðinn fyrir »má»; því annars er jeg hræddur um að þau gæði, sem þessi hjeruð eiga að hafa af þessum lögum, falli ekki í þeirra skaut á þessu næsta fjárhagstímabili; því hvar getur landsstjórnin á þeim tíma tekið 20–30 þús. kr.? Og þó jeg sje málinu hlynntur og skuli gjarnan gefa frv. atkvæði mitt, ef flutningsmönnum þess er mjög hugarhaldið að það komist fram, þá verð jeg að álíta, að heppilegra mundi hafa verið að geyma málið til næsta þings. — Breyt.till. á þingskjali 175 játa jeg að sjeu heldur til bóta.

Benedikt Sveinsson: Mjer þótti mjög vænt um að heyra það af vörum h. varaforseta (Þ. Böðv.), að hann ætlaði að taka sínar breyt.till. aptur. Jeg hef alveg sömu skoðun, og vildi, eins og jeg tók áðan fram, helzt fylgja sömu frumreglu (»princip») í þessu máli, sem hann, að það sje landssjóðurinn einn, sem eigi að standa straum af þessum kostnaði, en þessi skoðun getur ekki rutt sjer til rúms nú þegar; skoðunum þingmanna er nú einu sinni svo varið enn sem komið er; en það er þó hörmulegt, ef rjett frumregla í einhverju miklu máli miðar því til falls og hnekkis, af því að hún getur ekki rutt sjer til rúms. En jeg vil benda hinum h. varaforseta á annað atriði í breyt.till. hans.

Þetta »princip», sem við erum samdóma um, kemur ekki sem bezt heim við síðari hluta breyt.till., þ. e. brúartollinn, því afleiðingar brúartollsins verða þær, að kostnaðurinn við brúargjörðina lendir, þegar öllu er á botninn hvolft, einungis á þeim, sem yfir brúna fara; landssjóður lánar að eins fjeð, en þeir, sem fara yfir brúna, borga allt. Þá er hið fagra »princip» varaforseta farið að verða nokkuð meingað; þetta gerir, að jeg get ekki fallizt á breyt.till. h. varaforseta.

Að öðru leyti er jeg alveg á sama máli og h. þm. Borgf. (Gr. Th.) um það, að frv. fari of stutt, að því leyti sem það að eins veitir heimild til að brúa ána, en þar sem hæstv. landsh. hefir skýlaust lýst því yfir, að hann sje málinu hlynntur, þá efast jeg í engan máta um, að stjórnin í þessu máli, sem er sannarlegt samgöngumál, fari fyllilega eptir tillögum hæstv. landsh., ef fje landsins leyfir; lengra verður ekki farið. Frv., eins og það er, og yfirlýsing hæstv. landsh. er næg trygging fyrir því, að þessu verði framgengt á næsta fjárhagstímabili, ef fje er fyrir hendi; annars yrði það ekki, þótt hjer stæði »skal» í staðinn fyrir »má».

Þórarinn Böðvarsson: Jeg lýsi því þá skýlaust yfir, að jeg tek breyt.till. mínar aptur, með góðu leyfi þeirra, sem með mjer hafa skrifað undir þær. Jeg mótmæli algjört því princips-leysi, sem lýsir sjer í þessu frv. frá h. Ed., og framvegis mun jeg ekki gefa slíku frv. atkvæði mitt; en af því jeg er málinu hlynntur, mun

jeg greiða atkvæði með því, og sömuleiðis með breyt.till. á nr. 175, sem jeg vona að ekki verði til að spilla frv.

En jeg vil biðja h. þm. Árn. (Þ. G.) og aðra h. þingm. að athuga, hvað liggur í 1. gr. frv.; eptir henni getur fjárframlagið ekki orðið meira en 60,000 kr.; en ef það svo ekki dugar, hvað tekur þá við? Landsstjórninni er ekki veitt heimild til að leggja meira til en 40,000 kr., og ekki til að lána meir en 20,000 kr.

En jeg tek það fram aptur, að landssjóður ætti einn að standa straum af þessari brúargjörð, þar sem hún er á aðalpóstleið, en þar eð hagur landssjóðsins er slæmur nú sem stendur, höfum við ráðið til að leggja á brúartollinn, en ekki af öðrum ástæðum.

Árni Jónsson: Jeg vona fastlega, að breyt.till. okkar 5 þm. fái fram að ganga, sjerstaklega þar sem hæstv. landsh. var þeim svo meðmæltur, og treysti jeg því fullkomlega, að það verði ekki málinu til tálmunar, og jeg vona, að h. þm. Eyf. (B. Sv.) gefi breyttill. atkvæði sitt, þegar hann áttar sig betur.

Jeg get ekki verið samdóma þeim h. þm., sem hafa borið þetta saman við gufuskipaferðirnar; þær eru kring um allt land, og fyrir allt landið, þótt sum hjeruð hafi meira gagn af þeim en önnur, en það er varla hugsandi, að sú á verði brúuð, sem allt landið hafi gagn af.

Jeg get engan veginn verið á sömu skoðun og h. þm. Snæf. (P. Br.), að það sje til að leggja band á slík fyrirtæki, ef þau sjeu eigi eingöngu kostuð af landssjóði. Mjer virðist einmitt það gagnstæða muni koma fram með tímanum, því að ef landssjóður kostar slík fyrirtæki einn, og landsmenn sjálfir leggja ekkert beinlínis til, þá verða fyrirtækin færri, sem framkvæmd verða, því ef landssjóður þarf eigi að kosta þau nema að helmingi, þá verða þau þó helmingi fleiri af hendi leyst. Og jeg held það væri tilvinnandi fyrir hlutaðeigendur, að leggja nokkuð fram sjálfir. Það er nærri því undarlegt, að hjeruðin skuli ekki sjálfkrafa hafa komið fram með neitt tilboð um, hve mikið þau sjái sjer fært að leggja til, því þegar reiknaður er allur farartálmi og skaði, sem af þessum ám getur hlotizt, og allt það, sem gengur í ferjutolla yfir þær, þá mundi það víst tilvinnandi fyrir hjeruðin, að leggja talsvert fje til slíkra fyrirtækja, sem hjer er um að gera.

H. varaforseti kom með ágætt dæmi því til sönnunar, þar sem hann sagði, að að eins einn ferjumaður hefði árlega haft eins mikla—eða jafnvel meiri—tekjur en sýslumaðurinn í Árnessýslu fyrrum, eða c. 5000 kr. á ári. Mundi nú ekki hjeraðsbúum bersýnileg hagsbót að því, að fá brúna, þótt þeir yrðu að greiða rúmar 1400 kr. í nokkur ár?

Jeg skildi ekki vel mótbáru h. þm. Borgf. (Gr. Th.) á móti orðinu »má»; hann vildi hafa »skal», en talaði þó um, að ekki mundi mögulegt að leggja fram fje til þessa fyrirtækis; þá er betra, að lögin veiti heimild, en að þau skyldi landsstjórnina til þess að takast þetta á hendur, hvort sem fje er til eða ekki; og fyrst hæstv. landsh. er málinu hlynntur, álít jeg enga hættu við það, þó frv. sje að þessu leyti samþ. óbreytt.

Að svo mæltu leyfi jeg mjer að mæla sem bezt fram með þessum breyt.till. okkar 5 þm., og vona, að þær verði engan veginn málinu til tálmunar.

Jónas Jónassen: Jeg ætla að eins með fáum orðum að lýsa því yfir, að mjer þótti mjög vænt um að heyra orð varaforseta, og jeg er, eins og líka allir hafa játað, sannfærður um, að ef nokkurt mál er almennt áhugamál, þá er það einmitt þetta mál, að brúa þessa á og Þjórsá, og mjer þótti einnig mjög vænt um, að varaforseti tók sína breyt.till. aptur, því jeg er hræddur um, að hún hefði orðið til að spilla fyrir málinu, eins og nú stendur á.

Þessi á er eigi einasta örðug og kostnaðarsöm fyrir menn, heldur einnig sönn plága fyrir skepnur, sem eru lagðar til sunds í hana nærri hvernig sem veður er, svo einnig fyrir þær væri það, að brúa hana, sannur velgjörningur.

Það hefir þegar verið sagt og einnig komið fram í blöðunum, að þetta þing afkasti litlu, sem gagn sje í, en það yrði ekki lengur hægt að segja, ef þetta frv. yrði að lögum, því þó ekki kæmi nema það eitt frá þinginu, yrði ekki sagt, að það hefði litlu góðu til vegar komið, því þetta mundi mælast mjög vel fyrir meðal alls almennings.

En varaforseti talaði um, hvernig fara mundi, ef það sje, sem hjer er tiltekið, ekki reyndist nóg, en það er tiltekið eptir áætlun, sem telja má nokkurn veginn áreiðanlega, því Hovdenak vegfræðingur sagði, að slík brú mundi kosta 50—60 þús. kr., og eigi meira, og má ætla, að hann hafi vit á því, enda held jeg varla verði vandræði úr, þó svo kynni að fara, að brúin kostaði 2 til 3000 kr. meira. En jeg er ekki á því, að sveitirnar eigi að leggja neitt til þessa verks, því það væri sama sem að leggja toll á þær; en það væri miklu nær að leggja toll á allt landið, til þess að koma fram slíku stórvirki; þess vegna vil jeg, að landssjóður einn kosti þetta, og svo sje enginn brúartollur lagður á; menn geta getið því nærri, að sá tollur yrði að vera nokkuð hár, og mundi þykja leiðinlegur og ósanngjarn.

H. þm. Borgf. sagði, að eptir frv. væri ráðgjafanum innan handar að draga framkvæmd þessa verks; en jeg ímynda mjer, að hann í þessu efni fari mest eptir till. landsh., og vjer höfum allir heyrt, hve hlynntur hann er þessu máli.

Árni Jónsson: Jeg ætla að eins að gera stutta athugasemd út af orðum h. þm. Rvk. (J. J.). Það sem hann sagði, var reyndar ekkert nýmæli; því hefir opt áður verið hreyft.

En ef svo væri, að landssjóður ætti einn að kosta allar slíkar framkvæmdir, án þess hjeraðsbúar tækju nokkurn þátt í þeim, þá koma til greina hin ýmsu atvik og ástæður, þörf og nauðsyn þessa fyrirtækis, í sambandi við hin önnur, sem fyrir hendi eru. Því að þá eiga öll þau hjeruð, sem að aðalvegum liggja, sama rjett á, að sínar kærur sjeu teknar til yfirvegunar og athugunar. En hitt er ljóst, að allar stórár á landinu verða þó eigi brúaðar á sama fjárhagstímabili. Nú hefir í sumar komið bænarskrá til þingsins um, að brúa Jökulsá í Axarfirði; hún er líka vatna-vatnsfall, önnur lengsta á á landinu, og hvergi reið fjalls og fjöru í milli, og þannig mundi koma hver bænarskrá á fætur annari.

Jeg skil ekkert í, að menn skuli eigi vera fyrir löngu búnir að sjá, að það getur hvorki verið happasælt nje hentugt, að gera það að meginreglu, að landssjóður geri slíkt á sinn eigin kostnað að öllu leyti. Sjerstaklega skil jeg ekki, að þeir þingm. skuli fylgja því fram, sem þó eru á móti öllum tollum og sköttum, og mætti þó vera fullkunnugt um, hvernig fjárhagurinn horfir nú. Og sjerstaklega er það merkilegt, að h. þm. Rvk. skuli segja, að það sje að leggja toll á hjeraðsbúa, þótt þeir styðji nokkuð að þessu fyrirtæki, þar sem það hefir verið sýnt og sannað, að það miðar til þess að ljetta á þeim þungri byrði, ærnum farartálma, og þungum tolli, þ. e. ferjutollinum. H. þm. þykir sanngjarnara að leggja toll á norðursýslurnar eptir fjárskaðana og fellinn í vor; en það get jeg engan veginn ætlað rjett að vera. Þess má einnig geta, að Vestur-Skaptfellingar hafa í fundargjörðum sínum lagt á móti því, að þessar brýr væru eingöngu kostaðar af landssjóði. Mjer virðist það í

alla staði sanngjarnt, að þær sýslur, sem hlut eiga að máli, taki þátt í kostnaðinum, því bæði mundu þær sjálfar hafa langmestan hag af brúargjörðinni, og eru auk þess nú sem stendur farsælustu sveitir á landinu. Mjer sýnist það því alls eigi sanngjarnt, að leggja svo gott sem skatt á hallærishjeruðin til að hjálpa þeim. Jeg tek það upp aptur, sem jeg sagði áðan, að mig furðar stórum á því, að þær eigi þegar fyrir löngu skuli hafa komið sjálfar með þá ósk og beiðni, að landssjóður að eins veitti sjer styrk til að brúa árnar, en sjálfar boðizt til að bera ákveðinn hluta kostnaðarins. Þá held jeg þetta mál hefði gengið liðugar og heppilegar fyrir hlutaðeigendur, og að líkindum hefði það þá verið til lykta leitt fyrir löngu síðan.

Sigurður Stefánsson: Jeg skal taka það fram, að jeg skrifaði eigi undir breyt. till. okkar í því skyni, að spilla fyrir málinu, heldur var það mín meining, að eins og fjárhagur landsins nú er, væri bezt að fara að öllu varlega, sökum þess, að ætla mætti, að fleiri kæmu á eptir, úr því byrjað væri; en jeg efast stórlega um, að landssjóður geti næstu ár tekið mörgum slíkum bænarskrám tveim höndum, þótt þingið fegið vildi. Það ætti ekki heldur að letja menn til að samþykkja breyt.till. vora, að hæstv. landsh. lýsti því yfir, að hann væri henni eigi mótfallinn. Ekki get jeg heldur hugsað, að h. Ed. mundi fella frv., þó hún kæmist að, allra sízt þegar jeg hugleiði, hvernig hún hefir farið með tollafrumv. hjeðan úr deildinni, því það væri næsta kynlegt, ef hún felldi frv. fyrir þá sök, að nokkru minna væri lagt úr landssjóði til brúargjörðarinnar, þegar hún er alveg nýbúin að ræna landssjóð mörg þúsund kr., með því að fella tollfrumv. Þess vegna er jeg ekkert hræddur um, að breyt.till. vorar felli frumv., en þar á móti smeykur um það, ef þær falla.

ATKVÆÐAGR.:

Breyt.till. Þorv. B. við 1. gr. felld með 17 : 2 atkv.

Breyt.till. 5 þm. við sömu gr., fyrri málsgr., felld með 12 : 9 atkv.

Breyt.till. sömu þm. við sömu gr., síðari málsgr., felld með 13 : 5 atkv.

1. gr. óbreytt samþ. með 15 atkv.
2. gr. —— — — 13 —
3. gr. —— — — 16 —

Breyt.till. 5 þm. við 4. gr. felld með 11 atkv.

4. gr. óbreytt samþ. með 16 atkv.
5. gr. —— — — 16 —

Frumv. óbreyttu vísað til 3. umr. með 16 atkv.

Frumv. til laga um þingfararkaup alþingismanna (292); 2. umr.

Sigurður Stefánsson: Við 1. umr. þessa máls ljet jeg í ljósi efasemdir um, að þetta frv. væri eins þarflegt og tilgangurinn mundi vera góður, og lýsti því jafnframt yfir, að jeg mundi eigi geta gefið því atkv. mitt.

Jeg hefi nú eigi orðið var við, að neinn hafi komið með breyt.till. við það, og heldur ekki fundið ástæðu til að gera það sjálfur, af því mjer þótti frv. eigi viðhjálpandi.

Jeg álít, að það eigi alls ekki við, að setja lög um slíkt.

Samt sem áður hefi jeg kynnt mjer hinar einstöku greinar frumv. og í flestum þeirra fundið eitthvað það, sem menn kalla ómögulegt.

Landinu er skipt niður í hjeruð, sem frv. kallar þingfararhjeruð; þau eru 24, og skal jeg með nokkrum dæmum reyna að sýna, hve vel Ed. hefir tekizt að ákveða kostnaðinn úr hinum einstöku hjeruðum.

Úr 1. hjeraði á hann að vera 9 kr., úr 2. hjeraði 24 kr., og þó er ekki nema

fárra mínútna ferð milli Kollafjarðar, sem er næsti bær í 2. hjeraði, og Skeggjastaða, sem er fjærsti bær í 1. hjeraði.

Í 10. hjeraði eru stífar 2 dagleiðir milli næsta og fjærsta bæjar, þ. e. Þingmúla í Skriðdal og Desjarmýrar í Borgarfirði; þó fær þm. jafnt kaup frá hverjum þeirra sem hann fer; þetta er nú ef hann fer sunnanlands, en það munar 3 dagleiðum, ef hann fer norðanlands. Í 16. hjeraði er munurinn fullar 2 dagleiðir, eptir því hvort þm. er í Höfnum á Skaga eða á Stað í Hrútafirði; þó er kaupið hið sama. Úr 13. hjeraði getur munurinn einnig verið fullar 2 dagleiðir. Úr 17. hjeraði munar 1—1½ dagleið; úr 18. hjeraði getur það munað 2½ dagleiðum; samt er kaupið jafnt.

Þetta hygg jeg sje nóg til að sýna, hve ómögulegt og ókleyft það er, að setja lög um þetta efni.

En látum nú þetta sem undan er komið gott heita, það kynni að vera mögulegt að lagfæra það; en allar greinir sem koma eptir 4. gr. eru hjer um bil eintómar undantekningar frá 4. gr., svo þm. geta gjört reikninga sína svo háa sem þeim lízt, með því að koma sjer á einhvern hátt inn undir undantekningarnar.

Með þessu vil jeg eigi bregða h. Ed. um hroðvirkni, heldur sýna, að hjer er um það efni að ræða, sem lög verða ekki gefin um, svo í nokkru lagi sje.

Í 9. gr. er gjört ráð fyrir, að þm. geti fengið ferðakostnað sinn endurgoldinn eptir reikningi, ef óvæntur farartálmi komi fyrir þá; en fyrst frv. er sprottið af tortryggni við þm., eins og jeg verð að álíta að sje, þá mætti eins tortryggja þá í því, að þeir gjörðu sjer óþarfa farartálma eða segðu hann meiri en hann væri.

Þegar á allt er litið, finnst mjer að virðing hvers einstaks þm. og þingsins í heild sinni sje misboðið með þessu frv. Auk þess mundi þetta líta mjög illa út í augum stjórnarinnar; hún mundi þá fá tilefni til að segja: svona bera íslenzkir þm. gott traust til drengskapar hvers annars. En þótt frv. hefði verið sjálfu sjer samkvæmara en það er og auðugra að föstum reglum, t. a. m. að þingfararkaupið hefði verið fastákveðið án allra undantekninga, mundi það þó engu að síður hafa verið óbrúkandi, því afleiðingin mundi verða sú, ef það yrði að lögum, að menn úr fjarlægum hjeruðum vildu ekki eiga á hættu, að bíða þennan skaða, sem óvænt atvik geta gert þeim á þingferðum þeirra, þætti því eigi tilvinnandi að bjóða sig fram til þingsetu, en menn hjer úr nærsveitunum, og helzt úr Rvík, gæfu kost á sjer til þingmennsku.

Páll Briem: Frumv. þetta hefir nú fengið ærið harðan dóm hjer í deildinni, og jeg er einn í þeirra tölu, sem eigi geta fallizt á það, mest vegna þess, að allt, sem ákveðið er í einni greininni, er tekið aptur í annari.

En samt verð jeg að segja það, að mjer þætti æskilegt, að hægt væri að binda þingfararkaupið föstum reglum, svo þm. vissu, að hverju þeir ættu að ganga í því efni, og gætu sjeð, hve örir þeir mættu vera á fje á ferðum sínum. Það væri víst alveg saklaust, þó ferðakostnaðurinn gæti eigi hjer eptir orðið eins misjafn úr sama kjördæmi, eins og hefir stundum verið úr Húnavatnssýslu, þegar ferðakostnaður annars þm. var 44 kr., en hins 244 kr. Sanngjarnt er, að báðir hefðu sem jafnastan ferðakostnað, og væru svo sjálfráðir, hve miklu þeir eyddu.

Það væri einmitt gott fyrir þm. sjálfa, að þetta gæti orðið ákveðið eptir föstum og sanngjörnum mælikvarða, því það er óneitanlega leiðinlegt, að leggja háan reikning, þó rjettur sje, fyrir þá nefnd, sem ef til vill ekki þekkir nærri nógu vel til leiðarinnar, til þess að vera fær um að úrskurða, hvort reikningurinn er sanngjarn eða ekki. Jeg er ekki vonlaus um, að

bjarga mætti frv. með breytingum, t. d. ef sett væri ákveðið ferðakaup fyrir hverja mílu á landi og sjó; þætti mjer þess vegna gott, ef h. þingdm. vildu leyfa frv. að ganga til 3. umr., svo kostur gæfist að reyna að lappa við það, ef auðið er.

Þórarinn Böðvarsson: Það er víst engin þörf á, að skjóta frumv. til harðari dóms en þess, er það hlaut hjá h. 1. þm. Ísf. (S. St.); en þó má vera, að hann hafi gleymt sumu; samt þótti mjer hann hafa lagt furðumikla rækt við frv., er hann tók á sig það ómak, að kynna sjer svo nákvæmlega, hve óhæf og ómöguleg slík niðurskipting er sem þessi.

H. þm. Snæf. (P. Br.) sagði, að gott væri að hafa fastar reglur, en hjer eru engar aðrar fastar reglur til en þær, sem nú er farið eptir, nefnil. að láta hvern og einn fá fulla borgun fyrir ferðir sínar, og bæði þm. sjálfum og nefndinni er fulltreystandi til að gæta þess, að hafa reikningana sanngjarna.

En þar sem hann talaði um að reyna að bjarga frv., þá held jeg sannast, að það sje Sísyphusar-erfiði, sem ekki borgi sig að eyða tíma til, því þó fastar reglur yrðu settar, mundu þær aldrei verða viðunandi.

Í 3. gr. sje jeg að Ed. hefir myndað nýtt orð, »þingfararhjerað«, en á þessum þingfararhjeruðum verður engin föst regla byggð; ef hún ætti nokkur að vera, mundi líklega tiltækilegast að miða við miðju hvers kjördæmis. En jeg er mótfallinn öllum björgunartilraunum við frv. þetta, því jeg held, að hvorki h. þm. Snæf. (P. Br.) nje nokkrum öðrum takist að bjarga því.

Grímur Thomsen: Jeg vona, að allir h. þingm. sjái, að það, sem nýtt er í frumv. þessu, er ekki gott, og að það, sem gott er í því, er ekki nýtt; því að það, sem gott er og nýtilegt í frumv., er einungis 1. gr., um fæðispeninga alþingismanna, og 8. gr., um að nefnd, sem kosin sje í sameinuðu þingi, úrskurði alla reikninga fyrir ferðakostnaði; en báðar þessar ákvarðanir eru gamlar.

H. þm. Ísf. (S. St.) á hrós skilið fyrir það, að hann hefir gert sjer það ómak, að ganga gegn um alla 3. gr., til að sýna mönnum ósanngirni þessa frumv.; en hvað því viðvíkur, sem h. þm. Snæf (P. Br.) sagði, þá vona jeg að hann sjái, að frumv. er alls eigi viðhjálpandi, og bezt að fella það þegar í stað frá 3. umr.

ATKVÆÐAGR.:

1. gr.	frumv.	samþ.	með	13	atkv.	
2. —	—	felld	—	14	—	: 6.
3. —	—	—	—	12	—	: 5.
4. —	—	—	án atkvæðagr.			
5. —	—	—	með	11	atkv.	: 9.
6. —	—	—	—	13	—	: 5.
7. —	—	—	án atkvæðagr.			
8. —	—	samþ.	með	15	atkv.	: 2.
9. —	—	felld	—	11	—	: 9.
10. —	—	—	án atkvæðagr.			

Frumv. með áorðnum breytingum fellt frá 3. umr. með 11 : 10 atkv.

Frumvarp til laga um lirun í ábúðar- og lausafjárskatti (332); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað umræðulaust til 2. umr. með 18 atkv.

Frumvarp til laga um breyting á 15. grein stjórnarskrárinnar (334); 1. umr.

Benidikt Sveinsson: Jeg skal lýsa því yfir, að jeg er h. efri deild mjög þakklátur fyrir að hafa komið með þetta frumv., og sama daginn, sem h. uppástungumenn komu fram með það, hafði jeg hugsað mjer að leggja sams konar frumv. fyrir h. neðri deild, en jeg álít heppilegra, að það komi frá h. efri deild, því hver og einn veit bezt hvað hjá sjálfum sjer gerist, og efri deild sjálfri hlýtur að vera bezt kunnugt, hvílík nauðsyn er á að hún sje skipuð öðruvísi en nú er. Jeg finn enga ástæðu til að fjölyrða um þetta mál, því öllum hlýtur að vera ljóst, að bráð nauð-

syn sje á, að breyta skipun deildarinnar frá því sem er, þar sem nú er engin trygging fyrir, að nauðsynjamál landsins nái fram að ganga í deildinni, meðan sú óheppilega skoðun ríkir og ræður, að konungkjörnir þingm. eigi að skoða sig sem fulltrúa stjórnarinnar, og þar af leiðandi að standa andvígir hinum þjóðkjörnu þingm. í ýmsum velferðarmálum þjóðarinnar; þessi skoðun er náttúrlega röng, og jeg segi fyrir mig, að þegar mjer var veittur sá sómi, að vera konungkjörinn þingmaður, þá skoðaði jeg alls ekki stöðu mína svo, að jeg væri skyldur til að fara eptir vilja stjórnarinnar í öllu, heldur skoðaði jeg mig sem fulltrúa þjóðarinnar, og áleit mjer skylt að halda fram þjóðarinnar skoðun og því, sem henni væri fyrir beztu, eins og hinir þjóðkjörnu þingmenn. En þessi skoðun á málinu hefir ekki orðið ofan á, heldur hefir sú hugmynd allt af gengið sem rauður þráður gegn um hin ráðgefandi og löggefandi þing, að hinir konungkjörnu þingmenn eigi að vera á stjórnarinnar bandi, eins og þeir þjóðkjörnu á þjóðarinnar, og þar sem þessi ranga skoðun er orðin svo föst og rótgróin, þá er nauðsynlegt að breyta því fyrirkomulagi, sem nú er, enda er það og bezt fyrir báða málsaðila, að það sje gert.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta meira, en vona, að h. deild taki fegins hendi móti frumv., og samþykki, að það gangi til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frumvarp til laga um uppeldi óskilgetinna barna (342); 3. umr.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Frumv. þetta liggur hjer fyrir eins og það var samþykkt við 2. umr. nær því í einu hljóði; síðan er engin breytingartillaga fram komin, og finn jeg þess vegna ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið, en treysti því, að h. þingd. samþykki frumv., með því það er til verulegra bóta.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. í einu hljóði, og síðan sent Ed.

Frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar á Vík í Vestur-Skaptafellssýslu (174); 3. umr.

Flutningsmaður (Ólafur Pálsson): Af því að frumv. þetta hefir fengið svo góðar undirtektir hjá h. þingd. við hinar fyrri umræður, skal jeg ekki fara fleiri orðum um það, heldur að eins láta þá von mína í ljósi, að hin h. þingd. samþykki það.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 20 samhljóða atkv.

Áætlun um strandferðir 1888 og 1889 (321); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. í einu hljóði að hafa tvær umræður.

Tillaga til þingsályktunar í Fensmarksmálinu (340); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. án atkvæðagr. að hafa eina umr.

Fertugasti og annar fundur, þriðjudag 16. ágúst á hádegi.

Frumv. til laga um búnaðarkennslustofnanir (352); 3. umr.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Það er hvorttveggja, að jeg er eigi vel upplagður til að tala mikið í dag, enda ætla jeg eigi þörf á að fjölyrða um þetta mál. Jeg vona, að allir þingdm. álíti þetta svo alvarlegt og þýðingarmikið mál, að þeir þegar hafi íhugað það vandlega, og skilji, að í frumv. þessu er fólgin almenn upphvatning til að feta þann rekspöl í búnaði og búnaðarlegri menntun, sem byggður er á sanngirni og rjettlæti fyrir öll sýslufjelög landsins, en lætur þau að

öðru leyti sjálfráð um það, hvort þau nota sjer hann eða ekki.

Jeg vona því, að h. þingdm. lofi frumv. að bíða forlaga sinna í Ed., hver sem þau svo verða. En hvernig sem fer, er það mín huggun, að eptirkomendurnir munu í öllu falli líta allt öðrum augum á þetta mál, en þeir, sem nú kunna að vera því mótfallnir, án þess að hafa rjettilega íhugað það.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 13 atkv., og síðan sent Ed.

Frumvarp til viðaukalaga við útflutningalögin 14. jan. 1876 (345); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. umræðulaust með 20 atkv., og sent Ed.

Frumvarp til laga um stofnun lagaskóla (351); 3. umr.

Benidikt Sveinsson: Ef jeg gæti ímyndað mjer, að jeg þyrfti að óska þess, að frumv. þetta yrði samþykkt, þá mundi jeg sannarlega gera það, en af því jeg er þess fullviss, að það á svo ágætan talsmann í brjósti hvers einstaks þingdm., þá ætla jeg að spara mjer öll orð um málið, og fela það óhræddur atkvæði þeirra.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 20 atkv., og endursent Ed.

Frumvarp til viðaukalaga við lög um horfelli á skepnum (315); 1. umr.

ATKVŒÐAGR.: Frumv. fellt með 18 atkv.

Frumvarp til laga um unglingakennslu (316); 1. umr.

Ólafur Briem: Það verður eigi annað sagt, en að þetta þing hafi sýnt mikinn áhuga á þeim málum, er miðað hafa til að efla menntun alþýðu; en þrátt fyrir þennan áhuga hefir enn eigi tekizt, að semja lög um þetta efni. Samt sem áður verður eigi álitið, að þær tilraunir, sem gerðar hafa verið í þessa stefnu, hafi orðið árangurslausar, því jeg þykist viss um, að hugmyndir margra þingdm. um þetta mál hafi skýrzt við umræður þær, sem fram hafa farið, og að þessar tilraunir geti því orðið málinu til fyrirgreiðslu á sínum tíma. Þetta alþýðumenntunarmál er eitt af því, sem þó það liggi í láginni um stundarsakir, innan skamms rís upp aptur með nýjum krapti. En vitaskuld er, að þetta er vandamál og erfitt til úrlausnar. Vegirnir geta verið margir, og misjafnir dómar um, hver þeirra sje heppilegastur.

Í frumv. þeim, sem fallið hafa hjer á þinginu, hefir því verið haldið fram, að auka uppfræðsluskylduna, og í annan stað að fjölga skólum. Hvorttveggja þetta hefir mætt mótbárum, enda hefir það sjerstaklega verið haft á móti fjölgun fastra skóla, hve mikinn kostnað slíkar stofnanir hlytu að hafa í för með sjer, bæði fyrir landssjóð og hlutaðeigendur. En víst er um það, að í hvaða formi, sem þessu máli er fram haldið, þá mun það hljóta að hafa talsverðan kostnað í för með sjer, og þá kemur að nokkru leyti í sama stað niður, af hvaða sjóði fjeð er borgað, hvort það er úr landssjóði, sýslusjóði eða hreppssjóði; niðurstaðan verður ávallt sú, að útgjöldin lenda á almenningi. En vinsælast mun verða, að leggja nokkuð úr landssjóði, hvort sem mönnum svo sýndist að binda það framlag því skilyrði, að sveitirnar einnig legðu fram ákveðna upphæð í hlutfalli við styrkinn úr landssjóði, eða þá að láta hjeruðin sjálfráð um framlag sitt.

Jeg álít ekki heppilegt, að stofna að svo stöddu sveitaskóla í stórum stíl og binda þá föstum reglum, því bæði yrði það mjög kostnaðarsamt að koma þeim á fót, og svo er óvíst, hve vel þeir yrðu notaðir, vegna erfiðleikanna að ná til þeirra, enda hefir það sýnt sig, að fjárveiting sú, er fyrir nokkrum árum var heitið til al-

þýðuskóla fyrir heilar sýslur, hefir ekk verið þegin.

Jeg ætla, að skólar muni bezt notaðir, ef þeir eru bundnir við lítið svæði, því þá eiga menn hægast með að ná til þeirra, og þeir kosta minna en ella, enda hagar víða svo til, að ef kennslan færi fram í smáum stíl, t. d. hjá umgangskennara, þá þyrfti ekki að byggja sjerstakt hús, heldur mætti fá viðunandi kennsluhús á bezta bænum í sveitinni.

Á þessu er þetta frumv. byggt; en jeg býst nú við, að sumir kunni að segja, að til þess að því verði fram fylgt eða nokkru verulegu geti orðið ágengt til eflingar unglingamenntun, þurfi miklu meira fje, en það, sem frumv. gerir ráð fyrir. Þetta kann nú að vera satt; en engu að síður virðist mjer þessi tilraun gerandi, því hún miðar til þess að mæta landsmönnum á miðri leið og styrkja viðleitni þeirra. Þessar 20 þúsundir, sem gert er ráð fyrir að landssjóður leggi til, er lítið meira en á borð við tollhækkun þá á tóbaki, sem samþykkt var þjer í deildinni um daginn, og þó fjárhagurinn sje allerfiður nú sem stendur, þá getur þó þetta eigi álitizt neitt gífurlegt fjárframlag, ef von væri um nokkurn verulegan árangur. Það hvatti oss einnig til að koma með frumv. þetta, að í fjárlagafrumv. er gert ráð fyrir nokkrum styrk, er nota skal á líkan hátt og hjer er til ætlazt; en þess háttar fjárveitingar, sem eiga að vera til frambúðar, er betra að ákveða með sjerstökum lögum, því það veitir þeim meiri festu, heldur en að gera það að eins á fjárlögum í hvert skipti.

Jeg get búizt við, að mörgum þyki þetta frumv. koma of seint, en orsökin til þess er sú, að hjer í deildinni hafa verið til meðferðar 2 frumvörp, er gengið hafa í líka stefnu; átti því eigi við, að koma með frumv. þetta fyr en útsjeð væri um forlög þeirra.

Alþt. B. 1887.

Vil jeg svo æskja þess, að málið fái að ganga til 2. umr., hvað sem svo tekur við.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 12 atkv.

Frv. til laga um friðun á laxi (370, 386); 2. umr.

Framsögumaður (Árni Jónsson): Eins og jeg gat um við 1. umræðu þessa máls, er knýjandi nauðsyn til að breyta þeim laxfriðunarlögum, sem nú eru í gildi.

Ákvæði 1. gr. gildandi laga frá 19. febr. 1886 eru eigi öll sem heppilegust. Þar sem ákveðið er, að öll net skuli upp tekin úr hverri á 36 klukkustundir á hverri viku, þá getur þetta, eins og jeg gat um við 1. umr., komið í bága við þá veiðiaðferð, sem höfð er í hinum stærri ám. Það er eigi mögulegt, að framfylgja þessu ákvæði, því að bæði er það, að í tíðum rigningum hleypur vöxtur í árnar, og um flóð fellur sjórinn sumstaðar svo upp í þær, að ómögulegt er að komast að netunum, og auk þessa er aldrei unnt að taka netin upp, nema með ærnum kostnaði. Það er óhætt að segja, að það gengur ekki svo óvíða heill dagur til að ná netunum upp, og annar dagur til að leggja þau aptur. Tíminn, sem til þessa gengur, örðugleikarnir og kostnaðurinn við það, og þegar svo þar við bætist, að á stundum er alls eigi hægt að ná upp netunum, — allt þetta er orsök til þess, að menn vilja fá ákvæði þessu breytt. Mjer var því falið á hendur, að bera þetta mál upp fyrir mitt kjördæmi. En úr því farið er að stinga upp á breytingu á lögunum í þessu atriði, þá virðist mjer rjett, að lögunum verði um leið breytt í öðrum atriðum, sem eru miður heppileg. Það eru fleiri ákvæði í lögunum, sem menn æskja breytingar á; þar sem jeg þekki til, og eptir þeirri kynningu, sem jeg hefi af stóránum eystra, Ölvesá og Þjórsá, mun haga líkt

til þar og í Hvítá í Borgarfirði. Sjerstaklega virðist öll nauðsyn vera til, að tryggja meira og á fullkomnari hátt friðunina fyrir þennan arðsama atvinnuveg. Það eru sjerstaklega ákvæðin í 2. og 3. gr. frumv., sem miða til að tryggja enn meir en áður friðunina á laxinum. — Þó nú þessi ákvæði sjeu sett í þessu augnamiði, getur sumum máske þótt þau koma í bága við eignarrjett og atvinnufrelsi manna.

Í 2. gr. eru 2 ákvarðanir, sem breyta frá því, sem ákveðið er í gildandi lögum. Í gildandi lögum er ákveðið, að ekki megi leggja net, garða nje aðrar fastar veiðivjelar lengra en út í miðja á, en hjer í frumv. er bannað að setja veiðivjelarnar lengra út en að einum þriðja. Þessi ákvæði koma fram í samkvæmni við það, að hin vikulegu friðun er felld úr 1. gr. í frumv. Nefndin hefir nú aptur á móti ætlað, að eigi væri gerlegt að fella alveg niður hina vikulegu friðun, og jeg skal þá lýsa því yfir, að ef h. þingdm. sýnist þessi ákvörðun nefndarinnar heppilegri, og miða til þess, að málið fái betri framgang, þá gæti verið rjettara, að halda hinni eldri ákvörðun um, að leyfa að leggja veiðivjelarnar út í miðja ána. Breyting í þá átt mætti gera til 3. umr.

Þá eru þýðingarmikil ákvæði í 3. gr., þar sem sagt er, að ádráttarveiði megi eigi viðhafa þar, sem lax býður til hrygningar eða um aðföll fyrir aðalá. Jeg get ekki annað ímyndað mjer, en að allir, sem kunnugir eru laxveiði, göngu, eðli og háttum laxins, hljóti að telja þessa ákvörðun heppilega og nauðsynlega. Það hlýtur að vera öllum ljóst, að ekkert getur verið jafn-skaðlegt fyrir laxveiðina, eins og ádráttarveiði á þeim stöðum, þar sem laxinn nemur staðar til hrygningar. Með ádrætti má sópa þaðan burt allri laxtorfunni, sem þangað hefir leitað, á einum degi. Það eru dæmi til þess, að enginn lax hefir komið tíðar á þá staði, þar sem hann áður hefir lagzt til að hrygna, ef ádráttarveiði hefir verið viðhöfð á meðan hann var þar. Það eru jafnvel dæmi þess, að heilar ár hafa þurkazt upp, þar sem áður var mikil laxveiði, einmitt af því, að stöðvum laxins hefir verið raskað og botninum rótað til. Yfir höfuð er það æfinlega mjög hæpið, að laxinn leiti aptur þangað, sem þannig hefir verið að farið.— Því er auðvitað líkt háttað með laxinn eins og t. d. selinn og æðarfuglinn. Þar, sem mikill ófriður er og friði skepnunnar er raskað, þaðan leitar hún burt, og kemur þangað annaðhvort aldrei aptur, eða þá ekki fyrri en eptir langan tíma. Menn munu máske koma með þá mótbáru, að það sje rangt að fyrirmuna þeim, sem eiga land að á, að reka laxveiðina svo, sem þeir álíta sjer bezt; en þeim er ekki fyrirmunað, að við hafa stangaveiði, og það sjá allir, að það er hin heppilegasta veiðiaðferð, með því hún raskar ekki friði laxins, og rótar ekki botninum á gotstöðunum. Þó þessi veiðiaðferð sje ekki almenn hjer á landi enn, þá er vonandi, að smám saman aukist þekkingin á henni; enda mun hún reynast arðsamari, en ádráttarveiði, þegar til lengdar lætur, þar sem stangaveiðin veitir meiri tryggingu fyrir því, að laxinn leiti hvað eptir annað á sínar sömu stöðvar.

Ef spurt er um það, hverjir eigi að dæma um, hvar gotstaðir eru, þá eru ákvæði um það í frumv., að sýslunefndirnar skuli kynna sjer það, og ákveða um það eptir ráði kunnugra manna. Þetta eru því allt þýðingarmikil ákvæði, þar sem þau miða til þess að friða laxinn og stuðla að því, að hann haldist við í ánum.

Í 4. gr. frumv. er sleppt einni ákvörðun, sem er í 4. gr. gildandi laga.

Áður var selurinn friðaður með lögum, enda þótt laxveiði væri í húfi; en nú er sú skoðun farin að verða almennari, að mikill munur sje á laxveiði og selveiði, og því sje rjett að friða laxveiðina fyrir sel-

um. Selurinn er rándýr, sem eigi að eins styggir laxinn, heldur rífur hann einnig í sig, og laxveiðin er án efa margfalt arðsamari en selveiðin; þess vegna er það eðlilegt, að selurinn og selveiðin sje látin víkja fyrir laxinum og laxveiðinni.

Það er líka kunnugt, að hinn nafnkunni fiskifræðingur, sem ferðaðist hjer um land fyrir skemmstu til að kynna sjer og segja álit sitt um laxveiði og laxrækt hjer á landi, áleit, að það væri stórt mein að selnum fyrir laxveiðina. Hans álit var, að ófriðhelga ætti hvern sel úr hverri laxá á landinu.

Þannig hefi jeg þá með fáum orðum gert grein fyrir, í hverju þetta frumv. einkum gerir breytingar á hinum gildandi lögum.

Breytingar þær, sem nefndin ræður til að gera á þessu frumv., sjást af nefndarálitinu, og er þar einnig með fám orðum gert grein fyrir þessum breytingum, sem og fyrir því, hvers vegna h. þingd. er ráðið til að fallast á þær.

Af breytingartillögum þessum vil jeg sjer í lagi benda á breytingartill. við 1. gr. Nefndin ræður til að taka inn í frumv. þá 36 stunda friðun, sem ákveðin er í gildandi lögum, en til þess að ráða bót á þeim vandkvæðum, sem á því eru, að taka upp net í stórám á hverri viku, vill nefndin láta ákveða, að í stórvötnum, þar sem veitt er með króknetum, skuli það nægja, »að ásinn sje úr þeim tekinn, og oddinn bundinn saman«. Í stórám munu víðast vera höfð þessi svo kölluðu króknet, sem eru mjög stór og erviðl, bæði til lagningar og upptekningar. Net þessi eru lögð beint fram af garði, sem hlaðinn er út í vatnið, og framendinn síðan beygður upp á við að bakkanum aptur, svo það myndast krókur eða poki á netinu, sem er haldið sundur eða opnum með þverspýtu. Þegar laxinn nú fer með landi og rekur sig á garðinn eða endann á netinu, þá rennur hann fram með því og lendir í pokanum á netinu; þar liggur hann svo opt alveg laus; þegar svo ásinn eða þverspýtan er tekin burtu, þá getur laxinn gengið óhindraður fram með netinu, og mun sjaldnast festa sig í því. Þessi ákvæði munu yfir höfuð verða til nægrar tryggingar friðuninni; því þó hugsanlegt sje, að þessari aðferð verði ekki ætíð komið við, þá mun það þó víðast verða hægt, og ei þá mikið breytt til batnaðar frá því sem er.

Hinar aðrar breytingar nefndarinnar eru að mestu að eins orðabreytingar, sem miða til að gera frumv. aðgengilegra og sem næst hinum fyrri lögum. Jeg skal að eins geta þess, að nefndin ræður til, að 8. gr. frumv., sem er ný grein, falli burt. Nefndin ræður ekki til þessa af því, að hún álíti að ekki sje æskilegt, að hafa eptirlitsmenn, heldur af því, að þegar á það er litið, að menn eru skyldaðir til að hafa eptirlitið endurgjaldslaust, og í sumum hjeruðum geta verið margar ár og stórt svæði um að sjá, þá áleit nefndin, að erv itt mundi að fá áreiðanlega menn til að hafa slíkt eptirlit á hendi, og ísjárvert að leggja mönnum svo vandasama og erviða skyldu á herðar alveg borgunarlaust.

Aptur verð jeg að telja það mjög heppilegt, að halda þeirri ákvörðun í frumv., að laxfriðunarlögin og reglugerðir um laxveiði verði lesin upp árlega í hverjum hreppi, til þess að mönnum verði kunnug þau lög og þær reglur, sem gilda við veiði þessa.

Breytingin við 9. gr. er eigi fólgin í öðru en því, að nefndin ræður til að orða seinni málsgreinina nokkuð öðruvísi, og setja ákvörðun um, hvernig fari um andvirði ólöglegs veiðifangs, sem ekki er tekið fram í laxalögunum.

Að svo mæltu legg jeg mál þetta á vald h. þingd., með þeirri ósk, að hver h. þingdm. fari eptir sinni beztu sannfæringu, og stuðli að því, að málið geti komizt í

sem happasælast horf. Sjálfum mjer er þetta ekki svo mikið kappsmál, að jeg vildi eigi heldur að það væri látið bíða annars þings, ef það þá yrði bætt, en að menn sampykktu það, þótt þeir væri sannfærðir um, að það væri eigi vel úr gerði gert.— Málið var fyrir þinginu 1885, og var þá sampykkt af þinginu, þótt margir viðurkenndu, að á lögunum væru miklir gallar. Jeg verð að álíta, að þá hefði verið betra að láta málið bíða þangað til búið var að hugsa það betur.

Þorlákur Guðmundsson: Lög þau, sem hjer er um að ræða, eru að eins rúmlega ársgömul, því að 24. júní í vor var eitt ár liðið síðan þau öðluðust lagagildi, svo að menn geta varla ætlazt til að búið sje að fá fulla reynslu um, hvort lög þessi sjeu hagkvæm eða ekki, sjerstaklega þegar að því er gáð, að sumir lögreglustjórar álitu sjer eigi skylt að fylgja þeim strax fram, þegar þau voru komin í gildi; þegar komið er fram með einhverjar nýjar og stórkostlegar breytingar frá því sem er, þá eiga þær að vera byggðar á einhverri knýjandi þörf; sje ekki svo, þá er varhugavert, að fara að umturna nýjum lögum. Í þessu frumv. er sumt nýtt, en margt er þó tekið úr eldri lögum; en sum af hinum nýju ákvæðum frumv. finnst mjer vera fremur athugaverð, og vil jeg því fara um þau nokkrum orðum.

Í 2. gr. er tekið fram, að eigi megi leggja net eða garða lengra en út í $^1/_3$ hluta ánna; en megi nú ekki leggja út í miðja á, þá munu þeir, sem veiði eiga að hinum smærri ám, ekkert gagn af þeim hafa til veiðiafnota. Þar sem segir í 3. gr. frv., að eigi megi hafa ádráttarveiði á þeim stöðum, þar sem laxinn liggur til hryggningar, þá held jeg að sumum verði örðugt að segja nákvæmlega, hvar gotstaðir laxins sjeu, sjerstaklega í jökulvötnum; þá skal jeg nefna síðari málsgrein 3. gr. sem mjer virðist vera mjög ísjárverð, þar sem mönnum er leyft að veiða urriða en eigi lax, því að jeg er mjög hræddur um, að mörgum veiti örðugt að þekkja lax frá urriða, því að tegundirnar eru svo margskonar, eins og sjá má af ritgjörð eptir Árna landfógeta Thorsteinson í Tímariti Bókmenntafjelagsins 1881; þar stendur:

»Sem fiska, er ávallt eru í vötnum og ám, má telja: Lækjarurriða (salmo fario), bleikju og vatnasilung (salmo levis, alpinus, ferox?); þessar tegundir munu vera hjer á landi, en fiskar þeir, er hjer koma fyrir, hafa hingað til ekki verið flokkaðir eptir vísindalegum rannsóknum. Til þessa þarf fiskfróður maður að ferðast um allt landið og heimfæra fiskana til síns rjetta flokks; en hjá laxkynjuðum fiskum er það mjög erfitt, af því að tegundirnar eru mjög margvíslegar og með svo mörgum afbrigðum, að fiskar sömu tegundar eru með frábrugðnu útliti og vexti svo að segja í hverri á. Það er og til fyrirstöðu nákvæmri flokkun á þessum ýmislegu tegundum laxkynjaðra fiska, að nafngreining þeirra hjá alþýðu er á mjög ýmsa vegu, opt mismunandi hjá mönnum í hverju byggðarlagi eður í ýmsum hjeruðum. Fiskfræðingum þeim, er ritað hafa um íslenzka fiska, ber og heldur ekki saman, hvorki um hina íslenzku nje latnesku nafngreining þeirra. Hið sama á sjer stað erlendis, og telja vísindamenn þar nú færri tegundir en áður, þar eð reynslan hefir sýnt þeim, að menn hafa áður verið of örir á skiptingum«.

Eptir þessum orðum að dæma ímynda jeg mjer, að örðugt muni vera fyrir óupplýstan almúga að greina jafnan lax frá urriða, og mönnum ekki láandi, þótt þeir villist á því, enda geta menn ætíð sagt, að þeir sjeu að veiða urriða, enda þótt þeir veiði eintóman lax, og þetta gefur aðgang að því að brjóta lögin, án þess að brotunum varði við lög.

Framsögumaður (Árni Jónsson): Jeg bjóst við að frumv. þetta mundi fá meiri mótmæli en orðið hefir. H. þm. Árn. (Þ.

G.) sagði, að lögin væru eigi gömul og því varhugavert að fara nú strax að breyta þeim; jeg játa að þau eru ekki gömul, eins og jeg tók fram við 1. umr. þessa máls, en þó að þau hafi ekki staðið í meira en liðugt ár, þá hefir það sýnt sig, að þau eru ekki hentug og knýjandi nauðsyn er að breyta þeim, og furðar mig stórum á því, að h. þm. skuli vera svo ókunnugur í sínu eigin kjördæmi, að hann ekki viti, að menn þar álíta þau óheppileg. Jeg skal gjarnan játa, að það er örðugt að ákveða hrygningarstaðina, en þar sem hann tiltók jökulvötn, þá veit jeg ekki til að í þeim sjeu víða gotstaðir, þó að jeg náttúrlega ekki vilji staðhæfa, að ekki sje til um það einhver latínuklausa í bókum. Að því er snertir urriðana, sem h. þm. var að tala um, þá er hugsanlegt að það kunni að koma fyrir, að lax festist í silunganetum, en almennt munu þó menn þekkja hann frá silungi, og hitt getur eigi verið meining laganna, að fyrirmuna mönnum að leggja silunganet, en dæmi eru þess, að menn hafa verið sektaðir af því, að lax hefir flækzt í silunganetum og þeir hafa verið svo grunnhyggnir að taka hann með. Viðvíkjandi 2. gr. skal jeg geta þess, að jeg er ekkert mótstæður því, að haldið sje þeim sömu ákvörðunum sem nú eru, og skal jeg yfir höfuð gjarna taka öllum þeim breytingum, sem menn kynnu að vilja gjöra við frumv. og sem jeg sje að eru til bóta.

Þorsteinn Jónsson: Jeg vil skjóta því til h. nefndar, hvort ákvæðið í 4. gr. eigi muni koma í bága við 50. gr. stjórnarskrárinnar, sem segir svo: »Eignarrjetturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagaboð og komi fullt verð fyrir«; og óttast eg, að slík fyrirmæli kynnu að verða frumv. til fráttu. Í ám geta verið friðuð sellátur, t. d. í Ölvesá tilheyrandi Arnarbælis-prestakalli; gæti nú hin umrædda grein orðið að lögum, þá væri mönnum heimilað að styggja selinn burt úr ánum, og mundi það verða sumum mönnum til stórtjóns, sem nú hafa miklar tekjur af þessari veiði, en þetta hygg jeg eigi geti staðizt með ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Framsögumaður (Árni Jónsson): Jeg skal stuttlega svara mótbáru h. þm. Vestm. (Þ. J.) með því, að selurinn er hinn mesti voðavargur fyrir laxveiðina, og þess vegna álítum vjer heppilegt, að hann væri gerður ófriðhelgur alstaðar þar, sem hann kemur í bága við laxveiði, enda er eigi rjett að láta einstaka menn, sem gagn hafa af selnum, spilla fyrir almennings gagni með því, að þeir geti bannað öllum að styggja burt selinn, svo að laxveiðin eyðileggist; laxveiðin er víst líka miklu arðsamari en selveiðin, og held jeg að Arnarbælispresturinn mundi engan óhag af því hafa, þó að hann ræki selinn burt og fengi laxveiði í staðinn. Sá einstaki hefir máske stundarhag af selveiðinni; en víða hagar svo til, að hægt er að koma upp laxveiði í stað selveiðinnar og ættu menn ekki að horfa í það, þar sem því verður við komið.

Þorsteinn Jónsson: Jeg er samdóma h. framsögum. (A. J.) um það, að selurinn ætti að útrýmast, þar sem hann er laxveiðinni til fyrirstöðu, en sumstaðar stendur svo á, að engar líkur eru til að sá sem hefir hag af selveiðinni geti fengið laxveiði í stað hennar, eins og t. d. í Arnarbæli; jeg hefi verið heimilisfastur í Arnarbæli og er mjer vel kunnugt um, að þar er engin laxveiði, en þar á móti nokkur laxveiði hinum megin, beint á móti Arnarbæli, og aptur við næsta bæ fyrir ofan Arnarbæli, nefnil. í Auðsholti; verði nú frv. þetta að lögum, þá missir Arnarbælispresturinn selveiðina í ánni, án þess að fá nokkra laxveiði í staðinn, og hlyti hann þá að fá skaða þann, sem hann biði, endurbættan; verði það eigi, þá get jeg eigi betur sjeð en að gengið sje of nærri

þeirri eignarfriðhelgi, sem 50. gr. stjórnarskrárinnar heimilar einstaklingnum.

Jón Jónsson: Það er mín skoðun, að þó lögin sjeu ekki gömul, þá megi breyta þeim, ef knýjandi nauðsyn til þess er fyrir hendi, en að eins í þeim atriðum, þar sem nauðsynin sýnir sig augljóslega. H. framsögum. (A. J.) hefir sýnt fram á, að brýna nauðsyn bæri til að breyta þessum lögum, en 1. gr. bætir úr þeirri aðalnauðsyn, sem sje því, að þurfa ekki að taka upp net í stórám. En jeg er ekki meðmæltur eins stórkostlegri breytingu yfir höfuð, eins og hjer er farið fram á. Með breytingunni á 2. gr. get jeg ekki greitt atkvæði. Sú grundvallarregla á að mínu áliti að ráða í friðunarlögunum, að friðunin gangi ekki svo langt, að minni not verði að veiðinni eptir en áður, heldur á friðunin að vera til að efla hagsmunina og tryggja sem mestan árangur af veiðinni, því varla eru friðunarlög sett af eintómri meðaumkun við skepnuna, sem veiða á. Þess vegna er mikið íhugunarmál, hvort þessi breyting er heppileg eða ekki. Þetta er meginatriði, sem sýslunefndirnar ekki geta hreift við, hvernig sem á stendur. Þó slíkar breytingar geti verið til góðs á einum stað, geta þær orðið til mikils skaða á öðrum.

Framsögumaður (Árni Jónsson): Mjer skildist það á orðum h. þm. Vestm. (Þ. J.), að enginn lax veiddist í Arnarbæli, einmitt af því, að selurinn væri friðaður þar, og þetta er sterk sönnun fyrir því, hve gjörsamlega selurinn útrýmir laxinum; væri það að eins landslaginu að kenna, þá væri öðru máli að gegna; en hjer liggja ekki fyrir neinar skýrslur um, að svo sje. Hann las upp 50. gr. stjórnarskrárinnar, en hún stendur í nánu sambandi við næstu grein á eptir; þar stendur: »Öll bönd, sem hamla atvinnufrelsi manna, og ekki eru byggð á almenningsheillum, skal aftaka með lagaboði». Hjer er band á atvinnufrelsi; selurinn er þarna eins og þverveggur fyrir allri veiði. Og þótt stundarhagur þess, sem selinn hefir, kynni að verða minni, þá jafnar það sig upp með því, hvað laxveiðin mundi aukast, ef selnum væri útrýmt. Mjer virtist einnig h. þm. sanna að nokkru mitt mál, þar sem hann sagði, að það væri engin laxveiði í Arnarbæli, en aptur talsverð hinum megin beint á móti. Hvers vegna skyldi engin laxveiði vera í Arnarbæli, nema af því selurinn er friðaður þar?

H. þm. N.-Þing. (J. J.) kom fram með nokkrar athugasemdir, sem jeg get ekki að öllu leyti verið samdóma. Það er mín skoðun, að úr því þarf að taka lögin og breyta þeim, þá eigi að breyta í þeim öllu því, sem æskilegt er að á annan veg sje, koma öllu í sem bezt horf að unnt er, hvort sem það er í sjálfu sjer bráðnauðsynlegt eða ekki. Hann ímyndaði sjer, að veiðin mundi ef til vill minnka, eptir ákvæðum 2. gr., en jeg held þvert á móti, að veiðin verði jafnari og heppilegri, ef ekki er nein kvísl þvergirt; þvergirðingin er óeðlileg í friðunarlögunum og stríðir á móti jafnrjettishugsuninni.

Þorlákur Guðmundsson: Reynsla sú, sem vjer höfum af þessum lögum, er of lítil, og því álít jeg mjög varúðarvert að hreyfa við þeim, fyr en vjer höfum haft meiri reynslu af þeim en að svo komnu er fengin. Jeg hef engan heyrt kvarta yfir lögunum og ákvæðum þeirra í mínu kjördæmi, eins og h. framsögum. (Á. J.) ímyndaði sjer. Veiðitíminn er vanalega til 1. sept., en um það leyti er gottími laxanna naumast kominn; því er óparft, að taka hrygningarstaðina undan ádráttarveiði, enda, eins og jeg hef áður sagt, erfitt að þekkja staði, sem laxinn hrygnir á.

Viðvíkjandi þvergirðingum skal jeg taka það fram, að mjög mun erfitt fyrir ókunnuga menn að dæma um, hvort meiri er fiskiför í einni kvísl eða annari, en það er auðgert fyrir þá, sem veiða árlega í hinum ýmsu kvíslum.

Framsögumaður (Árni Jónsson): Það mun vera almennt álitið, eins og h. þm. Árn. (Þ. G.) tók fram, að laxinn fari ekki að hrygna fyr en um mánaðamótin ágúst og september, en þegar veiðitakmarkið er sett sýslunefndunum í vald, þá geta þeir, sem hafa hrygningarstaðina, fengið veiðitímann settan dálítið síðar, og þannig spillt friðuninni og laxveiðinni með því, að veiða á hrygningarstöðunum. Þvergirðinguna álít jeg óeðlilega; hún heptir för laxins svo mjög, og það mun vera spursmál um það, hvort laxinn gengur ekki tregara í þá kvísl, sem opt er þvergirt.

ATKVÆÐAGR.:

Breyt.till. N. við 1. gr. samþ. með 15 atkv.

1. gr. frv. þar með fallin.

2. gr. frv. felld með 12 atkv. gegn 7.

Breyt.till. N. við 3. gr., samþ. með 13:1 atkv.

3. gr. frv. þannig breytt samþ. með 13:9 atkv., að við höfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson.	Jón Þórarinsson.
Árni Jónsson.	Eiríkur Briem.
Benidikt Sveinsson.	Gunnar Halldórsson.
Grímur Thomsen.	Jónas Jónassen.
Jón Jónsson.	Ólafur Pálsson.
Lárus Halldórsson.	Sigurður Jensson.
Ólafur Briem.	Þórarinn Böðvarsson.
Páll Briem.	Þorl. Guðmundsson.
Sigurður Stefánsson.	Þorv. Bjarnarson.
Sveinn Eiríksson.	
Þorleifur Jónsson.	
Þorsteinn Jónsson.	
Þorv. Kjerulf.	

4. gr. frv. samþ. með 12 atkv. gegn 8.

Breyt.till. nefndarinnar við 5. gr. samþ. með 16 atkv.

5. gr. frv. þannig breytt samþ. með 13 atkv.

6. gr. frv. samþ. með 12 atkv.

Breyt.till. við 7. gr. frv. samþ. með 11 gegn 10 atkv.

7. gr. frv. samþ. með 13 atkv.

8. gr. frv. felld með 14 atkv.

Breyt.till. við 9. gr. samþ. með 15 atkv.

9. gr. þannig breytt samþ. með 13 atkv.

10. gr. frv. samþ. með 13 atkv.

11. gr. gr. frv. samþ. með 13 atkv. gegn 9, að við höfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Jón Þórarinsson	Eiríkur Briem.
Páll Ólafsson	Gunnar Halldórsson
Árni Jónsson	Jónas Jónassen
Benidikt Sveinsson	Ólafur Pálsson
Grímur Thomsen	Sigurður Jensson
Jón Jónsson	Þórarinn Böðvarsson,
Lárus Halldórsson	Þorlákur Guðmundss.
Ólafur Briem	Þorvaldur Bjarnars.
Páll Briem	Þorvarður Kjerúlf.
Sigurður Stefánsson.	
Sveinn Eiríksson.	
Þorleifur Jónsson.	
Þorsteinn Jónsson.	

Frv. vísað til 3. umr. með 13 atkv.

Fertugasti og þriðji fundur, miðvikudag 17. ágúst. Allir á fundi.

Tillögur til þingsályktunar í Fensmarksmálinu (341); ein umr.

Páll Briem: Þegar um þetta mál er að ræða, þá verða allir að játa, að ræða sje um vandasamt og þýðingarmikið mál. Hjer er að ræða um mikið fjárspursmál fyrir landssjóð, þar sem spursmál er um, hvort landssjóður á að líða milli 20 og 30 þús. kr. skaða, eða það á að hvíla á öðrum, að gjalda landssjóði þetta fje. En það er þó ekki fjárspursmálið, sem í mínum augum er þýðingarmest í þessu máli, heldur er fyrir mjer rjettarspurningin þýðingarmest, spurningin um, hvort ábyrgð hvíli á ráðgjafanum, og í öðru lagi spurn-

ingin um, hvort vjer höfum rjett til að beina ábyrgð á hendur honum.

Þegar ræða er um skaðabótakröfur sem þessar, þá eru tveir vegir, sem að mínu áliti er hugsanlegt að fara. Annar er sá, sem hjer er farinn, að beina ábyrgð á hendur ráðgjafanum, og hinn er sá, að bera sig upp undan því, hvernig hinir fyrri landshöfðingjar hafi beitt valdi sínu í þessu máli. Þennan síðari veginn fór neðri deild alþingis í fyrra, þegar hún samþykkti svolátandi tillögu: »Neðri deild al»þingis skorar á ráðgjafann fyrir Ísland, »að gera ráðstafanir til þess, að ógoldnar »tekjur landssjóðs úr Ísafjarðarsýslu og »kaupstað fyrir árin 1879—1884 verði »greiddar í landssjóð o. s. frv.». Á þennan veg er bent í 3. gr. stjórnarskrárinnar, síðari málsgrein. Þar stendur: »Finni al»þingi ástæðu til að bera sig upp undan »því, hvernig landsh. beiti valdi því, sem »honum er á hendur falið, ákvarðar kon»ungur, er alþingi fer þess á leit, í hverju »einstöku tilfelli, hvort og hvernig ábyrgð »skuli komið fram á hendur honum». Með ályktun þingsins í fyrra var farinn þessi vegur, og það hefir ráðgjafinn sjeð; því í brjefi sínu til landsh. 11. júní þ. á. segir hann, að í ályktuninni sje átt við skaðabætur til landssjóðsins frá yfirboðurum Fensmarks, og hann nefnir hina fyrri landsh., hinn núverandi landsh. og loks sjálfan sig, en í þessu liggur, að hann beinir ábyrgð á hendur hinum fyrri landsh., ef þörf gerist með málssókn. En nú skulum við sjá, hvernig tekið er í þetta mál af hendi landshöfð.

Fyrst er í brjefi ráðgjafans getið um álit landsh. í brjefi hans til ráðgjafans um þetta mál. Ráðgjafinn segir, að landsh. hafi skrifað, að hann eigi fái sjeð, að sú skoðun sje rjett, sem fram hafi komið í umræðum alþingis um málið, að tjón það, er landssjóður hafi beðið af embættisrekstri Fensmarks, hafi hlotizt af eptirlitsskorti frá hálfu yfirboðara hans; að minnsta kosti verði eigi á eptirlitsskorti frá hálfu hinna fyrri landsh. með embættisrekstri Fensmargs byggð nein skylda til að bæta landssjóðnum skaða þann, sem hann hefir beðið í þessu efni. Með öðrum orðum: landsh. setur sig sem dómara í þessu máli, og dæmir, að hinir fyrri landsh. sjeu eigi skyldir til að bæta landssjóði þennan skaða.

Skoðum nú á hinn bóginn, hvernig ráðgjafinn sjálfur tekur í málið. Hann er landsh. samdóma að öllu leyti.

Að því er snertir hina fyrri landsh., segist ráðgjafinn vera landsh. að öllu leyti samdóma um, að hvorugur þeirra hafi brotið eptirlitsskyldu sína svo, að á því verði byggð skylda til að bæta landssjóðnum að öllu eða nokkru leyti skaða þann, er hann hefir beðið af embættisrekstri Fensmarks. Á sama hátt afsakar hann hinn núverandi landsh. og loks sjálfan sig, og endingarorð hans hljóða svo: »Ráð»gjafinn getur samkvæmt þessu eigi álitið »ástæðu vera til að gera neitt út af á»skorun þeirri, sem innifalin er í ályktun »þeirri, er neðri deild alþingis hefir sam»þykkt».

Hjer lýsir ráðgjafinn því þá skýrt yfir, að hann álíti enga ástæðu til að gera neitt, neinar ráðstafanir í þá átt, sem neðri deild alþingis skoraði á hann um, og á þessu sjest bezt, hvað 3. gr. stjórnarskrárinnar hefir að þýða.

Landsh. og ráðgjafinn hafa þá sett sig hjer í dómara stað, og sje jeg því ekki til neins fyrir þingið, að fara þennan veg, nema því að eins, að landsh. skýlaust geti lofað því fyrir hönd ráðgjafans, að hann skuli höfða mál og leggja það undir úrskurð dómstólanna, hvort landssjóður á ekki kröfu til skaðabóta hjá yfirboðurum Fensmarks. Ef vjer ekki fáum þetta skýlausa loforð, er ekki til neins að ganga þennan veg; en þá kemur spurningin, hvort þá sje ekki hægt að ganga einhvern annan veg.

Í 2. gr. stjórnarskrárinnar stendur: »Hið »æðsta vald á Íslandi innanlands skal á »ábyrgð ráðgjafans fengið í hendur lands»höfðingja, sem konungur skipar, og hefir »aðsetur á Íslandi» . . .

Hjer er eptir þessu spurning um ábyrgð, sem getur hvílt á ráðgjafanum. Í erindisbrjefi landsh. 1. gr. segir: »Landsh. fram»kvæmir undir yfirumsjón ráðgjafans fyrir »Ísland hið æðsta vald yfir hinum sjer»staklegu málum Íslands í landinu sjálfu».

Í 2. gr. stjórnarskrárinnar er þá beinlínis og skýlaust sagt, að landsh. sje fengið vald sitt »á ábyrgð ráðgjafans», og í erindisbrjefi landsh. stendur jafn-skýlaust, að landsh. framkvæmi hið æðsta vald innanlands »undir umsjón ráðgjafans» fyrir Ísland.

Þegar nú svona stendur, þá er einn kostur nauðugur, sá, að leita úrskurðar dómstólanna um, hvað þessi orð hafi að þýða.

Jeg skal ekki setja mig til dómara um, hvað þessi orð eiga að þýða; en jeg vil benda þingd. á, að ráðgjafinn álítur sjer ekki óviðkomandi það, sem gerzt hefir í þessu máli.

Í brjefinu frá 11. júní þ. á. segir ráðgjafinn ekki, að sjer komi þetta mál ekki við; heldur segir hann, að athugasemdir þær við landsreikningana fyrir 1882 og 1883, þar sem nefnd ummæli koma fram um misfellur í embættisfærslu Fensmarks, hafi eigi komið sjer fyrir sjónir fyr en eptir að Fensmark hafði verið vikið frá embætti. Með þessu sýnir ráðgjafinn, að hann álítur sjer ekki óviðkomandi, hvernig eptirlit hefir verið haft með embættisrekstri þessa manns. Það getur verið, að sumir segi, að ábyrgðin hvíli á hinum fyrri landshöfðingjum eingöngu, en þá vil jeg spyrja, hvað hafa þá orðin í 2. gr. stjórnarskrárinnar að þýða og orðin í 1. gr. í erindisbrjefi landsh. eða þessi orð, sem jeg tilfærði síðast úr ráðgjafabrjefinu?

Nei, þó jeg hafi mikla virðingu fyrir lögspeki þessara manna, og þótt þeir sjálfir treysti sjer vel, þá finnst mjer þó of mikið heimtað, að vjer skoðum þá óskeikanlega, og mjer finnst það of mikil ábyrgð fyrir menn, að halda svo fast við þessa skoðun, að þeir fyrirmuni dómstólunum að skera úr málinu. En þó menn verði nú á eitt sáttir, að bezt sje að yfirláta dómstólunum að skera úr þessu, þá kunna menn þó að segja, að það sje ekki rjett aðferð, sem hjer er farið fram á; þó ábyrgð hvíli á ráðgjafanum, þá geti þingið eitt ekki gert ábyrgðina gildandi á hendur honum. En hvað þýðir þá 3. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem stendur: »Alþingi kemur fyrir sitt leyti ábyrgð fram á hendur ráðgjafanum eptir þeim reglum, sem nákvæmar verður skipað fyrir um með lögum»? Í sjálfri stjórnarskránni er ekki sagt, hvernig koma eigi ábyrgðinni fram; en þangað til nákvæmari reglur verða gefnar í þessu efni, segir í »ákvæðum um stundar sakir», að hæstirjettur ríkisins skuli dæma mál þau, sem alþingi höfðar á hendur ráðgjafanum fyrir Ísland fyrir afbrigði gegn stjórnarskránni, og nú segir í 22. gr. þingskapanna: »Aðrar sjerstakar uppástungur en »lagafrumvörp skulu vera samdar í ályktunarformi». Því mun þess vegna ekki verða mótmælt, að rjett sje að bera þetta mál upp í ályktunarformi, eins og nú er gjört. En þá geta menn sagt, að í 3. gr. stjórnarskrárinnar standi, að ráðgjafinn hafi ábyrgð á því, að stjórnarskránni sje fylgt, og í »ákvörðununum um stundarsakir» sje talað um mál, sem alþingi höfðar móti ráðgjafanum fyrir afbrigði gegn stjórnarskránni; en hjer sje ekki að ræða um nein afbrigði frá stjórnarskránni. En þá vil jeg spyrja: hvað þýðir þá 10. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir: »konungur annast um, að lögin verði birt og að þeim verði fullnægt»? Er eigi þessi grein van-

rækt, þegar eigi er annazt um, að gildandi lögum sje fullnægt?

Þá munu einhverjir, ef til vill, hafa á móti þeirri upphæð, sem skaðabóta er krafizt fyrir. Menn munu segja, að upphæðin geti reynzt minni en til er tekið; það sje búið að borga nokkuð af þessari upphæð o. s. frv. En ef þetta ætti að vera málinu til falls, þá væri hægt að gera hverja málshöfðun ómögulega. Þingið verður að halda sjer við vissa ákveðna upphæð, og hvort alþingi fengi fje til að koma fram ábyrgð á hendur honum.

Hjer er einmitt að ræða um sjerstakan kostnað, sem þingið hefir í för með sjer, og þess vegna er rjett að greiða hann af þessu fje og ekki öðru. Þessi sama regla gildir líka í útlöndum, og henni hefir líka verið fylgt hjer. Kostnaðurinn við málshöfðun alþingis út af veiðinni í Elliðaánum mun hafa verið tekinn af alþingiskostnaðinum, og ávísað af forsetum þingsins.

Skal jeg svo ekki fjölyrða um þetta mál að sinni; en lýsa því enn einu sinni yfir, að jeg álít ekki til neins að ganga sama veg nú, sem þingið fór í fyrra, nema landsh., sem sagt, gefi skýlaust loforð fyrir ráðgjafans hönd um, að það skuli lagt undir úrskurð dómstólanna, hvort landssjóður á ekki kröfu til skaðabóta hjá yfirboðurum Fensmarks. Ef landsh. þar á móti ekki gefur þetta skýlausa loforð, þá sje jeg engan annan veg en að höfða mál á þennan veg, sem hjer er farið fram á.

Hjer eru teknar eptirstöðvarnar, eins og þær voru í árslok 1885. Þó þess vegna hjer sje tiltekið hið meira, þá er þar með líka tekið hið minna. Það er á valdi málafærslumannsins, að laga kröfur sínar eptir því, sem upplýsist undir rekstri málsins. — Þá kunna þær mótbárur að koma fram, að þingið ekki geti lagt fram fje í þessu skyni af fje því, sem ætlað sje til þingkostnaðar. Ef svo er, hvar stæði þá okkar rjettur gagnvart ráðgjafanum, ef það ætti að vera undir ráðgjafanum komið?

Landshöfðingi: Jeg geri ráð fyrir, að mál þetta sje svo ýtarlega rannsakað og rætt utanþings, og málshöfðun þessi út af embættisrekstri fyrrum sýslumanns og bæjarfógeta Fensmarks svo fast ákveðin, að allar umræður hjer í þingd. um málið sjeu til lítils. Jeg vil þó fara um tillögur þessar fáum orðum, enda þótt jeg geri mjer enga von um, að orð mín hafi nein áhrif á skoðanir eða atkvæði þingdm. í þessu máli.

1. tillagan fer fram á, að alþingi höfði mál gegn ráðgjafa Íslands til borgunar á ógoldnum eptirstöðvum af landssjóðstekjum úr Ísafjarðarsýslu og kaupstað, sakir vanskila Fensmarks.

Hjer við hefi jeg það að athuga, að jeg get ekki skilið, að alþingi hafi vald til að höfða slíkt mál. Alþingi er hjer, að mínu áliti, rangur sakaraðili. Það hefir ekki vald til að höfða mál mót ráðgjafanum, nema fyrir afbrigði gegn stjórnarskránni. Hjer er nú ekki um slíkt mál að ræða, heldur um málshöfðun til að krefjast skaðabóta af ráðgjafanum. En alþingi er ekki einsamalt vörður landssjóðs. Það er að eins annar liðurinn í fjárveitingarvaldinu, og hefir yfir höfuð ekkert vald, nema það, sem því er afmarkað í stjórnarskránni; en í stjórnarskránni er alþingi veitt hlutdeild í löggjafarvaldinu, en alls engin í framkvæmdarvaldinu.

En ef teygja á þetta mál inn undir 10. gr. stjórnarskrárinnar, eins og h. þm. Snæf. (P. Br.) vildi gera, þá þætti mjer gaman að vita, hvað það er, sem ekki er brot á stjórnarskránni. Það væri líka nógu fróðlegt að fá að heyra, hvaða lögum eigi hafi verið fullnægt, svo að ráðgjafinn eða annar þurfi að sæta ábyrgð fyrir. Það væri gott, ef h. þm. vildi lýsa þessu skýrt og skýlaust yfir.

Þá sagði h. þm., að ráðgjafinn og jeg

hefðum gert okkur að dómurum í þessu máli. Það er ný kenning, ef hvorki ráðgjafinn nje landsh. má lengur segja álit sitt um ályktanir alþingis, þar sem skorað er á stjórnina að framkvæma einhverja ráðstöfun, án þess að þeim verði borið á brýn, að þeir geri sig að dómurum í því máli, sem ráðstöfunin lýtur að. Það mætti þá með sama rjetti segja um h. framsögum. (P. Br.) og aðra flutningsm., að þeir geri sig að dómurum í þessu máli. Það var skylda mín sem landsh., að segja álit mitt um ályktun alþingis 1886 um þetta mál, og það var einnig skylda ráðgjafans að gefa sitt álit, enda er þrátt fyrir þetta álit landsh. og ráðgjafans alls ekki loku fyrir það skotið, að dómstólarnir geti dæmt um málið.

Ráðgjafinn segir ekki, að yfirboðarar Fensmarks, hlutaðeigandi landsh. og amtmenn, hafi ekki gert sig seka í eptirlitsskorti með embættisrekstri Fensmarks. Hann segir að eins, að hann álíti, að þeir hafi ekki brotið eptirlitsskyldu sína svo, að á því verði byggð nein skaðabótabótakrafa út af sjóðþurrðinum hjá Fensmark. Enn fremur segist hann álíta, að eigi verði gerð skaðabótakrafa á hendur sjer, með því að, samkvæmt konungsúrskurði 20. febr. 1875 sje það landsh. en ekki ráðgjafinn, sem hafi ábyrgð á því, ef reikningar gjaldheimtumanna ekki komi í rjettan tíma, og fje það, er þeir eiga að standa skil á, ekki sje greitt á rjettum tíma.

Þetta er skoðun ráðgjafans; en það hlýtur að heyra undir dómstólana, að segja, hvort þessi skoðun er rjett eða ekki. Stjórninni dettur ekki í hug, að leggja neinar tálmanir í veginn fyrir, að úrskurðar dómstólanna verði leitað í þessu efni. En jeg verð að álíta, að þessi tillaga sje röng, með því alþingi hefir ekki einsamalt vald til að höfða þetta mál.

H. framsögum. (P. Br.) sagði, að það gerði ekkert til, hvort upphæðin, sem krafizt væri borgunar á, væri rjett eða röng. Það getur vel verið, að þó upphæðin sje röng, þá hafi það ekki þá afleiðingu, að málssóknin verði álitin ómöguleg; en það er sómi þess, sem höfðar mál til skaðabóta, að krefjast ekki meira en hann á. Bæði h. 1. þm. Skagf. og 2. þm. Húnv. (Ó. Br. og Þorl. J.) vita að minnsta kosti, að þessi upphæð er ekki rjett nú, og ekki einungis þessir flutningsmenn vita það, heldur hinir flutningsm. líka, og sjálfsagt allir h. þingd.m.

Jeg sje yfir höfuð enga ástæðu til að nefna í tölum í þessari ályktun upphæð þá, sem eptir stendur af þessum tekjum, sem hjer um ræðir, því málsfærslumaðurinn mun á sínum tíma segja, hvað mikils hann stefnir til, en það er nóg, að í ályktuninni sje sagt: upphæð sú, sem Fensmark skuldar landssjóði sem fyrverandi sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði.

2. tillagan er þó að mínu áliti sjerstaklega ólöguleg. Þar er talað um millipingastarf, sem forsetarnir eiga að leysa af hendi. Nú skulum við gæta að, hvaða störf forsetarnir geta haft milli þinga.

Í þingsköpunum stendur, að báðir deildar-forsetar hafi milli þinga vald til fyrir hönd deildanna, að gera þær ráðstafanir, sem með þarf, viðvíkjandi hinni innri skipun deildarinnar. Mjer skilst þá, að þegar forsetunum er falið að koma þessari málshöfðun á gang, þá eigi það að vera ráðstöfun viðvíkjandi hinni innri skipun deildanna.

Nú set jeg það tilfelli, að forsetarnir eða annar þeirra skorist undan þessu starfi. Hvernig fer þá? Á málshöfðunin þá að falla niður? Forsetarnir geta vel skorazt undan að takast þetta á hendur. Jeg skal nefna nýtt dæmi, sem sýnir það. Það var nýlega fyrir þingd. þingsályktunartill., þar sem skorað var á forsetana að rannsaka reikningsskil fyrir sölu alþingistíð-

inda og heimta inn fje, sem álitið var að stæði inni hjá útsölumanni, en forsetarnir vildu ekki láta hafa sig til þessa snatts, og svo fjell ályktunin niður. Það getur hugsazt, að eins fari nú; og hvernig á þá að fara að?

H. framsögum. sagði, að heimild væri til að taka kostnaðinn við málshöfðunina af upphæð þeirra, sem ætluð er til kostnaðar við alþingi. Það var á honum að heyra, að alþingi hefði umráð yfir þessari upphæð; en það er öðru nær en svo sje. Forsetarnir mega ávísa af þessari upphæð því, sem þarf til kostnaðar við þingið, en þingið hefir engin umráð yfir upphæðinni að öðru leyti, og þingd. getur ekki sagt: þetta og þetta er kostnaður við alþingi.

Hann vildi koma Elliðaármálinu hjer inn í, og sagði, að forsetarnir hefðu ávísað af alþingiskostnaðinum fje til þess máls; en þetta er alveg rangt. Jeg skal fræða hann á því, að það var gerð tilraun af öðrum forsetanum til að ávísa fje þannig; en landfógetinn neitaði að taka ávísunina gilda, og svo ávísaði landsh. fjenu. Það er svo fjarstætt, að hugsa sjer, að þingd. geti sagt: þetta og þetta skal skoðast sem kostnaður við alþingi. Hvað ætli h. þingd. segði, ef ráðgjafinn leyfði sjer að segja um eitthvert útgjald, sem ekki væri heimild fyrir í fjárlögunum: »þetta skoða jeg sem kostnað við hina æðstu innlendu stjórn, og greiði því þetta fje af tillaginu úr ríkissjóði»?

Jeg held það hefði verið rjettara af þingd., að hafa tvær umr. um þetta mál, svo hún hefði getað áttað sig betur á því til síðari umr.

H. framsögum. vildi fá mig til að gefa yfirlýsingu um, hvort ráðgjafinn vildi höfða mál gegn hinum fyrverandi landshöfðingjum. Jeg get auðvitað ekki gefið neina yfirlýsingu í þessu efni; en jeg veit ekki til að neitt liggi fyrir, sem sanni, að ráðgjafinn mundi skorazt undan að höfða þetta mál. Þingsályktunin í fyrra sannar ekkert, því hún skorar á ráðgjafann sjálfan að borga upphæðina, en nefnir enga málshöfðun. Ráðgjafinn mundi líklega höfða slíkt mál, ef þingið vildi. Hann hefði enga ábyrgð á, hvernig það færi, heldur þingið, sem skoraði á hann að höfða málið.

Þorleifur Jónsson: Hjer eru tvær skoðanir, hvor annari gagnstæðar. Nefndin, sem neðri deild setti í fyrra í þetta mál, komst að þeirri niðurstöðu, að landsstjórnin hefði gert sig seka í eptirlitsleysi með embættisrekstri Fensmarks og bakað sjer ábyrgð, og á þeirri skoðun er allur þorri þjóðarinnar. En svo kemst ráðgjafinn að þeirri niðurstöðu, að hjer sje enginn eptirlitsskortur og engin ábyrgð; þetta segir hann í brjefi 11. júní þ. á. Þrátt fyrir alla virðingu, sem jeg ber fyrir ráðgjafanum, finnst mjer hann í þessu ekki hafa rist eins djúpt, eins og jeg hefði búizt við. Hann segir, að hvorugur hinna fyrverandi landshöfðingja hafi brotið eptirlitsskyldu sínu svo, að það geti bakað þeim ábyrgð; en með því að segja, að þeir hafi ekki gert það svo mikið, að endurgjaldsskyldan hvíli á þeim, viðurkennir hann þó, að þeir að *einhverju* leyti hafi gert það.

Nú skal jeg fyrst athuga, hvað stendur í reglugjörð 13. febr. 1873; þar stendur í 6. gr.: »Sje reikningshaldarinn ekki búinn að borga allar þær tekjur, sem taldar eru í reikningnum, skal fortakslaust standa skil á því, sem þannig stendur eptir, um leið og reikningurinn er sendur, nema því að eins, að heimild sje til þess, að telja upphæðina með útgjöldum sem útistandandi skuld um stundar sakir eða fyrir fullt og allt«. Enn fremur í 8. gr.: »Ef reikningshaldari gerir ekki reikning í tækan tíma, eða hann stendur í skuld eptir reikningi þeim, sem fram er kominn, má hann ekki halda áfram að heimta saman opinber gjöld, fyr en hann hefir gert tilhlýðilegan reikning eða borgað skuld sína«. Enn fremur í sömu grein: »Þegar þannig er ástatt, skal landshöfðingi annaðhvort

víkja hlutaðeigandi frá embætti hans eða sýslu um stundar sakir, eða, ef það kann að þykja hagfelldara í einstöku tilfelli, að setja annan mann til þess fyrst um sinn á kostnað reikningshaldarans, að heimta saman gjöld þau, sem greiða ber á næsta eindaga«.

Ef fyrirmælum þessarar reglugjörðar hefði verið fylgt, þá hefði átt að víkja Fensmark frá á öðru embættisári hans. Það stendur með berum orðum í 13. gr.: »Landshöfðinginn og amtmennirnir skulu á umsjónarferðum sínum nákvæmlega rannsaka bækur þær, sem nefndar eru í 11. og 12. gr.«, o: aðal-reikningsbækurnar og gjaldabækurnar; en það sjest á skýrslu hæstv. landsh., sem hann gaf 1884 sem settur amtmaður, að sumar af þessum gjaldabókum hafa alls ekki verið haldnar; annaðhvort hafa því umsjónarferðir amtmannanna engar verið, eða mjög svo hirðulauslegar. Hver sá, sem les reglugj. 13. febr. 1873, hlýtur því að sjá, að hinir fyrverandi landshöfðingjar hafa sýnt hjer ótilhlýðilega vanrækslu, sem hlýtur að baka þeim ábyrgð.

Í ráðgjafabrjefinu segir enn fremur, að hinn núverandi landshöfði hafi hjer alls enga ábyrgð. Það sje ekki umtalsmál, þó eigi væri litið til annars en hvenær hann var settur. Hann var settur amtmaður 1. maí 1883, en Fensmark var ekki vikið frá fyr en nálægt 16 mánuðum síðar, svo að það getur verið, að einnig hinn núverandi landshöfðingi sje eigi laus við ábyrgð fyrir eptirlitsskort með embættisrekstri Fensmarks.

Tillagan frá þinginu í fyrra fór eigi beinlínis fram á, að ráðgjafinn borgaði þennan halla, heldur að hann gerði allar mögulegar ráðstafanir til þess, að landssjóður gæti fengið þetta fje endurborgað; hann hefði því átt að gera kröfur í bú hinna fyrri landshöfðingja, og fram fylgja kröfunum. En í þessu hefir ráðgjafinn ekkert viljað gera.

Svo kemur ráðgjafinn í brjefi sínu að síðustu til þess, að bera ábyrgðina af sjálfum sjer; en samkvæmt 5. gr. í auglýsingu 22. febr. 1875, sbr. við 1. gr. sömu auglýsingar, hlýtur eptirlitið með reikningsmálum landsins að vera undir yfirumsjón ráðgjafans. Ráðgjafinn segist ekki geta haft *neitt verulegt* eptirlit með þeim; en kannast með því við, að hann hafi eitthvert eptirlit með reikningsmálum landsins, þótt það sje eigi verulegt. — Að síðustu segir hann, að athugasemdir yfirskoðunarmanna landsreikninganna hafi ekki komið til sín fyr en eptir að Fensmark var vikið frá; þarna liggur aptur viðurkenning þess, að hann mundi hafa fundið sig skyldan til að taka í strenginn, ef þessar athugasemdir hefðu komið nógu snemma. En nú skyldi það geta orðið upplýst undir rekstri málsins; nú skyldu þeir menn vera á lífi, sem gætu borið um og bæru um það, að ráðgjafinn hefði vitað af þessum vanskilum *löngu áður* en Fensmark var vikið frá, og eptir því, sem óbeinlínis liggur í orðum ráðgjafans, ætti hann þá eigi að komast hjá ábyrgðinni.

Setjum svo, að hinum fyrverandi landshöfðingjum eða dánarbúum þeirra hefði borið að borga þessa skuld, þá er *það eitt* nóg til þess, að færa ábyrgðina yfir á ráðgjafann, að hann hefir gersamlega vanrækt skyldu sína í að heimta þessar skaðabætur inn; ef »proclama« hefði verið gefið út í dánarbúunum og engin krafa komið fram fyrir þessu, þá hefði skuldin fyrnzt og ekki náðzt.

Bæði þetta og fleira getur orðið til þess, að færa ábyrgðina yfir á ráðgjafann, þótt hún hefði ekki upphaflega á honum legið.

H. þm. Snæf. (P. Br.) tók það svo greinilega fram, að nauðsynlegt væri að fá úrslit dómstólanna um 2. gr. stjórnarskrárinnar, svo að jeg skal eigi fjölyrða um það.

Hæstv. landsh. sagði, að þingið hefði ekkert vald til að höfða mál á móti ráð-

gjafanum, nema fyrir brot á stjórnarskránni; þetta get jeg ekki vel skilið; því ekki fyrir brot á embættisrekstri? Að minnsta kosti leyfir »analogian« það.

Hvað upphæðina snertir, verðum vjer að halda oss við það, sem í landsreikningnum stendur, og getum ekki vitað og erum ekki skyldugir til að vita, hvað síðan kann að hafa verið borgað upp í þessa skuld.

Hæstv. landsh. þótti síðari liður tillögunnar óviðfelldinn, að fela forsetum þingdeildanna þetta mál, og að ávísa fje upp í kostnaðinn við það af fjenu, sem ætlað er til kostnaðar við alþingi. Þetta get jeg ekki skilið. Þingið felur forsetunum það, sem það ekki kærir sig um að eiga undir landsstjórninni, og í 6. gr. þingskapanna, sem hæstv. landsh. vitnaði til, er hvergi nærri úttæmt það vald, sem forsetar deildanna geta haft, og því síður lögð nokkur bönd á þingið, að fela þeim fleira en þar stendur.

Jeg vil ekki fyr en á þarf að halda fara að bera neinn kvíðboga fyrir því, hvernig að skuli fara, ef forsetarnir skorast undan að takast slíkt á hendur, eins og hæstv. landsh. benti til að gæti komið fyrir. Mjer finnst það hvorki samboðið hæstv. landsh. nje þinginu, að bera því líkt vantraust til forsetanna.

Grímur Thomsen: Öllum þeim mótbárum, sem fram eru komnar, bjuggumst vjer við þegar fyrirfram, og álitum, að þeim mætti auðveldlega svara.

Hæstv. landsh. vildi bera af ráðgjafanum alla ábyrgð, nema fyrir stjórnarskrárbrot; en samkvæmt 2. og 3. gr. er ábyrgðin tvenns konar. Í 2. gr. stendur: »Hið æðsta vald á Íslandi innanlands skal á ábyrgð ráðgjafans fengið í hendur landshöfðingja«. Og eptir 3. gr. hefir ráðgjafinn ábyrgð bæði á því, að stjórnarskránni sje fylgt og sömuleiðis, hvernig landshöfðingi beitir valdi sínu. Ráðgjafinn getur ómögulega sagt, að reikningsmál landsins liggi ekki undir hans yfirumsjón; hann undirbýr reikningslögin til þingsins, tekur á móti miklu af tekjum landsins í ríkissjóð, og borgar aptur út erlendis ýms af útgjöldum landssjóðs, og fær sjálfsagt í hvert skipti landssjóðsreikninginn, þegar hann er fullbúinn í hvert sinn.

Jeg vil enn fremur benda á það, sem stendur síðast í brjefi h. ráðgjafans, að »auk þess«, sem á undan er talið, »hafi hann ekki fengið athugasemdir yfirskoðunarmanna landsreikningsins fyr en búið var að víkja Fensmark frá embætti«; hjer er fyrst að athuga, að í þessu liggur óbeinlínis, að *ef* hann hefði fengið þær áður, þá mundi hann hafa álitið sjer skylt, að taka hjer í strenginn; annað er hjer líka athugandi, sem kannske gæti orðið óþægilegt fyrir hinn hæstv. ráðgjafa, að þetta um athugasemdirnar og »vantandi reikninga« er satt að því, er snertir reikninginn 1882—1883, en *alls ekki satt* að því er snertir reikninginn 1880—1881; *þá vantaði* reikninginn (fyrir 1881), bæði úr Ísafjarðarsýslu og hinu marg-umtalaða Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði; *þá* var H. Finsen landshöfðingi í Kaupmannahöfn, og *þá* hefði *ráðgjafanum mátt vera innan handar að kynna sjer, að þessa reikninga vantaði* fyrir 1881, enda ómögulegt annað en að vita það, hafi hann viljað vita það. En hafi hann ekki viljað vita það, þá eru afskipti ráðherrans af málum Íslands ónóg, og því fylgir einnig ábyrgð. Að *þessu leyti* er niðurlagið á brjefi ráðherrans ekki á rökum byggt.

Þingið er alveg rjettur aðili þessa máls, og hjer er ekki einungis um skaðabætur að gera, *heldur um ábyrgð fyrir eptirlitsleysi.*

Viðvíkjandi því, hvort heimild sje til að ávísa kostnaðinum við þetta mál sem kostnaði við alþingi, skal jeg að eins leyfa mjer þá spurning, að ef mál væri höfðað gegn ráðgjafanum fyrir brot á stjórnarskránni, hvar á þá þingið að fá fje til þess?

Þannig, sem hjer er til bent, er farið

að í ríkisþinginu; forsetinn ávísar fjenu með kostnaði við þingið; sömuleiðis í Noregi, og alstaðar þar, sem mjer er kunnugt.

Þetta þyrfti ekki heldur að gera milli þinga; því gæti orðið lokið á þessu þingi, ef deildirnar væru samtaka. Þetta hefir komið fyrir áður, að forseti Nd. ásamt landshöfðingja hefir af fjenu til kostnaðar við alþingi ávísað einum þingmanni í Ed. fje fyrir, að vera erindisreki þingsins í Elliðaármálunum, og hafði enginn á móti því, að öðru leyti en því, að yfirskoðunarmenn landsreikninganna (annar þeirra var hinn núverandi hæstv. landshöfðingi) gerðu þá athugagrein, að deildaforsetarnir hefðu átt að vera báðir undir ávísuninni samkv. þingsköpunum.

Þetta er mikið vandamál, og hefir slíkt mál ekki komið hjer áður fyrir; vjer höfum því enga »praxis« við að styðjast; en flutningsmönnunum hefir ekki getað hugkvæmzt betra ráð en þetta; og þó málinu yrði vísað frá, sem menn geta búizt við, þá álít jeg, að vjer hjer ekki höfum gert annað en það, sem rjett var og sjálfsagt, og allar umræður manna hjer fara fram á að bæta þann skaða, sem hjer er orðinn, og lagfæra það hneiksli, sem hjer hefir átt sjer stað. Jeg legg afdrif þessa máls með góðri samvizku í forsjónarinnar hendur, og hvað sem einhverjum formgöllum kann að líða, þá höfum vjer almenningsálitið, álit allra góðra og vandaðra manna, með oss, og þá sjest líka bezt, hvort ekki muni vera nauðsynlegt, að gera einhverja breytingu á 2. gr. stjórnarskrárinnar, að því er snertir vald og ábyrgð ráðgjafans og landshöfðingja á því, hvernig þeir uppfylla sínar skyldur.

Flutningsmaður (Páll Briem): Landshöfðingi sagði í ræðu sinni, að neðri deild alþingis hefði í fyrra skorað á ráðgjafann að borga þessa upphæð, sem hjer er um að ræða; en jeg neita algjörlega, að svo hafi verið, því í þingsályktun Nd. er að eins skorað á hann, að gera »ráðstafanir« til þess að upphæðin sje borguð landssjóði, og svarið er: að »ráðgjafinn finnur eigi ástæðu til að gera neitt« í því efni. Landshöfðingi sagði og, að ráðgjafinn hefði eigi haft tækifæri til að láta álit sitt í ljósi um það, hvort hann væri mótfallinn málsókn eða ekki, en þetta er ekki heldur rjett. Ályktun Nd. í fyrra gaf honum nægilegt tilefni til þess, því hún ljet honum frjálsar hendur um það, hverjar ráðstafanir hann vildi gera til að láta borga landssjóði þetta fje; hann gat eins gripið til málssóknar, sem hvers annars. Landshöfðingi benti á ýmsa agnúa, er væru á þingsályktunartill. þessari; er jeg honum að vísu þakklátur fyrir það, en fæ þó eigi sjeð, að þær bendingar hans sjeu á rökum byggðar. Það getur verið, að þær komi af góðum hug og einlægum vilja til þess að reka rjettar alþingis, en þær þyrftu að mínum dómi að vera betur rökstuddar, ef nokkuð ætti á þeim að byggja. Ekki fæ jeg heldur sjeð, að þessi tillaga fari út fyrir verkahring þingsins, eða ætli forsetum þess það starf, er í nokkru komi í bága við þingsköpin. Þinginu er heimilt að fela hverjum, sem það vill, starfa þennan, en það er eðlilegast og liggur beinast við, að fela forsetunum hann, og að þeir ávísi fjenu, sem til þessa þarf. Engin þörf er heldur á því, að geta þess til, að þeir eigi vilji takast þetta á hendur; miklu nær liggur að vænta þess, að þeir vilji gera sitt til að fá rjettarspursmál þetta afgert. Að þingið eigi hafi heimild til að láta ávísa því fje, sem til þarf, getur heldur ekki verið tilfellið því hvernig stæði það þá að vígi? Fyrst því er gefið vald til að höfða mál, hlýtur það einnig að hafa vald til að ávísa fje til að standast málskostnaðinn, því ella væri vald þess til að höfða mál ekki nema nafnið tómt; þá gæti það ekki höfðað mál á hendur ráðgjafanum, nema með hans góða vilja, hvernig sem hann bryti

stjórnarskrána. Þetta er því ekkert gjörræði af þinginu, það hlýtur að vera því heimilt, og beinast liggur við að taka fjeð af alþingiskostnaðinum; því það eru gjörðir þingsins, sem leiða af sjer þessi útgjöld.

Jeg vildi enn fremur vita, hver annar vegur væri til að fá fjeð. Ef stjórnin neitar að borga út á ávísun forseta, þá mun það leiða til málssóknar. Landshöfðingi sagði, að eigi væri rjett að tiltaka þessa upphæð, því eigi sæmdi að heimta meira en menn væru vissir um að eiga, en það er svo í öllum málum, að vafi getur leikið á því, hvað hver á. Allir vitum vjer, að þetta er sú upphæð, sem landssjóð vantaði af tekjum Ísafjarðarsýslu 1885, og við einhvern ákveðinn tíma verður að miða upphæðina; eðlilegast virðist oss því, að miða það við árið 1885, því hvað síðan kann að hafa verið borgað er eigi á almennings vitorði, þó einstakir menn kunni að vita það. Jeg fyrir mitt leyti veit það ekki, og þingið í heild sinni veit það ekki. Sómatilfinning hvers einstaks þingmanns verður að skera úr því, hvort vansæmandi sje fyrir þingið að tiltaka þessa upphæð. Það er ekki hægt fyrir alla, að miða við sómatilfinningu landshöfðingja í því efni. Jeg álít að ráðgjafinn setji sig í dómara stað, þegar hann í brjefi sínu 11. júní þ. á. lýsir því yfir, að hann ekki finni »ástæðu til að gera neitt« út af ályktun Nd. í fyrra; en jeg get ekki skilið, hvernig hægt er að segja, að jeg hafi í þessu máli sett mig í dómara stað. Jeg hefi að eins sagt, að jeg vildi hleypa þessu máli til dómstólanna, og láta þá skera úr því; en hver maður getur sjeð, að það er allt annað en að gera sig sjálfan að dómara. Hvað því viðkemur, að þingið sje hjer rangur sakaraðili og ráðgjafinn eigi sá rjetti varnaraðili, þá vil jeg spyrja: hverjir eru þá hinir rjettu málsaðilar? Víst er það, að fullkomið spursmál getur verið um það, hvort ekki sje það brot á stjórnarskránni, ef lögunum eigi er fullnægt. Þetta eiga dómstólarnir að dæma um, og vjer viljum gera það, sem í voru valdi stendur, til að fá leyst úr þessari spurningu. Eins og h. þingm. Borgf. (Gr. Th.) tók fram, er þetta annað og miklu meira mál með fram, en skaðabótamál eintómt. Það er mál til að fá að vita, hvaða ábyrgð ráðgjafinn hefir, og hver sje hinn rjetti sóknar- og varnaraðili í slíkum tilfellum.

Ef landshöfðingi heldur áfram að finna að þingsályktunartill. þessari, þá vil jeg að hann bendi á, hvernig eigi að hefja mál þetta og fram fylgja því.

Landshöfðingi: Jeg skal engan veginn lá h. deild, þó hún vilji reyna að gera sitt til, að firra landssjóð missi þeirrar upphæðar, sem hjer er um að ræða, en þá er það einnig skylda hennar, að íhuga vandlega öll þau ráð, sem til eru og miða til þess, að fá enda á þessu máli. Hjer er einungis tekin ein hlið málsins, þ. e. sú, hvort ráðgjafinn sje skyldur til að borga þessa upphæð; en hvernig fer, ef hann er dæmdur sýkn af þessu máli, eða því er vísað frá dómi? Þingsályktunin hefði átt að ganga lengra, og gefa líka heimild til málssóknar á hendur landshöfðingjunum. Þegar það væri hvorttveggja fullreynt, þá fyrst gæti þingið sagt, að allt hefði verið reynt; en þó þessari þingsályktun yrði fullnægt, þá eru enn til fleiri vegir.

Það hefir komið fram í umræðunum í dag, að verið gæti, að einnig jeg ætti að bera ábyrgð af þessum vanskilum Fensmarks. Jeg skyldi vera þinginu þakklátur, ef það vildi höfða mál gegn mjer út af þessu, svo að það komi í ljós, hvort nokkur skaðabótaskylda hvíldi á mjer, og jeg skyldi verða hinn fúsasti til að ávísa þeim kostnaði, er þar af leiddi, svo þingið ekki þyrfti að fara í kringum fjárlögin þess vegna. Það er ástæðulaus tortryggni við stjórnina, að ætla,

að hún sje mótfallin þessari málssókn. Henni er alveg sama, þó þingið höfði mál út af skuld Fensmarks; ráðgjafinn ber alls engan kvíðboga fyrir því, að hann verði dæmdur til skaðabóta, og ef hann verður dæmdur sýkn eða málinu vísað frá dómi, þá gerir málssóknin ráðgjafanum enga hneysu, heldur miklu fremur þeim, sem hafa verið hvatamenn að málssókninni. Jeg ímynda mjer, að stjórnin hafi ekkert á móti því, að ávísa sjálf málskostnaðinum, hvort sem höfða skyldi mál gegn ráðgjafanum, dánarbúum hinna fyrverandi landshöfðingja eða mjer.

Eins og jeg hefi áður sagt, er upphæðin ekki rjett, og h. þingd. hlýtur að vita það og h. flutningsm. (P. Br.) hlýtur að vita það. *(P. Br.:* Jeg veit það ekki). Þá hefir h. flutningsm. ekki lesið svör landshöfðingja upp á athugasemdir yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1885; þar stendur á bls. 230: »Upp í þetta — þ. e. skuld Fensmarks — er síðar borgað og verður borgað innan skamms c. 3300 kr.« Ekki mundi það heldur hafa verið nein frágangssök að leita vísbendingar hjá landshöfðingja um upphæð skuldarinnar, eins og hún er nú, en það er eins og menn hafi verið hálf-sneyptir og þess vegna farið í launkofa með þetta mál; en slíkt kann jeg illa við. Stjórnin er ekki í neinu stríði við þingið út af þessu, og er því óþarfi að fara á svig við hana.

Annars held jeg, að þýðingarlaust sje að halda langar umræður um þetta mál; h. þm. Borgf. (Gr. Th.) sagði áðan, að allar mótbárur væru þegar ræddar og hraktar utan þings.

Grímur Thomsen: Vjer flutningsmenn gátum eigi tiltekið aðra upphæð en vjer gerðum; þetta er sú upphæð, sem stendur í landsreikningnum 1885, sem búið er að endurskoða, yfirskoða og samþykkja, og þar með að slá upphæðinni fastri. En þó í svari landsh. standi, að upp í hana sje síðar borgað og muni verða borgað innan skamms hjer um bil 3300 kr., þá gátum vjer eigi byggt neytt á því; vjer vitum hvorki, hve mikið búið var að borga, þegar landsh. skrifaði svar sitt, nje heldur hvenær þetta »innan skamms« kemur, hvort það er í dag eða á morgun, ellegar það hefir verið í gær eða einhvern tíma áður. Það gerir heldur ekkert til, þó einhverju muni, því ef þetta fer í mál, þá verður upphæðin lagfærð á sínum tíma; en það virðist viðkunnanlegra, að ákveða upphæðina, og þá liggur næst, að taka hana eins og hún var við síðustu endurskoðun landsreikninganna, það er 1885.

Oss þótti eigi neitt hafa að þýða, að fara á fund h. landsh. til eptirgrennslana í þessu atriði, en að vjer munum ósneyptir, getur hann sjeð í dag.

Þórarinn Böðvarsson: Þetta er sannarlegt vandræðamál; það er orðinn hlutur, sem ætið er illt að sakast um. En það er þannig lagað vandræðamál, að vonandi er, að það ekki komi opt fyrir, sízt eins lagað. Þegar meðan landsh. Finsen sál. var hjer, var farið að bera á vanskilum hlutaðeigandi sýslumanns, en þá hvarf Finsen hjeðan einmitt um það leyti, sem líklegt er, að hann hefði tekið í taumana, ef hann hefði verið kyr. Þá var Thorberg sál. settur, og sem líklegt var, tók hann sig eigi eins fram og hann að líkindum hefði gert, ef hann hefði strax tekið til sem virkilegur landshöfðingi. Loks varð hann landshöfðingi, og úr því var farið að gera alvöru úr máli þessu. Einmitt af því að þetta er þannig til komið, vona jeg að slíkt beri sjaldan eða ef til vill aldrei framar við, og þetta virðist mjer líka ástæða til að taka linara á málinu. En þó jeg hafi þessa von, vil jeg ekki þar með lá þeim þingmönnum, sem ekki vilja una við svo búið. Það er engum, sem á að hafa gætur á meðferð á lands-

ins fje, láandi, þótt hann og girnist að fá að vita, hvern rjett þingið hefir í þessu efni. Hitt er jeg sannfærður um, að allur þorri þingm. er því mótfallinn, að lögsækja ekkjur hinna páverandi landshöfðingja, sem voru almennt virtir og elskaðir; að minnsta kosti er jeg því mótfallinn.

Jeg skal ekki fara nákvæmlega út í hið lögformlega í þessu efni, því jeg er ekki lögfróður, og því síður mun jeg gera það, sem mjer virðist eigi laust við, að hinir útvöldu skörpu lögfræðingar hafi leiðzt í villu nokkra. Mjer skilst eigi, að þingið eitt geti höfðað mál út af þessu; líka held jeg, að við kunnanlegra hefði verið, að upphæðin hefði farið svo nærri hinni rjettu, sem auðið var, enda hefði það verið samkvæmara virðingu þingsins.

Að því er sjerstaklega snertir 2. lið þingsál., þá liggur mjer við að vorkenna forsetunum, hve mikið þeim þar er ætlað að gera; fyrst og fremst eiga þeir að útvega málafærslumann, og ef þeir vilja það verk vanda og reynast þinginu trúir, þá verða þeir að útvega þann, sem til þess er færastur; en er það víst, að hann geri sig falan? Ætli það mundi svo þægilegt? Í öðru lagi eiga þeir að ávísa málskostnaðinum af því fje, sem gengur til kostnaðar við alþingi, en jeg get ekki skilið, að það sje rjett hugsað. Það er víst hæpið, að skoða málskostnaðinn sem kostnað við alþingi, og jeg er hræddur um, að þingið sje hjer á rangri stefnu.

Jeg vildi helzt óska, að tillagan væri tekin út af dagskrá í þetta sinn, svo hægt væri að íhuga hana enn betur og koma með breytingar við hana, ef mönnum sýndist. Sú breyting, sem næst virðist liggja, er það, að skora á ráðgjafann, að hann láti dómstólana skera úr því, hvort það beri að endurgjalda landssjóði þessa skuld Fensmarks, og hver það eigi að gera. Það virðist mjer að ráðgjafinn ætti að gera. En jeg get enga von haft um, að landssjóður græði fje við málssóknina. Eitt er, að eptirlitið hafi eigi verið nægilega skarpt, annað, að það hafi verið svo hirðulauslegt, að það geti varðað þeirri ábyrgð, að þeir, sem eptir áttu að líta, hafi bakað sjer þá ábyrgð, að þeir eigi að borga skaðann af fje sjálfra sín, — það get jeg með engu móti haldið.

Flutningsmaður (Páll Briem): Landshöfðingi sagði, að stjórnin hefði ekkert á móti því, að mál væri höfðað á móti ráðgjafanum. Það er gott að heyra. Hann sagðist líka vera þakklátur, ef rannsókn væri hafin, *(Landshöfðingi:* á móti mjer); en þá er undarlegt, að ráðgjafinn skuli eigi hafa »fundið ástæðu til að gera neitt« í þessu máli eptir áskorun Nd. í fyrra. Jeg sje eigi betur en þennan veg þurfi nauðsynlega að fara, en ef hann ekki dugir, þá kemur til hins, og ef landshöfðingja er þökk á því, að mál sje höfðað gegn honum, þá er honum innan handar að biðja ráðgjafann að fara eptir þingsál. í fyrra, og láta höfða mál gegn sjer. Með þessu er eigi loku skotið fyrir það, því málfærslan gæti beðið þangað til útkljáð væru þau mál, sem stjórnin ljeti höfða.

Ef landshöfðingi er fús til að ávísa fjenu til þessa, þá er það gott; forsetarnir þurfa þá ekki annað en koma sjer saman við hann, og segja til, hve mikið þarf; en í öllu falli getur eigi verið til skaða, þó forsetarnir sjeu í og með.

Hvað upphæðina snertir, þá veit jeg eigi hvaða aðra tiltekna upphæð hefði átt að miða við en þá, sem slegið var fastri 1885; því þó eitthvað lítið hafi verið borgað síðan, þá getur það jafnazt síðar meir.

Landshöfðingi ljet á sjer skilja, að vjer mundum hafa verið sneyptir; jeg þakka honum fyrir þá kurteisi, en vil samt vísa þeim getgátum frá mjer.

Mál þetta hefir nú verið svo mikið rætt, að jeg finn eigi ástæðu til að fara um það fleiri orðum, en óska að eins, að

menn eigi láti smásamvizkupósta, t. d. um fjárupphæðina eða því um líkt, aptra sjer frá að veita málinu fylgi. Það stoðar ekki, að ætla sjer að strjúka alla agnúa burt; ef einn fer, kemur annar, ef vel er leitað, og þó eitt sje lagfært, geta þeir, sem svo eru gerðir, þeim mun meira fundið að öðru.

Þorleifur Jónsson: H. landsh. sagði að sjer hefði heyrzt á einum h. þm. sem hann mundi vera sekur í þessu máli, og hefir hann sjálfsagt átt við mig. Jeg sagði reyndar eigi, að hann væri sekur, en hitt sagði jeg, að ekkert yrði byggt á þeim ástæðum, sem standa í ráðgjafabrjefinu um það atriði, og þrátt fyrir þær ástæður, sem þar standa, gæti vel verið, að hæstv. landsh. væri sjálfur eigi laus við ábyrgð. En þar sem hæstv. landsh. sagðist vera deildinni þakklátur, ef hún ljeti höfða mál á móti sjer, þá kom það sannarlega flatt upp á mig, því að í ráðgjafabrjefinu 11. júní þ. á. stendur, að hinn núverandi landsh. hafi »látið í ljósi það álit, að ráðgjafinn geti eigi gjört neitt til að verða við áskorun þeirri frá neðri deild alþingis, sem hjer um ræðir« (o: þingsályktuninni í Fensmarksmálinu frá neðri deild í fyrra), og þá heldur ekki höfðað mál, hvorki gegn hinum fyrri landshöfðingjum, nje núverandi landshöfðingja. Hefði hæstv. landsh. verið svo glaður yfir málsókn gegn sjálfum sjer, sem hann segir, þá finnst mjer að það hefði legið næst fyrir hann í fyrra að ráðleggja ráðgjafanum að höfða slíkt mál, og þannig taka þingsályktunartillöguna, sem þá var samþykkt, til greina.

Forseti: Jeg skal, eptir ósk h. varaforseta (Þ. B), skjóta því til h. þingd., hvort málið skuli tekið út af dagskrá.

ATKVÆÐAGR.: Fellt að taka málið út af dagskrá.

Fyrri liður till. samþ. með 19 atkv.
Síðari — — — — 16 —
Till. í heild sinni samþ. með 20 atkv. gegn 2, að viðhöfðu nafnakalli eptir beiðni 6 þm., og sögðu

já:	*nei:*
Jón Þórarinsson,	Jónas Jónassen,
Páll Ólafsson,	Þórarinn Böðvarsson,
Árni Jónsson,	
Benidikt Sveinsson,	
Eiríkur Briem,	
Grímur Thomsen,	
Gunnar Halldórsson,	
Jón Jónsson,	
Lárus Halldórsson,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Pálsson,	
Páll Briem,	
Sigurður Jensson,	
Sigurður Stefánsson,	
Sveinn Eiríksson,	
Þorl. Guðmundsson,	
Þorleifur Jónsson,	
Þorsteinn Jónsson,	
Þorv. Bjarnarson.	
Þorvarður Kjerulf.	

Þingsályktunartillagan var síðan send efri deild.

Tillaga til þingsál. um strandferðir við Ísland 1888 og 1889 (369); fyrri umr.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): H. þingd. er kunnugt, að í fjárlögunum var samþ. uppástunga fjárlaganefndarinnar um að færa styrkinn til gufuskipaferða kring um landið niður í 9000 kr. úr 18000 kr., og að sá styrkur var bundinn því skilyrði, að farið væri eptir ferðaáætlun þeirri, er þingið samþykkti. Fjárlaganefndin hefir nú búið til áætlun, og það er hún, sem hjer liggur fyrir til umr.

Þegar fjeð var fært niður, virtist nefndinni vera ástæða til að fækka líka ferðunum og áleit hún þá, að 1. strandferð mætti helzt missa sig, því að hún kemur opt miklum hluta landsins að litlum notum sökum íssins, sem þá liggur opt og einatt fyrir norðurlandi; auk þess hefir

nefndin einnig stungið upp á að fella burt 3. strandferð (í júlímánuði); báðar þessar ferðir hafa reyndar mikla þýðingu, en nefndin áleit þó, að þær væru eigi svo nauðsynlegar fyrir viðskiptin innanlands, sem hinar aðrar, og væri því minnst eptirsjón í þeim. Önnur aðalbreyting nefndarinnar frá því, sem nú er, er það, að skipið komi í hinni síðustu ferð aptur til Reykjavíkur, þegar það er búið að fara í kring um landið frá vestri til austurs, og bregði sjer svo þaðan snöggva ferð vestur á Ísafjörð; þetta virtist nefndinni vera mjög áríðandi fyrir samgöngurnar milli hinna einstöku hluta landsins, svo að hægt væri að ferðast og flytja vörur að haustinu frá einum stað til annars og að þeir sem vildu ættu kost á að koma vörum sínum í byrjun októbermánaðar suður til Reykjavíkur.

Þá hefir nefndin sett Borðeyri inn í ferðaáætlanina, en hefir þó farið mjög varlega í sakirnar, því að hún ætlast ekki til, að skipið komi þar optar en tvisvar sinnum, í 2. ferð 16. ágúst á leiðinni frá Reykjavík, og í 3. ferð 28. sept. á leiðinni til Reykjavíkur.

Við ferðaáætlun nefndarinnar hafa komið fram breyt.till. frá nokkrum h. þm., þar sem farið er fram á að bæta Flatey við komustaðina; þetta er nú reyndar ekki þýðingarmikil breyting, en nefndin álítur þó varasamt að samþykkja hana, því að það getur tafið skipin, ef komustöðunum verður fjölgað; hin breytingin er þýðingarmeiri, að póstskipið skuli fara í aprílmánuði til vesturlandsins, og er hætt við að hún máske geti valdið töluverðum ruglingi á ferðunum. Fjárlaganefndin hefir fellt burt 1. og 2. Thyru-ferð, og hefir hún í því meðfram tekið tillit til þess, að eigi mundi þörf á nema 2 skipum, í staðinn fyrir að nú eru 3, ef ferðunum væri þannig hagað; þetta álítur nefndin vera svo mikinn hag fyrir gufuskipafjelagið, að það ekki missi nokkurs í, þótt styrkurinn sje færður niður um helming, en að því er snertir skaða þann, sem landsmenn bíða af því að ferðunum er fækkað, þá er hann eigi stærri en svo, að hann mun fyllilega vinnast upp við það, að ferðaáætluninni verður nákvæmlega framfylgt og hún kemur haganlega við.

Sigurður Jensson: Hæstv. landsh. sagði um daginn, þegar mál þetta lá fyrir til umræðu, að hann treysti ekki þinginu til að búa til ferðaáætlun. og jeg verð nú að taka undir með honum. Ef h. fjárlaganefnd hefði látið styrkinn halda sjer og reynt að endurbæta hina gömlu áætlun. þá hefði allt getað farið vel: en nú hefir hún tekið það ráð að lækka styrkinn og fækka ferðunum, og svo samið nýja áætlun. og það hefir algerlega mistekizt fyrir henni; nefndin hefir fækkað ferðunum úr 5 niður í 3, og það sem verst er: hún hefir sleppt 1. ferð (í maí), sem var sú nauðsynlegasta af öllum ferðunum; með þessari ferð fá allar smáverzlanir og pöntunarfjelög vörur sínar, og fáist þær ekki þá, verða þessar verzlanir og pöntunarfjelög að hætta. Við höfum því komið fram með breyt. till. til að lagfæra þetta óheppilega fyrirkomulag.

Á Patreksfjörð og Flatey vill nefndin láta skipin koma að eins tvisvar sinnum, þar sem þau þó áður hafa komið þangað 5 sinnum, og þykir mjer þetta því merkilegra, sem þm. sjálfir hafa játað, að skipaferðirnar hefðu meiri þýðingu fyrir Vesturen Norðurland. Úr því svo var, þá hefðu þeir einmitt átt að breyta sem minnst til um ferðirnar vestanlands og láta það þá heldur koma niður á norðurlandi. Það hefir komið fram sú mótbára, að menn geti fengið vörur sínar frá útlöndum á annan hátt en með gufuskipunum: en það er hægra sagt en gert, og svo mikið er víst, að nái þessi áætlun fram að ganga, þá verða 2 smáverzlanir og 1 pöntunarfjelag, sem jeg þekki til fyrir vestan, að hætta, þar sem þau standa í verzlunarsambandi við

Kaupmannahöfn, og þeim ríður á að fá vörur sínar sem fyrst að vorinu. Jeg vona því að h. þingd. lofi þessum breytingum að komast að, svo að hvað sem um áætlunina verður, hvort sem hún verður samþykkt af þinginu eða ekki, að þessi atriði standi til leiðbeiningar fyrir stjórnina, þegar hún fer að semja um strandferðir fyrir næstkomandi ár.

Landshöfðingi: H. þm. Barðstr. (S. J.) rifjaði upp það sem jeg sagði hjer um daginn, að það væri ekki meðfæri h. þingd. að semja ferðaáætlun fyrir gufuskipin og játaði, að það hefði sannazt nú, að jeg hefði haft satt að mæla.

Jeg vona líka, að allir sem lesa áætlunina með athygli, sjái, að þegar það skilyrði er sett fyrir styrknum, að fylgja þessari áætlun, sem engar tálmanir þekkir, hvorki ís nje annað, þá sje það hið sama sem að aftaka ferðirnar, þar sem ómögulegt er að uppfylla þá kosti, sem settir eru. Nefndin hefir líka ætlazt til, að skipin kæmu tvisvar á sumri á Borðeyri, sem opt er mjög örðugt að komast að sökum íss og vondrar innsiglingar. Það er líka aðgætandi, að nefndin hefir sjálfsagt gengið út frá því, að sama fjelag og áður hefði þessar ferðir, eins og sjá má af því, að 1. ferðin er sama ferð og sú, sem »Laura« hefir nú, og líka er ætlazt til, að póstskipið fari vestur í aprílmánuði, en þá þykir mjer skrítið, að h. nefnd skuli hafa tekið Borðeyri upp í áætlunina, þar sem hið sameinaða gufuskipafjelag hefir áður margneitað að fara inn á þá höfn, meðan flóinn væri ómældur og engin trygging fengist fyrir þau gufuskip, sem þangað færu. Verði nú styrkurinn færður niður í 9000 kr. og útborgun hans bundin því skilyrði, að ferðaáætlaninni sje nákvæmlega fylgt, þá hygg jeg að örðugt muni verða fyrir stjórnina að ná samningum við fjelagið, þegar hún ekki hefir nema þessar 9000 kr. í annari hendinni, og í hinni þessa áætlun, sem ómögulegt er að uppfylla. Hjer er engin tilslökun möguleg; fáist ekki þetta starf fyrir þessa borgun og með þessum skilyrðum, þá er engin annar vegur til að koma samningum á. Jeg álít því að ef þingið samþykkir þessa áætlun og gjörir hana að skilyrði fyrir útborgun þessa styrks, sem samþykktur hefir verið í fjárlögunum, þá sje það sama sem að hafna öllum strandferðum á næsta fjárhagstímabili, og af því jeg ímynda mjer, að fáir þm. muni vilja verða valdir að því, þá vil jeg ráða h. þingd. til að fella þessa ferðaáætlun, en láta standa við þær 9000 kr., sem veittar hafa verið í fjárlögunum.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Jeg skal út af orðum hæstv. landsh. geta þess, að það var einmitt tekið fram í athugasemdinni við fjárlögin, að ísinn væri lögmæt forföll; en þar sem hann sagði, að sjer þætti undarlegt, að við skyldum hafa sett Borðeyri inn í áætlunina, þó að gufuskipafjelagið hefði optlega neitað að koma þangað, þá er þetta eitt af því, sem gufuskipafjelagið ekki hefir viljað gjöra án þess sýnileg ástæða sje til þess, en sem vjer óskum eptir, því að það er mjög áríðandi fyrir samgöngurnar í landinu, og sama er að segja um tilhögunina á síðustu ferð skipsins. Það hefði verið æskilegast að mál þetta hefði verið svo undirbúið, að þingið hefði getað vitað, að hverjum kostum fjelagið hefði viljað ganga, en þess var nú ekki kostur, svo að nefndin varð að fara eptir því sem henni þótti sanngjarnt í því efni, enda hefir hún líka sýnt alla þá tilhliðrunarsemi, er henni var mögulegt, þar sem hún hefir sleppt 2 ferðum kostnaðarins vegna.

Viðvíkjandi því, sem h. þm. Barðstr. (S. J.) sagði, vil jeg taka það fram, að nefndinni var einn kostur nauðugur: að fækka ferðunum, þar sem styrkurinn var færður niður um helming, ef hún eigi vildi eiga á hættu að gufuskipaferðirnar legðust niður.

Ólafur Briem: Jeg er samdóma h.

þm. Barðstr. (S. J.) um það, að þessi áætlun sýnir, að þinginu er annað betur lagið en að semja ferðaáætlanir fyrir gufuskipin, þó að jeg ekki geti verið á þeirri skoðun, að breyt.till. hans ráði bót á þeim annmörkum, sem eru á áætluninni. Ferðunum er hjer fækkað að raunalausu, því að hjer liggur ekkert fyrir því til sönnunar, að fremur fáist þær 3 ferðir, sem nú er farið fram á, en hinar 5, sem áður hafa verið, og þar að auki hafa þær ferðir einmitt verið felldar burt, sem bezt borguðu sig fyrir skipin, sjerstaklega fyrsta ferð (maíferðin); áætlunin hefir verið samin eptir viðskiptaþörfum innanlands, en málið má eigi skoðast þannig frá einni hlið, því að það eru einmitt vöruflutningarnir frá útlöndum, sem borga mikinn hluta kostnaðarins; styrkurinn úr landssjóði hrekkur ekkert, hvort sem hann er 18000 kr. eða að eins 9000 kr., og viðskiptin innanlands vega lítið á móti vöruflutningunum frá útlöndum; auk þess er það og mikill hagur fyrir landið, að smákaupmenn geti fengið vörur sínar með sem hægustu móti, á gufuskipunum, því að það hlýtur að koma fram í viðskiptum smákaupmanna við landsmenn sjálfa. Hinar stærri verzlanir hafa seglskip í förum, en það hafa smáverzlanirnar ekki og verða því að nota gufuskipin; verði nú þessum verzlunum gjört óhægt eða ómögulegt að nota gufuskipin, þá eru allar líkur til að þær falli, en það getur orðið hættulegt fyrir verzlanina og skaði fyrir landsmenn, ef stórverzlanirnar yrðu einráðar og einokun kæmist á. Mjer virðist annars þessi áætlun vera fremar einræningsleg, og eigi að hafa viðskiptin innanlands eingöngu fyrir augum, þá þyrfti að breyta fleiru en ferðadögunum; það yrði þá líka að ákveða, að hafa skyldi einungis smáskip í ferðum o. s. frv. Aðalgallinn á hinum fyrri ferðaáætlunum hefir verið sá, að haustferðin hefir ekki gengið kring um landið og til Reykjavíkur, svo að landsmenn hafa verið útilokaðir frá viðskiptum innanlands að haustinu; á þessu fyrirkomulagi hefir nú nefndin ráðið bót, enda er það hinn eini kostur við ferðaáætlun hennar; en þessum og öðrum breytingum hefði ef til vill mátt koma fram með áskorun til landsstjórnarinnar, þar sem henni hefði verið falið á hendur, að semja við gufuskipafjelagið og hefði það að líkindum verið affarabetra fyrir þingið en að leggja út í svona stórkostlegar breytingar upp á sitt eindæmi. Það er auðvitað mjög óheppilegt, að skipin skuli eigi hafa fulla skuldbinding til að koma á allar hafnir, sem hafa verið í hinum fyrri áætlunum, og ættu þau eigi að geta komist hjá því nema ís eða önnur óumflýjanleg forföll hömluðu; enda er það aðalatriðið, að þeirri áætlun, sem sett er, verði nákvæmlega fylgt og að hún sje eigi bundin neinum óþörfum skilyrðum viðvíkjandi einstökum höfnum; en að því er snertir þær einstöku hafnir, sem skipin hafa ekki áður komið á, þá er varla gjörlegt, að setja þær sem fast skilyrði fyrir styrknum, ef þar af kynni að leiða, að skipaferðirnar algerlega færust fyrir. Jeg álít því, að rjettast sje að fella þessa áætlun, en binda fjárveitinguna því skilyrði, að farið verði eptir þeirri áætlun, sem landsstjórnin samþykkir.

Páll Ólafsson: Hæstv. landsh. fann það eitt með öðru að áætluninni, að Borðeyri stæði þar sem ein af þeim höfnum, er skipin ættu að koma á; jeg er viss um, að þegar fjárlaganefndin setti þessa höfn inn á áætlunina, þá hefir vakað fyrir henni, að hjer ætti nauðsyn landsbúa að ráða, því kring um þessa höfn liggja 4 sýslur landsins, sem engin not hafa af gufuskipaferðunum, ef skipið ekki kemur á þessa höfn. Nefndin hefir náttúrlega ekki ætlazt til, að skipin komi á þessa höfn, ef ís hindrar, enda hefir hún í því tilliti farið mjög varlega, þar sem hún lætur skipið ekki koma á Borðeyri fyr en 16. ágúst, og um það leyti er mjög sjaldan

um ís að tala; jeg veit ekki til, að það hafi komið fyrir nema einu sinni, að ís hafi legið þar fram yfir þann tíma. Jeg get því ekki sjeð, að nefndin hafi ætlazt til of mikils af gufuskipafjelaginu, þó að það ljeti skip sín koma á Borðeyri á þeim tíma, sem önnur skip, bæði gufuskip og seglskip, koma þangað; þeim getur ekki verið meiri vorkunn að fara þangað en öðrum skipum. Þá hefir komið fram sú mótbára, að Húnaflói væri óuppmældur; en hverjum er það að kenna? Herskip þau, sem send hafa verið hingað upp í því skyni að mæla Húnaflóa, hafa ekkert gagn gert; því að uppmæling sú, sem þau hafa gert, hefir verið miðuð við þá leið, sem engum manni, sem til þekkir, kemur til hugar, að nokkru sinni muni verða notuð til siglinga, en þá leiðina, sem til þessa hefir verið farin og jafnan gefizt vel, ljetu þau ómælda. Hingað til hafa menn orðið að fara eptir hinum gömlu uppmælingum, sem gjörðar voru á Húnaflóa, eins og annarstaðar kringum strendur landsins, og hefir það reynzt vel yfir höfuð að tala, því þó hin ensku gufuskip hafi einstöku sinnum rekið sig á, þá hefir það verið því að kenna, að ekki var farið eptir þeim eða þá beinlínis ógætni að kenna.

Hvað ábyrgðina snertir, þá get jeg ekki skilið, að hún ekki fáist á strandferðaskipin, þar sem bæði seglskip og gufuskip Slimons jafnan hafa fengið fulla ábyrgð; jeg get ekki trúað því, að á þessi skip ein sje ómögulegt að fá ábyrgð.

Þórarinn Böðvarsson: Það gladdi h. þm. Barðstr. (S. J.), að spádómur landsh. rættist, sá, að fjárlaganefndin eigi gæti búið til strandferðaáætlun; það er hægur vandi að segja þetta, en óhægra að sanna, enda reyndi þm. Barðstr. það ekki einu sinni. En jeg hef hjer fyrir mjer sönnun fyrir því gagnstæða; hjer liggur ferðaáætlun, sem fjárlaganefndin hefir samið, og eigi hefir enn verið fundið að með neinum rökum.

Hitt er annað mál, þó h. þm. og fleiri kunni að vilja halda sínum hjeruðum fram frekar en gert er í áætluninni. En þm. Barðstr. sagði líka stórtíðindi í ræðu sinni, þegar hann gat þess, að fyrir vestan væru 2 smáverzlanir og eitt pöntunarfjelag, sem hlytu að hætta, ef þessari áætlan væri fylgt og maíferðin því misstist; þetta þykir mjer mjög ótrúlegt. Það er ótrúlegt, að tilvera smáverzlana og pöntunarfjelaga sje komin undir því, að fá jafndýra vöruflutninga og með póstgufuskipunum. Jeg skyldi fús að gefa atkvæði með breyt.till. hans, ef hún með nokkru gæti staðizt í sambandi við þessa ferðaáætlun, sem jeg leyfi mjer að vona, að verði samþ.

Mótmæli hæstv. landsh. hnigu helzt að þeirri athugasemd, sem nú eigi liggur hjer fyrir og Ed. hefir gert sig líklega til að nema burt úr fjárlögunum. Jeg held allir verði að játa, að hvert fjelag muni vera eins vel íhaldið með 9000 kr. fyrir að sigla kring um strendur landsins eptir þessari áætlun, eins og að fullnægja þeirri, sem nú gildir, fyrir 18000 kr. Vöruflutningar hljóta að verða miklu meiri með hverri ferð, þegar þeim bæði er fækkað og hagað betur eptir þörfum manna.

H. þm. Strandamanna svaraði landsh. upp á það, sem hann sagði um Borðeyri; það er alveg víst, að á enga höfn hefði gufuskip jafnmikið erindi eins og þangað, því að þeim verzlunarstað liggja 4 sýslur.

Ekki er heldur hugsanlegt, að gufuskipafjelagið danska geti eigi fengið skip sín tryggð á þá höfn; það er kunnugt, að á hana hafa opt komið miklu stærri gufuskip en strandferðaskipin, og hafa bæði verið tryggð og farnazt vel. Þessar 2 ferðir, sem gert er ráð fyrir að komið sje við á Borðeyri, eru á þeim tíma, sem venjulega er íslaust fyrir öllu landinu, og á þeim tíma, sem ætlazt er til að seinni ferðin verði, en engin dæmi til, að ís hafi legið hjer við land. Stundum getur komið

fyrir, að ekki sje íslaust 16. ág., en engum dettur í hug að ætlast til, að skipið komi þangað, ef ís er; hitt gæti verið, að menn ætluðust til, að það kæmi, þó dálítill stormur væri.

Jeg man nú eigi fleira, sem þörf er á að taka fram, og vil óska, að h.deild samþykki áætlun vora.

Lárus Halldórsson: Jeg verð að taka undir með þeim, sem mæla á móti áætlun þessari, og sjerstaklega verð jeg að geta þess, að mjer skilzt eigi, hvaða ástæða eða hvöt alþingi hefir til að fækka strandferðunum. *(Þórarinn Böðvarsson:* Græða 9000 kr.). Ef það verður ofan á að færa tillagið niður, skil jeg ekki, að þingið geti annað en falið landsstjórninni á hendur, að fá svo margar ferðir og haganlegar, sem auðið er, fyrir þessar 9000 kr.

Jónas Jónassen: Það er alveg þýðingarlaust, að vera að ræða þessa áætlun; jeg þykist sjá að gufuskipafjelagið, er það sjer hana, segi: Nei, fyrir þessa áætlun þökkum vjer, en hana getum vjer eigi þegið; að hafa 2 - 3 skip í förum kringum strendur Íslands, og það fyrir einar 9000 kr., sem er svo langt frá því að geti borgað sig, að slíkum kostum göngum vjer ekki.

Jeg er sannfærður um, að mjög mikið gagn væri að því, að póstgufuskipið kæmi á Borðeyri; en meðan engin »uppmæling» er á firðinum, er mjer nær að segja það barnaskap, að ætla, að hið sameinaða gufuskipafjelag vilji eiga það á hættu, að önnur eins skip og »Laura» rekist á eitthvert skerið á innsigling til Borðeyrar. *(Margir:* Þetta fer Camoens þangað). Hann hefir líka tvisvar rekið sig á sker, og hver er kominn til að segja, hvar sker eru og ekki sker á firði, sem aldrei hefir verið kannaður?

Aðalatriðið er það, að gufuskipafjelagið mun aldrei hafa haft neinn sjerlegan hag af strandferðunum, og nú, er það einungis á að fá 9000 kr. fyrir ferðirnar, tel jeg það víst, að fjelagið vilji ekkert eiga við strandferðirnar. Ef deildin vissi, hve lítið fæst fyrir flutningana, sem koma með strandskipunum sumar ferðirnar, þá mundi henni ekki koma til hugar, að færa tillagið niður, nema þetta sje gert til þess að aftaka allar reglulegar strandferðir, sem jeg tel mjög illa farið, ef ofan á yrði, sem allt útlit er fyrir, ef þetta fær fram að ganga. Reikningarnir hjá póstmeistaranum munu sýna, að sumar ferðirnar opt ekki borga ½ af kolunum, sem eyðast til þeirra.

Páll Ólafsson: Jeg ætla að leyfa mjer að leiðrjetta orð h. þm. Rvk. (J. J.). Þegar Camoens festi sig á Húnaflóa, þá var það fullum 8 mílum fyrir norðan Borðeyri.

Sigurður Jensson: Varaforseti (Þ. B.) gerði lítið úr ástæðum mínum á móti áætluninni, en röksemdir hans í þá átt voru að eins þær, að honum þóttu mínar ástæður óskiljanlegar og ótrúlegar. Jeg get ekki að því gert, þó h. varaforseti skilji ekki ástæður mínar, og vilji ekki trúa mjer.

Jeg var mest mótfallinn að missa 1. ferðina, af því að það er sú ferðin, sem smáverzlanir nota mest til að fá sjer vörur, sem þeir eigi á annan hátt geta fengið. Það kann nú að vera, að varaforseti sjái ráð fyrir þessar verzlanir, þó hvorki þær nje jeg sjái það, og ef svo væri, þarf ekki annað en vísa þeim til hans. Jeg skal enn af nýju taka það fram, að það hefir mikla þýðingu, að skipið komi á Patreksfjörð og Flatey, því að nú síðustu árin hafa kaupmenn á Ísafirði notað strandferðaskipin til að flytja verzlunarmönnum sínum í suðurhluta Barðastrandarsýslu vörur, þeim að kostnaðarlausu, fyrir fisk þann, sem lagður er inn hjá þeim eptir vorvertíðina við Djúpið; ef gufuskipin ekki koma þar, verða menn að haga vöruflutningum eins og áður; en apturför er það, ef menn þannig verða að hætta við það, sem menn voru farnir að læra að nota, og höfðu góðar vonir um að mundi haldast.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg verð að

svara h. þm. Barðstr. því, að jeg kann ekki að hrekja þær ástæður, sem engar eru, því þó einhver segi eitthvað út í bláinn, nenni jeg ekki að elta það. En svo mikið vil jeg segja, að jeg vil trúa þingmanni Barðstrendinga til að bjarga verzlun manna þar vestra, þó maíferðin fari; það er hægt að fá smáskip til að koma með vörur, og er það miklu ódýrara en að panta þær með póstgufuskipunum; jeg hef fengið vörur á hvorutveggja þennan hátt, og veit vel, hver munur er á því, að fá vörur sínar með seglskipi eða gufuskipum.

Forseti: Jeg skal geta þess, að h. þm. N.-Þing. (J. J.) hefir fengið leyfi til að ganga af fundi sökum lasleika.

ATKVÆÐAGR.:

1. Breyt.till. 4 þm. samþ. með 16 atkv.
2. — — —— —— — — 16 —
3. —— —— —— — — 17 —
4. —— —— —— — — 17 —
5. Áætlun fjárlaganefndarinnar með breytingum samþ. með 15 : 5 atkv.
6. Viðaukatill. 4 þm. felld með 11 : 10 atkv., að við höfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Benidikt Sveinsson.	Jón Þórarinsson.
Grímur Thomsen.	Páll Ólafsson.
Gunnar Halldórsson.	Árni Jónsson.
Jónas Jónassen.	Eiríkur Briem.
Ólafur Pálsson.	Lárus Halldórsson.
Sigurður Jensson.	Ólafur Briem.
Sigurður Stefánsson.	Páll Briem.
Sveinn Eiríksson.	Þórarinn Böðvarsson.
Þorl. Guðmundsson.	Þorleifur Jónsson.
Þorv. Bjarnarson.	Þorsteinn Jónsson.
	Þorv. Kjerulf.

7. Neðanmálsgrein við áætlunina samþ. með 11 atkv.
8. Tillögunni vísað til síðari umr. með 11 gegn 7 atk.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1886 og 1887 (313, 329, 365); ein umr.

Framsögum. (Eiríkur Briem): Þetta mál er hingað komið frá Ed., og menn sjá af áliti nefndar þeirrar, er áður hafði það til meðferðar hjer í deildinni, og nú hefir tekið það til íhugunar, að hún ræður til að samþykkja frv. eins og það nú er orðið; sú eina breyting á því er sú, að eptirlaun Jóns Árnasonar, fyrverandi bókavarðar, er tekin upp í frv., en það er í fullu samræmi við fjárlögin, eins og þau voru samþykkt hjer í deildinni. Hjer að auki hafa 6 h. þm. hjer í deildinni nú komið með þá till., að fella 2. gr. frv. burt. Sú gr. komst inn í frv. við 3. umr. hjer í deildinni, og mætti þá engri mótspyrnu, og hefir sömuleiðis mótmælalaust gengið gegn um Ed.

Fjárlaganefndin hafði og tekið þetta atriði til íhugunar, og finnur hún nú enga ástæðu til að breyta áliti sínu eptir tillögum þessum. Hún álítur þetta þau gjöld, sem árangurslaust sje að færast undan að borga, því þeir, sem þau eiga að greiðast, muni geta fengið þau með dómi, ef þeir eigi fá þau á annan hátt.

Sigurður Jensson: Vjer höfum, eins og kunnugt er, komið með þá till., að 2. gr. sje felld úr frv. Þegar landsh. kom með hana sem breyt.till. við 3. umr. hjer í deildinni, var mjer og líklega fleirum þingmönnum alveg ókunnugt um, hvernig á þessu máli stæði, og fylgdum því skoðun fjárlaganefndarinnar, sem lýsti því yfir, að sjálfsagt væri að veita stóra upphæð, og að læknarnir mundu hafa lögmætt tilkall til þessarar uppbótar. En síðan höfum vjer rannsakað málið, og oss hefir fundizt næsta athugavert að veita þessa upphæð. Það er til landsyfirrjettardómur, sem hefir dæmt um einn þessara lækna, að hann eigi ekki að lögum neinn rjett til að fá þessa launaviðbót. Þessum dómi

hefir enn ekki verið skotið til hæstarjettar, og meðan hæstirjettur ekki hefir dæmt þennan dóm ógildan, finnst mjer eigi ástæða til að greiða þetta fje.

Menn mega ekki ætla, að vjer gerum þetta af persónulegri óvild við þessa lækna; vjer getum vel unnt þeim að fá hverja þá upphæð, sem þeir hafa rjett til að fá; vjer viljum að eins fá dómsúrskurð um það, að þeir hafi lögmætt tilkall til þessarar launaviðbótar, en álítum, að þingið eigi ekki, fyr en sá dómur liggur fyrir, að gefa leyfi til að útborga þetta fje úr landssjóði.

Grímur Thomsen: Það hefir verið regla, að þingið hefir eigi álitið sjer heimilt að veita fje, nema lögheimild væri til. Þó nú svo sje, að fjárlaganefndin skoði hæstarjettardóm þann, er fjell í máli því, er Þorgrímur læknir Johnsen höfðaði móti landssjóði, sem gildandi einnig fyrir þessa lækna, sem hjer ræðir um, þá finnst mjer eigi full ástæða til þess, allt svo lengi landsyfirrjettardómur, sem fallið hefir móti einum þeirra, ekki hefir verið látinn ganga til hæstarjettar og þar verið breytt. Mjer finnst þingið eigi geta og ekki eiga að gera sig að þýðara laganna í þessu efni með því að veita þetta fje. Það mun hafa verið í ráði, að skjóta þessum landsyfirrjettardómi fyrir hæstarjett, en Henrichsen málaflutningsmaður, sem nú er látinn, mun hafa talið mjög vafasamt, að læknirinn gæti unnið málið, og þess vegna ljet hann það niður falla.

Meðan svona stendur, álít jeg ófært að veita þessa launaviðbót; æðsti dómstóll í landinu hefir sagt, að læknarnir eigi ekki heimting á henni, og hæstarjettarmálafærslumaður í Danmörku hefir talið óvíst, að hæstirjettur mundi dæma þeim hana. Þegar jeg ber saman dóm hæstarjettar og hin almennu launalög, þá fæ jeg eigi sjeð, að þessir læknar eigi heimting á hærri launum en þeir nú hafa.

Jeg get enga ástæðu sjeð til þess, að þó einhver launaviðbót sje veitt eitt fjárhagstímabil, þá sje sjálfsagt, að hún haldist þaðan af; hitt er miklu eðlilegra, að sú fjárveiting, sem að eins stendur á fjárlögunum, hafi eigi gildi lengur en þau sjálf, enda er það sú regla, sem þingið nú fylgir.

Jeg vil ekki láta ákveða neitt um þessar launaviðbætur að svo stöddu, ekki af því, að jeg þykist viss um, að þeir eigi hafi rjett til þeirra, heldur af því að mjer þykir það mjög vafasamt, og vil því fara varlega. Jeg set svo, að dómi landsyfirrjettarins hefði verið vísað til hæstarjettar og hann staðfest hann; mundi það þá eigi hafa verið skoðað sem fljótfærni af þinginu, ef það, meðan á málinu stóð, hefði veitt þessa launaviðbót?

Jeg veit, að þetta er viðkvæmt mál, en samt sem áður mun jeg greiða atkvæði gegn 2. gr., því jeg álít eigi nægа ástæðu til þessarar fjárveitingar.

Landshöfðingi: Þessi breyt.till. um, að fella burtu uppbót á launum 3 hjeraðslækna, kemur mjer og líklega fleirum mjög á óvart, þar sem þingið 3 sinnum er búið að samþykkja, að þessum læknum beri hin sömu launakjör, eins og Þorgrími Johnsen voru dæmd með hæstarjettardómi 15. nóv. f. á.; með þessu sýna h. uppástungumenn breyt.till., að þeir hafa þrisvar greitt atkvæði í blindni.

Stjórnin álítur, að það sem tekið er fram í hæstarjettardóminum 15. nóv. f. á. um rjett Þorgríms Johnsens til launaviðbótar, hljóti einnig að gilda um þessa lækna. Fyrst voru launin í þessum embættum 500 rd., og var þeim slegið upp með þeim launum, en jafnframt var þess getið í auglýsingunni, að stjórnin mundi fara þess á leit við fjárveitingarvaldið í fjárlögunum, að launin skyldu byrja með 600 rd. og hækka um 100 rd. árlega fyrir hver 3 ár. Að launin skyldu byrja með 600 rd., var orðalaust veitt í fjárlögunum, áður en hlutaðeigandi læknar fengu veit-

ingu fyrir embættunum, og þegar næst átti að veita þeim viðbót eptir aldri, var það einnig gert orðalaust, samkvæmt hinum fyrri fjárlögum; enda hefir þeirri reglu ávallt verið fylgt, þegar stjórnin biður um fje, og fjárveitingarvaldið veitir það, þá er þar með álitið, að fjárveitingarvaldið hafi samþykkt þær ástæður, sem stjórnin hefir borið upp fyrir þessari beiðni sinni í ástæðunum fyrir hlutaðeigandi fjárlögum. Þetta hefir ríkisþingið gert með því, að veita hækkun launanna og síðan hinar fyrstu viðbætur eptir embættisaldri; en svo var álitið, að með læknalögunum 15. október 1875 væri ákveðið, að allar launaviðbætur ættu að hætta og læknarnir að stöðvast við þau laun, sem þeir höfðu, þegar launalögin komu í gildi; þennan skilning hafði stjórnin og þingið, þangað til hæstarjettardómurinn fjell í máli Þorgríms læknis, en nú er því slegið föstu með hæstarjettardómi þessum, að sá skilningur hafi verið rangur. Og enn vil jeg taka það fram, að betra sje að veita þetta fje nú þegar, en að borga það síðar eptir dómi, ásamt miklum málskostnaði og rentum.

Ólafur Briem: Jeg játa, að þessi breyt.till. sje nokkuð seint fram komin frá okkur, en það er »betra seint en aldrei«. Þegar við höfðum gegnum gengið dómana, sem fallið hafa í þessum málum bæði fyrir hæstarjetti og landsyfirrjetti, vaknaði hjá okkur allmikill vafi, og þar sem talað hefir verið um, að við höfum greitt atkvæði »í blindni« í þessu máli áður, þá er slíkt nokkuð hart; mjer finnst mikil vorkunn, þó menn beri traust til orða annara, og sjerstaklega til nefnda þeirra, sem settar eru í málin, meðan menn eigi hafa sjálfir átt kost á að afla sjer glöggrar þekkingar á þeim, sjerstaklega þegar um vafasamar lagaspurningar er að ræða; og þegar lögfræðingarnir eru sinn á hverju máli, þá finnst mjer til ofmikils ætlazt, að ólögfróðir menn geti á svipstundu sett sig svo vel inn í slík mál, að þeir geti strax tekið fasta stefnu í þeim.

Það er mín skoðun, að hæstarjettardómurinn í máli Þorgr. Johnsens ryri ekki hið minnsta gildi landsyfirrjettardóms þess, er fallinn er í máli eins af læknum þeim, sem hjer er um að ræða. Aðgangur Þorgríms til hærri launa segir hæstirjettur að sje byggður á konungsúrskurði, en það er ekki tilfellið með hina læknana. Jeg álít því ekki rjett, að þingið taki fram fyrir hendurnar á dómstólunum með því að skera sjálft úr þessu vafamáli.

Grímur Thomsen: Hæstv. landsh. vildi bregða okkur um, að við hefðum þrisvar greitt atkvæði með þessari fjárveitingu, og nú á 11. stundu sjeð okkur um hönd og kæmum nú fram á móti því; en jeg skal geta þess, að hvað sem hæstv. landsh. líður, þá erum *við* ekki slíkir menn, að við sjeum vaxnir upp úr því, að breyta skoðunum okkar, þegar við við síðari athugun sjáum, að þær hafa ekki við nægrök að styðjast; við höfum leitað upplýsingar síðar, og álítum okkur ekki heimilt nú að greiða atkvæði eins og áður. Landsyfirrjettardómur Þorgríms Johnsens og Þorsteins Jónssonar eru ekki báðir byggðir á sömu ástæðum. Dómur Þorgríms dæmir honum rjett til viðbótar þessarar, þar sem dómur Þorsteins gengur í mótsetta átt hvað hans launaviðbót snertir, af því sú viðbótarkrafa ekki styddist við konungsúrskurð, heldur við fjárlögin; en ef vjer gætum að meginreglu fjárlaganna, þá sjáum vjer, að í 20. gr. stendur: »Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum, eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið«. Vjer hjer berum jafnmikla virðingu fyrir konungsúrskurðum sem í

Danmörku, en við álítum okkur ekki skylda til eða bundna við að fylgja allt af fram þeim ákvörðunum, sem í eitt skipti standa í fjárlögum, og eins og hæstirjettur var samdóma landsyfirrjetti í máli Þorgríms, eins er ekki ólíklegt, að hann muni verða samdóma landsyfirrjetti í málum hinna læknanna, og það þess heldur, sem einn hæstarjettarmálaflutningsmaður þegar hefir kveðið upp úr um, að það sje »vafasamt«, að sá læknir, sem til hans leitaði, mundi vinna málið fyrir hæstarjetti. Kostnaður verður nokkur við þetta mál, sem landssjóður verður að bera, ef málið fellur á hann, en þá hafa þessir heiðruðu læknar fengið með rjettu, *fullkomlega rjettu*, það, sem þeim ber; og af því við erum ekki sannfærðir um, að nauðsynlegt sje að veita þessa viðbót, höldum við breytingaratkvæði okkar föstu, með því vjer viljum ekki, ofan í gildan landsyfirrjettardóm, gera *oss* að hæstarjetti.

Landshöfðingi: Það er ekki til neins að vera að kýta um það, hvernig hæstirjettur muni dæma í þessum málum. En fyrir utan *rjettinn* er hjer um mikla *sanngirni* að ræða. Hvaða sanngirni er t. d. í því, að Þorgrímur Johnsen og Fritz Zeuthen, sem eru miklu yngri læknar en hinir 3 læknar, sem hjer er um að ræða, skuli þó sitja við hærri laun og betri kjör en þeir, af því þeir komu í embætti þegar konungur einn hafði fjárforráð landsins í hendi sjer? Og eins og jeg tók fram áður, hefir það ávallt verið regla, að þegar stjórnin hefir beðið um fje til einhvers og sagt frá, hvernig hún hugsaði sjer að verja því, og það hefir verið veitt, þá hafa þar með verið álitnar samþykktar ástæðurnar fyrir beiðninni. Þetta hefir verið gert bæði af ríkisþinginu og síðan af alþingi.

Það er á valdi þingsins, hvort það vill nú hverfa frá því, sem það nýlega hefir samþykkt; en hvort slíkt hverflyndi verður almennt skoðað sem kostur, eins og h. þm. Borgf. (Gr. Th.) virtist benda til, það sýnir sig síðar; jeg að minnsta kosti er ekki þeirrar skoðunar.

Páll Briem: Þegar jeg fyrst athugaði það mál, sem hjer er um að ræða, þá var mjer það reyndar strax ljóst, að þessir læknar áttu eigi launaviðbótina beinlínis vissa, því að hæstirjettur hefir enn ekkert úrskurðað þeim viðvíkjandi: en þegar jeg sá, hvernig á stóð, að þingið hafði gengið orðalaust inn á skoðanir stjórnarinnar í þessu efni, og allir þóttust vissir um, að þessir læknar hefðu aðgang að launaviðbót, ekki eptir veitingarbrjefi sínu, heldur eptir þeim ákvörðunum, sem fylgt hefir verið við launaveitingar, þá áleit jeg eigi rjett, að þröngva læknunum til að fara í mál, þar sem allir væru vissir um, að landssjóður að eins liði skaða af því. En síðan hefir vaknað efi hjá ýmsum um það, hvort þessi launaviðbót væri svo sjálfsögð, sem menn hjeldu í fyrstu, og nú er framkomin breytingartill. frá 6 h. þingm. um, að útborga ekki fjeð, því að þingið geti eigi gert út um það, hvort þessir læknar eigi tilkall til þess eður eigi, og jeg finn, að þessi skoðun hefir mikið til síns máls, enda virðist mjer það vera ísjárvert, að útiloka dómstólana frá að gera út um spurninguna og gera enda á þessum efa með því að samþykkja viðbótina. Af þessum ástæðum verð jeg að greiða með breyt.till., og get því fremur gert það, sem hjer er enginn rjettur brotinn á þeim læknum, sem hjer er um að ræða, þó að breytingin nái fram að ganga, því að hjer er ekki farið fram á annað en að dómstólarnir, en ekki þingið, geri út um þessa spurningu.

Landshöfðingi: Eptir því sem mjer skildist á orðum h. þm. Snæf. (P. Br.), var hann á þeirri skoðun, að læknarnir ættu raunar tilkall til þeirrar launaviðbót-

ar, sem stjórnin hefir farið fram á að veita þeim, en þeim væri þó enginn órjettur gjör, þótt málinu væri vísað undir úrskurð dómstólanna; en þetta get jeg ekki sjeð að sje rjett, því að fari þetta mál til dómstólanna, þá getur það ekki endað fyr en í hæstarjetti; málið yrði þannig bæði langsótt og kostnaðarsamt, svo að jafnvel væri efasamt, hvort læknarnir gætu nokkurn tíma fengið sinn fulla rjett, vegna þess að biðin yrði svo löng. Mjer finnst því ekki rjett að neyða þá til að fara í mál út af þessu, og álít, að það sje að gera þeim órjett; en vilji menn rifja upp fyrir sjer, hvernig landssjóði hefir gengið í málum sínum og sjerstaklega í málum út af launum íslenzkra embættismanna, þá get jeg ekki ímyndað mjer, að það herði á þinginu að fara í mál, því að hingað til hefir landssjóður einlægt tapað í málum sínum, og orðið að leggja mikinn kostnað í sölurnar til að verða dæmdur sekur.

Ólafur Briem: Jeg fæ ekki skilið, að læknunum sje órjettur gjör, þótt þeir verði að leita rjettar síns eins og aðrir, enda er engin þörf á, að allir læknarnir fari í mál í senn, heldur er nóg, að einn geri það, því að sá dómur, sem hann fær, gildir líka um hina; þeir hefðu líka getað verið búnir að fá dómsúrskurð hæstarjettar í þessu máli, ef þeir hefðu viljað, og það fyrir löngu, og sýnist mjer liggja beinast fyrir, að sá þeirra, sem hefir fengið landsyfirrjettardóm í máli sínu, haldi nú málinu áfram, ef hann getur fengið hinum gamla dómi skotið til hæstarjettar. En viðvíkjandi því, sem hæstv. landshöfðingi sagði, að landssjóður hefði áður verið óheppinn í málum sínum, þá getur vel verið, að svo sje, en þar fyrir er ekki ástæða til að hætta við að fara í þetta mál, sem varla getur orðið mjög kostnaðarsamt, sjerstaklega þar sem það hefir verið dæmt landssjóði í vil í landsyfirrjetti.

ATKVÆÐAGR.: Eptir ósk 6 þingm. var við haft nafnakall um breytingartill., og sögðu:

já:	*nei:*
Páll Ólafsson,	Jón Þórarinsson,
Árni Jónsson,	Benedikt Sveinsson,
Grímur Thomsen,	Eiríkur Briem,
Lárus Halldórsson,	Gunnar Halldórsson,
Ólafur Briem,	Jónas Jónassen,
Páll Briem,	Ólafur Pálsson,
Sigurður Jensson,	Sigurður Stefánsson,
Sveinn Eiríksson,	Þórarinn Böðvarsson,
Þorl. Guðmundsson,	Þorsteinn Jónsson,
Þorleifur Jónsson,	Þorvarður Kjerúlf.
Þorvaldur Bjarnarson.	

Þingm. N.-Þing. (J. J.) var ekki við.

Breytingartillagan þannig samþ. með 11 atkv. gegn 10.

Frumv. með áorðnum breytingum samþ. með 20 atkv., og síðan sent Ed.

Frumvarp til laga um linun í ábúðar- og lausafjárskatti (332); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. umræðulaust með 18 atkv. Vísað til 3. umr. með 18 atkv.

Frumvarp til laga um breyting á 15. grein stjórnarskrárinnar (334); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.:

1. gr. samþ. með 19 atkv.
2. — — — 19 —

Frumv. vísað til 3. umr. með 19 atkv.

Frumv. til laga um breyting á lögum 15. okt. 1875 um laun íslenzkra embættismanna (157); 2. umr.

Þorleifur Jónsson: Mál þetta mætti engum mótmælum við 1. umr. Eptir því sem mig minnir, var því vísað til 2. umr. í einu hljóði, og því álít jeg ekki ástæðu til að fara neinum orðum um það að svo stöddu, en óska að eins, að málið verði sampykkt.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. í einu

hljóði, 2., 3., 4., 5. og 6. gr. hver um sig samþ. með 19 atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 18 atkv.

Frumvarp til viðaukalaga við tilskipun um veiði á Íslandi 20. júní 1849 (189); 2. umr.

Páll Briem: Mál þetta fjekk góðar undirtektir við 1. umr., og því finn jeg ekki ástæðu til að mæla meira með því að sinni. Það miðar til að vernda þennan þýðingarmikla atvinnuveg, æðarfuglaræktina, meira en orðið er. Jeg vona, að frumv. verði vísað til 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 19 atkv., og vísað til 3. umr. með 19 atkv.

— Þá fór fram *kosning á gæzlustjóra við landsbankann*. Kosningu hlaut:

Eiríkur Briem

með samhljóða 19 atkv.

Fertugasti og fjórði fundur, fimmtudag 18. ág., á hád.

Frumv. til laga um brúargerð á Ölvesá (142, 385); 3. umr.

Forseti leitaði atkvæða um, hvort breyt.-till. (385) 6 þingmanna mættu koma til umræðu, þó henni fyrst hefði verið útbýtt í byrjun fundar. Deildin neitaði um þetta leyfi með 11 atkv. gegn 8.

Þorlákur Guðmundsson: Eptir þeim úrslitum, sem mál þetta fjekk við 2. umr., vona jeg að ekki þurfi að mæla miklð meira með því, en búið er. Það var samþykkt hjer með öllum þorra atkvæða, og jeg ímynda mjer, að þeir, sem greiddu atkvæði með málinu við 2. umr., gangi ekki frá atkvæði sínu við þessa 3. umr., heldur samþykki frumv. eins og það liggur fyrir, og jafnvel nokkrir af þeim, sem þá voru á móti málinu.

Jón Jónsson: Jeg fæ ekki betur sjeð, en að úrslitin á atkvæðagreiðslunni um, hvort tillögur hinna 6 þingmanna mættu komast að, sjeu þannig, að ástæða sje til að ætla, að menn hafi ekki fullkomlega gætt þess, hvað þeir gerðu. Þessi aðferð var svo einræðisleg, að jeg verð að skora á forseta, að taka málið út af dagskrá, svo að menn geti áttað sig betur á því.

Forseti skaut því til atkvæða deildarinnar, hvort taka skyldi málið út af dagskrá, og var það samþ. með 13 atkv.

Frumv. til laga um vegi (372, 375); ein umr.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Það er hvorttveggja, að hjer er um það frumv. að ræða, sem varðar mjög miklu fyrir landið, enda hefir hvorug deildin kastað til þess höndunum. H. neðri deild sýndi snemma, hvílíka rækt hún lagði við frumv, þar sem hún kaus sinn einasta magister í nefndina; enn fremur hálærðan doktor; þann eina mann, sem lesið hefir íslenzk lög; og að endingu þann mann, sem, hvort heldur hann stendur hjúkrandi við sjúkrasæng eða talandi af mikilli andagipt við líkbörur framliðinna, er hinn mesti snillingur, og sem þar að auki er sá eini af öllum h. þingm., sem hefir gengið alla vegi í sínu kjördæmi.

Allt þetta er sönnun fyrir því, að frv. var vel úr garði gert; en þar við bætist og, að hæstv. landsh. hefir lokið lofsorði á frumv. og komið með ýmsar góðar bendingar því viðvíkjandi; enn fremur komu 2 h. þm. með ýmsar góðar bætur á því, og nú hefir loksins h. Ed. sýnt góðan vilja á að breyta því; sumar breytingar hennar hafa verið til bóta, eins og t. d. breytingin við 3. gr.; þar er fellt burt það ákvæði, að gerðir sýslunefnda liggi undir samþykki landshöfðingja, og er það að mínu áliti samkvæmt þeirri breytingu, sem frumv. að öðru leyti hefir tekið.

Aptur á móti virðist mjer það ekki til bóta, að fella burt úr 5. gr. ákvæðið um,

að þingið ákveði, hvar helztu vegir skuli liggja.

Þá er 8. gr. úr felld, enda hefir það máske verið nokkuð hugleysislegt af deildinni, að þora ekki að ákveða, að landssjóður byggi allar brýr; hún hefði líklega fremur átt, eins og efri deild, að fara með aðra höndina ofan í landssjóð og hina í jafnaðarsjóðina, og segja: Verði brú! — Engu að síður verð jeg þó að álíta þetta apturför, því að duglegar ferjur mega nægja þangað til brýr komast á, og þess verður nokkuð að bíða, að það verði alstaðar.

Þá eru felld burt í 14. gr. orðin: »Á alþingi skal ákveða, hvort gera skuli við fjallvegi eða eigi, en landshöfðingi sjer um framkvæmd á því«; breytingu á þessu legg jeg enga verulega áherzlu á, en hitt þykir mjer ísjárverðara, að niðurlag 16. gr. (18. gr. hins upphaflega frumv.) skuli vera fellt burt, því að mjer virðist vera mjög tvísýnt, að hreppsnefndirnar hafi nóg fje til að borga umsjónarmanni, þar sem h. Nd. tók þá stefnu, að vinnan skyldi vera aðalmælikvarði.

En eins og jeg hefi sýnt, eru engar af breytingum h. Ed. til verulegra óbóta, og sumar jafnvel til nokkurra bóta, og vona jeg því, að deildin samþykki frumv. í því formi, sem það nú er í; því að það er fullt eins gott og þegar það fór hjeðan.

Jeg vil leyfa mjer að vona, að frumv. þetta verði til þess, að beina vegagjörðum vorum í rjettara horf, en þær hafa áður haft, svo að eptirkomendur vorir geti eigi sagt um oss, að vjer höfum unnið til ónýtis.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 21 atkv. Afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Tillaga til þingsál. út af hallærislánabeiðslum (362); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Ein umr. samþ.

Kosning yfirskoðunarmanns landsreikninganna.

Kosningu hlaut *Páll Briem* með 12 atkvæðum.

Fertugasti og fimmti fundur, föstudagur 19. ág., á hád.

Fjarverandi 1. þm. Skagf. (Ól. Br.), er hafði fengið leyfi hjá forseta.

Frumv. til laga um linun á ábúðar- og lausafjárskatti (332); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. umræðulaust með 19 atkv., og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um breyting á 15. gr. stjórnarskrárinnar (334); 3. umr.

Landshöfðingi: Þó þessu máli sje svo langt komið, að víst megi telja, að það komist klakklaust í gegn um þingið, þá vil jeg, til að fyrirbyggja misskilning, vekja athygli þingdeildarinnar á því, að henni megi ekki koma það óvart, þó frumvarp þetta nái eigi staðfestingu.

Jeg sje enga ástæðu til að breyta tölu hlutfallinu milli þm. í Ed. og Nd.

Ákvæðin í 15. gr. stjórnarskrárinnar munu vera sett út af ákvæðum 14. gr., er gerir ráð fyrir, að tölu þjóðkjörinna þingmanna megi breyta með lögum; því, ef þeim væri fjölgað, mundi einnig geta verið ástæða til, að fjölga þingmönnum í Ed.; en meðan það er ekki gert, er heldur engin ástæða til, að raska hlutfallinu milli deildanna.

Þetta hefir þingið líka viðurkennt, bæði 1883, 1885, 1886, og eins í sumar, með því að gera ráð fyrir því í hinni endurskoðuðu stjórnarskrá, að í Ed. skyldu vera 12, eins og hingað til.

Það er þess vegna ósamkvæmni í því, að samþykkja bæði hina endurskoðuðu stjórnarskrá og þetta frumv.; og það eitt mundi nægja til að varna því staðfestingar, þó ekkert væri annað.

Benidikt Sveinsson: Jeg er samdóma hæstv. landsh. um það, að þetta mál er komið á það stig, að ekki er til neinna breytinga að hugsa við það, heldur er að eins um annað tveggja að ræða, að samþykkja það eins og það er, eða fella það. En hvort heldur eigi að vera eða muni verða, það sýnist mjer alveg ótvírætt. Mjer er ekki auðið að ímynda mjer, að frumv. fái nú einu einasta atkv. færra, en við 2. umr.

Jeg skal játa það með landsh., að töluhlutfallið milli deildanna er miðað við þá núverandi þingmannatölu (36); en ef landsh. sýnist þetta geta verið til þess, að frumv. verði synjað staðfestingar, þá skal jeg taka það fram, að frumv. er ekki byggt á því, að töluhlutfallið milli deildanna, 12 : 24, sje í sjálfu sjer óheppilegt. Nei, það er hið óheppilega hlutfall milli tölu þeirra konungkjörnu og hinna þjóðkjörnu þingmanna í Ed., sem er orsök þessa frumvarps.

Þetta hlutfall, 6 : 6, varð, eins og vjer allir vitum, í byrjun þessa þings orsök til þess, að það varð að þrautefni í Ed., hver forseti skyldi vera, og að endingu varð hlutkesti eða hending ein að skera úr málum. Það er ómögulegt að neita því, að þessi skipun Ed. er einkar óheppileg, og gegn um alla þingsögu vora liggur ferill sá sem rauður þráður, eða rjettara sagt glöggur alfaravegur, að þessi skipun sje óhafandi.

Gjörvöll þingsaga vor ber það með sjer, að hvervetna er sem mikið djúp sje staðfest milli þjóðkjörinna og konungkjörinna þingmanna í Ed. Hinir konungkjörnu koma optast fram sem meðhaldsmenn stjórnarinnar, en hinir þjóðkjörnu sem andstæðingar hennar. Þó maður verði nú að játa, að þetta sje á hraparlegum og sorglegum misskilningi byggt, þá verður því samt eigi neitað, að hann hefir ríkt og mun ríkja í h. Ed., án afláts, þangað til breyting verður á skipun deildarinnar. — Að þessu kveður svo rammt, að þetta eitt, þó ekkert væri annað, gerir þá nú gildandi stjórnarskrá, eins og hún er, alveg óhafandi í mínum, og, að jeg vona, allra rjettsýnna manna augum. Hverjum hlýtur ekki að gremjast það, þegar þeir sjá og þreifa á, að mikilsverðustu áhuga- og nauðsynjamál þjóðarinnar ná eigi fram að ganga, einmitt af því að þessi misskilningur á köllun og stöðu þingmanna ríkir svo fast hjá þeim, að þeir gæta ekki skyldna sinna. Enginn má taka orð mín svo, að jeg álíti skoðanir þeirra konungkjörnu þingmanna *ætíð* rangar. Því fer fjarri. En þegar nú svo er, að stefnurnar eru 2, og önnur beinist til meðhalds með stjórninni, en hin með vilja og rjetti þjóðarinnar, þá er hætt við, að sú skoðun og almenningsálit myndist, og það ekki án orsaka í sjálfu sjer, að hinir konungkjörnu telji sig sjerstaklega kvadda til að túlka vilja stjórnarinnar og fylgja honum fram sem slíkum, en að þeir þjóðkjörnu aptur sjái sig sjerstaklega neydda til að vera stjórninni andvígir.

Er nú nokkur svo blindaður, að hann ekki sjái, að þetta stríðir á móti grundvallareðli þingbundinnar konungsstjórnar, sem einmitt er fólgin í innilegri samvinnu og samkomulagi milli þings og þjóðar annars vegar og konungsstjórnar hinsvegar?

Þetta frumv. hvílir því alveg á rjettum grundvelli, því það vill girða fyrir, að skipun Ed. geti tilefni til þessa ólögnuðs, sem er og hefir verið, og jeg ætla því að láta segja mjer það tvisvar sinnum, áður en jeg trúi því, að stjórnin hljóti ekki að sjá, að þetta frumvarp er einmitt hið aðgengilegasta fyrir hana, úr því það ræður bót á þessari meinsemd, sem annars hlýtur fyr eða seinna að verða banaspjót þeirra núgildandi stjórnarskipunarlaga, ef eigi á pappírnum, þá samt í meðvitund þjóðarinnar.

Jeg hefi jafnan verið talinn, og má telj-

ast, stjórnbreytingarmaður, en samt einblíni jeg ekki svo á það mál eitt, að jeg sje blindur fyrir því, að laga gallana á þeirri stjórnarskrá, sem vjer höfum. Jeg hefi ætíð sagt og segi enn, að ómögulegt sje að breyta henni svo, að hún verði viðunandi bæði fyrir þjóðina og stjórnina; en hitt veit jeg, að hana má laga í sumum greinum, og gera hana þolanlegri en hún er.

Jeg er viss um, að landshöfðingi sjálfur álítur það æskilegt, að Ed. væri þannig skipuð, að ekki væri þegar fyrirfram víst, hverju megin þeir þjóðkjörnu og hinir konungkjörnu yrðu í málunum.

Þó tölu þingmanna í Ed. væri breytt á þennan hátt, og þeir þjóðkjörnu því yrðu svo margir, að þeir fyrir fjölda sakir gætu ráðið úrslitum allra mála í deildinni, þá er jeg alveg sannfærður um, að hinir konungkjörnu gætu haft þau áhrif, sem þeim að tiltölu ber, og andlegu og pólitisku atgjörvi þeirra sæmir.

Þættust menn geta gengið út frá því sem gefnu, eins og hæstv. landsh. virðist gera, að stjórnin láti synja þessu frumv. staðfestingar, þá yrðu menn að ætla, að hún áliti það beinlínis nauðsynlegt, að skipun Ed. sje svo ótilhlýðileg, að þjóðmálin fái þar úrslit, eða með öðrum, að sigur sannleikans standi þar svo tæpt, að hann velti á 6 atkvæðum annars vegar, en 5 hins vegar, eða á alls einu atkvæði.

Mundi maður ekki mega ætla, að stjórnin kannist við, að það er hið innra afl, sem á að ráða úrslitunum, en ekki dauður fyrirfram gefinn atkvæðafjöldi? Og að þetta innra afl, ef það ætti að búa í hinum konungkjörnu þingmönnum fremur en þeim þjóðkjörnu, geti rutt sjer til rúms, þó þeir sjeu $^1/_3$ hluti deildarinnar, í staðinn fyrir $^1/_2$, eins og nú er?

Sigurður Stefánsson: Jeg er á sama máli og 2. þm. Eyf. (B. Sv.), að full nauðsyn sje til að breyta skipun Ed., og mjer kom á óvart, að landhöfðingi skyldi telja víst, að frumv. þetta fengi ekki staðfestingu.

Ástæður fyrir synjun þess get jeg ekki ímyndað mjer aðrar en þær, að þessir konungkjörnu menn hefðu frá stjórninni »imperativt mandat« til að vera sífellt stjórnarinnar meginn í þeim málum, er stjórnin lætur sig mestu varða, svo stjórnin með kosningu þeirra geti tryggt sjer þau úrslit slíkra mála, er hún helzt óskar. En það mun hin háttvirta stjórn ekki vilja kannast við, enda þótt þingsagan sýni það ljóslega, að þeir yfir höfuð hafa verið sífelldir andstæðingar þjóðarinnar í þeim málum, sem einkum hafa miðað til þess, að auka sjálfstæði og rjettindi Íslendinga. Þetta er óneitanlega sá rauði eða, rjettara sagt, hvíti þráður, sem frá konungkjörna flokknum hefir gegið í gegn um alla þingsögu vora.

En það er annað, sem mjer þykir óeðlilegt við þessar konungskosningar, nefnilega það, að þjóðin borgar þeim þingsetuna; hún ætti að rjettu lagi að eins að borga þeim, sem hún kýs, en alls ekki hinum, er hún hefir ekkert atkvæði um, og sem meira að segja opt eru kosnir þvert á móti vilja hennar. En sje svo, að þeir skoði sig sem fulltrúa stjórnarinnar en eigi fulltrúa þjóðarinnar, þá finnst mjer þeir mættu gjarnan missa sig. Landshöfðingi er fulltrúi stjórnarinnar hjer á þingi, og skýrir frá vilja hennar. Það er nóg, svo ekki þarf aðra 6 til að gera hið sama, hvorki beinlínis eða óbeinlínis. Eptir sem jeg skil stjórnarskrána, stendur 15. gr. ekki í neinu því sambandi við 14. gr., að ekki megi breyta annari, án þess hinni sje breytt.

Þess ber einnig að gæta, að hinir konungkjörnu eru óþarfari nú, en þeir voru. Fyr meir var það látið klingja, að þeir væru alveg nauðsynlegir vegna sinnar miklu menntunar og þingfræðislegu yfirburða. — Þetta gat nú verið gott og gilt meðan

þingið var á bernskuárum sínum; en nú, þegar menntun og þingæfing er tekinn að vaxa meðal landsmanna, þá er þessi ástæða fyrir nauðsyn þeirra einnig farin að rýrna.

Jeg get varla getið þess til, að stjórnin hafi nokkurn hlut á móti frumvarpi þessu. En víst er það, að bæði þessi breyting og allar aðrar, sem komið hafa fram við stjórnarskrána, eru komnar af því, hvernig stjórnarskránni hefir verið beitt við oss, en aptur á móti má það heita næsta undarlegt af stjórninni, ef hún vill alls ekkert gera til þess, að gera Íslendinga dálítið ánægðari með þessa stjórnarskrá, sem hún þó sjálf vill halda dauðahaldi í, þegar um algerða endurskoðun er að ræða.

Ekki er þetta frumv. í neinni mótsögn eða ósamkvæmni við hina endurskoðuðu stjórnarskrá, eins og h. landshöfðingi vildi gefa í skyn, því hún gerir alls ekki ráð fyrir neinum konungkjörnum þingmanni. Hefði svo verið, þá hefði ef til vill mátt hengja hatt sinn á þetta. Það er óneitanlega hart, að öll löggjöf þingsins sje komin undir einu einasta atkvæði í Ed., einkum þegar reynslan hefir sýnt, að hinir konungkjörnu hafa sem optast haldið fast saman gagnvart þjóðkjörna flokknum, þegar um hin mestu áhugamál þjóðarinnar hefir verið að ræða.

Páll Briem: Það er kennt við háskólann, að hinir konungkjörnu þingmenn, 12 að tölu, sem eru í landsþinginu í Danmörku, sjeu þar til þess að mynda íhaldsflokk í þinginu, er gefa skuli málunum meiri festu gagnvart hvikulleik hinna þjóðkjörnu þingmanna. Hinir konungkjörnu eiga þá að mynda fastan stokk í ríkisþinginu, sem heldur öllu í sömu stefnu og áður, þó að margskiptar skoðanir komi fram hjá hinum öðrum þingmönnum. En hinir konungkjörnu eru þar að eins 12 á móti 66 þjóðkjörnum þingmönnum, svo hinir konungkjörnu gætu að eins riðið baggamuninn, ef hinir frjálslyndu þjóðkjörnu þingmenn væri að eins litlum mun fleiri en íhaldsmennirnir meðal hinna þjóðkjörnu. Ef þessi skoðun reyndist rjett viðvíkjandi hinum konungkjörnu í Ed. alþingis, þá skyldi jeg ekki vera á móti því að hafa þá, því það getur verið gott að hafa íhaldsmenn á hverju þingi.

En þegar reynslan sýnir, að stjórnin rekur hina nýtustu og beztu þingmenn úr sætum hinna konungkjörnu, ef þeir eru ekki á hennar máli í hverju einu, þá sýnist breytast kenningin um íhaldsflokkinn.

Hinir konungkjörnu eru þá auðsjáanlega að eins ætlaðir til að vera talsmenn stjórnarinnar, og þegar að því er gætt, að helmingur þingmanna í Ed. er konungkjörinn, og ef óhamingjan er með hinum þjóðkjörnu í deildinni, og allir hinir konungkjörnu sitja á þingmannabekkjunum, þá er þeim innan handar að stemma stigu fyrir hverju máli, sem þjóðin vill hafa fram, jafnvel þó allir hinir þjóðkjörnu í deildinni haldi því fram.

En þegar svo er, hver er þá meiningin með þinginu? Ef menn, sem þjóðin ekki hefir kosið, geta ráðið öllu, og vilji þings og þjóðar getur ekki komizt til eyrna stjórninni, þá sje jeg ekki betur, en að alþingi sje þýðingarlaust. Þingmenn gætu eins farið heim til sín aptur. Þeir gætu ekkert gagn gert þjóðinni.

Af þessum sökum finnst mjer nauðsynlegt, að þetta frumvarp nái fram að ganga, og skil ekki, að stjórnin geti haft fjarskamikið á móti, að gera þetta mál að lögum.

Þórarinn Böðvarsson: Hinir konungkjörnu þingmenn hafa, að því er mjer hefir heyrzt, fengið þann dóm hjer í þingdeildinni, að þeir væru optast á móti hinum þjóðkjörnu; en þetta er, að mínu áliti, ekki rjettur dómur. Jeg álít þvert á móti, að þeir hafi átt góðan þátt í, að beina málum alþingis í gott og happasælt horf. Það er, ef til vill, að eins eitt mál, þar sem þeir ekki hafa verið hinum þjóð-

kjörnu þingmönnum samtaka, en hvort það mál mundi verða þjóðinni til ills eða góðs, ef það næði fram að ganga eins og það er nú, skal jeg ekki dæma um að þessu sinni. Jeg er yfir höfuð að tala á öðru máli um köllun hinna konungkjörnu þingmanna, en þeir, sem talað hafa með þessu máli, og hinir konungkjörnu sjálfir munu hafa sömu skoðun og jeg í þessu efni.

Jeg álít, að hinir konungkjörnu þingmenn sjeu til þess, að gera nokkurs konar apturhald og festu, og til þess að tryggja það, að meiri gætni komi fram í þingmálum, en annars mundi eiga sjer stað, og jafnframt munu þeir vera til þess, að gera það víst, að allt af sitji nokkrir verulega menntaðir menn á þingi. Þetta álít jeg líka að sjerstaklega sje til bóta, þar sem ekki er um svo marga verulega menntaða menn að gera meðal almennings. Prestarnir eru að vísu menntaðir menn, og þess vegna hefir þjóðin optast tekið marga þingmenn úr þeirra flokki; en þess ber að gæta, að menntun þeirra fer nokkuð í aðra átt en þá, sem beinlínis er nauðsynleg fyrir þingmenn. Jeg álít, að tala hinna konungkjörnu geti ekki talizt of há í hlutfalli við tölu þingmanna yfir höfuð, og ef farið er út í sögu þingsins yfir höfuð, þá ætla jeg að nefna megi konungkjörna þingmenn, sem hafa verið í flokki hinna þjóðkjörnu á þinginu, eins og á hinn bóginn mætti nefna marga þjóðkjörna þingmenn, sem allt af hefir mátt telja í flokki hinna konungkjörnu. Jeg gæti skilið breytingu þá, sem farið er fram á, ef meðfram væri ráðgert að fjölga þjóðkjörnum þingmönnum, svo í neðri deild væri 25 eptir, þó 15 væri í efri deild. En það álít jeg ekki ráðlegt, enda liggur það eigi fyrir. Væru 15 í Ed. en 21 í Nd., þá yrði hlutfallið á milli tölu deildarmanna svo, að ekki yrðu dæmi til í neinu þingi. Ætti það að verða, þyrfti jafnvel að stækka efri deildina, en minnka hina neðri. Jeg er því frv. mótfallinn.

Benidikt Sveinsson: Jeg veit ekki hvort jeg hef skilið h. varaforseta (Þ. B.) rjett eða eigi, þar sem mjer virtist hann draga það út úr orðum mínum, að jeg hefði beint orðum mínum sjerstaklega að því, að álasa hinum konungkjörnu þingmönnum í efri deild, nú eða fyr, fyrir framgöngu sína á alþingi. Hafi þetta verið meining hins h. varaforseta, þá verð jeg að lýsa því yfir, að það er hreinn og beinn misskilningur; því að jeg sagði einungis, að sú skoðun væri farin að ryðja sjer til rúms, og það ekki án orsaka, að hinir konungkjörnu þingm. væru jafnan á öðru máli um mikilvægustu þjóðmálefni, en hinir þjóðkjörnu þingm., og væru því skoðaðir sem nokkurs konar sjerstakir fulltrúar stjórnarinnar; þó að nú þessi skoðun væri ekki á rökum byggð, og þó hún sje mótfallin því sem ætti að vera, þá hlýtur hún að vera hættuleg fyrir samvinnuna og öll heppileg málalok á alþingi.

Það sem jeg vildi glögglega benda á, var það, að þess skoðun ætti rót sína að rekja til hinnar óheppilegu skipunar á efri deild, þó ekki væri á annað litið. H. varaforseti þekkir náttúrlega latínska orðtakið: cum hoc post hoc, ergo propter hoc, eða þá ályktun, að þegar tveir hlutir fylgjast að, þá sjeu þeir að skoða sem orsök og afleiðing innbyrðis. Þegar nú svo vill til, að allir hinir konungkjörnu þingm. eru jafnaðarlega á móti hinum þjóðkjörnu þingm. í þjóðmálunum, þá er það eðlilegt, að mönnum verði á að fella þann dóm, að stöðugur flokkadráttur sje milli hinna konungkjörnu og þjóðkjörnu þingm., og það eingöngu vegna þess, hve deildin er óheppilega skipuð. Lengra þarf maður ekki að fara, og lengra getur maður ekki farið, án þess að ganga inn á málin og mennina sjálfa, sem eigi var tilgangur minn. Þetta var því það, sem jeg

lagði alla aðal-áherzluna á; um hitt er h. varaforseti og jeg líklega alveg samdóma, þó ekki líti út fyrir það, að hinir konungkjörnu þingm. eru, eptir köllun sinni og stöðu, rjettskildir fulltrúar þjóðarinnar, eins og hinir þjóðkjörnu þingm., þótt þeir sjeu valdir af stjórninni, enda hefi jeg áður tekið það skýrt fram. Það er heldur engin nýung í vorri stjórnarskrá, að stjórnin kveði menn að sínum hluta til þingsetu, því að þá tilhögun finnur maður í flestum ef eigi öllum stjórnarskipunarlögum hins menntaða heims. Mjer dettur náttúrlega ekki í hug, að jeg hafi rjett til að efast um, að hinir konungkjörnu þm. fylgi sannfæring sinni, en ekki vilja stjórnarinnar í blindni eður hlýðni, og finn jeg mjer skylt að lýsa yfir því, að jeg ber hið bezta traust til þeirra í því tilliti, en með þessu er að eins sagt það, að sú skoðun og almenningsálit, sem jeg gat um að búið væri að ryðja sjer til rúms, í gagnstæða átt þessu, liggur eigi í stöðu og sannri köllun hinna konungkjörnu; en hvað sem það er, þá hefir hún óneitanlega fylgzt með stjórnarbaráttu vorri og þingsögu þjóðar vorrar, og aldrei verður því með rökum neitað, að þetta óheppilega fyrirkomulag og óheppilega hlutfall milli hinna konungkjörnu og þjóðkjörnu þingmanna hefir sjálfsagt mestmegnis valdið hinum tíðu lagasynjunum og megnustu óánægju meðal þjóðarinnar. Stjórninni sjálfri ætti því að vera, engu síður en þjóðinni, umhugað um, að sú breyting, sem hjer er farið fram á, næði fram að ganga, og það því fremur sem hún vill halda dauðahaldi í þá stjórnarskrá, sem vjer nú höfum; því enginn mun þó neita því, að það sje mjög áríðandi fyrir stjórnina sjálfa, að þjóðin geti unað sem bezt við þessa stjórnarskrá. Af þessum ástæðum þykist jeg þannig hafa ástæðu til að lýsa því hátíðlega yfir, að jeg fylgi þörfum stjórnarinnar í þessu máli, og því sem henni er sjálfri fyrir beztu, engu síður en þörfum þjóðar minnar. Hjer ræðir ekki um það, sem sagt, að álasa hinum h. konungkjörnu þingm. í efri deild, heldur um þá rótföstu skoðun þjóðarinnar á framkomu þeirra, eins og hún sýnir sig í reyndinni, og það er þessi skoðun, sem jeg ekki get ætlað að stjórnin vilji ala, heldur miklu fremur gera allt sitt til að uppræta hana, engu síður vegna sjálfrar sín en vegna þjóðarinnar. Það er því alls engin minnsta ástæða fyrir h. stjórn að synja þessu frumv. staðfestingar, enda er jeg sannfærður um, að hæstv. landsh. og stjórnin við nákvæmari yfirvegun munu láta sjer það skiljast. Jeg skil það að vísu vel, að hæstv. landsh. tók það fram sem agnúa á frumv., að það færi fram á að breyta hlutfallinu milli deildanna að óbreyttri tölu þingmanna, úr því hann á annað borð fór að andæfa móti frumv. En jeg get eigi lagt mikla áherzlu á það atriði, þegar tilgangur frumv. er eigi annar en sá, að skipa deildina svo, að eðlileg samvinna geti komizt á milli fulltrúa þjóðarinnar í báðum deildum þingsins, og að útrýma þeim rjetta eða ranga dómi og mistrausti á hinum konungkjörnu fulltrúum, sem einmitt hefir svo mikla stoð og tilefni í þessari óheppilegu skipun efri deildar. Þeirri hugsun mun aldrei verða útrýmt úr mínu brjósti, að samvinna milli stjórnar og þings sje aðalskilyrðið fyrir, að löggjafarstarfið geti komið að nokkru liði, og rými nú stjórnin þessari tálman burt, með því að útvega frumv. þessa staðfesting, þá eflir hún með því þessa samvinnu, og hefir þannig ekki gert annað en uppfyllt skyldu sína gagnvart þjóð og þingi.

Landshöfðingi: Jeg er lítið fyrir að eyða óþörfum orðum, og þegar jeg talaði áðan, vissi jeg að orð mín í þessu máli mundu engin áhrif hafa, en engu að síður hafa þau þó haft talsverða þýðingu, þar sem þau hafa gefið h. þm. Eyf. (B. Sv.) tækifæri til að taka skýrt fram skoðun sína á stöðu hinna konungkjörnu þingm.,

og því sambandi, sem þeir standa í við þjóðina; þessari skoðun h. þm. er jeg alveg samdóma og honum mjög þakklátur fyrir að hafa tekið hana skýrt fram; en hins vegar get jeg ekki verið honum samdóma um, að frumv. þetta sje nauðsynlegt til að útrýma þeim misskilningi, sem hefir átt sjer stað um hina konungkjörnu þingm., því að þegar þingið játar að staða þeirra sje misskilin, þá virðist mjer þetta frumv. ekki gera annað en að stimpla þenna misskilning rjettan, og staðfesta þjóðina í honum; þar að auki finnst mjer nú engu fremur ástæða til að breyta hlutfallinu í skipun deildanna, en þegar frumv. var samið til hinnar endurskoðuðu stjórnarskrár, enda hefir aldrei verið nein ástæða til þess, því að það gerir engan mun, hvort menn eru konungkjörnir eða þjóðkjörnir, þar sem báðir eru skyldugir til að vinna fósturjörðu sinni allt það gagn, sem þeir eru um megnugir, og til þess álít jeg að hinir konungkjörnu þingm. hafi jafngott vit og vilja sem hinir þjóðkjörnu þingm.

ATKVÆÐAGR.: Eptir ósk 6 þingm. var viðhaft nafnakall um frv. og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson	Jón Þórarinsson
Árni Jónsson	Jónas Jónassen
Benidikt Sveinsson	Þórarinn Böðvarsson
Eiríkur Briem	
Grímur Thomsen	
Gunnar Halldórsson	
Jón Jónsson	
Lárus Halldórsson	
Ólafur Pálsson	
Páll Briem	
Sigurður Jensson	
Sigurður Stefánsson	
Sveinn Eiríksson	
Þorl. Guðmundsson	
Þorleifur Jónsson	
Þorsteinn Jónsson	
Þorv. Bjarnarson	
Þorvarður Kjerulf.	

Frumv. var þannig samþ. með 18 gegn 3 atkv. Afgreitt síðan til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um breyting á lögum um laun íslenzkra embættismanna 15. okt. 1875 (157); 3. umr.

Landshöfðingi: Það er ein grundvallarregla, sem jeg get vel fellt mig við, er kemur fram í þessu frumv., í 3. gr., að biskup, amtmenn og forstjóri landsyfirrjettarins eigi að hafa jöfn laun, en á hinn bóginn álít jeg þau laun, sem þar eru tilgreind, eigi nægileg; þau laun, sem ákveðin voru handa amtmönnunum og forstjóra landsyfirrjettarins 1875, eru eigi of há, og peningar hafa síðan eigi stigið í verði, nema ef vera kynni að eins þetta síðasta ár.

Sjerstaklega álít jeg hlutfallið í 4. gr. rangt, að forstjóri lærða skólans og forstöðumaður prestaskólans skuli hvor hafa 4000 kr. laun, því þar sem rektor á að búa í skólanum og hafa þar frían bústað, þá má telja að hann hafi 5—600 kr. meiri laun en forstöðumaður prestaskólans; en eptir þýðingu beggja þessara embætta get jeg ekki álitið að það sje rjett, og með því þetta mál hefir komið nokkuð seint til umr. á þinginu, og hefir því ef til vill eigi verið svo vel íhugað sem skyldi, álít jeg heppilegast að það komist eigi fram á þessu þingi; enda mun stjórnin ekki sjá ástæðu til að setja þessi laun niður, sízt hjá amtmönnunum og forstjóra landsyfirrjettarins; laun amtmannanna hjer eru lægri en laun amtmannanna í Danmörku; meira að segja laun amtmannsins á Færeyjum eru talsvert hærri en þau laun, sem amtmönnunum eru hjer ákveðin í 2. gr. Jeg verð yfir höfuð að vera þessu frv. mótfallinn.

Þorleifur Jónsson: Út af ummælum hæstv. landsh. skal jeg taka það fram, að mjer er með öllu óskiljanlegt, að þessi laun sjeu ekki með öllu nægileg handa þessum

embættismönnum; ef þau eru of lág, þá eru laun annara embættismanna í jafn erfiðum embættum mikils til of lág, t. d. laun bæjarfógetans í Reykjavík, sem er viðurkennt eitt af erfiðustu embættum hjer á landi; og ef þeir komast af, því skyldu hinir þá ekki geta komizt af. Það dugar ekki að bera embættismannalaun hjer saman við embættismannalaun í Danmörku, nema borinn sje saman erfiðleiki embættanna, efnahagur landanna og gjaldendanna. Ef það væri gert, yrðu þessi laun hærri en víða í öðrum löndum. Jeg veit ekk betur en laun amtmannsins á Færeyjum sjeu minni og ekki meiri en þau laun, sem amtmennirnir hjer á landi hafa; sje þetta rangt hjá mjer, leyfi jeg mjer að æskja upplýsingar hæstv. landsh. um það atriði. Jeg get heldur enga ástæðu sjeð til þess, að rektor eigi að búa í skólahúsinu; heimavistunum er allt af að fækka, og mættu þær gjarnan missa sig; ef rektor svo hætti að búa í skólanum, þá mundi fást það pláss, sem allt af er verið að tala um að vanti, bæði fyrir söfnin, og svo til gagnfræðakennslu.

Það er ekki rjett, að þetta frv. hafi komið seint inn á þingið; það kom inn á þingið fyrir tæpum mánuði, svo að upp á stungumenn þess eru ekki skuld í því, þótt það hafi komið nokkuð seint til umræðu.

Grímur Thomsen: Jeg get ekki verið samdóma hæstv. landsh. um það, að líkt eða eins sje ástatt fyrir amtmanninum á Færeyjum og amtmönnunum hjer; amtmaðurinn á Færeyjum er æðsti embættismaðurinn þar á eyjunum; amtmennirnir hjer standa undir landshöfðingja; amtmaðurinn í Færeyjum er fulltrúi stjórnarinnar gagnvart lögþinginu, eins og landsh. hjer er fulltrúi stjórnarinnar gagnvart alþingi; og staða hans er því þýðingarmeiri, sem þingið er ráðgefandi á Færeyjum, og af þessu öllu virðist vel skiljanlegt, að amtmaðurinn á Færeyjum hafi hærri laun en amtmennirnir hjer. Hvað svo snertir amtmennina í Danmörku, þá hafa þeir yfir stórum og mjög fólksmörgum hjeruðum að ráða, og hlutverk þeirra í amtsráðunum þar er miklu meira og flóknara en á sjer stað hjer á landi. Þessi laun, sem hjer er farið fram á, álít jeg hæfileg, og engum misboðið með þeim.

Landshöfðingi: Út af orðum h. þm. Húnv. (Þorl. J) skal jeg gefa þá upplýsingu, að laun amtmannsins á Færeyjum byrja með 4400 kr., og komast upp í 5600 kr., og þá telst mjer, að meðaltalið sje 5000 kr.; þar að auki hefir hann frían bústað, mjög fallegan og dýran, og einhverja beztu jörðina á Færeyjum til búskapar; tekjur hans eru því meiri að öllu samtöldu en tekjur amtmannanna hjer, eins og þær eru nú, hvað þá heldur eptir þessu frv.

H. þm. Borgf. (Gr. Th.) taldi amtmannsembættið á Færeyjum svo mjög þýðingarmikið af því, að amtmaðurinn væri æðsti embættismaður þar á eyjunum; en það sannar ekkert; sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum er æðsti embættismaður þar í eyjunum og presturinn í Grímsey er æðsti embættismaður þar á eyjunni, og þó eru þessi embætti ekki þýðingarmeiri en hver önnur sýslumanns- og prestsembætti. Staða amtmannsins gagnvart lögþinginu í Færeyjum er sama sem staða amtmannanna hjer gagnvart amtsráðunum, og aldrei hef jeg vitað það fyr en í dag, að stjórnin í Danmörku leggi lög fyrir lögþingið í Færeyjum til samþykktar! Lögþingið getur að eins sent frá sjer bænarskrár og tillögur um lagasmíði, en er ekki fremur ráðgefandi en amtsráðin hjer. Samanburðurinn við amtmanninn á Færeyjum, og eins við amtmennina í Danmörku sannar einmitt það, að laun amtmannanna hjer sjeu ekki of há, eins og þau eru. Það er satt, að starfi amtmannanna í Danmörku í amtsráðunum er meiri en hjer á sjer stað, en þeir hafa svo mikið skrifstofufje, að

þeir geta haldið einn og tvo fullmektuga til þess að framkvæma mikið af sínum störfum.

Sigurður Stefánsson: Ef jeg í upphafi hefði haft nokkra von um, að mál þetta mundi ná fram að ganga á þessu þingi, þá hefði jeg komið fram með breyt.till. við frv., en með því jeg gerði mjer enga von um framgang þess, hefi jeg sleppt breytingunum. Að því er launin sjálf snertir, þá get jeg verið þeim samþykkur, en jeg er alveg á móti 2. gr. frv., því jeg vil ekki láta nefna amtmennina eða laun þeirra framvegis á nafn.

Það hefir hvað eptir annað verið samþykkt af þinginu, að afnema amtmannaembættin, en með því að samþykkja lög eins og þessi, sýnist þingið vera horfið frá því; en því mun þó í rauninni alls eigi vera svo varið. Jeg kann þess vegna ekki við, að amtmannanna sje getið, því jeg vildi heldur að þingið hjeldi áfram að fara því fram, að amtmannaembættin verði afnumin sem alveg óþörf embætti, en að nú sje farið að ákveða laun þeirra fyrir framtíðina.

Jón Þórarinsson: Jeg get ekki sagt, að jeg sje á móti frv. það sem það nær; en mjer finnst, þegar á að fara að breyta launalögunum á annað borð, að þá eigi þingið eigi að eins að taka tillit til þeirra launa, sem eru of há, heldur og til þeirra launa, sem öllum kemur saman um, að sjeu of lág. Með öðrum orðum: þingið ætti að láta meiri sanngirni koma fram í launaveitingum, en nú á sjer stað. Mjer hefir heyrzt, að allir viðurkenndu, að t. d. laun kennaranna við latínuskólann væru of lág. Það er orðið almennt viðurkennt, að ekki sje hægt að lifa sómasamlega í Reykjavík fyrir 2000 kr., nema fyrir einhleypan mann. Það er sama um mig og h. 1.þm. Ísf. (S. St.), að ef jeg hefði haft nokkra von um, að frv. þetta mundi verða afgreitt frá deildinni, þá hefði jeg komið með breyt.till. við það við 2. umr. Mjer finnst sem sagt, að þegar á að fara að breyta launalögunum, þá sje full ástæða til að líta á, hvort eigi sjeu til embættismenn, sem ástæða sje til að hækka launin hjá um leið og lækkuð eru laun þeirra, sem hafa þau of há, eða óþarflega há. Með því nú þessa eigi hefir verið gætt í frv., greiði jeg atkvæði móti því, og það engu síður fyrir það, að »nafnakallsnefndin» hefir enn þá einu sinni fundið ástæðu til að senda forseta áskorun.

Grímur Thomsen: Mjer skildist hæstv. landsh. vilja neita því, að stjórnin legði frumvörp fyrir lögþing Færeyinga. En jeg skal leyfa mjer máli mínu til sönnunar að benda á það sem stendur í lögum um lögþing Færeyinga 15. apr. 1854, 11.gr.; þar stendur: Eins og lögþingið á að segja álit sitt um lagafrv. snertandi Færeyjar, er stjórnin leggur fyrir það, eins hefir þingið líka rjett til að leggja fram frumvörp til nýrra laga o. s. frv. Af þessu get jeg ekki betur sjeð, en að lögþing Færeyinga standi mjög á sama stigi sem gamla ráðgjafarþingið hjer á Íslandi. En það var annað, sem jeg ranghermdi áðan. Amtmaðurinn á Færeyjum mætir ekki á þinginu sem fulltrúi stjórnarinnar, heldur er hann sjálfkjörinn formaður lögþingsins.

Að amtmaðurinn á Færeyjum hefir dýran bústað, sýnir, að stjórnin vill gefa honum veglegri stöðu en amtmönnum annarstaðar. Hann hefir líka um sig dálítinn herflokk og nokkrar ferjur, sem stjórnin kostar. Allt þetta miðar til að gefa embættinu sjerstaklega veglegt útlit.

Arni Jónsson: Andmæli þau, sem fram hafa komið móti frv., koma mjer yfir höfuð alveg óvart, því það heyrðist engin rödd á móti því við 1. og 2. umr., enda gat mjer ekki dottið í hug, að nú fyrst skyldi fara að þræða frv. grein fyrir grein við 3. umr. Mig furðaði á því, þegar hæstv. landsh. fór að ræða hinar einstöku gr. frv.. Annaðhvort er að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir, eða þá að fella það.

Jeg get ekki kannazt við það, sem sumir bera fram, að mál þetta hafi komið seint inn á þingið. Það kom fyrst inn á þingið 26. júlí, svo jeg skil ekki, að h. þingdm. hefðu ekki getað komið með breyt.till. við frv. á þessum fjögra vikna tíma, ef þeir hefðu viljað, og þeim hefði verið annt um málið, enda er það ekki okkur flutningsmönnum að kenna, þótt málið sje svona seint til umræðu.

Hæstv. landsh. var að bera saman laun embættismanna hjer við laun tilsvarandi embættismanna í Danmörku; en jeg vildi benda á, að jeg sje ekki betur, en það sje okkur óviðkomandi, hvaða laun embættismenn hafa í öðrum löndum, hvort heldur það er í Danmörku eða annarstaðar. Hjer sýnist hitt liggja miklu nær og vera mun eðlilegra, að miða launin við okkar eigin efnahag og ástæður, og það mun einnig verða vinsælast hjá þjóðinni. Jeg álít, að það sje einnig happasælast og ánægjulegast fyrir hlutaðeigendur, að launin sjeu miðuð við, hvað umfangsmikið starf embættin útheimta, og við það, hve áríðandi þau eru. Þó hæstv. landsh. álíti laun þau, sem amtmennirnir hafa nú eptir launalögunum 1875, ekki of há, þá eru víst aðrir, sem álíta, að jafnvel þau laun, sem þeim eru ætluð í þessu frv., sjeu vel há. En það mun líka flestum kunnugt, að þessi góðu launalög frá 1875 hafa ekki átt neinum vinsældum að fagna hjá þjóðinni, og það er óheppilegt, þegar svo er, að lög, hver sem þau eru, verða óvinsæl hjá almenningi. Þegar löggjafarþingið kemst að því, að svo sje, þá ætti það að gera sitt til, að samkomulag kæmist á, og því yrði kippt í lag, sem miður fer.

H. 2. þm. G. og Kj. (J. Þ.) fór að hreifa andmælum gegn frv. nú, þegar það var orðið of seint. Það þykir mjer undarleg aðferð. Það getur vel verið, að það hefði mátt koma til athugunar, að jafna launin meira, en nú er, taka frá fleirum embættum og bæta við sum, ef ástæður þætti til, því það er víst, að munurinn er ærið mikill á launum embættismanna. Ef h. þm. hefði hreyft þessu fyrri, þá hefði mátt setja nefnd í málið og íhuga þetta atriði. Nú er það orðið of seint. Þrátt fyrir þetta get jeg þó ekki skilið, hvers vegna hann ekki getur samþykkt frumv. nú eins og áður, því það væri þó merkilegt, ef hann væri svo hræddur við nafnakall, að hann fyrir það greiddi atkvæði móti því.

ATKVÆÐAGR: Frv. samþ. með 18 gegn 3 atkv., að við höfðu nafnakall, eptir ósk 6 þingmanna, og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson	Jón Þórarinsson
Árni Jónsson	Jónas Jónassen
Eiríkur Briem.	Þórarinn Böðvarsson.
Grímur Thomsen	
Gunnar Halldórsson	
Jón Jónsson	
Lárus Halldórsson	
Ólafur Pálsson	
Páll Briem	
Sigurður Jensson	
Sigurður Stefánsson.	
Sveinn Eiríksson.	
Þorlákur Guðmundss.	
Þorleifur Jónsson.	
Þorsteinn Jónsson.	
Þorvaldur Bjarnars.	
Þorvarður Kjerúlf.	

Benidikt Sveinsson greiddi ekki atkvæði og var því talinn með meiri hlutanum.

Frv. síðan sent Ed.

Frv. til viðaukalaga við tilsk. 20. júní 1849 um veiði á Íslandi (189); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 19 atkv. og sent Ed.

Fertugasti og sjötti fundur, laugardag 20. ágúst.

Frv. til fjáraukalaga fyrir 1884 og 1885 (377, 395); ein umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Eins og menn sjá, vill nefndin breyta þessu frv. í þá átt, eins og það var samþykkt hjer í deildinni um daginn; sú eina breyting, sem h. Ed. hefir gert á frv., er sú, að veita til óvissra útgjalda 144 kr. viðbót, sem er kostnaður við ferðir sýslumannanna í Eyjafjarðar-, Norðurmúla- og Suðurmúlasýslum með herskipinu »Diana», til þess að hafa eptirlit með fiskiveiðum útlendinga; ástæður þær, sem færðar eru fyrir að veita þetta fje, eru einkum þær, að þetta gjald, 12 kr. á dag, sje svo hátt, að það verði hlutaðeigendum mjög tilfinnanlegt að þurfa að greiða það úr eigin sjóði, sjerstaklega af því, að þessar ferðir hafi verið farnar eptir skipun amtmanns, og að áhugi lögreglustjóranna á því, að hafa eptirlit með fiskiveiðum útlendra manna, muni fremur minnka en aukast, ef hlutaðeigandi lögreglustjórar þurfa að endurgjalda þennan ferðakostnað.

Þessar ástæður hefir nefndin ekki getað tekið fullkomlega gildar, enda er henni ekki ljóst, að þessar ferðir hafi haft nokkurn meiri árangur en þó þær hefðu verið farnar á landi, og sjerstaklega vill nefndin benda á, að þetta eptirlit er eitt af skylduverkum lögreglustjóra, og því eigi borgað sjerstaklega; enda gæti opt staðið svo á, að allt eins mikil sanngirni mælti með því, að lögreglustjórar fengju endurgjald fyrir það, sem þeir þyrftu að leggja í kostnað við landferðir í þessum erindum, sem getur orðið alveg eins mikið. Sanngirniskrafan hverfur, að því er snertir þessa sýslumenn, við það, að einmitt í þessum lögsagnarumdæmum eru mjög mörg fiskiskip, sem sýslumennirnir sjálfir hafa afgreiðslugjöldin af, því að slík gjöld eru þær einu aukatekjur, sem sýslumenn hafa sjálfir, síðan þeir voru settir á föst laun; þessar aukatekjur eru í sumum sýslum

alls engar eða svo gott sem engar, en í þessum sýslum til góðra muna.

Nefndin lætur þannig í ljósi álit sitt, jafnvel þó hún ekki vilji gera þetta að miklu ágreiningsefni, þar sem ekki er um meira fje að gera en þetta.

Landshöfðingi: Jeg sje, að h. nefnd vill ekki fallast á breytingar þær, sem h. Ed. hefir gert á frv. þessu, í þá átt, að í þetta sinn megi standa við það, að 144kr. hafa verið greiddar sem ferðakostnaður þriggja lögreglustjóra með herskipinu Díana til þess að hafa eptirlit með fiskiveiðum útlendinga. Þessi upphæð er ekki mikil, og er leiðinlegt, að málið skuli fyrir þessar sakir þurfa að hrekjast milli deildanna.

Það vakti sjerstaklega fyrir h. Ed., að það gæti í sumum tilfellum verið mjög heppilegt og enda nauðsynlegt, að lögreglustjórarnir geti farið með herskipunum í slíkar ferðir, því þá sjá útlendir fiskimenn, að lögreglustjórnin á Íslandi á nokkuð undir sjer, og ef þeir ekki »respektera» lögreglustjórann, þegar hann kemur á herskipi, þá munu þeir ekki »respektera» hann mikið, ef hann kemur á bátnum sínum eða ríðandi. Það hefir eitt tilfelli komið fyrir nýlega í Suðurmúlasýslu, sem einmitt sannar þetta; sýslumaðurinn fór til Fáskrúðsfjarðar, og þar voru enskir fiskimenn, sem neituðu að gjalda sín gjöld; sýslumaðurinn fór út á skipið og heimtaði skjölin; hann fjekk reyndar að sjá þau, en þegar hann ætlaði að fara með þau í land, tóku þeir þau af honum, lögðu hendur á hann og rifu frakkann hans; varð hann við svo búið að fara í land, pappíralaus, peningalaus og með rifinn frakkann. Ef hann hefði nú verið á herskipi, þá hefði öðruvísi farið. Á þessu má vitaskuld fá leiðrjetting gegnum ensku stjórnina; en sú fyrirlitning, sem hinni íslenzku lögreglustjórn þannig er sýnd, verður ekki svo auðveld-

lega af þvegin. Hefði lögreglustjórinn haft þann mannafla, sem herskip hefði getað veitt, þá hefði hann getað tekið þannig í strenginn, að það hefði orðið útlendingum til viðvörunar að gera slíkt framvegis

Jeg vil því mæla fram með því, að í þetta sinn sje látið sitja við það, sem orðið er.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. N. samþ. með 13:3 atkv.

Frv. þannig breytt samþ. með 8 atkv., og endursent Ed.

Frv. til laga um samþykkt á landsreikningnum 1884 og 1885 (378, 396); ein umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Breyt.-till. sú, sem nefndin hefir ráðið til að gerð verði á þessu frv., er bein afleiðing af atkvæðagreiðslunni við fjáraukalögin fyrir þessi sömu ár, og því virðist óþarfi að fara þar um fleiri orðum.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt.till. N. samþ. með 14 atkv.

Hinar samþ. án atkvæðagreiðslu.

Frv. samþ. með 17 atkv. með áorðinni breytingu, og endursent Ed.

Frumvarp til laga um brúargjörð á Ölvesá (142, 385); 3. umr.

Grímur Thomsen: Það hefir verið gjört ráð fyrir, að amtssjóður Suðuramtsins taki þátt í þessum kostnaði við brúargjörðina; en nú hafa sumar sýslur neitað að taka þátt í þessum kostnaði beinlínis, enda hafa t. d. Borgarfjarðar og Kjósar sýslur lítið sem ekkert gagn af þessari brú; og á hinn bóginn hafa Skaptfellingar lýst yfir því, að þeir vilji helzt ekkert til brúargjörðarinnar leggja. Þess vegna höfum við lagt það til í brtill., sem hjer liggur fyrir, að öll hluttaka amtsjafnaðarsjóðsins í Suðuramtinu í þessum kostnaði sje numin í burtu. Ef þessar sýslur ekki vilja neitt beinlínis leggja til brúargjörðarinnar, þá viljum við ekki heldur að þær leggi neitt til þessa fyrirtækis óbeinlínis, úr þeim sjóði, sem þær borga í eins og aðrar sýslur.

Jónas Jónassen: Jeg get ómögulega verið samdóma h. þm. Borgf. (Gr. Th.), að þessar sýslur, þó þær eigi ekki daglega leið um brýrnar, skuli fyrir það engan þátt beinlínis eða óbeinlínis taka í kostnaðinum.

Það hefir allt landið óbeinlínis hag af því, að vegir og brýr sjeu gjörðar, og greitt fyrir samgöngum í landinu.

Benidikt Sveinsson: Jafnvel þótt það sje mín grundvallarskoðun á þessu máli, að slík fyrirtæki, sem þetta, er miða til þess að brúa stórár, svo einn vegur geti orðið um allt landið frá Reykjavík og til Reykjavíkur aptur, sjeu sannarleg landsmál, og landssjóður einn eigi að kosta slíkt fyrirtæki, þá er jeg þó nú, eins og við 2. umr. þessa máls, þeirrar skoðunar, að rjettast sje að samþykkja frv. eins og það er, þar sem það gengur mjög nærri þessari grundvallarstefnu; en þar sem breytingartill. þær, sem fram eru komnar, fjarlægjast þessa aðalstefnu meir en frumv. sjálft, verð jeg að vera þeim öldungis mótfallinn; þar er farið fram á að sleppa burtu amtsjafnaðarsjóðnum, og er mjer óskiljanleg sú skoðun, að þetta sje amtinu eða amtsjafnaðarsjóðnum fremur en sýslusjóðunum óviðkomandi; sú skoðun, að ef brú er gjörð yfir eina á, þá sje það að eins til hagsmuna fyrir það hjerað, sem áin rennur um, kemst heldur ekki langt að því er Ölvesá snertir, því bæði þeir, sem búa langt upp með ánni fyrir ofan brúna, og þurfa að fara yfir ána, og eins þeir, sem búa langt fyrir neðan brúna og þurfa yfir ána, t. d. af Eyrarbakka og út í Selvog, eiga mjög örðugt og nærri ómögulegt með að nota brúna, nema með ærnum kostnaði og mikilli fyrirhöfn; staðhættirnir og landslagið í þessari sýslu sýnir einmitt, að brúin er fyrir landið allt og ekki einungis fyrir þetta hjerað, þó hags-

munirnir geti verið og sjeu mestir fyrir þá hjeraðsmenn, sem næstir brúnum búa. Jeg ann þessu máli, sem sannarlegu velferðarmáli landsins, og get ekki látið vera að lýsa yfir því, að það hryggir mig mjög, hversu opt sú skoðun kemur fram, þegar um velferðarmál landsins er að ræða, að þetta sje að eins gjört fyrir þetta hjerað, og hitt hjeraðið, sem fjær liggur, eigi því alls ekkert til að leggja. Það er eins og menn finni ekki, að hvert einstakt hjerað er partur af öllu landinu, og að vellíðan eins hlutans eykur vellíðan alls landsins. Það er eins og eitthvert djúp sje staðfest milli hinna einstöku hjeraða; þetta er velferðarmál fyrir þetta hjerað, en kemur hinu hjeraðinu alls ekkert við, segja þjóðfulltrúarnir hver í sínu horni. En jeg hlýt að ganga út frá því, að það fyrirtæki, þegar um landsamgöngur er að ræða, sem er nauðsynlegt fyrir eitt hjerað, það sje þar af leiðandi nauðsynlegt fyrir allt landið, og því eigi allt landið að leggja fje fram til þess, að sem mestu leyti.

Ólafur Pálsson: H. þm. Borgf. (Gr. Th.) er jeg samdóma um það, að Skaptafellssýslurnar hafi ekki hið sama gagn af þessari brú, sem Árnesingar og Rangvellingar. En hvað því viðvíkur að Skaptfellingar hafi lýst því yfir, að þeir vildu engan þátt taka í brúargjörðinni, þá ætla jeg, þegar um slíkt velferðarmál er að ræða, og þó jeg að öðru leyti hafi ekkert sjerstakt umboð frá kjósendum mínum, að fylgja þessu máli fram, þá greiði jeg óhikaður atkvæði mitt með því; því það dugar ekki að metast um það í slíku máli, þótt kannske eitt hjerað hafi meiri not af brúnni en annað; þetta er velferðarmál, og einhversstaðar verður að byrja fyrst að brúa, því ekki verða allar ár brúaðar í einu. Jeg greiði því atkvæði með frv., en á móti brtill.

Grímur Thomsen: Jeg vona að þm. sje það ljóst, að jafnvel þó þetta sje hagur og »sómi« fyrir allt landið, eins og h. þm. hafa tekið fram, þá stendur það ekki að neinu leyti Borgarfjarðarsýslu eða Kjósarsýslu nær að taka þátt í þessum kostnaði, heldur en t. d. Þingeyjarsýslu eða Eyjafjarðarsýslu; en allar sýslurnar leggja óbeinlínis til brúargjörðarinnar, að því leyti sem hún er kostuð af landsjóði, og þar kemur það fram, að brúin »sje fyrir allt landið«. Sumar sýslurnar í Suðuramtinu hafa alls ekkert gagn af þessari brú, og sumar hafa gegnum sitt löglega stjórnarvald lýst því yfir, að þær ekkert vildu til brúarinnar leggja, og af þessum ástæðum finnst mjer óviðurkvæmilegt, að leggja á þær tvöfalda byrði, þannig, að bæði landssjóður og amtsjafnaðarsjóður kosti brúargjörðina.

Landshöfðingi: Jeg get með engu móti verið samdóma h. þm. Borgf. (Gr. Th.) um það, að engar sýslur í suðuramtinu, nema Árnessýsla og Rangárvallasýsla, hafi beinlínis gagn af því, að Ölvesá er brúuð. Það getur ekki verið alvara h. þm., að t. d. íbúar Gullbringu- og Kjósarsýslu hafi ekki gagn af brúnni, ef hann hugsar eptir því, hve margir leita til sjávar í Gullbringu- og Kjósarsýslu austan úr Árness- og Rangárvallasýslum. Þegar enn fremur litið er til þess, hve margir fara í fjárkaup úr þessari sýslu austur í sýslurnar, þá er það ekki lítill hagur, að geta rekið fjeð óhindrað yfir brúna. Að öðru leyti eru líka svo miklar samgöngur milli sýslnanna í amtinu, að ekki getur hjá því farið, að jafnvel Borgfirðingar þurfi opt að nota brúna, og það sjá allir, að það er ómögulegt í þessu tilliti, að bera saman Borgarfjarðarsýslu að einu leytinu og Eyjafjarðar eða Þingeyjarsýslu að hinu leytinu. H. þm. Borgf. (Gr. Th.) má líka muna eptir því, að nýlega var sampykkt lán til brúargjörðar á Skjálfandafljóti í Þingeyjarsýslu, og þm. veit, að jafnaðarsjóður Norður- og Austur-

amtsins tók þátt í þeim kostnaði, enda þótt hefði mátt segja, að Húnavatns- og Skagafjarðarsýslur gætu ekki haft meira gagn af brúnni á Skjálfandafljóti en Borgarfjarðarsýsla af brú af Ölvesá. Jeg get því ekki álitið annað en að það sje rjett og sanngjarnt, að jafnaðarsjóður Suðuramtsins taki nokkurn þátt í þessari brúargjörð, og þó þingd. samþykki breytingartill. við frumv. yfir höfuð, þá vildi jeg helzt, að hún samþykkti ekki þá breytingartill., sem fer fram á, að fella það úr frumv., að jafnaðarsjóður Suðuramtsins taki þátt í kostnaðinum.

Sigurður Stefánsson: Jeg verð að segja fyrir mitt leyti, að jeg kann betur við að fella það úr frumv., að jafnaðarsjóður taki þátt í kostnaðinum við brúargjörðina, og því vildi jeg, að sú breytingartill., sem lýtur að því, yrði samþykkt. Ef leggja á fram nokkurt fje til brúargjörðarinnar annarstaðar að en úr landssjóði, þá vildi jeg að það yrði tekið af sýslufjelögunum sjálfum, sem mestan hag hafa af fyrirtækinu, og vildi jeg þá heldur, að landssjóður legði meira fje til. Jeg kann ekki við, að nokkur kostnaður í þessu tilliti leggist á amtið í heild sinni. Það hagar víða svo til, að sumar sýslur hafa alls ekkert gagn af því, þó ár verði brúaðar í einu hjeraði. Jeg set t. d., að brúa ætti Hvítá í Borgarfirði; hvaða gagn ætli t. d. Ísafjarðarsýsla eða Strandasýsla hefði af því? Jeg held að þessi regla yrði aldrei vinsæl, en ef hún verður tekin upp, þá er ekki svo hægt að víkja frá henni aptur, þegar um sömu tilfelli er að ræða.

Þó jeg sje yfir höfuð hlynntur því, að ár sjeu brúaðar og það af landssjóði einum, þá álít jeg að þingið eigi í því tilliti að haga sjer eptir kringumstæðunum og leggja eigi út í svo stór fyrirtæki, nema þegar efni landsjóðs leyfa. Jeg veit ekki, af hverju á að taka nú sem stendur fje til þessarar brúargjörðar, og því vildi jeg helzt, að málið væri látið bíða til næsta þings, ef hagur landsjóðs skyldi batna þangað til. Jeg get þess vegna ekki gefið frumv. mitt atkvæði í þetta sinn.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg ætlaði að jeg gæti sparað mjer umræður um þetta mál á þessu stigi, og var orðinn vongóður um, að frumv. mundi verða samþykkt orðalaust og óbreytt við þessa umræðu, en nú sem stendur lítur ekki út fyrir, að svo verði. Jeg furðaði mig nú ekkert á því, þó breytingartill. kæmu fram við 2. umr. málsins; en mjer þótti hálf-undarlegt, þegar jeg sá hinar mörgu breytingartill. við þessa umræðu, og sem ekki komu fram fyr en á þeirri stundu, að ganga átti til fullnaðaratkvæðis í málinu, sem jafnvel setja sýslufjelögum þeim, sem hjer ræðir um, harðari kosti, en áður hafa verið settir. Það er auðsjeð að breytingartillögur þessar miða til einhvers annars, en samkomulags. Jeg get vel skilið það, að h. þm. Borgf. (Gr. Th.) láti sjer annt um jafnaðarsjóðinn, en það hefði átt betur við, að koma með þessa breytingu til 2. umr.; þegar ekki er um meira að ræða, en þetta, þá finnst mjer samt, að h. þm. ætti ekki að vera að fást um það fyrir jafnaðarsjóðsins hönd. Sú byrðin er þó þyngst, sem lendir á sýslufjelögunum, Árnessýslu og Rangárvallasýslu, jafnvel sá hluti, sem þær bera af jafnaðarsjóðsgjöldum. Þó Borgarfjarðarsýsla auðvitað hafi hvergi nærri eins beinlínis gagn af brúargjörðinni, þá verð jeg þó að segja, að mjer finnst það vera smámunasemi, að tala um, þó hún legði fyrir sitt leyti fram lítinn skerf, þegar um svo stórt og nytsamt fyrirtæki er að ræða, og jeg er líka viss um, að í sjálfri Borgarfjarðarsýslu eru mjög margir menn svo höfðinglyndir og sanngjarnir, að þeir munu alls ekki þakka þingmanni sínum fyrir framkomu hans í þessu máli. Því verður heldur aldrei neitað, að þetta stórvirki snertir suðuramtið allt, eins og h. landsh. hefur tekið svo vel og greinilega fram.

Það getur líka og hefur enda komið það fyrir, sem leggja hefur þurft fje til af jafnaðarsjóði, þótt það að minnsta kosti í upphafi hafi að eins snert vissa eða vissar sýslur. Jeg skal taka til dæmis fjárkláðann og kostnaðinn við að útrýma honum. Svo geta komið fyrir sóttvarnir eða annað því um líkt, og til þess eru amtsjafnaðarsjóðir stofnaðir, að þeir taki þátt í sameiginlegum þörfum amtsins. Hjer er ekki um það að ræða, að ganga nær fjárveitingarvaldi sýslunefndanna.

Mjer skildist h. 1. þm. Ísfirð. hallast fremur að því, að landssjóður ætti að bera kostnað allan við brúargjörðir. Jeg tek nú þetta sem talað í alvöru hjá h. þm., en ætla mætti þó, að hann væri að eins að slá þessu fyrir til að fella málið. H. þm. Ísf. sagði, að þingið þyrfti að fá fasta skoðun á því, hvaðan ætti að taka kostnaðinn til slíkra fyrirtækja, sem hjer ræðir um. Þegar ræða var um brúargjörðina á Skjálfandafljóti, þá komst sú skoðun inn á þingið, sem nú er fylgt. Á þetta benti hæstv. landsh. áðan með skýrum orðum, svo h. þm. hlýtur að hafa heyrt það. Þessari stefnu er nú líka haldið fram í þessu frumv., þar sem 9 af 11 í Ed. eru búnir að samþykkja frumvarpið og 16 af 23 í Nd.; eða hvort er rjettara, að 8 eða 9 þingmenn ráði úrslitum málsins, eða 23 eða 24, þegar um vilja alls þingsins er að ræða? Þessi skoðun virðist þannig vera orðin föst í þinginu. Jeg hefði líka búizt við, að h. þm. Borgf. (Gr. Th.) mundi vilja halda því fram, að einmitt jafnaðarsjóðirnir ættu að taka þátt í kostnaðinum við slík stórvirki, sem þetta. Ef hann hugsaði til þess, að einhvern tíma yrði brúuð Hvítá í Borgarfirði, þá mundi Borgfirðingum koma það betur, ef einhverjir hlypu undir bagga með þeim. Jeg hefði getað vænt þess, að þm. Borgfirðinga og þingmaður Mýramanna mundu taka höndum saman og brúa Hvítá í Borgarfirði, svo að börn að minnsta kosti gætu gengið á örmum þeirra yfir hana, þar sem hún tilheyrir hálf hvorum þeirra sem þingmönnum.

Árni Jónsson: Jeg ætla ekki að svara því sem h. þm. Árn. (Þorl. G.) mælti nú síðast, því jeg heyrði eigi almennilega, hvað hann var að leggja út af Hvítá í Borgarfirði, en jeg vildi lýsa því yfir, að mjer kom nokkuð óvart atkvæðagreiðsla sumra h. þingdm. um breytingartill. við 2. umr. Hæstv. landsh. og fleiri þingdm. höfðu mælt vel með þeim breytingartill., sem þá lágu fyrir; en sumir þeirra, sem mæltu með þeim, fjellu þó frá þeim við atkvæðagreiðsluna. Jeg hefi nú sömu skoðun enn á þessu máli, sem jeg hefi látið í ljósi áður, enda hafði jeg þingsins umboð frá undirbúningsfundi, sem haldinn var í mínu kjördæmi fyrir þing, að fylgja því, að brúargjörðin yrði ekki styrkt nema að $^1/_3$ úr landssjóði, en hinn kostnaðurinn kæmi frá hjeruðunum sjálfum. Jeg vona því, að h. þm. Árn. (Þorl. G.) virði mjer til vorkunnar, þó jeg haldi fram þessari stefnu, því að hann hefir bæði í þessu og fleiri málum vitnað til vilja kjósenda sinna. Yfir höfuð get jeg látið mjer nægja að vísa til þess, sem jeg tók fram við 2. umr. um þetta mál. Eins og hagur landssjóðs nú stendur og út lítur fyrir að tekjur hans verði næsta fjárhagstímabil, sýnist mjer hæpið, að leggja meira á landssjóð, en hálfan þann kostnað, sem til brúargjörðarinnar gengur; en þegar jeg samþykki þetta, þá vona jeg að h. 1. þm. Árn. (Þ. G.) sjái, að jeg geng eigi lítið til sátta frá því, sem mjer var falið að leggja til í þessu máli. Svo er eitt enn, sem er eptirtektavert og einkennilegt í þessu efni. Það er nú ekki minnzt með einu orði á brúargjörð á Þjórsá. En jeg man þó ekki betur, en að það hafi mikið verið rætt um það áður, að æskilegt væri að brúa Þjórsá líka, og er jeg því fyrir mitt leyti samþykkur. Jeg vildi helzt, að báðar árnar, Ölvesá og Þjórsá, gætu orðið

brúaðar í einu. Við það mundi sparast mikið fje. Innkaup á efni yrðu þá meiri en til þessarar einu brúar, og þá fengist efnið ódýrara. Flutningur allur yrði líka ódýrari, og loks yrði verkið sjálft eða vinnan miklu ódýrari að sínu leyti. Það mætti nota sömu umsjónarmennina og sama yfirsmiðinn á báðum stöðunum, sem hlyti að verða mikill sparnaður. Ef fje hefði verið fyrir hendi til að brúa báðar árnar í einu, þá hefði jeg helzt viljað greiða atkvæði með því, og jeg hefði enda viljað styðja þetta mál nú, ef hjeraðsmenn sjálfir hefðu komið drengilega fram í því frá upphafi, og boðizt til að leggja ríflegan skerf til fyrirtækis þessa, í stað þess að heimta mest-allan kostnaðinn af landssjóði. Yfir höfuð sýnist mjer það varhugavert, að rembast með brú á Ölvesá nú, og hafa það svo máske bak við eyrað, að keyra brú á Þjórsá fram á næsta þingi. Það sýnist mjer ópraktiskt.

H. 2. þm. Eyf. (B. Sv.) fór mörgum orðum um það, að það væri hryggilegt, að menn hjeldu, að þetta fyrirtæki væri að eins gert fyrir þau hjeruð, sem verkið væri unnið í, en ekki fyrir landið allt. Jeg man ekki til að jeg hafi látið þessa skoðun í ljósi um þetta mál, enda er jeg með því, að landssjóður leggi fram sinn hluta til slíkra fyrirtækja.

H. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) talaði mikið um þá festu, sem þetta mál væri búið að fá á þinginu. En þegar þess er gætt, að sumir þingdm., og þar á meðal h. þm. Vestm. (Þorst. J.), mæltu með breyt.till. við 2. umr., en greiddu samt atkvæði á móti þeim, þá finnst mjer festan ekki vera svo fjarska mikil.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg skal ekki svara h. þm. Mýr. (Á. J.) miklu; en jeg held það sannist á honum það, sem hann sagði hjer í einu máli á dögunum: »þjettir á velli og þjettir í lund«. Það lítur ekki út fyrir, að hann ætli að gefa sig í þessu máli; en jeg mun ekki gefa mig heldur. Það, sem hann sagði til annara meðmælenda þessa frumv., munu þeir sjálfir auðveldlega geta gefið honum svar upp á. En þegar hann fer að berja við fjeleysi og bágum efnahag landssjóðs, þá er það auðvitað, að hagur landssjóðs mætti vera betri, en hann er nú sem stendur. Það liggur þó fyrir oss frumv. um samþ. á landsreikningnum fyrir 1884 og 1885, og þar sjest, að 31. desbr. 1885 var innstæða viðlagasjóðs 964,781 kr. 13 a., peningaforði landssjóðs 113,731 kr. 69 a. og tekjueptirstöðvar landssjóðs 63,824 kr. 19 a. Þó við segjum nú, að þessi síðasta upphæð sje mjög óviss eign og sumt af henni náist ekki, þá mætti þó gera ráð fyrir, að ekki sje tapað fje meira en á milli 20 og 30 þúsundir, ef ekki neitt fæst af Fensmarksskuldinni, og nokkuð sje líka tapað af eptirstöðvum Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs, þá ætti landssjóður samt talsvert yfir miljón króna. Jeg get ekki betur sjeð, en að það sje þessi gamla hallæristrumba, sem þingmenn eru að slá, þegar þeir eru að æðrast út af ástandi landssjóðs. Það er auðvitað, að hagur hans hefir ekki verið sem beztur nú í eitt ár í samanburði við það, sem hann hefir verið undanfarin ár, en það eru allar líkur til, að hagur hans verði betri eptir þetta ár, því eptir því, sem árferðið batnar, eptir því verður hagur landssjóðs betri. Jeg er með því, að landið eigi sjóð, og jeg vil ekki að landssjóður verði »blankur«, en jeg gef ekki um að safna mjög miklu, því jeg álít skynsamlegra að leggja ríflega fram fje til stórra fyrirtækja, sem horfa til almennings heilla. Ef svo lítur út, sem ætli að verða of mikil þurrð í landssjóði, þá hefir þingið æfinlega í hendi sinni, að koma með ný frumv. um tolla, til að útvega landssjóði tekjur, og ólíklegt, að þingið felli slík frumv. þing eptir þing, eða þá að þeim verði neitað staðfestingar, ef brýn þörf er á þeim.

Jeg skal að síðustu taka það upp apt-

ur, sem jeg sagði áðan: »Þjettir á velli, og þjettir í lund«, og jeg get skilað því til h. þm. Mýr. (Á. J.) frá Árnesingum, að það er beinlínis hagur fyrir landssjóð, að málið gangi fram á þessu þingi, því ef það gengur ekki fram nú, þá gengur það fram síðar, en þannig, að landssjóður ber *einn* allan kostnaðinn. Að endingu skal jeg lýsa því yfir og gefa fulla vissu fyrir því, að verði málið samþykkt nú á þinginu, en hlutaðeigandi sýslufjelög ganga ekki að kostunum, þá skal jeg ekki flytja það aptur inn á löggjafarþing Íslendinga.

Þorsteinn Jónsson: Þar sem h. þm. Mýr. (Á. J.) brá mjer um, að atkvæði mitt eptir 2. umræðu í þessu máli hefði verið í mótsögn við það, sem jeg talaði í málinu, þá er það eigi rjett hermt. Jeg sagði, að jeg gæfi breytingartillögunum atkvæði mitt, ef jeg sæi, að frumv. næði eigi óbreytt fram að ganga, sem jeg helzt óskaði, en jeg komst að því meðan á umræðunum stóð, að atkvæðafjöldi yrði fyrir því, og því greiddi jeg atkvæði móti breytingartillögunum. Svona hafa skrifararnir skrifað það eptir mjer, svo sem h. þingm. getur sanfært sig um með því að skoða fundinn á lestrarsalnum.

Árness- og Rangárvallasýslur hafa á síðustu 12 árum lagt 36,000 kr. til strandferðanna, sem þær ekkert gagn hafa af, eða að eins 4000 kr. minna en hjer er farið fram á. Jeg er þeirrar skoðunar, að landssjóður ætti að kosta brýr á stórárnar smámsaman, eptir því sem fje verður fyrir hendi, enda er það í fullu samræmi við 5. gr. hinna nýju vegalaga, er samþykkt voru fyrir skemmstu. Jeg mun því nú greiða atkvæði með frumv. óbreyttu, en á móti öllum breytingartillögunum, sem flestar eru uppvakningar frá 2. umr. málsins.

Sigurður Stefánsson: H. þm. Árn. (Þ. G.) las upp heilmikið af tölum, sem áttu að sýna, hve fjárhagur landsins væri góður, en hann gætti víst ekki að því, hvernig þessum auði, sem hann kallar, er varið. En ef hann lítur vandlega í landsreikningana, þá mun hann brátt sjá, að eignir viðlagasjóðs eru alls ekki á lausum kjala. Það væri þó óneitanlega hart, að segja upp lánum, sem einstakir menn hafa úr viðlagasjóði gegn fulltryggu veði, og það í þessu árferði, og selja eignir manna og óðöl, kannske við litlu verði, til þess fyrirtækis, sem hvorki varðar svo mjög almennings heillir, nje er alveg bráðnauðsynlegt.

En ástæðan til þess, að jeg, sem annars er brúamálinu hlynntur, ekki get fylgt þessu máli nú í þetta sinn, er einkum það, hvernig farið hefir um öll þau frumv., sem komið hefir verið með á þessu þingi í því skyni að auka tekjur landssjóðs. Það er næsta kynlegt, að þetta og önnur fleiri frumv., sem hafa mikil útgjöld í för með sjer, koma frá Ed., sem fellir öll tollafrumv. Jeg man ekki betur, en h. 1. þm. Árn. (Þ. G.) væri líka kaffitollinum mótfallinn. Þeir, sem vilja halda fram þeim lögum, er baka landssjóði útgjöld, ættu manna sízt að fylla tollfjandaflokkinn. Jeg mundi glaður greiða atkvæði með frumv., ef fjárhagur landsins væri svo, að hann þyldi slíkt.

H. þm. Árn. (Þ. G.) kom einnig sjálfur með ástæðu móti máli sínu, þar sem hann sagði, að ef þetta eigi fengist nú, þá mundi landssjóður seinna verða að kosta brýrnar alveg. Ef þetta færi svo, þá er þessum sýslufjelögum auðvitað hagur að því, að frumv. nái eigi fram að ganga núna, og jeg ímynda mjer, að þingm. vilji hag þeirra. En um þetta er engu hægt að spá; stefnan í þessu máli getur breyzt á þann hátt, sem sízt varir. Jeg fyrir mitt leyti kynni eins vel við, að landssjóður kostaði þetta einn, ef hann að eins gæti, en mjer er illa við þessa smáskiptingu milli sveitarsjóðanna, jafnaðarsjóðanna og landssjóðs, og þennan

langa borgunarfrest á láninu, 45 ár. Þegar sá tími er liðinn, eða rjettara sagt löngu áður en hann er liðinn, verða flestir þeir, sem lánið nú taka, dauðir, svo miklum hluta byrðarinnar er kastað á eptirkomendurna.

Benidikt Sveinsson: Jeg ætla að gera dálitla athugasemd við það, sem h. þm. Mýr. (Á. J.) sagði. Við 2. umr. þessa máls lýsti jeg yfir því, að mjer væri svo annt um málið, að jeg mundi heldur greiða atkvæði með þeim breyt.till., sem þá lágu fyrir, en láta frumv. falla.

En af þessum orðum verður eigi dregin sú ályktun, að jeg hafi ætlað að greiða atkvæði með þeim, ef frumv. hefði án þess meiri hlut atkvæða; og því síður gefa þau tilefni til að ætla, að jeg muni gefa þessum tillögum atkvæði nú, því þær eru að mestu leyti allt öðruvísi, en hinar voru, og því allt annað mál um að ræða. Hjer er gjörð breyting á grundvallarstefnu frumv., þegar sleppt er tillaginu úr jafnaðarsjóði. Jeg er þess vegna ekki í neinni mótsögn við sjálfan mig og orð mín við 2. umr. málsins, þó jeg sje þessum breytingartillögum, eins og jeg líka er, alveg móthverfur.

Það hefir verið talað um, að hagur landssjóðs sje bágur. Kann vera. En jeg er óhræddur um hann og treysti því, að landshöfðingi fari svo varlega, að hann eigi segi upp lánum, svo vandræði hljótist af, en fram fylgi þó þessu máli eins og unnt er. En fyrst minnzt hefir verið á hag landssjóðs, þá vil jeg spyrja: Ef hagur hans er slæmur, er þá hagur sýslusjóðanna góður? Er ekki það, að þyngja á sýslusjóði í þessu, sama sem að ráðast á þann garðinn, þar sem hann er lægstur? En jeg vil spyrja að öðru. Hvernig stendur á þeim aðgreiningi, sem menn eru að rogast með, milli landssjóðs, jafnaðarsjóðs og sýslusjóðs? Eru þetta 3 fjáruppsprettur, sem fái vöxt og viðhald sín úr hverjum stað? Fær landssjóður fje úr einum stað, jafnaðarsjóður úr öðrum og sýslusjóður úr þeim þriðja? Nei, allir þessir sjóðir fá fje úr einum og sama stað, úr einum og sama vasa gjaldenda. Uppspretta þeirra allra er ein og hin sama: budda gjaldþegna á landinu. Tilgangur breyt.till. er því auðsjáanlega sá, að velta byrðinni sem allra mest á *fáa* gjaldendur, sýslufjelögin, í staðinn fyrir á *alla*, landssjóðinn; en mín skoðun er og verður sú, að slík byrði, sem þessi, eigi að hvíla á landinu öllu í heild sinni, eður öllum gjaldendum þess. Breyt.till. vill leggja þyngri byrði á sýslufjelög þessi en þau geta borið; þeirra viljaleysi er eigi um að kenna; þau væru víst fús að leggja meira fram, ef þau gætu. En þeim er um megn að kosta meiru til en gert er ráð fyrir í frumv. Breytingartill. innibinda þannig ranglæti, og miða til að fella málið.

Jeg vildi óska, að Árness- og Rangárvallasýslur væru svo efnaðar, að þær gætu lagt ½ móti landssjóði til þessa fyrirtækis, og jeg vildi óska, að öll sýslufjelög væru svo efnum búin, að þau gætu það. En því er nú ekki þannig varið, og þess vegna er þýðingarlaust að koma með slíkar breytingar, sem þessar, nema, sem sagt, í þeim auðsjáanlega tilgangi, að eyða málinu.

Árni Jónsson: Mjer dettur ekki í hug að lá h. þm. Árn. (Þ. G.), þótt honum sje þetta kappsmál, nje heldur að etja kappi við hann; jeg fylgi einungis því fram í máli þessu, sem jeg hefi heimild til frá kjósendum mínum og því sem er mín sannfæring. H. 1. þm. Ísf. (S. St.) sýndi, hvernig fjárhagur landsins stendur, svo að jeg þarf ekki að fara út í það, enda mun h. þm. Árn. vita, að tekjuhallinn var 88,000 kr. árið sem leið og mun verða nær því þetta ár, og nú er um 20,000 kr. tekjuhalli á fjárlögunum. Með þessu og fleiru mun vinnast upp handbært fje landssjóðsins; reyndar á viðlagasjóðurinn tölurvert fje, en hitt er óvíst, hvort hægt er að

fá það fje, nema með því að segja upp lánum. H. þm. Vestm. (Þorst. J.) þótti jeg rangfæra orð sín, en jeg veit að fleiri þm. en jeg hafa heyrt, hvað hann sagði og geta þeir borið mjer vitni. Hvernig þingskrifararnir hafa skrifað orð hans, veit jeg ekki. En að því er snertir ræðu h. 2. þm. Eyf. (B. Sv.) þá var mjer ómögulegt að botna í henni. *(B. Sv.*: Svo?). Nei, alveg ómögulegt, hve mikið sem jeg reyndi til. þess. Hann tók fram að hjer væri lögð þyngri byrði á Árnes- og Rangárvallasýslur, en þær gætu borið; en hvað skyldi þá þessi h. þm. segja um Húnavatns- og Skagafjarðarsýslur, sem nú taka 20,000 kr. hallærislán ofan á stórfelli og óáran og í viðbót við mörg þúsund króna hallærislán sem þær hafa áður fengið?; eða þá um Gullbringu- og Kjósarsýslu? Honum finnst líklega ekkert tiltökumál, þótt það sje tekið nokkuð úr vasa þessara sýslufjelaga og fleygt í brúargjörðina. Það kallar h. þm. þm. ekki að »ríða á garðinn þar sem hann er lægstur«. Þegar kemur til Árnes- og Rangárvallasýslna, sem ekkert hallærislán hafa tekið og eru einhverjar hinar beztu sýslur á landinu, þá telur hann allt ómögulegt, svo að þær jafnvel ekki geti borgað rúmar 900 kr. á ári um nokkur ár, sem er ekki einu sinni helmingurinn af því fje, er þær verða að kosta til ferjutolla nú árlega. En ef þær eru svona aumlega farnar, þá gætu þær máske gripið til þeirra peninga, sem búnaðarkennslustofnanirnar eiga að fá, því að það eru ekki settar svo mjög miklar skorður í því frv., hvernig því fje skuli verja.

Þorvaldur Bjarnarson: Mönnum kann að þykja kynlegt, ef jeg ekki læt í ljósi álit mitt um þetta mál, og vil jeg því fara um það nokkrum orðum.

Það hefir verið talað um að Árnes- og Rangárvallas. ættu að bera einar kostnaðinn; en hjer við er þess að gæta, að brú á Ölvesá kemur Rangæingum að mjög litlum notum, nema því að eins, að Þjórsá sje líka brúuð; þá er hagurinn fyrst mikill fyrir þá; en samt sem áður þekki jeg svo mannúð Rangvellinga, að þeir munu eigi skorast undan að bera kostnaðinn í hlutfalli við Árnesinga, enda færi eigi vel, ef enginn mætti gjöra neinu eða neinum neitt gott, nema því að eins að hann af sama hefði áður þegið til handa sjálfum sjer nær óviðjafnanlega miklar velgjörðir. Það fer ekki vel, þar sem margir eru í einu fjelagi, að enginn finni neitt til annara meina, en einungis þeirra, sem persónulega á sjálfum honum liggja, vitandi ekki, að allt fjelagið hlýtur að líða við hvers eins óhag í fjelaginu; líka nægir lítið mein í einn fingur til að gera manninn handlama og óverkfæran, enda má svo að orði komast um Þjórsá og Ölvesá, að þær sjeu nokkurs konar handar- eða framfaramein beggja sýslnanna, Árness og Rangárvalla, svo lengi að þær eru ekki báðar brúaðar, og svo lengi það er ekki gert, hlýtur höfuðið allt (landið) að líða og svíða af slíkum tunglmeinum, og getur þangað til þess vegna aldrei verklega um hreint og frjálst höfuð strokið. Á einhverju og hjá einhverjum verður að byrja, og er þá sjálfsagt að byrja fyrst á þessu fyrirtæki. Komist þessi brú á, þá munu fleiri á eptir fara, og jeg verð að álíta, að það sem er hagur eins sýslufjelags, eigi ekki að kostast af því eingöngu, heldur eigi það að skorðast og bindast allt hvað við annað; jeg vona því að menn ekki sjái ofsjónum yfir því, þótt Árnessýslu verði þetta fyrirtæki sjerstaklega að notum, eins og við eigi höfum sjeð ofsjónum yfir strandsiglingunum, og goldið til þeirra, þótt við ekki höfum neinn hag af þeim. Jeg skal gjarna játa, að mjer fyndist rjettast, að landssjóður kostaði fyrirtækið eingöngu, en jeg treysti svo veglyndi og mannúð Rangvellinga, að jeg þori óhikað að gefa þessu frv. atkvæði mitt, þó að þeir reyndar eigi hafi

meiri skyldu til að styrkja þetta fyrirtæki en aðrar sýslur landsins.

Jón Jónsson: Jeg held nú, að jeg verði svo »ómannúðlegur« að greiða ekki atkv. með frv. þessu; reyndar ætlaði jeg mjer áður en umræður byrjuðu að vera með frv., þótt breyt.till. við það yrði felld, sökum þess að mjer heyrðist allir álíta fyrirtækið svo nauðsynlegt og telja nytsemdarvonina svo mikla; en eptir því sem jeg hefi heyrt við umræðurnar í dag, er hún víst ekki mikil; h. þm. Eyf. (B. Sv.) lýsti því yfir, að það væri að eins lítill hluti Árnessýslu, sem hefði gagn af brúnni, og nú segir h. þm. Rangv. (Þorv. B.), að Rangvellingar hafi nær því engin not af henni, en vilji taka þátt í kostnaðinum af tómri mannúð og veglyndi, þó að mjer reyndar heyrðist hann hafa dálítið á bak við eyrað, um að þjórsá væri eptir. Hjer við bætist og, að h. þm. Árn. (Þorl. G.) hefir haft hótanir í frammi um að sýslufjelögin mundu ekkert borga af kostnaðinum, ef þingið eigi gengi að þessum kostum, heldur skyldi þá landssjóður einn fá að bera allan kostnaðinn. Þetta kann jeg fremur illa við og get ekki skilið, að þess konar vörn sje eiginlega málinu til gagns; hefðu þessar umræður eigi orðið um málið, þá mundi jeg hafa greitt atkvæði með frv., þótt breyt.till. fjelli, en nú get jeg það ekki.

ATKVÆÐAGR.: 1. tölul. breyt.till. við frv. felldur með 14 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson,	Jón Þórarinsson,
Árni Jónsson,	Benidikt Sveinsson,
Grímur Thomsen,	Eiríkur Briem,
Jón Jónsson,	Gunnar Halldórsson,
Lárus Halldórsson,	Jónas Jónassen,
Ólafur Briem,	Ólafur Pálsson,
Sigurður Jensson,	Páll Briem,
Sigurður Stefánsson,	Sveinn Eiríksson,
	Þórarinn Böðvarsson,
	Þorl. Guðmundsson,
	Þorleifur Jónsson,
	Þorsteinn Jónsson,
	Þorv. Bjarnarson.
	Þorvarður Kjerulf.

2.—6. tölul. breytingartillögunnar þar með fallnir.

7. tölul. breytingartill. felldur með 13 : 7 atkv.

Frv. í heild sinni samþ. með 17 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Jón Þórarinsson	Páll Ólafsson
Benedikt Sveinsson	Árni Jónsson
Eiríkur Briem	Grímur Thomsen
Gunnar Halldórsson	Sigurður Jensson
Jónas Jónassen	Sigurður Stefánsson
Lárus Halldórsson	
Ólafur Briem	
Ólafur Pálsson	
Páll Briem	
Sveinn Eiríksson	
Þór. Böðvarsson	
Þorl. Guðmundsson	
Þorleifur Jónsson.	
Þorsteinn Jónsson	
Þorvaldur Bjarnarson	
Þorv. Kjerulf.	

Jón Jónsson greiddi eigi atkvæði og var því talinn með meiri hlutanum.

Frumvarpið þannig óbreytt samþ. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Tillaga til þingsályktunar út af hallærislánabeiðslum (362); ein umr.

Grímur Thomsen: Það er kunnugt, að sú þingsályktunartill., sem var samþ. hjer í deildinni um þetta mál, var felld í efri deild, en nú hefir nefnd sú, sem kosin var í þetta mál hjer í deildinni um daginn, komið sjer saman um að koma fram með nýja þingsályktunartillögu að eins fyrir neðri deild og sem er orðuð með allri gætni og varkárni. Hæstv. landsh. tók það fram við umræðurnar í efri deild, að

»praktiskast« væri að skora á landsstjórnina að sýna varfærni í hallærislánaveitingum, en eigi að útiloka landsstjórnina frá að veita þau, þegar brýn nauðsyn krefði, og það er í samræmi við þessi orð hæstv. landsh., að vjer höfum komið fram með þessa þingsályktunartill. Jeg skal svo ekki orðlengja meir um þessa tillögu, en hefi þá von og það traust til h. deildar, að hún samþykki hana.

Þórarinn Böðvarsson: Mjer dettur sízt í hug að segja, að ónauðsynlegt sje að brýna fyrir almenningi og landsstjórninni að taka hvorki nje veita hallærislán að ópörfu, en á hinn bóginn finnst mjer nokkuð örðugt að koma með tillögur og setja skilyrði fyrir þeim; fyrsta skilyrðið er raunar eigi allsendis óbrúklegt, ef það er mildilega skilið, en verði það ekki gert, þá er skilyrðið of hart, því að orðin »að sannaðri brýnni nauðsyn« eru nokkuð tvíræð; vilji landsstjórnin skilja orðin svo, sem frv. heimti sönnun fyrir dómstólunum, þá er frv. of hart, en sje það skilið svo, sem ekki megi veita lánið nema því að eins, að það sje nauðsynlegt í raun og veru, þá hef jeg ekkert á móti því.

Þá er annað orðatiltæki í tillögunni, sem mjer virðist vera fremur tvírætt; þar stendur: »og ef manndauði bersýnilega vofir yfir«. Um þetta álít jeg harla torvelt að segja nokkuð með vissu; hitt er hægt að segja, hvort manndauði hafi orðið; jeg vona því, að landsstjórnin skilji þetta á sem mannúðlegastan hátt, svo að það ekki gefi tilefni til manndauða; en eins og jeg hefi áður tekið fram, er annað til en manndauði, sem sje eyðileggjandi eymd og volæði, sem sviptir menn öllum kjarki og þreki til að bjarga sjer, og þessari eymd þykir mjer engu síður þörf á að afstýra. Það getur líka opt orðið hreppum og hjeruðum til stórra hagsmuna, að fá lán, þótt eigi vofi bersýnilegur manndauði yfir þeim. (*Einhver:* Það er ekki hallærislán). Varðar minnstu, hvað það er kallað, og getur líka orðið manndauði úr því, sje lánið ekki veitt.

Sigurður Stefánsson: Jeg er einn af þeim, sem settir voru í nefnd til að rannsaka hallærislánabeiðslurnar, og er því náttúrlega alveg samþykktur þessari þingsályktunartillögu. En jeg skil þessa tillögu svo, sem hún sje einungis kröptug bending fyrir landsstjórnina, en ekki beinlínis lögmál, og svo hefir líka hæstv. landsh. skilið hana, svo að jeg vona að ótti h. varaforseta (Þ. Böðv.) hverfi, þar sem landsstjórnin sjálf skilur tillöguna á þennan hátt.

Hann sagði líka, að til væri önnur eymd; en jeg viðurkenni ekki, að nokkur eymd sje til, sem útheimti hallærislánaveitingar, nema yfirvofandi eða yfirstandandi manndauði, og þá hefir landsstjórnin fulla heimild til að veita lánið; en að veita hallærislán, hefir hún enga heimild til, þótt einhver lítill misbrestur kunni að verða á atvinnuvegum manna við og við, og þar af leiðandi lakara ástand en ella, og það lán, sem þannig er veitt, er ekki hallærislán; það væri þá miklu nær að kalla það atvinnulán.

Jeg verð annars að játa, að jeg skildi ekki vel h. varaforseta síðast í ræðu hans; jeg vissi ekki, hvort jeg átti að skilja orð hans svo, sem synjun hallærislánanna væri til að skapa hallæri og manndauða, eða hallærislánin sjálf yrðu orsök í hallæri og manndauða; en hafi hann meint það, þá verð jeg honum alveg samdóma, því að hallærislánin út af fyrir sig eru mesti dauði og drep fyrir þær sveitir, sem taka þau, og hið vissasta ráð til að skapa hallæri þar, sem það alls ekki áður var, sjeu þau ófyrirsynju tekin. Það getur auðvitað opt verið ervitt að segja, hvort manndauði vofi yfir; en jeg álít þó aldrei of vel brýnt fyrir mönnum, að taka ekki hallærislán að nauðsynjalausu, og þessi ákvörðun getur, að minni hyggju, aldrei orðið neinum að fótakefli.

Benedikt Sveinsson: Það hefir verið talað mikið um þetta mál og allir verið sammála um það, að sú hallærislánaheimild, sem verið hefir, hafi leitt til þess, að menn ófyrirsynju hafi fengið svo nefnd hallærislán, enda vona jeg, að öllum sje ljóst, að slík sjerstök heimild hlýtur að verða misbrúkuð, þegar svo ber undir. En nú er stungið upp á í fyrsta uppástunguatriðinu, að þessi sjerstaka heimild verði numin burtu, og kann jeg nefndinni miklar þakkir fyrir. Hjer er sem sje farið fram á, að veita ekki hallærislán nema brýn nauðsyn beri til, svo að ef landsstjórnin ekki veitir lánið í því tilfelli, þá er það á hennar ábyrgð, eins og líka, ef hún veitir lánið að óþörfu.

En hvað það snertir, sem h. varaforseti (Þ. Böðv.) sagði, að skilyrðin fyrir hallærislánaveitingunni væru nokkuð hörð, þá get jeg ekki verið honum samdóma um það, því að þó talað sje um »sönnun«, þá er náttúrlega ekki átt við dómsönnun, heldur að eins þá sönnun, sem landsstjórninni eptir kringumstæðum þykir nægja í hvert skipti, og þó að þingið veiti sjerstaka heimild í einstöku tilfellum, eins og nú viðvíkjandi Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum, þá stríðir það ekkert á móti því, að reisa almennar skorður við óþörfum hallærislánabeiðslum yfir höfuð. Jeg skoða þetta sem sjerstaka undantekningu, vegna þess stórkostlega tjóns, sem þessar sýslur hafa liðið við áfellið í vor sem leið.

Að endingu skal jeg geta þess, að jeg er glaður yfir því horfi, sem mál þetta er nú loksins komið í, eptir svo langar umræður og misskilning, og vona jeg þess vegna, að h. deild samþ. tillöguna.

Þórarinn Böðvarsson: Hafi h. 1. þm. Ísf. (S. St.) heyrzt jeg segja, að hallæri gæti komið af lánveitingum, þá hefir honum heldur en ekki misheyrzt, því það er svo langt frá að jeg segði slíkt, að mjer ekki einu sinni hefir komið það til hugar. Mig furðar stórlega, að hann getur ímyndað sjer, að mjer detti slíkt í hug; því engin dæmi eru til þess, að slíkt hafi komið fyrir.

En jeg vil taka það fram, að hallæri er annað en manndauði.

Í sögunum er opt talað um hallæri, þó eigi hafi manndauði orðið.

Í tillögunni sjálfri er gert ráð fyrir hallærisláni til Húnavatns- og Skagafjarðarsýslna; þó hygg jeg engan veginn sannað, að manndauði vofi þar yfir. — En samkvæmt 9. lið má þó eigi veita hallærislán, nema sannað sje, að manndauði vofi yfir. — Þetta sýnir, að nefndin sjálf skilur tillöguna á hinn milda og mannúðlega veg.

Eins og jeg áður sagði, er jeg nefndinni þakklátur fyrir, að hún kom með þessa till., og mun greiða henni atkv.

Grímur Thomsen: Jeg þakka varaforseta fyrir það, að hann skilur þessa tillögu á hinn mannúðlegri hátt. Þannig mun landsstjórnin skilja hana, og eptir því, sem ráða má af umr. um þetta mál, þá er engin hætta á því, að þingið eptirleiðis skilji hana ómannúðlega.

Það sem landsstjórnin í hvert skipti álítur fullsannað, það mun verða skoðað sem »sannað«, en málið mun ekki teygt út í lagalegar sannanir. Jeg vona varaforseti láti eigi slíkt lítilræði verða að þeim ágreiningi, að hann eigi gefi tillögunni atkvæði.

ATKVÆÐAGR.:

1. till. samþ. með 21 atkv.
2. — — — 14 —
3. — — — 21 —

Þingsál.till. í heild sinni samþ. með 20 atkv., og afgreiddar til landsh.

Till. til þingsályktunar um að mæld verði upp sigling á Hornafjörð og könnuð skipalega við Ingólfshöfða (392); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr., og var það samþ.

Tillaga til þingsál. um brúargerð á Jökulsá (397); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr., og var það samþ.

Fertugasti og sjöundi fundur, mánudag 22. ágúst á hádegi.

Frv. til laga um friðun á laxi (370, 386); 3. umr.

Framsögumaður (Árni Jónsson): Nefndin hefir, síðan þetta frumv. var til 2. umr., leyft sjer að gera eina breytingu við það; þá var 2. gr. felld burtu, en það þótti nefndinni ekki vel farið, og hefir því stungið upp á nýrri grein á eptir 1. gr., þar sem ákvæðin um að leggja megi út í miðja á eru tekin upp, í staðinn fyrir að í frumv. var að eins leyft að leggja út í $^1/_3$. Þetta hygg jeg h. þm. hafi einkum haft á móti greininni, og vona jeg því að hún verði samþykkt.

Jeg vil og geta þess, að það er talsvert til bóta, þar sem ákveðið er, að bilið milli veiðivjela eptir endilangri ánni megi vera minna en 30 faðmar, þegar áin er svo breið, að þvermál hennar á milli veiðivjelanna er eigi mjórra en sá hluti hennar, sem þær taka yfir. Það getur víða hagað svo veiðistöðum, að það sje bagalegt og ógerlegt, að binda veiðivjelar við 30 faðma bil eptir endilangri ánni. Það sýnist ekkert á móti, þótt hver veiði gagnvart öðrum, þegar áin er máske 30 faðma breið eða meir. Þessi ákvörðun í lögunum virðist eingöngu eiga við um smáár, en alls ekki þar sem stórár eru.

Jeg vona, sem sagt, að nú verði ekkert því til fyrirstöðu, að þetta frumv. verði samþykkt af h. deild.

ATKVÆÐAGR.:

Breyt.till. N. samþ. með 12 atkv.

Frv. með áorðinni breytingu samþ. með 14 atkv., og sent Ed.

Frv. til viðaukalaga við útflutningalögin 11. jan. 1876 (400, 411); ein umr.

Árni Jónsson: Við höfum í breyt.till. okkar farið fram á, að fella burtu viðauka þann, sem Ed. hefir sett inn í frv. Það var skýrt tekið fram hjer í deildinni, við fyrri umr. þessa máls, að þau ákvæði, sem þessi h. deild felldi þá úr frv., væri óhafandi. Nú hefir h. Ed. skotið þessu inn aptur — að eins með öðrum orðum — með viðauka við 2. gr. Jeg vona, að það sje öllum vel ljóst, að frumv. er þýðingarlaust, ef þessi viðauki stendur, og að hann er því til hindrunar, að útflutningar geti orðið frá þeim höfnum, sem nokkur hætta getur verið fyrir, að skip geti ekki komið inn á, því þar geta engir samningar orðið, svo hlutaðeigendur verða annaðhvort að bíða eptir óvissum ferðum frá þessum höfnum eða flytja sig, kannske langan veg, til þeirra hafna, sem áreiðanlegt er, að ferðir verði frá. Það eykur hvorttveggja kostnað og ómak, og bætir ekki úr því sem bæta á.

Þessi orð í frumv.: »lögmæt forföll« eru nóg til þess, að lögin sjeu vel aðgengileg, og að þau geti náð tilgangi sínum og vona jeg því, að breytingartillaga okkar verði samþykkt, en viðauki Ed. felldur burtu, enda sýnist hann vera í mótsögn við fyrri lið 2. gr. frv.

Landshöfðingi: Jeg vil leyfa mjer að mæla fram með þessari brt.till., sem hjer er fram komin. Þegar þetta mál var til meðferðar við 2. umr. í Ed., stóð það ekki á dagskránni, að nokkur viðaukatill. væri framkomin við það, og því var jeg ekki viðstaddur, þegar málið var rætt, og gat því ekki talað á móti þessum viðauka, en er nú uppástungum. þessarar breyt.till. þakklátur, að þeir hafa gjört sitt til að laga frv. svo, að það sje frambærilegt; eins og nú er, er engin samkvæmni milli 1. og 2. liðar í þessari grein. Eptir fyrri liðn-

um er að skilja svo, sem vesturfarar, ef ekki er um lögmæt forföll að gjöra, eigi heimtingu á endurgjaldi, ekki einungis fyrir biðina, heldur og fyrir verkfall og þess konar, en eptir síðari liðnum eiga þeir einnig heimtingu á borgun fyrir kostnað sinn, þó ís hindri ferðir; en ef sú regla kæmist á, er jeg viss um, að farið yrði sett þeim mun hærra, t. d 150 kr. í stað 130 kr., sem nú er vanalegt. Jeg vona svo, að brt.till. verði samþykkt, og frv. fái svo fram að ganga.

ATKVÆÐAGR: Brt.till samþ. í e.hljóði.

Frv. í heild sinni með áorðnum breyt. samþ. og afgreitt til forsetans í sameinuðu þingi.

Tillaga til þingsál. um strandferðir gufuskipanna (380, 388); síðari umræðu.

Eptir ósk framsögumanns var málið tekið út af dagskrá.

Tillaga til þingsál. um að mæld verði uppsigling á Hornafjörð og könnuð skipalega við Ingólfshöfða (392); ein umr.

Flutningsmaður (Sveinn Eiríksson): Eins og h. þingdm. er kunnugt, kom jeg með sams konar tillögu eins og þessa fram á þingið í fyrra. Það er nú og kunnugt orðið, að árangurinn hefir enginn orðið af þessari tillögu, og því má álíta brýna nauðsyn, að hreifa málinu enn á ný. Ástæðurnar fyrir málefni því, sem hjer er um að ræða, tók jeg svo skýrt fram í fyrra, sem mjer var frekast unnt, og hefi jeg engu þar við að bæta, enda voru ástæður mínar þá teknar góðar og gildar, þar sem þingd. tók vel í málið. Þó stjórnin þess vegna enn eigi hafi orðið við vilja þingsins í þessu efni, þá er vonandi, að það lagist með tímanum, og það er í von og trausti til hæstv. landsh., að jeg leyfi mjer enn að bera málið fram. Jeg vona, að hann geri sitt til, að þetta nauðsynjaverk, þetta lífsspursmál, verði framkvæmt hið bráðasta verða má. Jeg veit h. landsh. er manna bezt kunnugt um alla landshætti í Skaptafellssýslum, eins og honum er kunnugt um, hve illa Skaptfellingar eru settir með alla aðflutninga. Það má nú auðvitað gera ráð fyrir, að þetta verk verði ekki framkvæmt peningalaust; en allt um það hef jeg þó eigi árætt að fara fram á, að landsjóður legði fje til þess, enda verð jeg að vera þeirrar skoðunar, með hjartans sannfæringu, að stjórnin ætti að kosta þessa uppmælingu; því, eins og kunnugt er, hafa Skaptfellingar svo að segja ekkert gagn, heldur tilfinnanlegt ógagn, af nokkurri strandferð, og hingað til hafa þeir lítil sem engin not haft af vegabótum eða vegabótafje, er þeir þó tiltölulega gagnvart öðrum sýslum landsins borga manna mest. Þetta síðast talda lagast nú samt vonandi, ef að landssjóður, sem eg vona, tekur að sjer, að bæta aðalpóstleiðir landsins, því að aðalpóstleiðin liggur einmitt um endilangar Skaptafellssýslur. Vona jeg svo, að h. þingd. taki þetta mál til greina, og skal jeg svo ekki tala meira um það að sinni.

Landshöfðingi: Það er h. þindm. kunnugt, að skorað hefir verið á stjórnina frá fleiri stöðum um að hlutast til um uppmælingar, en það hefir strandað á því, að ekki hefir fengizt fje hjá ríkisþinginu til þessa. Ef nú fjeð fæst einhvern tíma, þá verður fyrst byrjað að mæla, þar sem mest er þörfin, og jeg efast ekki um, að menn álíti, að mest þörf sje að mæla upp skipaleiðina um Strandaflóa inn til Borðeyrar, og leiðina um Breiðafjörð inn á Hvammsfjörð og að Skarðsstöð. Ef þess vegna fje verður veitt af ríkisþinginu til uppmælinga við Ísland, þá sýnist sjálfsagt, að byrja fyrst á Strandaflóa og í næsta skipti á Breiðaflóa og Hvammsfirði. Þessi áskorun, sem hjer ræðir um, getur því eigi orðið tekin til greina fyr en búið er að mæla á hinum tveimur stöðunum. Jeg sje því ekki, að það sje til

neins, að vera að samþykkja þessa tillögu nú. Stjórninni er ómögulegt að láta framkvæma neina uppmælingu á Hornafirði yrir næsta þing.

Flutningsmaður (Sveinn Eiríksson): Jeg ímynda mjer, að meðmæli hæstv. landsh. megi svo mikið, að ef hann leggur það til, að byrjað verði á Hornafirði, þá verði það gjört, og jeg vona, að hann álíti, að hvergi sje meiri þörf á, að koma og mæla uppsiglingar, en einmitt við suðurstrendur landsins.

Það liggur í augum uppi, að hvergi á landinu eru aðflutningar jafn-örðugir og dýrir eins og í suð-austurhluta landsins, og eina meðalið til að bæta úr þessu, er trygg höfn við strendur þessa hluta landsins.

En þó við hjeraðsbúar, eða landsmenn yfir höfuð, sjeum að tala um þetta, þá dugir það ekkert. Það er að eins hæstv. landsh., sem getur komið nokkru til leiðar í þessu efni, og vona jeg, að hann sjái, að hvergi er meiri þörf á höfn, en einmitt á þessum stöðum, og leggi því til, að byrjað verði hið allra fyrsta á þessari uppmælingu.

Landshöfðingi: Jeg ímynda mjer, að jeg eigi þá að skilja atkvæðagreiðsluna um þessa tillögu svo, að verði hún samþykkt, þá ætlist þingdeildin til, að uppmæling á Hornafirði gangi fyrir öllum öðrum uppmælingum, eða allt hitt sje látið bíða þangað til búið er að mæla Hornafjörð.

ATKVÆÐAGR.: Till. felld með 12 atkv. gegn 7.

Till. til þingsál. um brúargjörð á Jökulsá í Axarfirði (397); ein umr.

Flutningsm. (Jón Jónsson): Jeg vona, að ekki þurfi mikið að tala fyrir þessu máli. Það hefir sýnt sig, að h. deild er hlynnt brúamálum. Hjer er heldur ekki farið fram á annað en að skoða skuli brúarstæði og gjöra áætlun um, hve dýrt mundi að brúa ána. Auðvitað liggur sú hugsun bak við till., að gera skuli brú á ána með tímanum, svo framarlega sem gott brúarstæði fæst, og kostnaðurinn yrði ekki ókleyfur.

Til þess að koma í veg fyrir misskilning, skal jeg taka það fram, að jeg ætlast ekki til, að fenginn sje sjerstakur vegfræðingur upp hingað, til að gera þetta, heldur hef jeg hugsað mjer, að láta mætti þann vegfræðing gera það, sem í fjárlögunum er gert ráð fyrir að fenginn sje til að skoða og mæla út póstleiðirnar hjer á landi.

Till. fer fram á, að þetta sje gert 1888, af því að ef svo væri gert, þá gæti brúarmál þetta komið fram á alþ. 1889 í fullkominni mynd. Jeg hygg, að ekki þurfi að skýra þingdm. frá, hve nauðsynlegt er að brúa þessa á. Þeir munu allir vita það.

Jökulsá í Axarfirði er hvergi reið, og þar sem verið er að hugsa um að brúa hana, er umferð mikil, og skiptir hún þar prestakalli í sundur, en prestur þarf opt yfir hana, og sömuleiðis sóknarmenn, er vitja þurfa prests. Allt, sem að þessari brúargerð lýtur, er þannig lagað, að ætla má, að þessi till. mæti engri mótspyrnu.

Landshöfðingi: Jeg er því ekki mótfallinn, að þessari þingsályktun sje fullnægt, ef þess væri kostur, en af því verk þetta er einskorðað við árið 1888, sje jeg ekki að þess verði kostur, án þess að fá sjerstakan mann til þess.

Það kom fram hjer í deildinni, þegar verið var að ræða fjárlögin, að menn voru hartnær einhuga í því, að láta vegfræðing þann, er fenginn yrði upp hingað að sumri, gefa sig við því, að velja og mæla út aðalpóstveginn um Borgarfjarðar- og Mýrasýslu, frá Hvalfirði og upp í Norðurárdal. Þessu er nú að sönnu búið að breyta í Ed. En engu að síður mun verða haft mikið tillit til vilja Nd., er kom skýrt fram í þessu máli; mun því þessi leið verða látin ganga fyrir öðrum framkvæmdum í þá átt.

Ef þessi sami vegfræðingur ætti einnig að fara norður að Jökulsá og velja brúarstæði og áætla kostnað til brúargjörðar, þá mundi bæði ferðakostnaðurinn verða allhár, og mikill tími missast frá aðalætlunarverki hans. Ef fje væri sjerstaklega veitt til þessa, væri ekkert því til fyrirstöðu, að till. væri fullnægt; en eins og hún nú er, og ef ætlazt er til, að sá sami gjöri þetta, sem mælir út póstveginn frá Hvalfirði upp í Norðurárdal, þá eru talsverðir agnúar á því í framkvæmdinni, og jeg sje eigi, hvernig því verður við komið, svo vel fari.

Flutningsm. (Jón Jónsson): Jeg hafði eins og hæstv. landsh. hugsað mjer að aðalstarf þessa vegfræðings yrði að skoða veginn frá Hvalfirði og upp í Norðurárdal, en jeg ímynda mjer, að hann frá þeim starfa gæti haft svo mikinn tíma afgangs, að hann gæti ferðazt norður; en þessu mætti haga öðruvísi. Hann gæti komið við land fyrir norðan, og gjört eina ferðina, og rannsakað brúarstæðið um leið og hann færi suður.

En af því mjer hefir hugkvæmzt, að betur mundi fara að breyta tillögunni dálítið, vil jeg mælast til þess, að h. forseti vildi taka málið út af dagskrá í þetta sinn.

Málið tekið út af dagskrá.

Fertugasti og áttundi fundur, þriðjudag 23. ágúst.

Frumvarp til laga um þurrabúðarmenn (379, 389); ein umr.

Framsögumaður (Þorlákur Guðmundsson): Eins og kunnugt er, hefir frv. þetta fengið nokkrar breytingar í Ed., en engar af þeim eru stórkostlegar, og þó sumar sjeu ekki til bóta, þó álíta uppástungumenn að vel sje unandi við þessar breytingar, og ráða því deildinni til að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir

En nú eru fram komnar breytingar- og viðaukatillögur við frv. frá h. varaforseta (Þ. Böðv.). Jeg vildi reyndar helzt skoða þessar tillögur sem nýtt frv., með því að mörg ákvæði eru þar gjörsamlega önnur en í frv. Jeg skal nú ekki fara mörgum orðum um þessar breytingar- og viðaukatill., en skal lýsa því yfir, að jeg álít, að ef þær ganga fram hjer í deildinni, þá sje málinu bezt borgið í gröfinni á þessu þingi. Jeg gjöri mjer enga von um, að Ed. muni samþykkja frv. með þessum breytingum, og jeg vona, að Nd. samþykki enga af breytingartill. Frv. þetta fjekk þegar í upphafi meðhald þingdeildarinnar, og við flutningsmennirnir lögðum það til 3. umr. eptir þeim bendingum, sem fram komu undir umræðunum, meðal annars frá h. varaforseta, og síðan hefir málið komizt slysalítið í gegnum Ed., eða með litlum breytingum frá því, sem það var samþykkt hjer. Þetta síðasta bendir á, að frv. muni innihalda þarfleg ákvæði, því að h. Ed. hefir, eins og menn vita, verið mjög vandvirk í meðferð sinni á frv., sem þessi deild hefir sent henni.

Í breytingar- og viðaukatill. er margt, sem, að mínu áliti, er mjög aðgæzluvert, t. d. þar sem svo er ákveðið, að eigi skuli veita þurrabúðarleyfi lengur en 1 ár í senn. Þetta tel jeg mjög óheppilega ákvörðun. Jeg held þessi ákvörðun styðji ekki að því, að þurrabúðirnar verði betur hirtar eptir en áður. Jeg held menn freistist heldur til að gjöra þurrabúðirnar ljelegar, þegar þeir mega búast við að verða reknir úr þeim þegar eptir 1 ár.

Þá rek jeg mig á þá ákvörðun í 5. gr., sem á að verða, að hreppsnefnd megi eigi leyfa ógiptum manni og konu sambúð í þurrabúð lengur en eitt ár, hafi þau átt börn saman, nema þau giptist. Þetta getur verið í sjálfu sjer gott frá kirkjulegu sjónarmiði; en jeg veit ekki, hvort það er eins gott frá pólitisku eða framfaralegu sjónarmiði. Jeg held, að sambúð-

in geti verið misjöfn, þó persónurnar sjeu giptar, og svo er það aðgætandi, að ef maðurinn og konan verða flæmd burtu, þá lenda þau bæði á sama hreppnum, ef þau eru gipt.

Jeg skal svo ekki tala um þessar breytingar- og viðaukatill. að svo stöddu; h. þingdm. hafa þær fyrir sjer, og geta því sjálfir vegið þær og metið, eptir því, sem þeim þykir þær verðar.

Þórarinn Böðvarsson: Mjer mun bera að tala nokkur orð fyrir breytingartill. mínum.

Jeg hefi áður lýst því yfir, að jeg ekki gæti fallizt á þetta frv. eins og það áður var, og jeg get heldur eigi fallizt á það eins og það nú er orðið, enda þótt jeg verði að segja, að h. Ed. hafi heldur lagað það. Fyrst og fremst finn jeg það að frv., að það er um þá menn, sem eigi er með lögum ákveðið, hverjir sjeu; þess vegna verður eigi með fullum sanni sagt, að vjer vitum, hverjum vjer hjer setjum lög. Úr þessum vandkvæðum á 1. breytingartill. mín að bæta.

Ekki er það heldur ljóst af frv., í hvaða sambandi það á að standa við eldri lög og tilskipanir, t. d. tilskipun um húsmenn frá 26. maí 1863, og fl. lög. Jeg held þó, að það sje regla, að ný lög og lagaákvæði sjeu miðuð við eldri lög sama efnis, til þess eigi geti verið ágreiningur út af því, að samband þeirra sje of óljóst. Jeg skal einnig geta þess, að mjer þótti frá öðru sjónarmiði ástæða til að taka það fram, hverjir væri þurrabúðarmenn, nfl. af því, að mönnum mun mjög óljóst, hverjir eru þurrabúðarmenn. Þannig álíta járnsmiðir, trjesmiðir og aðrir iðnaðarmenn sjer heimilt að vera í þurrabúð, og vitna í tilskipun 17. febr. 1783, en hún er um lausamenn, en ekki þurrabúðarmenn. Svona er í fleiri tilfellum skortur ákvæðum um það, hverjir skuli að lögum teljast þurrabúðarmenn.

Úr þessum skorti virðist mjer nauðsynlegt að bæta.

Mjer kom til hugar, að taka lausamenn líka með, en við nákvæmari athugan hvarf jeg aptur frá því, því mjer þótti það of langt farið, enda virðist mjer mega una við þau ákvæði um þá, sem nú eru í gildi. Ekki álít jeg heldur, að sterk nauðsyn beri til að breyta tilskipun um húsmenn 26. maí 1863, svo framarlega sem hreppsnefndir gæta allrar varfærni.

Í 1. málsgr. 1. gr. frv. er ekkert sjerlegt, sem alveg er óhafandi, en illa kann jeg við orðatiltækið «frá þessum tíma». En svo kemur þetta 400 kr. skilyrði, skilyrði fyrir því að fá að bjarga sjer, fá að leita sjer atvinnu.

Allir játum vjer þó, að sú sannasta eign mannsins sjeu hæfilegleikar hans, bæði sálar og líkama atgjörvi hans. Vjer játum, að munurinn á vellíðan manna komi af mismun á hæfilegleikum þeirra og því, hvernig þeir nota þá. Þetta sýnir reynslan. Margir hafa byrjað með góðum efnum og samt orðið bjargþrota og öðrum til byrði. Aptur á hinn bóginn hafa margir byrjað með litlu, en komizt vel af, og enda getað liðsinnt öðrum. Jeg get ekki annað en minnt menn á það, að vjer, sem hjer sitjum til að gefa landinu lög, þurfum ekki að eiga eina einustu krónu skuldlausa, en frv. heimtar, að sá, sem gjörast vill þurrabúðarmaður, skuli eiga 400 kr. skuldlausar, ef hann á að fá að bjarga lífi sínu á þann hátt.

Svo jeg fari sem minnst út í einstakar gr. frv., skal jeg að eins geta þess, að 3. — 6. gr. gjöra enga verulega bót á því sem er. Þurrabúðir í flestum sjóplássum eru innan girðinga. Það er beinlínis til skaða fyrir jarðeigendur, að mega eigi byggja þær til skemmri tíma en 8 ára. Þurrabúðarmennirnir eru eigi ósvipaðir farfuglum; þeir drífa að úr sveitunum þegar vel árar við sjóinn, en hverfa svo

aptur frá honum þegar aflinn bregzt. Nú mun jeg snúa mjer að breyt.till. sjálfum. Eins og jeg áður tók fram eru í 1. gr. þeirra nauðsynleg ákvæði um það, hverjir sjeu þurrabúðarmenn. Þessi ákvæði standa hvergi í íslenzkum lögum og eru því nýmæli. Annar tölul. setur að eins það skilyrði fyrir þurrabúðarleyfi til eins árs, að sannanir fáist fyrir því, að eigi sjeu líkur til, að sá, er leyfis biður, verði hreppnum til þyngsla það ár. Þetta eru þau einu skynsamlegu skilyrði, sem sett verða. Ef maðurinn reynist reglusamur og duglegur, fær hann leyfi til að vera í þurrabúð bæði næsta ár og framvegis. En ef hann þar á móti er óreglusamur eða óduglegur, þá er innan handar að leyfa honum ekki að vera lengur í þurrabúð en eitt ár.

Í 3. tölul. eru að eins nákvæmari fyrirmæli um rannsókn og veitingu á þurrabúðarleyfinu.

Í 4. tölul., sem á að verða 4. gr., er ljóst tekið fram, að þurrabúðarleyfið gildi að eins um eitt ár. En þar er líka annað nýmæli, sem mjer þykir vanta í frv., það, að allir þeir þurrabúðarmenn, allur sá sægur, sem verða í þurrabúð, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skyldir að leita leyfis á ný, þó þeir hafi áður fengið það. Þetta eru mjög nauðsynleg ákvæði. Það hefur vantað lítið á, að hreppsnefndir hafi álitið, að sá, sem eitt sinn hefur fengið þurrabúðarleyfi, hafi rjett til að ílengjast innanhrepps svo lengi sem hann vill, jafnvel þangað til hann er orðinn sveitfastur. Þó hafa einstöku hreppsnefndir amast við þeim á 9. eða 10. ári frá því þeir komu í sveitina. Þá er í þessari gr. tiltekinn fardagur fyrir þurrabúðarmenn; virðist það bæði rjett og nauðsynlegt, svo þeir bæði viti hve lengi þeir mega vera og hvenær þeir eiga að flytja sig. Alstaðar þar sem jeg þekki til við sjó er þessi dagur, 12. maí, bezt til þess fallinn, því daginn áður eru lok vetrarvertíðarinnar.

Þá kemur sú gr., sem framsögum. (Þorl. Guðm.) minntist á, tilvonandi 5. gr., er bannar karli og konu þurrabúð ári lengur, ef þau eignast barn saman, utan þau giptist. «Hinc illæ lacrimæ»: hjeðan stafa þessi tár«. Þessi ákvæði vanta í lög vor, og þaðan stafa þau sveitarþyngsli, sem leiða af þurrabúðarfólki. Karl og kona hlaupa saman í þurrabúð til að losast við allar eða nærri allar skyldur við mannfjelagið. Þau lifa saman ógipt og geta börn í frillulífi. Þar af spillist siðferðið, þar af spillist heimilislífið og þar af koma sveitarþyngslin.

Þó ekkert annað væri nýtilegt í breyt. till. en þessi ákvæði í 5. gr., þá ætti að samþykkja þær, og reynslan mundi sýna, að það yrði til góðs. Hjer er ekki verið að tala um að drífa fólk í hjónaband með lögum, heldur er þetta til að banna þeim þurrabúð, utan þau giptist, sem barn hafa átt saman. Þau eiga margs úrkosti, þó þau ekki vilji giptast; þau geta farið að búa á jörð; lögin banna það ekki; þau geta farið í vinnumennsku og á ýmsan annan hátt lifað en í þurrabúð.

Í 6. gr. eru sömu ákvæði sem í eldri lögum. Á eptir orðunum: «Má og vísa honum burt með missiris fyrirvara», hefir af vangá fallið burt: «ef hann er utanhrepps». En jeg held þetta geti þó eigi misskilizt, því ef maðurinn er innanhrepps, kemur engum til hugar að vísa honum burt. Eptirfarandi gr. í breyt.till. eru líkar þeim lögum, sem nú eru í gildi, og 12. tölul. tekur fram, hverjar lagagr. falli úr gildi, þegar þessi lög ná staðfestingu. Jeg skal taka það fram, að jeg kom ekki með þessar breyt.till. í því skyni, að fella frv., því jeg vildi heldur að málið næði fram að ganga, ef það væri viðunanlega úr garði gert. En þó jeg vilji tala með allri kurteisi, þá held jeg, að till. mínar

sjeu byggðar á meiri kunnugleik en frv. Væri mjer og vorkunnarlaust, að bera betra skyn á þetta mál heldur en þeir, sem aldrei hafa verið við sjó. Jeg hef nú verið 20 ár prestur við sjó, og fengizt við sveitarstjórn þar sem verið hafa 2—3 hundruð af þurrabúðarmönnum. Jeg segi, að í mínum till. sje gengið full-langt, svo langt sem farið verður, án þess að ganga of nærri almennum mannrjettindum og atvinnufrelsi.

Jeg vona því að h. deild taki till. mínum vel, í þeirri von, að h. Ed. eigi finni ástæðu til að fella frumv. fyrir þeirra sakir.

ATKVÆÐAGR.:

1. breyt.till. felld með 13 : 5 atkv.
2. —— —— — 12 —

Hinar teknar aptur.

Frv. óbreytt samþ. með 13 : 5 atkv., og afgreitt til landsh. *sem lög frá alþingi.*

Frv. til laga um uppeldi óskilgetinna barna (427, 428); ein umr.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Nefnd sú, sem sett var í mál þetta hjer í deildini, hefir sent álit sitt, og þó að hún reyndar sakni einnar málsgreinar, sem að vísu átti betur við frv., eins og það var áður en h. efri deild fjekk það til meðferðar, þá ræður hún samt til, að samþykkja það, og vonar, að það verði til bóta.

ATKVÆÐAGR.: Frv. óbreytt samþ. með 21 samhljóða atkv., og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Tillaga til þingsályktunar um strandferðir (380, 388, 415); síðari umr.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Eins og h. þingd. sjer, er hjer fram komin breyt.till. frá fjárlaganefndinni við tillögu til þingsályktunar um strandferðir við Ísland; í þessari tillögu er ferðaáætluninni sleppt, en að eins tekin fram nokkur atriði, sem mestu þykja varða, og kemur þetta til af því, að uppástunga nefndarinnar um að gera ferðaáætlunina að skilyrði fyrir styrknum, mætti svo mikilli mótspyrnu hjá ýmsum hjer í deildinni, og sjerstaklega í efri deild; nefndin áleit því heppilegast, að skora á landsstjórnina, að útvega svo margar ferðir, sem auðið væri, fyrir fjeð, og enn fremur að þau skilyrði yrðu tekin fram, að fyrirvaranum »ef veður leyfir» verði sleppt, og að skip fari svo snemma sem hægt er hina fyrstu strandferð sína, því að eptir því sem kom fram við umræðurnar um þetta mál, er mönnum á Vesturlandi mjög umhugað um, að þetta síðara atriði verði tekið til greina; hið þriðja atriði í breytingartillögunni er einkar áríðandi, sem sje, að skipið komi í hinni síðustu ferð frá Reykjavík norður um land við á sem flestum stöðum, og fari alveg kring um landið, og svo vestur, áður en það yfirgefur land, svo að hægt verði fyrir Norðlendinga að senda vörur að haustinu til Reykjavíkur og jafnvel til Vestfjarða. Jeg vona, að þessi breyt.till. verði samþykkt, og fari svo, þá verður viðaukatillagan nr. 388 eigi tekin til greina.

Landshöfðingi: Mjer virðist þessi breytingartill. h. fjárlaganefndar við ferðaáætlun strandsiglingaskipanna vera til mikilla bóta, því, eins og jeg hefi áður sagt, álít jeg, að þingið vilji engar strandsiglingar hafa, ef það samþykkir að setja ferðaáætlunina sem skilyrði fyrir útborgun styrksins til þeirra. En að því er snertir 1. lið breytingartillögunnar, er jeg í nokkrum vafa um, hvort landsstjórnin muni geta fengið framgengt ákvæðum hans; raunar er hægt að sleppa fyrirvaranum með því að ákveða, að skipin eigi skuli koma á þær hafnir, sem viðsjárverðar þykja, en það hefir víst ekki verið meining nefndarinnar, og þykir mjer því ólíklegt, að

hægt sje að fá því framgengt, að ekki megi taka fyrirvara við neina höfn um veður og vind, því að sumar af þessum höfnum og sjerstaklega Skagaströnd hafa svo illt orð á sjer, að eigi er hægt að búast við, að útgerðarmenn strandferðaskipanna vilji skuldbinda skipstjóra sína til að fara þar inn, hvernig sem á stendur.

Við 2. tölul. hef jeg ekkert að athuga, en að því er snertir 3. tölul., skal jeg geta þess, að jeg fór þess á leit við stjórnina í fyrra, að hún fengi gufuskipafjelagið til að láta strandsiglingaskipið fara alla leið í kring um landið til Reykjavíkur í síðustu ferðinni, en fjelagið vildi ekki verða við þeim tilmælum stjórnarinnar, af því að þá væru svo margir farþegjar á skipinu til Kaupmannahafnar og mikið af vörum, og kaupmenn hefðu látið í ljósi, að sú tilhögun væri mjög óþægileg, bæði fyrir sig sem farþegja og vegna varanna, sem þeir opt væru búnir að lofa á markaðinn á ákveðnum tíma; enn verra ættu þó, eptir breyt.till., farþegjar að norðan, sem yrðu að flækjast til Reykjavíkur og svo þaðan til Vestfjarða, áður en þeir ljetu í haf. Jeg veit ekki, hvaða vöruflutninga nefndin meinar frá norður- og austurlandi til Vestfjarða; það getur auðvitað verið eitthvað, sem mjer er ókunnugt um; en væri septemberferðin notuð, eins og hægt er, þá mundi ef til vill. mega komast af með hana, þó að jeg reyndar ekki skuli dæma um það. Það sem jeg vildi sjerstaklega taka fram, er að eins þetta, að það hefir verið farið fram á þá tilhögun á ferðunum, sem jeg áður gat um, en fjelagið hefir eigi viljað sinna því.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Það er rjett, sem hæstv. landsh. tók fram, að það er alls ekki meining nefndarinnar að þeim stöðum sje sleppt, sem skipinu nú er ætlað að koma við á, »ef veður leyfir», en það er merkilegt, að þetta skilyrði skuli vera látið standa ár eptir ár við staði eins og t. d. Stykkishólm, þar sem skipið annaðhvort einu sinni eða aldrei hefir farið fram hjá, og í annan stað vil jeg geta þess, að þessi fyrirvari stóð fyrst ekki við Skagaströnd, heldur að eins við Djúpavog og Stykkishólm.

Hvað snertir síðustu ferðina, þá getur hún mikið ljett fyrir samgöngum, með því fyrirkomulagi, sem hjer er farið fram á; þannig á þá kaupafólk miklu hægra með að komast að norðan og austan, og sömuleiðis er miklu hægra að koma kjöti og tólg frá norður- og austurlandinu til Reykjavíkur og vesturlandsins, ef þessu verður þannig hagað; tólg er líka, eins og menn vita, stundum í helmingi hærra verði á Ísafirði en víðast annarstaðar; og þegar ferðirnar eru kostaðar af landsfje, þá ber að taka tillit til hagsmuna landsmanna bæði í þessu sem öðru; þetta verður miklu fleirum til gagns heldur en til óhagnaðar, ef það annars verður nokkrum til óhagnaðar; en það get jeg vel gengið inn á, að þetta sje ekki eins mikill hagur fyrir kaupmenn, eins og fyrir aðra landsmenn; og það sannar það, að sömu strandferðir eru ekki öllum hlutaðeigendum til jafnra nota.

Landshöfðingi: H. framsögum. (E. Br.) lagði áherzlu á þann hagnað, sem kaupamenn hefðu af þessu fyrirkomulagi, sem breyt.till. fer fram á, en hann hefir víst ekki gætt að því, að Laura kemur nú á Seyðisfjörð og þaðan hingað á leið sinni frá Kaupmannahöfn í október; á Seyðisfjörð kemur hún fáum dögum eptir það, að Thyra kemur þangað að norðan; þannig er auðvelt fyrir kaupamenn að komast að norðan með Thyru til Seyðisfjarðar og þaðan með Lauru hingað. Þetta er árangurinn af áskorun landsstjórnarinnar til gufuskipafjelagsins um eina ferð kring um landið í september; en við þeirri áskorun þóttist gufuskipafjelagið ekki geta orðið, eins og jeg tók fram áður, því bæði hefði það í þeirri ferð með marga farþegja frá Vesturlandi, sem ljetu mjög illa við

því, að fara til Reykjavíkur á leiðinni út, og svo gæti það orðið til þess, að vörur þær, er þeir sendu með skipinu, annaðhvort skemmdust eða að minnsta kosti kæmu ekki í tækan tíma til markaðarins í Kaupmannahöfn. Þetta yrði til því meiri óþæginda, ef skipið ætti ekki einasta að fara til Reykjavíkur aptur að austan, heldur til Vestfjarða, og svo til Kaupmannahafnar.

Stjórnin mun gera það sem hún getur til þess, að framfylgja tillögum alþingis, að svo miklu leyti sem hægt er; en jeg finn skyldu mína að taka það fram, að á þessu geti verið erfiðleikar; það er líka álitamál, hvort reyna skuli að fá sem flestar ferðir með líku fyrirkomulagi sem nú er, og leggja minni áherzlu á 1. og 3. tölulið í tillögum þessum, eða leggja mesta áherzlu á þessi atriði, og enn aptur minni áherzlu á það, hvort ferðirnar verða margar eða fáar; um þetta veit jeg ekki vilja manna enn þá; en það er auðvitað, að ef það fjelag, sem tekur að sjer ferðirnar, má haga ferðunum að mestu leyti eptir því, sem vænlegast er til að fá vöruflutninga og farþega, þá fást fleiri ferðir fyrir sama verð, og aptur, að ef stranglega skal fylgja þeim skilyrðum, sem sett eru í þessari breytingartillögu, þá verða ferðirnar færri. Þetta er ljóst; en það er spurning, hvort meira þykir áríðandi.

Sigurður Stefánsson: Að ví er snertir Vesturland, þá er þetta fyrirkomulag, sem bæði áætlunin og þessar breytingartillögur fara fram á, mjög nauðsynlegt, og greiðir mjög fyrir viðskiptum milli Norður- og Austurlands á aðra hliðina, og Vesturlands á hina; viðskipti Vestfirðinga við þessa landshluta eru mjög nauðsynleg, þar sem á Vesturlandi, einkum í Ísafjarðarsýslu, er mikil sjóvara, en aptur mjög lítið af landvöru, t. d. kjöti og tólg. En skipti á landvöru og sjóvöru milli þessara landsfjórðunga hafa hingað verið næsta torveld með því fyrirkomulagi, sem hingað til hefir verið á strandferðunum.

Ef 2. tillagan verður tekin til greina, þannig, að fyrsta strandferðin yrði t. d. í apríl, sem opt og tíðum, og það nú síðast í vetur, hefði verið miklu hentugra en í maí, þegar ísinn er kominn að landinu, þá þyrfti síður að leggja áherzlu á síðustu tillöguna eða ferðina til Vestfjarða á haustin, en annars er þessi haustferð til Vestfjarða mjög svo nauðsynleg, ef vorferðirnar byrja ekki fyr en vant er.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Það eru víst allir þakklátir landsstjórninni fyrir þá breytingu, sem gerð hefir verið á ferðum gufuskipanna í ár, þannig, að strandferðaskipið í október kemur við á Austfjörðum á leið sinni hingað til Rvíkur; en nefndin hjelt þó, að þetta væri ekki nægilegt til að ná hinum tilætlaða tilgangi, því vel getur skeð, að strandferðaskipið hindrist og tefjist á leiðinni, svo það ekki nái í skipið frá Kaupmannahöfn til þess að það geti tekið menn og vörur; en þetta lagast, ef til vill, með tímanum. Það gladdi mig og mjög mikið, að heyra, að landsstjórnin muni framvegis, að svo miklu leyti sem unnt er, fara eptir tillögum þingsins í þessu efni.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. fjárlaganefndarinnar samþ. í einu hljóði. Hin upphaflega tillaga og viðaukatillögurnar þar með fallnar. Málið sent Ed.

Till. til þingsályktunar um brúargjörð á Jökulsá í Axarfirði (397, 423); ein umr.

Flutningsmaður (Jón Jónsson): Eins og h. þingdm. sjá, eru komnar fram breytingartill. út af umræðunum um þetta mál í gær. Það var sjerstaklega tvennt, sem mjer virtist vera haft á móti tillögunni; annað það, að kostnaðurinn við að senda mann norður til að vinna svona lítið verk, yrði tiltölulega mikill, og hitt það, að

tíminn, sumarið 1888, væri ekki hentugur.

Breyt.till. á nú að koma í veg fyrir þetta hvorutveggja: fyrst með því að ákveða, að skoða skuli brúarstæði á fleiri stöðum í einu, og í öðru lagi með því, að ákveða ekki, hvenær skoðunin skuli fram fara. Flutningsmenn treystu því, að þetta verði gert svo fljótt, sem kostur er á.

Að því er snertir Lagarfljót, Jökulsá í Axarfirði, Hjeraðsvötnin í Skagafirði og Blöndu, þá eru þær allar á aðalpóstleiðum, og eru því þær ár, sem í framtíðinni er hugsað til að brúa, og það er sparnaður í því, að láta skoða þær allar í einu og gera áætlun um kostnaðinn. Jeg treysti því, að h. þingdm. taki vel og liðlega í þessa tillögu og gefi henni atkvæði sín.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg var einráðinn í að gefa tillögunni atkvæði mitt, eins og hún var fyrst; en þessi er svo víðtæk, að jeg held jeg geti ómögulega verið með henni.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. þriggja þingm. (423) samþ. með 14:6 atkv.

Breyttill. við fyrirsögnina samþ. án atkvæðagr.

Till. með áorðnum breytingum samþ. með 14:5 atkv., og afgr. til landshöfð.

Fertugasti og níundi fundur, miðvikudag 24. ágúst. á hádegi.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889 (424, 435, 442, 443); ein umr.

Forseti leitaði samþykkis deildarinnar um, hvort frv. og 2 þar að lútandi breytingartillögur mættu ræðast, sökum þess, að það eigi hafði legið frammi sinn lögskipaða tíma, og var það samþykkt í einu hljóði.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Eins og h. þingd. er kunnugt hefir frv. tekið allmiklum breytingum í Ed.; sumar af þeim hefir nefndin látið standa, en sumar hefir hún ráðizt í að breyta, því að hún hefir með engu móti getað fallizt á þær allar.

Við 10. gr. C. 4. hefir Ed. gjört stórmiklar breytingar, þar sem hún hefir fært styrkinn til eflingar búnaði niður um 5500 kr., nefnilega lækkað styrkinn til Hólaskóla um 1000 kr. og numið alveg burtu það fje, sem farið var fram á að veita sýslufjelögunum, en aptur á móti aukið styrkinn til búnaðarfjelaganna. Þessar breytingar gat nefndin eigi fallizt á, en hefir þó viljað koma til móts við h. Ed., bæði að því er snertir aðalupphæðina og með því að færa styrkinn til Hólaskóla að eins upp um 500 kr.; að vísu var 4000 kr. styrkur til skólans samþykktur hjer í deildinni, með miklum atkvæðafjölda, en nefndin áleit þó rjett vera að taka ekki til nema það minnsta, sem hugsanlegt væri að skólinn gæti komizt af með; að því er snertir styrkinn til sýslufjelaga, þá vill nefndin með engu móti, að hann sje alveg burt felldur, og þó að tekið hafi verið fram, að þessum styrk hafi opt verið illa varið, þá hefir honum aptur sumstaðar verið vel varið; nefndin hefir áður fært styrk þennan úr 10,000 kr. niður í 7000 kr., og nú færir hún hann enn á ný niður um 1000 kr., en vill ómögulega afnema hann, því að bæði getur vel verið, að hann komi að góðum notum, og svo getur mönnum orðið mikið mein að því, að þeim styrk sje sviplega kippt í burt, sem þeir hafa áður haft, og sem þeir hafa byggt upp á; hvað notin snertir, vil jeg minna menn á orð h. varaforseta (Þ. Böðv.) um daginn, að sýslunefndirnar þurfa að *læra* að nota svo fjeð, að það verði að gagni. Til búnaðarfjelaganna hefir nefndin ráðið til að leggja 6500 kr., nú 6000 kr., en heldur þó fastri uppástungu sinni um, að Eyðaskóli fái nokkuð af því fje, því, þó að sagt sje að skólinn sje í skæmu ástandi, þá hefir þó

þingið eigi fengið neinar beinar upplýsingar um það efni, og allt, sem um hann hefir verið sagt, er ósannað, svo að nefndin vill styðja að því, og treystir því, að hann fái þann styrk, sem hann, eptir frekari upplýsingum, sýnir sig maklegan til. Þá hefir Ed. gjört breytingu viðvíkjandi vegagjörðum, og finnur nefndin eigi ástæðu til að fara út í það atriði, en treystir því, að farið verði eptir því, sem fram hefir komið í umræðunum hjer í deildinni og í nefndaráliti Ed. Að því er snertir gufuskipaferðirnar, hefir orðið sú breyting í Ed., að athugasemdin, sem þar var, hefir verið felld burt, og hefir nefndin eigi fundið ástæðu til að breyta því, enda er það í samræmi við þá tillögu nefndarinnar, sem samþykkt var hjer í gær.

Við 11. gr. 1. stingur nefndin upp á breytingu, af sömu ástæðum og hún hefir áður tekið fram, og enn fremur hefir hún fellt burt styrkinn til verkfærakaupa við 2 f., sem Ed. hefir sett inn í frv.

Við 12. gr. hefir Ed. stungið upp á að veita 200 kr. á ári til aukapósts milli Saurbæjar og Skipaskaga, en nefndin hefir viljað leiða hjá sjer, að ákveða nokkrar nýjar ferðir, því að það er mjög örðugt að meta þess konar mál rjett, og vita, hvar nauðsynin sje mest, og mjög hætt við að menn þá geri sig seka í ójöfnuði við aðra, enda er nefndinni eigi kunnugt, að knýjandi nauðsyn sje til þessarar ferðar fremur öllum öðrum; nefndin hafði líka áður ráðið til, ef svo sýndist, að setja sjerstaka nefnd í þetta mál, þegar það var fyrir til umræðu hjer í deildinni, af því hún var þeirrar skoðunar, að það heyrði eigi undir sig og þyrfti mjög nákvæmrar yfirvegunar; en því var ekki sinnt.

Við 13. gr. B. 1. b. 4. hefir nefndin ráðið til, að sá 300 kr. styrkur, sem prestaskólinn hefir áður fengið til bókakaupa, væri látinn halda sjer; efri deild hefir minnkað styrkinn um 100 kr., en nefndinni finnst eigi ástæða til þess, þar sem hjer er um svo lítið fje að ræða; vísindaleg rit, sem eigi eru útbreidd, eru líka vanalega mjög dýr, og þegar þar við bætist bókband, sem kostar skólann talsvert fje, þá get jeg eigi sjeð, að 300 kr. sje of mikil upphæð; enn fremur virðist mjer ósamkvæmni, að minnka styrkinn til prestaskólans, þar sem styrkurinn til landsbókasafnsins hefir verið aukinn.

Við 13. gr. B. II. a. hefir nefndin fært niður launaupphæðina, eptir því sem áður hefir verið samþykkt hjer í deildinni.

Við 13. gr. III. c. 5. ræður nefndin til, að athugasemdin falli burt, því að það hefir enga þýðing fyrir landssjóð, hvort hann borgar þessum eða hinum fyrir tímakennsluna, og vilji hinir föstu kennarar leggja sjerstaklega á sig, til að auka tekjur sínar með tímakennslu við skólann, þá virðist nefndinni engin ástæða til að meina þeim það.

Hvað þessu næst snertir 13. gr. B. V. a. 1., styrkinn til kvennaskólanna, þá er þar gjörð veruleg breyting. Eins og sjá má af nefndarálitinu, vildi nefndin láta kvennaskólana yfir höfuð njóta sama styrks sem áður, en að veitt yrði fje til styrks námsmeyjum, þeim til ljettis, og því stakk nefndin upp á, að við kvennaskólann í Reykjavík væru beinlínis ölmusur, en á Ytriey og Laugalandi væri þessu hagað þannig, að helmingnum af styrknum væri skipt milli skólanna eptir tölu námsmeyjanna; þetta yrði hvöt fyrir skólana að uppörfa stúlkur til að sækja skólana, annaðhvort með beinlínis ölmusum, eða með því, sem þar kynni að þykja eiga eins vel við, að setja niður fæðispeningana. Þetta hefir h. Ed. skilið á nokkuð annan veg; í frv. er reyndar sama upphæðin og áður til kvennaskólanna, en af þessari upphæð skal verja $^1/_4$ til styrks handa námsmeyjum, svo skólarnir sjálfir hafa ekki nema $^3/_4$ parta sjer til viðhalds, af þeirri upp-

hæð, sem þeir áður hafa haft. Þetta þykir nefndinni of lítið, og þar sem skólarnir eru að mestu sniðnir eptir þeim styrk, sem þeir hafa haft og búizt við að hafa, þá getur þessi breyting, sem er svona stórvægileg, haft mjög miklar afleiðingar í för með sjer, og jafnvel getur orðið spurning um, hvort skólarnir geti haldið áfram. Þessu hefir nefndin því viljað breyta í þá átt, sem samþykkt hefir verið áður hjer í deildinni.

Styrkinn undir 13. gr. C. 3. hefir h. Ed. bæði viljað auka um 500 kr. og ákveða, hvað fjelagið skuli gefa út af bókum; þessu hvorutveggja hefir nefndin breytt í þá átt, sem samþykkt hefir verið hjer í deildinni áður. Sízt álítur nefndin þörf á að taka fram um Sýslumannaæfirnar, eptir að hún hefir heyrt þá yfirlýsing, sem hæstv. landsh. gaf þessu máli viðvíkjandi um daginn.

Hvað snertir viðbótina við 15. gr., þá er nefndin þar sömu skoðunar og áður, að ekki sje ástæða til að veita slíkan styrk.

Þá kemur 16. gr.; þar hefir h. Ed. bæði breytt sumum tölul., og við það hefir nefndin látið sitja, og líka hefir h. Ed. bætt við nokkrum tölul., sem nefndin hjer í deildinni ómögulega getur verið meðmælt.

Í 19. gr. frv. er, eins og sjá má, eyða; en nefndin fann eigi ástæðu til að koma með till. í þá átt, að fylla hana út, því þetta verður efalaust ekki síðasta umræða málsins.

Um hinar aðrar breyt.till., sem ekki hefir verið útbýtt fyr en nú á fundinum og sem nefndin því ekki hefir haft tækifæri til að kynna sjer, ætla jeg ekki að tala að svo stöddu.

Páll Briem: Jeg vil að eins gera stutta athugasemd út af breyt.till. þeirri, sem jeg hefi komið fram með; hún gengur út á það, að í fjárlögin sje sett einhver upphæð, sem gangi til kostnaðar við Fensmarksmálið; þetta er bæði afleiðing af atkvæðagreiðslunni í Ed. í gær, og í beztu samkvæmni við orð hæstv. landsh. í þessu máli hjer í deildinni, að þessi kostnaður yrði ekki skoðaður sem alþingiskostnaður, og því gætu forsetarnir eða forsetinn ekki ávísað honum.

Jónas Jónassen: Sú athugasemd, sem h. Ed. hefir bætt aptan við 13. gr. B. III. c. 5., þykir mjer nokkuð skrítin, og skil jeg ekki, að h. Nd. felli sig við hana. Jeg sje heldur ekki, hvað það kemur alþingi við, hverjir hafa tímakennslu á hendi við latínuskólann og fá borgun fyrir starfa sinn; slíkt heyrir undir rektor og stiptsyfirvöldin.

Jeg hefi hjer í höndum brjef frá forstöðumanni latínuskólans þessu máli viðvíkjandi, sem jeg, með leyfi h. forseta, skal lesa upp fyrir h. þingm.:

»Allan þann tíma, sem jeg hef verið við Reykjavíkur lærða skóla, nefnilega á tímabilinu 1854—1887, hefir það verið venja, að láta hina föstu kennara við skólann eigi hafa meira en 24 stundir um vikuna, til jafnaðar 4 stundir á dag. Með þessum 24 skyldustundum hefir eigi verið talin leiðrjetting á stílum eða öðrum ritgerðum skólapilta. Ef nú svo hefir á staðið, að hið safnaða stundatal í kennslugreinum kennarans hefir verið meir en 24 stundir á viku, hefir hann fengið fyrir ir aukastundirnar sömu borgun sem stundakennarar fá. Þannig hafði Björn kennari Jensson á síðasta skólaári 18 stundir í stærðfræði og 7 stundir í eðlisfræði, til samans 25 stundir. Hann fjekk því borgun fyrir eina aukastund á viku. Að taka eina stund annaðhvort af stærðfræðinni eða eðlisfræðinni, og láta stundakennara, sem eigi heyrði til föstu kennururunum, taka hana, var eigi ráðlegt, því að þar af gat orsakazt ósamkvæmni í kennslunni í þeirri kennslugrein.

Ef nú væri brugðið út af þeirri reglu, að láta hina föstu kennara hafa tiltekna tölu af skyldustundum á viku, gæti rektor

og stiptsyfirvöldin beitt gjörræði við kennarana, með því að setja upp á þá svo og svo margar stundir á viku, sem þeim þóknaðist. Slíkt fyrirkomulag tel jeg eigi æskilegt eða gagnlegt fyrir skólann.

Eg mælist því til, að úr fjárlögunum, (bls. 445) verði burtnumin orðin: »Af þessu fje (þ: tímakennslufjenu) má engu verja til aukaborgunar til hinna föstu kennara«.

Eg skal að öðru leyti geta þess, að jeg hefi á hinum seinni árum gert mjer það að reglu, að láta eigi hina föstu kennara hafa aukakennslu í neinni heilli kennslugrein.

Reykjavíkur lærða skóla
24. ágúst 1887.
Virðingarfyllst
Jón Þorkelsson.

Til alþingis«.

Jeg vona, að h. þingd. taki þessar bendingar rektors til greina; hann er sá, sem bezt hefir vit á, hvernig tímakennslunni skal haga. Jeg tek það upp aptur, að það væri mjög svo undarlegt, ef deildin færi að skipta sjer nokkurn hlut af tímakennslunni í lærða skólanum.

Grímur Thomsen: Jeg ætla ekki að tala um mörg atriði, en að eins sjerstaklega minnast á tvennt, er mjer þykir miklu skipta.

Annað þeirra er breyt.till. nefndarinnar við 13. gr. C. 3., að færa niður styrkinn til Bókmenntafjelagsins og fella burt þar tilheyrandi athugasemd. Hitt er breyt.till. við 16. gr. 8. tölulið. Vill nefndin fella hann niður.

Þessar breyt.till. virðast undarlegar, þegar þær eru bornar saman við það, að í gær var í sameinuðu þingi kosin nefnd til að dæma um sögulegar ritgerðir, og framsögum. fjárlaganefndarinnar var einn, er kosningu hlaut. Það virðist því undarlegt, ef þm. nú í dag vilja byrgja 2 brunna, sem hafa að geyma mikinn sögulegan fróðleik.

Alþt. B. 1887.

Sýslumannaæfirnar eru þýðingarmikill partur af sögu landsins, en útkomu þeirra er eigi borgið, ef breyt.till. nefndarinnar er samþ.

Sögu landsins er eigi vel borgið, ef ekki er veitt fje til að semja skrá yfir skjöl stiptamtsins. Það hefir að geyma fjölda mörg gullkorn til sögu 18. aldar. Þar munu vera mörg skjöl, er skýra frá viðureign Odds Sigurðssonar við Jón sál. Vídalín, viðskiptum Odds Sigurðssonar og Gyldenlöves, og margt fleira. Þar munu og vera mörg gömul skjöl, jafnvel frá 14. öld.

Hvað Sýslumannaæfirnar snertir, mun það eiga að vera nokkur huggun, sem landsh. áður hefir sagt hjer í deildinni, að Bókmenntafjelagið hafi skuldbundið sig til að gefa út Sýslumannaæfirnar svo fljótt, sem nóg handrit sje til í eitt hepti. En jeg álít þó hyggilegra, að láta athugasemdina standa, því þá kynni meira að koma út, ef tilbúið yrði.

Höfundur Sýslumannaæfanna hefir sagt mjer, að eigi væri meira en 1/4 af þeim komið út enn þá.

Jeg skil ekki í, að fjárlaganefndin skuli eigi vera mjer samdóma og samtaka í því, að stuðla til að efla þekking í sögu landsins með því, að veita þetta fje. Og sízt skil jeg í, að h. framsögum. (E. Br.) skuli vera mjer mótfallinn í þessu; það er ekki honum líkt, heldur er það miklu svipaðra einhverjum utanþings Midíanítum og Móabítum.

Það er ekki einungis rjett, heldur er það bein skylda þingsins, að styðja sögubókmenntir vorar. Jeg get eigi ætlað annað en að h. þingd. verði á mínu máli um það, að greiða beri fyrir útgáfu sögulegra heimildarrita (kildeskrifter). Jeg hefi nú tekið fram þau atriði, sem mjer helzt lágu á hjarta, og mun svo eigi fara fleiri orðum um þetta mál.

Framsögumaður (Eiríkur Briem):

Út af orðum h. þm. Borgf. (Gr. Th.) skal jeg taka það fram, að jeg vil gjarnan styrkja allt það, er miðar til að efla sæmd landsins og sagnafróðleik; en nú sem stendur eru þarfirnar margar og milli margra að skipta, en fjárhagurinn ekki blómlegur, eins og kunnugt er. Verður því að fara eptir efnum landssjóðs, en ekki eptir því sem æskilegt væri. Þm.(Gr. Th.) hættir jafnan við að sláút í aðra sálma, og svo var nú. Nefndin, sem kosin var í gær, stendur ekki í neinu sambandi við fjárlögin, enda á hún að dæma um fleiri rit en þau, sem eru sögulegs efnis. Það er auðvitað, að nauðsynlegt er að semja skrá yfir skjalasafn stiptamtsins, og vel má vera, að það innihaldi jafn mikilvægar upplýsingar við sögu landsins, eins og h. þm. Borgf. (Gr. Th.) sagði; mjer er ókunnugt um það. En það sem mest ríður á, verður samt að ganga fyrir. Og það er margt, sem álíta má meira áríðandi að þessu sinni, en þessi skjalasafnsskrá.

Landshöfðingi: Það eru fram komnar allmargar breytingartillögur, alls 25, frá h. nefnd og fleirum, við þetta frumv., svo það lítur svo út, sem það sje ekki búið að ganga allan sinn feril gegnum þingið enn. Jeg skal samt geta þess, að um margar af þessum breytingartill. er það ekkert kappsmál fyrir stjórnina, hvort þær verða samþykktar eða ekki, en það, sem gerir þær einkum óskyggilegar frá mínu sjónarmiði, er það, að þingtíminn er þegar á enda. Það er einungis dagurinn í dag og dagurinn á morgun, sem um er gera, og er lítið útlit fyrir, að málið nái fram að ganga á þessum tíma.

Þegar jeg þá sný mjer að breyt.till., þá skal jeg geta þess, að frá stjórnarinnar hálfu hefir það ekki svo mikla þýðingu, hver skiptir styrknum til eflingar búnaði. Nefndin hefir fært styrkinn undir 10. gr. C. 4. c. niður um 3000 kr., og er það heppilegur sparnaður, ef ekki væri jafnframt bætt við nýjum staflið, en jeg álít, að spara hefði mátt enn meira á þessum tölulið. Þegar Ed. felldi staflið »d« burtu, þá var það af því, að það var ekki álitið heppilegt, að skipta styrknum til sýslufjelaga og bæjarfjelaga að nokkru leyti eptir fólksfjölda. Jeg veit ekki, hvort það hefir verið meining nefndarinnar hjer, að styrkurinn gengi til sýslufjelaga að eins. (*Framsögumaður:* Það var meiningin, en jeg gætti ekki að að taka það fram). Þegar það er, og ekkert á að ganga til bæjarfjelaga, þá þarf heldur ekki að miða styrkinn neitt við fólksfjölda. Fólksfjöldinu þarf þá ekki að koma til skoðunar, heldur að eins tala jarðarhundraða og lausafjárhundraða.

6. breyt.till. nefndarinnar, við 11. gr. 1., fer í þá stefnu, sem jeg talaði á móti við 2. umr. hjer í deildinni, sem er, að taka af landlæknum þá launaviðbót, sem honum var veitt í seinustu fjárlögum, fyrir árin 1886 og 1887.

Jeg efast um, að nefndin hafi gert sjer ljóst, hver útlát þessi sparnaður muni hafa í för með sjer fyrir landssjóð. Það fje, sem landlæknirinn mundi afsala sjer, ef hann fengi þessa launaviðbót, er ekki minna, en það, sem hjer í frumv. er farið fram á að veita honum. Að vísu er það nokkuð undir því komið, hvernig mál það fer, sem hann er í við landssjóð; en jeg álít það vel aðgengilegt fyrir alla hlutaðeigendur, að samþykkja frumv. í þessu atriði, eins og h. Ed. hefir gengið frá því.

Sumar breytingartill. nefndarinnar eru að mínu áliti til bóta, svo sem við 11. gr. 2. f. og sömuleiðis 13. gr. B. I. b. 4.

Um breytingartill. við 13. gr. B. II. a. er sama að segja eins og það, sem jeg tók fram um breytinguna á 11. gr. Jeg get heldur ekki fallizt á, að læknaskólakennarinn sje sviptur þeirri launabót, sem honum hefir verið veitt. Með því, að veita fjeð einu sinni, hefir þingið gefið honum von um að mega halda því framvegis, og

því vildi h. Ed. heldur eigi svipta hann þessari launaviðbót.

Að því er snertir 18. tölul. í breyt.till. nefndarinnar, þá hafa hæði h. þm. Borgf. (Gr. Th.) og h. framsögum. (E. Br.) talað um hann, og skal jeg geta þess, að jeg get verið samdóma h. þm. Borgf. (Gr. Th.) um, að rjett sje að veita Bókmenntafjelaginu styrk, einmitt til að gefa út »Sýslumannaæfir«; en þá þyrfti að orða greinina á þessa leið: »Til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags 1500 kr.; þar af 500 kr. til að gefa út Sýslumannaæfir«. En eins og athugasemdin er orðuð í frumv. Ed., er í rauninni engin fjárveiting ætluð til að gefa út »Sýslumannaæfir«. Það er einungis verið að tryggja það, að því fje, sem veitt var í þessu skyni á síðustu fjárlögum, og sem hefir verið borgað út til fjelagsins, verði varið til þess, sem það var upphaflega veitt. Í frumv. Ed. stendur nefnilega: »Þar af 500 kr. hvort árið til að gefa út Sýslumannaæfir; þessi hluti styrksins útborgast því að eins, að 500 kr. af styrk fyrirfarandi fjárhagstímabils hvort árið hafi eigi verið útborgað eða verði endurborgað«. Nú hefir þessi styrkur einmitt verið útborgaður með því skilyrði, að fjelagið gefi út hepti af »Sýslumannaæfum« fyrir þennan styrk, og því fellur þessi styrkur, sem hjer er veittur, um sjálfan sig.

Jeg er fullkomlega samdóma því, sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) talaði um 8. tölul. 16. gr., því jeg álít það mjög þarflegt fyrir sögu landsins, að samin sje skrá yfir skjalasafn stiptamtsins, því til þess að greiður aðgangur geti verið að þeim fróðleik, sem safnið felur í sjer, þarf að vera til skrá yfir það. Auk þess, sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) nefndi að væri fræðandi í þessu safni, skal jeg benda á, að þar er að finna margt fróðlegt um hinar svokölluðu »Innrjettingar«, sem hlýtur að vera merkilegt fyrir sögu landsins.

Um 7. tölul. 16. gr. skal jeg taka það fram, að jeg álít það líka mjög gagnlegt, að samið sje registur yfir afsals- og veðmálabækur Reykjavíkurkaupstaðar. Þetta verk er eigi unnið í þarfir Reykjavíkur einnar, heldur landsins alls. Það er ekki mögulegt fyrir bæjarfógetann að geta gefið full-trygg veðmálabókar-vottorð, eins og nú stendur. Það, sem beðið er um í þessu skyni, er ekki mikið fje, enda tel jeg sjálfsagt, að bæjarfógetinn hlyti að borga nokkuð úr sínum eigin vasa til þessa verks, en það getur hann þó eigi verið skyldugur til. Registrið hefir ekki verið í reglu síðan 1850, að veitt var fje til þess að færa það í lag. Bæjarfógetarnir hafa síðan eigi álitið sjer skylt að semja þetta registur, því þeir munu hafa álitið, að landið ætti að kosta það. Það er því auðsjáanlegt, að sú skylda getur ekki hvílt á hinum núverandi bæjarfógeta, að semja registur fyrir þann tíma, sem liðinn er.

Að því er snertir 19. gr., álít jeg rjettast, að forsetunum sje falið að bæta inn í hana þeim frumv., sem þingið samþykkir og áhrif hafa á fjárhaginn. Þetta geta forsetarnir eins eptir að búið er að samþykkja frumv. í deildunum.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Viðvíkjandi orðum hæstv. landshöfðingja um 7. tölul. 16. gr. skal jeg geta þess, að það kom til orða í nefndinni, að það væri sjálfsagt nauðsynlegt, að semja þetta registur, en nefndinni var ekki kunnugt um, hvort það heyrði landssjóði til að borga þetta starf; í annan stað get jeg ekki álitið, að það sje svo sjerlega brýn nauðsyn að framkvæma þetta verk nú, að það megi ekki eins vel dragast til næsta þings.

Jeg hefi svo ekki meira að segja, en það, sem jeg áður hefi tekið fram.

ATKVÆÐAGR.:

1. Breyt.till. P. Br. samþ. með 19 atkv.
2. — — nefnd. við 10. gr. C. 4. b. samþ. með 15 atkv. gegn 7, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Árni Jónsson	Jón Þórarinsson
Ben. Sveinsson	Páll Ólafsson
Eir. Briem	Gr. Thomsen
Gunnar Halldórsson	Ólafur Pálsson
Jón Jónsson	Sig. Jensson
Jónas Jónassen	Sveinn Eiríksson
Lárus Halldórsson	Þorvarður Kjerúlf.
Ólafur Briem	
Páll Briem	
Sig. Stefánson	
Þórarinn Böðvarsson	
Þorl. Guðmundsson	
Þorleifur Jónsson	
Þorst. Jónsson	
Þorv. Bjarnarson.	

3. Breyt.till. N. nið 10. gr. C. 4. c. samþ, með 13 atkv. gegn 1.
4. Breyt.till. N. við 10. gr. C. 4. c. samþ.
5. — — — — 10. gr. C. 4. d. — með 14 atkv.
6. Breyt.till. N. við 11. gr. 1. samþ. með 14 atkv. gegn 8, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson.	Jón Þórarinsson.
Árni Jónsson.	Benedikt Sveinsson.
Gunnar Halldórsson.	Grímur Thomsen.
Jón Jónsson.	Jónas Jónassen.
Ólafur Briem.	Lárus Halldórsson.
Páll Briem.	Ólafur Pálsson.
Sigurður Jensson.	Þorsteinn Jónsson.
Sigurður Stefánsson.	Þorv. Kjerulf.
Sveinn Eiríksson.	
Þórarinn Böðvarsson.	
Þorl. Guðmundsson.	
Þorleifur Jónsson.	

Eiríkur Briem og Þorvaldur Bjarnarson greiddu ekki atkvæði, og voru því taldir með meiri hlutanum.

7. Breyt.till. N. við athugas. 11. gr. 1. þar með samþ.
8. Breyt.till. N. við 11. gr. 2. f. samþ. með 13 atkv.
9. Breyt.till. N. við 12. gr. 2. samþ. með 15 atkv.
10. Breyt.till. N. við athugas. 12. gr. þar með samþykkt.
11. Breyt.till. N. við 13. gr. B. I. b. 4. felld með 13 atkv. gegn 9, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Jón Þórarinsson,	Páll Ólafsson,
Árni Jónsson,	Benedikt Sveinsson,
Eiríkur Briem,	Grímur Thomsen,
Jónas Jónassen,	Gunnar Halldórsson,
Páll Briem,	Jón Jónsson,
Sigurður Stefánsson,	Lárus Halldórsson,
Þórarinn Böðvarsson,	Ólafur Briem,
Þorl. Guðmundsson,	Ólafur Pálsson,
Þorleifur Jónsson.	Sigurður Jensson,
	Sveinn Eiríksson,
	Þorsteinn Jónsson,
	Þorvaldur Bjarnarson
	Þorvarður Kjerúlf.

12. Breyt.till. N. við 13. gr. B. II. a. samþ. með 13 atkv. gegn 9, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Páll Olafsson,	Jón Þórarinsson,
Gunnar Halldórsson,	Benidikt Sveinsson,
Jón Jónsson.	Grímur Thomsen,
Ólafur Briem,	Jónas Jónassen.
Sigurður Jensson,	Lárus Halldórsson,
Sigurður Stefánsson,	Ólafur Pálsson,
Sveinn Eiríksson.	Þórarinn Böðvarsson,
Þorl. Guðmundsson,	Þorsteinn Jónsson,
Þorleifur Jónsson,	Þorvarður Kjerulf.
Árni Jónsson,	
Páll Briem.	

Eiríkur Briem og Þorvaldur Bjarnarson greiddu eigi atkv., og voru því taldir með meiri hlutanum.

13. Breyt.till. N. við 13. gr. B. III. c. 5. samþ. með 15 atkv.

14. Breyt.till. N. við 13. gr. B. V. a. 1. samþ. með 14 atkr.

15. Breyt.till. N. við 13. gr. B. V. a. 2., 3. og 4. samþ. með 19 atkv. gegn 3, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Jón Þórarinsson,	Benidikt Sveinsson,
Páll Ólafsson,	Sigurður Jensson,
Árni Jónsson,	Sveinn Eiríksson.
Eiríkur Briem,	
Grímur Thomsen,	
Gunnar Halldórsson,	
Jón Jónsson,	
Jónas Jónassen,	
Lárus Halldórsson,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Pálsson,	
Páll Briem,	
Sigurður Stefánsson,	
Þórarinn Böðvarsson,	
Þorlákur Guðmundsson,	
Þorleifur Jónsson,	
Þorsteinn Jónsson,	
Þorvaldur Bjarnarson,	
Þorvarður Kjerúlf.	

16. Breyt.till. N. við 13. gr. C. 3. samþ. með 17 atkv.

17. Breyt.till. N. við athugas. 15. gr. samþ. með 15 atkv.

18. Breyt.till. N. við 15. gr. samþ. með 13 atkv.

19. Breyt.till. 3 þingm. við 16. gr. 6. felld með 13 atkv. gegn 6.

20. Breyt.till. N. við 16. gr. 6. samþ. með 21 atkv. gegn 1, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Jón Þórarinsson,	Benidikt Sveinsson.
Páll Ólafsson,	
Árni Jónsson,	
Eiríkur Briem,	
Grímur Thomsen,	
Gunnar Halldórsson,	
Jón Jónsson,	
Jónas Jónassen,	
Lárus Halldórsson,	

já

Ólafur Briem,
Ólafur Pálsson,
Páll Briem,
Sigurður Jensson,
Sigurður Stefánsson,
Sveinn Eiríksson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorleifur Jónsson,
Þorvaldur Bjarnarson,
Þorvarður Kjerúlf.

Þorsteinn Jónsson greiddi eigi atkvæði, og var því talinn með meiri hlutanum.

21. Breyt.till. N. við 16. gr. 7. samþ. með 18 atkv. gegn 4, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Páll Olafsson	Jón Þórarinsson
Árni Jónsson	Benidikt Sveinsson
Eiríkur Briem	Páll Briem
Grímur Thomsen	Þorsteinn Jónsson
Gunnar Halldórsson	
Jón Jónsson	
Jónas Jónassen	
Lárus Halldórsson	
Ólafur Briem	
Ólafur Pálsson	
Sigurður Jensson	
Sigurður Stefánsson	
Sveinn Eiríksson	
Þórarinn Böðvarsson	
Þorl. Guðmundsson	
Þorleifur Jónsson	
Þorv. Bjarnarson	
Þorvarður Kjerulf.	

22. Breyt.till. N. við 16. gr. 8. samþ. með 13 atkv. gegn 9, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Jón Þórarinsson	Benidikt Sveinsson
Páll Ólafsson	Grímur Thomsen
Árni Jónsson	Jón Jónsson
Eiríkur Briem	Jónas Jónassen
Gunnar Halldórsson	Páll Briem
Lárus Halldórsson	Þórarinn Böðvarsson

já:	*nei:*
Ólafur Briem	Þorleifur Jónsson
Ólafur Pálsson	Þorsteinn Jónsson
Sigurður Jensson	Þorvarður Kjerúlf.
Sigurður Stefánsson	
Sveinn Eiríksson	
Þorlákur Guðmundss	
Þorvaldur Bjarnarson.	

Frumv. með áorðnum breytingum samþ. í einu hljóði, og endursent Ed.

Forseti: Fjárlögin hafa nú tekið þeim breytingum frá því þau komu úr Ed., að telja má víst, að þau hljóti að koma til sameinaðs þings. En þingtíminn er þegar liðinn, að eins einn dagur eptir. Er því ekki sjáanlegt, að fjárlögin verði búin á þeim tíma.

Jeg vil því biðja hæstv. landsh. að lengja þingið um einn dag, ef hann hefir vald til þess.

Landshöfðingi: Mjer er kunnugt, að forseti Ed. ætlar að taka fjárlögin á dagskrá á morgun; geta þau þannig komið í sameinað þing á föstudaginn.

Jeg hefi reyndar engan beinlínis myndugleika til að lengja þingið meira en komið er, en í von um samþykki hans hátignar konungsins, skal jeg þó lengja það um einn dag, eins og forseti bað um.

Fimmtugasti fundur, miðvikudag 24. ág., kl. 5 e. m.

Tillaga til þingsál. í Fensmarksmálinu (440); hvernig ræða skuli.

Forseti: Það er einkennilegt við formið á þessu máli, að tillaga í því var samþ. hjer í deildinni og send Ed. Nú hefir h. Ed. breytt tillögunni og sent hana hingað aptur. Tillagan kemur þannig ekki í sem heppilegustu formi hingað til deildarinnar, og vil jeg því skjóta því til atkvæða h. þingdeildar, hvort hún vilji ekki gera þessa þingsályktunartill., sem komin er frá Ed., að sinni tillögu.

ATKVÆÐAGR.: Þetta samþykkti deildin í e. hlj.

Því næst var samþ., að hafa eina umr. um þingsál.till.

Fimmtugasti og fyrsti fundur, fimmtudag 25. ág., á hád.

Till. til þingsályktunar í Fensmarksmálinu (440); ein umr.

Páll Briem: Það hefir verið talað svo mikið um þessa tillögu í þessari deild, að jeg finn ekki ástæðu til að fara nú um hana mörgum. Að eins skal jeg geta þess, að h. Ed. hefir gert á henni nokkrar breytingu; en jeg álít tillöguna þó vel viðunandi, eins og hún er nú.

Jeg óska svo, að þessi tillaga verði samþykkt.

ATKVÆÐAGR.:
1. liður samþ. með 20 samhlj. atkv.
2. — — — 20 — —
Till. í heild sinni
samþ. með 20 — —
og afgreidd síðan til landsh. sem *þingsályktun frá báðum deildum alþingis.*

Fimmtugasti og annar fundur (síðasti fundur), föstudag 26. ág., kl. 11 f. h.

Frumv. til laga um búnaðarkennslustofnanir (445, 447, 449); ein umr.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Jeg vil að eins gera stutta athugasemd.

Jeg sje, að hjer eru fram komnar viðaukatillögur (449) við frumv., og getur mig eigi annað en furðað á því, að þær skuli koma á þessu stigi málsins. En án þess að fara að ræða um þessar tillögur, skal jeg að eins geta þess, að jeg álít málinu

gjöreytt á þessu þingi, ef þær verða sampykktar.

H. Ed. hefir auðsjáanlega kannazt við aðalhugsun þá, sem fólgin er í þessu frumv., og get jeg ekki skilið breytingar hennar á frumv. öðruvísi en svo, að þær hvíli á aðal-»principi« laganna, og get því ekki annað en ráðið h. þingd. til að sampykkja frumv. óbreytt, eins og það kom frá h. Ed.

Aðal-hugsun þessa máls er sú, að sýslunefndirnar geti sameinað krapta sína og komið miklu og verulegu til leiðar í búnaðarlegu tilliti. Þessu er öllu vel borgið með frumv. h. Ed., og álít jeg því, að viðaukatill. sje ekki nauðsynleg, enda ekki tími til að sampykkja hana. Vona jeg því og treysti, að þingdeildin taki vel í þetta mál, sem byggt er á sjálfsstjórn og sjálfsábyrgð sýslufjelaganna; sjerstaklega þar sem með þessu er stigið verulegt stig í verklegri búnaðarkennslu.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um málið, en vona, að þeir, sem hingað til hafa verið þessu máli hlynntir, greiði nú atkvæði sín með því við þessa síðustu umræðu á þessu þingi.

Sigurður Stefánsson: Það má segja, að þessi breytingar- og viðaukatillaga komi á elleftu stundu, og jeg álít betra að ganga hreinskilnislega milli bols og höfuðs á frv., en að fara svona að.

Mjer heyrðist vera sagt í h. Ed., að það hefði verið lítið rætt um þetta mál hjer í deildinni, og vildi jeg því ekki skiljast svo við það, að jeg lýsti ekki skoðun minni á því, og gerði grein fyrir atkvæði mínu. Vil jeg þá einkum drepa á mótbárur, sem jeg hefi heyrt menn bera fram, sjer í lagi utan þings, móti málinu.

Aðalmótbáran er sú, að frv. þetta mundi leiða til þess, að sýslunefndirnar mundu stofna eintóma holu-búnaðarskóla, eða smáskóla. Jeg fyrir mitt leyti get nú ekki borið svo lítið traust til sýslunefnda, að jeg geti látið mjer detta í hug, að þær fari að stofna skóla hver í sínu sýslufjelagi, þó þær fái 500 eða 600 kr. til umráða. Þær mundu verða færri, og jeg vil segja engin, sem leiddist út í þá freistni, að fara að stofna slíka smáskóla. En með þessu frumv. er sýslunefndunum einmitt gefin hvöt til að sameina sig hver við aðra og fleiri saman. Þó sýslunefndirnar fari að stofna skóla hver út af fyrir sig, þá má segja, að þær renni blint í sjóinn með það, því þær eiga ekki von á neinum vissum styrk. Annað mál væri, ef þær ætti vísan einhvern mikinn styrk úr landssjóði. En þetta frumv. gefur engri einstakri sýslunefnd von um neinn ríflegan styrk, og gefur því heldur eigi neina ástæðu til að stofna marga smáskóla. En því fleiri sýslufjelög, sem af frjálsum vilja sameina krapta sína til að koma á fót þessum stofnunum, því meiri styrk eiga þau vísan eptir þessu frumvarpi. Jeg get ekki borið svo lítið traust til hjeraðastjórnarinnar í landinu, að hún leggi út í tóma vitleysu, undir eins og þingið hefir ákveðið vissa upphæð til þessa augnamiðs, því þegar menn hugsa eptir því, að þeir búnaðarskólar, sem vjer höfum, hafa ekki getað prifizt, þótt þeir sjeu stofnaðir af opinberu fje, og fái árlega ríflegan styrk, þá geta menn fljótt sjeð, að það er óhugsandi, að leggja út í að stofna skóla fyrir nokkur hundruð krónur. Það er því alveg ástæðulaust, þegar sumir ætla, að þetta frumv. muni verða þeim búnaðarskólum, sem vjer höfum, að bana. Þvert á móti miðar það til þess að halda þeim við og koma nokkrum nýjum á fót. En það er satt, að verði það að lögum, þá er óhægra á hverju þingi að skattskylda allt landið undir ónýta búnaðarskóla, með afarháum fjárframlögum. Jeg get að minnsta kosti ekki borið það vantraust til sýslufjelaganna í mínu amti, að þau mundu vilja hætta við þann búnaðarskóla, sem þar er. Þvert á móti mundu þau slá sje saman um hann og manninn, sem nú stýrir skólanum. *(Forseti:* Þing-

maðurinn er of langorður. Það tjáir eigi að fara að halda langar ræður nú, þegar þingtíminn er orðinn svo naumur). Jeg vona að jeg haldi mjer við efni málsins, svo eigi sje ástæða til að taka fram í ræðu mína.

Jeg ætlaði að segja, að þó vjer að eins hefðum stutta reynslu fyrir oss, þá væri það búið að sýna sig, að þessi opinberi búskapur fer ekki sem bezt úr hendi. Þar vantar alla »privat-interesse«. Þess vegna álít jeg heppilegra, að einstakir menn taki þátt bæði í átata skólanna og skaða.

Jeg ætla þá ekki að tala lengra, úr því forseti leyfir sjer að taka orðið í þessu máli af þingmönnum.

Þorleifur Jónsson: Þegar mál þetta var hjer til umræðu um daginn, greiddi jeg atkvæði á móti því, og eins mun jeg gera enn.

Jeg get vel verið með því, að veita þessa summu, 20,000 kr., til búnaðarfræðslu; en jeg vil fá að vita, hvernig á að verja þessu fje. Jeg vil ekki, að því sje fleygt út í bláinn. Eins og nú stendur á, eru yfir 20 sýslufjelög í landinu, eða, þegar búið er að skipta Barðastrandarsýslu, eins og samþykkt hefir verið nú á þinginu, í tvö sýslufjelög, þá eru þau 21, og geta þá orðið 21 búnaðarskóli í landinu

Þegar nú allir þessir skólar eiga að stofnast og lifa af einum 20 þúsund kr., þá er ekki hugsandi, að neinn kraptur geti orðið í neinum þeirra. Það var öðru máli að gegna, meðan frv. var eins og það var samþykkt hjer í deildinni; þá var það minnst tvö sýslufjelög, sem gátu verið um eina búnaðarkennslustofnun, og til þess að koma frv. í sama horfið aptur, miðar þessi breytingartillaga, sem fram er komin. H. þm. Ísf. sagði, að hún kæmi á elleftu stundu, en jeg bið hann að gæta að því, að hún gat ómögulega komið fyr. Frv., eins og það varð hjá Ed., kemur fyrst til umræðu hjer í deildinni í dag. H. sami þm. kvaðst eigi bera það vantraust til sýslufjelaganna, að þau mundu stofna eintóma smáskóla; en ef það er víst, hvers vegna má þá ekki setja þessi ákvæði í lögin, sem miða til að tryggja þetta? H. þm. minntist á þá reynslu, sem við höfðum fengið af þeim búnaðarskólum, sem við höfðum, og vildi með því styðja skoðun sína í þessu máli, en jeg dreg gagnstæða skoðun út af þessari reynslu, því það hefir sýnt sig, að hvorugur skólinn, hvorki sá í Ólafsdal eða á Hólum, hefir getað staðizt nema með miklum styrk. Ef vjer nú fengjum 21 skóla, sem hver fengi 1 þúsund króna styrk, þá er það auðsjeð, að ekki getur orðið mikill kraptur í slíkum skólum.

Jeg vona, að h. þingdm. sjái, að það er ekki hyggilegt, að láta frv. fara svona frá þinginu, og að þeir því verði mjer samdóma um, að rjett sje að fella það.

Páll Briem: H. 2. þm. Húnv. (Þorl. J.) hefir nú tekið fram það sem þurfti, viðvíkjandi orðum h. þm. Ísf. (S. St.), en jeg vil samt fara fáum orðum um málið, af því það hefir lítið verið talað um það áður.

Það voru ýmsir, sem geymdu sjer að tala um það til 3. umr., en þá fórst það fyrir að ræða um málið, af sjerstökum orsökum. Mjer þótti það undarlegt, að h. þm. Isf. skyldi vera svo fastur á því, að sýslufjelögin gætu fengið til umráða 20 þús. kr. árlega úr landssjóði; mjer hefir þó ekki heyrzt betur, en að menn, bæði hjer og í Ed., hafi hafið miklar mótbárur móti því, að láta sýslunefndirnar eptirleiðis ráða yfir styrknum til eflingar búnaði. Jeg get því ekki annað en furðað mig á því, að sömu mennirnir skuli nú vilja leggja undir þeirra umráð 20 þús. kr. á ári.

Þetta góða traust h. þm. Ísf. kemur í bága við það traust, sem hann ljet í ljósi á sýslunefndum og hjeraðsstjórn yfir höfuð, þegar ræða var um aðgjörðir atvinnuveganefndarinnar í heyásetningamálinu. H. þm. Ísf. sagði, að með þessu frv. væri

sýslunefndunum gefin hin bezta hvöt til að sameina krapta sína, en þessa þarf ekki, því þingið sjálft hefir það í sínu valdi, að sameina kraptana og með því að auka fjárframlag til búnaðarskóla. Þetta er þvert á móti til þess, að sundra kröptunum, og gefa sýslunefndum tækifæri til að stofna fleiri skóla og lakari. Með þessu er sýslunefndum gefið meðal til að stofna 21 smáskóla, sem svo óðara geta fallið um koll. Til þess að bæta nokkuð úr, er því breytingartill. fram komin; hún er þó að minnsta kosti trygging fyrir því, að ekki komist á 21 búnaðarskóli, og »af tvennu illu skal taka það minna».

Forseti benti þingdm. á, að sá tími, sem deildinni hefði verið ætlaður til að ræða þetta mál að þessu sinni, væri nú á enda. Langar umræður gætu heldur ekki haft mikla þýðingu fyrir málið á þessu stigi, og vildi hann því nota þann rjett, sem þingsköpin heimila forseta, og slíta nú umræðunum, jafnvel þótt tveir þingm. hefðu beðið um orðið.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Jeg skal falla frá orðinu, í von um, að h. þingdm. hafi látið sjer skiljast, að allt það, sem hinir tveir þingm., sem síðast töluðu, báru fram móti þessu máli, var byggt á helberum misskilningi.

ATKVÆÐAGR.: Viðaukatill. 6 þm. felld með 12 : 10 atkv. Var við haft nafnakall, og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson.	Jón Þórarinsson.
Árni Jónsson.	Benidikt Sveinsson.
Eiríkur Briem.	Gunnar Halldórsson.
Grímur Thomsen.	Jón Jónsson.
Jónas Jónassen.	Ólafur Pálsson.
Lárus Halldórsson.	Sigurður Jensson.
Ólafur Briem.	Sigurður Stefánsson.
Páll Briem.	Sveinn Eiríksson.
Þorl. Guðmundsson.	Þórarinn Böðvarsson.
Þorleifur Jónsson.	Þorv. Bjarnarson.
	Þorv. Kjerulf.

Þorsteinn Jónsson greiddi ekki atkvæði, og var því atkvæði hans talið með meiri hlutanum.

Frumv. sjálft síðan fellt með 11 atkv. gegn 9.

Forseti sagði því næst

fundi slitið.